Nú setur sýslunefnd reglugerð samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 108 frá 31. des. 1954, um húsbyggingar í sýslunni, er tekur til ákvæða um styrkleika steinsteypu og máttarviða, hæð undir loft, útbúnað reykháfa, yfirklæðningu og raflagnir, eru þær þá bindandi fyrir alla, er hér eiga hlut að máli.

22. gr.

Með mál um brot á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála, og skal byggingarfulltrúi kæra þau tafarlaust fyrir lögreglustjóra.

Byggingarsamþykkt þessi, sem sýslunefnd Rangárvallasýslu hefur samið og samþykkt til að gilda fyrir Rangárvallasýslu og sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. desember 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, og laga nr. 26 1. apríl 1948 um breyting á þeim, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. janúar 1958.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

SAMÞYKKT

7
17. jan.

fyrir Vatnsveitufélag Holtshverfis í Vestur-Eyjafjallahreppi.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Holtshverfis. Heimili þess og varnarþing er í Vestur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Skylt er öllum ábúendum Holtshverfisjarða að vera meðlimir Vatnsveitufélags Holtshverfis, og skal hver núverandi ábúandi greiða um leið og hann gerist félagsmaður, stofnfé til félagsins, að upphæð fimm hundruð krónur, og telst hann eigi fullgildur félagsmaður, fyrr en það stofngjald er innt af hendi.

Allt vatn í fjós, þvottahús og önnur þau hús, er heyra búrekstri jarðarinnar til, telst undir sama stofngjald og íbúðarhús.

Félagsskylda samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar er því skilyrði háð, að ábúanda séu látin í té afnot af vatni því, sem félagið hefur til umráða.

4. gr.

Ef býlum fjölgar á félagssvæðinu má taka búendur þeirra í félagið með samþykki lögmæts félagsfundar. Nýr félagsmaður greiðir sama stofngjald og eldri félagar og öll gjöld, sem á félaginu hvíla til jafns við aðra félagsmenn, frá því er hann gekk í félagið. Sjálfur skal hann kosta allar þær framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega hans vegna til þess, að hann geti notað mannvirki félagsins.

5. gr.

Kostnað af upphaflegri aðalleiðslu vatnsveitunnar skal að jöfnum hlutum greiða fyrir hvert býli á félagssvæðinu. Skal hann greiddur með stofngjöldum félagsmanna, þar sem þau hrökkva til, og styrk, sem veittur kynni að vera til vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverju býli á félagssvæðinu, sem vatns nýtur úr vatnsveitunni. Skal félagsstjórnin tiltaka upphæð hans þannig fyrir hvert reikningsár, að nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar aðalleiðslu vatnsveitunnar og til viðhalds.

Gjöld samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar má taka lögtaki ásamt áföllnum innheimtukostnaði, ef ekki er staðið í skilum um greiðslu gjalda til félagsins.

Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram gjöld þau, sem honum er gert að greiða til félagsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, ef fjórir félagar eða tveir stjórnarmeðlimir, krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

7. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboðið bréflega eða persónulega með fimm daga fyrirvara. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

7 8. gr.

17. jan. Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða með viku fyrirvara bréflega eða persónulega.

Aðalfundur er lögmætur, ef ¾ félagsmanna sækja hann. Hafi þrisvar sinnum verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögmætur, hver sem fundarsókn er.

Á aðalfundi skuli teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir þrír menn í stjórn félagsins og þrír til vara, kosnir tveir endurskoðendur og einn til vara — allir til eins árs í senn.

Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf, skal þeirra getið í fundarboði.

9. gr.

Stjórn félagsins skiptir sjálf með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu vera ólaunuð.

Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi.

Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir. Í forföllum aðalmanna taka varamenn sæti í þeirri röð, sem atkvæðamagn þeirra segir til um. Séu jöfn atkvæði ræður hlutkesti.

Færa skal gerðabók stjórnarfunda og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar, og undirrita hana ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.

10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér og um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og aðalleiðslu. Viðhald heimtauga og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti ⅔ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. janúar 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

8
27. jan.

um staðfestingu á samþykktum sjúkrasamlaga í sveitum og kauptúnum.

Samkvæmt lögum nr. 24. 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind sjúkrasamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957:

		Staðfest:
173.	Stokkseyrar, Árnessýslu	24. jan. 1958.
174.	Holtahrepps, Rangárvallasýslu	24. — 1958.
175.	Ásahrepps, Rangárvallasýslu	24. — 1958.
176.	Austur-Landeyjahrepps, Rangárvallasýslu	24. — 1958.
177.	Lundarreykjadalshrepps, Borgarfjarðarsýslu	24. — 1958.
178.	Hálsahrepps, Borgarfjarðarsýslu	24. — 1958.
179.	Þverárhlíðarhrepps, Mýrasýslu	24. — 1958.
180.	Hvítársíðuhrepps, Mýrasýslu	24. — 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 27. janúar 1958.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

AUGLÝSING

9
28. jan.

um staðfestingu á samþykktum sjúkrasamlaga í kaupstöðum.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirfarandi sjúkrasamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957:

		Staðfest:
11.	Keflavíkurkaupstaðar	28. febr. 1957.
12.	Akranesskaupstaðar	24. jan. 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 28. janúar 1958.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

10 28. jan. **Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Stúdentasjóð Menntaskólans á Akureyri, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 28. janúar 1958. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Stúdentasjóð Menntaskólans á Akureyri.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Stúdentasjóður Menntaskólans á Akureyri og er stofnaður af Vernharði Þorsteinssyni, menntaskólakennara. Sjóðurinn er tileinkaður stúdentum, sem brautskráðir eru frá Menntaskólanum á Akureyri á árunum 1928—1952.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur —, sem gefnar eru af stofnandanum með bréfi til Þórarins Björnssonar, skólameistara, dags. 7. júní 1957.

Sjóðurinn tekur við gjöfum frá öllum, sem vilja efla hann. Skylt er að ávaxta sjóðinn á sem tryggilegastan og arðvænlegastan hátt, t. d. í fasteign, ríkisskuldabréfum eða verðbréfum með vísitölutryggingu.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega stúdenta frá Menntaskólanum á Akureyri til náms við erlenda háskóla, einkum í þeim greinum, sem lítt eða ekki verða stundaðar við Háskóla Íslands. Styrkinn má nota bæði til byrjunarnáms og framhaldsnáms, allt eftir aðstæðum, að mati sjóðstjórnar.

Ef sjóðstjórnin telur ekki ástæðu til að veita stúdent styrkinn, getur hún styrkt einhver úr kennaraliði Menntaskólans á Akureyri til þess að kynna sér skólamál erlendis.

4. gr.

Vaxtatekjum sjóðsins skal verja þannig, að tvö ár í röð gangi þær óskiptar til eins stúdents eða tveggja, en næstu tvö árin á eftir leggjast þær óskiptar við höfuðstólinn.

Höfuðstólinn má aldrei skerða.

Þegar sjóðurinn hefur náð kr. 100000.00 — eitt hundrað þúsundum — getur stjórn hans, ef hún er sammála, ákveðið að breyta tilhögun og upphæð styrkveitinga. Ætíð verður þó að gæta þess, að styrkur sé nægilega hár, til þess að hann komi styrkþega að verulegum notum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn og einn til vara. Skólameistari Menntaskólans á Akureyri er jafnan sjálfkjörinn formaður sjóðstjórnar. Hina tvo stjórnarmenn, ásamt varamanni úr kennaraliði skólans, tilnefnir stofnandi, og skipa þeir stjórn sjóðsins, meðan þeir vilja og hafa aðstöðu til. Þegar þeir hverfa úr stjórn, skal kennarafundur Menntaskólans á Akureyri velja nýja menn í stjórnina úr hópi gamalla nemenda skólans.

Stjórnin skal halda sérstaka gerðabók fyrir sjóðinn, og í hana skal skrá allar gerðir, er sjóðinn varða. Í hana skal og færa árlega reikninga sjóðsins. Stjórnin vinnur kauplaust, en kostnaður vegna reikningshalds má greiðast af vöxtum sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu reikningar endurskoðaðir af tveimur kennurum Menntaskólans á Akureyri, kosnum á kennarafundi til 4 ára. Árlegir reikningar sjóðsins skulu birtir í skýrslu skólans. 10 28. jan.

Öll gögn sjóðsins skulu vera í vörzlu skólameistara, og skal hann annast allt reikningshald fyrir sjóðinn og greiðslur.

Auglýst skal eftir umsóknum um styrk úr sjóðnum með þeim hætti, er skólameistari ákveður hverju sinni.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Menntaskólanum á Akureyri, 18. janúar 1958.

Vernharður Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

11 29. jan.

um breytingu á reglugerð um tekjuskatt og eignarskatt nr. 147 30. des. 1955.

1. gr.

Í stað orðanna í 4. mgr. A-liðs 28. gr.:

Steinhús (af fasteignamati)	3%
Timburhús (af fasteignamati)	6%

komi:

Steinhús (af fasteignamati)	1%
Timburhús (af fasteignamati)	2%

2. gr.

Reglugerð þessi skal koma fyrst til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1958 af tekjum ársins 1957.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 46 frá 1954 og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 29. janúar 1958.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

12 5. febr.

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um stjórn bæjarmálefna Ísafjarðarkaupstaðar nr. 215 27. des. 1947.

1. gr.

3. grein samþykktarinnar hljóði þannig:

Bæjarráð skal skipað fimm bæjarfulltrúum, sem kosnir eru eins og að framan greinir. Einnig skulu kosnir jafnmargir varamenn á sama hátt.

Kjósa skal tvo aðalfulltrúa í bæjarráð og tvo varamenn, þegar stjórnarráðið hefur staðfest þessa breytingu, en síðan skal fullskipað bæjarráð kosið samkvæmt 2. gr. samþykktarinanr.

Bæjarráð hefur fasta fundi vikulega og aukafundi eftir þörfum, og eru fundir lögmætir ef meiri hluti bæjarráðsmanna mætir. Í forföllum aðalmanna skulu varamenn mæta.

Bæjarráð hefur eftirtalin mál bæjarins með höndum, stjórnar þeim og tekur um þau ákvarðanir, sem jafnframt eru tillögur til bæjarstjórnar og þurfa að öðlast samþykki hennar svo gild verði:

A. Fjárhagsmál.

Til þess telst umsjón og stjórn á fjárhag bæjarins, undirbúningur fjárhagsáætlunar, tillögur til úrskurðar á reikningum bæjarins, samning skýrslu um eignir og skuldir bæjarins, svo og eftirlit með bókhaldi hans og innheimtu gjalda. Enn fremur stjórn og umsjón með vegamálum bæjarins, götum, holræsum, vatnsveitu, vatnssölu og götulýsingu, allt eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar og reglugerðum þar að lútandi. Til þessa liðs telst einnig mulningsvél bæjarins og umsjón með henni.

B. Fasteignamál.

Til þess telst umsjón með fasteignum bæjarins, svo sem: Lóðum, húsum, jörðum, mótaki, grjótnámi, sandnámi, slægjum, hagabeit, fjallskilum og fleiru, að því leyti sem ekki er öðruvísi fyrirskipað um þessi mál í lögum og reglugerðum.

C. Bókasafnsmál.

Til þess telst umönnun og stjórn á bókasafni bæjarins, samkvæmt reglugerð þess og samþykktum bæjarstjórnar.

D. Sjúkrahúsmál.

Til þess telst stjórn og rekstur á sjúkrahúsi bæjarins, í samráði við ráðsmenn sjúkrahússins og sjúkrahúslækni, allt eftir nánari ákvörðunum reglugerðar sjúkrahússins. Þegar bæjarráð hefur sjúkrahúsmál til meðferðar, skal það jafnan kveðja á fund með sér sjúkrahúslækni og ráðsmann, en eigi hafa þeir þar atkvæðisrétt.

E. Brunamál.

Til þess telst framkvæmd á öllum brunamálum bæjarins, samkvæmt lögum og reglugerðum um brunamál og slökkvilið bæjarins.

F. Búnaðarmál.

Til þess telst stjórn á búrekstri bæjarins í samráði við bústjóra, svo og önnur starfsemi, sem rekin kann að verða í sambandi við búreksturinn.

Bæjarráð skal halda sérstakar gerðabækur fyrir hvern flokk mála, sem undir 12
það heyrir samkvæmt framangreindu, og gera tillögur um málin til bæjarstjórnar, 5. febr.
sem leggur á þau fullnaðarúrskurð.

Starfsmenn og framkvæmdastjórar hinna einstöku fyrirtækja, sem undir bæjarráð heyra, skulu ráðnir af bæjarstjórn eftir tillögu bæjarráðs, nema lög og reglugerðir mæli öðruvísi fyrir.

Bæjarstjórn getur vísað til bæjarráðs þeim málum, sem henni sýnist, enda þótt þau heyri ekki undir bæjarráð samkvæmt samþykkt þessari.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 67 14. nóv. 1917 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 5. febrúar 1958.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.

REGLUGERÐ 13
5. febr.

um heimilishjálp í Aðaldæla- og Reykdælahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefndir Aðaldæla- og Reykdælahreppa fara með stjórn heimilishjálpar í Aðaldæla- og Reykdælahreppi. Dagleg umsjón með framkvæmdum heimilishjálparinnar er í höndum 6 manna nefndar, sem skipuð er af báðum hreppsnefndum, 3 frá hvorri, og jafnmörgum til vara. Kjörtími nefndarinnar er hinn sami og hreppsnefndanna.

Nefndin á rétt á að sitja fundi hreppsnefndanna, þegar rætt er um mál, er varða heimilishjálpina, og hafa nefndarmenn þar málfrelsi og tillögurétt.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með umsögn læknis, ljósmóður eða á annan hátt, sem nefndin metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum. Hjálpin skal veitt svo lengi, sem nefndin telur brýna nauðsyn bera til, sé þess kostur.

3. gr.

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks eina konu til heimilishjálpar. Ber nefndinni að ganga örugglega úr skugga um, að konur þær, sem heimilishjálpina stunda á vegum stofnunarinnar séu hæfar til starfsins og séu ekki haldnar smitandi sjúkdómi.

4. gr.

Sveitarsjóðir Aðaldæla- og Reykdælahreppa bera ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem konur þær, er vinna á vegum heimilishjálparinnar, kunna að valda við störf sín.

5. gr.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálparinnar fer eftir ákvörðun hreppsnefndanna.

13 6. gr.
5. febr. Fyrir heimilishjálp skal greiða kr. 40.00 á dag, en hreppsnefndirnar geta veitt eftirgjöf á greiðslu þessari að nokkru eða öllu leyti, að fengnum tillögum forstöðunefndar. Hreppsnefndirnar setja og reglur um greiðslu, innheimtu og annað, er þær telja máli skipta í þessu efni, og annast þær allar fjárreiður stofnunarinnar.

7. gr.
Reikningar heimilishjálparinnar skulu endurskoðaðar árlega með sama hætti og reikningar sveitarsjóðanna.

8. gr.
Sá halli, sem verða kann af heimilishjálp, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálp og reglugerð þessari, greiðist að ⅓ úr sveitarsjóði Aðaldælahrepps, ⅓ úr sveitarsjóði Reykdælahrepps og ⅓ úr ríkissjóði.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefndirnar í Aðaldælahreppi og Reykdælahreppi hafa samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. febrúar 1958.

F. h. r.
Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.

14 **REGLUGERÐ**
6. febr. **um framleiðslu, mat og útflutning á niðursoðnum og niðurlögðum fiskafurðum.**

1. gr.
Skýring hugtaka.

Niðursoðnar eru þær fiskafurðir nefndar, sem settar eru í þétt ílát og síðan hitaðar til þess að koma í veg fyrir gerla og sveppagróður.

Niðurlagðar eru þær fiskafurðir nefndar, sem settar eru í smásöluumbúðir og rotvarðar með salti, sykri, sýru eða öðrum rotvarnarefnum.

2. gr.
Um vinnsluvottorð.

Hver sá, sem framleiða vill niðursoðnar eða niðurlagðar fiskafurðir til útflutnings, skal sanna með vottorði frá Iðnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans, að hann hafi til þess nothæf tæki, og fullnægi almennum reglum, sem gilda um framleiðslu matvæla. Vottorð þessi skulu endurnýjuð árlega.

3. gr.
Um matsvottorð.

Niðursoðnum og niðurlögðum fiskafurðum, sem fluttar eru út frá Íslandi, skulu fylgja vottorð frá Iðnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans um, að þær séu góð og óskemmd vara og hafi tilskilið geymsluþol. Þegar sérstaklega stendur á, heimilast Iðnaðardeildinni þó að gefa vottorð um vöru, sem ekki reynist vera 1. flokks, enda

sé þá umsagnar um ástand hennar getið á matsvottorði. Matsvottorð þarf ekki að fylgja vöru, þegar um er að ræða sýnishorn, sem ekki verða greidd. 14 6. febr.

4. gr.

Iðnaðardeild tekur eða lætur taka sýnishorn af vörunni sem hér segir: Miðað við, að í hverjum kassa séu 48½ kg dósir, skulu teknar frá að minnsta kosti:

Af	25	kassa	sendingu	3	kassar
—	26—50	—	—	6	—
—	51—100	—	—	12	—
—	101—500	—	—	18	—
—	501—1000	—	—	24	—
—	1001—5000	—	—	48	—
—	5001—10000	—	—	96	—

Úr hverjum kassa er tekin 1 dós, og eru þær dósir rannsakaðar á venjulegan hátt. Finnist ekkert athugavert, er rannsókninni lokið og hinir fráteknu kassar afhentir. Sé varan athugaverð, skulu fleiri dósir teknar til rannsóknar, samkvæmt ákvörðun Iðnaðardeildar. Af öðrum dósasamstæðum skal tekinn tilsvarandi hundraðshluti.

Hafi iðnaðardeild eða önnur rannsóknastofnun, sem hún tekur gilda, haft með höndum eftirlit og athugun á vörunni meðan á framleiðslu hennar stóð, getur deildin látið sér nægja færri sýnishorn af vörunni fullbúinni en að ofan greinir.

5. gr.

Merking.

Smásöluumbúðir (dósir, glös, öskjur o. fl.), sem notaðar eru fyrir niðursoðnar eða niðurlagðar fiskafurðir til útflutnings, skulu greinilega merktar með áprentuðum miðum eða steinprenti. Tilgreind skal tegund vörunnar og nettóþyngd, hver sé framleiðandi, og hvenær varan er framleidd. Framleiðslutímann má tilgreina með dulmerki (kvota), ef merkingin hefur verið tilkynnt Iðnaðardeild Atvinnudeildar. Á öllum umbúðum skal auk þess standa skýrum stöfum orðið „Iceland" eða „Islande".

6. gr.

Tæknileg aðstoð.

Iðnaðardeildinni er skylt, ef framleiðendur óska, að veita allar tæknilegar upplýsingar og leiðbeiningar, sem kostur er á, varðandi framleiðslu á niðursoðnum og niðurlögðum vörum. Þó skal deildin ekki veita neinar þær upplýsingar, sem hún telur vera verksmiðjuleyndarmál einstakra fyrirtækja.

7. gr.

Gjöld.

Framleiðendur skulu greiða Iðnðardeild Atvinnudeildar Háskólans gjald fyrir mat og athuganir á niðursoðnum og niðurlögðum vörum samkvæmt gjaldskrá Atvinnudeildar Háskólans. Þeir greiði og kostnað við töku og flutning sýnishorna. Skoðun á verksmiðjum vegna vinnsluvottorða framkvæmir Iðnaðardeild eða trúnaðarmenn hennar á eigin kostnað, en fyrir vottorð skal framleiðandi greiða kr. 100.00 — eitt hundrað krónur —.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000.00 kr., nema þyngri hegning liggi við eftir almennum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

14 6. febr.

9. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 92 3. maí 1935, um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum, og öðlast gildi 1. marz 1958.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 6. febrúar 1958.

Lúðvík Jósepsson.

Gunnlaugur E. Briem.

15 18. febr.

FISKVEIÐASAMÞYKKT

fyrir Vestmannaeyjar.

I. KAFLI

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Vestmannaeyjar og nær til allra báta, sem ganga þar til fiskjar yfir vertíð.

2. gr.

Frá 1. janúar til 1. apríl, að báðum dögum meðtöldum, má eigi fara til fiskjar með línu seinna að degi en til kl. 12 á hádegi.

Frá 1. janúar til 31. janúar má eigi fara til fiskjar með línu fyrr en kl. 3 f. h. og frá 1. febrúar til 28. febrúar kl. 2 f. m. og frá 1. marz til 15. apríl kl. 1 f. h. og skal farið eftir sólar- eða meðaltíma. Ofangreint er miðað við, að báðir dagar séu meðtaldir.

Sé róið með línu á tímabilinu frá 16. apríl til 11. maí, að báðum dögum meðtöldum, má róa á öllum tímum nema frá kl. 12 á hádegi til kl. 7 að kveldi.

Sé róið með línu á tímabilinu frá 1. ágúst til áramóta, má ekki róa fyrr en hér segir:

Í ágúst kl. 24, í september kl. 1 f. h., í október kl. 2 f. h. og í nóvember og desember kl. 3 f. h.

Tímamerkið fyrir báta, sem róa austur fyrir Dyrhólaey, skal gefið á sama tíma og á heimamiðum, í gegnum Vestmannaeyjaradíó á bylgjulengd 2308 kílórið.

3. gr.

Nefnd sú, sem kosin er samkv. 5. grein hér á eftir, lætur gefa merki (ljósmerki) úr landi, þegar tíminn er kominn. Öllum bátum er heimilt að fara út á Vík eða inn fyrir Eiði. Sömuleiðis er þeim bátum, er róa ætla á miðin austan Dyrhólaeyjar, heimilt að fara austur að Dyrhólaey. En þar til ljósmerkið er gefið, skulu allir halda sér innan takmarka þeirra, er hér segir:

Þeir, sem eru á Víkinni, mega ekki fara utar en í línu, sem ákveðin er með tveim hvítum ljósum. Ljós þessi eru sett upp ofanvert við Helli á Urðum, þannig að þau mynda beina línu í Klettsnef, þegar þau bera saman.

Þeir, sem fara inn fyrir Eiði, mega ekki fara vestar en að græna innsiglingarljósið á Friðarhafnarbryggju beri saman við gult ljós, sem komið er fyrir á miðju þaki mjölhússins við „Gúanó“ og ekki norðar en miðið Brekaflá á Bjarnarey í Faxasker að norðan. Og þeir, sem eru austar við Dyrhólaey, mega ekki fara austar en að Dyrhólaeyjarviti miðist í misvísandi NA og skulu þeir halda sig innan við 45 faðma dýpi. Út fyrir þessar línur má enginn bátur fara, fyrr en tímamerkið er gefið,

og telst það fullt brot á samþykktinni, ef nokkur bátur fer að einhverju leyti út fyrir tilteknar línur. Eftirlitsbátar skulu dreifa sér á ofangreindar línur, svo að þeir geti sem bezt fylgzt með því, að ákvæðum fiskveiðisamþykktarinnar sé fylgt, og leyfist þeim að sjálfsögðu að fara út fyrir línu til eftirlits. 15 18. febr.

Á leiðinni út og inn í höfnina, má enginn bátur fara með meiri ferð en svo, að hann láti vel að stjórn.

Smábátar (trillubátar) mega þó ekki fara út fyrir hafnargarða, fyrr en tímamerkið hefur verið gefið.

Bátar þeir, sem ætla að sækja austur fyrir Dyrhólaey, mega alls ekki leggja línu sína vestan við Dyrhólaey, nema í þeim tilfellum, að veður hamli fiskveiðum austan Dyrhólaeyjar. En þá skulu þeir í öllum tilfellum bíða báta þeirra, sem hafa farið eftir tímamerki á Víkinni og sameinast þeim, áður en þeir fara að leggja.

4. gr.

Formenn skulu gæta þess, að leggja ekki á Leiðina of nærri hver öðrum, heldur með hæfilegu millibili. Þegar Leiðin er athugaverð, má eigi leggja bátum á hana hverjum á móti öðrum, heldur skal beðið eftir þeim bát, sem á Leiðina hefur lagt. Bátur, sem af sjó kemur, hefur forgangsrétt, og fyrir vélbáti gengur róðrarbátur. Þegar margir bátar fara saman út eða inn Leiðina, mega þeir ekki fara hraðar en svo, að þeir láti vel að stjórn.

5. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja kýs árlega 9 bátaformenn, þó aldrei færri en að áttundi hver formaður sé gæzlunefndarmaður, til þess að hafa eftirlit með, að fyrirmælum samþykktar þessarar sé hlýtt.

Skulu gæzlumenn auðkenna báta sína með einu vinnuljósi á miðþilfari, og er öllum öðrum bátum óheimilt að nota slíkt merki.

Brot á ákvæðum þessarar málsgreinar telst sem tímabrot.

II. KAFLI

6. gr.

Allir bátar, sem fiskveiðar stunda við Vestmannaeyjar, eru skyldir að hafa veiðarfæri sín greinilega merkt. Skal þess vandlega gætt, að engin merki séu svo lík, að ekki sé auðvelt að greina á milli. Sömuleiðis skal skylt að hafa tölusetta línubelgi, þannig, að fyrri endi sé númer 1 og jafnframt skal þar vera ljósbauja.

7. gr.

Bæjarsjórn Vestmannaeyja kýs árlega þriggja manna nefnd, er eftirlit hefur með því, að hlýtt sé ákvæðum 6. gr. Jafnframt skal nefndin halda nákvæma skrá yfir öll merkin. Síðan skal prenta merkjaskrá þessa og fær hver bátur eitt eintak gegn lágu gjaldi.

Kostnaður við prentun og skrásetningu merkjanna greiðist úr hafnarsjóði.

8. gr.

Aðkomubátar eru skyldir að tilkynna merki sín áður en þeir byrja hér fiskveiðar. Nefndin gætir þess, að merki aðkomubáta séu ekki hin sömu eða of lík þeim, sem fyrir eru, og taki þau síðan á merkjaskrá og sjái um að tilkynna þau opinberlega.

15 18. febr.

9. gr.

Enginn bátur má leggja net undir Sandi án útfara. Við hvert útfaraakkeri skal vera að minnsta kosti 5 faðma keðja. Við akkeri, sem vegur 25 kg má í hæsta lagi leggja 8 netum. Við akkeri, sem vegur 35 kg má mest leggja 12 netum, og aldrei fleiri net í trossu undir Sandi. Útfarann skal hafa á þeim enda, sem fjær er landi.

10. gr.

Netadufl skulu útbúin með stöng, sem stendur upp í straumlausu, og flögg úr stinnu efni, svo að þau standi jafnan út frá skafti duflsins.

11. gr.

Öll veiðarfæri, sem notuð eru gagnstætt ákvæðum samþykktar þessarar, mega umsjónarmenn taka og flytja í land, en tafarlaust skulu þeir tilkynna lögreglustjóra upptökuna og alla málavöxtu, og má hann með úrskurði ákveða, að veiðarfærin skulu höfð í haldi, unz eigandi eða umboðsmaður hans sýnir vottorð um það, að sá, er veiðarfærin voru tekin upp fyrir, sé sýknaður með dómi eða málssókn gegn honum falli niður eða að hann hafi greitt sektir þær, er honum hafi verið gerðar eða sett fullgilda tryggingu fyrir þeim.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 200—5000 krónum.

Viðurlög við brotum á 2. gr. skulu vera minnst 500 krónur við fyrsta brot, og hækka síðan um 1000 krónur við hvert ítrekað brot upp í hámark. Sektarfé gangi til hafnarsjóðs Vestmannaeyja.

13. gr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála.

14. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar í stað gildi, og er þá jafnframt úr gildi felld eldri fiskveiðisamþykkt fyrir Vestmannaeyjar, nr. 43 14. marz 1955.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur gert samkvæmt lögum nr. 86 14. nóv. 1917 og síðari breytingum á þeim, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 18. febrúar 1958.

Lúðvík Jósepsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

16
15. febr.

um staðfestingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Kópavogskaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir er hér með eftir tillögum landlæknis staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykkt fyrir Kópavogskaupstað, er bæjarstjórn kaupstaðarins hefur samþykkt.

I. KAFLI

A. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin gildir fyrir lögsagnarumdæmi Kópavogskaupstaðar.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum samþykktarinnar að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd, ef óhjákvæmilegt þykir vegna aðstæðna eða staðhátta.

3. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa 5 menn. Lögreglustjóri og héraðslæknir eru sjálfkjörnir í nefndina, og er lögreglustjóri formaður hennar. Bæjarstjórn kýs þrjá nefndarmenn.

4. gr.

Formaður kveður heilbrigðisnefnd til funda, svo oft sem þurfa þykir. Honum er skylt að kveðja nefndina á fund, ef héraðslæknir eða heilbrigðisfulltrúi eða aðrir nefndarmenn æskja þess.

5. gr.

Heilbrigðisnefnd heldur gerðabók, og skulu í hana skráðar fundargerðir, svo og kærur, er nefndinni berast.

6. gr.

Formaður sér um, að fyrirmæli heilbrigðisnefndar séu framkvæmd. Þó getur hann neitað að sjá um framkvæmd þeirra, og skal málinu þá tafarlaust skotið til bæjarstjórnar. Ef hún samþykkir fyrirmælin, er formanni skylt að sjá um framkvæmd þeirra.

7. gr.

Ef ágreiningur rís milli heilbrigðisnefndar og bæjarstjórnar um tilhögun eða framkvæmd heilbrigðisráðstöfunar, má leita úrskurðar heilbrigðisstjórnar. Þá getur héraðslæknir einnig skotið máli sínu til hennar, ef hann fær ekki framgengt þeim heilbrigðisráðstöfunum, er hann telur nauðsynlegar.

8. gr.

Bæjarstjórn ræður heilbrigðisfulltrúa, einn eða fleiri, að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisfulltrúar starfa samkvæmt erindisbréfi, er nefndin setur þeim. Þeir skulu sitja nefndarfundi.

9. gr.

Á fjárhagsáætlun bæjarins skal jafnan veita nokkra fjárhæð til heilbrigðisframkvæmda, skv. tillögum heilbrigðisnefndar. Að öðru leyti skal leita samþykkis bæjarstjórnar, áður en hafnar eru framkvæmdir, sem hafa útgjöld í för með sér.

16 15. febr.

B. Um hlutverk og valdsvið heilbrigðisnefndar.

10. gr.

Heilbrigðisnefnd sér um, að haldin séu ákvæði þessarar reglugerðar, svo og annarra laga og reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta.

Nefndin hefur eftirlit með öllu því, er varðar þrifnað, heilbrigði og hollustuhætti á samþykktarsvæðinu og setur um það fyrirmæli í samræmi við lög og reglur, sem öllum hlutaðeigendum er skylt að hlíta. Skal nefndinni heimilt að láta rannsaka allt það, er þessi samþykkt fjallar um, svo og annað, er að þrifnaði og hollustuháttum lýtur, utan húss og innan.

a. Nefndin hefur eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utan húss og lætur fara fram almenna hreinsun á lóðum og lendum á hverju vori og endranær eftir þörfum.

b. Nefndin hefur eftirlit með vatnsveitu og vatnsbólum og sömuleiðis með vatni á sund- og baðstöðum og lætur taka af vatninu sýni til rannsóknar, þegar ástæða þykir til.

Nefndin getur bannað notkun vatns úr vatnsveitu eða öðrum vatnsbólum og látið loka sund- og baðstöðum, ef hún telur þess þörf. Nefndin hefur eftirlit með allri fráræslu og getur bannað notkun á skolpræsum og vatns- og sorpræsum, ef hún telur þess þörf.

c. Nefndin hefur eftirlit með almenningssalernum og meðferð á sorpi úr húsum.

d. Nefndin gerir ráðstafanir til upprætingar hvers konar meindýra úr húsum og híbýlum og getur bannað afnot húsnæðis, unz dýrin hafa verið upprætt.

Nefndin getur krafizt þess, að hús séu gerð rottuheld.

e. Nefndin hefur eftirlit með leiguíbúðum, kjallaraíbúðum og öllum lélegum íbúðum og gengst árlega fyrir skoðun á þeim. Nefndin getur bannað afnot íbúða, ef hún telur þær hættulegar heilsu og lífi íbúa.

f. Nefndin hefur eftirlit með öllum stofnunum, fyrirtækjum og rekstri, sem um er fjallað í VII.—XIX. kafla þessarar samþykktar, og getur krafizt endurbóta og lagfæringa á húsnæði, tækjum, aðbúnaði og frágangi, svo og hreinsunar og hreingerningar, ef hún telur þess þörf.

Nefndin getur bannað afnot húsnæðis, sem um ræðir í þessari grein, ef hún telur það hættulegt heilsu og lífi þeirra, sem við eiga að búa.

g. Nefndin getur gert ráðstafanir til útrýmingar hvers konar óskiladýra.

h. Nefndin heldur skrá yfir allar þær stofnanir, fyrirtæki og rekstur, sem um er fjallað í samþykkt þessari.

i. Nefndin aðstoðar héraðslækni við hvers konar sóttvarnir, eftir því sem hann telur þörf á. Ef nauðsyn ber til, er henni heimilt að ráða starfsfólk til bráðabirgða til sóttgæzlu, eftirlits eða hjúkrunar, en leita skal hún þá samþykkis bæjarstjórnar, svo fljótt sem auðið er.

j. Nefndin hefur heimild til að gera ríkari kröfur til tryggingar þrifnaði og hollustuháttum en beinlínis er fyrir mælt í samþykkt þessari, að því er varðar hvert einstakt atriði, en jafnan skulu þær kröfur vera í samræmi við ákvæði samþykktarinnar um hliðstæð atriði eða almennt viðurkenndar þrifnaðar- og heilbrigðisreglur.

k. Nefndin tilkynnir hlutaðeigendum þau ákvæði þessarar samþykktar, almennra laga og annarra reglugerða, er að heilbrigðsmálum lúta og þá varða. Sama máli gegnir um ákvæði, er hún setur samkvæmt heimild í j-lið þessarar greinar.

C. Ýmis ákvæði.

11. gr.

Ekki má setja á stofn neina stofnun eða fyrirtæki, né hefja neinn þann rekstur, sem fjallað er um í VII., XIV. og XIX. kafla þessarar samþykktar, nema heilbrigðisnefnd sé tilkynnt um það og farið sé eftir fyrirmælum heilbrigðissamþykktarinnar um allt er varðar hollustuhætti. Sama gildir um fyrirhugaðar breytingar á húsakynnum og rekstri.

Öllum hlutaðeigendum er skylt að veita nefndinni eða umboðsmönnum hennar nauðsynlegan aðgang til eftirlits að stofnun þeirri, fyrirtæki eða rekstri, er þeir stýra.

12. gr.

Starfsfólk þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í VIII. og XV. kafla þessarar samþykktar, skal sanna árlega með læknisvottorði, og oftar ef þurfa þykir, að það sé ekki haldið neinum þeim sjúkdómi, kvilla eða óþrifum, sem öðrum getur stafað hætta af eða vakið getur ógeð þeirra, er við það eiga skipti. Það skal í starfi sínu gæta svo ræki legs hreinlætis sem auðið er, ganga þokkalega og hreinlega til fara, sápuþvo sér um hendur hverju sinni, eftir að það hefur gengið til salernis, og endranær eftir þörfum. Starfsfólk í neyzluvörubúðum, rakara-, hárgreiðslu- og snyrtistofum, baðhúsum og sundlaugum skal klæðast sérstökum, hreinum hlífðarfötum við starf. Stúlkur í neyzluvörubúðum skulu hafa hreina kappa á höfði.

13. gr.

Húsakynni þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í VIII. og XVI. kafla þessarar samþykktar, skulu fullnægja þessum almennu skilyrðum: vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og vel loftræst og að öllu leyti sæmilegur dvalarstaður mönnum.

Í húsakynnum þeim, sem um er fjallað í VIII. og XIII. kafla þessarar samþykktar, skulu gólf lögð gólfdúk eða öðru jafngildu, loft máluð og veggir máladir eða á annan hátt þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Ákvæði þessarar málsgreinar taka einnig til húsakynna, sem um er fjallað í XVI. kafla, 69.—73. og 80. gr.

14. gr.

Í stofnunum þeim og fyrirtækjum, sem um er fjallað í VIII. og XVI. kafla þessarar samþykktar, skal starfsfólk eiga greiðan aðgang að fatageymslu, rennandi vatni, hæfilega mörgum salernum, svo og þvagstæðum, ef þurfa þykir, handlaugum, hreinum handklæðum eða pappírsþurrkum og öðrum nauðsynlegum hreinlætisgögnum. Gestum skal séð fyrir sams konar þægindum á öllum stöðum, sem þeim eru ætlaðir til afnota, og skulu konur vera sér um salerni og karlar sér.

15. gr.

Húsakynnum þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í VIII.—XVI. kafla þessarar samþykktar, skal haldið svo hreinum og snyrtilegum sem auðið er. Þar, sem einhvers konar starfsemi fer fram að staðaldri, skulu gólf þvegin daglega og oftar, ef þurfa þykir. Ekki má sópa gólf. Áhöld og innanstokksmuni, lausa og fasta, skal þvo eða hreinsa á viðeigandi hátt eftir þörfum. Allsherjar hreingerning skal fara fram a. m. k. einu sinni á ári.

Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum húsdýrum inn í húsakynni þau, sem um ræðir í þessari grein.

16 15. febr.

II. KAFLI

Um hreinlæti og þrifnað utan húss.

16. gr.

Gæta skal ákvæða 10. gr. a og 17.—22. gr., að því er varðar hreinlæti og þrifnað utan húss og eftirlit með því.

17. gr.

Girðingar kringum hús og lóðir skulu þannig gerðar, að rottur og mýs geti ekki gert sér í þeim hreiður.

Eigendum er skylt að greiða kostnað af lagfæringum og viðgerðum á lóðum sínum og portum, svo og af hreinsun á þeim.

18. gr.

Ekki má fleygja á almannafæri, í læki, höfn innan hafnargarða né í fjörur neins konar rusli eða úrgangi.

Ekki má heldur skilja eftir á almannafæri grjót, möl, timbur eða annað byggingarefni, né neins konar rusl eða úrgang.

19. gr.

Öll flutningatæki, sem fara um götur bæjarins, skulu þannig gerð, að flutningurinn valdi ekki óþrifnaði.

Ef eitthvað slæðist niður eða hrynur niður við flutning, skal þeim, er flytur, skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

Heilbrigðisnefnd getur mælt svo fyrir, að áburð og annað, sem óþef getur lagt af, megi einungis flytja um bæinn á tilteknum tíma og eftir tilteknum götum samkvæmt nánari fyrirmælum.

20. gr.

Fatnað, ábreiður eða annað þess konar, má ekki dusta eða berja á svölum eða út um glugga, sem vita að götum eða torgum, ef húsin standa nær þeim en 8 metra.

21. gr.

Sorphaugar, opnar safngryfjur eða forir og annað þess konar, má ekki vera á samþykktarsvæðinu. Utan þyttbýlis getur heilbrigðisnefnd þó með sérstökum skilyrðum leyft sorphauga og áburðarhauga. Bannað er að bera salernisáburð í garða.

22. gr.

Götur bæjarins, torg, hafnarbakka, fjörur, ræsi og annað þess konar skal hreinsa á kostnað bæjarins og hefur heilbrigðisnefnd forgöngu þeirra framkvæmda í samráði við bæjarstjórn.

III. KAFLI

Um vatnsveitu, vatnsból og frárennsli.

23. gr.

Gæta skal ákvæða 10. gr. b og 24.—29. gr., um vatnsveitu, vatnsból og frárennsli og eftirlit með því.

24. gr.

Öll hús á samþykktarsvæðinu skulu taka neyzluvatn úr vatnsveitu bæjarins, að svo miklu leyti sem staðhættir leyfa.

Einnig skulu skip taka vatn úr vatnsveitu til þvotta á fiskilestum og þilfari, og er bannað að nota til þess sjó úr höfninni.

25. gr.

Leita skal leyfis heilbrigðisnefndar til notkunar annarra vatnsbóla en vatnsveitu bæjarins.

26. gr.

Þar sem holræsi eru fyrir hendi, skulu húseigendur skyldir að tengja frárennsli sín holræsakerfi bæjarins, jafnt þótt rotþrær hafi áður verið notaðar og teljist nothæfar.

27. gr.

Þar, sem skolpi verður ekki veitt í götuholræsi, skal veita því eftir vatnsheldum holræsum gegnum rotþrær og leita um það fyrirmæla heilbrigðisnefndar hverju sinni.

28. gr.

Ef skolp er mengað daunillum efnum eða öðru, er þarfnast sérstakrar meðferðar, skal farið með það hverju sinni eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

29. gr.

Þar, sem því verður komið við og ekki veldur óþrifnaði, skal leiða öll skolpræsi til sjávar, og skulu þau ná út fyrir stórstraumsfjöruborð. Að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er, skal veita skolpi út fyrir hafnargarða.

IV. KAFLI

Um salerni og meðferð sorps.

30. gr.

Öll salerni á samþykktarsvæðinu skulu vera vatnssalerni. Þó getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef það telst óhjákvæmilegt, en hlíta skal fyrirmælum hennar um frágang salerna af annarri gerð.

31. gr.

Hverju íbúðarhúsi skulu fylgja nægilega mörg sorpílát úr málmi, að stærð og gerð eftir fyrirmynd, sem heilbrigðisnefnd lætur í té. Í þau skal láta allt sorp, ösku og rusl úr húsinu, og mega þau aldrei standa opin. Ílátin skulu jafnan tæmd, áður en þau fyllast, og sorpið flutt burt.

Ekki má leggja skarnrennur í hús, nema heilbrigðisnefnd fallist á frágang.

32. gr.

Bæjarstjórn lætur annast brottflutning sorps og tiltekur, hvert það skuli flutt. Sorpstæði skal afgirt og þannig frá því gengið, að fýla eða annar óþverri berist ekki til mannabyggða. Við sorphreinsun má einungis nota lokaða vagna, er skulu þannig gerðir, að auðvelt sé að tæma ílátin beint í þá.

V. KAFLI

Um veggjalús, kakalaka, rottu og önnur meindýr.

33. gr.

Húsráðendum er skylt að tilkynna heilbrigðisnefnd, ef vart verður meindýra í húsum þeirra, hvort sem þau eru notuð til íbúðar, geymslu eða einhvers konar rekstrar.

Óheimilt er að leigja íbúðir, þar sem meindýra verður vart, fyrr en þau hafa verið upprætt. Enginn má flytja úr þess háttar íbúð í aðra, nema gerðar séu ráð-

16 stafanir, er heilbrigðisnefnd metur gildar, til þess að meindýr berist ekki með hon-
15. febr. um. Skylt er húsráðanda að uppræta meindýr úr húsum sínum og hlíta um það fyrirmælum heilbrigðisnefndar í hvívetna. Ef einhver vanrækir að gera slíkar ráðstafanir innan þess tíma, er nefndin hefur tiltekið, getur hún látið framkvæma þær á hans kostnað.

34. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. d.

VI. KAFLI

Um íbúðarhúsnæði.

35. gr.

Um íbúðir og íbúðarherbergi í kjöllurum fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 57 14. júní 1929, um íbúð í kjöllurum), svo og eftir byggingarsamþykkt bæjarins.

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og byggingarsamþykkt, skal gætt ákvæða 10. gr. e. og 31—38. gr.

36. gr.

Skylt er að halda leiguíbúðum vel við.

37. gr.

Heilbrigðisnefnd úrskurðar hverju sinni um nothæfni kjallaraíbúðar.

38. gr.

Húseigendum er skylt að halda húsum sínum hreinum utan sem innan. Bárujárn skal mála, svo oft sem þurfa þykir.

VII. KAFLI

39. gr.

Um vinnustöðvar iðju-, iðnaðar- og verkafólks, þar með taldar verbúðir, verkamannaskýli og þess háttar, fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, og væntanlegar reglugerðir samkvæmt þeim, reglugerð nr. 10 16. febrúar 1929, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð nr. 95 30. júní 1941).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f., 11. og 40. gr.

40. gr.

Þeir, sem reka iðju eða iðnað eða aðra atvinnu á sérstökum vinnustöðvum, þegar samþykkt þessi gengur í gildi, skulu þegar í stað tilkynna það heilbrigðisnefnd og láta fylgja tilkynningunni nákvæma lýsingu á vinnustöð sinni og allri tilhögun þar.

VIII. KAFLI

Um skrifstofur, lesstofur, afgreiðslustofur og verzlunarbúðir, sem ekki lúta sérstökum fyrirmælum í samþykkt þessari.

41. gr.

Lofthæð í skrifstofum, lesstofum, afgreiðslustofum og verzlunarbúðum skal vera a .m. k. 2.5 m og loftrými á hvern starfsmann a. m. k. m^3. Vélknúin loftræstingartæki skulu sett, þar sem slíks þykir þörf, svo sem í verzlunarbúðir, er verzla með ryksæla vöru.

42. gr. 16

Áklæði, vefnaðarvörustranga og annað af því tæi skal hreinsa öðru hverju með ryksugu. 15. febr.

43. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f og 11.—15. gr.

IX. KAFLI
Um vöruskemmur.

44. gr.

Vöruskemmur skulu vel loftræstar, rakalausar og rottuheldar.

45. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f, 11. og 15. gr.

X. KAFLI
Um dagvistarheimili barna.

46. gr.

Húsakynni dagvistarheimila barna skulu vera a. m. k. tvær rúmgóðar stofur, auk þvottaklefa með nægilega mörgum þvottaskálum, salerna og fatageymslu.

47. gr.

Hverju dagvistarheimili skal fylgja leikvöllur með nauðsynlegum leiktækjum.

48. gr.

Leita skal álits heilbrigðisnefndar, þegar ráðinn er forstöðumaður dagvistarheimilis, Læknir, sem til þess er ráðinn, skal hafa eftirlit með heilsufari, þrifum, meðferð og aðbúnaði barnanna, og skal hann láta heilbrigðisnefnd í té alla vitneskju, er hana varðar.

49. gr.

Ekki má taka á dagvistarheimili barn, sem haldið er næmum sjúkdómi eða óþrifakvilla, né heldur barn frá heimili, þar sem slíkir sjúkdómar eða kvillar eru.

Ef upp kemur næmur sjúkdómur á dagvistarheimili eða grunur leikur á, að barn, sem sækir heimilið, sé haldið slíkum sjúkdómi, skal læknir heimilisins tilkynna héraðslækni þegar í stað.

50. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f og 11.—15. gr.

XI. KAFLI
Um gistihús, matsölur og aðra veitingastaði.

51. gr.

Gistihús er hvert það hús eða húshluti, þar sem menn dveljast næturs akir fyrir borgun.

Svefnherbergi í gistihúsum mega ekki vera minni en svo, að 8 m^3 loftrými komi á hvern gest.

Sængurfatnaður skal ætíð vera þokkalegur, heill, hreinn og laus við ólykt. Ávallt skal skipt á rúmfatnaði, áður en nýjum gesti er vísað til sængur.

Gestir skulu hafa aðgang að baði.

16 52. gr.

15. febr. Lofthæð veitingastofu skal vera a. m. k. 2.5 m og hverjum gesti skal ætla a. m. k. 1.15 m² gólfflöt. Ekki má vera innangengt milli veitingastofu og herbergja, sem rekstrinum er óviðkomandi.

53. gr.

Á veitingahúsum, þar sem heitir réttir eða drykkir eru fram reiddir, skal vera sérstakt eldhús með fullkomnum tækjum til matreiðslu, uppþvottar og sótthreinsunar. Í eldhúsum skulu vera vélknúin loftræstingartæki, ef þurfa þykir.

Rétti, sem ekki er neytt innan 4 klst. frá tilbúningi, skal geyma í kæliskápum, þar sem hiti er undir 5° C. Þetta gildir þó ekki um heita rétti, sem geyma á í minnst 60° C hita, unz þeirra er neytt.

54. gr.

Ekki má bera gestum skörðótt eða sprungin matar- og drykkjarílát, og matreiðslu- og uppþvottartæki skulu heil. Ílát og borðfæri skal þvo úr heitu sápuvatni og sjóða eða sótthreinsa í hæfilega virkum sótthreinsunarlegi hverju sinni eftir notkun, og þurrkur og þvottakústa skal sjóða iðulega. Borðdúkar skulu heilir og hreinir. Dúklaus borð skal þvo hverju sinni eftir notkun. Búr, hillur og þess konar ber að þvo einu sinni í viku hið minnsta.

Í veitingastofum má ekkert geyma, sem ekki er ætlað til daglegra nota.

55. gr.

Herbergi, sem sjúkur maður hefur legið í, ber að sótthreinsa, áður en það er notað að nýju, nema héraðslæknir telji óþarft. Sama máli gegnir um rúmfatnað og aðra muni, sem hinn sjúki hefur notað.

56. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f og 11.—15. gr.

XII. KAFLI

Um rakara-, hárgreiðslu- og snyrtistofur.

57. gr.

Ekki má vera innangengt milli rakara-, hárgreiðslu- eða snyrtistofu og íbúðarherbergja eða annarra herbergja, sem rekstrinum eru óviðkomandi.

58. gr.

Öll áhöld, sem notuð eru við þjónustu á rakara-, hárgreiðslu- og snyrtistofum, skulu vanalega hreinsuð og sótthreinsuð hverju sinni eftir notkun, og hverjum gesti skal ætla hrein handklæði og hreina dúka. Á höfuðbrík stóla skal jafnan vera hreinn pappír.

Rafmagnstæki skulu viðurkennd af rafmagnseftirlitinu.

59. gr.

Ekki má veita þjónustu fólki, sem víst er um eða grunur leikur á, að haldið sé næmum sjúkdómum, og fólki með húðsjúkdóma í hársverði eða andliti má ekki veita þjónustu, nema sannað sé með læknisvottorði, að öðrum stafi ekki hætta af.

Ef upplýst verður eftir á, að gesti með slíkan sjúkdóm hefur verið veitt þjónusta, skal tafarlaust leita fyrirmæla héraðslæknis um sótthreinsun á tækjum þeim, er við hann voru notuð.

60. gr.

Nú telur gestur, að hann hafi orðið fyrir smitun eða fengið á sig óþrif á rakara-, hárgreiðslu- eða snyrtistofu, og ber honum þá tafarlaust að tilkynna það héraðslækni eða heilbrigðisnefnd.

16
15. febr.

61. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f og 11.—15. gr.

XIII. KAFLI

Um kirkjur og önnur samkomuhús.

62. gr.

Veggir, gólf og loft í kirkjum og öðrum samkomuhúsum skal þannig gert, að auðvelt sé að halda því hreinu. Vélknúin loftræstingartæki skulu sett þar, sem heilbrigðisnefnd telur slíks þörf.

63. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f og 11.—15. gr.

XIV. KAFLI

Um meðferð og sölu matvæla og annarrar neyzluvöru.

64. gr.

Um meðferð og sölu matvæla og annarrar neyzluvöru fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 24 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, og reglugerðir, sem settar hafa verið samkv. þeim lögum, einkum reglugerð nr. 49 15. júlí 1936, og reglugerð nr. 17 22. febr. 1939; reglugerð nr. 157, 4. sept. 1953, um mjólk og mjólkurvörur, bráðabirgðareglur nr. 57 12. marz 1941, um framleiðslu og sölu á rjómaís með eða án bragðbætandi efna, lög nr. 5 22. febrúar 1949, um kjötmat o. fl., auglýsingu nr. 185 22. nóv. 1940, um nokkrar vörur úr kjöti, og reglugerð nr. 155 8. september 1949, um kjötmat o. fl.).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f, 11.—15. og 65.—80. gr.

A. Almenn ákvæði.

65. gr.

a. Ekki má vera innangengt milli neyzluvörubúða eða neyzluvörugeymslna og íbúðarherbergja eða annarra herbergja, sem rekstrinum eru óviðkomandi.
b. Lofthæð húsakynna skal vera a. m. k. 2.5 m. Vélknúin loftræstingartæki skulu sett þar, sem heilbrigðisnefnd telur þörf á.
c. Búðir og matvælagerðarhús skal verja fyrir rottum, músum, flugum og öðrum meindýrum.
d. Aldrei má handfjatla óumbúna vöru, sem ætluð er til neyzlu eins og hún kemur úr búð, en nota við afgreiðsluna til þess gerða spaða, skeiðar, gaffla eða tengur.
e. Til umbúða má einungis nota hreinan umbúðapappír eða annað jafngildi.

B. Um mjólk og mjólkurvörur.

66. gr.

Í mjólkurbúðum má einungis geyma og selja gerilsneydda mjólk.

16 15. febr.

67. gr.

Heilbrigðisnefnd getur leyft framleiðendum að selja neytendum ógerilsneydda mjólk milliliðalaust, ef fylgt er öllum ákvæðum þeirra laga og reglugerða, sem vísað er til í 64. gr. Aldrei má þó mjólk, sem seld er á þann hátt, vera sambland mjólkur frá tveimur eða fleiri framleiðendum (heimilum).

Heimilt er að selja gerilsneydda mjólk, svo og mjólkurvöru, á matsölu- og veitingastöðum til neyzlu þar.

C. Um rjómaís og mjólkurís.

68. gr.

Öll tæki og efni, sem notuð eru við framleiðslu á rjómaís eða mjólkurís, skulu fullnægja ströngustu hreinlætiskröfum, samkvæmt almennum reglum um tilbúning og dreifingu á matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum. Sama gildir um húsnæði.

Hvers konar blanda, sem notuð er í ísfrauð, skal gerilsneydd.

D. Um brauðgerðarhús, brauðbúðir, heimabakstur o. fl.

69. gr.

Öll óumbúin brauðvara skal geymd í luktum skápum. Brauð, sem ekki verða afgreidd með sérstökum tækjum (sbr. 65. gr. d), skulu geymd og afhent í sérstökum umbúðum.

70. gr.

Vöru, sem seld er í brauðbúð, má ekki neyta þar inni, nema húsakynni og annar búnaður sé til þess gert og heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til.

71. gr.

Heimabakaða brauðvöru má ekki selja, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til og farið sé að fyrirmælum hennar um allt, er máli skiptir.

72. gr.

Brauðvöru má ekki selja á götum eða torgum, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til, og ekki má ganga með hana milli húsa til framboðs.

73. gr.

Brauðvöru skal flytja milli brauðgerðarhúsa og búða í hreinum lokuðum og rykheldum kössum.

E. Um meðferð og sölu kjötvöru.

74. gr.

Leyfi heilbrigðisnefndar þarf til starfrækslu sláturhúsa. Setur hún þá reglur um nauðsynleg heilbrigðisskilyrði. Kjöt og kjötvöru til daglegrar neyzlu má einungis selja í sérstökum kjötbúðum. Heilbrigðisnefnd getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði meðan kjötbúðir eru ekki fyrir hendi. Skilyrði a—e liða þessarar greinar skulu þó jafnan uppfyllt. Í kjötbúðum má einnig selja harðfisk í umbúðum, frystan fisk í umbúðum, fiskfars, lax, silung, síld niðursuðuvöru, feitmeti, álag, ost, egg, kartöflur, rófur og grænmeti, svo og aðra vöru, er heilbrigðisnefnd leyfir sölu á þar.

Um kjötbúðir gilda sérstaklega þessi fyrirmæli:

a. Gólf kjötbúðar skal vera vatnshelt og lagt flísum eða öðru jafngildi, rás skal úr gólfu niður í skolpræsi, veggir skulu flísalagðir, glerjaðir eða húðaðir öðru jafngildi, en búðin að öðru leyti máluð.

b. Botn búðarborða skal vera a. m. k. 15 cm frá gólfi. Borð skulu lögð gleri, marmara eða öðru jafngildi. Matvæli, sem standa á borðum, skulu varin gleri. 16 15. febr.
c. Kjötkrókar og kjötstengur skal vera gljáð, höggstokkar, ef notaðir eru, úr hörðum við og eggjárn öll óryðguð.
d. Vara, sem ætluð er til neyzlu, eins og hún kemur úr búð, skal geymd í luktum glerskápum.
e. Kæliklefi eða kæliskápur skal vera í hverri kjötbúð.

F. Um meðferð og sölu á fiski.

75. gr.

Með þeim undantekningum, er getur í 74. og 76. gr., skal selja óunninn neyzlufisk í sérstökum fiskbúðum. Í fiskbúðum má einnig selja niðursuðuvöru, sjófugl, hval, sel, hákarl, harðfisk í umbúðum og aðra þá vöru, er heilbrigðisnefnd leyfir sölu á þar.

Um fiskbúðir gilda sérstaklega þessi fyrirmæli.

a. Gólf skal vera úr terrazzo eða öðru jafngildi, með niðurfalli og hæfilegum halla að því.
b. Gengið skal þannig frá veggjum, að auðvelt sé að hreinsa þá.
c. Búðarborð skulu vera skúffulaus og klædd ryðfríum stálplötum eða öðru jafngildi. Skal þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að hreinsa undan þeim.
d. Geymsluklefi skal fylgja hverri búð.
e. Sérstakur, upphitaður klefi skal ætlaður starfsfólki til fataskipta og dvalar.
f. Í búð eða geymsluklefa skal vera þvottaker með rennandi vatni til fiskþvottar. Þar skal einnig vera lokað ílát undir fiskúrgang, og ber að hreinsa það daglega.
g. Í búðinni skulu vera trog eða bakkar undir fisk. Ef trog eru notuð, skulu þau grænmáluð utan, en ljósmáluð innan og göt á botni.
h. Kassar, sem notaðir eru til flutnings á fiski úr fiskbúðum til neytenda, skulu vera með loki, grænmálaðir utan, ljósmálaðir innan og á þá málað nafn eða merki eiganda.
i. Ekki má láta fisk liggja á gólfi í búð eða geymslu.

76. gr.

Heimilt er sjómönnum að selja eigin afla úr bát, á lendingarstað. Þar sem ekki eru fiskbúðir, getur heilbrigðisnefnd og leyft fisksölu á tilteknum stöðum, að uppfylltum skilyrðum, sem hún setur. Við götusölu skal nota hreinlega, málaða vagna, og segir heilbrigðisnefnd fyrir um gerð þeirra. Hverjum vagni skal fylgja lokað ílát undir úrgang.

77. gr.

Frá 1. maí til septemberloka má ekki selja óslægðan fisk, og aldrei selja fisk, sem hefur ekki verið slægður, áður en sólarhringur er liðinn frá því er hann var deyddur.

78. gr.

Allur neyzlufiskur skal vera hreinn, óskemmdur, ómarinn og að öllu leyti óaðfinnanlegur.

79. gr.

Við flutning á fiski skal ætíð gætt fyllsta hreinlætis. Aldrei má leggja óumbúinn fisk frá sér úti við, nema breitt sé undir hann.

Neyzlufiskur, sem fluttur er landveg til bæjarins, skal fluttur í lokuðum kössum, er taka mest 50 kg. Heilagfiski og skötu þarf þó ekki að flytja í kössum, en flytja skal fiskinn í heilu lagi og búa þannig um, að ryk komist ekki að.

16 15. febr.

G. Um meðferð og sölu annarrar neyzluvöru.

80. gr.

Kornvöru, kex, sykur og aðra neyðsluvöru, sem ekki eru sérstök ákvæði um í samþykkt þessari og vegin er eða mæld jafnóðum og sala fer fram, skal geyma í vel luktum skúffum eða ílátum, er aldrei mega standa opin.

Smjör, smjörlíki og ost skal geyma í luktum glerskápum.

XV. KAFLI

Um baðhús, sundlaugar (sundhallir), baðstaði (sundstaði), íþróttahús, íþróttavelli (íþróttasvæði) og útileikvelli barna.

A. Um baðhús.

81. gr.

Gólf baðherbergja skulu flíslögð og veggir flíslagðir, glerjaðir eða húðaðir öðru jafngildi í 1.80 m hæð.

B. Um sundlaugar.

82. gr.

Sundlaugar skulu vera úr steinsteypu og svo sléttar innan, að auðvelt sé að þvo gólf og veggi. Barmar skulu hærri en gólfið í kring. Með fram innanverðum börmum, ofan vatnsborðs, skulu vera vatnsheldar rennur eða ílát, er sundgestir geta hrækt í.

83. gr.

Vatn, sem notað er í sundlaugar, skal vera hreint og gerlagróður þess ekki meiri en drykkjarvatns.

Gerlafjöldi í sundlauginni má ekki fara yfir 1000 í 1 cm^3 og saurgerlar (B. coli) mega ekki finnast að staðaldri í 1 cm^3. Taka skal sýni af vatni til rannsóknar ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði.

Sundlaugar skal tæma og hreinsa, svo oft sem þurfa þykir.

84. gr.

Hverri sundlaug skulu fylgja hæfilega margir búningsklefar, baðklefar með steypiböðum, salerni og þvagstæði. Húsakynnum skal haga þannig, að sundgestir komist ekki í sundlaugina nema úr baðklefa. Skylt er að hafa björgunartæki í sundlaugum.

85. gr.

Sundgestum er skylt að sápuþvo sig vandlega, áður en þeir fara í sundlaug. Bannað er að hrækja eða snýta sér í sundlaug eða saurga hana á annan hátt, og er heimilt að vísa sundgestum burt, ef þeir verða uppvísir að slíku.

86. gr.

Ekki má hleypa fleiri gestum í sundlaug í senn en svo, að a. m. k. 3 m^2 af yfirborði vatnsins komi á hvern mann.

87. gr.

Ef uppvíst verður, að sundgestur hefur næman sjúkdóm eða óþrifakvilla, opin sár, rennsli úr augum, eyrum eða nefi, áberandi kvef, niðurgang eða aðra kvilla, sem borizt geta manna á milli, ber að synja honum aðgangs að sundlaug.

Ef grunur leikur á, að sundgestur sé haldinn einhverjum slíkum kvilla, skal synja honum aðgangs, nema læknisvottorð komi til.

88. gr. 16

Ef grunur leikur á, að smitandi sjúkdóma, t. d. fótamyglu (opidermophytosis interdigitale plantarum), megi rekja til smitunar í sundlaug, skal tafarlaust gera héraðslækni viðvart og hlíta fyrirmælum hans um varúðarráðstafanir. 15. febr.

89. gr.

Baðföt, handklæði, bursta og annað, sem lánað er sundgestum til afnota, skal sjóða eftir notkun hverju sinni eða leggja í sótthreinsunarlög eftir nánari fyrirmælum héraðslæknis.

90. gr.

Starfsfólk sundlauga skal hafa sérstaka skó á fótum, er það notar einungis á því svæði, sem sundgestir ganga um, eftir að þeir hafa afklæðzt og þvegið sér, og engir mega ganga um það svæði nema á sérstökum skóm.

C. Um baðstaði.

91. gr.

Baðstaðir skulu valdir þannig, að ekki sé hætta á, að neins konar saurindi berist í sjóinn (vatnið). Nægilega mörg salerni skulu vera í grennd við slíka staði og þannig um frárennsli búið, að sjórinn saurgist ekki af því.

92. gr.

Ef baðstaðir eru fjölsóttir, skal rannsaka vatnið öðru hverju og leyfa því aðeins notkun þeirra, að gerlafjöldi sé ekki úr hófi.

93. gr.

Baðgestum er skylt að ganga þrifalega um baðströnd, og ekki mega þeir saurga vatnið á neinn hátt.

Um aðgangsleyfi að baðstöðum gildi ákvæði 87. gr.

94. gr.

Sérstakur gæzlumaður skal annast eftirlit á baðstað, og skylt er að hafa þar björgunartæki.

D. Um íþróttahús.

95. gr.

Gluggar skulu vera á gagnstæðum hliðum íþróttahúsa og ljósflötur þeirra helzt ekki minni en ⅕ gólfflatar. Gólf skulu þannig gerð, að slysahætta verði sem minnst. Leitast skal við að gera dýnur og önnur áhöld þannig úr garði, að þau safni ekki í sig ryki.

96. gr.

Auk æfingarsalar (-sala) skulu vera í hverju íþróttahúsi eitt eða fleiri búningsherbergi, baðherbergi með steypiböðum, salerni og áhaldaherbergi eða skápur fyrir ræstitæki.

Haga skal húsakynnum þannig, að gengið sé í leikfimisal úr búningsklefa, og aldrei má fara þannig inn nema á sérstökum skóm.

97. gr.

Íþróttahús má ekki nota örara en svo, að nægur tími sér til nauðsynlegrar hreingerningar og loftræstingar.

E. Um íþróttavelli.

98. gr.

Íþróttavellir skulu þannig úr garði gerðir, að sem minnst rykist upp af þeim. Þeir skulu hreinsaðir eftir þörfum, og aldrei má safnast þar fyrir rusl. Slíkum völlum skulu jafnan fylgja salerni, búningsklefar og böð.

F. Um útileikvelli barna.

99. gr.

Heilbrigðisnefnd getur sett sérstakar reglur um útileikvelli barna.

100. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f og 11.—15. gr., eftir því sem við getur átt, að því er varðar starfsemi þá, er þessi kafli fjallar um.

XVI. KAFLI

Um fangelsi og vistarverur handtekinna manna.

101. gr.

Um sængurfatnað í fangelsum og vistarverum handtekinna manna skal gætt ákvæða 51. gr.

102. gr.

Ef uppvíst verður eða grunur leikur á, að einhver vistmanna sé haldinn næmum sjúkdómi eða óþrifakvilla, skal einangra hann, en leita síðan fyrirmæla héraðslæknis um meðferð hans og um hreinsun á herbergi og rúmfatnaði.

103. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f, 11. og 13.—15. gr., eftir því sem við getur átt.

XVII. KAFLI

Um kirkjugarða, líkhús og líkgeymslu.

104 gr.

Um kirkjugarða og meðferð líka fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 64 23. júní 1932, reglugerð nr. 83 25. júlí 1934, hvort tveggja um kirkjugarða, lög nr. 42 10. nóv. 1913 og reglugerð nr. 24 1. apríl 1936, hvort tveggja um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.

Um flutning líka milli sókna fer eftir ákvæðum laga nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, með áorðinni breytingu samkvæmt lögum nr. 28 27. júní 1941 og ákvæðum reglugerðar nr. 159 27. sept. 1941, um flutning líka).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f, 11. og 105.—112. gr.

105. gr.

Í kirkjugörðum eða við þá skal reisa verkamannaskýli handa þeim, er í görðunum vinna.

106. gr.

Vatnsból mega ekki vera nær kirkjugarði en 200 m og því aðeins svo nærri, að jarðvegi halli ekki að vatnsbóli.

107. gr. 16

Líkkistur má ekki grafa grynnra en svo, að 1.25 m séu frá kistuloki að grafar- 15. febr.
barmi.

Leyfa má, að grafir séu gerðar úr steinsteypu, en þó skulu þær vera neðanjarðar og a. m. k. 0.5 m þykkt jarðvegslag ofan á. Í botni slíkra grafa skal vera sandur eða möl eða þannig frá honum gengið á annan hátt, að gröf haldist þurr.

Ekki má opna slíkar grafir, nema héraðslæknir veiti samþykki til og farið sé að fyrirmælum hans.

108. gr.

Líkhús skulu vera úr steinsteypu og þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Gluggar skulu vita í norður. Rás skal úr gólfi niður í holræsi. Í líkhúsum skal vera rennandi vatn og handlaugar. Séð skal fyrir góðri loftræstingu.

109. gr.

Líkhús skal þrífa svo oft sem þurfa þykir og ávallt þegar í stað, eftir að þar hafa verið geymd ókistulögð lík.

Leita skal fyrirmæla héraðslæknis um sótthreinsun, ef í líkhúsi hefur verið geymt lík manns, sem dáið hefur úr næmum sjúkdómi.

110. gr.

Héraðslæknir getur mælt svo fyrir, að lík manns, er dáið hefur úr næmum sjúkdómi, skuli kistulagt þegar í stað og flutt í líkhús.

111. gr.

Fundin eða sjórekin lík skal ætíð flytja í líkhús, þegar að lokinni lögskipaðri mannskaðarannsókn.

112. gr.

Ef sett verður á stofn bálstofa á samþykktarsvæðinu, setur heilbrigðisnefnd sérstakar reglur um hana.

XVIII. KAFLI

Um eftirlit með skipum, bátum og bifreiðum.

113. gr.

Um eftirlit með skipum og bátum fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, svo og reglur nr. 11 20. janúar 1953, um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, sóttvarnarlög nr. 34 12. apríl 1954 og lög nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f og 114.—117. gr.

114. gr.

Vistarverum skipshafna og farþega, svo og bifreiðum, skal haldið eins hreinum og auðið er. Um meðferð matvæla í skipum og bátum gilda sömu reglur sem á veitingahúsum, eftir því sem við verður komið.

115. gr.

Ekki má flytja með skipum, bátum eða almenningsvögnum sjúklinga með næma sjúkdóma nema með leyfi héraðslæknis, er hefur um það samráð við landlækni, þegar mikið er í húfu.

16 15. febr.

116. gr.

Ef vart verður meindýra í skipi eða bát, sömuleiðis lúsar, kláða eða annarra óþrifa á skipverjum, skal skipstjóri tilkynna það heilbrigðisnefnd þegar í stað, og ber að hlíta fyrirmælum hennar um upprætingu.

117. gr.

Skipstjórar og útgerðarmenn, bifreiðastjórar og eigendur bifreiða bera ábyrgð á, að farið sé að fyrirmælum héraðslæknis og heilbrigðisnefndar um allt, er lýtur að þrifnaði, sóttvörnum og heilsugæzlu í skipum, bátum og bifreiðum.

Kyrrsetja má skip og taka bifreið úr umferð, ef brotið er í bág við fyrirmæli héraðslæknis og heilbrigðisnefndar.

XIX. KAFLI

Um peningshús, búrekstur og skepnuhöld.

118. gr.

Gæta skal ákvæða 10. gr. f, 11. og 119—124. gr., um peningshús, búrekstur og skepnuhald.

119. gr.

Ekki má reisa peningshús, haughús, áburðarhús, safnhús eða safngryfjur nema í samræmi við ákvæði heilbrigðissamþykktarinnar, enda skulu slíkar framkvæmdir tilkynntar heilbrigðisnefnd.

120. gr.

Peningshús má ekki standa nær alfaravegi en 10 m og ekki má það standa nær vatnsbóli en 15 m og því aðeins svo nærri, að jarðvegi halli frá vatnsbóli.

121. gr.

Peningshús skulu vera björt og loftgóð, gólf og flór úr steinsteypu og húsin að öðru leyti þannig gerð, að auðvelt sé að hreinsa þau. Skulu þau kölkuð eða þrifin viðlíka vel a. m. k. einu sinni á ári.

Gengið skal þannig frá haug- og áburðarhúsum og safngryfjum, að ekki berist frá þeim til mannabyggða ódaunn eða óþverri og mönnum og skepnum stafi ekki hætta af, þótt yfir þau sé gengið.

122. gr.

Loðdýr (dýr, sem alin eru vegna feldarins) og tamda fugla, aðra en stofufugla í búrum, má ekki hafa án samþykkis heilbrigðisnefndar, og að uppfylltum skilyrðum, sem hún setur um húsakynnin og aðra aðstöðu.

123. gr.

Hundahald er bannað á samþykktarsvæðinu, nema að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar. Bannað er að láta hunda ganga lausa á almannafæri, að viðlögðum sektum skv. 127. gr. Hundar skulu greinilega merktir eigendum sínum, en um ómerkta hunda skulu gilda ákvæði 10. gr. um útrýmingu óskiladýra.

124. gr.

Búpeningur má ekki ganga laus á samþykktarsvæðinu, og ekki má reka hann gegnum íbúðarhverfi. Undanþegin eru þó útflutningshross á leið til skips, enda skulu þau rekin undir stjórn lögreglu.

XX. KAFLI
Lokaákvæði.

16
15. febr.

125. gr.

Bæjarstjórn skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir og framkvæmdir, er að heilbrigðismálum lúta.

126. gr.

Ef einhver vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur mælt fyrir um samkvæmt samþykkt þessari, er nefndinni heimilt að láta vinna það á kostnað hans. Skal þá greiða kostnaðinn úr bæjarsjóði til bráðabirgða, en innheimta síðan hjá hlutaðeiganda, með lögtaki, ef þörf gerist.

127. gr.

Ef einhver brýtur ákvæði samþykktar þessarar eða vanrækir að hlýðnast í tæka tíð fyrirmælum heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykktinni, skal hann sæta sektum allt að 5000 krónum, nema þyngri refsing liggi við að lögum, og rennur sektarféð í bæjarsjóð.

128. gr.

Með mál, er rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

129. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi, jafnskjótt og hún hefur verið birt í Stjórnartíðindum.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 15. febrúar 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

17
19. febr.

um löggæzlu á almennum skemmtisamkomum í Norður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Almennar samkomur má ekki halda í Norður-Þingeyjarsýslu, nema að fengnu leyfi sýslumanns Þingeyjarsýslu. Skal hann jafnframt ákveða hvort löggæzla skuli vera á skemmtisamkomunni. Forstöðumenn slíkra skemmtisamkoma skulu sækja um leyfi til skemmtanahalds eigi síðar en 4 dögum áður en halda skal.

2. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum sýslumanns, löggilt einstaka löggæzlumenn, er skulu hafa eftirlit með skemmtunum, hver á sínu löggæzlusvæði. En löggæzlusvæðin eru þessi:

1. Kelduneshreppur.
2. Öxarfjarðar- og Fjallahreppur.
3. Presthólahreppur.
4. Raufarhafnarhreppur.
5. Þórshafnar-, Sauðanes- og Svalbarðshreppur.

17 Löggæzlumenn skulu, er þeir hafa fengið tilkynningu frá sýslumanni um að
19. febr. skemmtun með löggæzlu hafi verið leyfð á þeirra löggæzlusvæði, mæta á skemmtistaðnum er skemmtun á að hefjast og dvelja þar þangað til henni er lokið, og mega þeir eigi fara af staðnum fyrr en húsum þeim, er skemmtun var haldin í, hefur verið lokað og fjarðlægðir hafa verið þeir menn, er hætta getur stafað af.

Ef löggæzlumaður hefur forföll, svo hann eigi getur mætt á skemmtun, er honum heimilt að fá annan til að annast löggæzlustarfið.

Löggæzlumanni til aðstoðar í hverju löggæzlusvæði, skulu tveir menn löggiltir vera, og getur hann hvatt þá til að mæta sér til aðstoðar, er hann telur þess þörf. Þeir einir geta verið löggæzlumenn, hvort heldur aðalmenn eða aðstoðarmenn, er fengið hafa fræðslu og þjálfun til starfsins.

3. gr.

Löggæzlumenn skulu halda uppi reglu á skemmtunum, er þeir hafa eftirlit með, og er þeim heimilt að flytja burtu af skemmtistaðnum þá menn, er óspektum valda. Auk aðstoðarmanna sinna, hinna löggiltu, geta þeir kvatt sér til aðstoðar við að haldi uppi reglu, forstöðumenn skemmtunarinnar og þjónustumenn hans og aðra borgara. Ef löggæzlumanni virðist ölvun á dansskemmtunum ætla að verða lítt þolandi, er honum heimilt að slíta samkomunni, og er þá öllum samkomugestum skylt að fara út úr húsum þeim, sem skemmtunin er haldin í, og skal þeim húsum lokað. Leiki rökstuddur grunur á, að áfengi sé selt úr bifreiðum á staðnum eða á annan hátt eða í nánd við staðinn, er löggæzlumanni og aðstoðarmönnum hans heimilt að leita áfengis í bifreiðum þeim, og rannsaka svo sem nauðsyn krefur.

Að lokinni dansskemmtun skal löggæzlumaður, ef hann telur sig sakir ölæðis manna eigi hafa getað haldið uppi fullkominni reglu á skemmtuninni, gefa sýslumanni skriflega skýrslu um starf sitt. Skal hann tilgreina nöfn þeirra manna, er verið hafa ölvaðir á skemmtuninni, og sem eigi hafa hlýtt fyrirmælum hans. Skal hann lýsa ölvun þeirra, tilsvörum, háreysti og handalögmálum, er kunna að hafa orðið.

4. gr.

Sýslumaður gefur út erindisbréf handa löggæzlumönnum. Skulu þar settar reglur um, hvernig þeir skuli haga störfum sínum. Löggæzlumönnum öllum skal láta ókeypis í té einkennisbúninga og einkennishúfur.

Séu gerð spjöll á einkafatnaði löggæzlumanns eða aðstoðarmanna hans, er þeir sinna lögreglustörfum, skal ríkissjóður bæta þann skaða, ef hann eigi fæst bættur á annan hátt. Ríkissjóður annist slysatryggingu allra þessara löggæzlumanna.

5. gr.

Löggæzlumönnum skal greiða þóknun fyrir starf þeirra, kr. 400.00 fyrir skemmtun. hverja, er þeir hafa eftirlit með. Aðstoðarmönnum þeirra skal greiða kr. 300.00 fyrir hverja skemmtun. Þeim skal öllum greiddur ferðakostnaður að og frá skemmtistað, eftir samkomulagi eða eftir reikningi.

6. gr.

Sýslumaður skal, þegar hann sér ástæðu til eða samkvæmt óskum félagssamtaka í sýslunni, kalla forstöðumenn samkomustaða Norður-Þingeyjarsýslu á fund á Kópaskeri. Á fundi þeim skal rætt um, á hvern hátt þess verði gætt, að skemmtanir þær, er haldnar verða í héraðinu á því ári, fari sómasamlega fram. Á fundi þessum skulu og löggæzlumenn mæta.

7. gr.

Ef fundarmenn á fundi þeim, er greinir frá í 6. gr., verða sammála um, að nauðsyn beri til að setja reglur um útilokun þeirra manna, er sannir hafa orðið að sök

að valda spjöllum á samkomum, frá því að sækja dansskemmtanir í héraðinu, skulu forstöðumenn samkomustaða, þeir er fundinn sækja, tilnefna tvo úr sínum hópi með fullu umboði, er ákveða skulu með sýslumanni, hverjum þeirra manna, er löggæzlumenn hafa í skýrslum sínum tilgreint að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtunum, skuli bannaður aðgangur að dansskemmtunum innan héraðs, og um hve langan tíma. 17 19. febr.

8. gr.

Þá skal sýslumaður, er honum hefur borizt skýrsla löggæzlumanns samkvæmt 3. gr., kveðja þá tvo menn úr hópi forstöðumanna samkomustaða, er um ræðir í 7. gr., á fund, og skal hann þá ásamt þeim, eftir að þeir hafa kynnt sér skýrslu eftirlitsmanna og skýrslur fyrir sakadómi, ef fyrir hendi eru, ákveða, hvort mönnum þeim, er löggæzlumaður telur að hafa hegðað sér ósæmilega á skemmtun, skuli bannaður aðgangur að dansskemmtunum innan héraðsins, og um hve langan tíma bannið skuli gilda. Bann nefndarinnar skal tilkynnt skriflega öllum forstöðumönnum samkomustaða í héraðinu, löggæzlumönnum öllum, svo og manni þeim, er banninu er beint gegn. Á meðan bannið gildir, ber forstöðumönnum samkomustaða og þjónustuliði þeirra að vera samhent löggæzlumönnum um það, að synja þeim mönnum, sem banni er beint gegn, um aðgang að skemmtunum þeim, sem haldnar eru, og það jafnt þótt þeir séu eigi undir áhrifum áfengis, er þeir æskja aðgangs.

9. gr.

Kostnaður sá, er leiðir af framkvæmd reglugerðar þessarar, greiðist að ¾ úr ríkissjóði, en að ¼ úr viðkomandi sveitarsjóði, að því er laun aðallöggæzlumanna snertir. En laun aðstoðarmanna greiði aðili sá, er skemmtun heldur að hálfu, en ríkissjóður að hálfu. Ríkissjóður kostar að öllu leyti einkennisbúninga löggæzlumanna, einkennishúfur og merki, svo og fræðslu löggæzlumanna og aðstoðarmanna þeirra. Þá einnig ferðakostnað allan samkvæmt 5. gr.

Haldi utanhéraðsmaður eða félag dansskemmtun á samkomustað innan héraðs, getur sýslumaður krafizt þess, að sá aðili greiða hluta sveitarsjóðs af kostnaði við eftirlitið með skemmtuninni. Og getur sýslumaður sett það sem skilyrði fyrir skemmtanaleyfi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga nr. 50/1940, um lögreglumenn, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Í dómsmálaráðuneytinu, 19. febrúar 1958.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

18 21. febr. **Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Slysa- og sjúkrasjóð lögreglufélags Reykjavíkur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. febr. 1958.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Slysa- og sjúkrasjóð lögreglufélags Reykjavíkur.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Slysa- og sjúkrasjóður lögreglufélags Reykjavíkur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 1957. Stofnfé sjóðsins er:

1. Kr. 1000.00, sem er gjöf frá Prentsmiðjunni Gutenberg, gefin sem þakklætisvottur fyrir rösklega framgöngu lögreglumanna við björgunar- og slökkvistarf, þegar kviknaði í prentsmiðjunni þann 2. ágúst 1944.
2. Kr. 10000.00, sem er gjöf frá Reykjavíkurbæ á 20 ára afmæli lögreglufélags Reykjavíkur og gefin til stofnunar slíks sjóðs.

3. gr.

Sjóðurinn er eign lögreglufélags Reykjavíkur, en er undanþeginn öllum fjárhagsskuldbindingum félagsins. Sjóðurinn skal ávaxtaður í Landsbanka Íslands eða í ríkistryggðum skuldabréfum. Skrifstofustjóri lögreglustjóraembættisins í Reykjavík skal annast reikningshald sjóðsins. Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum lögreglufélags Reykjavíkur og lagðir fram, ásamt ársskýrslu, til samþykktar á aðalfundi ár hvert. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

4. gr.

Sjóðnum skal afla tekna með vöxtum af höfuðstól og árlegu tillagi lögreglufélags Reykjavíkur, sem miðað sé við tiltekna upphæð fyrir hvern félagsmann og skal sú upphæð ákveðin á aðalfundi lögreglufélagsins ár hvert. Tillag lögreglufélagsins skal greitt sjóðnum eigi síðan en 1. des. ár hvert. Enn fremur skal tekna aflað með gjöfum og á hvern annan hátt, sem stjórn sjóðsins telur henta.

5. gr.

Tilgangur með stofnun sjóðsins er að styrkja þá félagsmenn í lögreglufélagi Reykjavíkur, sem verða fyrir slysum og sjúkdómum. Styrk úr sjóðnum má einnig veita vegna slysa og sjúkdóma, sem makar félagsmanna og börn innan 16 ára verða fyrir.

Þeir skulu sitja fyrir um styrk, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis, vegna þess að ekki er unnt að fá jafngóða læknishjálp hér á landi. Við veitingu styrks skal taka tillit til efnahags styrkbeiðanda og annarra ástæðna.

6. gr.

Engan styrk má veita úr sjóðnum, fyrr en höfuðstóll hans er orðinn kr. 25000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónur —. Eftir það má árlega veita úr sjóðnum allt að helmingi tekna hans næsta ár á undan. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 100000.00

— eitt hundrað þúsund krónur — má árlega veita úr honum allar tekjur næsta árs á undan. Óráðstafað styrkveitingafé leggist árlega við höfuðstólinn. 18 21. febr.

Höfuðstólinn má aldrei skerða.

7. gr.

Stjórn lögreglufélags Reykjavíkur annast stjórn sjóðsins, sér um ávöxtun hans og aðra tekjuöflun og veitir styrki úr honum.

8. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjórnar Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ 19 26. febr.

um heimilishjálp í Mosfellshreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Mosfellshrepps fer með stjórn heimilishjálpar í hreppnum.

Dagleg umsjón með framkvæmdum heimilishjálparinnar í Mosfellshreppi er í höndum konu með þekkingu á heimilisstörfum, er hreppsnefnd skipar. Hún á rétt á að sitja fundi hreppsnefndar þegar rædd eru mál, sem varða heimilishjálpina, og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með vottorði læknis, ljósmóður eða á annan hátt, sem forstöðukona heimilishjálparinnar metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundar sakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum sökum.

Hjálpin skal að jafnaði ekki veitt um lengri tíma í senn en 14 daga.

3. gr.

Forstöðukonunni ber að ganga örugglega úr skugga um, að konur þær, sem heimilishjálp stunda á hennar vegum séu hæfar til starfsins, hafi t. a. m. lokið tilskyldu námskeiði eða sýnt hæfni í verki og séu ekki haldnar smitandi sjúkdómum.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálparinnar fer eftir ályktun hreppsnefndar.

Hjálparkona skal fá laun sín greidd að nokkru leyti á þeim heimilum sem hún aðstoðar og að nokkru leyti úr hreppssjóði.

4. gr.

Heimili, sem óska eftir aðstoð, skulu snúa sér til forstöðukonu heimilishjálparinnar, og ber þeim að öllu leyti að fara eftir þeim reglum, sem hreppsnefnd setur um heimilishjálp.

5. gr.

Hjálparkona skal fá ókeypis fæði og gistingu á heimili því, sem hún aðstoðar, og einnig ber heimilum að greiða henni kr. 50.00 — fimmtíu krónur — fyrir hvern vinnudag. Þó getur hreppsnefnd í sérstökum tilfellum veitt eftirgjöf á greiðslu fyrir heimilishjálp að nokkru eða öllu leyti að fengnum tillögum forstöðukonunnar, og skal þá hjálparkona fá þann mismun greiddan úr hreppssjóði.

19 26. febr.

6. gr.

Hreppsnefnd Mosfellshrepps ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem konur þær, er vinna á vegum heimilishjálparinnar, kunna að valda við störf sín.

7. gr.

Reikningar heimilishjálparinnar skulu endurskoðaðir árlega með sama hætti og reikningar Mosfellshrepps.

8. gr.

Sá halli, sem kann að verða af heimilishjálp, sem veitt er samkv. lögum um heimilishjálp í viðlögum og reglugerð þessari, greiðist að ⅓ úr ríkissjóði, en ⅔ úr hreppssjóði.

9. gr.

Reglugerð þessa skal endurskoða að tveimur árum liðnum ef forstöðukona heimilishjálparinnar telur það nauðsynlegt eða meiri hluti hreppsnefndar æskir þess,

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Mosfellshrepps hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. febrúar 1958.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.

20 26. febr.

REGLUGERÐ

um heimilishjálp í Hrunamannahreppi, Árnessýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps fer með stjórn heimilishjálpar í Hrunamannahreppi. Dagleg umsjón með framkvæmdum heimilishjálparinnar er í höndum stjórnar Kvenfélags Hrunamannahrepps.

Stjórn kvenfélagsins á rétt á að sitja fundi hreppsnefndarinnar, þegar rædd eru mál, sem varða heimilishjálpina, og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með umsögn læknis, ljósmóður eða á annan hátt, sem stjórn kvenfélagsins metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum. Hjálpin skal veitt svo lengi sem stjórnin telur brýna nauðsyn bera til, sé þess kostur.

3. gr.

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks eina konu til heimilishjálpar. Stjórn kvenfélagisns ber að ganga örugglega úr skugga um, að konur þær, sem heimilishjálpina stunda á vegum stofnunarinnar, séu hæfar til starfsins og séu ekki haldnar smitandi sjúkdómi.

4. gr. 20

Sveitarsjóður Hrunamannahrepps ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem konur 26. febr.
þær, sem vinna á vegum heimilishjálparinnar kunna að valda við störf sín.

5. gr.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálparinnar fer eftir ákvörðun hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur veitt eftirgjöf á greiðslu fyrir heimilishjálp að nokkru eða öllu leyti að fengnum tillögum stjórnar kvenfélagsins.

6. gr.

Fyrir heimilishjálp skal greiða kr. 60.00 á dag. Hjálparstúlka skal fá endurgjaldslaust fæði og húsnæði á vinnustað. Hreppsnefndin setur reglur um greiðslu, innheimtu og annað, er hún telur máli skipta í þessu efni og annast fjárreiður stofnunarinnar.

7. gr.

Reikningar heimilishjálparinnar skulu endurskoðaðir árlega með sama hætti og reikningar sveitarsjóðs.

8. gr.

Sá halli, sem verða kann af heimilishjálp, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálp og samþykkt þessari, greiðist að ⅓ úr ríkissjóði, en að ⅔ úr sveitarsjóði Hrunamannahrepps.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Hrunamannahrepps hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. febrúar 1958.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.

REGLUGERÐ 21

4. marz

um breytingu á reglugerð nr. 95 28. júní 1957 um skatt á stóreignir.

1. gr.

Kærufrestir samkv. 2. málsgr. 23. gr. ofannefndrar reglugerðar breytast þannig, að í stað 20 daga komi 40 dagar og í stað 30 daga komi 50 dagar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. heimild í lögum nr. 44/1957 um skatt á stóreignir, sbr. lög nr. 46/1954, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 4. marz 1958.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

22
1. marz

AUGLÝSING

um staðfestingu á samþykktum sjúkrasamlaga í sveitum og kauptúnum.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind sjúkrasamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957:

		Staðfest:
181.	Fljótshlíðarhrepps, Rangárvallasýslu	27. febr. 1958.
182.	Tálknafjarðar, Vestur-Barðastrandarsýslu	27. — 1958.
183.	Hrófbergshrepps, Strandasýslu	27. — 1958.
184.	Blönduóshrepps, Austur-Húnavatnssýslu	27. — 1958.
185.	Kirkjubæjarhrepps, Vestur-Skaftafellssýslu	27. — 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 1. marz 1958.

F. h. r.
Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

23

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Kollektusjóðs Jóns Eiríkssonar árið 1957.

Tekjur:

1.	Eign í ársbyrjun:		
	a. Verðbréf	kr. 27600.00	
	b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 26041.02	
	c. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 10265.95	
			kr. 63906.97
2.	Vextir:		
	a. Af verðbréfum	kr. 1880.00	
	b. — innstæðu í Söfnunarsjóði	— 1380.00	
	c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 740.21	
			— 4000.38
			Kr. 67907.35

Gjöld:

	Eign í árslok:	
a.	Verðbréf	kr. 22600.00
b.	Innstæða í Söfnunarsjóði	— 27421.19
c.	Innstæða í Landsbanka Íslands	— 17886.16
		Kr. 67907.35

Biskup Íslands, Reykjavík, 14. janúar 1958.

Ásmundur Guðmundsson.

REIKNINGUR 24

yfir tekjur og gjöld Dalhoffslegats árið 1957.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	1200.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	10364.34	
			kr. 11564.34
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	57.50	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	630.40	
			— 687.90
			Kr. 12252.24

Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	1100.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	11152.24	
			kr. 12252.24
			Kr. 12252.24

Biskup Íslands, Reykjavík, 14. janúar 1958.

Ásmundur Guðmundsson.

REIKNINGUR 25

yfir tekjur og gjöld Árgjaldasjóðs árið 1957.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	200.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	4526.74	
			kr. 4726.74
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	5.00	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	236.49	
			— 241.49
			Kr. 4968.23

Gjöld:

Eign í árslok:	
Innstæða í Landsbanka Íslands	kr. 4968.23
	Kr. 4968.23

Biskup Íslands, Reykjavík, 14. janúar 1958.

Ásmundur Guðmundsson.

26

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Sigurðar Melsted árið 1957.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Verðbréf	kr. 1000.00		
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 6336.98		
			kr. 7336.98
2. Vextir:			
a. Af verðbréfum	kr. 50.00		
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 382.39		
			— 432.39
			Kr. 7769.37

Gjöld:

Eign í árslok:		
a. Verðbréf	kr.	kr. 1000.00
b. Innstæða í Landsbanka Íslands		— 6769.37
		Kr. 7769.37

Biskup Íslands, Reykjavík, 14. janúar 1958.

Ásmundur Guðmundsson.

27

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Guttormslegats árið 1957.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 34856.32		
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 8466.22		
			kr. 43322.54
2. Vextir:			
a. Í Söfnunarsjóði	kr. 1847.38		
b. Í Landsbanka Íslands	— 507.96		
			— 2355.34
			Kr. 45677.88

Gjöld:

Eign í árslok:		
a. Innstæða í Söfnunarsjóði		kr. 36703.70
b. Innstæða í Landsbanka Íslands		— 8974.18
		Kr. 45677.88

Biskup Íslands, Reykjavík, 14. janúar 1958.

Ásmundur Guðmundsson.

REGLUGERÐ

28
18. apríl

um útvarpsrekstur ríkisins.

Samkvæmt lögum nr. 68 28. desember 1934, um útvarpsrekstur ríkisins, svo og lögum um breytingu á þeim lögum, nr. 64 frá 31. desember 1939 og nr. 25 frá 28. febrúar 1943, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

I. KAFLI
Um skipulag og stjórn útvarps.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefur einkarétt til að reka útvarp á Íslandi. Hún lætur reka útvarpsstöð í Reykjavík, og má auka orku hennar, eftir því sem þörf krefur. Ríkisstjórnin lætur reisa endurvarpsstöðvar annars staðar á landinu, eftir því sem ástæður krefjast. Um orkuaukningu Reykjavíkurstöðvarinnar og byggingu endurvarpsstöðva fer eftir ákvörðunum Alþingis.

Stöðvarnar og rekstur þeirra nefnist einu nafni: **Ríkisútvarpið** og ber undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Fjárhagsáætlun um tekjur og gjöld Ríkisútvarpsins skal tekin sem sérstakur liður í fjárlög ríkisins á ári hverju.

Tekjum Ríkisútvarpsins og þeirra starfsgreina, sem reknar verða á vegum þess, má eingöngu verja í þágu útvarpsrekstrar og útvarpsnota.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar útvarpsstjóra. Skal honum falið að annast allt, sem lýtur að rekstri útvarpsins, skrifstofuhald, daglega umsjón og að hafa á hendi fjárreiður þess og reikningshald.

Ráðherra ræður starfsmenn útvarpsins, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Ráðningar- og skipunarbréf starfsmanna skulu undirrituð af útvarpsstjóra og send menntamálaráðuneytinu til staðfestingar.

4. gr.

Útvarpsráð skipa fimm menn, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi, á fyrsta þingi eftir hverjar almennar kosningar.

Menntamálaráðherra skipar formann úr flokki hinna kjörnu útvarpsráðsmanna.

Menntamálaráðherra ákveður útvarpsráði þóknun fyrir störfin.

II. KAFLI
Um störf útvarpsráðs.

5. gr.

Útvarpsráð tekur ákvarðanir um það, hversu dagskrá skuli hagað í höfuðefnum, og leggur fullnaðarsamþykki á dagskrá, áður en hún kemur til framkvæmda. Það setur reglur um fréttaflutning útvarpsins og aðrar þær reglur, er

23. dag aprílmánaðar 1958. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

28 18. apríl

þurfa þykir, til gæzlu þess, að við útvarpið ríki skoðanafrelsi og fyllsta óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í almennum málum, atvinnustofnunum, félögum og einstökum mönnum.

6. gr.

Útvarpsráð kemur saman á fundi svo oft sem þurfa þykir og að jafnaði einu sinni í viku hverri. Teljast það reglulegir fundir útvarpsráðs. Formaður boðar fundi og stýrir þeim. Fundi skal boða með sólarhrings fyrirvara hið skemmsta, nema svo sérstaklega standi á, að nauðsyn beri til að kalla útvarpsráð saman með skemmri fyrirvara. Skylt er formanni að kveðja til aukafundar, ef útvarpsstjóri eða tveir menn úr útvarpsráði æskja þess.

Fundur er lögmætur, ef meiri hluti útvarpsráðsmanna er á fundi.

Útvarpsstjóri á sæti á fundum útvarpsráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Hann getur skotið ákvörðunum útvarpsráðs, þeim, er mjög varða fjárhag stofnunarinnar, undir úrskurð ráðuneytisins.

Útvarpsráð velur sér ritara innan ráðsins. Ritari eða annar sá maður, sem það er sérstaklega falið, færir í gerðabók ályktanir útvarpsráðs og annað það, er miklu þykir skipta, af því, sem fram fer á fundum. Skylt er að færa til bókar ágreiningsorð, eftir óskum einstakra útvarpsráðsmanna, svo og útvarpsstjóra. Nafnakall skal hafa við atkvæðagreiðslur, ef einhver útvarpsráðsmanna eða útvarpsstjóri óskar þess. Skal þá ágreiningsefnið, svo og atkvæðagreiðslan, fært í gerðabók.

Gerðabók skal lesa í lok fundar eða í upphafi næsta fundar. Formaður og ritari gerðabókar undirskrifa gerðabókina, er hún hefur náð samþykki fundar.

Nú fer útvarpsráðsmaður úr bænum eða forfallast á annan hátt frá störfum í útvarpsráði, og skal þá, ef fram kemur ósk um það, kveðja varamann til starfs í útvarpsráði, meðan aðalmaður er frá störfum. Forfallist formaður útvarpsráðs, tilnefnir menntamálaráðherra mann innan ráðsins til þess að gegna störfum hans, á meðan á forföllum eða fjarvist stendur.

7. gr.

Útvarpsráð tekur, eigi síðar en 1. júlí ár hvert, höfuðákvarðanir um það, hversu dagskrá skuli hagað frá hausti til jafnlengdar næsta ár. Jafnframt gerir það tillögur til útvarpsstjóra um kostnað við útvarpsefni. Fari kostnaðaráætlun útvarpsráðs verulega fram úr áætlun fjárlaga, getur útvarpsstjóri krafizt þess, að leitað verði samþykkis ráðuneytisins um kostnaðinn, sbr. 6. gr.

Útvarpsráð skiptir með sér verkum, eftir því sem henta þykir. Það getur falið nefndum, skipuðum útvarpsráðsmönnum og föstum aðstoðarmönnum útvarpsráðs, að hafa með höndum undirbúning sérstakra flokka útvarpsefnis. Tillögur og ályktanir nefnda skulu lagðar fyrir útvarpsráð í heild til samþykktar.

Dagskrá skal á hverjum tíma samin í höfuðdráttum með að minnsta kosti fjögurra vikna fyrirvara. Fullnaðardagskrá skal gera fyrir hverja viku í senn, og skal hún gefin út eigi síðar en fimmtudag hinn næsta á undan, en birt í útvarpinu föstudag næsta á undan.

Nú fellur niður fundur útvarpsráðs vegna forfalla eða önnur atvik hindra, að fullnaðarákvarðanir um dagskrá verði teknar í tæka tíð, og ber þá skrifstofustjóra dagskrár eða fulltrúa hans að taka ákvarðanir samkvæmt því, er venjur og atvik liggja til.

8. gr.

Útvarpsráð setur, í samráði við útvarpsstjóra, gjaldskrá fyrir flutning útvarpsefnis. Skrifstofustjóri útvarpsráðs eða fulltrúi hans ákveður greiðslur samkvæmt gjaldskránni, en skylt er honum að hafa samráð við útvarpsstjóra og formann

útvarpsráðs, ef vafi getur leikið á um það, hversu ákveða skuli þóknun samkvæmt gjaldskránni. Sé um stærri greiðslur að ræða, vegna afbrigðilegrar dagskrár, stórra leikrita o. s. frv., skulu ákvarðanir teknar á fundi útvarpsráðs. Áætlun um kostnað við slíka dagskrárliði skal liggja fyrir til samþykktar, áður en þeir eru ákveðnir í dagskrá. Telji útvarpsstjóri, að um varhugaverð fordæmi sé að ræða eða freklega fjáreyðslu, getur hann samkvæmt 6. gr. skotið málságreiningi undir úrskurð ráðuneytis. 28 18. apríl

9. gr.

Nú forfallast maður, sem flytja á útvarpsefni, eða önnur ófyrirséð atvik raska framkvæmd dagskrár, og gerir þá útvarpsstjóri, í samráði við formann útvarpsráðs eða skrifstofustjóra dagskrár, ef til þeirra næst, og að öðrum kosti á eigin hönd, nauðsynlegar ráðstafanir um framkvæmd dagskrárinnar. Beri slíkar truflanir að höndum með skyndilegum hætti og svo standi á, að þulur nái ekki til að hafa samráð við yfirmenn stofnunarinnar, er honum skylt að ráða fram úr, eftir því sem venjur og atvik liggja til.

III. KAFLI

Um fréttaflutning og auglýsinga.

10. gr.

Fréttir þær, sem Ríkisútvarpið flytur af eigin hvötum og á eigin ábyrgð, mega ekki vera mengaðar neins konar ádeilum né hlutsömum umsögnum um einstakar stjórnmálastefnur, stjórnmálaflokka, stefnur í almennum málum, félagsheildir, atvinnustofnanir eða einstaka menn.

11. gr.

Ekki mega í fréttum Ríkisútvarpsins felast neins konar auglýsingar né tilkynningar aðrar en þær, sem varða sjálfar fréttirnar eða rekstur stofnunarinnar að öðru leyti.

12. gr.

Ekki mega í fréttum Ríkisútvarpsins felast ádeilur á útvarpið sjálft, enda hvorki lof né last um útvarpsstarfsemina né einstaka starfsmenn útvarpsins.

13. gr.

Við skráningu almennra frétta Ríkisútvarpsins skal þess ávallt sérstaklega gætt, að heimildir fyrir hverri fregn séu sem fyllstar og að þær séu óyggjandi, og skal heimilda jafnan getið í handriti. Ekki mega í fréttum útvarpsins vera tilgátur né ágizkanir um atburði eða staðreyndir, og skal fremur skjóta á frest að greina frá atburðum eða frétt jafnvel niður falla heldur en að eiga það á hættu, að fregn verði borin til baka.

14. gr.

Útvarpsstjóri semur nánari reglur um fréttaflutning útvarpsins, eftir því sem þörf krefur og reynsla bendir til, og leggur þær hverju sinni undir samþykki útvarpsráðs, samkvæmt 5. gr.

15. gr.

Nú er útvarpsstjóri í vafa um það, hversu með frétt skuli fara, samkvæmt gildandi fyrirmælum í reglugerð og fréttareglum, og ber honum þá að skjóta vafaatriðinu undir úrskurð útvarpsráðs. Úrskurður útvarpsráðs skoðast þá sem regla, unz önnur ákvörðun kynni að verða tekin.

28 16. gr.

18. apríl Auglýsingar þær og tilkynningar, sem Ríkisútvarpið tekur til flutnings, skulu um efni og innihald hlíta þeim reglum, sem fyrir er mælt í 10. gr. Útvarpsstjóri semur reglur um flutning auglýsinga og leggur þær fyrir útvarpsráð til samþykktar. Um úrskurði í vafasömum atriðum fer eftir þeim reglum, sem 15. gr. mælir fyrir um.

IV. KAFLI

Um hagnýtingu útvarps.

17. gr.

Útvarpsviðtæki má ekki nota til viðtöku á öðru en útvarpsefni. Útvarpsnotandi, sem af tilviljun hlustar á aðrar þráðlausar talsendingar eða loftskeyti, má ekki flytja slíkar fregnir öðrum og heldur ekki hagnýta sér þær í fjárgróðaskyni á einn eða annan hátt.

Óheimilt er útvarpsnotanda að hagnýta sér útvarpsefni til fjárgróða, t. d. með upptöku þess á hljómplötur (grammofón), með útgáfu á prenti eða með því að selja aðgang að útvarpsviðtæki sínu.

Útvarpsviðtæki telst í reglugerð þessari hvert það tæki, sem hagnýtt er til viðtöku útvarpsefnis, þar með talið gjallarhorn, sem hagnýtt er með línu frá öðru heimili.

18. gr.

Heimilt er útvarpsnotanda að hagnýta sér útvarpið eftir vild með viðtækjum eða línum til fleiri gjallarhorna og heyrnartækja, en aðeins innan síns eigin heimilis og í sumarbústöðum. Útvarpsheimili telst í reglugerð þessari:

1. Framfærsluheimili.
2. Heimili einstaks manns, sem hefur sérskilinn fjárhag og sjálfstæða atvinnu.
3. Stofnun, hvers konar sem er, svo sem skóli, sjúkrahús, samkomuhús, atvinnustöð o. fl.
4. Bifreiðar allar.
5. Skip öll.

Nú er viðtæki notað með leiðslum til annarra heimila, og telst þá hvert heimili, sem þannig hagnýtir sér útvarpið, útvarpsnotandi.

19. gr.

Útvarpsnotandi er á hverjum tíma háður ákvæðum laga og reglugerða um eftirlit með hagnýtingu raforku og útvarpsviðtækja.

Eftirlitsmenn útvarpsins, landssímans og rafmagnsstjórnarinnar á hverjum stað skulu hafa óhindraðan aðgang til skráningar útvarpsviðtækja, eftirlits með slíkum tækjum og hlutum þeirra og allri hagnýtingu rafmagns í sambandi við útvarpsviðtæki, og skal þeim heimilt að fara tálmunarlaust þessara erinda um lönd manna og hús, enda fari þeir ekki um híbýli manna á helgum dögum og ekki fyrir kl. 8 að morgni né eftir kl. 10 að kvöldi virka daga.

V. KAFLI

Um afnotagjald og innheimtu.

Um gjaldskyldu útvarpsnotenda.

20. gr.

Til þess að standa straum af rekstri útvarpsins skal greiða til þess árlegt afnotagjald af hverju útvarpsviðtæki í landinu, sbr. 18. gr. Menntamálaráðherra

ákveður afnotagjaldið um eitt ár í senn, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs. 28 18. apríl

21. gr.

Óheimilt er hverjum manni að hagnýta sér útvarp ríkisins, nema viðtæki hans hafi verið skráð og tilkynnt í skrifstofu Ríkisútvarpsins. Hvert það viðtæki, sem er hagnýtt, án þess að hafa verið skráð og tilkynnt í skrifstofu Ríkisútvarpsins, skal upptækt vera, og rennur andvirðið til Ríkisútvarpsins. Heimilt er útvarpsstjóra að veita undanþágu frá þessu, ef maður sá, er hlut á að máli, greiðir fullt afnotagjald fyrir þann tíma, sem hann hefur hagnýtt sér útvarp ríkisins.

Skýrslugerð Viðtækjaverzlunar ríkisins og umboðsmanna hennar telst nægileg tilkynning um þau viðtæki, er verzlunin selur. Viðtæki, sem keypt er af öðrum en Viðtækjaverzluninni eða umboðsmönnum hennar, ber að tilkynna samstundis til skrifstofu Ríkisútvarpsins.

22. gr.

Útvarpsnotandi, sem selur eða lætur á annan hátt af hendi viðtæki sitt til annars manns, skal samstundis tilkynna það Ríkisútvarpinu og greina fullt nafn og heimilisfang viðtakanda.

23. gr.

Nú hefur útvarpsnotandi bústaðaskipti, og skal hann þá samstundis tilkynna það skrifstofu Ríkisútvarpsins.

24. gr.

Gjalddagi afnotagjalds fyrir útvarp er 1. apríl.

25. gr.

Innheimtuskrifstofa Ríkisútvarpsins skal annast innheimtu afnotagjalds.

Pósthús og póstafgreiðslur landsins innheimta gjaldið með póstkröfu samkvæmt ákvæðum, sem þar um gilda.

26. gr.

Fyrir 15. marz ár hvert skal innheimtuskrifstofa Ríkisútvarpsins afhenda pósthúsinu í Reykjavík póstkröfur þær, sem innheimta á.

Um innheimtu og skil pósthúsa.

27. gr.

Hverjum útvarpsnotanda ber að innleysa póstkröfu sína innan mánaðar frá gjalddaga hennar. Að þeim tíma liðnum bætist við gjaldið 10% dráttarvextir.

Ógreiddar kröfur skulu endursendar innheimtuskrifstofu Ríkisútvarpsins, sem síðan sendir þær til lögtaksinnheimtu á kostnað gjaldenda.

28. gr.

Hafi útvarpsnotandi flutt búferlum úr póstumdæminu, skal pósthúsið endursenda kröfuna strax og vitneskja um það er fyrir hendi og tilgreina nýja heimilisfangið á baksíðu reitsins nr. III. á póstkröfueyðublaðinu, ef hægt er.

29. gr.

Vanræki útvarpsnotandi að tilkynna bústaðaskipti og nái póstkrafa ekki til hans af þeim sökum fyrir 1. maí, falla dráttarvextir á gjald hans, eins og annarra, sem ekki hafa greitt afnotagjald sitt fyrir þann tíma.

28 18. apríl

30. gr.

Sá, sem hefur útvarpsviðtæki í bifreið sinni, skal greiða fullt afnotagjald, sbr. IV. kafla 18. gr. Honum ber að greiða afnotagjaldið til Ríkisútvarpsins áður en opinber skoðun bifreiðarinnar fer fram.

Ekki er heimilt að veita bifreiðareiganda, sem viðtæki hefur í bifreið sinni, skoðunarvottorð, nema hann framvísi um leið kvittun Ríkisútvarpsins, póststofu eða póstafgreiðslu fyrir gjaldinu.

Bifreiðaeigendur utan Reykjavíkur geta sent afnotagjaldið til Ríkisútvarpsins í peningabréfi eða póstávísun. Tilgreina skal nafn sendanda, heimilisfang og skrásetningarnúmer bifreiðar.

Um uppsögn útvarpsnota og niðurfall afnotagjalds.

31. gr.

Hver sá, sem er eigandi viðtækis 1. janúar og hefur eigi sagt upp útvarpsnotum fyrir þann tíma, telst útvarpsnotandi og er gjaldskyldur, enda falli ekki niður útvarpsnot hans og gjaldskylda af ástæðum þeim, sem greinir í 32., 34. og 36. gr.

32. gr.

Nú óskar útvarpsnotandi að hætta útvarpsnotum á árinu og skal hann þá tilkynna það skriflega innheimtuskrifstofu Ríkisútvarpsins. Segja má útvarpsnotum upp tvisvar á ári, þ. e. fyrir 15. júní ár hvert og hætta þá útvarpsnot og gjaldskylda frá 1. júlí sama árs, svo og fyrir 15. desember og fellur þá réttur til útvarpsnota niður svo og gjaldskylda frá áramótum.

Innheimtuskrifstofa Ríkisútvarpsins gerir þær ráðstafanir, er þurfa þykir, um innsiglun viðtækja þeirra manna, er sagt hafa upp útvarpsnotum.

Rjúfi útvarpsnotandi innsigli Ríkisútvarpsins, varðar það refsingu samkvæmt refsiákvæðum laga um útvarpsrekstur ríkisins, nr. 68 28. desember 1934, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

33. gr.

Nú bilar viðtæki útvarpsnotanda og verður ónothæft, þrátt fyrir tilraunir til viðgerðar, og fellur þá niður gjaldskylda útvarpsnotandans, enda leggi hann fram vottorð löggilts viðgerðarmanns útvarpsviðtækja eða annað það vottorð, sem útvarpsstjóri metur gilt, um það, hvenær viðtæki hans hafi orðið ónothæft og sannanlega alveg ónýtt.

34. gr.

Nú selur útvarpsnotandi viðtæki sitt, og fellur þá niður gjaldskylda hans frá söludegi, enda greini hann nafn og heimilisfang kaupanda og leggi fram yfirlýsingu hans um það, að hann hafi gerzt eigandi að tækinu og teljist útvarpsnotandi frá þeim tíma. — Vanræki útvarpsnotandi að tilkynna sölu viðtækis síns og hverjum það er selt, ber hann ábyrgð á afnotagjaldi hins selda viðtækis.

35. gr.

Nú kaupir maður gjallarhorn og hagnýtir sér útvarpið með leiðslu frá viðtæki útvarpsnotanda á öðru heimili, og telst hann þá útvarpsnotandi, enda er hann háður öllum skyldum útvarpsnotenda samkvæmt reglugerð þessari.

Útvarpsnotandi, sem þannig hagnýtir sér útvarp, er háður afleiðingum útvarpstruflana, sem eigandi sjálfs viðtækisins kann að verða fyrir, meðal annars vegna bilana viðtækisins. Hann er og háður afleiðingum af vanskilum tækiseiganda eins og tækiseigandinn sjálfur.

36. gr. 28

Nú fyrirmunast útvarpsnotanda, sem um ræðir í 35. gr., útvarpsnot af þeim 18. apríl
ástæðum, er greinir í 32., 33. og 34. gr., og fellur þá niður gjaldskylda hans jafnsnemma og gjaldskylda eiganda þess viðtækis, er hann tengir við. Enn fremur fellur niður gjaldskylda hans, ef honum fyrirmunast útvarpsnot vegna bústaðaskipta hans sjálfs eða viðtækiseiganda. Telst niðurfall gjaldskyldunnar frá þeim degi, er bústaðaskiptin urðu.

37. gr.

Nú deyr útvarpsnotandi, og fer þá um greiðslu afnotagjalds hans eins og um önnur lögskil dánarbúsins.

Um undanþágu.

38. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum útvarpsstjóra, að undanþiggja frá afnotagjaldi af útvarpi fátæka, blinda menn, eftir nánari ákvæðum í reglugerð þessari.

39. gr.

Undanþágu samkvæmt 38. gr. geta þeir blindir menn orðið aðnjótandi, er fyrir sakir umkomuleysis og fátæktar eru á opinberu framfæri eða svo eignalausir sjálfir eða á framfæri manna, sem eru svo eignalitlir, að þeir teljast ekki færir um að greiða afnotagjald af útvarpi.

40. gr.

Meðan Blindravinafélag Íslands starfar, sendast því umsóknir blindra manna, samkvæmt 39. gr. Umsóknum fylgi vottorð sóknarprests og hreppsnefndaroddvita eða fátækrafulltrúa um efnahagsástæður og heimilishætti hinna blindu manna, einnig skattaframtal húsráðanda. Stjórn Blindravinafélagsins gerir síðan tillögur sínar til skrifstofu útvarpsstjóra. Fallist útvarpsstjóri ekki á tillögur nefndarinnar, gefur hann stjórn Blindravinafélagsins kost á að ræða við sig um ágreininginn, áður en slíkar tillögur eru endanlega afgreiddar til úrskurðar.

41. gr.

Nú úrskurðar ráðherra, að fátækur, blindur maður skuli undanþeginn afnotagjaldi af útvarpi, og lætur innheimtuskrifstofa Ríkisútvarpsins þá taka þann mann af skrá yfir gjaldskylda útvarpsnotendur og færa á sérstaka skrá.

VI. KAFLI

Um viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju.

42. gr.

Meðan hagkvæmt þykir og nauðsynlegt vegna útvarpsreksturs og hagfelldra útvarpsnota í landinu, lætur Ríkisútvarpið reka viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju, ásamt nauðsynlegum útbúum þeirra. Verkstofur þessar annast hvers konar viðgerðir viðtækja og hljóðmagnara, breytingar viðtækja og nýsmíði, fræðilegt og verklegt uppeldi starfsmanna Ríkisútvarpsins, almenna fræðslu um hagnýtingu og viðgerðir tækja og viðgerðaferðir, eftir því sem við verður komið.

43. gr.

Ráðherra skipar forstöðumann viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og verkfræðings. Um ráðningu og starfskjör annarra starfs-

28 manna, svo og nema í viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju, skal fara eftir þeim reglapril um, sem almennt gilda á hverjum tíma um svipaðar verkstofur ríkisstofnana.

44. gr.

Fjárhagsáætlanir um tekjur og gjöld viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju skulu teknar sem sérstakir liðir í fjárlög ríkisins á ári hverju, sbr. 2. gr.

45. gr.

Ríkisútvarpið sér viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju fyrir starfsfé og tekur á sig halla, sem verða kann á rekstrinum.

Allur hagnaður, sem verða kann á rekstrinum, rennur til Ríkisútvarpsins, samkvæmt 2. gr.

46. gr.

Skylt er viðgerðarstofunni, svo og öllum þeim, sem öðlast hafa leyfi til þess að stunda viðgerðir og breytingar útvarpsviðtækja, að senda skrifstofu Ríkisútvarpsins mánaðarlega skrá um slíkar viðgerðir og breytingar, þar sem greint sé fullt nafn og heimilisfang eiganda, tegund og verksmiðjunúmer viðtækis og hvenær viðtækið er tekið til viðgerðar.

47. gr.

Útvarpsstjóri setur, með ráði verkfræðings, nánari reglur, samkvæmt 42. gr., um rekstur viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju, eftir því sem ástæða þykir til.

VII. KAFLI

Um einkasölu á útvarpsviðtækjum.

48. gr.

Engum öðrum en Ríkisútvarpinu er heimilt að flytja inn í landið eða verzla með viðtæki fyrir útvarp, varahluti slíkra tækja eða aðra skylda hluti, sem nota má í sambandi við útvarp eða gjallarhornalagnir. Þetta ákvæði takmarkar þó ekki rétt Landssímans til innflutnings og sölu fjarskiptatækja og hluta til þeirra til annars fjarskiptareksturs en útvarps, enda sé honum þá skylt að tilkynna til innheimtudeildar Ríkisútvarpsins þau tæki, sem jafnframt mætti nota til viðtöku útvarps, ef þau eru notuð utan vinnustöðva Landssímans.

Sérstakri deild í Ríkisútvarpinu, sem nefnist „Viðtækjaverzlun ríkisins“, skal falið að annast einkasölu á nefndum útvarpsvörum.

49. gr.

Einkasala þessi nær til eftirgreindra vörutegunda:

Útvarpsviðtæki, þar á meðal útvarpsgrammófónar. Magnarar, sem nota má við útvarpsviðtöku eða gjallarhornalagnir, einnig þótt þeir séu sambyggðir öðrum tækjum. Loftnetsefni, sem er sérstaklega ætlað til útvarpsviðtöku. Rafgeymar, 2—4 volta, þurr-rafhlöður, 15—180 volta, sem eru notaðir við útvarpsviðtæki. Varahlutir í ofannefnd tæki, svo sem rafeindalampar, þéttar, spólur, spennar, viðnám, gjallarhorn o. fl., enda hafi einkasalan að jafnaði birgðir af þessum varahlutum.

Nú óskar útvarpsnotandi að selja viðtæki sitt, og er honum þá heimilt að selja það hverjum sem er, sbr. þó 34. gr., enda hafi hann notað viðtækið sex mánuði hið skemmsta. Óski hann að selja viðtækið fyrr, ber honum að leita til þess samþykkis Ríkisútvarpsins.

Óheimilt er að selja notuð viðtæki í atvinnuskyni fyrir aðra eða verzla með þau, eða annað það, er að ofan greinir, nema hafa hlotið til þess skriflega heimild Ríkisútvarpsins. 28 18. apríl

50. gr.

Menntamálaráðherra ræður framkvæmdastjóra einkasölunnar og ákveður laun hans, að fengnum tillögum útvarpsstjóra. Ráðherra ræður og aðra starfsmenn einkasölunnar og ákveður laun þeirra, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og framkvæmdastjóra.

51. gr.

Framkvæmdastjórinn sér um daglegan rekstur einkasölunnar samkvæmt því, sem nánar er ákveðið í reglugerð þessari. Hann hefur á hendi fjárreiður hennar og reikningshald. Reikningsár einkasölunnar er hið sama og reikningsár ríkisins.

Í byrjun hvers reikningsárs, svo fljótt sem við verður komið, sendir framkvæmdastjóri glögg reikningsskil fyrir undanfarið starfsár til menntamálaráðuneytisins og til skrifstofu útvarpsstjóra.

52. gr.

Reikningar einkasölunnar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum ríkissjóðs.

53. gr.

Ríkissjóður leggur fram nauðsynlegt rekstrarfé til einkasölunnar.

Allur verzlunarhagnaður af einkasölunni rennur til framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins, sbr. 59. gr.

54. gr.

Einkasalan gerir samninga við menn eða félög úti um land, eins marga og þörf krefur, um að hafa á hendi sölu viðtækja, ásamt uppsetningu viðtækja, gegn sanngjarnri greiðslu, eftir nánari ákvæðum í samningi. Hún skal kosta fyllsta kapps um að tryggja með samningi örugg skil af hálfu útsölumanna. Þóknun útsölumanna skal vera tiltekinn hundraðshluti af útsöluverði tækis eða tækishluta, eftir nánari ákvæðum í samningi. Einkasölunni er heimilt að veita útsölumönnum, ef nægar tryggingar eru fyrir hendi, sérstakan gjaldfrest á viðtækjum, sem eru seld afborgunarsölu.

55. gr.

Heimilt er hverjum landsmanni að panta hjá einkasölunni hvaða viðtæki, sem fáanlegt er á heimsmarkaðinum, og útvegar hún það, þegar engir sérstakir örðugleikar eru fyrir hendi.

56. gr.

Viðtækjaverzlun ríkisins og umboðsmenn hennar úti um land færa nákvæma skýrslu um seld viðtæki og nýja útvarpsnotendur, og skal í skýrslunni tilgreint það, er hér segir:

1. Hlaupandi númer seldra viðtækja.
2. Söludagur viðtækis.
3. Nafn kaupanda.
4. Atvinna kaupanda.
5. Heimilisfang kaupanda, nákvæmlega tilgreint.
6. Hvort kaupandi er nýr útvarpsnotandi.
7. Hvort kaupandi hefur áður verið útvarpsnotandi.
8. Hvort eldra viðtæki hans er tekið úr notkun og ónýtt.
9. Hvort því er skilað eða það selt, og ef svo er:
10. Hver er hinn nýi eigandi viðtækisins.

28 Skýrslur um seld viðtæki skulu sendar í ábyrgðarpósti þegar við lok hvers
18. apríl mánaðar til skrifstofu Ríkisútvarpsins í Reykjavík. Sé ekkert selt í mánuðinum, sendist skýrsluformið eigi að síður útfyllt og undirritað.

Útvarpsstjóri lætur prenta skýrsluform samkvæmt fyrirmælum þessum og hefur umsjón með, að ávallt séu nægar birgðir af skýrsluformum á hverjum útsölustað.

Útvarpsstjóra er heimilt að fela póstafgreiðslumönnum að fylgjast með þessari skýrslugerð útsölumanna Viðtækjaverzlunarinnar vegna innheimtu afnotagjalda.

57. gr.

Útvarpsstjóri heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði hverjum, þar sem til eru kvaddir verkfræðingur útvarpsins, framkvæmdastjóri Viðtækjaverzlunarinnar og forstöðumaður viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju.

Á fundi þessum skal ræða samstarf viðkomandi stofnana og aðkallandi mál í rekstri þeirra, til tryggingar hagfelldum útvarpsrekstri og útvarpsnotum í landinu.

Fundagerðir skulu færðar í gerðabók útvarpsstjóra.

58. gr.

Útvarpsstjóri setur, í samráði við þá aðila, er greinir í 57. gr., reglur, eftir því sem nauðsynlegt þykir, varðandi samstarf og einstök atriði í rekstrinum.

VIII. KAFLI

Um framkvæmdasjóð.

59. gr.

Heimilt er útvarpsstjóra, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að leggja í sérstakan sjóð tekjuafgang, sem verða kann á rekstri Ríkisútvarpsins og starfsdeilda þess, sbr. 2. gr. og 53. gr.

60. gr.

Sjóður þessi nefnist **Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins**, og skal fé hans varið til þess að standa straum af verklegum framkvæmdum stofnunarinnar til bættra húsakynna, vélakaupa og annarrar verklegrar útfærslu í rekstri stofnunarinnar.

61. gr.

Fé úr framkvæmdasjóði má aðeins verja samkvæmt því, er greinir í 60. gr., enda liggi fyrir hverju sinni heimild menntamálaráðuneytisins. — Þó getur ráðherra mælt svo fyrir, að fé sjóðsins megi verja til rekstrar Ríkisútvarpsins, ef aðrar tekjur þess hrökkva ekki til.

IX. KAFLI

62. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 200—2000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum. Þó skulu brot gegn 48. gr. varða sektum frá 800—8000 kr.

Hvert það viðtæki eða hluti tækis, sem ólöglega er flutt inn í landið eða ætlað til sölu á óleyfilegan hátt, skal upptækt vera, og rennur andvirði þess í ríkissjóð.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skal farið með sem almenn lögreglumál.

Með reglugerð þessari, sem sett er samkvæmt lögum nr. 68/1934, um útvarpsrekstur ríkisins, sbr. l. nr. 64/1939 og lög nr. 25/1943, um breyting á þeim lögum, er úr gildi felld reglugerð nr. 129 frá 21. desember 1944 og viðaukar við þá reglugerð, dagsettir 2. september 1949 og 11. apríl 1953. 28 18. apríl

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 18. apríl 1958.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

29 7. marz

um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

1. gr.

Töluliðir 6 og 14 í b-lið 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar
1. janúar—15. maí
1. september—31. desember

14. svæði: Patreksfjörður og Tálknafjörður
1. febrúar—31. maí
1. október—15. desember

2. gr.

Töluliður 6 í c-lið 3. gr. orðist svo:

6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar
15. febrúar—11. maí
1. september—31. desember

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, og öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 7. marz 1958.

Lúðvík Jósepsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

30 14. marz **Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Ljósberann, Suðureyri, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 14. marz 1958.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Ljósberann, Suðureyri.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Ljósberinn. Nafni hans má þó stjórn sjóðsins breyta, þegar 20 ár eru liðin frá staðfestingu skipulagsskrár, ef fyrir liggur rökstudd tillaga um það frá einhverjum þeim, er styrkir hann með fjárgjöfum. Tilgangi hans verður þó aldrei breytt. Stofnfé sjóðsins er kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur —, og er dánargjöf af eftirlátnum fjármunum Kristínar Benediktsdóttur, Suðureyri, d. 1. okt. 1948, og í samræmi við hennar vilja og hugsunarhátt.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að hressa og gleðja þá, sem á einhvern hátt fara á mis við gleði og ánægju lífsins, hvort sem það er andlegra eða líkamlegra orsaka vegna, og hvort sem þeir eru efnaðir eða fátækir. Skal leitazt við að ná þessum tilgangi með heimsóknum og viðræðum, fégjöfum eða á hvern þann hátt, sem stjórn sjóðsins telur bezt við eiga.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa sóknarprestur og kvenfélagið „Ársól", Súgandafirði. Skal stjórnin varðveita sjóðinn og ávaxta fé hans. Endurskoðun ársreikninga skal falin tveim mönnum, er hreppsnefnd kýs.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru gjafir og áheit, sem honum berast frá mönnum, sem þessu máli eru hlynntir, fé, sem stjórnin safnar til hans með skemmtisamkomum eða á annan hátt, auk vaxta hans.

Verja má til starfsemi sjóðsins hálfum vöxtum hans árlega, unz stofnfjárhæð hans hefur tífaldazt. Má þá auka framlög hans til starfsemi sinnar, þó ekki meira en svo, að sú fjárhæð, sem leggst við höfuðstólinn, nemi minnst hálfu meðaltali vaxta næstliðinna tíu ára.

5. gr.

Starfssvið sjóðsins er Súgandafjörður. Falli byggð þar niður, skulu nánustu afkomendur stofnanda sjóðsins skipa stjórn fyrir sjóðinn, er varðveiti hann og verji heimiluðum hluta vaxtanna til kynningar á firðinum og sögu hans, sumarferðalaga þangað og á þann hátt, sem bezt þykir henta.

6. gr.

Leita skal staðfestingar ráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

31
25. jan.

SKRÁ

um nöfn á nýbýlum og breytingar á bæjanöfnum.

Í skrá þeirri, sem hér fer á eftir, og birt er samkvæmt 8. gr. laga nr. 35/1953, um bæjanöfn o. fl., eru talin nöfn býla, utan kaupstaða, sem hlotið hafa staðfestingu ráðuneytisins á árunum 1954, 1955, 1956 og 1957.

Árið 1954:

Hólavatn, nýtt nafn á jörðinni Austur-Búðarhólshjáleigu í Austur-Landeyjahreppi, Rangárvallasýslu.

Vellir, nýbýli úr landi Þaravalla í Innri-Akraneshreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Seljanes, nýbýli úr landi Reykhóla í Reykhólahreppi í Austur-Barðastrandarsýslu.

Ásbreið, nýbýli úr landi Ytri-Valla í Kirkjuhvammshreppi í Vestur-Húnavatnssýslu.

Lyngholt, nýbýli úr landi Kimbastaða í Skarðshreppi, Skagafjarðarsýslu.

Sörlagarður, nýbýli úr landi Kimbastaða í Skarðshreppi, Skagafjarðarsýslu.

Víðidalur, nýbýli í landi ríkisins úr jörðinni Víðimýri í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu.

Víðiholt, nýbýli úr landi ríkisins úr jörðinni Víðimýri í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu.

Reynistaðir, nýbýli úr landi Miðhvamms í Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Lundur, nýbýli úr landi Sauðhaga í Vallahreppi, Suður-Múlasýslu.

Múli III, nýbýli úr landi Múla II í Geithellnahreppi, Suður-Múlasýslu.

Stekkjarmelur, nýbýli úr landi Grunda og Kirkjubóls í Rauðasandshreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu.

Búrfell, nýbýli úr landi Miðdals II í Mosfellshreppi, Kjósarsýslu.

Steintún, nýtt nafn á jörðinni Gilkoti í Lýtingsstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu.

Hof III, nýbýli úr landi Ásláksstaða II og Hofs I í Arnarneshreppi, Eyjafjarðarsýslu.

Þormóðsstaðir II, nýbýli úr landi Þormóðsstaða í Saurbæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu.

Árbær, nýbýli úr landi Hvamms í Grýtubakkahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Reistarnes, nýbýli úr landi Nýhafnar í Presthólahreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.

Sandvík, nýbýli úr landi Nýhafnar í Presthólahreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.

Skarð, nýtt nafn á jörðinni Dísastaðasel í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.

Svanavatn, nýtt nafn á jörðinni Efri-Vatnahjáleiga í Austur-Landeyjahreppi, Rangárvallasýslu.

Þorgilsstaðir, nýtt nafn á jörðinni Tjarnarkot í Fróðárhreppi, Snæfellsnessýslu.

Fellshlíð, nýtt nafn á jörðinni Öxnafellskot í Saurbæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu.

Fagrabrekka, nýbýli úr landi Kross í Innra-Akraneshreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Hlíð II, nýbýli úr landi Hlíðar í Gnúpverjahreppi, Árnessýslu.

Kollugerði II, nýbýli úr landi Kollugerðis í Glæsibæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu.

Hellur, nýbýli úr landi Varmalækjar í Andakílshreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Sandhóll, nýtt nafn á jörðinni Fjósakoti í Leiðvallarhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

30. dag aprílmánaðar 1958. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

31 *Helluland,* nýbýli úr landi Saurbæjar í Skeggjastaðahreppi, Norður-Múlasýslu.
25. jan. *Laugabær,* nýbýli úr landi Bæjar í Andakílshreppi, Borgarfjarðarsýslu.
Smáratún, nýtt nafn á jörðinni Ámundakot í Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.
Akrar, nýbýli úr landi Bárðarbúðar í Breiðavíkurhreppi, Snæfellsnessýslu.
Borgartún, nýtt nafn á nýbýlinu Landamótasel II í Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
Brúarland, nýbýli úr landi Hrafnkelsstaða í Hraunhreppi, Mýrasýslu.
Laugarland, nýbýli úr landi Flúða í Hrunamannahreppi, Árnessýslu.
Melbúð, nýbýli úr landi Bárðarbúðar í Breiðavíkurhreppi, Snæfellsnessýslu.
Geirshlíð, nýbýli úr landi Þorgeirsstaðahlíðar í Miðdalahreppi, Dalasýslu.
Gýgjarhóll, nýbýli úr landi Hafsteinsstaða og Víkur í Staðarhreppi, Skagafjarðarsýslu.
Hjarðarás, nýbýli úr landi Snartarstaða í Presthólahreppi, N.-Þingeyjarsýslu.
Kárshóll, nýbýli úr landi Hóla í Reykdælahreppi, S.-Þingeyjarsýslu.
Árdalur, nýbýli ú landi Krossdals í Kelduneshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.
Fellsendi, nýbýli úr landi ríkisins í Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
Fellsás, nýbýli úr landi Fells í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.
Sandhólar, nýbýli úr landi Þórustaða í Óspakseyrarhreppi, Strandasýslu.
Hvassafell, nýbýli úr landi Steina í Austur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu.
Tungulækur, nýbýli úr landi Litlu-Brekku í Borgarhreppi, Mýrasýslu.
Skrúður, nýbýli úr landi Kleppjárnsreykja í Reykholtsdalshreppi í Borgarfjarðarsýslu.
Áshóll, nýbýli úr landi Laufáss í Grýtubakkahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
Helluvað II, nýbýli úr landi Helluvaðs í Skútustaðahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
Leirhöfn II, nýbýli úr landi Leirhafnar í Presthólahreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.
Hrauntún, nýbýli úr landi Presthóla í Presthólahreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.
Sunnuhlíð, nýbýli úr landi Neðri-Dálksstaða í Svalbarðsstrandarhreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
Laxárnes, nýbýli úr landi Ness í Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
Skarð II, nýbýli úr landi Skarðs í Lundarreykjadalshreppi, Borgarfjarðarsýslu.
Leifsstaðir, nýbýli úr landi Voðmúlastaða í Austur-Landeyjahreppi, Rangárvallasýslu.
Helluland, nýbýli úr landi Dagverðareyrar í Glæsibæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu.
Syðri-Reistará II, nýbýli úr landi Syðri-Reistarár í Arnarneshreppi, Eyjafjarðarsýslu.
Stífla, nýbýli úr landi Bændagerðis og Mýrarlóns í Glæsibæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu.
Sandlækur II, nýbýli úr landi Sandlækjar í Gnúpverjahreppi, Árnessýslu.
Kvistir, nýbýli úr landi ríkisins að Hvammi í Ölfushreppi, Árnessýslu.
Langamýri II, nýbýli úr landi Löngumýrar í Skeiðahreppi, Árnessýslu.
Sturlureykir II, nýbýli úr landi Sturlureykja í Reykholtsdalshreppi, Borgarfjarðarsýslu.
Höfðabrekka, nýbýli úr landi sandgræðslu ríkisins við Keldunesi í Kelduneshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.

Árið 1955: 31

Garður, nýbýli úr landi Jódísarstaða í Öngulsstaðahreppi, Eyjafjarðarsýslu. 25. jan.

Syðra-Langholt III, nýbýli úr landi Syðra-Langholts í Hrunamannahreppi, Árnessýslu.

Vogsósar II, nýbýli úr landi Vogsósa í Selvogshreppi, Árnessýslu.

Dalbær, nýbýli úr landi Kleppjárnsreykja, Reykholtsdalshreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Laufskálar, nýtt nafn á jörðinni Brekkukot í Hjaltadal, Skagafjarðarsýslu.

Mýrar II, nýbýli úr landi Mýra í Ytri-Torfustaðahreppi, Vestur-Húnavatnssýslu.

Laufás, nýbýli úr landi Austur-Garða í Kelduneshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.

Vogar, nýbýli úr landi Grásíðu í Kelduneshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.

Leirhöfn II, nýbýli í landi Leirhafnar í Presthólahreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.

Búvellir, nýtt nafn á nýbýlinu Aðalbóli II í Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Kárhóll, í stað Kárshóll á nýbýli í landi Hóla í Reykdælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Brautarhóll, nýbýli í landi Stóra-Fljóts í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.

Syðri-Gróf II, nýbýli í landi Syðri-Grófar í Villingaholtshreppi, Árnessýslu.

Heiði, nýbýli í landi Vatnsleysu í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.

Hliðartunga, nýbýli í landi úr landnámi ríkisins undir Ingólfsfjalli í Ölfushreppi, Árnessýslu.

Hvíteyrar, nýbýli í landi Mælifellsár í Lýtingsstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu.

Laugarhvammur, nýbýli í landi Steinsstaða í Lýtingasstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu.

Þormóðsholt, nýbýli í landi Bjarnastaða í Akrahreppi, Skagafjarðarsýslu.

Byrgisskarð, nýbýli í landi Bakkakots í Lýtingsstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu.

Naustavík, nýbýli í landi Heydalsár í Kirkjubólshreppi, Strandasýslu.

Smærnavöllur, nýbýli í landi eyðibýlis með sama nafni í Gerðahreppi, Gullbringusýslu.

Kaðalstaðir II, nýbýli í landi Kaðalstaða í Stafholtstungnahreppi, Mýrasýslu.

Lindarhvoll, nýbýli í landi eyðijarðarinnar Lækjarkots í Þverárhlíðarhreppi, Mýrasýslu.

Grundir, nýbýli í landi Litlu-Reykja í Reykjahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Halldórsstaðir II, nýbýli í landi Halldórsstaða í Bárðardælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Teigagerði, nýbýli í landi Reynishóla í Hvammshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Hamrafoss, nýbýli í landi Foss í Hörgslandshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Fagrifoss, nýbýli í landi Foss I í Hörgslandshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Reynisbrekka, nýbýli í landi Höfðabrekku í Hvammshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Engihlíð, nýbýli í landi Svarfhóls í Laxárdalshreppi, Dalasýslu.

Sámsstaðir III, nýbýli í landi Sámsstaða í Laxárdalshreppi, Dalasýslu.

Sunnuhlíð, nýbýli í landi Síreksstaða í Vopnafjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.

Deildarlækur, nýbýli í landi Hofs í Vopnafjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.

Hoftún, nýbýli í landi Hofgarða í Staðarsveit, Snæfellsnesssýslu.

Brautarholt II, nýbýli í landi Brautarholts í Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu.

Ás IV, nýbýli í landi Áss II í Ásahreppi, Rangárvallasýslu.

Ármót, nýbýli í landi Óseyrar í Stöðvarhreppi, Suður-Múlasýslu.

Unalækur, nýbýli í landnámi ríkisins að Ketilsstöðum í Vallahreppi, Suður-Múlasýslu.

31 25. jan. *Þorvaldsstaðir II,* nýbýli í landi Þorvaldsstaða í Skriðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.

Syðra-Langholt IV, nýbýli í landi Syðra-Langholts II í Hrunamannahreppi, Árnessýslu.

Tungufell, nýbýli í landi Þorvaldsstaða í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.

Akrar III, nýbýli í landi Akra í Hraunhreppi, Mýrasýslu.

Reykjavellir, nýbýli í landi Stóru-Reykja í Reykjahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Tómasarhagi, nýbýli í landi Hofsstaða í Stafholtstungnahreppi, Mýrasýslu.

Breiðilækur, nýbýli í landi Haga í Barðastrandarhreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu.

Austurhlíð, nýbýli í landi Hlíðar í Skaftártungu, Vestur-Skaftafellssýslu.

Austurey II, nýbýli í landi Austureyjar í Laugardalshreppi, Árnessýslu.

Tjarnargerði, nýbýli í landi Ytra-Tjarnarlands í Öngulsstaðahreppi, Eyjafjarðarsýslu.

Lækjarmót, nýbýli í landnámi ríkisins í Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Hjarðarból, nýbýli í landi Garðs í Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Ás, nýbýli í landi Saura í Laxárdalshreppi, Dalasýslu.

Skaftárdalur II, nýbýli í landi Skaftárdals í Kirkjubæjarhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Birtingaholt II, nýbýli í landi Birtingaholts í Hrunamannahreppi, Árnessýslu.

Birtingaholt III, nýbýli í landi Birtingaholts í Hrunamannahreppi, Árnessýslu.

Hólabær, nýbýli í landi Gunnsteinsstaða í Bólstaðahlíðarhreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

Efrifitjar, nýtt nafn á býlinu Neðri-Fitjar I í Þorkelshólshreppi, Vestur-Húnavatnssýslu.

Eyrartún, nýbýli í landi Bala í Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu.

Miðfell IV, nýbýli í landi Miðfells I í Hrunamannahreppi, Árnessýslu.

Árið 1956:

Skeggjastaðir II, nýbýli í landi Skeggjastaða í Jökuldalshreppi, Norður-Múlasýslu.

Hofteigur II, nýbýli í landi Hofteigs í Jökuldalshreppi, Norður-Múlasýslu.

Unhóll II, nýbýli í landi Unhóls í Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu.

Hraunteigur, nýbýli í landi Botna í Leiðvallarhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Laxárdalur II, nýbýli í landi Laxárdals í Bæjarhreppi, Strandasýslu.

Seljavellir, nýbýli í landi Árnaness í Nesjahreppi, Austur-Skaftafellssýslu.

Bjóla III, nýbýli í landi Bjólu í Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu.

Hrísar II, nýbýli í landi Hrísa í Þorkelshólshreppi, Vestur-Húnavatnssýslu.

Selholt, nýbýli í landi Seljabrekku í Mosfellshreppi, Kjósarsýslu.

Veðramót I, nýbýli í landi Gunnarsstaða í Skeggjastaðahreppi, N.-Múlasýslu.

Veðramót II, nýbýli í landi Gunnarsstaða í Skeggjastaðahreppi, N.-Múlasýslu.

Hölkná, nýbýli í landi Gunnarsstaða í Skeggjastaðahreppi, N.-Múlasýslu.

Stangarás, nýbýli í landi Ketilsstaða í Vallahreppi, Suður-Múlasýslu.

Dalir I, nýbýli í landi kirkjujarðarinnar Dala í Fáskrúðsfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.

Dalir II, nýbýli í landi kirkjujarðarinnar Dala í Fáskrúðsfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.

Dalir III, nýbýli í landi kirkjujarðarinnar Dala í Fáskrúðsfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.

Bjarg nýbýli í landi Öngulsstaða í Öngulsstaðahreppi, Eyjafjarðarsýslu.

Höskuldsstaðir, nýbýli í landi Jódísarstaða í Öngulsstaðahreppi, Eyjafjarðarsýslu. 31 25. jan.

Laufás, nýbýli í landnámi ríkisins í Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu.

Lækjarvellir, nýbýli í landi Stóruvalla í Bárðardælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Sólbyrgi, nýbýli í landi Kleppjárnsreykja í Reykholtsdalshreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Stafholtsey II, nýbýli í landi samnefndrar jarðar í Andakílshreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Hvammur II, nýbýli í landi Hvamms í Hrunamannahreppi, Árnessýslu.

Lækjarbakki, nýbýli í landi Loftsstaða eystri í Gaulverjabæjarhreppi, Árnessýslu.

Korná, nýbýli í landi Sölvaness í Lýtingsstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu.

Stekkjarholt, nýbýli í landi Sveinsstaða í Lýtingsstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu.

Stekkjarholt, nýbýli í landi Sveinsstaða í Lýtingsstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu.

Ferstikla II, nýbýli í landi Ferstiklu á Hvalfjarðarströnd í Borgarfjarðarsýslu.

Skipholt III, nýbýli í landi Skipholts II í Hrunamannahreppi, Árnessýslu.

Garðhús, nýbýli í landi Geldingaholts í landi Geldingaholts í Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.

Hlégarður, nýbýli í landi Ketilsstaða og Ártúns í Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu.

Víðidalstunga II, nýbýli úr landi Víðidalstungu í Þorkelshólshreppi, Vestur-Húnavatnssýslu.

Hlíðargarður, nýbýli úr landi Fögruhlíðar í Jökulsárhlíð í Norður-Múlasýslu.

Fellsendi, nýbýli úr landi Stóru-Fellsaxlar í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu.

Ósland, nýbýli úr landi Flögu í Svalbarðshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.

Vík, nýbýli úr landi Hlaðhamra í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu.

Setberg II, nýbýli úr landi Setbergs í Nesjahreppi, Austur-Skaftafellsýslu.

Bjarnarfell, nýbýli úr landi Austurhlíðar í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.

Nónbjarg, nýbýli úr landi Geirastaða í Skútustaðahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Kvistás, nýbýli úr landi Laufáss í Kelduneshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.

Árbakki, nýbýli úr landi Gilsbakka í Hrafnagilshreppi, Eyjafjarðarsýslu.

Steinsstaðir II, nýbýli úr landi eyðibýlisins Steinsstaðir II og hluta úr Efstalandskoti í Öxnadalshreppi, Eyjafjarðarsýslu.

Árið 1957:

Hraun II, nýbýli úr landi Hrauns og hluta af eyðibýlinu Háls á Ingjaldssandi í Mýrahreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Rauðafell, nýbýli úr landi Bjarnastaða í Bárðdælahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

Hraun II, nýbýli úr landi Hrauns í Ölfushreppi, Árnessýslu.

Sólvellir, nýbýli úr landi Valla í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu.

Þorbrandsstaðir II, nýbýli úr landi hálfra Þorbrandsstaða í Vopnafjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu.

Hlíðartún, nafn á þorpi við Lágafell í Mosfellssveit, Kjósarsýslu.

Húsafell II, nýbýli úr landi Húsafells í Hálsahreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Húsafell III, nýbýli úr landi Húsafells í Hálsahreppi, Borgarfjarðarsýslu.

31 *Laugavellir,* nýbýli úr landi Sturlureykja í Reykholtsdalshreppi, Borgarfjarðar-
25. jan. sýslu.

Stóri-Lambhagi III, nýbýli úr landi Stóra-Lambhaga I, Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Lindarbrekka, nýbýli úr landi Efra-Hóls í Staðarsveit, Snæfellsnessýslu.

Tjaldbúðir, nýtt nafn á býli er upprunalega hét Ósakot, Staðarsveit, Snæfellsnessýslu.

Hnúkur II, nýbýli úr landi Hnúks, Klofningshreppi, Dalasýslu.

Eyri II, nýbýli úr landi Eyrar í Ögurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.

Hrófá II, nýbýli úr landi Hrófár I, Hólmavíkurhreppi, Strandasýslu.

Auðkúla III, nýbýli úr landi Auðkúlu í Svínavatnshreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

Brúarvellir, nýbýli úr landi Grundar í Svínavatnshreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

Hjarðarhagi, nýbýli úr landi Dýrfinnustaða og Brekkukots í Akrahreppi, Skagafjarðarsýslu.

Smáragrund, nýbýli úr landi Sleitustaða í Hólahreppi, Skagafjarðarsýslu.

Sleitustaðir II, nýbýli úr landi Sleitustaða í Hólahreppi, Skagafjarðarsýslu.

Hamrahlíð, nýbýli úr landi Hamra í Lýtingsstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu.

Stórhóll, nýbýli í landnámi ríkisins úr Þorsteinsstaða- og Þorsteinsstaðakotslandi í Lýtingsstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu.

Stóra-Gröf ytri II, nýbýli úr landi Stóru-Grafar ytri, Staðarhreppi, Skagafjarðarsýslu.

Sólvangur, nýbýli úr landi Litla-Árskógs, Árskógshreppi, Eyjafjarðarsýslu.

Sólvellir, nýbýli úr landi Litla-Árskógs og Hellu í Árskógshreppi, Eyjafjarðarsýslu.

Hraukbær, nýbýli úr landi Hraukbæjar í Glæsibæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu.

Stokkahlaðir II, nýbýli úr landi Stokkahlaða í Hrafnagilshreppi, Eyjarðarsýslu.

Hamrar II, nýbýli úr landi Hamra við Akureyri.

Lækjarhvammur, nýbýli úr landi Yzta-Hvamms í Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Bólstaður II, nýbýli úr landi Bólstaðar í Bárðardælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Víðihlíð, nýbýli úr landi Reynihlíðar í Mývatnssveit, Suður-Þingeyjarsýslu.

Skarðaborg, nýbýli úr landi Skarða í Reykjahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Staffell II, nýbýli úr landi Staffells í Fellum, Norður-Múlasýslu.

Framnes, nýbýli úr landi Snotruness í Borgarfirði eystra, Norður-Múlasýslu.

Skriðuból, nýbýli úr landi Geitavíkur í Borgarfirði eystra, Norður-Múlasýslu.

Kvisthagi, nýbýli úr landnámi ríkisins í Ketilsstaðalandi, Hjaltastaðaþinghá, Norður-Múlasýslu.

Móberg, nýbýli úr landi Víðastaða og Ásgrímsstaða í Hjaltastaðaþinghá, Norður-Múlasýslu.

Hákonarstaðir II, nýbýli úr landi Hákonarstaða í Jökuldalshreppi, Norður-Múlasýslu.

Hróaldsstaðir II, nýbýli úr landi Hróaldsstaða í Vopnafjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.

Ytri-Hlíð II, nýbýli úr landi Ytri-Hlíðar í Vopnafjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.

Refsstaðir III, nýbýli úr landi Refsstaða í Vopnafjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.

Hafnarland, nýbýli úr landi Þvottár í Geithellnahreppi, Suður-Múlasýslu.

Hagi, nýbýli úr landi Þinganess, Nesjahreppi, Austur-Skaftafellssýslu. 31
Akbraut, nýbýli úr landi Höfðabrekku í Hvammshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu. 25. jan.
Bólstaður, nýbýli úr landi hálfrar jarðarinnar Sel í Ásahreppi, Rangárvallasýslu.
Þórunúpur II, nýbýli úr landi Þórunúps í Hvolhreppi, Rangárvallasýslu.
Háteigur, nýbýli úr landi Þykkvabæjar í Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu.
Smáratún, nýbýli úr landi Miðkots í Þykkvabæ, Rangárvallasýslu.
Espiflöt, nýbýli úr landi Stórafljóts í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.
Hlíðartún, nýbýli úr landi Austurhlíðar í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.
Miðhús II, nýbýli úr landi Miðhúsa í Gnúpverjahreppi, Árnessýslu.
Ásgerði, nýbýli úr landi Hrepphóla í Hrunamannahreppi, Árnessýslu.
Breiðás, nýbýli úr landi Hrepphóla í Hrunamannahreppi, Árnessýslu.
Miðfell V, nýbýli úr landi Miðfells I í Hrunamannahreppi, Árnessýslu.
Varmalækur, nýbýli úr landi Hrafnkelsstaða og Flúða í Hrunamannahreppi, Árnessýslu.
Leynir, nýbýli úr landi Böðmóðsstaða í Laugardalshreppi, Árnessýslu.
Skeiðháholt III, nýbýli úr landi Skeiðháholts I í Skeiðahreppi, Árnessýslu.

Í menntamálaráðuneytinu, 25. janúar 1958.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Sigurður J. Briem.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Afmælissjóð Kvenfélags Reyðar- 32
fjarðar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14. marz 1958. 14. marz
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Afmælissjóð Kvenfélags Reyðarfjarðar.

1. gr.
Sjóðurinn heitir: Afmælissjóður Kvenfélags Reyðarfjarðar.

2. gr.
Kvenfélag Reyðarfjarðar stofnar sjóðinn á fundi sínum 1. maí 1957. Stofnfé er kr. 3000.00 — þrjú þúsund krónur —, en þá upphæð gáfu eiginmenn 30 félagskvenna Kvenfélagi Reyðarfjarðar á 40 ára afmæli þess, hinn 3. des. 1956.

3. gr.
Hlutverk sjóðsins er að styrkja hvers konar líknar- og menningarstarfsemi í Reyðarfjarðarhreppi samkvæmt því, sem lögmætur félagsfundur ákveður hverju sinni.

4. gr.
Kvenfélagið aflar sjóðnum tekna á þann hátt, er bezt þykir henta á hverjum tíma. Valinn verður ákveðinn dagur ársins, er sérstaklega verði fjáröflunardagur sjóðsins, 19. júní til merkjasölu.

32 14. marz

5. gr.

Fé sjóðsins skal geyma í tryggri peningastofnun og ávaxta með hæstu vöxtum, sem þar eru fáanlegir. Næstu 10 árin skal engu eyða af fé sjóðsins, hvorki stofnfé né því, er aflazt kann. Þann höfuðstól er þá verður til, má aldrei skerða. Eftir lok ársins 1967 er heimilt að verja 9/10 hlutum vaxtanna samkvæmt ákvörðun 3. gr. þessarar samþykktar. 1/10 hluti vaxtanna skal ávallt leggjast við höfuðstólinn.

6. gr.

Aðalfundur kvenfélagsins kýs 3 félagskonur í stjórn sjóðsins. Á aðalfundi skal og kjósa 2 endurskoðendur reikninga. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Sjóðstjórnin annast öll störf og framkvæmdir fyrir sjóðinn, og ber ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi kvenfélagsins, er hefur æðsta vald í öllum málefnum sjóðsins.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðaðir reikningar skulu ætíð lagðir fram á aðalfundi kvenfélagsins, rannsakaðir og samþykktir þar.

8. gr.

Sjóðurinn tekur á móti minningargjöfum, er innrita skal í sérstaka bók, ásamt æviágripi þess, sem gjöfin er til minningar um. Æskilegt er, að gjöfunum fylgi mynd.

9. gr.

Hætti kvenfélagið störfum afhendist umsjón sjóðsins sóknarpresti, oddvita og einni konu, innan sveitarfélagsins, sem þeir velja sér til aðstoðar.

10. gr.

Leita skal staðfestingar stjórnarráðsins á skipulagsskrá þessari.

33 14. marz

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Þingeyrarkauptún.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Þingeyrarhöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr Þingeyrarodda í Gemlufallsárós, út á miðjan fjörð, síðan af línu er hugsast dregin eftir miðjum firði, í línu er hugsast dregin úr Ásgarðsnesi í oddatána á Höfðaodda.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Þingeyrarhrepps hefur á hendi stjórn hafnarinnar, undir umsjón samgöngumálaráðuneytisins.

3. gr.

Framkvæmd hafnarinnar og eftirlit með höfninni hefur hafnarnefnd. Í hafnarnefnd eiga sæti þrír menn, kosnir til sama tíma og á sama hátt og aðrar fastanefndir,

er hreppsnefndin kýs. Heimilt er að kjósa menn í hafnarnefnd, þótt þeir eigi ekki sæti í hreppsnefndinni. 33 14. marz

4. gr.

Hafnarnefnd skipar hafnarvörð, setur honum starfsreglur og ákveður honum þóknun, að fengnu samþykki hreppsnefndar.

5. gr.

Hafnarvörður annast, í samráði við hafnarnefnd, allar daglegar framkvæmdir, eftirlit og umsjón með bryggjum, áhöldum og öðrum eignum hafnarinnar.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

6. gr.

Hafnarvörður sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni eða þess eða þeirra er hann setur til að gæta reglu. Starfsmenn hafnarinnar skulu hafa einkennisbúning, þegar þeir eru að starfi við höfnina, ef hafnarnefnd krefst þess. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarnefnd, en skipun starfsmannsins bera jafnan að hlýða þegar í stað. Starfsmenn hafnarinnar skulu jafnan sýna þeim kurteisi, er þeir skipta við.

7. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa, eða öðrum störfum, sem þar eru unnin.

8. gr.

Öll veiði með skotum er bönnuð í höfninni.

Bannað er að hleypa af skotvopnum og skjóta flugeldum á höfninni eða landi hennar.

9. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfimt efni, má eigi kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í skipinu og á því svæði, sem unnið er að affermingu þess eða fermingu. Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hennar, nema með leyfi hafnarvarðar.

10. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip, né þétta eldri skip, eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarvarðar og með þeim skilmálum, sem hann ákveður. Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna, nema með leyfi hafnarvarðar.

11. gr.

Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, ösku, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi né öðru slíku. Skal það flutt þangað, sem hafnarvörður segir til.

33
14. marz

IV. KAFLI
Um komu skipa og legu þeirra í höfninni.

12. gr.

Þegar skip kemur í höfnina, skal skipstjóri tafarlaust snúa sér til hafnarskrifstofunnar, sem segir honum hvar skip hans megi liggja. Þó nær ákvæði þetta ekki til mannvirkja einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar að því er bryggjupláss snertir.

Þegar búið er að leggja skip við festar, má ekki flytja það þaðan án leyfis hafnarvarðar, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarvörður skipar svo fyrir, og það enda þótt byrjað sé að ferma eða afferma skipið, en þá á skipstjóri öðrum fremur heimtingu á, að sér sé vísað á stað, þar sem fermingu eða affermingu er haldið áfram.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skipa, skal jafnan skylt að flytja skipið, ef hafnarvörður krefst þess.

13. gr.

Ekkert skip má liggja við taug (varp) á höfninni, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Eigi má heldur teppa umferð með taugum, strengjum eða köðlum nema hafnarvörður telji nauðsynlegt. Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða bólvirki, skal hafa fyrirskipuð ljós uppi á ljósatímanum.

14. gr.

Skip, sem koma inn í höfn, skulu hafa að minnsta kosti eitt akkeri tilbúið í festarauga, og eigi skipið að leggjast að bryggju eða bólvirki, skal hliðarbátum, botnvörpuhlerum og þess háttar tækjum sveiflað fyrir borðstokkinn.

15. gr.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggju, nema við festarstólpana eða festahringa að tilvísun hafnarvarðar. Séu landfestar úr járni, skulu þær vera klæddar, þar sem þær hvíla á bólvirkinu eða bryggjunni.

Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki hafnarverði þess ekki nægilega gætt, getur hann krafizt að bætt sé úr því tafarlaust. Skylt er að hafa hlífikefli milli skips og bólvirkis eða bryggju, ef hafnarvörður krefst þess.

16. gr.

Ekki má kræka hökum í bryggjur eða bólvirki. Ekki mega gufuskip hleypa vatni á bryggju eða bólvirki, hvorki við þvott á þilfari, né heldur er þau hleypa burt gufuvatni eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir með seglum eða hlífðardúkum, að vatnið fari beint í höfnina, en komist ei á bryggju né bólvirki.

17. gr.

Gufuskip og önnur vélskip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarvirkjunum stafi hætta af því.

18. gr.

Í hverju skipi eða fari (að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarvarðar til að liggja mannlaus í höfninni), skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekur á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmir þær, hvort heldur á að færa skipið, eða gera eitthvað annað samkv. reglugerð þessari.

19. gr.

Hafnarvörður getur krafizt þess, að sérhvert skip, er liggur við festar í höfninni, verði flutt, ef það að áliti hans tálmar umferð inn í höfnina eða úr henni.

Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið, eða dragist flutningur þess fram yfir þann tíma, er hafnarvörður hefur tiltekið og fyrirskipað, er honum heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð hlutaðeiganda.

20. gr.

Ekki má vera að fiskveiðum á höfninni nema með leyfi hafnarvarðar. Beitutaka og seglfestutaka og annað slíkt er bannað í höfninni, nema með leyfi hafnarvarðar.

21. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það að áliti hafnarverðar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er hafnarnefnd heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Um þetta atriði fer að öðru leyti eftir gildandi lögum.

V. KAFLI

Um fermingu og affermingu skipa.

22. gr.

Þegar hafnarvörður hefur ákveðið hvar skip skuli fermt eða affermt, skal verkið hafið í síðasta lagi innan sólarhrings. Verkinu skal haldið áfram alla virka daga ef veður leyfir, unz því er lokið. Ef hlé verður á að nauðsynjalausu, eða sé verkinu ekki lokið innan hæfilegs tíma, ber skipinu að víkja fyrir öðrum skipum, ef hafnarvörður krefst þess.

23. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggju eða bólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja, yfir þilfar hinna á bjálkabrúm. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, sem nær liggja.

24. gr.

Áður en kjölfesta er flutt á skip eða af skipi skal hafnarverði gert viðvart. Ákveður hann hvar það skuli fara fram.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífðardúka milli skipsins og bólvirkisins, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af lendingarstaðnum, þangað sem hafnarvörður vísar til.

25. gr.

Skylt er farmseiganda að gæta alls þrifnaðar á bryggju og bólvirki við upp- og útskipun. Sé þessu ákvæði ekki framfylgt eftir því sem ástæður leyfa, að dómi hafnarvarðar, getur hann látið hreinsa mannvirki þessi á kostnað farmseiganda. Vöruleifum, umbúðum og öðru rusli má ekki kasta í sjóinn, heldur skal það flutt á stað, sem hafnarvörður ákveður.

33 26. gr.

14. marz Skip skulu hafa rétt til að leggjast að bryggjum í þeirri röð, sem þau koma, þó skulu skip, sem sigla eftir fyrirfram gerðri og auglýstri áætlun og flytja póst, hafa rétt til að leggjast að bryggju, þó að önnur skip liggi þar fyrir, og verða þau að víkja burtu, meðan hin fá afgreiðslu.

VI. KAFLI

Um hafnarmannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

27. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp á ný, né dýpka út frá landi, nema hreppsnefndin veiti eða hafi veitt samþykki sitt til.

Sá, sem gera vill eitthvað slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar, er ákveður hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá, sem hefur fengið leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Nú hefur bryggja eða annað mannvirki legið ónotað í fimm ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt án endurgjalds til eigandans.

Byggingarleyfi, sem um getur í þessari grein, falla úr gildi, hafi þau ekki verið hagnýtt og verkinu lokið innan tveggja ára frá því að leyfið var veitt.

Ákvæði þetta tekur til allra mannvirkja, sem ekki eru fullgerð, er reglugerð þessi öðlast gildi.

28. gr.

Á hverri bryggju eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, skulu vera umsjónarmenn, sem hafa á hendi svo víðtæka dagvörzlu og næturvörzlu mannvirkja þessara, sem hafnarnefnd telur nauðsyn á, og skulu umsjónarmenn þessir samþykktir af nefndinni.

Umsjónarmenn þessir skulu ákveða legustað og umbúnað landfesta allra þeirra skipa, sem að mannvirkjunum leggjast, og ber hlutaðeigendum að hlýða boði þeirra og banni, eins og öðrum starfsmönnum hafnarinnar, enda ber þeim að sýna þeim, er þeir skipta við, fulla kurteisi.

Reynist umsjónarmaður slíkra mannvirkja óhæfur til starfsins, svo að ætla megi, að dómi hafnarnefndar, að af ráðstöfunum hans eða vanrækslu geti stafað hætta í höfninni, getur hafnarnefnd svipt hann starfinu og heimtað nýjan umsjónarmann.

29. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrifnað á þeim og ýmis nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr o. s. frv., fer eftir þeim fyrirmælum hafnarnefndar, er hún setur á hverjum tíma, og sem gilda jafnt fyrir allar bryggjur og uppfyllingar innan hafnarinnar.

VII. KAFLI

Um hafnargjöld.

30. gr.

Öll skip 12 rúmlesta og þar yfir, skulu greiða hafnargjöld, er þau koma á Þingeyrarhöfn, og hafa eitthvert samband við land til þess að skila eða taka farþega, vörur o. þ. h.

Undanþegin hafnargjaldi eru herskip, varðskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannasókna og skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, en hafa ekkert samband við land. 33 14. marz

Hafnargjöld greiðast af nettóstærð skipa og reiknast í heilum tölum, en brotum skal sleppa.

31. gr.

a. Skip, sem eru eign búsettra manna við höfnina eða hafnarsvæðið og eru skrásett þaðan, skulu greiða hafnargjald einu sinni á ári, þannig, að skip minni en 30 rúmlestir brúttó, greiði kr. 1.50 af nettó rúmlest og skip stærri en 30 rúmlestir brúttó, greiði kr. 1.00 af nettó rúmlest. Minnsta hafnargjald er kr. 10.00. Gjalddagi er 1. nóvember.
b. Önnur fiskiskip greiða kr. 0.50 af rúmlest hverri, þó aldrei minna en kr. 10.00 og þó ekki oftar en 5 sinnum á ári.
c. Innlend strandferðaskip greiða í fyrsta sinn á hverju ári kr. 1.00 af rúmlest hverri í hafnargjald, en ekkert þó þau komi oftar á árinu.
d. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma og hafa samband við land, greiða kr. 0.50 af rúmlest hverri í hvert sinn er þau koma á Þingeyrarhöfn.

32. gr.

Þilskip, sem lagt er við föst legugögn á Þingeyrarhöfn, skulu greiða fyrir það aukalega kr. 15.00 á ári, með gjalddaga 1. nóvember.

Opnir bátar, með eða án vélar, greiði fyrir það kr. 5.00 á ári, með sama gjalddaga.

VIII. KAFLI

1. Um bryggjugjöld.

33. gr.

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða að skipi, sem við hana liggur, skal greiða bryggjugjald af nettóstærð skipsins talið í heilum rúmlestum, en brotum skal sleppt. Gjaldið skal greiða fyrir hverjar 24 klst. eða minna.

Varðskip, herskip, skemmtiferða- og rannsóknaskip skulu vera undanþegin bryggjugjaldi.

Gjöldin greiðast sem hér segir:

a. Af farþega-, póst- og flutningaskipum: Kr. 0.30 af nettó rúmlest.
b. Af togurum greiðist kr. 0.40 af nettó rúmlest skipsins.
c. Af öllum öðrum aðkomuskipum greiðist kr. 0.30 af nettó rúmlest skipsins, þó eigi minna en kr. 25.00 í hvert sinn, sé skipið 30 brúttó rúmlestir eða stærra, en kr. 10.00 í hvert sinn af minni skipum.
d. Bátar heimilisfastir greiða: Bátar 5 rúmlestir brúttó, eða stærri kr. 40.00, bátar, sem eru minni en 5 brúttó rúmlestir kr. 10.00.

Gjalddagi er 1. nóvember ár hvert.

2. Gjald af bryggjum og geymsluskipum einstakra manna og félaga.

Bryggjueigendur greiða ekkert gjald af sínum eigin fiskiskipum, eða öðrum fiskiskipum, meðan þau stunda fiskveiðar frá Þingeyri og leggja upp við bryggjur þeirra.

Flutningskip og önnur gjaldskyld skip, sem leggjast að slíkum bryggjum, greiða í hafnarsjóð hálft bryggjugjald það, sem tilgreint er í 1. tölulið þessarar greinar. Reglur þær, sem greinir í þessum tölulið, gilda einnig um skip þau, er liggja við geymsluskip.

33
14. marz

IX. KAFLI
Vörugjald.

34. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum lifandi og dauðum, sem fluttar eru í skip eða í land á höfninni. Þó skal aðeins greiða **hálft vörugjald** fyrir vörur, sem ákveðnar eru til umhleðslu samkvæmt farmskrá skipsins, og eiga aðeins að leggjast á land um stundarsakir.

35. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta, fluttar úr landi.
b. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.
c. Hey, sem íbúar Þingeyrarhrepps hafa aflað eða látið afla.
d. Nýmjólk og ílát, er henni fylgja.

36. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds, og skal brot úr gjaldeiningu teljast heil gjaldeining. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins er skylt að láta hafnarverði í té eftirrit af farmskrám skipsins, innan sólarhrings eftir komu þess.

Vörugjaldskrá.

37. gr.

1. flokkur: Kol, sement og allar aðrar þungavörur, þurr fiskbein, salt, útlendur áburður, verkaður og óverkaður saltfiskur, beitufiskur, gripahúðir, innflutt járn og matvörur kr. 10.00 hver smálest.
2. flokkur: Frystur fiskur kr. 12.00 hver smálest.
3. flokkur: Olíu-, lýsis- og saltkjötstunnur kr. 2.00 hver.
4. flokkur: Tómar tunnur kr. 1.00 hver.
5. flokkur: Kindaskrokkar kr. 0.50 hver.
6. flokkur: ½% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem leggja hann á landi á Þingeyri.
7. flokkur: Ull kr. 25.00 hver smálest.
8. flokkur: Gærur kr. 0.10 hvert bindi (ca. 7 kg).
9. flokkur: Útfluttar járnvörur kr. 5.00 hver smálest.
   Stórgripir og bátar kr. 5.00 fyrir hvern.
   Jeppar og fólksbifreiðar kr. 15.00 hver.
   Vörubifreiðar (venjul.) kr. 30.00 hver.
10. flokkur: Sauðkindur kr. 1.00 fyrir hverja.
11. flokkur: Timbur kr. 0.10 hvert ten.fet.
12. flokkur: Vefnaðarvörur og aðrar smærri vörur í kössum kr. 15.00 hver smálest.
13. flokkur: Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli kr. 0.15 hvert ten.fet.
14. flokkur: Ýmsar stykkjavörur undir 25 kg kr. 0.25 hvert stykki.
15. flokkur: Olíur á tanka kr. 10.00 hver smálest.

X. KAFLI
Um innheimtu og greiðslu gjalda.

38. gr.

Hafnargjaldkeri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

39. gr.

Skipstjóri eða formaður bera ábyrgð á greiðslu allra hafnar- og bryggjugjalda, sem innheimta skal samkv. reglugerð þessari. Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipi, ber eigandi ábyrgð á greiðslu gjalda þessara. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skipinu unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti, sem ekki er í reglugerð þessari ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum þessum, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni.

40. gr.

Vörugjald það, er um getur í 34. til 37. gr. greiði eigandi vörunnar eða umboðsmaður hans. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á vörunum unz gjaldið er greitt. Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu gjalds þess er um getur í 34. gr. Sendandi ber ábyrgð á greiðslu gjalds þess af útfluttum vörum, er um getur í 37. gr. Viðtakandi ber ábyrgð á greiðslu gjalds þess, er um getur í 37. gr. af innfluttum vörum.

Auglýstar skipaafgreiðslur skulu standa skil á gjöldum þessum til hafnarsjóðs af vörum þeim, sem um þær fara. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldanna.

Vörugjald fellur í gjalddaga við fermingu eða affermingu vörunnar.

41. gr.

Öll gjöld samkv. reglugerð þessari má taka lögtaki.

XI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

42. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið, um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þrem óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal fram fara af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðurinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en nemi 10% af hinni ákveðnu skaðabótaupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

43. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

44. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum frá 20 til 1000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Þingeyrarhrepps.

45. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

33 14. marz

33 14. marz Reglugerð þessi er hér með sett samkv. lögum nr. 29 23. apríl 1946 um hafnargerðir og lendingarbætur til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð nr. 97 13. september 1935.

Samgöngumálaráðuneytið, 14. marz 1958.

Eysteinn Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

34 14. marz

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Hrísey.

I. KAFLI

1. gr.

Hríseyjarhöfn takmarkast að vestan af línu, er hugsast dregin frá Saltnesi í Hálshorn, eða vestur fram í mitt sund milli eyjar og lands. Að austan af línu, er hugsast dregin frá svo nefndu Eyjarhorni í réttvísandi suður, einnig fram í mitt eyjarsund. Að sunnan takmarkast höfnin af beinni línu, er hugsast dregin milli suðurendapunkta, austur- og vestur-takmarkalínu hafnarinnar.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Stjórn hafnarmálefna er í höndum hreppsnefndar Hríseyjarhrepps, undir yfirumsjón samgöngumálaráðuneytisins.

3. gr.

Hafnarnefnd annast framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni og annast fjárhag hennar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

Hafnarnefnd skal skipuð 3 mönnum, er kosnir eru af hreppsnefnd Hríseyjarhrepps og skal einn þeirra vera hreppsnefndarmaður. Nefndin kýs sér sjálf formann. Hafnarnefnd er kosin til 4 ára.

4. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, skulu renna í sjóð hafnarinnar. Sjóðurinn heitir Hafnarsjóður Hríseyjarhrepps. Sjóði þessum má eingöngu verja í þágu hafnarinnar, svo sem til byggingar og viðhalds hafnarmannvirkja, til kaupa á landi í þarfir hennar, til greiðslu á kostnaði við stjórn hafnarinnar og rekstur, og til greiðslu lána, sem tekin kunna að verða til hafnarframkvæmda. Í nóvembermánuði ár hvert ber hafnarnefnd að semja fjárhagsáætlun hafnarinnar fyrir næsta ár. Fjárhagsáætlunin skal lögð fyrir hreppsnefnd til samþykktar fyrir nóvembermánaðarlok. Hreppsnefndin skal hafa lokið afgreiðslu fjárhagsáætlunar að fullu fyrir 15. des. ár hvert.

Óheimilt er að nota fé hafnarsjóðsins til annars en þarfa hafnarinnar. Aldrei má verja því í þágu hreppsins eða annarra fyrirtækja hans, eða binda það í lánum til þessara aðila.

5. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið. Að loknu hverju reikningsári skal semja reikning hafnarsjóðs, svo tímanlega, að hann verði lagður endurskoðaður fyrir miðsvetrarfund hreppsstjórnarinnar til samþykktar. Reikningurinn skal endurskoðaður af endurskoðendum hreppsreikninga.

6. gr.

Hreppsnefnd ræður hafnarvörð eftir tillögum hafnarnefndar, ákveður laun hans og setur honum erindisbréf. Hafnarvörður hefur umsjón með höfninni og eignum hennar, innheimtir hafnartekjur og er gjaldkeri hafnarinnar. Í starfi sínu er hann háður eftirliti hafnarnefndar.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

7. gr.

Hafnarvörður sér um, að gætt sé reglu á höfninni, landi hennar, bryggjum og öðrum mannvirkjum. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og þeirra starfsmanna annarra, sem hafnarnefnd setur til að gæta reglu.

Þyki einhverjum sér óréttur gert, getur hann kært starfsmanninn fyrir hafnarnefnd, en skipuninni ber að hlýða þegar í stað. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

8. gr.

Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á bryggjum, landi eða mannvirkjum hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa, eða öðrum störfum, er þar eru unnin.

9. gr.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum eða neinu öðru, er getur valdið skemmdum í höfninni, frá skipum er þar eru, né flytja slíkt úr landi út í höfnina. Meðfram strandlengju hafnarinnar má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka frá landi, nema með samþykki yfirstjórnar hafnarinnar, að fengnu áliti hafnarnefndar. Eigendum mannvirkja er þannig kann að verða leyft að gera, er skylt að halda þeim þannig við, að engin hætta geti stafað af þeim. Nú vanrækir eigandi mannvirkis viðhald þess svo að eigi er við unandi að áliti hafnarnefndar, og er nefndinni þá heimilt að láta gera við mannvirkið á kostnað eiganda, og er eigandi jafn ábyrgur fyrir öllum skaða á skipum og mannvirkjum annarra, er stafar frá mannvirki hans.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, áhöld sem þeim skulu fylgja, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunarhringi o. fl., svo og umgengni og þrifnað, fer eftir reglum sem hafnarnefnd setur. Reglurnar skulu gilda jafnt fyrir allar bryggjur og mannvirki innan hafnarinnar.

IV. KAFLI

Um legu skipa og umferð á höfninni.

10. gr.

Skip sem hvorki ferma né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að þau tálmi afgreiðslu annarra skipa og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggju, að eigi sé nægilegt rúm fyrir önnur að komast að

34 14. marz

eða frá. Skipum eða bátum má ekki leggja svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina. Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um að flytja skip sitt eða strengi á höfninni og getur þá hafnarvörður látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda.

11. gr.

Ekki má festa skip eða bát við bryggju nema við festahringa eða festarstólpa og skal festum þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð um bryggjuna. Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skips og bryggju ef krafizt er. Bannað er að láta vélar skipa eða báta ganga af svo miklu afli, að skipum eða hafnarmannvirkjum sé hætta búin af.

12. gr.

Verði skemmdir á mannvirkjum eða áhöldum hafnarinnar af völdum skipa þeirra er höfnina nota, skulu skemmdirnar jafnan að fullu bættar af eigendum og útgerðarmönnum skips þess, er skaðann vann, enda sé skipshöfn völd að skaðanum af ásettu ráði eða vangá.

V. KAFLI

Notkun hafnarbryggjunnar.

13. gr.

Meðan hafnarnefnd eða hafnarvörður ákveður ekki annað, er skipum heimilt að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð er þau koma. Þó skulu skip, sem sigla eftir fyrirfram auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til að fá afgreiðslu við bryggju, þótt önnur skip séu þar fyrir og verða þau að víkja meðan hin eru afgreidd. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með nægilegum hraða að áliti hafnarvarðar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, er hann krefst þess.

14. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal móttakandi eða skipstjóri láta ræsta bryggjuna, ef þörf gerist; sé það vanrækt, skal hafnarvörður láta framkvæma verkið á kostnað skipstjóra eða afgreiðslunnar.

VI. KAFLI

Um lestagjöld.

15. gr.

Öll skip, seglskip eða vélskip, sem mæld eru til lestatals, enn fremur uppskipunarprammar, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn er þau leggjast við bryggju eða festar á höfninni, þó með þeim undantekningum, er síðar getur. Ef ekki er öðruvísi ákveðið, greiðist lestagjald af nettóstærð skipsins, talið í heilum tölum; brotum skal sleppa.

a. Skip og bátar sem eru eign búsettra manna í Hrísey, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári þannig:

Fyrir báta allt að 2 rúmlestum brúttó	kr.	50.00
Fyrir báta 2—4 rúmlestir brúttó	—	75.00
Fyrir báta 4—10 rúmlestir brúttó	—	150.00
Fyrir báta 10 rúmlestir og stærri	—	225.00

b. Innlend og erlend fiskiskip greiða 30 aura fyrir hverja brúttó rúmlest í hvert skipti, er þau koma til hafnar.

c. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, nema herskip, varðskip, björgunar- 34
skip, skip sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip sem eru gerð út til 14. marz
vísindalegra rannsókna og skip sem leita hafnar vegna sjóskemmda, skulu greiða 30 aura lestagjald fyrir hverja nettó rúmlest. Þó er hafnarnefnd heimilt að lækka þetta gjald eða fella burtu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

VII. KAFLI
Um ljósagjald.

16. gr.

Öll skip, sem koma til hafnar á tímabilinu 1. ágúst til 14. maí, að báðum dögum meðtöldum, og lestagjald greiða, skulu greiða ljósagjald þannig:

a. Skip þau, sem talin eru í 15. gr. a, skulu greiða kr. 10.00 á ári.
b. Skip, sem talin eru í 15. gr. b, skulu greiða kr. 5.00 í hvert skipti sem þau koma til hafnar á gjaldatímabilinu.
c. Önnur skip greiði 5 aura fyrir hverja brúttó rúmlest, er þau koma til hafnar á gjaldatímabilinu, þó aldrei minna en kr. 5.00 í hvert skipti.

VIII. KAFLI
Um bryggjugjald.

17. gr.

1. Hvert skip, sem er mælt til lestatals og leggst við bryggju eða bólvirki, sem er eign hafnarinnar, eða við skip, sem liggja við áðurnefnd mannvirki, skal greiða bryggjugjald af brúttó lestatölu skipsins, talinni í heilum tölum, en brotum skal sleppt.

   Gjaldið greiðist fyrir hvern hálfan sólarhring eða minna og er 10 aurar af af hverri rúmlest þó aldrei minna en kr. 5.00 í hvert sinn. Varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.
2. Heimilt er hreppsnefnd að leigja einstökum mönnum afnot af bryggjum hafnarsjóðs til síldarsöltunar eða til uppskipunar og aðgerðar annars afla, gegn föstu leigugjaldi um ákveðinn tíma, þó eigi lengur en eina vertíð í hvert sinn. Aldrei mega þó slík afnot hefta eða tálma notkun bryggju eða mannvirkja í almenningsþarfir.

IX. KAFLI
Um vörugjald.

18. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum (þar á meðal af lifandi dýrum) sem fluttar eru af eða á skipsfjöl í höfninni, með þeim undantekningum, er í næstu grein getur.

19. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru eftirtaldar vörur:

1. Vistir, vélaeldsneyti og aðrar vörur til notkunar um borð í skipum þeim og bátum, er þær eru fluttar í úr landi.
2. Póstur og farangur ferðamanna.
3. Vörur og tæki, er höfnin eða hreppurinn senda eða eru móttakendur að.

20. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli og þyngd með umbúðum. Hálf gjaldeining telst sem heil, en minna broti skal sleppt. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning

34 vörugjalds og er skipstjóra skylt að láta innheimtumanni hafnarinnar í té eftirrit
14. marz af farmskrá skipsins.

Sé engin farmskrá eða fylgibréf, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki innheimtumanni ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugastan og réttastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn við rannsókn, ella hafnarsjóður. Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri vörutegund, sem hæst gjald skal greiða af. Minnsta vörugjald skal vera kr. 2.00.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá til tekur og gjald greiðist eins og þar segir. Ef vafi leikur á í hverjum flokki telja skuli einhverja vöru, úrskurðar innheimtumaður, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

21. gr.

1. flokkur: Gjald kr. 1.50 hver 100 kg:
Kol, koks, salt, sement, áburður, saltfiskur, verkaður fiskur, hraðfrystur fiskur, fiskimjöl, síldarmjöl, hrogn, söltuð þunnildi, fiskroð, skreið.

2. flokkur: Gjald kr. 2.00 hver 100 kg:
Kornvara, sykur, garðávextir, mjólk, hey, fóðurvörur útlendar, gærur, freðsíld.

3. flokkur: Gjald kr. 2.00 hver 100 kg:
Vikursteinn, asbestplötur, plötujárn, stangajárn, vatnspípur, efni til múrhúðunar og byggingarefni annað en trjáviður og ekki annars staðar talið, girðinganet og girðingaefni.

4. flokkur: Gjald kr. 3.00 hver 100 kg:
Olíur, benzín, smurningsolíur, lýsi, veiðarfæri og efni í þau, fiskumbúðir, pokar, hessian, herpinætur, kaðlar, leirvörur, pottar, balar, blikkfötur o. þ. u. l., kjöt, ull, mör, tólg.

5. flokkur: Gjald kr. 4.00 hver 100 kg:
Bílar, bátavélar, landbúnaðarvélur, vélahlutir, gler, miðstöðvar, gólfdúkur, saumur, málningavörur alls konar, pappírsvörur alls konar, krossviður, smjör, smjörlíki, jurtafeiti, sápur, þvottaduft og aðrar hreinlætisvörur.

6. flokkur: Gjald kr. 5.00 hver 100 kg:
Kaffi, kaffibætir, kex og aðrar brauðvörur, ávextir nýir og þurrkaðir, niðursuðuvörur, súkkulaði, kakaó, sælgætisvörur, öl og gosdrykkir.

7. flokkur: Gjald kr. 1.00 hver 10 kg.
Vefnaðarvara, fatnaður, skófatnaður, tóbaksvörur og allar aðrar vörur reiknaðar eftir þyngd og ekki annars staðar taldar.

8. flokkur: Gjald kr. 10.00 hvert stykki:
Eldavélar, þvottavélar, ísskápar, baðker.

9. flokkur: Gjald kr. 0.60 hver 100 kg:
Ísvarinn fiskur.

10. flokkur: Gjald kr. 1.00 fyrir hverja tunnu af saltsíld og hvers konar sjávarafurðum í tunnum. Af hálftunnum reiknast kr. 0.75.

11. flokkur: Tómar tunnur eftir stærð, kr. 0.30, 0,50, 0.60.

12. flokkur: Gjald kr. 0.40 fyrir hvert ten.fet:
Timbur og allar aðrar vörur reiknaðar eftir rúmmáli.

13. flokkur: Gjald kr. 5.00 hver gripur eða kind:
Stórgripir, sauðfé.

Lægsta vörugjald í öllum flokkum er kr. 2.00.

X. KAFLI
Aflagjöld.

22. gr.

Af bátum sem gerðir eru út frá Hrísey, eða öðrum sem leggja afla á land í eynni, greiðist gjald af afla þannig:

1. Af þorskveiðum greiðist kr. 7.50 af smálest af nýjum fiski.
2. Af síld greiðist 50 aurar af uppmældri tunnu eða máli.
3. Af saltfiski, sem lagður er á land, greiðist kr. 5.00 fyrir hverja smálest.

23. gr.

Útgerðarmenn skipa og kaupendur eru ábyrgir á að gjald þetta sé greitt hafnarsjóði. Gjaldið fellur í gjalddaga um leið og búið er að afferma eða ferma skipið.

XI. KAFLI
Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

24. gr.

Hafnarvörður innheimtir hafnargjöld samkv. reglugerð þessari og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

25. gr.

Skipstjóri eða formaður skips eða fars, ber ábyrgð á greiðslu gjaldanna. Gjöldin skal, þegar öðruvísi er eigi ákveðið í reglugerð þessari, greiða áður en skip eða far lætur úr höfn. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skipi eða fari, unz gjöldin eru greidd.

Gjalddagi á föstum árgjöldum er 1. okt. ár hvert.

26. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi eða afgreiðsla skipa, þar sem því verður við komið, aðfluttrar vöru og sendandi útfluttrar vöru. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Ef farmur er ekki skráður, ber skipstjóri eða farmaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Séu vörur fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald er affermir. Vörugjald af aðfluttum vörum fellur í gjalddaga, er skip er þær flytur, er komið í höfn. Vörugjald af útfluttum vörum fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í gjaldskyldum vörum, unz gjaldið er greitt.

27. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

XII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

28. gr.

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum. Ef samningar nást eigi um upphæð skaðabóta, er aðilum heimilt að láta ákveða þær með mati 3 óvilhallra dómkvaddra manna. Krefja má yfirmats, áður en mánuður er liðinn frá lokum matsgerðar. Yfirmat skal framkvæmt af 5 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmat greiðir sá er krafðist þess, ef matsupphæðinni verður eigi breytt meira en sem nemur 10% af því sem undirmat ákvað. Nemi breyting meira, greiði sá kostnað, er halla bíður af niðurstöðu yfirmatsnefndar.

34 14. marz

29. gr.

Enginn sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er eigi útkljáð, nema hann setji tryggingu er hafnarnefnd tekur gilda.

30. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum frá kr. 1000.00—10000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Hríseyjarhrepps.

31. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur niður hafnarreglugerð fyrir Hrísey, nr. 146 30. október 1948, og reglugerð nr. 165 7. október 1949, um breytingu á þeirri reglugerð.

Samgöngumálaráðuneytið, 14. marz 1958.

Eysteinn Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

35 24. marz

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Hvammstangahrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Hvammstangahrepps hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, sem vatnsveitan nær yfir og getur fullnægt, svo og á Hvammstangahöfn.

2. gr.

Vatnsveitan skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki undir nafninu: Vatnsveita Hvammstanga.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Heimilt er henni að ráða sérstakan umsjónarmann, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu, lagningu viðbótar vatnsæða svo og tengingu húsæða við aðalkerfi.

Hreppsnefndin hefur á hendi reikningshald vatnsveitunnar og innheimtu, en heimilt skal þó hreppsnefnd að ráða sérstakan mann til þess.

Reikningshald vatnsveitunnar er almanaksárið og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoðaðir með hreppsreikningum ár hvert.

4. gr.

Vatnsveitan hefur þegar lagt og lætur leggja aðalvatnsæðar um kauptúnið svo víða, sem fært þykir, svo húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði, við götu eða öðru opnu svæði, er lóðir þeirra liggja að. Frá aðalæðum skulu húseigendur, í samráði við umsjónarmann vatnsveitunnar, leggja vatnsæðar í hús sín og á sinn kostnað.

5. gr.

Skylt er hverjum húseiganda eða lóðarleigjanda, að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða vatnshönum. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með samþykki hreppsnefndar og þá með þeim umbúnaði, sem hún telur tryggan. Einnig er óheimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, án leyfis hreppsnefndar eða þess aðila, sem hreppsnefnd felur slökkvistarf í hreppnum.

Umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að loka fyrir vatnið meðan hreinsun eða viðgerð fer fram á vatnsbóli, geymi eða æðum vatnsveitunnar, einnig þegar tengingar aðalæða fara fram.

Tilkynna skal fyrir fram um takmörkun á vatni, ef þess er kostur.

6. gr.

Heimilt er að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar.

7. gr.

Hver sá, er skemmir eða saurgar vatnsæðar vatnsveitunnar, brunna hennar, brunahana eða önnur mannvirki, skal greiða fullar skaðabætur fyrir samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna og sæta auk þess sektum nema þyngri refsing liggi við að lögum.

8. gr.

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem virt eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða sbr. 4. gr., skal greiða vatnsskatt. Húshluti sem virtur er sér til fasteignamats, skal í þessu sambandi teljast sem heilt hús.

9. gr.

Af öllum húseignum, sem um getur í 8. gr., skal greiða stofn- eða tengigjald, kr. 400.00 af hverju húsi, ásamt viðbótargjaldi, sem nemi 3% af fasteignamatsverði.

Gjalddagi stofngjalds skal vera sá dagur, sem aðalstofnæðar eru fullferðar í námunda við hús samkv. 4. gr., sbr. 8. gr.

10. gr.

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem svo er ástatt um, sem um ræðir í 8. gr., skal greiða árlegan vatnsskatt sem nemur 2% af fasteignamatsverði. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 200.00 af hverri húseign. Séu fleiri en ein íbúð í sama húsi, greiðist árlega kr. 200.00 af hverri íbúð, sem fram yfir er.

Samkomustaðir og verzlanir í íbúðarhúsum teljast sem ein íbúð hver.

11. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða sem hér segir:

a.	Fyrir vatn í steypu, af hverri notaðri sementstunnu	kr.	0.50
b.	Fyrir vatnshana í útihúsum	—	50.00
c.	Fyrir hverja sauðkind, sem slátrað er í sláturhúsi	—	0.50
	Fyrir hvern stórgrip, sem slátrað er í sláturhúsi	—	5.00
d.	Fyrir hverja smálest af innvegnum fiski	—	2.00
e.	Fyrir hverja skráða bifreið á Hvammstanga, þegar aðstæður verða til þvotta	—	75.00

35 f. Fyrir vatn um mæli greiðist kr. 1.00 af hverri smálest allt að 2000 smá-
24. marz lestum, en af hverri umfram smálest ..... kr. 0.75

Fyrir öll önnur vatnsnot, sem ekki eru talin í reglugerð þessari, skal greiða samkvæmt samningi við hreppsnefnd.

12. gr.

Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, getur hreppsnefnd ákveðið, að selja þeim vatn um mæli, samkv. 11. gr. f-lið.

Þau fyrirtæki sem kaupa vatn um mæli, skulu sjálf útvega sér mæla og annast viðhald þeirra.

Hlíti fyrirtæki ekki fyrirmælum hreppsnefndar, um uppsetningu vatnsmæla, ákveður hreppsnefnd gjald fyrir vatnsnotin á meðan, eða þar til mælauppsetningu er lokið.

13. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að breyta vatnsgjöldum samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50% til hækkunar eða lækkunar, bæði í heild og einstökum liðum, fyrir eitt ár í senn, án staðfestingar ráðuneytisins.

14. gr.

Gjalddagi á föstum vatnsskatti skal vera 1. júní ár hvert, og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskatt, sem miðaður er við starfrækslu, má krefja, þegar starfræksla hefur farið fram, þó samanber 3. gr., síðustu málsgr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts af húseign sinni.

Vatnsskatt má taka lögtaki í hinu skattskylda húsi eða atvinnufyrirtæki, án tillits til eigendaskipta, og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði eða aðfararveði.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 1000 krónum nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld bráðabirgðagjaldskrá fyrir vatnsveitu Hvammstangahrepps nr. 227 frá 10. desember 1952, með breytingu nr. 83 17. maí 1957.

Félagsmálaráðuneytið, 24. marz 1958.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

36
24. marz

um breyting á reglugerð um holræsi á Hvammstanga nr. 169 21. okt. 1949.

3. gr. orðist svo:

Til að standast kostnað af holræsagerðinni og viðhaldi aðalræsa, ber hverjum húseiganda, sem hefur fengið hús sitt tengt við holræsakerfi hreppsins, eða átt kost á því skv. 1. og 2. gr., að greiða til hreppsins árlegt holræsagjald, sem ákveðst þannig:

a. Fast gjald af hverju húsi kr. 100.00.
b. Fast gjald af hverri íbúð umfram eina í húsi kr. 100.00.
c. 5‰ af fasteignamatsverði húseigna.

Samkomustaðir og verzlanir í íbúðarhúsum teljast ein íbúð hver.

Af hverju húsi, sem kemst í samband við holræsakerfið eða á kost á því, skal greiða sérstakt stofngjald, er nemi tvöföldu árgjaldi.

Reglugerðarbreyting þessi, sem hreppsnefnd Hvammstangahrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. marz 1958.

F. h. r.
Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

SAMÞYKKTIR

37
26. marz

fyrir Sparsjóðinn Pundið, Reykjavík.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóðurinn Pundið. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru ábyrgðarmenn hans og skuldbinda þeir sig með undirskrift sinni undir samþykktir þessar, til þess að ábyrgjast, að sjóðurinn standi í skilum. Svarar hver ábyrgðarmaður hlutfallslega fyrir halla eða tjóni, sem sjóðurinn kann að verða fyrir, en hann getur eigi sjálfur staðið straum af. Þó ábyrgist enginn einn meira en 5000.00 krónur. Hver ábyrgðarmaður leggur fram þegar í stað minnst kr. 500.00 af ábyrgðarupphæð sinni sem stofnfé sjóðsins. Skal ákveðið um vexti af því fé á aðalfundi. Þó mega þeir ekki vera hærri en 1% umfram innlánsvexti sjóðsins.

3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins eru meðlimir í Fíladelfíusöfnuðinum í Reykjavík eða í hliðstæðum söfnuðum Hvítasunnumanna utan Reykjavíkur. Ábyrgðarmenn skulu fæstir vera 40 og skulu minnst 30 þeirra búsettir í Reykjavík. Skal stjórninni skylt

37 að gera það, sem í hennar valdi stendur til að sjá um, að ábyrgðarmenn verði
26. marz aldrei færri en að framan er greint. Ábyrgð getur ekki fallið niður, nema við andlát, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða ef maður verður öreigi á annan hátt. Stofnfjárframlag endurgreiðist ekki fyrr en við löglegt niðurfall ábyrgða eða samkvæmt heimildinni í 22. gr. laga nr. 69 27. júní 1941 um sparisjóði.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu 2 þeirra kosnir á aðalfundi úr flokki ábyrgðarmanna en 1 af bæjarstjórn Reykjavíkur á sama tíma og gildir kosning þeirra allra til 4 ára. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni 4 ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að 4 árum liðnum. Stjórnin kýs formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmætan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af bæjarstjórn, eða verði á lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess, að bæjarstjórn kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins hefur umsjón með öllum framkvæmdum hans. Hún ræður starfsmenn hans, ákveður kaup þeirra og kjör, og segir þeim upp starfi, ef henni þykir ástæða til.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra, né reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins. Sé stjórnandi eða starfsmaður sparisjóðsins í stjórn einhvers annars fyrirtækis eða framkvæmdastjóri þess, má ekki veita því fyrirtæki lán úr sjóðnum nema sparsjóðsstjórnin samþykki það einróma og sparisjóðseftirlitið leyfi það. Þó þarf ekki slíkt leyfi til að veita lán gegn veði í fasteign, enda fari lánið ásamt því, sem áður kann að hvíla á eigninni, ekki fram úr ⅔ matsverðs fasteignarinnar.

6. gr.

Tilkynna skal sparsjóðseftirlitinu tafarlaust hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins og ráðnir starfsmenn hans.

7. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum, séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé

viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnendur hafi þessi störf með höndum.

37
26. marz

8. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir.

Sparisjóðseftirlitið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

9. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í sjóðbók sjóðsins og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af víxli skal einnig tafarlaust skrá á víxilinn.

10. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi, hverju breytt hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

11. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir svo oft, sem þurfa þykir, og ákveður stjórnin, hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins. Sparisjóðsstjórnin skal hafa gerðabók, er í séu skráðar ályktanir stjórnar um lánveitingar og lánsynjanir, lántökur og annað slíkt.

12. gr.

Fyrir lok aprílmánaðar ár hvert skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum með ábyrgðarbréfi, er afhent sé á póststofuna í Reykjavík 5 dögum fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og féhirðis, og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess. Fundur er lögmætur, þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur, hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins, nema ⅔ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki það.

Ábyrgðarmaður getur ekki látið aðra mæta fyrir sig á fundum.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

13. gr.

a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minna en 1 kr. í senn.
b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færist inn í innstæðubók, og fær hver innlagsmaður dálk.
c. Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Í viðskiptabókina skal prenta ágrip af lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og samþykktir sparisjóðsins sjálfs, og gildir hún í öllu sem samningur við sjóðinn. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.
d. Sparisjóðurinn tekur einnig við innlögum með þeim kjörum, að hægt er að taka út peninga af innstæðunni gegn ávísun og án þess að viðskiptabók sé sýnd,

37 og skal þá greinilega letrað á bókina, að hún sýni ekki ávallt rétta innstæðu
26. marz og sé því ekki veðhæf.

e. Aldrei má sparisjóðurinn taka á móti meira innlánsfé en svo, að það, að frádregnu því, er hann á í sjóði, innistandandi í innlendum bönkum, í tryggum verðbréfum, eða lánum gegn veði í fasteign, nema 25 sinnum eigin fé sparisjóðsins, þar með talið stofnfé og innborgað ábyrgðarfé. Eigi má draga frá, samkvæmt þessari málsgrein, önnur fasteignalán en þau, þar sem lánið, ásamt því, er áður kann að hvíla á eigninni, nemur meira en ⅗ fasteignamatsverðs hennar.

f. Ef einstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparsjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.

g. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

h. Fé það, sem lagt hefur verið í sparisjóðinn, að vöxtum meðtöldum, er undanþegið löghaldi, á meðan það stendur þar.

14. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á dálk hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þrítugnættum, þó svo, að frá teljast móttökudagar og úttökudagar, og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema 1000 kr. eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir 14. jan. ár hvert, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðrétta skal skekkjuna á þann hátt, að skrá mismuninn, er jafnframt færist sparisjóðnum til reiknings í innstæðubókina og viðskiptabókina næst þegar hún verður sýnd

15. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má, að upphæðum frá 500 til 15000 kr. sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar fyrir ofan með 2 mánaða fresti. Án 2 mánaða frests er eigi skylt að borga meira en 2000 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

16. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd, og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana eða gegn ávísun, ef eigandi hefur samið svo um og það er letrað á viðskiptabók hans. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé rétt gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Innstæðueigandi getur áskilið, að á áberandi stað á viðskiptabók sinni sé letrað, að hann einn eða sá, er hann gefur skriflegt umboð til þess, geti hafið peninga úr henni.

Nú ber viðskiptabók eigi slíka áletrun, og er það þá eigi á ábyrgð sparisjóðs- 37
ins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar 26. marz
til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið í hlutaðeigandi dálk í innstæðubók, um leið og greiðslan er þar skráð, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samanburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

17. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjalddgengri mynt eða seðlum, og tilfærist endurborgað fé í dálk eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds. Ef viðskiptabók, sem gefin er út fyrir sparisjóðsinnstæður, glatast, skal heimilt að innkalla með auglýsingu, sem prentuð sé þrisvar í röð í Lögbirtingablaði, með 6 mánaða fyrirvara frá því fyrsta auglýsingin er birt, hvern þann, sem í höndum kann að hafa viðskiptabókina, og ef enginn hefur sagt til sín, áður en téður frestur er liðinn, þá má greiða þeim, sem viðskiptabókina hefur fengið, upphæðina, án þess nokkur annar, sem viðskiptabókin kann að hafa verið afsöluð, geti gert kröfur á hendur sparisjóðnum.

18. gr.

Ef eigandi að viðskiptabók hreyfir ekki innstæðu sína í 15 ár samfleytt, skal ekki reikna vexti af innstæðunni framar. Ber þá að skora á eiganda að segja til sín, og skal það gert með auglýsingu á sama hátt og ef bók glatast. Ef hann gefur sig ekki fram áður en tilskilinn frestur er liðinn, er viðskiptabók hans ógild og féð ásamt vöxtum eign sparisjóðsins. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að greiða fé, að meira eða minna leyti, ef réttur eigandi gefur sig fram innan 5 ára.

19. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með 3 mánaða fresti. Skal annað hvort rita uppsögnina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

20. gr.

Sparisjóðurinn skal, til þess að það sé tryggt, að hann geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum auðseljanlegum verðbréfum minnst 1/10 af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu. Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórnin tilkynna sparisjóðseftirlitinu það.

21. gr.

Sparisjóðurinn greiðir árlega 2% af nettó ágóða sínum í tryggingarsjóð sparisjóða, unz eign sparisjóðsins í tryggingarsjóði er orðin 3% af samanlögðu innstæðufé sparisjóðsins.

37 22. gr.

26. marz Árstekjur sparisjóðsins, að frádregnum kostnaði, greiðslu í tryggingarsjóð, vöxtum og því fé, sem lagt er til hliðar til að mæta fyrirsjáanlegum töpum, skal leggja í varasjóð.

Heimilt er að verja nokkru af ársarðinum til endurborgunar á stofnfé og greiddu ábyrgðarfé, ef varasjóður nemur meira en 10% af sparisjóðsinnstæðunni.

Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins, að varasjóður nemi minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu.

III. Um lánveitingar o. fl.

23. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

a. Með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álíta má jafngóð.
b. Með því að lána fé til einstakra manna eða félaga gegn áreiðanlegu fasteignaveði eða gegn sjálfskuldarábyrgð. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni.
c. Á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins álítur heppilegan. Stjórnin setur sér reglur um lánveitingar úr sjóðnum.

24. gr.

Sparisjóðsstjórnin setur reglur um, hvernig lánum skulu hagað, en í þeim reglum skulu vera eftirtalin atriði:

Til lána gegn sjálfskuldarábyrgð, ábyrgð héraðs eða sveitar og til fasteignaveðlána umfram 60% matsverðs, má sparisjóðurinn aldrei verja meira en sem svarar 12½ sinnum eigin fé sjóðsins. Þar af mega sjálfskuldarábyrgðarlán aldrei nema meira en 2 sinnum eigin fé sjóðsins.

Aldrei má sparisjóðurinn lána einum viðskiptamanni eða fleiri viðskiptamönnum sem eru fjárhagslega tengdir, meira en sem svarar 50% af eigin fé og ábyrgðarfé sínu. Í ofangreindri lánsupphæð skal þó ekki telja:

1. Lán veitt gegn veði í fasteign, ef það er ekki hærra en ⅗ fasteignamatsverðs.
2. Lán veitt gegn veði í skipum allt að 50% af matsverði.
3. Lán, sem eru tryggð með inneign í sparisjóðnum sjálfum, tryggum verðbréfum eða öðru handveði.

25. gr.

Sérstaka bók skal jafnan halda um lán úr sjóðnum. Skal hvert lán hafa dálk út af fyrir sig, og skal þar tilgreint um lántakanda, tryggingu, upphæð lánsins, afborganir og vaxtagreiðslur. Einnig skal halda skrá um skuldnauta sjóðsins, er sýni skuldbindingar hvers og eins gagnvart sjóðnum.

26. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Hafi sparisjóðurinn tekið lán, skal í bókum sjóðsins vera sérstakur dálkur fyrir hverja lántöku.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum

sparisjóðsins fullgild skírteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu. 37 26. marz

27. gr.

Sparisjóðurinn má eigi eiga aðrar fasteignir en þær, sem nauðsynlegar eru vegna rekstrar hans, og ekki hlutabréf. Þó má hann yfirtaka fasteign eða hlutabréf, sem honum hefur verið veðsett, til þess að innheimta kröfu sína, en selja skal hann eignina strax og hann á þann hátt getur fengið kröfu sína greidda. Sparisjóðurinn má ekki ganga í ábyrgð fyrir aðra. Halda skal skrá um eignir sparisjóðsins, svo sem verðbréf o. fl.

28. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávísun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

29. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera tilbúinn fyrir marzmánaðarlok ár hvert.

30. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggt:

1. Hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum, og sé þar greint, hver sjóðsforðinn hafi verið í ársbyrjun og hver í árslok.
2. Hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið; einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir ábata og halla sjóðsins.
3. Hverjar séu eignir sjóðsins í árslokin og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn, eins og hagur hans stóð í árslok.

31. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðlán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggt sjáist, hversu mikið er greitt fyrirfram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir. Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni, hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skrám skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

32. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir sparisjóðseftirlitsins sýna.

37
26. marz

V. Um endurskoðun.

33. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, kýs bæjarstjórn Reykjavíkur með hlutfallskosningu tvo endurskoðendur til eins árs í senn.

34. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu, hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

35. gr.

Jafnan skulu endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits. Einnig eiga þeir rétt á að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins, svo oft sem þeim þykir þörf á.

36. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því, að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt tilfærðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugavert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

37. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið því starfi sínu fyrir miðjan marzmánuð. Rita þeir síðan í reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

38. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrlausnar

Eins skal farið að, ef endurskoðendur finna eitthvað athugavert við reikningsfærslu og starfrækslu sparisjóðsins, og stjórn sparisjóðsins tekur þær athugasemdir ekki til greina eða tregðast við að bæta úr ágöllum, sem endurskoðendur telja vera á starfrækslu sparisjóðsins, eða þeir telja að rekstur sparisjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941.

39. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum.

40. gr.

Ef sparisjóðurinn hættir störfum skulu eignir hans afhentar Trúboði Fíladelfíusafnaðarins í Reykjavík til eignar.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 26. marz 1958.

Hermann Jónasson.

Halldór Jónatansson.

38
27. marz

REGLUR

um félagsheimilið Freyvang.

1. gr.

Nafn félagsheimilisins er Freyvangur í Öngulsstaðahreppi, Eyjafjarðarsýslu. Lóðin er keypt af eigendum Y-Laugalands. Lóðarstærð er rúmur einn hektari umhverfis húsið og er hún afgirt.

Eigendur félagsheimilisins eru:

Öngulsstaðahreppur	að 52 %
Ú. M. F Ársól	— 8 %
Ú. M. F. Árroðinn	— 8 %
Ú. M. F. Væringjar	— 4 %
Kvenfélagið Aldan	— 8 %
Kvenfélagið Voröld	— 8 %
Slysavarnadeildin Keðjan	— 4 %
Framfarafélag Öngulsstaðahrepps ..	— 8 %

2. gr.

Húsnefnd, kjörin árlega, stjórnar félagsheimilinu. Hún er þannig skipuð, að hreppsnefnd Öngulsstaðahrepps kýs tvo fulltrúa en hvert hinna félaganna einn fulltrúa.

Heimilt er húsnefnd að kjósa úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdanefnd, er starfi í umboði húsnefndar milli funda.

Varamenn skulu kjörnir á sama hátt og aðalmenn.

Húsnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Hún skal halda nákvæma gerðabók um störf sín. Ef félagsheimilið hættir störfum, skal afhenda Þjóðskjalasafni Íslands gerðabækur þess til vörzlu.

3. gr.

Húsnefnd heldur fund, er þurfa þykir. Skylt er henni að halda fund, ef ⅓ nefndarmanna æskja.

Aðalfundur eigenda félagsheimilis skal vera ár hvert. Skulu þangað kvaddir með hæfilegum fyrirvara stjórnendur allra þeirra félaga, sem eru eigendur félagsheimilis. Þó eigi fleiri en þrír frá hverju félagi. Á fundinum skal húsnefndin leggja fram rekstrar- og efnahagsreikning félagsheimilisins fyrir síðastliðið ár, endurskoðaða af endurskoðendum sveitarsjóðsreikninga. Einnig leggur hún fyrir fundinn fjárhagsáætlun fyrir félagsheimilið á yfirstandandi ári.

Fjárhagsáætlunin skal gerð svo nákvæm sem unnt er. Eigi má efna til verulegra útgjalda, nema samþykkt hafi verið á aðalfundi eða aukafundi sömu aðila og sæti eiga á aðalfundi. Gildir þetta jafnt um rekstrargjöld og stofnkostnað.

Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði fundarmanna. Félagsstjórnir skýra frá því á aðalfundi, hvern þær hafa valið af sinni hálfu í húsnefnd næsta ár.

Afrit af ársreikningum félagsheimilisins skal senda félagsheimilasjóði.

Félagsheimilið skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi. Almanaksárið skal vera reikningsár þess.

4. gr.

Aðalverkefni húsnefndar eru:

a. að ráða húsvörð, þar sem þess er þörf að dómi aðalfundar, setja honum starfsreglur og sjá um, að þeim sé fylgt;

38 b. að ráða annað starfsfólk, ef aðalfundur telur það nauðsynlegt. Leita skal um-
27. marz sagnar húsvarðar um ráðningu starfsfólks, sem á að vinna undir hans stjórn;
c. að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra;
d. að ákveða gjöld fyrir afnot hússins;
e. að annast kaup nauðsynlegra tækja og áhalda;
f. að sjá um viðhald og endurbætur húseignar, húsbúnaðar og áhalda;
g. að sjá um, að ræsting félagsheimilisins (húss og lóðar) sé jafnan í góðu lagi og að gætt sé ýtrasta hreinlætis í umgengni;
h. að sjá um, að húsið sé hæfilega hitað og lýst;
i. að sjá um, að löggæzla sé á samkomum, ef þess er þörf.

5. gr.

Eigendur félagsheimilisins skulu eins og aðrir greiða leigu fyrir afnot hússins.

Skylt er að heimila félögum, er greinir í 1. gr. laga nr. 77 1947, um félagsheimili, innan sama byggðarlags afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef eigi fer í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfra fyrir húsið. Verði ágreiningur um, hvort slíkt félag eigi rétt á afnotum af félagsheimili, sker fræðslumálastjóri úr. Úrskurði hans má skjóta til menntamálaráðuneytisins.

6. gr.

Leiga fyrir afnot félagsheimilisins skal ákveðin svo há, að nægilegt fé fáist til þess að inna af höndum nauðsynleg gjöld, ef stofnuninni koma eigi aðrar tekjur.

7. gr.

Þess skal gætt, að húseignir, áhöld og annað lausafé sé jafnan hæfilega vátryggt.

8. gr.

Félag, sem samkomu heldur í félagsheimilinu, skal hafa þar gæzlumann af sinni hálfu. Ef húsvörður er enginn eða eigi við, þegar samkomu lýkur, skal gæzlumaður slökkva ljós, ganga örugglega frá hitunartækjum, opna loftræstingarop, koma húsbúnaði og áhöldum á sinn stað, koma óskilamunum í örugga vörzlu og loks loka vel gluggum og hurðum.

9. gr.

Að lokinni hverri notkun félagsheimilisins skal húsvörður eða húsnefnd sjá um ræstingu þess, þ. á m. að gólf séu þvegin úr sápuvatni, salerni hreinsuð vandlega með sótthreinsandi efni og fatageymslur, bað- og búningsherbergi ræst.

Árlega skal fram fara gagnger ræsting alls hússins.

10. gr.

Ganga skal þannig frá lóðinni umhverfis félagsheimilið, að auðvelt sé að halda henni snyrtilegri, og skal húsvörður eða húsnefnd sjá um, að hún sé jafnan vel hirt. Lóðina skal girða traustri girðingu, er haldið sé vel við.

Bifreiðastæði skal halda hreinlegu og vel við.

11. gr.

Fánastöng skal koma fyrir á húsinu eða við það. Hún skal vera traustlega fest og máluð hvít. Húnn og snerill mega þó vera í öðrum lit. Fánasnúran skal ávallt vera heil. Stöngin skal vera í tveim hlutum, þannig að auðvelt sé að fella hana, t. d. ef skipta þarf um snúru eða mála stöngina. Þess skal vandlega gætt að nota einungis fána með réttum litum og hlutföllum.

12. gr. 38

Árlega skal athuga húseignina alla vandlega með viðgerð fyrir augum. Einkum skal athuga: múrhúðun, þak, þakrennur, niðurföll, hurðir og dyraumbúnaði, glugga (utan og innan), málningu, gólfdúka, klæðningu veggja, hreinlætistæki, eldavél og hitunartæki, raflagnir og ljósatæki, vatnslögn og krana, gluggatjöld, leiksviðstjöld, gólf í samkomusal o. s. frv. 27. marz

13. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit skulu þeir bæta, er spjöllum valda.

14. gr.

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neyta þess. Húsnefnd getur svipt þá, er gegn þessu brjóta, aðgangi að félagsheimilinu til tekinn tíma.

15. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 8. gr. laga nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, öðlast gildi þegar menntamálaráðuneytið hefur staðfest þær.

Framanskráðar reglur staðfestast hér með.

Menntamálaráðuneytið, 27. marz 1958.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Ásgeir Pétursson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir sjóðinn Vinaminni í Mýrahreppi í Austur-Skaftafellssýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. apríl 1958. 39 22. apríl

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóðinn Vinaminni í Mýrahreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Vinaminni. Stofnfé hans er kr. 20000.00.

Sjóðurinn myndast þannig:

1. Af sjóði, er börn Álfheiðar Sigurðardóttur og manns hennar Benedikts Kristjánssonar, Einholti, hafa myndað til minningar um móður sína, kr. 5000.00.
2. Af sjóði, er myndaður hefur verið á vegum kvenfélagsins Eining á Mýrum, til minningar um ljósmóður Guðríði Guðmundsdóttur, Stórabóli, kr. 5000.00.
3. Af sjóði, er hjónin Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Benediktsson, Einholti, gefa til minningar um fyrri konu Kristjáns, Jóhönnu Steinunni Sigurðardóttur, kr. 10000.00.
4. Af gjöfum og áheitum er sjóðnum kunna að berast frá mönnum er vilja minnast vina sinna á þann hátt, er sjóður þessi hyggst gera.

39 22. apríl

2. gr.

Sjóður þessi skal starfa á vegum kvenfélagsins Eining á Mýrum, og skal kvenfélagið skipa sjóðnum stjórn. Hætti kvenfélagið starfsemi sinni, fellur stjórn sjóðsins í hendur hreppsnefndar.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast á innlánsdeild Kaupfélags Austur-Skaftfellinga.

4. gr.

Sjóðurinn skal veita sem gjöf, til einnar konu í sveitinni 5/6 hlutum vaxta hans á ári hverju. Kona sú, er gjöfina hlýtur í hvert sinn, skal verja henni í þarfir heimilis síns, eftir því sem henni finnst mest aðkallandi í það skiptið.

5. gr.

Úthlutun skal veita úr sjóðnum árlega þeirri konu, er nefndinni finnst mest aðkallandi að veitt sé gjöfin í það skiptið. Veita má sömu konu oftar en einu sinni úr sjóðnum áður en umferð er lokið um alla sveitina, ef sjóðstjórn og úthlutunarnefnd sýnist svo.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Hann skal aukast af 1/6 vaxta sjóðsins og með áheiti og gjöfum samkvæmt 1. gr. Þegar sjóðurinn hefur náð því að verða 50 þúsund, má verja öllum vöxtum sjóðsins til árlegra gjafa samkvæmt 4. gr., og þó aldrei minna á ári til hverrar konu en kr. 1000.00.

7. gr.

Stjórn sjóðsins annast ávöxtun hans og setur að öðru leyti starfsreglur eftir því, sem þurfa þykir. Enn fremur annast hún um úthlutun gjafa úr sjóðnum eftir þeim reglum, sem hér á undan greinir. Skal úthlutun úr sjóðnum í fyrsta sinn fara fram á 75 ára afmæli Jóhönnu St. Sigurðardóttur, Einholti, 22. ágúst 1958.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins, úthlutun gjafa og aðrar fundarsamþykktir og svo annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal reikningi lokið fyrir lok marzmánaðar, og skal reikningurinn endurskoðaður af endurskoðanda hreppsreikninga í sýslunni.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún því næst prentuð í B-deild stjórnartíðinda.

Einholti, 1. janúar 1958.

Sigríður Halldórsdóttir. **Kristján Benediktsson.**

Samþykkt f. h. Kvenfélagsins Eining.

Sigríður Kristjánsdóttir.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1958.

Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1958, undirskrifuð af forsetanum 14. febrúar 1958, nr. 1.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda, undirskrifað af forsetanum 25. janúar 1958, nr. 2.

Auglýsing um aðild Íslands að alþjóðasamningi um sameiginlega greiðslu kostnaðar af tiltekinni flugþjónustu á Íslandi, undirskrifuð af utanríkisráðherra 29. janúar 1958, nr. 3.

Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Túnis um afnám vegabréfsáritana, undirskrifuð af utanríkisráðherra 31. janúar 1958, nr. 4.

Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 47/1942, sbr. reglugerð nr. 83/1951, fyrir Háskóla Íslands, undirskrifuð af menntamálaráðherra 7. febrúar 1958, nr. 5.

Auglýsing um framlengingu á viðskiptasamningi milli Íslands og Ítalíu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 20. febrúar 1958, nr. 6.

Auglýsing um framlengingu viðskipta- og greiðslusamnings Íslands og Ungverjalands, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 7.

Lög um breyting á lögum nr. 86 22. des. 1956, um útflutningssjóð o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 8.

Lög um húsnæði fyrir félagsstarfsemi, undirskrifuð af forsetanum 12. marz 1958, nr. 9.

Farsóttalög, undirskrifuð af forsetanum 19. marz 1958, nr. 10.

Auglýsing um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um nauðungarvinnu eða skylduvinnu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 10. marz 1958, nr. 11.

Auglýsing um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 12.

Lög um húsnæði fyrir fæðingarheimili Reykjavíkurbæjar, undirskrifuð af forsetanum 19. marz 1958, nr. 13.

Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings Íslands og Finnlands, undirskrifuð af utanríkisráðherra 10. marz 1958, nr. 14.

Auglýsing um framlengingu á viðskiptasamningi Íslands og Spánar, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 15.

Lög um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, undirskrifuð af forsetanum 9. apríl 1958, nr. 16.

Lög um Veðurstofu Íslands, undirskrifuð af forsetanum 27. marz 1958, nr. 17.

Lög um breyting á lögum nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, undirskrifuð af forsetanum 9. apríl 1958, nr. 18.

Lög um breyting á lögum nr. 44 3. júní 1957, um skatt á stóreignir, undirskrifuð af forsetanum 8. apríl 1958, nr. 19.

Auglýsing um fullgildingu á alþjóðasamþykkt varðandi atvinnuleysi, undirskrifuð af utanríkisráðherra 10. marz 1958, nr. 20.

Lög um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1958, nr. 21.

Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1955, undirskrifuð af forsetanum 26. apríl 1958, nr. 22.

Lög um viðauka við lög nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip, undirskrifuð af forsetanum 29. apríl 1958, nr. 24.

B 12

31. dag maímánaðar 1958. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Lög um veitingu ríkisborgararéttar, undirskrifuð af forsetanum 2. maí 1958, nr. 25.

Umferðarlög, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 26.

Fjáraukalög fyrir árið 1955, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1958, nr. 28.

Lög um löggilding verzlunarstaðar að Skriðulandi í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu, undirskrifuð af forsetanum 23. apríl 1958, nr. 27.

Lög um breyting á lögum nr. 40 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum, undirskrifuð af forsetanum 14. maí 1958, nr. 29.

Auglýsing um viðskiptasamkomulag Íslands og Danmerkur, undirskrifuð af utanríkisráðherra 16. apríl 1958, nr. 30.

Lög um sölu nokkurra jarða í opinberri eigu og um eignarnám erfðafesturéttinda, undirskrifuð af forsetanum 17. maí 1958, nr. 31.

Lög um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 32.

40
17. maí

AUGLÝSING

um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 32 17. maí 1958 þannig, að tollstofnanir skuli ekki taka við skjölum til tollafgreiðslu á aðfluttum vörum þar til fram komið frumvarp um útflutningssjóð o. fl. hefur hlotið fullnaðarafgreiðslu á Alþingi.

Fjármálaráðuneytið, 17. maí 1958.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

41
22. apríl

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins, nr. 107 24. maí 1955.

Héraðsrafmagnsveitum ríkisins er heimilt að hækka gjöld samkvæmt gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins, nr. 107 24. maí 1955, um 10% frá 1. apríl 1958 að telja, þar til annað kann að verða ákveðið.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 22. apríl 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Byggingarsjóð Garðakirkju, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. apríl 1958. 42 30. apríl

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Byggingarsjóð Garðakirkju.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Byggingarsjóður Garðakirkju.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Kvenfélagi Garðahrepps.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í sparisjóði eða banka eða á annan þann hátt, sem sjóðstjórnin ákveður.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að endurreisa kirkjuna að Görðum á Álftanesi.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru gjafir, áheit, sala minningarspjalda og fleira.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum, þremur kosnum af stjórn Kvenfélags Garðahrepps og tveim kosnum af hreppsnefnd Garðahrepps, til fjögurra ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum.

7. gr.

Stjórnin skal halda gerðabók fyrir sjóðinn, þar sem bókaðar séu allar ákvarðanir sjóðstjórnar um framlag úr sjóðnum og annað varðandi sjóðinn, meðal annars reikningar hans. Fremst í gerðabókina skal færa skipulagsskrá þessa.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið og skulu endurskoðendur reikninga sjóðsins vera hinir sömu og endurskoðendur hreppsreikninga á hverjum tíma.

9. gr.

Breyta má skipulagsskrá þessari að liðnum fimm árum, að fengnu samþykki hreppsnefndar og stjórnar Kvenfélags Garðahrepps.

Garðahreppi, 15. apríl 1958.

Ásta G. Björnsson. Úlfhildur Kristjánsdóttir. Helga Guðmundsdóttir.
Einar Halldórsson. Guðmann Magnússon.

43
30. apríl

REGLUGERÐ

um útbúnað sláturhúsa og kjötfrystihúsa.

1. gr.

Sláturpeningi, sem slátra á í því augnamiði að flytja kjötið nýtt, fryst, reykt, saltað eða á annan hátt verkað á erlendan markað eða til sölu og neyzlu innanlands, í kjötbúðum og öðrum opinberum sölustöðum, skal slátra í löggiltum sláturhúsum og má kæling, frysting og geymsla sláturfjárafurðanna aðeins fara fram í löggiltum frystihúsum. Sé um söltun afurðanna að ræða, skulu þau hús einnig löggilt.

2. gr.

Atvinnumálaráðuneytið löggildir sláturhús, frystihús og söltunarhús að fengnum meðmælum frá yfirdýralækni og hlutaðeigandi héraðsdýralækni, ef húsin eru að þeirra dómi svo fullkomin að gerð og öllum útbúnaði að hægt sé þess vegna að fullnægja nauðsynlegum heilbrigðis- og hreinlætiskröfum, svo og að viðunandi aðstaða og áhöld, er nauðsynleg eru, séu fyrir hendi, samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar og fyrirmælum hlutaðeigandi dýralæknis. Þegar ráðuneytið og yfirdýralæknir ákveða það, skal fara fram gagnger skoðun á sláturhúsum framkvæmd af hlutaðeigandi héraðsdýralækni eða yfirdýralækni. Sláturhús, þar sem sláturafurðir eru verkaðar til útflutnings, má löggilda til ákveðins tíma. Jafnframt því að löggilding er veitt, skal ákveða, hve mörgu sauðfé eða stórgripum megi slátra mest dag hvern, miðað við vinnuaðstöðu og húsrými. Auk hinnar lögboðnu þriggja ára skoðunar skulu hlutaðeigandi héraðsdýralæknar skoða sláturhúsin oftar, þegar þurfa þykir, t. d. að loknum breytingum, viðgerðum o. þ. h.

3. gr.

Næsta umhverfi sláturhúss skal vera þurrt og þokkalegt og aðstaða við dýr hreinleg og góð, svo að eigi sé hætta á, að þaðan berist óhreinindi inn í sláturhúsið. Sláturhús skulu afgirt traustri girðingu, þar sem því verður við komið. Útbúnaður skal vera til þess að hægt sé að láta allan sláturpening ganga af palli flutningsbifreiða í peningsgeymslu. Við hvert sláturhús skal vera hæfilega stórt hús — fjárrétt, er rúmi dagsslátrun — með grindagólfi, góðri birtu og loftræstingu. Góð aðstaða skal vera til þess að brynna sláturpeningi, og fóðra hann, dragist slátrun að ráði.

Hundum og köttum skal varnað að komast inn í sláturhús og óviðkomandi fólki skal með öllu bannaður aðgangur. Sláturhús og geymslur skulu varðar svo sem frekast er unnt fyrir ágangi meindýra og flugum eytt án tafar, verði þeirra vart.

4. gr.

Gólf sláturhúsa skal vera úr steinsteypu, og æskilegast að veggir séu það einnig. Gólf og veggir skulu vera sléttir, svo að óhreinindi nái ekki að safnast þar fyrir. Ef veggir eru byggðir úr öðru efni, svo sem trégrind og járni, skal grindin að innanverðu þiljuð sléttu, þéttu efni, svo að auðvelt sé að halda veggjum hreinum. Þil og grindur úr tré skulu vera úr hefluðum viði. Borð, fláningsbekkir, innyfla- og blóðrennur og önnur slík áhöld, sem nauðsynleg eru við slátursstarfið, skulu vera úr ryðfríum málmi eða málmklædd, ef tré er notað í áhöld þessi, skal viðurinn vera heflaður og hvítlakkaður vandlega. Þak hússins skal vera öruggt fyrir regni svo og veggir, gluggar og loftrásir, svo skal um búa, að sandfok og annað ryk komist ekki inn í sláturhúsið.

Allir innveggir, loft og bitar sláturhússins skulu vera kalkaðir, málaðir eða lakkaðir, enn fremur þil, grindur, borð og áhöld, eftir því sem við á. Skulu slíkar hreinlætisaðgerðir fara fram á hverju hausti fyrir aðalsláturtíð. 43 30. apríl

Allar vélar, verkfæri og ílát, sem notuð eru við störf í sláturhúsinu, skulu vera hreinleg og í góðu lagi. Umráðamönnum sláturhúsanna ber að sjá um, að þeim sé jafnan haldið hreinum og umgengni öll sé í góðu lagi, og einu sinni á dag, að minnsta kosti, fari fram allsherjar hreingerning á gólfi, borðum, grindum, bekkjum og öðrum áhöldum, sem notuð eru við sláturstörfin.

5. gr.

Í sláturhúsinu skal ætíð vera greiður aðgangur að heilnæmu og hreinu köldu og heitu vatni. Ef eigi er talið tryggt, að vatnið sé heilnæmt, getur dýralæknir krafizt rannsóknar á því á kostnað sláturleyfishafa. Fullkomin frárennsli skulu vera frá húsinu, og gólf með nægum vatnsrennslishalla að niðurföllum, svo að vatn og blóð standi ekki á gólfinu, og vatn skal að staðaldri seitla um gólf í slátursal. Ræsta skal gólf í slátursal að staðaldri, meðan unnið er.

Loftræsting skal vera í góðu lagi og ef nauðsyn krefur, skal auka hana með loftblæstri.

Húsin skulu vera björt og haga skal ljósabúnaði og gluggaskipan þannig, að sem beztum notum komi við vinnuna.

6. gr.

Hver sá, sem stjórnar sláturhúsi og ræður fólk til sláturstarfa, skal gæta þess svo sem föng eru á, að starfsfólkið sé eigi haldið næmum sjúkdómum, svo sem berklum, taugaveiki, næmri hálsbólgu, slæmum húðkvillum og hafi ekki ígerðir eða mein á höndum eða handleggjum. Leita skal úrskurðar viðkomandi héraðslæknis og fá vottorð hans um heilsufar starfsfólks, ef ástæða þykir til.

7. gr.

Sérstök fatageymsla skal vera fyrir klæðnað verkafólks, og hæfilega stór, hrein og björt, upphituð matstofa. Við hvert sláturhús skulu vera hæfilega mörg vatnssalerni og snyrtiherbergi með handlaugum, hreinu rennandi vatni, sápu og hreinum handþurrkum. Ekki má ætla meir en 15 manns sama salerni.

8. gr.

Starfsfók skal gæta fyllsta hreinlætis við öll störf og vinnu í sláturhúsum. Það skal klætt heppilegum og hreinlegum vinnufötum og höfuðbúnaði, sem auðvelt er að þvo, og skipta um svo oft, að viðunandi hreinlætis sé gætt. Skal sláturleyfishafi leggja til slíkan fatnað og halda honum hreinum, ef þörf krefur.

Í vinnusölum sláturhúss skulu vera nægar handlaugar fyrir starfsfólk til handþvotta meðan á vinnu stendur, enn fremur aðstaða til að þvo stígvél, hlífðarfatnað o. þ. h.

Starfsfólk skal þvo hendur og handleggi, áður en vinna hefst í hvert sinn, svo og er það hefur notað salerni.

Slátrarar og fláningsmenn skulu sérstaklega gæta þess að halda höndum og handleggjum hreinum við starf sitt með iðulegum handþvotti í rennandi vatni. Þeir mega ekki halda sláturhnífum í munni sér við vinnu og hnífaslíðrum skulu þeir halda vel hreinum. Bannað er að hrækja á gólf í sláturhúsum og reykja við vinnu.

Við vinnu við kjöt og slátur í sláturhúsum má ekki nota aðra vinnuhanzka en úr gúmmí eða öðru hliðstæðu efni.

43 30. apríl

9. gr.

Sláturhúsið skal vera svo rúmgott, að auðvelt sé að vinna hvert verk á hagkvæman hátt.

Aðalvinnustöðvar hússins skulu vera:

1. *Banaklefi,* þar sem aflífun er eingöngu framkvæmd. Svo skal um búið, að skepnunni, sem aflífuð er, sé byrgð öll útsýn úr klefanum, og gripir, sem bíða slátrunar, sjái ekki inn í banaklefann.

2. *Slátursalir,* þar sem sláturpeningur er gerður til. Næst banaklefa skal vera blóðgunarpallur, þar sem skurður og blæðing fer fram á upphækkuðum bekk eða palli. Í slátursal fer fram þvottur á kjötinu, ef þörf krefur. Til þvotta á kjöti skal eingöngu nota rennandi, hreint vatn. Burstar, sem notaðir eru við kjötþvott, skulu vera vel hreinir og ekki of stífir.

Ef rennur eru notaðar til þess að flytja í innyfli, skal fyrst skilja garnir, vambir og maga frá mör og öðrum innyflum og nota sérstakar rennur fyrir þau líffæri og mör, svo að eigi sé hætta á, að þau mengist af gori eða saur í rennunum.

3. *Kjötsalur* skal vera aðskilinn frá slátursal. Þar fer fram snyrting kjötsins og kæling þess. Kjötsalur skal vera bjartur, loftgóður og sem svalastur og skal loftræstingu hagað með tilliti til þess. Kjötsalur skal vera svo rúmgóður að hann rúmi dagslátrun, nema sérstakur útbúnaður sé til þess að flýta kælingu kjötsins.

Kjötkroppar skulu hengdir á hrein hækiljárn og rennibrautir með hæfilegu millibili. Svo mikið rými skal vera milli rennibrauta, að skoðun, mat, stimplun o. fl. geti farið fram óhindrað.

Þess skal stranglega gætt, að um kjötsal sé enginn umgangur annar en sá, sem nauðsynlegur er fyrir það starfsfólk, sem þar vinnur og skal áletrun um það fest á dyr kjötsalsins. Þar skal gætt ítrasta hreinlætis og starfsfólk klætt hreinum, hvítum hlífðarfötum og höfuðbúnaði.

Kjötsal má eigi nota til þess að kæla aðrar sláturafurðir en kjöt.

4. *Innyflasalur.* Þar fer fram aðgreining og kæling innyfla. Þar skal vera hæfilegt borð- og hillurúm til þess að geta kælt innyfli úr þeim sláturpeningi, sem slátrað er dag hvern.

Innyflasalur skal vera bjartur og loftgóður og ef nauðsyn krefur, skal koma þar fyrir útbúnaði til loftkælingar. Hillur, grindur og borð, sem ætluð er til kælingar á líffærum, skulu gerð úr vel hefluðum og hvítlökkuðum viði eða klædd málmplötum, er ekki ryðga. Gæta skal þess, að blóð og vatn geti runnið af borðum og hillum.

Kæling líffæra má ekki fara fram úti, þar sem ryk og regn getur spillt vörunni.

5. Ætla skal sérstakan klefa eða herbergi fyrir hreinsun og þvott á vömbum, görnum o. fl., er svo skal staðsettur, að eigi berist þaðan óþefur eða óhreinindi á kjöt eða aðrar sláturafurðir.

6. Kæling hausa skal fara fram í sérstökum klefa. Klippa skal hausa strax að lokinni slátrun til þess að flýta fyrir kælingu þeirra og raða þeim síðan á hillur eða grindur til kælingar.

Við hvert sláturhús skal vera aðstaða til þess að kæla skinn og gærur í yfirbyggðu skýli, áður en söltun eða flutningur á þeim fer fram. Hús það, sem gærur og skinn eru söltuð í, verður að vera það vandað, að vatn geti ekki runnið í það og niðurföll skulu vera á gólfi til þess að taka á móti saltpækli.

Úrgang frá slátrun, t. d. lungu o. þ. h., skal grafa eða brenna eða eyða á annan tryggilegan hátt. Slíkan úrgang má ekki tæma í ár eða sjó.

10. gr.

Ráðherra getur, samkvæmt 2. gr. laga nr. 5 22. febr. 1949, um kjötmat o. fl., veitt undanþágu frá ákvæðum 9. gr., þar sem brýn nauðsyn krefur, ef yfirdýra-

læknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telur, að slátrun geti tekizt þar á við- 43
hlítandi hátt og flutningur afurðanna til geymslu- og sölustaðar sé engum sérstök- 30. apríl
um erfiðleikum bundinn.

Undanþágan gildir þó ekki nema þann tíma, sem nauðsynlegur er til úrbóta, og aldrei meir en eitt ár.

11. gr.

Frystiklefar í húsum, sem sláturfjárafurðir eru frystar í til útflutnings eða sölu innanlands og löggilt eru samkvæmt 1. gr., skulu vera þannig gerðir, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Einangrun skal vera vönduð og dyraumbúnaður vel þéttur og öruggur. Ljósaútbúnaði skal þannig fyrir komið í húsunum, að hann valdi sem minnstum áhrifum á hitastig í þeim. Frystiklefum skal halda vandlega hreinum og starfsfólk skal gæta ítrasta þrifnaðar og hreinlætis við vinnu. Í frystihúsum, þar sem kjöt og sláturfjárafurðir eru geymdar, skal fyrir það girt, að afurðirnar taki í sig neina lykt eða bragð, sem geti spillt þeim.

Frystihús skulu búin frystivélakosti, er hafi nægilega kæliorku miðað við einangrun, vörumagn og stærð húsanna.

Frystigeymslur einstaklinga skulu vandlega aðskildar frá geymslum, sem ætlaðar eru fyrir vörur, sem selja á á opinberum markaði. Að minnsta kosti einu sinni ár hvert skal fara fram gagnger hreinsun og sótthreinsun á frystigeymslum, borðum, grindum og hillum, sem þar eru notaðar.

12. gr.

Frystihúsi skal skipt í þrennt: Forkæli, frysti og geymslu. Í forkæli skal kjötið hengt upp og kælt fyrir frystingu. Skal hitastig þar vera sem næst 0° til ÷2°C. Forkælir skal vera það stór, að hann rúmi dagsslátrun sláturhússins, eða það magn hennar, sem ætlað er til frystingar. Í frystiklefa skal kjötið hengt upp og fer frysting þar fram við eigi minna frost en ÷20°C. Stærð frystiklefans skal við það miðuð, að hann rúmi dagsslátrun eða það magn af henni, sem frysta skal.

Í geymslurúmi frystihússins skal frost ekki vera minna en ÷18°C og er áríðandi, að frostið haldist sem jafnast allan þann tíma, sem kjötið er geymt. Í frystigeymslum skulu vera rimlar eða grindur úr hefluðum viði við gólf og útveggi. Sláturafurðir, sem ekki eru í tryggum umbúðum, má ekki leggja á gólf eða grindur, sem gengið er á. Í öllum geymslum, sem kjöt er fryst og geymt, skulu vera fullgildir hita- og rakamælar. Vélamenn frystihúsanna skulu halda bók og færa inn hitastig í frystigeymslum dag hvern. Hillur, borð og grindur skulu lausar, svo að hægt sé að taka þær út til hreinsunar og sótthreinsunar, þegar þörf krefur.

13. gr.

Sláturafurðir má eigi hraðfrysta í öðrum húsum en þeim, sem löggilt eru til þess eða starfrækt sem fullkomin hraðfrystihús til frystingar á fiski til útflutnings.

Um hraðfrystingu og geymslu á kjötinu gilda sömu reglur og gilda um hraðfrystingu og geymslu á hraðfrystum fiski til útflutnings.

Brytjun kjötsins og pökkun skal framkvæmd í sérstökum vinnuklefa. Ef vinnuklefi þessi er á öðrum tímum en þeim, sem hraðfrysting kjöts fer fram, notaður við verkun á öðrum matvörum, svo sem fiski eða garðávöxtum, skal hann gerður vandlega hreinn áður en verkun kjötsins hefst.

Kjöt, sem brytjað er til hraðfrystingar, skal pakkað og fyrst án tafar. Ef umbúðir eru úr óloftþéttu efni, skulu pakkarnir ishúðaðir að lokinni frystingu.

Umbúðir um hraðfryst kjöt skulu greinilega merktar einkennismerki viðkomandi sláturhúss, og hvaða kjöt og magn er í hverjum pakka, svo og hvenær kjötið er fyrst.

43 30. apríl

Hraðfryst kjöt skal geymt þannig, að girt sé fyrir það, að kjötið taki í sig lykt eða bragð, sem spillt geti vörunni.

Söltun á kjöti skal fara fram í stérstökum klefa. Gæta skal ítrasta hreinlætis við brytjun kjöts til söltunar og nota skal eingöngu hrein og þokkaleg ílát og hreint salt. eigi má hefja söltun á kjöti, fyrr en 24 klukkustundum eftir slátrun, og gæta skal þess, að kjötið sé vel kælt áður en söltun fer fram.

Tunnur með saltkjöti skulu greinilega merktar og þær skulu geymdar á köldum stað, varðar sól og regni.

14. gr.

Við flutning á kjöti úr sláturhúsi til sölustaðar eða í geymslur, skal gæta fyllsta hreinlætis. Flutningstæki skulu vera hreinleg og eigi má flytja kjöt óvarið á opnum vögnum. Á þeim flutningstækjum, sem kjöt er flutt með, má eigi samtímis flytja aðrar vörum, sem með áhreinindum eða lykt geta spillt kjötinu. Ákvæði þessi gilda einnig um alla aðra flutninga á kjöti, svo sem í skip, við flutning á heimaslátruðu kjöti til kjötskoðunar, flutning á kjöti úr kjötgeymslu í kjötverzlanir o. s. frv. Þeir, sem vinna við flutning kjöts, skulu klæddir hreinum hlífðarfötum. Slátur skal flytja í hreinum, þéttum kössum úr ryðfríum málmi, er ávallt skal halda vel hreinum. Aldrei má hefja flutning á innmat eða blóði, fyrr en afurðirnar hafa verið vel kældar. Blóð má ekki kæla í loftþéttum ílátum.

15. gr.

Þau ákvæði þessarar reglugerðar, er lúta að heilbrigði starfsfólks, þrifnaði og hreinlæti í sláturhúsum, skulu sérprentuð og skal hver sá, er stjórnar sláturhúsi, hlutast til um, að slík sérprentun hangi ávallt á áberandi stöðum í húsinu.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 5 22. febrúar 1949, um kjötmat o. fl., öðlast gildi þegar í stað og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi I. kafli reglugerðar um kjötmat o. fl., nr. 155 8. sept. 1949.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. apríl 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

44 5. maí

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Siglufjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefur einkarétt til vatnsveitu í kaupstaðnum og á höfninni.

Óheimilt er skipum í Siglufjarðarhöfn að taka vatn annars staðar í Siglufirði en úr æðum vatnsveitu Siglufjarðar, og eingöngu á þeim stöðum, sem vatnssölumaður eða vatnsveitustjóri ákveða.

2. gr.

Enginn má leggja vatnsæð frá vatnsveitu kaupstaðarins, annar en sá, sem bæjarstjórn felur það starf.

3. gr. 44

Hver sá, er komast vill í samband við vatnsveitu Siglufjarðar, skal senda 5. maí
vatnsveitunefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni fylgi nákvæmar upplýsingar um hve mikið vatn viðkomandi telur sig þurfa, og til hvers það skuli notað.

4. gr.

Skylt er hverjum húseiganda og lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum frá stopphana vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna. Enginn má hafa hitaleiðslur eða aðrar leiðslur í sambandi við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitustjóra, og með þeim útbúnaði, sem hann telur tryggan.

5. gr.

Vatnsveitustjóra, í samráði við bæjarstjóra, er heimilt að loka vatnsæðum kaupstaðarins fyrir þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, vanrækja að gera við leka eða aðrar bilanir á leiðslum sínum, eða nota vatn þannig, eða hafa vatnsæðum þannig fyrir komið, að óþrif hljótist af.

6. gr.

Bæjarstjórn getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun og jafnvel lokað fyrir vatn ákveðinn tíma, til þess að tryggja fyrirtækjum, sem ekki geta án þess verið, nægilegt vatn. Þegar þannig stendur á, getur vatnsnotandi ekki krafizt lækkunar á gjaldi sínu fyrir vatnið.

7. gr.

Vatnsveitustjóri getur lokað fyrir vatn í öllum bænum eða nokkrum hluta hans, til hreinsunar á vatnsgeymi og til viðgerða á vatnsgeymum og vatnsæðum. Slík lokun skal þó tilkynnt fyrir fram, ef nokkur tök eru á. Er nægilegt að auglýsingar séu settar á auglýsingastaði víðs vegar í bænum.

8. gr.

Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með 4‰ — fjórum af þúsundi — af fasteignamati húsanna. Af verksmiðjum og húsum, þar sem fram fer atvinnurekstur, sem mikið vatn útheimtir, skal greiða 1½% af fasteignamatsverði, ef ekki er greitt sérstakt gjald fyrir þá notkun.

9. gr.

Af hverri tunnu síldar greiðist 45 aurar. Af hverjum 100 kg af söltuðum, frystum eða ísuðum fiski greiðist 15 aurar. Af hverri tunnu af söltuðum, flökuðum fiski greiðist 30 aurar. Af hverjum 100 kg af hraðfrystum fiskflökum greiðist 60 aurar og frystri síld kr. 1.10 af hverri tunnu.

Vatnsskattskylda framleiðslu má ekki flytja burt af framleiðslustaðnum, fyrr en vatnsskattur af henni er greiddur, að viðlögðum sektum, samkvæmt 16. og 18. gr. reglugerðarinnar, ef út af er brugðið.

10. gr.

Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, s. s. síldarverksmiðjur, getur bæjarstjóri ákveðið að selja því vatn um mæli, kosti þá smálestin 67 aura. Sem lágmarksgjald ber verksmiðjunum að greiða kr. 18000.00 fyrir hverja 1000 mála vélasamstæðu, sem verksmiðjurnar geta annað og tengdar eru við vatnsæð veitunnar. Fyrir hverja smálest af ís til fiskiskipa sé reiknað einnar krónu gjald.

44 5. maí

Þegar ákveðið hefur verið að selja vatn um mæli, ber viðkomandi notanda að útvega sér mæli og annast sjálfur viðhald hans. Vanræki vatnsnotandi að fá sér mæli eða annast viðhald hans, skal vatnsgjald til síldarverðsmiðju vera 12 aurar fyrir hvert mál síldar, er verksmiðjurnar hafa tekið á móti til bræðslu. Ef vatnsnotandi óskar þess, skal vatnsveitan kaupa fyrir hann vatnsmæli.

11. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa. Atvinnurekandi eða útflytjandi ber ábyrgð gagnvart vatnsveitunni á greiðslu vatnsskatts af síld og fiski. Eigandi framleiðslustöðvar ber ábyrgð á að vatnsskattur af vatnsskattsskyldri verkun eða framleiðslu á stöð hans verði greiddur á gjalddaga.

12. gr.

Fyrir vatn til skipa skal gjalda 15 kr. fyrir eina smálest eða hluta úr smálest. Ef um vatnskaup í stórum stíl er að ræða, er bæjarstjóra heimilt að veita afslátt, þó aldrei meira en 25%.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki að viðlögðum sektum, fara af höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

13. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts húsa er 1. apríl ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskattur samkvæmt 9. gr. fellur í gjalddaga um leið og varan er framleidd eða flutt á skipsfjöl til útflutnings. Vatnsskattur samkv. 10. gr. fellur í gjalddaga mánaðarlega eftir á, eða þegar verksmiðjureksturinn hættir ár hvert. Vatnsskattur samkv. 12. gr. fellur í gjalddaga þegar krafizt er.

14. gr.

Heimilt er bæjarstjórn fyrir eitt ár í senn að hækka vatnsskattinn um allt að 100% eða lækka um allt að 50%.

15. gr.

Hver sá, er verður sannur að sök um að taka vatn án heimildar eða á annan hátt en ráð er fyrir gert, í þeim tilgangi að losna við að greiða lögmæt gjöld fyrir, skal sæta sektum, nema þyngri refsins liggi við samkvæmt hegningarlögunum. Auk þess er honum skylt að greiða fyrir vatnið eftir mati vatnsveitustjóra.

16. gr.

Hver, sem skemmir eða saurgar vatnsæðar vatnsveitunnar, vatnsþróna, brunahana eða önnur mannvirki, sem heyra vatnsveitunni til, skal greiða fullar bætur samkv. mati tveggja dómkvaddra manna, og sæta sektum.

17. gr.

Vatnsveitustjóra og öðrum starfsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og aðgerðar. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant skal tafarlaust bæta úr því á kostnað húseiganda.

18. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 500 kr. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og sam- 44
þykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 5. maí
93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Siglufjarðarkaupstaðar nr. 142 24. júlí 1951, ásamt breytingum, sem á henni hafa verið gerðar.

Félagsmálaráðuneytið, 5. maí 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

SAMÞYKKT 45
12. maí

um lokunartíma sölubúða og sölustaða á Selfossi.

1. gr.

Sölubúðum og sölustöðum á Selfossi skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3., 4. og 5. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins, skal sölubúðum lokað kl. 18.00 og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 8.00 árdegis næsta virkan dag.

Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er hér greinir:

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 13.00, nema þegar aðfangadagur og gamlársdagur eru mánudagar, þá má hafa opið til kl. 16.00.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla, skal heimilt að halda sölubúðum opnum til miðnættis. Svo er og heimilt að hafa opið til kl. 22.00 einn virkan dag á undan þessum degi, skömmu fyrir jól. 1. jan.—30. sept. skal lokað á laugardögum eigi síðar en kl. 13.00.

Á tímabilinu frá 1. október til 31. desember skal lokað á laugardögum eigi síðar en kl. 16.00.

Föstudaga á tímabilinu 1. janúar til 30. september má hafa opið til kl. 19.00.

3. gr.

Brauðsölubúðum og mjólkurbúðum má halda opnum, eins og öðrum verzlunum og auk þess almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði frá kl. 8.00 árdegis til kl. 12.00 á hádegi. Þó skal loka jóladag, nýársdag og páskadag eins og öðrum búðum.

Laugardaga á tímabilinu 15. maí til 15. sept. skal loka eigi síðar en kl. 16.00.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

4. gr.

Söluturnum (sælgætisbúðum), sem hafa fengið sérstakt leyfi hreppsnefndar, má halda opnum til sölu blaða, tímarita, frímerkja, sælgætis, gosdrykkja, öls og tóbaksvara, sem hér segir:

Á tímabilinu frá 1. maí til 30. september frá kl. 8.00 til 23.30, alla virka daga.

Á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, frá kl. 8.00 til 22.00. Þó skal lokað föstudaginn langa, jóladag, hvítasunnudag, páskadag, aðfangadag og gamlársdag, eins og venjulegum sölubúðum.

45 Eftir lokunartíma almennra sölubúða má sala aðeins fara fram gegnum afhend-
12. maí ingarlúgur þessara sölustaða, þannig að viðskiptamönnum er ekki hleypt þar inn.
Hreppsnefnd getur bundið leyfið skv. 1. gr. þeim skilyrðum, er hún telur nauðsynleg og ákveðið árlegt gjald í hreppssjóð fyrir hvert leyfi.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða og sölustaða er óheimilt að selja á torgum og strætum eða annars staðar utan sölubúða, nema úr sjálfsölum, nokkurn varning, sem ekki má selja nema skv. verzlunarleyfi.

6. gr.

Menn, sem komnir eru inn í sölubúð eða sölustaði fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari, fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðaskyni eða til ágóða fyrir stofnanir eða fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfir til almenningsheilla.

8. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem er gerð af hreppsnefnd Selfosshrepps, samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 20—500 krónum og renna sektirnar í sveitarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Félagsmálaráðuneytið, 12. maí 1958.

F. h. r.
Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

46 **SAMÞYKKT**
6. maí
um forkaupsrétt og forleigurétt Eskifjarðarhrepps á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur hreppsnefnd Eskifjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

Eskifjarðarhreppi er áskilinn forkaupsréttur og forleiguréttur á eftirgreindum eignum í hreppnum:

Mjóeyri, með útihúsum, eignum Kaupfélagsins Bjarkar á Hlíðarenda, sölubúð, geymsluhúsum, sláturhúsi og bryggju, Randólfshúsi með bryggju, Fiskþurrkunarstöð Sporðs h.f., frystihúsi og geymsluhúsum sama og bryggju, Hólmaborgarsjóhúsi, Friðþjófssjóhúsi, geymsluhúsi Símonar Jónassonar, geymsluhúsi Arnþórs Jensen, Svanshúsi með bryggju, Framnesi með lóð; í Útkaupstað: íbúðarhúsi, samkomuhúsi Umf. Austra, Gömlubúð, bryggjuhúsi og fjósi, Pípugerð Eskifjarðar, Vélaverkstæði

og dráttarbraut; í Framkaupstað: 4 geymslu- og sjóhús neðan götu og ofan götu, verkstæðis-, geymslu- og skrifstofubygging Snæfells h.f. og Framkaupstaðartúni. 46 6. maí

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 6. maí 1958.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUGERÐ

47 14. maí

um skiptingu læknishéraða í þrjá launaflokka.

1. gr.

Samkvæmt fyrirmælum í 12. gr. laga nr. 92 24. desember 1955, um laun starfsmanna ríkisins, og að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um skiptingu læknishéraða í þrjá launaflokka.

I. Í fyrsta launaflokki, er svarar til VI. launaflokks nefndra launalaga, skulu vera þessi læknishéruð:

1. Álafosshérað
2. Akraneshérað
3. Kleppjárnsreykjahérað
4. Búðardalshérað
5. Reykhólahérað
6. Flateyjarhérað
7. Bíldudalshérað
8. Flateyrarhérað
9. Suðureyrarhérað
10. Bolungarvíkurhérað
11. Ísafjarðarhérað
12. Súðavíkurhérað
13. Djúpavíkurhérað
14. Höfðahérað
15. Hofsóshérað
16. Siglufjarðarhérað
17. Grenivíkurhérað
18. Breiðumýrarhérað
19. Kópaskershérað
20. Raufarhafnarhérað
21. Þórshafnarhérað
22. Vopnafjarðarhérað
23. Norður-Egilsstaðahérað
24. Austur-Egilsstaðahérað
25. Bakkagerðishérað
26. Búðahérað
27. Djúpavogshérað
28. Hafnarhérað
29. Kirkjubæjarhérað
30. Víkurhérað
31. Vestmannaeyjahérað
32. Hvolshérað
33. Helluhérað
34. Laugaráshérað
35. Hveragerðishérað
36. Keflavíkurhérað
37. Hafnarfjarðarhérað
38. Kópavogshérað

II. Í öðrum launaflokki, sem svarar til VII. launaflokks launalaga, skulu vera þessi læknishéruð:

1. Borgarneshérað
2. Ólafsvíkurhérað
3. Stykkishólmshérað
4. Þingeyrarhérað
5. Hólmavíkurhérað
6. Hvammstangahérað
7. Ólafsfjarðarhérað
8. Dalvíkurhérað
9. Húsavíkurhérað
10. Eskifjarðarhérað
11. Selfosshérað
12. Eyrarbakkahérað

47 14. maí III. Í þriðja flokki, er svarar til X. launaflokks launalaga, skulu vera þessi læknishéruð:

1. Patreksfjarðarhérað
2. Blönduóshérað
3. Sauðárkrókshérað
4. Seyðisfjarðarhérað
5. Neshérað

2. gr.

Reglugerð þessi gildir frá 1. janúar 1958. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni, nr. 107 30. júlí 1956.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 14. maí 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Baldur Möller.

48 17. maí **Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð dr. Victors Urbancic, hljómsveitarstjóra Þjóðleikhússins, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 17. maí 1958.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð dr. Victors Urbancic hljómsveitarstjóra Þjóðleikhússins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður dr. Victors Urbancic.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af Þjóðleikhússkórnum, til minningar um dr. Victor Urbancic fyrsta hljómsveitarstjóra Þjóðleikhússins og stjórnanda Þjóðleikhússkórsins, með kr. 5600.00 framlögum, sem þakklætisvott fyrir ómetanlegt og heilladrjúgt starf hans.

3. gr.

Þjóðleikhússkórinn mun leitast við, ef nokkur tök eru á, að halda einn samsöng árlega, opinberlega eða í útvarp, helzt um eða á dánardegi dr. Victors Urbancic ef fært reynist, eða þá fyrr eða síðar á árinu eftir því hvernig verkefnum kórsins er háttað hjá Þjóðleikhúsinu, og láta ágóða af þeim samsöng renna óskertan í minningarsjóðinn.

Eignir þær, sem sjóðnum kunna að áskotnast, svo sem gjafir, áheit, ágóða af þessum eða öðrum hljómleikum eða skemmtunum, eða þá á einhvern annan hátt, skulu lagðar við höfuðstól sjóðsins, og lúta lögum þeim og reglum, sem þessi skipulagsskrá mælir fyrir um.

4. gr.

Markmið sjóðsins er, að styrkja lækni til sérnáms í heila- og taugaskurðlækningum (Nevre-kirurgi), þar sem sérmenntaður læknir í þessari grein lækninga var ekki til hér á landi til að veita dr. Victor Urbancic hjálp.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa: Einn maður kosinn af Þjóðleikhússkórnum árlega á aðalfundi kórsins, prófessor í handlæknisfræði við Háskóla Íslands og ekkja hins látna hljómsveitarstjóra meðan hennar nýtur við, en eftir það einn af afkomendum dr. Victors Urbancic. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. 48 17. maí

Þjóðleikhússkórinn kýs einnig á aðalfundi sínum árlega einn varamann er tekur sæti í stjórn sjóðsins í forföllum aðalmanns.

6. gr.

Styrkveiting úr sjóðnum fer fram árlega á afmælisdegi dr. Victors Urbancic, þann 9. ágúst, og skal sá styrkur nema helming sjóðsupphæðarinnar hverju sinni. Heimilt er þó sjóðstjórninni að fresta styrkveitingu um eitt ár eða lengri tíma í senn, ef það þykir betur henta, eða engar styrkbeiðnir berast.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók. Í gerðabókina skal færa inn skipulagsskrá þessa, allar fundargerðir stjórnarinnar, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og annað er varðar hag og rekstur sjóðsins. Enn fremur allar eignir sjóðsins og ársreikninga yfir tekjur og gjöld sjóðsins.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórnin skal birta reikninga hans í B-deild Stjórnartíðinda. Þjóðleikhússkórinn skal kjósa einn endurskoðanda reikninga sjóðsins á aðalfundi kórsins ár hvert og einn varaendurskoðanda, en vandamenn dr. Victors Urbancic tilnefna hinn aðalendurskoðandann.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og birta hana síðan í B-deild Stjórnartíðinda.

Þannig samþykkt á almennum kórfundi Þjóðleikhússkórsins 3. maí 1958.

Þorsteinn Sveinsson,	Svava Þorbjarnardóttir,	Sighv. Jónasson,
formaður.	gjaldkeri.	ritari.

AUGLÝSING

49 22. maí

um staðfestingu á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtaldar úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsing ráðuneytisins nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

17. Nefnd Verkakvennafélags Keflavíkur og Njarðvíkur, Keflavík. Staðfest 22. nóvember 1957.
18. Nefnd Verkalýðsfélagsins Hvöt, Hvammstanga. Staðfest 5. desember 1957.
19. Nefnd Verkamannafélagsins Árvakur og Verkakvennafélagsins Framtíðin, Eskifirði. Staðfest 27. febrúar 1958.
20. Nefnd Verkalýðsfélags Hólmavíkur, Hólmavík. Staðfest 27. febrúar 1958.

49 22. maí 21. Nefnd A.S.B. — félags afgreiðslustúlkna í brauða- og mjólkurbúðum, Bókbindarafélags Íslands, Félags atvinnuflugmanna, Félagsins Skjaldborg, Prentmyndasmiðafélags Íslands, Sveinafélags húsgagnabólstrara, Mjólkurfræðingafélags Íslands, Félags ísl. hljómlistarmanna, Félags starfsfólks í veitingahúsum, Stéttarfélagsins Fóstru, Félags rakarsveina, Bakarasveinafélags Íslands, Félags garðyrkjumanna, Félags ísl. nuddkvenna, Flugvirkjafélags Íslands, Starfsstúlknafélagsins Sókn, Sveinafélags húsgagnasmiða, Þvottakvennafélagsins Freyja, Félags ísl. kjötiðnaðarmanna, Nót, sveinafélag netagerðarmanna, Félags sýningarmanna við kvikmyndahús og Flugfreyjufélags Íslands. Staðfest 22. maí 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 22. maí 1958.

F. h. r.
Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

50 22. maí

AUGLÝSING
um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Reykjavíkur hafa bifreiðastöður verið bannaðar á eftirgreindum götum:

1. Hallveigarstíg sunnan megin götunnar.
2. Spítalastíg frá Þingholtsstræti að Bergstaðastræti beggja vegna götunnar og frá Bergsstaðastræti að Óðinsgötu norðan megin götunnar.
3. Skálholtsstíg frá Fríkirkjuvegi að Grundarstíg beggja vegna götunnar.
4. Bókhlöðustíg beggja vegna götunnar.
5. Þingholtsstræti frá Amtmannsstíg að Skálholtsstíg vestan megin götunnar og frá Bókhlöðustíg að Spítalastíg austan megin götunnar.
6. Laufásvegi frá Skothúsvegi að Bókhlöðustíg vestan megin götunnar.
7. Bergstaðastræti frá Spítalastíg að Baldursgötu vestan megin götunnar.
8. Bjargarstíg norðan megin götunnar.
9. Amtmannsstíg frá Lækjargötu að Skólastræti norðan megin götunnar.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 22. maí 1958.

Sigurjón Sigurðsson.

SAMÞYKKT

51
31. maí

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð fyrir Suður-Múlasýslu nr. 94 31. maí 1951.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:
Sýsluvegir eru þessir:

I. FLOKKUR

1. *Geithellnahreppur:*
Hamarsselsvegur frá þjóðvegi hjá Hamri að Hamraseli.
Kambsselsvegur frá þjóðvegi við Geithellaárbrú að Kambsseli.
Þottárvegur frá Starmýri að Þvottá.
Stórhólsvegur frá Hofsárbrú að Stórhóli.

2. *Búlandshreppur:*
Djúpavogsvegur frá Djúpavogi á þjóðveginn milli Berufjarðar og Hamarsfjarðar.

3. *Beruneshreppur:*
Núpshjáleiguvegur frá þjóðvegi um Núp að Núpshjáleigu.
Fossárdalsvegur frá þjóðvegi að Víðinesi í Fossárdal.

4. *Breiðdalshreppur:*
Fagradalsvegur af þjóðvegi að Fagradal.
Jórvíkurvegur af þjóðvegi að Jórvík.
Tóarselsvegur af þjóðvegi hjá Gilsárstekk um Skarð að Tóarseli.

5. *Stöðvarhreppur:*
Heyklifsvegur frá Hvalnesi að Heyklifi.

6. *Fáskrúðsfjarðarhreppur:*
Gestsstaðavegur frá þjóðvegi að Gestsstöðum.
Tunguvegur frá þjóðvegi sunnan Dalsár að Tungu.

7. *Reyðarfjarðarhreppur:*
Áreyjarvegur frá þjóðvegi hjá Sléttu að Áreyjum.
Selsvegur frá þjóðvegi í Borgarkrók að Eskifjarðarseli.

8. *Helgustaðahreppur:*
Karlsskálavegur frá þjóðvegi við Teigará að Karlsskála.

9. *Norðfjarðarhreppur:*
Seldalsvegur frá þjóðvegi á Sneiðingum að Seldal.
Barðsnesvegur frá Viðfirði að Barðsnesi.
Fanndalsvegur frá Hólum að Fannardal.
Grænanesvegur frá þjóðvegi hjá Hofi að Grænanesi.

10. *Mjóafjarðarhreppur:*
Suðurbyggðarvegur frá þjóðvegi í Firði að Krossi.

51 11. *Eiðahreppur:*
31. maí *Ormsstaðavegur* frá Fossgerðisá um Þrándarstaði, Tókastaði, Ásgeirsstaði og Ormsstaði að Gilsárbrú.
Fljótsbakkavegur af Úthéraðsvegi um Breiðavað að Fljótsbakka.

12. *Egilsstaðahreppur:*
Kollsstaðagerðisvegur frá þjóðvegi á mörkum Kollsstaða og Höfða, að Kollsstaðagerði.

13. *Vallahreppur:*
Jaðarsvegur frá þjóðvegi að Jaðri.
Útnyrðingsstaðavegur frá þjóðvegi utan Ketilsstaða að Útnyrðingsstöðum.
Beinárgerðisvegur frá þjóðvegi innan Ketilsstaða að Beinárgerði.

14. *Skriðdalshreppur:*
Hátúnavegur frá Geitdalsárbrú að Hátúnum.
Suðurdalsvegur frá Múlaárbrú að Hjarðarhlíð.

II. FLOKKUR

1. *Geithellnahreppur:*
Múlavegur frá þjóðvegi að Múla.
Flugustaðavegur frá þjóðvegi að Flugustöðum.
Hærukollsnessvegur frá þjóðvegi að Hærukollsnesi.
Rannveigarstaðavegur frá þjóðvegi í Múlahálsi að Rannveigarstöðum.

2. *Beruneshreppur:*
Urðarteigsvegur frá þjóðvegi að Urðarteigi.
Berunesvegur frá þjóðvegi að Berunesi.

3. *Breiðdalshreppur:*
Gilsárvegur frá þjóðvegi að Gilsá.
Gilsárstekksvegur frá þjóðvegi að Gilsárstekk.
Sjöldólfsstaðavegur frá þjóðvegi að Skjöldólfsstöðum.
Brekkuborgarvegur frá þjóðvegi að Brekkuborg.

4. *Stöðvarhreppur:*
Stöðvárvegur frá þjóðvegi við Óseyri að Stöð.

5. *Fáskrúðsfjarðarhreppur:*
Hafnarnesvegur frá þjóðvegi að bryggju í Hafnarnesi.
Eyrarvegur frá þjóðvegi að mótum heimreiða að Eyrarbæjum.
Hólagerðisvegur frá þjóðvegi að Hólagerði.
Brimnesgerðisvegur frá þjóðvegi að Brimnesgerði.
Berunesvegur frá þjóðvegi að Berunesi.

6. *Reyðarfjarðarhreppur:*
Eskifjarðarvegur frá Bleiksárbrú að Eskifirði.

7. *Helgustaðahreppur:*
Kirkjubólsvegur frá þjóðvegi hjá Karlsstöðum að Kirkjubóli.

8. *Eiðahreppur:* 51
Hjartarstaðavegur frá Úthéraðsvegi um brú á Gilsá að Hjartarstöðum. 31. maí
Grafarvegur frá Úthéraðsvegi að Gröf.

9. *Vallahreppur:*
Höfðavegur frá þjóðvegi að Höfða.
Arnkelsgerðisvegur frá þjóðvegi að Arnkelsgerði.
Víkingsstaðavegur frá þjóðvegi á Vallaneshálsi að Víkingsstöðum.
Freyshólavegur frá þjóðvegi að Freyshólum

10. *Skriðdalshreppur:*
Geirólfsstaðavegur frá þjóðvegi að Geirólfsstöðum.
Arnhólsstaðavegur frá þjóðvegi að Arnhólsstöðum.

Til nýlagningar og viðhalds sýsluvega í II. flokki komi framlag frá einstaklingum eða sveitarfélögum að jöfnu móti framlagi úr sýsluvegasjóði.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Suður-Múlasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 31. maí 1958.

Hermann Jónasson.

Brynj. Ingólfsson.

SAMÞYKKT 52

31. maí

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 4 14. jan. 1949, sbr. samþykkt nr. 11 27. jan. 1954, um breytingu á þeirri samþykkt.

1. gr.

Við 2. gr. samþykktarinnar bætist, á eftir 30. tl. í upptalningu vega:

31. *Tungukotsvegur:* Af þjóðveginum hjá Hlíð um brúarstæði á Guðdalsá að Tungukoti.
32. *Neðri-Fitjavegur:* Af þjóðveginum gegnt Neðri Fitjum um brúarstæði á Fitjaá að Neðri-Fitjum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 31. maí 1958.

Hermann Jónasson.

Brynj. Ingólfsson.

53

VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað

frá 16. maímánaðar 1958 til jafnlengdar 1959.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	A. Fríður peningur.					
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. ..... á	3200	00	3200	00	2667
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	500	00	3000	00	2500
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	380	00	3040	00	2533
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	200	00	2000	00	1667
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	2500	00	2500	00	2083
9.	— 1⅓ hryssu, á sama aldri ..... hver á	2500	00	3333	33	2778
	B. Ull, smjör og tólg.					
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .. pd. á	10	00	1200	00	1000
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	8	00	960	00	800
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	21	00	2520	00	2100
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	5	00	600	00	500
	C. Tóvara af ullu.					
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldssokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvettlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
	D. Fiskur.					
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	250	00	1500	00	1250
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

53

		Í peningum kr.	aur.	Hundrað á kr.	aur.	Alin aur.
	E. Lýsi.					
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
	F. Skinnavara.					
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns ..... 10 pund á	25	00	150	00	125
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns ..... 10 pund á	20	00	120	00	100
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri 10 pund á	»	»	»	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám 10 pund á	»	»	»	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit ..... hvert á	»	»	»	»	»
	G. Ýmislegt.					
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum .. pundið á	»	»	»	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum ..... pundið á	»	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
30. *Akureyjarvegur,* frá Landeyjavegi syðri, við Fljótsveg, að þinghúsinu í Akurey.
31. *Bergþórshvolsvegur,* af Syðri-Landeyjavegi sunnan Bergþórshvols að Bergþórshvoli.
32. *Sigluvíkurvegur,* frá Landeyjavegi syðri, við Fljótsveg, að Út-Landeyjavegi, vestan Skúmsstaða.
33. *Króksvegur,* af Út-Landeyjavegi, sunnan Púfu, um Skeggjastaði að Vestri-Tungu.
34. *Hólsárvegur,* af Bakkabæjavegi hjá Ártúnum að Ytra-Hóli II.

Austur-Landeyjahreppur:

35. *Affallsvegur,* af Suðurlandsvegi norðan Voðmúlastaðahverfis um Kanastaði á þjóðveginn norðan Úlfsstaða.
36. *Krossvegur,* af Landeyjavegi syðri, norðan Voðmúlastaða, um Sel og Stóru-Hildisey, að uppþurrkunarskurði sunnan við Kross, með álmu að Krossi.
37. *Litlu-Hildiseyjarvegur,* af Landeyjavegi syðri, um Litlu-Hildisey að Fagurhóli.
38. *Hallgeirseyjarvegur,* af Landeyjavegi syðri austan við Affallsbrú syðri að Hallgeirsey.

73 31. maí

39. *Snotruvegur,* af Landeyjavegi syðri, norðan Skíðbakka, um Skíðbakka að Snotru.
40. *Ljótarstaða-* og *Lágafellsvegur,* af Landeyjavegi syðri að Ljótarstöðum og Lágafelli.
41. *Hólmabæjavegur,* á Landeyjaveg syðri, norðan Miðeyjar, um Svanavatn að hreppamörkum Eyjafjallahrepps.

Vestur-Eyjafjallahreppur:

42. *Hólmabæjarvegur,* af Suðurlandsvegi austan Steinmóðarbæjarhólma suður að Dalsselsá norðan og vestan Dalssels um Borgareyrar að hreppamótum Vestur- og Austur-Eyjafjallahrepps hjá Svanavatni.
43. *Stóradalsvegur,* af Suðurlandsvegi á móts við Stóradal, að Stóradal.
44. *Heimalandsvegur,* frá Suðurlandsvegi að Heimalandi.
45. *Hólavegur* af Sandhólmavegi hjá Efri-Kvíhólma um Efra-Hól að Syðri-Hóli.
46. *Hverfisvegur,* af Suðurlandsvegi austan Holts um Mið- og Syðstu-Grund milli Indriðakots og Björnskots á Suðurlandsveg austan Írár.

Austur-Eyjafjallahreppur:

47. *Leirnavegur,* af Suðurlandsvegi vestan Hlíðar, fram hjá Berjaneskoti að Berjanessafleggjara, um Leirnahverfi og Miðbælishverfi, á Suðurlandsveg vestan Bakkakotsár.
48. *Raufarfellsvegur,* af Suðurlandsvegi austan Svaðbælisár, yfir Laugará að Suðurlandsvegi vestan Kaldaklifsárbrúar.
49. *Laugarvegur,* af Raufarfellsvegi við Lambafell að Seljavallalaug.
50. *Eyvindarhólavegur,* frá Suðurlandsvegi vestan Hrútafells að Eyvindarhólum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Rangárvallasýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 31. maí 1958.

Hermann Jónasson.

Brynjólfur Ingólfsson.

74 31. maí

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð fyrir Austur-Húnavatnssýslu, nr. 42 2. apríl 1928, sbr. samþykkt um breytingu á þeirri samþykkt, nr. 36 8. marz 1956.

1. gr.

Inn í 2. gr. samþykktarinnar bætist, á eftir 44. tl., í upptalningu veganna:

45. *Ásbúðavegur í Skagahreppi:* Af þjóðveginum að Ásbúðum.
46. *Hólmavegur:* Af veginum hjá Króksseli að Hólma.
47. *Breiðavaðsvegur:* Af þjóðveginum að Breiðavaði.
48. *Bakásavegur:* Frá Ásum að Kárastöðum (framlenging Bakásavegar, sbr. 21. tl.).
49. *Finnstunguvegur:* Frá þjóðveginum að Finnsstungu.

2. gr. 74
Samþykkt þessi öðlast þegar gildi. 31. maí

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947, staðfestist hér með og birtist til eftirbretyni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 31. maí 1958.

Hermann Jónasson.

Brynjólfur Ingólfsson.

SAMÞYKKT 75
31. maí

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Eyjafjarðarsýslu, nr. 55 17. maí 1926.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Öngulsstaðahreppur:

1. *Leifsstaðavegur,* af Norðurlandsvegi norðan við Festarklett að Leifsstöðum.
2. *Garðsárdalsvegur,* af Laugalandsvegi neðan Hóls að Garðsá.

Saurbæjarhreppur:

3. *Sölvadalsvegur,* af Vatnsendavegi norðan Núpufells að Þormóðsstöðum.
4. *Hólsgerðisvegur,* af Eyjafjarðarvegi hjá Torfufelli að Hólsgerði, með álmu austur yfir Eyjafjarðará.
5. *Gilsbakkavegur,* af Djúpadalsvegi norður frá Hvassafelli að brú á Skjóldalsá við Gilsbakka.

Hrafnagilshreppur:

6. *Finnastaðavegur,* af Eyjafjarðarvegi norðan Hólshúss um efribyggð að brúnni á Skjóldalsá, neðan Gilsbakka.

Glæsibæjarhreppur:

7. Áslaksstaðavegur, frá Norðurlandsvegi neðan við Samtún um Áslaksstaði að Hrappsstaðaá.
8. *Gásavegur,* frá Dagverðareyri um Gásir, Skipalón, Hlaðir að Hörgárbrú.

Öxnadalshreppur:

9. Hraunsvegur, af Hörgárdalsvegi innri, vestan Öxnadalsárbrúar undan Bægisá, upp Hörgárdal að vestan að Hrauni, með álmu yfir á Norðurlandsveg hjá Þverá.

Skriðuhreppur:

10. Af *Hörgárdalsvegi* innri hjá Flögu upp með ánni að Flöguseli.
11. *Búðarnesvegur,* af Hörgárdalsvegi innri nálægt Myrká yfir Hörgá að Búðarnesi.

Arnarneshreppur:

12. *Brekkutorfuvegur,* af Hörgárdalsvegi ytri hjá Björgum um Möðruvelli, Brekkutorfu og á Dalvíkurveg hjá Hofi.
13. *Ósvegur,* af Dalvíkurvegi rétt norðan Hofs, um Óstún og á Hjalteyrarveg rétt neðan Bragholts.

75 31. maí

14. *Pálmholtsvegur,* af þjóðveginum hjá Reystará um Pálmholt og Búland á Ósveg hjá Syðribakka.

Árskógshreppur:

15. *Vallholtsvegur,* af Dalvíkurvegi við Þorvaldsdalsá um Vallholt og Brattavelli að landamerkjum Kleifar.

Dalvíkurhreppur:

16. *Holtsvegur,* af Múlavegi við Brekkunaust að Holti.

Svarfaðardalshreppur:

17. *Skíðadalsvegur,* af Hrísavegi vestan Skíðadalsárbrúar fram vestan ár að Kóngsstöðum, með álmu yfir á brú norðan Klængshóls.
18. *Urðavegur,* af Svarfaðardalsvegi hjá Urðum norðan ár að Atlastöðum, með álmu yfir brú á Svarfaðardalsá við Lambá um Hæringsstaði að Búrfelli og Skeiði.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi, jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 54 27. maí 1929, um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð í Eyjafjarðarsýslu, nr. 56 17. maí 1926.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, um sýsluvegasjóði, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 31. maí 1958.

Hermann Jónasson.

Brynjólfur Ingólfsson.

76 9. júní

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um skyldusparnað, nr. 184 frá 27. nóv. 1957.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 6% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðarbygginga eða bústofnunar í sveit.

Skyldusparnaðurinn hefst við næstu mánaðarmót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu mánaðarmót eftir að hann verður 26 ára.

2. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Undanþegnir sparnaðarskyldu eru:

a. gift fólk, sem hefur stofnað heimili;
b. skólafólk, sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða meira á ári, og iðnnemar meðan þeir stunda iðnnám;
c. unglingar í sveitum, sem vinna hjá foreldrum sínum eða fósturforeldrum og leggja árlega 25% af kaupi sínu, að fæði frádregnu, í bústofnsaukningu;

d. þeir, sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri sínu, þó ekki þeir, er hafa yfir 30 þúsund krónur skattskyldar tekjur, enda hafi þeir ekki fyrir heimili að sjá. 76 9. júní

Heimilt er undirskattanefndum að veita tímabundna undanþágu frá sparnaðarskyldu þeim, sem verða fyrir veikindum eða slysum eða hafa sérstaklega þungar fjárhagsbyrgðar. Úrskurði undirskattanefndar má áfrýja til félagsmálaráðherra.

Sá sem er undanþeginn skyldusparnaði, samkvæmt þessari grein, skal þó fá tilskilinn hluta launa sinna greiddan í sparimerkjum, sbr. 1.—2. gr. reglugerðar þessarar, en sparimerki fær hann greidd hjá næsta pósthúsi, sem selur sparimerki, sbr. 8. gr.

3. gr.

6. gr. 2. mgr. orðist svo:.

Ef bókareigandi er giftur og hefur stofnað heimili, skal hann framvísa giftingarvottorði sínu. Sé hann námsmaður, skal hann leggja fram vottorð skólastjóra um, að hann hafi stundað skólanám í 6 mánuði eða lengur á því almanaksári, sem tekjurnar falla til á. Iðnnemar skulu framvísa námssamningi, staðfestum af lögreglustjóra.

Útlendingar skulu sanna fyrirhugaða brottför sína með því að framvísa farseðli sínum til útlanda.

Þeir, sem hafa á framfæri sínu börn eða aðra skylduómaga, sbr. d-lið 5. gr., skulu framvísa vottorði undirskattanefndar eða skattstjóra. Sama gildir, er um er að ræða undanþágu samkvæmt 2. mgr. 5. gr. nema ákvörðun undirskattanefndar eða skattstjóra hafi verið áfrýjað, þá skal framvísa ráðuneytisbréfi um undanþáguna. Eftir að hafa athugað hvort hlutaðeigandi bókareigandi á rétt til undanþágu frá skyldusparnaði, samkvæmt framlögðum gögnum, ritar lögreglustjóri eða hreppstjóri vottorð um undanþáguna í sparimerkjabókina. Jafnframt skal hann auðkenna þau sparimerki, sem vera kunna í sparimerkjabók hlutaðeigandi manns, og undanþágan tekur ekki til, með stimpli sínum eða með upphafsstöfum sínum, ef stimpill er ekki fyrir hendi.

4. gr.

Ný grein, sem verður 20. grein, svo hljóðandi, og breytist greinatala reglugerðarinnar því til samræmis:

Allur kostnaður við sparimerki, sparimerkjabækur og framkvæmd skyldusparnaðarins greiðist úr ríkissjóði.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 45 11. júní 1958, um breyting á lögum nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, Byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Í félagsmálaráðuneytinu, 9. júní 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

77
16. júní

SAMÞYKKT

um lokunartíma sölubúða og sölustaða á Raufarhöfn.

1. gr.

Sölubúðum á Raufarhöfn skal loka eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar. Sama gildir um sölustaði, þar sem innlendur varningur er hafður á boðstólum og hans ekki neytt á staðnum.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 18.00 og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 8.30 næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og á gamlaársdag skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 13.00. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að halda sölustöðum opnum til miðnættis, svo er og heimilt að hafa opið til kl. 22.00 einn virkan dag á undan þessum degi, skömmu fyrir jól.

Á tímabilinu frá 1. maí til 30. sept. skal á laugardögum loka sölubúðum og sölustöðum eigi síðar en kl. 13.00, á tímabilinu 1. okt. til 31. des. kl. 16.00, frá 1. jan. til 30. apríl eigi síðar en kl. 16.00.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 17. júní og fyrsta mánudag í ágústmánuði mega ekki sölubúðir eða sölustaðir vera opnir.

Hinn 1. maí og 1. desember skal sölubúðum og sölustöðum lokað kl. 12.00 á hádegi, ef þessa daga ber upp á virka daga.

4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða og sölustaða í samþykkt þessari skal sú undanþága vera, að brauðsölubúðum og/eða brauðgerðarhúsum og mjólkurbúðum má halda opnum eingöngu til sölu á brauði, kökum, mjólk, rjóma og skyri, sem hér segir:

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 17. júní og fyrsta mánudag í ágústmánuði. Þó skal loka jóladag, nýársdag og páskadag eins og öðrum búðum.

Veitingastaðir, er hafa fengið tilskilið veitingaleyfi, mega vera opnir til kl. 23.30, enda sé söluvörum þeirra neytt að veitingastað. Þó skal þeim lokað: jóladag, nýársdag, páskadag og hvítasunnudag svo sem öðrum sölustöðum.

Aðfangadag jóla og gamlaársdag skal loka eigi síðar en kl. 16.00.

5. gr.

Sveitarstjórn getur leyft, að vikið sé frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða, þegar um er að ræða:

a. Verzlanir, er selja varning beint út á götu, t. d. gegnum söluop, eða hafa sérstakt leyfi sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar, til að verzla með takmarkaðan fjölda vörutegunda.
b. Veitingastaðir, er samkvæmt sérstöku leyfi sveitarstjórnar selja vörur, sem ekki er ætlað að neyta á staðnum. Undanþegnir gjaldi samkvæmt síðustu málsgrein, eru þeir veitingastaðir, sem selja heitar máltíðir, enda sé sú starfsemi megin hluti rekstursins, að dómi sveitarstjórnar.

Í verzlunarstöðum þessum má selja þann varning, er heilbrigðisnefnd samþykkir hverju sinni, og er umbúnaður þeirra og fyrirkomulag allt háð samþykki

lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar. Sala má þar fara fram á virkum dögum kl. 8.00—23.30 og á helgidögum frá kl. 9.00—12.00 og kl. 16.00—23.30. Þó skal lokað föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, aðfangadag jóla og jóladag og nýársdag, samkvæmt því sem segir í 4. gr. 77 16. júní

Sveitarstjórn getur sett nánari reglur um leyfi til verzlunarreksturs skv. þessari grein og getur bundið hann öllum þeim skilyrðum, er hún telur nauðsynlegt, m. a. greiðslu árlegs gjalds til sveitarsjóðs fyrir hvert leyfi, og má innheimta það með lögtaki.

6. gr.

Fólk, sem komið er inn í sölubúð eða sölustað fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

Matvæli og aðrar nauðsynjavörur til skipa, sem eru að leggja úr höfn, er heimilt að afgreiða eftir lokunartíma. Heimild þessi nær til allra tíma sólarhringsins, svo og helgidaga, yfir síldarvertíðina.

7. gr.

Lyfjasala er undanþegin reglugerð þessari.

8. gr.

Sveitarstjórn er enn fremur heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðaskyni eða til ágóða fyrir stofnanir eða félgassamtök, er vinna að menningarmálum og líknar- og mannúðarmálum.

9. gr.

Samþykkt þessi, sem er gerð af hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps, samkv. lögum nr. 17 1. febrúar 1946, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 20—500 krónum og renna sektirnar í sveitarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Félagsmálaráðuneytið, 16. júní 1958.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUGERÐ 78 25. júní

um takmörkun leigubifreiða á Akranesi og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga á Akranesi skal á hverjum tíma miðuð við íbúatölu Akraness, þannig að ein leigubifreið komi á hverja 200 íbúa, sem lögheimili eiga á Akranesi samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Þegar rétt hlutföll eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu, skal veita atvinnuleyfi í stað hvers leyfis er losnar, svo og vegna fólksfjölgunar, eitt leyfi fyrir hverja 200 íbúa.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. júní ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framanskráðu.

78 25. júní

2. gr.

Við gildistöku reglugerðar þessarar skulu allir þeir, sem 1. janúar 1958 höfðu afgreiðslu hjá bifreiðastöð á Akranesi, halda leyfi sínu, ef þeir eru meðlimir Bifreiðastjórafélagsins Ekils, enda hafi þeir sótt um atvinnuleyfi til stjórnar félagsins innan eins mánaðar frá gildistöku reglugerðar þessarar, ella fellur réttur þeirra til leyfisins niður.

3. gr.

Enginn bifreiðarstjóri má hafa afgreiðslu hjá bifreiðastöð á Akranesi, nema hann hafi öðlazt atvinnuleyfi sem leigubifreiðarstjóri á Akranesi. Leyfin skulu tölusett og bundin við nafn leyfishafa. Engum má úthluta fleirum en einu atvinnuleyfi, nema Þórði Þ. Þórðarsyni. Skal hann fá fjögur atvinnuleyfi af þeirri tölu leigubifreiða, sem ákveðin eru með reglugerð þessari. Er honum óheimilt að nota þau atvinnuleyfi, sem gefin eru út á hans nafn, fyrir aðrar bifreiðar en þær, sem eru hans eign.

Sem atvinnurekandi skal Þórður Þ. Þórðarson ekki skyldur að gerast félagi í Bifreiðastjórafélaginu Ekli, og skal honum heimilt að ráða bifreiðarstjóra á leigubifreiðar sínar, þótt þeir hafi eigi atvinnuleyfi önnur en þau, er Þórður Þ. Þórðarson hefur fyrir bifreiðum þessum.

4. gr.

Leigubifreiðastjórar, sem ekki hafa afgreiðslu á bifreiðastöð á Akranesi, hafa ekki atvinnuréttindi þar, nema eftir kvaðningu fyrir fram.

5. gr.

Bifreiðarstjóri, sem óskar að fá atvinnuleyfi sem leigubifreiðarstjóri, skal sækja um á þar til gerðu eyðublaði til Bifreiðastjórafélagsins Ekils. Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð á Akranesi um, að umsækjandi geti fengið þar afgreiðslu.

Atvinnuleyfin skulu gefin út af tveimur mönnum, sem hér eftir eru nefndir úthlutunarmenn í reglugerð þsesari. Skal annar þeirra tilnefndur af stjórn Bifreiðastjórafélagsins Ekils, en hinn af ráðherra. Tilnefningin er til þriggja ára í senn.

Úthlutunarmenn skulu líta eftir, að ákvæðum laga um leigubifreiðar í kaupstöðum og reglugerðar þessarar sé fylgt.

Stjórn Bifreiðastjórafélagsins Ekils skal senda úthlutunarmönnum til afgreiðslu umsóknir um atvinnuleyfi og annað, sem fyrir þá ber að leggja, samkvæmt reglugerð þessari, ásamt rökstuddum tillögum.

Við úthlutun atvinnuleyfa skal starfsaldur bifreiðarstjóra við akstur leigubifreiðar til mannflutninga lagður til grundvallar þannig, að sá, sem lengstan hefur starfsaldur sem bifreiðarstjóri við mannflutninga, hvar sem er á landinu, gengur fyrir, nema sérstakar ástæður mæli gegn því.

Starfstími bifreiðarstjóra við akstur sérleyfisbifreiða til mannflutninga telst við aldursflokkun jafngildur akstri smærri bifreiða.

6. gr.

Leyfishafa er heimilt að hafa bifreið sína í afgreiðslu hjá hverri þeirri bifreiðastöð á Akranesi, er hann getur fengið afgreiðslu hjá, enda sé bifreiðastöðin viðurkennd af bæjarstjórn Akraness.

Óheimilt er bifreiðastöð að taka bifreið í afgreiðslu, fyrr en viðkomandi bifreiðarstjóri hefur lagt fram atvinnuleyfi sitt. Leyfið skal vera í vörzlu stöðvarinnar, á meðan leyfishafi hefur þar afgreiðslu.

Nú vill leyfishafi flytja sig á aðra bifreiðastöð, skal hann þá afhenda þeirri bifreiðastöð, er hann ekur hjá, yfirlýsingu frá þeirri stöð, sem hann hyggst flytja á, um að hann geti fengið þar afgreiðslu. Síðan skal sú bifreiðastöð, sem leyfishafi flytur frá, tilkynna Bifreiðastjórafélaginu Ekli flutninginn innan 4 daga. 78 25. júní

Bifreiðastöð er óheimilt að halda atvinnuleyfi leyfishafa, ef hann flytur sig löglega til afgreiðslu á aðra bifreiðastöð.

7. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta atvinnuleyfi sitt af hendi á nokkurn hátt, nema til Bifreiðastjórafélagsins Ekils, sem tilkynnir það þegar úthlutunarmönnum.

Leyfishafi, sem af einhverjum ástæðum getur ekki rekið leigubifreið samkvæmt leyfi sínu, eða notað það á annan hátt löglega, getur haldið leyfisréttindum sínum í allt að 6 mánuði. Ef sérstaklega stendur á, geta úthlutunarmenn framlengt þennan frest, enda óski leyfishafi þess.

Nú notar leyfishafi ekki atvinnuleyfi sitt lengri eða skemmri tíma, en heldur því þó, sbr. 2. mgr., og er þá bifreiðastöð óheimilt að taka annan í afgreiðslu í hans stað á meðan.

Leyfishafi getur misst atvinnuréttindi sín, ef hann er fjarverandi tvo mánuði eða lengur, án þess að hafa tilkynnt viðkomandi bifreiðastöð fjarveru sína og orsakir hennar. Stöðvarstjóri skal tilkynna fjarveruna til stjórnar Bifreiðastjórafélagsins Ekils, en hún ber málið undir úthlutunarmenn, sem ákveða hvort svipta skuli leyfishafa atvinnuleyfi eða ekki.

8. gr.

Ef leyfishafa er sagt upp afgreiðslu af gildum ástæðum, skal viðkomandi bifreiðastöð afhenda atvinnuleyfi hans formanni Bifreiðastjórafélagsins Ekils samdægurs, eða næsta virkan dag. Skal leyfið vera í vörzlum félagsins meðan leyfishafi er að útvega sér afgreiðslu hjá annarri bifreiðastöð.

Takist leyfishafa ekki að fá afgreiðslu hjá annarri bifreiðastöð innan 30 daga, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins og fellur það þá til úthlutunar að nýju, nema úthlutunarmenn ákveði annað.

9. gr.

Nú hættir leyfishafi að reka leigubifreið samkvæmt atvinnuleyfi sínu og segir atvinnuleyfinu upp fyrir fullt og allt. Skal hann þá skrá yfirlýsingu þar að lútandi á atvinnuleyfi sitt og bifreiðastöð sú, sem hann hafði afgreiðslu hjá, síðan afhenda atvinnuleyfið formanni Bifreiðastjórafélagsins Ekils samdægurs eða næsta virkan dag. Síðan ráðstafa úthlutunarmenn leyfinu samkvæmt reglugerð þessari.

Á sama hátt skal skila til Bifreiðastjórafélagsins Ekils atvinnuleyfi, sem losnar af öðrum orsökum en um getur í 1. mgr., svo sem við andlát leyfishafa, eða ef hann fyrirgerir rétti sínum til leyfisins.

10. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta annan mann en þann, sem hefur atvinnuleyfi, aka fyrir sig nema í eftirtöldum tilfellum, að fenginni undanþágu samkvæmt 11. gr.:

a. Ef leyfishafi er veikur.
b. Ef leyfishafi er að vinna í þágu Bifreiðastjórafélagsins Ekils, bifreiðastöðva þeirra, er reglugerð þessi nær til, eða þeirra stofnana verkalýðssamtakanna, sem Bifreiðastjórafélagið Ekill á aðild að.
c. Ef leyfishafi deyr, heldur ekkja hans atvinnuleyfinu, ef hún æskir þess.

78 25. júní

11. gr.

Vilji leyfishafi öðlast undanþágu samkv. 10. gr., skal hann sækja um það skriflega til Bifreiðastjórafélagsins Ekils. Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð leyfishafa um, að hún samþykki þann ökumann, sem leyfishafi vill að aki bifreiðinni. Bifreiðastjórafélaginu Ekli er þá heimilt að veita undanþágu, og skal hún vera skrifleg, tímabundin og tekið fram hvað í henni felst. Er viðkomandi bifreiðarstjóra skylt að bera slíka undanþágu á sér, er hann er við akstur, og sýna trúnaðarmönnum stéttarfélagsins, ef þeir æskja þess.

Bifreiðastjórafélgaið Ekill skal halda skrá yfir veittar undanþágur samkvæmt framansögðu.

12. gr.

Á hverri bifreiðastöð skal vera skrá yfir þær bifreiðar, sem þar hafa afgreiðslu. Skal skrá þessi fest upp, þar sem bifreiðastjórar eiga greiðan aðgang að og tilgreint í henni skrásetningarnúmer bifreiðar, nafn og heimilisfang bifreiðarstjóra og eiganda.

13. gr.

Úthlutunarmönnum er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir, ef leyfishafi brýtur ákvæði reglugerðar þessarar, eða fyrir fullt og allt, ef um alvarlegt eða ítrekað brot er að ræða. Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgöngumálaráðuneytisins.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, frá 100—10 000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum ákvæðum, og skal farið með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum, nr. 40 29. maí 1957, sbr. l. nr. 29 14. maí 1958, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 25. júní 1958.

Eysteinn Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

79 28. júní

AUGLÝSING

um breyting á lyfjaverði, eins og það er ákveðið í Lyfsöluskrá II frá 1. júlí 1957.

Frá og með 1. júlí 1958 hækkar verð sérlyfja, eins og það er ákveðið í Lyfsöluskrá II frá 1. júlí 1957, sbr. auglýsingu nr. 107 29. júní 1957, um 15%.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 28. júní 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Baldur Möller.

HAFNARREGLUGERÐ

80
2. júní

fyrir Akureyrarkaupstað.

I. KAFLI
Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Akureyrarhöfn takmarkast að norðan af beinni línu, sem hugsast dregin úr yzta Glerárós í Geldingsá. Innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu umhverfis fjarðarbotninn á alla vegu. Enn fremur nær höfnin yfir svæðið frá nefndri línu norður að beinni línu, sem hugsast dregin beint til austurs frá þeim stað þar sem mörk lögsagnarumdæmis Akureyrar og Glæsibæjarhrepps koma til sjávar. Austurtakmörk þessa svæðis, sem liggur norðan við ofannefnda línu úr Glerárós í Geldingsá, eru í miðjum Eyjafirði, en að vestan takmarkast það af landinu.

II. KAFLI
Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón samgöngumálaráðuneytisins.

Hafnarnefndin hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

3. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast bæjarstjóri í samráði við hafnarnefnd. Til aðstoðar hafnarnefnd skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir. Bæjarstjórnin skipar fasta starfsmenn eftir tillögu hafnarnefndar og setur þeim erindisbréf, en hafnarnefndin getur sagt þeim upp eða vikið þeim frá, án þess til þurfi að koma samþykki bæjarstjórnar.

III. KAFLI
Um almenna reglu.

4. gr.

Hafnarvörður sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og enn fremur þeirra starfsmanna, er hann setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir bæjarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

5. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða öðrum störfum, sem þar eru unnin.

80 6. gr.

2. júní Böð nálægt landi eða við bryggjur hafnarinnar eru bönnuð, nema með leyfi lögreglustjóra. Veiði með skotum og öll skot að óþörfu eru bönnuð innan hafnarinnar.

7. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu.

Álíti hafnarvörður að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarvarðar.

8. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip né þétta eldri skip eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi bæjarstjóra og með þeim skilmálum, sem hann ákveður. Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna, nema með leyfi bæjarstjóra.

9. gr.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á höfninni, frá skipum er þar liggja, né flytja það úr landi í höfnina.

Ekki má heldur gera nein hafnarmannvirki við höfnina, né breyta mannvirkjum, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi bæjarstjórnar komi til.

IV. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra um höfnina.

10. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að tálmi affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum bæjarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar um hvar þau megi liggja og leggjast. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggjunni að eigi sé nægilegt rúm fyrir önnur skip að komast að og frá.

Skipum eða bátum má ekki leggja svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina. Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum bæjarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni og getur þá bæjarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda.

11. gr.

Í sérhverju skipi eða fari (að undanskildum skipum eða förum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlaus í lægi á höfninni) skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

12. gr.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggjur, nema við festarhringana eða við festarstólpa. Séu landfestar úr járni, skulu þær vera klæddar þar sem þær hvíla á bólvirkinu eða bryggjunni. Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þess eigi nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því tafarlaust. Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skips og virkis eða bryggju, ef krafizt er. 2. júní

13. gr.

Gufuskip og önnur vélarskip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af því.

Ekki má hleypa vatni á bryggjur eða bólvirki að óþörfu.

14. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur, þar sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má bæjarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

V. KAFLI

Notkun hafnarbryggnanna.

15. gr.

Meðan bæjarstjóri eigi ákveður annað, hafa öll skip rétt til þess að leggjast við bryggjur hafnarinnar, í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu að öðru jöfnu skip, sem sigla eftir fyrirfram ákveðinni og auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til þess að leggjast að bryggjum, þótt önnur skip liggi þar fyrir og verða þau að víkja meðan hin eru afgreidd. Sams konar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti bæjarstjóra, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess.

16. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja yfir þilför hinna á bjálkabrúm. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, er nær liggja.

17. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skipsins og bólvirkisins, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þess eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Kjölfestu má eigi láta annars staðar á lóðir eða mannvirki hafnarinnar en þar sem hafnarvörður vísar til.

18. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða bólvirki, sem notað hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

80 19. gr.

2. júní Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðar eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi bæjarstjóra. Skal flytja burt muni og vörur, jafnskjótt sem bæjarstjóri krefst þess.

Sé það eigi gert, lætur bæjarstjóri gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

VI. KAFLI

Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

20. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi á höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt er í lægi og skal leyfið bundið því skilyrði, að ef skipið sekkur láti eigandi taka það upp eða sprengja það sundur, svo að það skemmi ekki höfnina, og sé því eigi fullnægt innan hæfilegs frests, þá getur hafnarnefndin látið gera það á kostnað eiganda. Hafnarnefnd ákveður í hvert sinn, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufærin skuli vera og hvernig þeim skuli vera fyrir komið. Nú sannar eigandi geymsluskips með vottorði tveggja óvilhallra manna, er útnefndir séu af hafnarnefnd, að skip hans sé svo þétt, að ekki stafi nein hætta af, hvað legu snertir, þó að það sé mannlaust, þá er honum leyfilegt að leggja skipinu og láta það liggja án þess menn séu á því á þeim tíma árs, er ekki verður heimtað ljós í skipum utan þess svæðis.

Ljós skal tendra á skipum þessum og hljóðbendingar skulu gerðar eftir reglum þeim, er settar eru í alþjóðasjóferðareglum fyrir skip, er liggja fyrir akkeri.

21. gr.

Meðan skip liggur mannlaust á höfninni, skal ekki sjaldnar en einu sinni á viku fara út í það, til þess að líta eftir hvort legufæri eða annað hafi haggazt eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það, svo fljótt sem auðið er. Eigi ber hafnarsjóður neina ábyrgð á skipum þeim, sem lagt er í lægi á höfninni.

VII. KAFLI

Um hafnargjöld.

22. gr.

Um lestagjald.

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn sem þau leggjast við festar á höfninni, þó með þeim undantekningum, sem síðar getur.

Ef ekki er öðruvísi ákveðið, greiðist lestagjald af nettóburðarmagni skipsins, talið í heilum tölum, en brotum skal sleppa.

23. gr.

a. Skip, sem eru eign búsettra manna á Akureyri og skrásett þar og ekki eru í millilandsiglingum skulu greiða lestagjald (hafnargjald) einu sinni á ári, kr. 3.75 fyrir hverja rúmlest.
b. Innlend fiskiskip greiða kr. 0.75 fyrir hverja rúmlest í hvert skipti, er þau koma til hafnar.

Strandferðaskip, sem eru einungis í innanlandssiglingum, greiða kr. 0.50 fyrir hverja rúmlest, þó ekki meira en kr. 5.00 á ári fyrir hverja rúmlest. Strandferðaskip, sem sigla á útlönd, skulu greiða kr. 0.65 á hverja rúmlest. 80 2. júní

c. Öll önnur skip, er til hafnar koma, nema herskip, varðskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiskip, skip, sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda, skulu greiða kr. 1.00 lestagjald fyrir hverja smálest.

24. gr.

Hafi skipið legið á höfninni 30 daga, skal greiða lestagjaldið að nýju fyrir hverja 30 daga eða brot úr þeim. Hafi skipið verið tekið á land til viðgerðar, telst sá tími ekki með, sem það stóð uppi.

VIII. KAFLI

Um ljósagjald.

25. gr.

Öll skip, sem koma til hafnar á tímabilinu frá 14. ágúst til 14. apríl og lestagjald greiða, skulu greiða ljósagjald þannig:

a. Skip, sem getur um í 23. gr. a. greiða kr. 50.00 á ári.
b. Skip, sem getur um í 23. gr. b. greiða kr. 20.00 í hvert skipti, sem þau koma til hafnar.
c. Öll önnur skip greiða 10 aura fyrir hverja smálest, þó aldrei minna en kr. 20.00 í hvert skipti.

IX. KAFLI

Um bryggjugjald.

26. gr.

a. Gjald af bryggjum bæjarsjóðs. — Hvert skip, sem leggst við bólvirki eða bryggju, eða við skip, sem liggur við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald af nettórúmlestatölu skipsins talið í heilum rúmlestum en brotum skal sleppa. Gjaldið skal greiða fyrir hvern hálfan sólarhring, eða hluta af hálfum sólarhring, 20 aura af hverri brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 20.00 í hvert sinn. Varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.
b. Gjald af bryggjum einstakra manna. — Bryggjueigendur greiða ekkert gjald af sínum eigin fiskiskipum eða öðrum fiskiskipum, meðan þau reka fiskveiðar frá Akureyri og leggja upp á þeirra eigin bryggjur. Flutningsskip og önnur gjaldskyld skip, greiða samkvæmt gjaldskrá hafnarsjóðs ½ bryggjugjald.

Hafnarnefnd er heimilt að lækka gjald, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

27. gr.

Skipakvíargjöld.

Þeir, sem vilja fá skipum sínum lagt í skipakví vetrarlangt, snúi sér til hafnarnefndar fyrir 1. sept. ár hvert. Skipakvíargjald fer eftir samningi.

X. KAFLI

Um vörugjald.

28. gr.

Vörugjaldið skal greiða af öllum vörum og skepnum lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, sem um getur í næstu greinum.

80 2. júní

29. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því eigi að leggjast á land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft gjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda séu þær ákveðnar það samkvæmt farmskrá, greiðist ekkert gjald.

30. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Umbúðir, sem endursendar eru.
b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
c. Bréfapóstur og farangur ferðamanna.
d. Vörur, sem fluttar eru úr herskipi eða í herskip.

31. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds og er skipstjóri skyldur að láta bæjarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips hans. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki bæjarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

32. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vöruskrá tiltekur og gjald greiða eins og þar segir.

Ef vafi leikur á, í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, skal bæjarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

33. gr.

Vörugjaldskrá.

A. Aðfluttar vörur.

1. flokkur. Gjald 1.00 kr. fyrir hver 100 kg: Kol, koks, salt, sement.
2. flokkur. Gjald 2.00 kr. fyrir hver 100 kg: Alls konar óunnið járn, eldavélar, bárujárn, saumur, timbur, sem reiknað er eftir þyngd, legsteinar, eldfastur leir, gólf- og veggflísar, eldfastir steinar.
3. flokkur. Gjald 2.50 kr. fyrir hver 100 kg: Korn- og mjölvörur, garðávextir, kjöt, gufuvélar, benzínvélar, varahlutir til véla, tjara, bik, asfalt, asbest, kaðlar, pappi til húsagerðar, vatnsleiðslu- og miðstöðvarvörur, heyvinnuvélar, plógar, herfi, ull, sykur, fóðurbætir, kalk, fræ, tilbúinn áburður, olíur og benzín til eldsneytis, til ljósa eða á mótora, vír til raflagna, síma og girðinga, rafmagnsdælur og rafmagnseldavélar.
4. flokkur. Gjald 3.00 kr. fyrir hver 100 kg: Bifreiðar og varahlutir til þeirra, feiti og olíur til smjörlíkisgerðar og sápugerðar, strigi, vélatvistur, hessían og bindigarn.
5. flokkur. Gjald 75 aurar fyrir hver 10 kg: Málningarvörur og efni til málninga, lakk, kítti, lím, gibs, veggfóður, hráefni til iðnaðar, svo sem sýrur,

essensar, brennisteinn o. þ. h., hráefni til kaffibætisgerðar, korkvörur og óunnið kork, brauðvörur og kex, línoleum, gúmmí og gúmmívörur, pappír og pappírsvörur, bækur, blek, baðlyf, ljósaefni s. s. vax, carbid, glycose o. þ. h., olíufatnaður, kálmeti og plöntur, maccaroni, útgerðarvörur, s. s. línur, önglar, net, nætur, lengdar- og hraðamælar til skipa. 80 2. júní

6. flokkur. Gjald 1.50 kr. fyrir hver 10 kg: Niðursuðuvörur, blikkvörur, tin, zink, hjólhestar og varahlutir til þeirra, seglgarn og umbúðagarn, ger og efni í það, olíuofnar, verkfæri, svo sem smíðatól, rekur, skóflur o. þ. h., vörur úr kopar, eir messing, bronce o. þ. h., emilleraðar vörur, leirvörur, smávélar svo sem prjónavélar, saumavélar, skilvindur, smáiðnaðarvörur o. þ. h., hreinlætisvörur, svo sem þvottaefni, gólf- og húsgagnaáburður, gólfklútar, glervörur, ölgerðarvörur og hráefni til ölgerðar, burstavörur og efni til burstagerðar, smá járnvara (isenkram), svo sem skrár, lamir, eldhúsáhöld, barnavagnar, dívanar og efni í þá, skóáburður, leður og leðurvörur, bökunarvörur, lyfjavörur, ávextir og kaffi.
7. flokkur. Gjald 2.50 kr. fyrir hver 10 kg: Rafmagnsvörur, kryddvörur, ljósmyndavörur, viðtæki, eldspýtur, smáhljóðfæri og tónvélaplötur, skrifstofuáhöld, vefnaðarvörur, klukkur, mælar og símar, áttavitar, sportvörur, skot, skotfæri, sprengiefni, sælgæti, súkkulaði, kakaóduft, te, kaffibætir, húsgögn, peningaskápar, jólatré, leikföng, sýnishorn o. fl. þ. h., enn fremur allar aðrar vörur, sem gjald er tekið af eftir þyngd og ekki eru annars staðar taldar.
8. flokkur: Gjald 3.00 kr. fyrir hver 10 kg: Tóbaksvörur, tóbak, vín og spíritus.
9. flokkur. Gjald 25 aurar fyrir hvert stykki: Tómar tunnur og föt.
10. flokkur: Gjald 40 aurar fyrir hvert teningsfet: Trjáviður, sem reiknast í teningsfetum.
11. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hvert teningsfest: Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

B. Vörur, sem fluttar eru burt.

1. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg: Áburður (tilbúinn), benzín, bifreiðar, bifreiðavörur, girðingarefni, hey, húsgögn (eftir þyngd), járn (óunnið), kol, koks, kolsýra, salt, sement, símavír og jarðstrengir, smurningsolíur, steinolía, timbur (eftir þyngd), torf, vélar, þakjárn og járnrör.
2. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hver 100 kg: Búsáhöld (leir- og glervörur o. fl.), bækur og pappírsvörur, efnagerðarvörur, fisk- og síldarmjöl, fiskur, fuglar (til átu), garnir, gærur og húðir (saltaðar), járnvörur, kartöflur, kjöt (nýtt, saltað, reykt o. s. frv.), kornvörur, lýsi, málningavörur, mjólk og mjólkurvörur, net og aðrar útgerðarvörur, niðursuðuvörur, pokar og ullarballar, sápa og aðrar hreinlætisvörur, síld (ísvarin), skófatnaður, smjör og smjörlíki, sykur.
3. flokkur. Gjald 150 aurar fyrir hver 100 kg: Búkhár, dúnn, fiður, fuglar stoppaðir), gærur (loðsútaðar), skinn (hert og söltuð), sundmagi, ull.
4. flokkur. Gjald 200 aurar fyrir hver 100 kg: Kaffi og kaffibætir, leikföng, listmunir, rafmagnsvörur, símavörur, snyrtivörur, sælgæti, tóvörur og prjónavörur, vefnaðarvörur.
5. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hverja tunnu: Síld í tunnum.
6. flokkur. Gjald 20 aurar fyrir hvert teningsfet: Húsgögn eftir rúmmáli.
7. flokkur: Gjald 10 aurar fyrir hvert teningsfet: Timbur eftir rúmmáli.
8. flokkur. Gjald 300 aurar fyrir hverja skepnu: Hestar, nautgripir, svín.

Á framanrituð gjöld á burtfluttum vörum samkvæmt þessari grein, flokk 1—8 sé lagt 25%, en þó jafnan látið standa á 10 aurum.

80
2. júní

XI. KAFLI
Um ýmis gjöld til hafnarinnar.

34. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru hafnarsjóðs til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða af hverri nettórúmlest skipsins fyrir hvern sólarhring, eða hluta af sólarhring, 50 aura, þó aldrei minna en kr. 12.00.

35. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar skal greiða 1.00 kr. fyrir hvert stykki, sem ekki er flutt burt innan sólarhings. Gjaldið reiknast fyrir hverjar 24 klukkustundir eða brot úr þeim. Gjald fyrir stærri stykki fer eftir samkomulagi.

36. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

37. gr.

Fyrir kjölfestu greiðist gjald, sem bæjarstjóri ákveður í hvert sinn.

XII. KAFLI
Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

38. gr.

Hafnargjaldkeri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

39. gr.

Skipstjóri eða formaður á bát ber ábyrgð á greiðslu lestagjalds, bryggjugjalds, vitagjalds, fjörugjalds og kjölfestugjalds. Ef enginn skipstjóri eða formaður er á fleytunni, ber eigandi fleytunnar ábyrgð á greiðslu gjaldanna. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á fleytunni unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti, sem ekki eru í reglugerð þessari ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skip ber burt úr höfninni.

Gjalddagi þeirra gjalda, sem greiðast eiga einu sinni á ári, er 1. júlí.

40. gr.

Gjald fyrir vörur, sem getur í 35. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans hér, og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunum, unz gjaldið er greitt. Leigu samkv. 36. gr. greiðir samningsaðili. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

41. gr.

Öll skipagjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu tryggð með lögveði í viðkomandi skipi, og gengur það í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

XIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

42. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð var lokið. Yfirmat skal fram fara af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður eigi breytt meira en sem nemi 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

43. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem bæjarstjóri tekur gilda.

44. gr.

Enginn skipstjóri má vænta þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta, nema hann sanni með vottorði frá bæjarstjóra, að hann hafi borgað gjöld þau, er innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, sem honum ber að greiða.

45. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans samkvæmt 2. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

46. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Akureyrar.

47. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, sbr. lög um breyting á þeim lögum, nr. 41 5. apríl 1948, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 230 3. nóv. 1950, ásamt breytingu á þeirri reglugerð, nr. 108 7. ágúst 1954.

Samgöngumálaráðuneytið, 2. júní 1958.

Eysteinn Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

81
26. júní

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir Landssímann.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar stöðvar (nú allar stöðvar utan Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Akureyrar), sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

A. Stofngjald.

1.	Fyrir 1 línu með 1 talfæri	kr.	1500.00
2.	— hvert aukatalfæri í sama húsi	—	800.00
3.	— aukabjöllu (venjulega)	—	300.00
4.	— tengil	—	300.00

Stofngjöld fyrir miðstöðvarborð verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eftir gerð borðanna og stærð. Svo er og um önnur tæki og aðrar gerðir símabúnaðar en að framan greinir.

Ofannefnd gjöld eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, svo sem nýrra staura, nýrra jarðsíma, nýs skiptiborðs eða vegna rúmleysis á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Stofngjöld greiðist fyrir fram, að jafnaði helmingur, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er miðað við þá gjaldskrá, er þá gildir.

Ofanskráð stofngjöld fyrir aukatalfæri og annan aukabúnað gilda aðeins, þegar sami maður eða fyrirtæki hefur búnaðinn.

B. Árlegt afnotagjald.

I. 3. flokks stöðvar.

Á 3. flokks stöðvum er afnotagjaldið fyrir 1 línu með 1 talfæri kr. 720.00.

II. Aðrar stöðvar, sem hafa færri en 150 notendur.

1.	Fyrir 1 línu með 1 talfæri	kr.	1200.00
2.	— hvert aukatalfæri í sama húsi	—	560.00
3.	— aukatalfæri í öðru húsi (þegar stutt er á milli (minni en 100 m), ef leyft verður.)	—	900.00
4.	— vanalega aukabjöllu í sama húsi (þó hærra gjald á rökum stöðum)	—	70.00
5.	— tengil með rafvökum	—	120.00

Heimili póst- og símamálastjórnin að 1. fl. B stöð sé opin lengur en hinn venjulega rekstrartíma, greiði hreppsfélagið helming aukinnar starfsmannaþóknunar, eða þar sem hagkvæmara þykir, greiði notendur aukaafnotagjald 10% fyrir tímann 8:30—23:00 og 5% fyrir tímann 8:30—20:00.

Afnotagjöld þau, sem talin eru í 2., 3., 4. og 5. lið hér að framan, gilda því aðeins, að sami maður eða sama fyrirtæki hafi öll áhöldin.

III. Stöðvar, sem hafa 150 notendur eða fleiri.	Stöðin opin kl. 8—21	8—24	Allan sólar-hringinn
1. Fyrir 1 línu með 1 talfæri	1200.00	1320.00	1440.00
2. — hvert aukatalfæri í sama húsi	600.00	680.00	720.00
3. — aukatalfæri í öðru húsi (minnst 100 m fjarlægð, ef leyft verður.)	960.00	980.00	1000.00
4. — aukabjöllu og tengla eru gjöldin hin sömu og við stöðvar með færri en 150 notendum. (Sjá B. II, 4.—5. lið.)			

Gjöld þau, sem talin eru í 2., 3. og 4. lið undir B II og B III, gilda því aðeins, að aukaáhöldin séu hjá rétthafa símans.

IV. Almenn ákvæði.

Þar, sem póst- og símamálastjórnin telur nauðsynlegt að hafa 2 eða fleiri sjálfstæða aðila með síma á sömu línu, skal veita afslátt af ofannefndum afnotagjöldum fyrir 1 línu með 1 talfæri, er nemur 20%, ef um 2 aðila er að ræða, en 40%, ef aðilar á línunni eru fleiri en 2.

Ofannefnd afnotagjöld fyrir 1 línu með 1 talfæri og fyrir aukatalfæri hækka um 50% hjá hvers konar atvinnu- og verzlunarfyrirtækjum og hjá einstökum atvinnurekendum og öðrum mönnum, sem að áliti símstjóra nota símann sérstaklega mikið.

Afnotagjald fyrir talsíma greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Þegar um nýtt samband er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Afnotagjöld fyrir miðstöðvarborð og tilheyrandi lagnir, svo og annan símabúnað en að framan greinir, eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni hverju sinni.

C. Gjald fyrir flutning á talsímatækjum.

1. Milli húsa við sömu símstöð, fyrir hvert talfæri með línu	kr. 720.00
2. Innanhúss, á aukatalfæri, aukabjöllu eða tengli:	
a. Milli herbergja	— 300.00
b. Í sama herbergi	— 150.00

Ofannefnd gjöld, sem nefnd eru undir B og C, eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnar, svo sem nýrra staura, nýrra jarðsíma, nýs skiptiborðs eða vegna rúmleysis á staurarðöðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Flutningsgjöld greiðist fyrir fram áður en verkið er hafið.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, og aðeins er um nýja innanhúslögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað, má lækka flutningsgjaldið niður í allt að kr. 400.00.

D. Viðtökugjald.

Flytji einhver í hús og taki við síma af öðrum manni án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af tengli né aukabjöllu.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

81 26. júní

E. Tengigjald.

Fyrir hvert talsímaáhald á einkalínu, sem stendur í sambandi við landssímastöð, greiðist tengigjald kr. 440.00 á ári í kauptúnum og kr. 300.00 í sveitum, þar sem fleiri en einn eru á sömu línu.

F. Leigutími og uppsögn.

1. Skemmsti leigutími talsímatækja er 12 mánuðir og telst frá byrjun næsta mánaðar frá þeim tíma, sem landssíminn er reiðubúinn að koma símasambandi á. Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.
2. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfelli af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna.

II. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar stöðvar (nú í Reykjavík, Hafnarfirði og á Akureyri).

A. Stofngjald.

1.	Fyrir 1 línu með talfæri	kr.	2250.00
2.	— 1 aukatalfæri í sama húsi með snara án bjöllu (ekki hægt að tala á milli)	—	700.00
3.	— 1 aukatalfæri í sama húsi með snara (hægt að tala á milli)	—	900.00
4.	— 1 auakatalfæri í sama húsi með sérstaklega útbúnum símum .	—	1125.00
5.	— aukabjöllu (þó hærra gjald á rökum stöðum)	—	300.00
6.	— tengil	—	300.00

Stofngjöld fyrir aukatalfæri í öðrum húsum og fyrir miðstöðvarborð verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti. Svo er og um önnur tæki og aðrar gerðir símabúnaðar en að framan greinir.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símastöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þó greiðist aukagjald þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímar liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — jafnaði helmingur, — greiðist fyrir fram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er miðað við þá gjaldskrá, er þá gildir.

Ofanskráð stofngjöld fyrir aukatalfæri og annan aukabúnað gilda aðeins, þegar sami maður eða fyrirtæki hefur búnaðinn.

B. Afnotagjald.

Afnotagjöldin greiðist ársfjórðungslega fyrir fram, og miðast þau að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan.

Þó má þegar sérstaklega stendur á, vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði lengra fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

1. Ársfjórðungsgjöldin eru þessi eftir útförnum samtalafjölda á hverri línu, eins og teljarar í stöðinni sýna: **81** 26. júní

a. Fyrir heimilissíma kr. 360.00, þar í innifalin 700 samtöl, og 55 aurar fyrir hvert samtal þar fram yfir.

b. Fyrir verzlunar- og atvinnusíma kr. 580.00, þar í innifalin 700 samtöl, og 55 aurar fyrir hvert samtal þar fram yfir.

Hjá notendum, sem hafa 2 eða fleiri línur í miðstöðvarborðsreit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalsamtalafjölda á línunum. Þeir, sem hafa tvö eða fleiri samfelld númer í miðstöðvarborðsreit, en ekkert miðstöðvarborð, greiða aukagjald, sem símstjóri ákveður.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símastöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar.

Utan þessara marka greiðist fjarlægðargjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að synja þeim um síma eða að loka símum þeirra um stundarsakir, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

Sé lína einhvers notanda oft á tali að dómi símstjóra, getur stofnunin krafizt þess, að notandinn bæti við sig línu.

Samtöl milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar (eða Hf. og R.) geta varað allt að 5 mínútum og teljast sem 3 innanbæjarsamtöl.

Notendur mega ekki selja afnot af símum þeim, er þeir hafa, án sérstaks leyfis frá símstjóranum, sem ákveður gjaldið.

2. Ársfjórðungsgjald.

Fyrir 1 aukatalfæri í sama húsi með snara, án bjöllu (ekki hægt að		
— tala á milli)	kr.	70.00
— 1 aukatalfæri í sama húsi með snara (hægt að tala á milli)	—	120.00
— 1 aukatalfæri í sama húsi með sérstökum símum (hægt að tala á milli)	—	140.00
— 1 tengil	—	12.00
— aukabjöllu (þó hærra gjald á rökum stöðum)	—	18.00

3. Afnotagjöld fyrir þá notendur, sem hafa miðstöðvarborð, reiknast ársfjórðungslega þannig:

a. Línugjald eftir samtalafjölda samkvæmt ákvæðum í 1. lið.

b. Miðstöðvarborðsgjald fyrir hvert númer í borðinu:
kr. 36.00 fyrir handvirk borð (CB).
— 72.00 fyrir sjálfvirk borð (PBAX).
Gjöld þessi eru miðuð við venjulega gerð miðstöðvarborða.
Fyrir sérstakar gerðir fer eftir samningi í hvert skipti.

c. Talfæragjald: kr. 100.00 fyrir hvert talfæri í sama húsi, annars bætast við línuleigur.

Afnotagjöld þau, sem talin eru í B. 1., 2. og 3. lið hér að framan, gilda því aðeins, að sami maður eða sama fyrirtæki hafi öll áhöldin.

4. Afnotagjöld fyrir önnur tæki, línur og sérbúnað en að framan greinir, verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

81 26. júní

C. Flutningsgjald.

1. Milli húsa, fyrir hvert talfæri ..... kr. 1125.00
   (Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í.)
2. Innanhúss, á aukatalfæri, aukabjöllu eða tengli:
   a. Milli herbergja ..... — 300.00
   b. Í sama herbergi ..... — 150.00

Sé um óvenjulega kostnaðarsaman innanhússflutning að ræða, eða önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, greiðist kostnaðurinn samkvæmt reikningi.

Flutningsgjald miðast við sama svæði og stofngjöldin, en þegar farið er út fyrir svæðið, bætist aukagjald við, sem verður ákveðið í hvert skipti.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, og aðeins er um nýja innanhúslögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað, má lækka flutningsgjaldið niður í allt að kr. 400.00, ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 800.00, ef 6—12 mánuðir líða á milli.

D. Viðtökugjald.

Flytji einhver í hús og taki við síma af öðrum manni án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af tengli né aukabjöllu.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

E. Leigutími og uppsögn.

1. Skemmsti leigutími talsímatækja er 12 mánuðir og telst frá byrjun næsta mánaðar frá þeim tíma, sem landssíminn er reiðubúinn að koma símasambandi á. Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.
2. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ .l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfelli af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna.

III. KAFLI

Notendasímar landssímans í sveitum.

Um notendasíma landssímans í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

1. Stofngjald fyrir hvern síma er kr. 1300.00. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða, ákveðst stofngjaldið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eða eftir samkomulagi.
2. Landssíminn viðheldur og rekur símana, en símanotendur greiði til landssímans árlegt afnotagjald sem hér segir:

   Fyrir hvern síma í sambandi við:

3. fl. landssímastöð	.....	kr. 360.00
2. fl. —	.....	— 540.00
1. fl. B. —	.....	— 660.00
1. fl. A. —	.....	— 720.00

3. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða til landssímans.

4. Flutning á símanum, ef notandi óskar, greiði hann eftir reikningi. Þegar um flutning vegna nýbyggingar er að ræða, getur þó komið til mála, að landssíminn beri nokkurn hluta kostnaðarins. 81 26. júní
5. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka símann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur byggð eða ábúendaskipti verði.
6. Við nýlagningu annist hlutaðeigendur á sinn kostnað flutning efnis frá skipshlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.
7. Símanotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símatækja og starfrækslu notendasíma.
8. Landssíminn hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga símum út frá notendasímalínum eða í framhaldi af þeim.
9. Stofngjöld greiðist fyrir fram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjöld greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október.

   Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.
10. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum eða kauptúnum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu; en um síma þeirra fer eftir ákvæðum I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, héraðsskólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verzlunum o. s. frv. samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar eða eftir samkomulagi.

IV. KAFLI
Radíótæki.

A. Almenn ákvæði.

1. Hver, sem óskar að starfrækja radíótæki, skal senda póst- og símamálastjórninni umsókn um leyfi til þess ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Þetta gildir þó ekki um viðtæki fyrir útvarp, sem er skráð hjá ríkisútvarpinu.

   Verði leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem m. a. er tekið fram, hve lengi leyfið gildi og hin sérstöku skilyrði, sem sett eru fyrir leyfinu.

   Fyrir hvert leyfisbréf skal greiða kr. 200.00, ef það felur í sér senditæki með 100 watta afli í loftneti eða meira, en kr. 100.00, ef aflið er minna. Fyrir önnur leyfisbréf, sem ekki fela í sér senditæki, skal greiða kr. 25.00 í leyfisbréfagjald.
2. Landssíminn sér um eftirlit með notkun tækjanna og lætur að jafnaði skoða þau einu sinni á ári. Fyrir þetta skal greiða árlegt eftirlitsgjald, sem er kr. 600.00 fyrir stöð með senditæki yfir 100 wött í loftneti, kr. 300.00 fyrir senditæki með 20—100 watta afli og kr. 100.00 fyrir minni senditæki.
3. Ef leyfi er veitt til þess að starfrækja radíóstöð á landi má krefjast sérstaks viðskiptagjalds, sem er ákveðið af póst- og símamálastjórninni.
4. Þegar um senditæki er að ræða, er að jafnaði aðeins veitt leyfi til starfrækslu tækja, sem landssíminn á, en lætur á leigu til starfrækjanda. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur póst- og símamálastjórnin þó heimilað, að starfrækjandi eigi tækin gegn sérstökum skilyrðum.

81
26. júní

B. Radíótæki á leigu.

a. Farstöðvar.

1. Skipseigandi eða útgerðarfélag, sem óskar að taka á leigu loftskeytastöð eða talstöð í íslenzkt skip, sendi skriflega umsókn um það til póst- og símamálastjórnarinnar, sem gefur út leyfisbréf fyrir stöðina og önnur skírteini.
2. Landssíminn leggur til senditæki og viðtæki með lömpum af þeirri gerð tækja, sem eru til leigu á hverjum tíma og umsækjandi óskar eftir. Tækin eru eign landssímans, og leigir hann skipseiganda þau til afnota í skipinu. Landssíminn annast uppsetningu tækjanna, sem skipseigandi greiðir eftir reikningi. Leigutaki skal sjá um, að rafmagn með hæfilegri orku og spennu sé fyrir hendi og leitt að tækjunum, svo og um alla trésmíðavinnu og aðra vinnu en rafmagnsuppsetningu tækjanna. Einnig skal leigutaki kaupa rafgeyma, rafhlöður og hleðsluspjöld fyrir stöðina og kosta lögn frá rafgeymum til hleðsluspjalda.
3. Leigutaka ber að sjá um, að enginn starfræki stöðina nema sá, sem hefur fengið skírteini frá póst- og símamálastjórninni, er heimili honum að gæta slíkrar stöðvar (skírteini loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón skipstjóra, sem líti eftir, að stöðin sé vel með farin og geymd.
4. Bæði stöðvarverði og skipstjóra er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum landssímans og hlíta þeim ákvæðum og reglum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, lokað henni eða tekið hana úr skipinu.
5. Landssíminn annast viðhald vegna eðlilegs slits sendi- og viðtækja, að undanskildu viðhaldi loftneta, rafgeyma, rafhlaðna, hleðslubúnaðar, straumbreytis og lampa, en kostnað af því ber leigutaki. Leigutaki ber og kostnað af viðgerðum og hreinsun tækjanna, er stafar af slæmri meðferð eða vanhirðu þeirra, meðan þau eru í vörzlu hans.
6. Óski leigutaki, að viðgerðarvinna fari fram utan venjulegs dagvinnutíma, ber hann aukakostnað vegna þess.
7. Öll radíótæki á leigu frá landssímanum skulu vera vátryggð á kostnað leigutaka gegn hvers konar tjóni og á landssíminn beinan rétt til vátryggingarfjárins, ef tækin eyðileggjast, og hlutfallslega fyrir skemmdir. Landssíminn annast vátryggingu tækjanna í skipum og bátum öðrum en farþega- og varðskipum og/eða vöruflutningaskipum stærri en 500 rúmlesta, enda skal leigutaki sjálfur annast vátryggingu tækjanna í þeim skipum. Vátryggingariðgjöld fyrir tæki, sem landssíminn annast vátryggingu á, skal leigutaki greiða landssímanum samtímis með leigu og er lögtaksréttur á þeim eins og leigunni.
8. Leigutaki er skyldur að koma tækjunum til skoðunar til eftirlitsmanna landssímans í Reykjavík að minnsta kosti einu sinni á ári, eða annars staðar, ef það verður að samkomulagi. Gjaldið fyrir hina árlegu stöðvarskoðun er innifalið í leiguupphæðinni.
9. Leigutaki skal greiða stofngjald fyrir radíótækin áður en uppsetningu þeirra er lokið, svo og leigu og vátryggingariðgjald til næsta gjalddaga. Leiga og vátryggingariðgjald fyrir talstöðvar greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir hvert almanaksár, og reiknast brot úr ári sem heilt ár, nema fyrsta árið, þá skal brot úr ársfjórðungi reiknað sem einn ársfjórðungur. Leiga og vátryggingariðgjald fyrir loftskeytastöðvar greiðist ársfjórðungslega fyrir fram, og reiknast brot úr ársfjórðungi sem heill ársfjórðungur. Minnsti leigutími er 2 ár samfleytt fyrir stöðvar 20 watta eða minni, en 3 ár fyrir stærri stöðvar.

   Sé ársleiga og vátryggingariðgjöld ekki greidd fyrir 1. apríl og ársfjórðungsleiga og vátryggingariðgjöld ekki fyrir 15. hvers fyrsta ársfjórðungsmán-

aðar, getur landssíminn lokað senditækjunum þannig, að aðeins megi nota þau í neyð. Verði þrátt fyrir það leiga og vátryggingariðgjöld ekki greidd innan eins mánaðar þar á eftir, getur landssíminn tekið hin leigðu tæki úr skipinu. Sama gildir, ef reikningar fyrir uppsetningu og aðgerðir á radíóbúnaði í skipum, sem framkvæmdar eru af landssímanum, eru ekki greiddar innan eins mánaðar eftir að aðgerð fór fram. Fyrir enduropnun innsiglis greiðist opnunargjald kr. 100.00, og fyrir að flytja stöðina aftur í skipið greiðist raunverulegur kostnaður, þó minnst kr. 100.00. Heimilt er að innheimta nefnd talstöðva- og loftskeytastöðvagjöld með símareikningum hlutaðeigandi aðila að viðlagðri lokun símans. 81 26. júní

Stofngjöld, leiga og vátryggingarupphæðir fyrir aðrar gerðir radíótækja ákveður póst- og símamálastjórnin í hvert skipti.

Að þeim tíma liðnum er uppsagnarfrestur á leigunni 3 mánuðir, og ber leigutaki ábyrgð á öllum gjöldum vegna stöðvarinnar, þar til uppsagnarfrestur er liðinn. Þó má stytta þennan minnsta leigutíma, er nýr eigandi verður að skipinu innan tveggja ára, sem óskar að tækin verði þar áfram með honum sem leigutaka. Hinn nýi leigutaki fær þá helmings afslátt frá venjulegu stofngjaldi, og nefnist gjaldið þá viðtökugjald.

10. Stöðvar þær og tæki, er landssíminn lætur á leigu, eru að sjálfsögðu háðar hinum almennu reglum, innlendum og alþjóðlegum, er gilda um slíkar stöðvar og rekstur þeirra á hverjum tíma, og getur landssíminn afturkallað leyfisbréf stöðvar, lokað henni og tekið úr skipinu, ef settar reglur eru ekki haldnar.
11. Sams konar reglur og fyrir stöðvar í skipum gilda um radíótæki í öðrum farartækjum.

b. Firðtalstöðvar á afskekktum stöðum.

1. Sá, sem óskar að taka á leigu firðtalstöð til afnota á afskekktum bæ, sendi skriflega umsókn til póst- og símamálastjórnarinnar og tilgreini þar nauðsyn þess og aðrar aðstæður.
2. Landssíminn leggur til senditæki og viðtæki með lömpum af þeirri gerð tækja, sem leigð eru á hverjum tíma. Leigutaki kostar uppsetningu tækjanna samkvæmt fyrirsögn landssímans, svo og uppsetningu loftnets og jarðsambands. Enn fremur skal leigutaki sjá um, að rafmagn með hæfilegri orku og spennu sé fyrir hendi og leitt að tækjunum og kosti rafhlöður, rafgeyma og hleðslubúnað þeirra.
3. Leigutaka eða þeim, sem á að starfrækja stöðina, er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu eftir fyrirmælum landssímans og hlíta þeim ákvæðum og reglum, sem settar eru eða settar kunna að verða, um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað starfræksluleyfi stöðvarinnar, lokað henni eða tekið hana burtu.
4. Leigutaka ber að sjá um, að vel sé með stöðina farið og henni haldið þurri og hreinni.
5. Landssíminn ber kostnað af viðgerðarvinnu og efni til stöðvarinnar vegna eðlilegs slits, að undanskildu viðhaldi loftnets, rafgeyma, rafhlaðna, hleðslubúnaðar og viðtökulampa, en kostnað af því ber leigutaki. Leigutaki ber og kostnað af viðgerðum og hreinsun tækjanna, er stafar af slæmri meðferð eða vanhirðu þeirra, meðan þau eru í vörzlu hans, svo og ferðalagi viðgerðarmans, ef viðgerðar er þörf.
6. Öll radíótæki á leigu frá landssímanum skulu vera vátryggð á kostnað leigutaka gegn hvers konar tjóni og á landssíminn beinan rétt til vátryggingarfjárins, ef tækin eyðileggjast, og hlutfallslega fyrir skemmdir. Landssíminn annast tryggingu tækjanna, enda greiði leigutaki landssímanum vátryggingariðgjöld samtímis leigu og er lögtaksréttur á þeim eins og leigunni.

81 26. júní

7. Firðtalstöð leigutaka skal afgreiða einungis við þá eða þær talstöðvar landssímans, sem póst- og símamálastjórnin ákveður og á þeim stöðum, sem póst- og símamálastjórnin tiltekur, og má ekki, — nema um neyðarráðstöfun sé að ræða, — hafa viðskipti við aðrar stöðvar, hvort heldur fastastöðvar eða farstöðvar.
8. Gjöld fyrir símtöl og símskeyti, sem afgreidd eru milli stöðvar leigutaka og þeirrar stöðvar landssímans, sem afgreitt er við, eru þau sömu og gilda fyrir talsímanotanda frá sömu landssímastöð.

Gjöldin fyrir símtöl og símskeyti, sem afgreidd eru milli stöðvar leigutaka, annarra en leigutaka á afskekktum sveitabýlum, og þeirrar stöðvar, sem afgreitt er við, ákveður póst- og símamálastjórnin hverju sinni.

9. Ársleiga greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir 1. apríl ár hvert. Minnsti leigutími er 2 ár.

c. Stofngjöld, leiga og vátryggingarupphæðir.

Stofngjöld, leiga og vátryggingarupphæðir fyrir helztu gerðir radíótækja eru sem hér segir, nema öðruvísi sé um samið:

Gerð		Stofngjald kr.	Ársleiga kr.	Vátryggingarupphæð kr.
A-190	Loftskeyta- og talstöð	25 000	15 000	115 000
ART-13	Loftskeyta- og talstöð	5 000	4 000	25 000
E	Talsendir	2 000	1 200	9 500
F	Talsendir	1 500	1 000	7 500
FF-3	Talsendir og viðtæki		2 500	12 500
FLB	Talsendir og viðtæki	900	600	4 500
FO	Talsendir og viðtæki	1 600	1 200	8 000
GV	Talsendir	1 200	800	6 000
GVA	Talsendir	1 500	1 000	7 500
GVV	Talsendir og viðtæki	1 500	1 000	8 000
H-45	Talsendir	3 500	2 400	17 000
H-100	Talsendir	6 500	5 000	32 000
B-236	Viðtæki	1 200	800	6 000
B-285-K1	Viðtæki	2 000	1 500	11 000
B-285-S	Viðtæki	2 000	1 000	9 500
VE	Viðtæki	1 000	650	5 000
VES	Viðtæki	1 500	1 100	8 000
VF	Viðtæki	800	500	3 800
VF-1	Viðtæki	800	600	4 300
VFS	Viðtæki	1 200	800	6 000
VK	Viðtæki	600	480	3 000
236/VEM-2	Miðunarstöð	2 500	1 800	12 500
VEM-1	Miðunarbúnaður	400	300	2 200
VEM-2	Miðunarbúnaður	1 200	800	6 000
VFF	Miðunarbúnaður	300	240	1 600
L-1	Lorantæki	6 000	1 800	17 000
V1	Straumbreytir	360	300	1 800
VA	Straumbreytir	500	440	2 700
VR	Straumbreytir	500	440	2 700
V-220	Straumbreytir	300	300	1 800
V-220/20	Straumbreytir	400	360	2 200
	Stýritafla I	1 100	880	5 300
	Stýritafla II	1 300	1 040	6 500

Gerð		Stofngjald kr.	Ársleiga kr.	Vátryggingarupphæð kr.
	Stýritafla III	700	560	3 500
EOK-15	Mótorrafall	700	560	3 500
	Talbrú	1 300	1 040	6 500

Þegar um er að ræða bæi, sem teljast til þess flokks, er um getur í III. kafla 10, lækkar stofngjald og leiga niður í sömu upphæð og greitt er fyrir notendasíma í sveitum.

V. KAFLI
Símtalagjöld.

A. Símtalagjöld innanlands

eru sem hér segir fyrir hvert 3 mínútna viðtalsbil. Hvert byrjað viðtalsbil telst sem heilt.

1. Venjuleg símtöl:

Um	0— 25 km	línulengd	kr. 6.00
—	25—100 —	—	— 8.00
—	100—225 —	—	— 12.00
—	225—350 —	—	— 14.00
	Yfir 350 —	—	— 17.00

Þegar línulengd milli símstöðva er innan 6 km, getur póst- og símamálastjórnin þó, þegar línukerfið leyfir og aðstæður eru hagstæðar, sett sérstaka gjaldskrá með lægra viðtalsbilagjaldi en að ofan greinir fyrir símtöl milli þessara stöðva, eða látið vissan fjölda viðtalsbila milli stöðvanna vera fólginn í tilteknu fastagjaldi símanotenda.

Ofannefnd símtalagjöld gilda ekki, þegar um alveg sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið, hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðva símtöl.

2. Hraðsímtöl: þrefalt venjulegt símtalagjald.
3. Forgangshraðsímtöl: tífalt venjulegt símtalagjald.
4. Kvaðning: kr. 2.00.
5. Boðsending: kr. 7.00 fyrir hvern byrjaðan kílómetra út frá símastöðinni. Boðsendingargjaldið greiðist, hvort sem nokkuð verður úr símtalinu eða ekki.

B. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa

fara eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

C. Radíó-símtöl við skip og báta í hafi.

Gjald fyrir símtöl um íslenzkar strandarstöðvar er fyrir íslenzk skip samanlagt:

a. Venjulegt símtalagjald milli strandarstöðvarinnar og þess, sem talar í landi, þó minnst 6.00 krónur fyrir viðtalsbilið.
b. Strandargjald kr. 10.00 fyrir hvert byrjað viðtalsbil.
c. Skipsgjald. Engin önnur íslenzk skip en farþegaskip taka skipsgjald, sem er kr. 2.00 fyrir viðtalsbilið. Gjöld fyrir radíó-símtöl við erlend skip eru tilgreind í alþjóðagjaldskrá fyrir skip og strandarstöðvar.

81 26. júní

VI. KAFLI
Símskeytagjöld.

A. Gjald fyrir innanlandsskeyti

er sem hér segir:

1. Venjuleg símskeyti: 100 aurar fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 10.00.
2. Innanbæjarskeyti: 60 aurar fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 6.00.
3. Blaðaskeyti: 15 aurar fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 4.50.
4. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald kr. 20.00.
5. Veðurskeyti: Sama og venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald einnig hið sama. Veðurskeyti hafa þó forgang fyrir öðrum skeytum.
6. Símapóstávísanir: Gjald kr. 18.00 án tillits til orðafjölda.
7. Heillaskeyti: Sama gjald og fyrir venjulegt símskeyti, en auk þess greiðist aukagjald fyrir skrauteyðublöð, kr. 10—12.00, eftir gerð eyðublaðsins.
   Jóla- og nýjársskeyti með ákveðnum textum kosta kr. 18.00 milli stöðva, en innanbæjar kr. 12.00.
8. Samúðarskeyti: Ekkert gjald til landssímans. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann greiðir, og rennur upphæðin óskorin til Landsspítalasjóðs.
9. Loftskeyti og talskeyti: Gjald fyrir loftskeyti og talskeyti um íslenzkar strandarstöðvar við íslenzk skip er samanlagt:
   a. Venjulegt símskeytagjald innanlands.
   b. Strandargjald, 75 aurar fyrir orðið. (Strandargjald við erlend skip er 0.60 gullfrankar.)
   c. Skipsgjald. Engin önnur íslenzk skip en farþegaskip taka skipsgjald, sem er 20 aurar fyrir orðið. Erlend skip taka yfirleitt 10 til 40 gullcentimes skipsgjald fyrir orðið.

   Fyrir loftskeyti er ekkert ákveðið lágmarksgjald.
10. Afhending símskeyta í talsíma til eða frá talsímanotanda kostar kr. 2.50 fyrir hver 100 orð eða færri, þó nær þetta ákvæði ekki til einkasíma í sveitum.
11. Afturköllun á símskeyti kostar kr. 1.50, ef ekki er farið að senda það frá afhendingarstöðinni.
12. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru send ókeypis allt að 1 kílómetra frá símastöð. Ef símskeyti eiga að sendast lengra, skal greiða kr. 7.00 fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 km, og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða hæfilegt burðargjald, er ákveðið verður í hvert skipti.
13. Fyrir fram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tilkalla jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.
14. Margar nafnkveðjur (TM): Afritunargjald fyrir hverja utanáskrift fram yfir þá fyrstu, er kr. 4.00 fyrir hver 50 textaorð eða færri, en kr. 2.00 fyrir hver 50 orð eða færri þar fram yfir. Fleiri en eina nafnkveðju er aðeins hægt að nota til einnar og sömu símastöðvar.
15. Samanburður til tryggingar gegn missímun (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.
16. Viðtökuskírteini símleiðis (PC): Gjaldið er sama og fyrir 6 orða símskeyti í viðskiptum við útlönd og 10 orða símskeyti í innanlandsviðskiptum. Fyrir viðtökuskírteini, sem sendast á í pósti (PCP), er gjaldið sama og póstburðargjald undir einfalt bréf.

B. Símskeytagjöld til útlanda

ákveðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

VII. KAFLI

Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist ¼ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21.00—08.00. Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.
   Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá landssímans (sbr. V. kafla).
2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til ritsímastjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

VIII. KAFLI

Önnur tæki og línur.

A. Fjarritvélar.

I. Stofngjald.
   Fyrir hverja fjarritvél (nr. 15) án línu ..... kr. 6000.00

II. Árlegt afnotagjald.
   Fyrir hverja fjarritvél (nr. 15) án línu:
   a. Vélin notuð venjulegan skrifstofutíma ..... — 7000.00
      (Viðhald innifalið.)
   b. Vélin notuð allan sólarhringinn ..... — 4800.00
      (Að viðbættu viðhaldi eftir reikningi.)

Framangreind stofngjöld og afnotagjöld eru miðuð við venjulega gerð fjarritvéla (gerð nr. 15). Í afnotagjöldunum er fólgin vátrygging tækjanna. Hverri fjarritvél fylgja við uppsetningu 4 rúllur af pappír, en upp frá því kostar notandi pappírinn.

Stofngjöld og afnotagjöld fyrir aðrar tegundir fjarritvéla eru ákveðin í hvert skipti.

Stofngjald greiðist fyrir fram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrir fram, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Styzti leigutími er eitt ár. Uppsagnarfrestur er 6 mánuðir og er hann gagnkvæmur.

Fyrir utanhúslínur milli fjarritvéla greiðast gjöld samkvæmt kafla B hér á eftir. Fyrir innanhúslagnir og flutninga greiðist stofngjald og afnotagjald eins og fyrir tengla.

B. Línur.

Séu línur látnar á leigu, skal stofngjaldið ákveðið í hvert skipti, en ársfjórðungsleiga á hvern km vera þessi (minnsta gjald miðað við 100 m).

1. Fyrir 1 línu í innanbæjarjarðsíma 0.6—0.7 mm ..... kr. 120.00 pr. km.
2. Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 0.9 mm ..... — 180.00 — —
3. Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 1.4—1.7 mm ..... — 240.00 — —
4. Fyrir loftlínu, sem strengd er á stauraröð, sem fyrir er .. — 180.00 — —

Skemmstur leigutími sé ákveðinn með samningum í hvert skipti, en uppsagnarfrestur sé 6 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

81 26. júní

IX. KAFLI
Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetningu símnefna greiðist kr. 200.00 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðist þó aðeins kr. 40.00 fyrir hverja skrásetningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrir fram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

X. KAFLI
Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð ókeypis í einni línu í stafrófsskránni.

Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 30.00. Sé auk aðalsímanotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, ber að greiða kr. 70.00 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímanotendur geta ekki öðlazt aðalsímanotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald, enda hefur landssíminn einn umráðarétt símans. Breytir engu í þessu þó að aukasímanotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjaldið.

Póst- og símamálastjórnin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt til að bera.

Skrásetning í stafrófsskrána.

1.	Breytt letur í skrá, hver lína	kr. 50.00
2.	Aukanafn í skrá	— 70.00
3.	Aukalínur í skrá, hver lína	— 30.00
4.	Aukanafn með breyttu letri (1 lína) kr. 70.00 + 50.00 = ...	— 120.00

Aukalínur eru taldar: Ef t. d. fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímanotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímanotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 70.00 sem aukanafn.

Skrásetning í atvinnuskrána.

A. Ókeypis skrásetning.

Hver símanotandi, sem rekur atvinnu- eða verzlunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skrásetningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er póst- og símamálastjórnin hefur ákveðið, fær ókeypis eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímanotendur öðlast ekki rétt til ókeypis skráningar.

B. Skrásetning gegn borgun.

Ef símanotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 20.00. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 30.00. Auglýsingalína kostar kr. 25.00.

XI. KAFLI

Almennir skilmálar.

81
26. júní

1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða fá breytt sambandi eða aukið samband, er hann hefur áður fengið, tilkynni það forstjóra símastöðvarinnar, og skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símanna.
2. Landssíminn kemur venjulega ekki á símasambandi við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fáist. Landssíminn getur og krafizt, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.
3. Póst- og símamálastjórnin ákveður við hvaða símastöð talsímanotandi skuli tengjast og um númer hans og nánara fyrirkomulag, og getur síðar breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Langlínusamtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur landssíminn því rofið innanbæjarsímtöl vegna afgreiðslu langlínusímtala, ef þörf krefur.
4. Enginn má gera eða láta gera breytingar á símasamböndum eða flytja símabúnað úr stað. Öll slík verk lætur landssíminn framkvæma eftir beiðni, en notandi greiði það gjald, sem ákveðið er. Allir nýir símar eða talsímasambönd í kaupstöðum eða kauptúnum eru eign landssímans, en notendur greiði stofngjald og afnotagjald. Starfsmenn landssímans hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.
5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með öll símatæki og lagnir, er þeir hafa til afnota, og bera þeir ábyrgð á öllum skemmdum á tækjum, er ekki stafa af eðlilegu sliti. Notanda er enn fremur skylt að hafa símatæki og innanhússlagnir vátryggð á sinn kostnað fyrir eldhættu, og ber honum að greiða landssímanum tryggingarupphæðina, ef tækin eða lagnir eyðileggjast og hlutfallslega fyrir skemmdir, enda á landssíminn beinan rétt til vátryggingarfjárins. Vátryggingarupphæðin er kr. 1100.00 fyrir venjulegan síma, en fyrir önnur tæki verður hún ákveðin sérstaklega.

   Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða útbúnað í samband við tæki landssímans, t. d. talfærasnúrur o. þ. h., enda hefur landssíminn að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan útbúnað burtu og láta viðkomandi sæta sektum, ef ástæða þykir til. Enn fremur er bannað án sérstaks leyfis frá landssímanum að láta aðra en landssímann annast sótthreinsun talfæra.
6. Ef eitthvað verður að talfærum, ber þegar í stað að tilkynna það símastjóranum, er sér um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Landssíminn ber ekki ábyrgð á því, þótt sími slitni eða verði ónothæfur um stund, nema það sé beinlínis honum að kenna eða óþarfur dráttur verði á viðgerð símans. Má þá krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.
7. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímans, nema með leyfi landssímans. Sé það engu að síður gert, getur landssímin slitið sambandinu, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt því upp.
8. Ef sími eða annar fjarskiptabúnaður, sem hefur verið tekinn á leigu, hefur staðið ónotaður í 1 ár eða lengur, er póst- og símamálastjórninni heimilt að taka hann til afnota fyrir aðra, jafnvel þótt leiguhafi vilji greiða áfram afnotagjald af hinum ónotaða síma eða búnaði.

81 9. Þeir, sem af ásettu ráði eða gálauslega valda skemmdum á símum eða tækjum
26. júní símans, sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

A. Greiðsluskilmálar.

1. Gjald fyrir símtöl í sambandi við langlínur landssímans greiðist landssímanum eftir reikningi, og ber talsímanotandi ábyrgð á greiðslunni fyrir hvert slíkt samtal, sem fram fer frá hans talfæri, hvort sem hann hefur sjálfur beðið um símtalið eða aðrir. Gjaldið greiðist í fyrsta skipti, er þess er krafizt.
2. Sé eitthvert gjald til símans ekki greitt í síðasta lagi 10 daga eftir gjalddaga, má slíta talsímasambandinu, en skuldunautur er samt skyldur til að greiða gjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp sambandinu, og er það þá þegar fallið í gjalddaga. Skuldunautur á því aðeins rétt til að fá aftur talsímasambandið, að hann greiði hið áfallna gjald innan þriggja daga eftir að sambandinu er slitið, svo og kostnað við lokun og enduropnun, ef hún hefur ferðakostnað í för með sér. Séu símagjöldin eigi greidd á réttum tíma, verða þau tekin lögtaki samkvæmt 1. gr. laga 16. desember 1885.

B. Leigutími.

Engin símatæki verða leigð til skemmri tíma en eins árs, er telst frá byrjun næsta ársfjórðungs eftir að símasambandið er fullgert. Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur landssíminn krafizt, að skemmstur leigutími sé lengri.

C. Uppsögn.

Að skemmstum leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um ársfjórðungamót með 1 mánaðar fyrirvara, nema þar, sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

D. Flutningur.

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símatæki þau, er hann hefur til afnota, skal hann skriflega tilkynna það símastjóranum, sem því næst lætur framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrir fram.

E. Símaskráin.

Landssíminn leggur hverjum leigusíma til 1 eintak af hverri útgáfu símaskrárinnar. Landssíminn ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

XII. KAFLI

Ákvæði um stofnun og rekstur landssímastöðva, annarra en 1. fl. A. stöðva, og samband þeirra við talsímanotendur o. fl.

Þegar landssímastöðvar eru stofnsettar, gilda að jafnaði eftirfarandi ákvæði um rekstur þeirra:

1. Landssímastöðvum þeim, er hér um ræðir, er skipt í 3 flokka, 1. flokk B, 2. flokk og 3. flokk, og eru þær venjulega opnar eftir flokkum 10, 6 og 2 stundir hvern virkan dag.
2. Stöðvarstjórinn sér stöðinni fyrir húsnæði, ljósi, eldsneyti, ræstingu, nema öðruvísi sé um samið, svo og starfrækslu, er póst- og símamálastjórnin tekur gilda, enda sé leitað samþykkis hennar á ráðningu afgreiðslumanna.

3. Skuldbindingin um starfræksluna nær til allra þeirra símasambanda, er póst- og símamálastjórnin kann að leggja út frá símastöðinni.
4. Stöðvarstjórar eru skyldir til, þegar þess er krafizt, að fara sjálfir eða láta fara með símalínunum til að bæta skemmdir, er orðið hafa á þeim, gegn venjulegu tímakaupi.
5. Kostnaður við flutning stöðvar verður því aðeins goldinn af landssímanum, að hann fari fram vegna landssímans sjálfs.
6. Stöðvarstjóra ber að senda símskeyti, sem berast til stöðvarinnar, án sérstaks endurgjalds allt að einum kílómetra frá stöðinni. Ef skeyti eiga að fara lengra, greiðir sendandi kr. 7.00 fyrir hvern byrjaðan kílómetra fjarlægðarinnar. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 km, undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða hæfilegan burðareyri, sem ákveðinn er eftir fyrirspurn í hvert einstakt skipti. Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, ber stöðvarstjóra að greiða fyrir því, að símskeytið komist til viðtakanda svo fljótt sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan hátt.

   Ef senda þarf eftir mönnum til viðtals í talsíma innan eins kílómetra frá stöðinni, greiðir símtalsbeiðandi kr. 7.00 fyrir sendiferðina. Ef vegalengdin er meiri en 1 kílómetri, greiðist sama gjald og fyrir útburð símskeyta.
7. Ekki mega aðrir afgreiða símtöl eða símskeyti en þeir, er undirskrifað hafa hið lögboðna þagnarheit símamanna.
8. Stöðvarstjórar skulu mánaðarlega gera reikningsskil innan 15. dags næsta mánaðar á eftir og að öðru leyti hlíta þeim reglum og fyrirmælum, sem póst- og símamálastjórnin setur.

Gjaldskrá þessi og reglur er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941 um fjarskipti, og gengur í gildi 1. júlí 1958. Þó reiknast nýju gjöldin fyrir umframsímtöl aðeins af símtölum, sem fara fram 1. júlí 1958 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi fyrri gjaldskrá og reglur frá 1. marz 1957.

Póst- og símamálaráðherrann, 26. júní 1958.

Eysteinn Jónsson.

G. Briem.

GJALDSKRÁ

um póstburðargjöld.

Samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31 frá 12. febrúar 1940, er hér með sett eftirfarandi gjaldskrá um póstburðargjöld.

1. Burðargjöld.

Fyrir	Innanlands				Til Danmerkur (Færeyja, Grænl.), Finnlands, Noregs (Svalbarða) og Sviþjóðar			Til annarra landa		
	Hámark stærðar og þyngdar	Þyngdarmörk g	Burðargj. aur. staðar	Burðargj. aur. ríkis	Hámark stærðar og þyngdar	Þyngdarmörk g	Burðargj. aur.	Hámark stærðar og þyngdar	Þyngarmörk g	Burðargj. aur.
Bréf	Lengd + breidd + þykkt 90 cm. Mesta lengd 60 cm. Í ströngum: lengd + tvöfalt þvermál 1 m. Mesta lengd 80 cm 2000 g. Fyrir bréf yfir 1000 g er ríkistaxti sami og „Til annarra landa“.	20 125 250 500 1000	200 300 500 800 1200	225 400 700 1200 1600	Sama og innanlands Fyrir bréf yfir 500 g sama burðargjald og „Til annarra landa“.	20 125 250 500	225 400 700 1200	Sama og innanlands	20 40 60 80 hver 20 þar yfir	225 360 495 630 135
Bréfspjöld einf. tvöf.	Mest 15×10.5 cm Minnst 10×7 cm		100 200	135 270	Sama og innanlands		135 270	Sama og innanlands		135 270
Verzlunarskjöl	Stærð sama og bréfa Þyngd 2000 g	200 hver 50 þar yfir	225 45	225 45	Sama og innanlands Þyngd 2000 g	200 hver 50 þar yfir	225 45	Sama og innanlands Þyngd 2000 g	200 hver 50 þar yfir	225 45

Prent	Stærð sama og bréfa Þyngd 3000 g	50 100 hver 50 þar yfir	90 135 45	90 135 45	Stærð og þyngd sama og „Til annarra landa“. Fyrir útgefandaprent til Danmerkur og Noregs er burðargjald fyrir hver	50 100 hver 100 þar yfir 500	90 135 45 100	Stærð sama og bréfa Þyngd 3000 g Einstök bindi þó 5 kg. Fyrir prent, sem er opið, eða saman brotið spjald gildir sama stærð og fyrir bréfspjöld	50 100 hver 50 þar yfir	90 135 45
Blindraprent	Stærð sama og bréfa Þyngd 7000 g	1000	15	15	Stærð sama og bréfa Þyngd 7000 g	1000	15	Stærð sama og bréfa Þyngd 7000 g	1000	15
Sýnishorn	Stærð sama og bréfa Þyngd 500 g	50 100 hver 50 þar yfir	90 135 45	90 135 45	Stærð og þyngd sama og „Til annarra landa“.	50 100 hver 50 þar yfir	90 135 135	Stærð sama og bréfa Þyngd 500 g	50 100 hver 50 þar yfir	90 135 45
Blöð og tímarit	46×24×24 cm 5000 g. Þó aðeins 2500 g með landpóstum. Það skal vegið allt í einu, sem látið er í póst í einu. Innritunargjald er 30 kr., er greiðist í fyrsta sinn er blað er innritað, síðan í byrjun hvers árs.	500	120	120						
Póstávísanir	Allt að 100 kr. Fyrir hverjar viðbótar 100 kr.			200 aurar 100 —						
Póstkröfur	Allt að 100 kr. Fyrir hverjar viðbótar 100 kr.			300 aurar 100 —						

Bögglar (Innanlands):

a. Með skipum á hafnarstaðina og með bifreiðum.

b. Með landpóstum.

Hámark þyngdar og stærðar:

a. Þyngd 20 kg mest. Stærð 1.24 m mest á einhvern veg, eða að rúmmáli 60 dm³ 5 kg eða minna, 80 dm³ yfir 5 kg, en ekki yfir 10 kg 100 dm³ yfir 10 kg, en ekki yfir 15 kg, og 120 dm³ yfir 15 kg.

b. Þyngd 5 kg mest. Stærð 46×24×24 cm mest.

Burðargjald (Ríkistaxti):

	að	1 kg	3 kg	5 kg	10 kg	15 kg	20 kg
a. Sjóveg og með bifreiðum	aurar	700	1600	2500	4500	6000	8000
b. Með landpóstum:		700	1600	2500			

Staðartaxti er hálft burðargjald ríkistaxta.

Séu bögglar rúmfrekir eða verði sérstaklega varlega með þá að fara, er ofangreint burðargjald hækkað um 50%.

2. Ýmis önnur gjöld.

	Innanlands	Til Danmerkur (Færeyja, Grænl.), Finnlands, Noregs (Svalbarða) og Svíþjóðar	Til annarra landa
Skrásetningargjald	300 aurar	300 aurar	300 aurar
Ábyrgðargjald. (Fyrir verðbréf til útlanda skal greiða bæði skrásetningargjald og ábyrgðargjald)	Fyrir 300 kr. eða minna 250 aurar og 100 aurar fyrir hverjar 100 kr. eða minna fram yfir	Fyrir hverjar 500 kr. eða minna 75 aurar	Fyrir hverja 300 gullfr. eða minna 400 aurar (200 gullfr. ef um verðböggla er að ræða).
Fyrir afturköllun, utanáskriftarbreytingu, afnám eða lækkun póstkröfuupphæðar	330 aurar	330 aurar	330 aurar
Fyrir fyrirspurn um sendingu	330 aurar	330 aurar	330 aurar
Hraðboðagjald	500 aurar, þar sem er daglegur bréfaútburður 1 km frá pósthúsinu, annars 400 aurar fyrir hvern km	500 aurar	500 aurar
Móttökukvittun: a) umbeðin við viðtöku b) umbeðin eftir viðtöku	 250 aurar 330 aurar	 250 aurar 330 aurar	 250 aurar 330 aurar
Talning í verðbréfi	Fyrir 1000 kr. 100 aurar og fyrir hverjar viðbótar 1000 kr. eða minna 50 aurar	Póstmenn mega ekki telja í verðbréfum til útlanda	

Alþjóða-svarmerki	Söluverð 350 aurar, skiptiverð 225 aurar í frímerkjum
Skilríkisspjöld	500 aurar
Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli	330 aurar
Tollmeðferð böggla	500 aurar
Staðfestingu á innihaldi bréfs	100 aurar fyrir hverjar 10 línur, minnst 500 aurar

Gjaldskrá þessi gengur í gildi 1. júlí 1958. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá um póstburðargjöld frá 1. marz 1957.

Póst- og símamálaráðherrann, 28. júní 1958.

Eysteinn Jónsson.

G. Briem.

83
9. júní

REGLUGERÐ

um styrktarsjóð vangefinna.

1. gr.

Styrktarsjóður vangefinna skal vera í vörzlu félagsmálaráðuneytisins, sem annast bókhald hans og daglega afgreiðslu mála, er sjóðinn varða.

2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í banka, en fé hans skal ætíð handbært til framkvæmda samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

Fé sjóðsins skal varið sem lánum eða styrkjum til þess að reisa stofnanir fyrir vangefið fólk.

Félagsmálaráðuneytið ráðstafar fé sjóðsins samkvæmt þessari grein að fengnum tillögum Styrktarfélags vangefinna og í samráði við önnur ráðuneyti, sem kunna að eiga hlut að máli hverju sinni.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni og birtir árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 43 29. maí 1958, um aðstoð við vangefið fólk, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. júní 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

84

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Ingunnar Knútsdóttur og Sigríðar Kristjánsdóttur árið 1957.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	53052.35	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	566.58	
			kr. 53618.93
2. Vextir:			
a. Af innstæðu í Söfnunarsjóði	kr.	2811.77	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	28.30	
			— 2840.07
			Kr. 56459.00

Gjöld: 84

Eign í árslok:

a.	Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 55864.12
b.	Innstæða í Landsbanka Íslands	— 594.88
		Kr. 56459.00

Biskup Íslands, Reykjavík, 16. janúar 1958.

Ásmundur Guðmundsson.

REIKNINGUR 85

yfir tekjur og gjöld Prestsekknasjóðs árið 1957.

Tekjur:

1.	Eign í ársbyrjun		kr. 274849.49
2.	Vextir:		
	a. Af verðbréfum	kr. 3558.33	
	b. — skuldabréfum	— 2700.00	
	c. — innstæðu í Söfnunarsjóði	— 7933.48	
	d. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 1558.99	
			— 15750.80
3.	Gjafir		— 5496.00
4.	Greitt af skuldabréfum		— 18500.00
5.	Útdregin verðbréf		— 1000.00
6.	Til jafnaðar við gjaldalið 2		— 18000.00
			Kr. 333596.29

Gjöld:

1.	Úthlutað prestsekkjum		kr. 6400.00
2.	Keypt verðbréf		— 18000.00
3.	Til jafnaðar við tekjulið 4		— 18500.00
4.	Til jafnaðar við tekjulið 5		— 1000.00
5.	Eign í árslok:		
	a. Verðbréf	kr. 43100.00	
	b. Skuldabréf	— 30000.00	
	c. Vísitölubréf	— 50000.00	
	d. Innstæði í Söfnunarsjóði	— 157621.84	
	e. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 33974.45	
			— 289696.29
			Kr. 333596.29

Biskup Íslands, Reykjavík, 14. janúar 1958.

Ásmundur Guðmundsson.

86

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Hjálmars kaupmanns Jónssonar 1. september 1956—31. ágúst 1957.

Tekjur:

1. Eign 1. sept. 1956:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	4000.00	
b. Vísitölubréf	—	25000.00	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands nr. 637	—	2822.62	
d. Innstæða í Landsbanka Íslands nr. 3913	—	81.57	
			kr. 31904.19
2. Vextir:			
a. Af skuldabréfum	kr.	175.00	
b. — vísitölubréfum	—	1750.00	
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands nr. 637	—	186.56	
d. — innstæðu í Landsbanka Íslands nr. 3913	—	7.06	
			— 2118.62
3. Útdregin bréf			— 2000.00
			Kr. 36022.81

Gjöld:

1. Úthlutað á árinu			kr. 700.00
2. Til jafnaðar við tekjulið 3			— 2000.00
3. Eign í lok reikningsárs:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	3000.00	
b. Vísitölubréf	—	24000.00	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands nr. 637	—	6234.18	
d. Innstæða í Landsbanka Íslands nr. 3913	—	88.63	
			— 33322.81
			Kr. 36022.81

Biskup Íslands, Reykjavík, 14. janúar 1958.

Ásmundur Guðmundsson.

REGLUGERÐ

87
29. ágúst

um viðauka við reglugerð nr. 70 30. júní 1958, um fiskveiðilandhelgi Íslands.

1. gr.

Botnvörpu-, flotvörpu- og dragnótaveiðar eru hvarvetna bannaðar innan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 70 30. júní 1958.

Íslenzkum skipum, sem veiða með botnvörpu, flotvörpu eða dragnót, skal frá 1. september 1958 heimilt að veiða innan fiskveiðilandhelgi við Ísland, en þó utan við línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu, sbr. næstu málsgrein hér á undan, með þeim takmörkunum, sem gerðar eru hér á eftir:

A. Norður- og Norð-Austurland.

Frá 21°20′ v. lg. að línu, sem dregin er í réttvísandi norð-austur frá Ósfles sunnan Héraðsflóa, eru botnvörpu-, flotvörpu- og dragnótaveiðar bannaðar innan línu, sem dregin er 8 sjómílur utan við grunnlínu, svo og við Grímsey og Kolbeinsey innan við 8 sjómílna línu frá grunnlínu.

B. Austurland.

Frá línu sem dregin er í réttvísandi norð-austur frá Ósfles að línu, sem dregin er í réttvísandi suð-austur frá Hvítingum, eru botnvörpu-, flotvörpu- og dragnótaveiðar bannaðar í fiskveiðilandhelginni á tímabilinu frá 1. maí til 30. nóvember.

C. Suð-Austurland.

Frá línu, sem dregin er í réttvísandi suð-austur frá Hvítingum að línu, sem dregin er í réttvísandi suður frá Ingólfshöfða, eru botnvörpu-, flotvörpu- og dragnótaveiðar bannaðar í fiskveiðilandhelginni frá 1. janúar til 15. maí.

D. Suðurland.

Frá línu, sem dregin er í réttvísandi suður frá Ingólfshöfða að línu, sem dregin er í réttvísandi suður frá Kötlutanga, eru botnvörpu-, flotvörpu- og dragnótaveiðar bannaðar innan línu, sem dregin er sex sjómílur utan við grunnlínu, á tímabilinu frá 1. janúar til 15. maí.

Frá 20° v. lg. til 21° v. lg. eru botnvörpu-, flotvörpu- og dragnótaveiðar bannaðar í fiskveiðilandhelginni á tímabilinu frá 1. janúar til 15. maí, svo og innan við línu, sem dregin er milli staðanna 63°19,5′ n. br., 21° v. lg. til 63°30,7′ n. br., 21°15,3′ v. lg., á sama tíma.

Frá 21°15,3′ v. lg. til 22°52′ v. lg. eru botnvörpu-, flotvörpu- og dragnótaveiðar bannaðar innan línu, sem dregin er átta sjómílur utan við grunnlínu, á tímabilinu frá 1. janúar til 15. maí.


E. Suð-Vesturland, Faxaflói og Breiðafjörður.

Frá 22°52′ v. lg. að línu, sem dregin er í réttvísandi vestur frá Bjargtöngum, skulu botnvörpu-, flotvörpu- og dragnótaveiðar bannaðar í fiskveiðilandhelginni á tímabilinu frá 1. janúar til 15. maí.

Einnig skulu slíkar veiðar bannaðar í fiskveiðilandhelginni frá 64°52′ n. br. að Bjargtöngum á tímabilinu frá 15. október til 31. desember.

B 26

30. dag ágústmánaðar 1958. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.



Sjómælingadeild Vita- og hafnamálaskrifstofunnar

F. Vestfirðir. 87

Frá línu, sem dregin er í réttvísandi vestur frá Bjargtöngum að 21°20′ v. lg., eru botnvörpu-, flotvörpu- og dragnótaveiðar óheimilar innan fiskveiðilandhelginnar allt árið. 29. ágúst

2. gr.

Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar varða viðurlögum samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 70 30. júní 1958, um fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega friðun fiskimiða landgrunnsins, og ákvæðum 3. gr. reglugerðar nr. 70 30. júní 1958.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. september 1958.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 29. ágúst 1958.

Lúðvík Jósepsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ 88

25. júlí

fyrir vistheimilið í Breiðuvík.

1. gr.

Stjórn vistheimilisins er í höndum þriggja manna nefndar, sem ráðherra skipar. Ráðherra skipar einnig forstöðumann heimilisins að fengnum tillögum stjórnarnefndarinnar. Annað starfsfólk ræður stjórnarnefnd heimilisins í samráði við forstöðumann.

2. gr.

Heimilið er fyrir drengi, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstigum. Barnaverndarnefndir og skólanefndir eða eftir atvikum barnaverndarráð ákveða, að höfðu samráði við stjórnarnefndina, hverjir vist hljóti á heimilinu.

3. gr.

Áður en dreng er veitt viðtaka á heimilið, skal stjórnarnefndin kynna sér aðstæður allar í máli hans, þ. á m. hver sé afstaða foreldra hans eða forráðamanna til vistarinnar.

Þá skal nefndin gæta þess, að læknir rannsaki rækilega heilsufar drengsins og sömuleiðis þess, að sálfræðingur hafi áður athugað hann, ef þess er nokkur kostur.

Skal eftirrit af umsögnum þessara sérfræðinga, svo og umsögn barnaverndarnefndar (barnaverndarráðs) um drenginn sendast forstöðumanni heimilisins.

4. gr.

Vistdrengjum skal séð fyrir lögskipaðri fræðslu. Skal í vistheimilinu vera kennari allt árið, sem annist kennsluna og aðstoði við uppeldisstörf á heimilinu. Vistdrengjum skal séð fyrir nauðsynlegum tækjum til íþróttaiðkana.

88 25. júlí

5. gr.

Læknisrannsókn skal fara fram á drengjunum a. m. k. tvisvar á ári. Skulu þeir vegnir og hæðarmældir, er þeir koma á heimilið og er þeir fara þaðan. Stjórnarnefnd skal, er þörf krefur, fá sérmenntaðan mann í uppeldisfræði eða sálarfræði til þess að athuga andlega heilbrigði, líðan og hegðun drengjanna.

6. gr.

Forstöðumaður annast daglega umsjón og stjórn á heimilinu. Hann skal hafa eftirlit með hegðun og háttsemi drengjanna utan heimilis sem innan.

Forstöðumaður skal sjá drengjunum fyrir vinnu við þeirra hæfi, meðan þeir dveljast á heimilinu. Skal þess gætt, að vinnustundafjöldi sé að jafnaði eigi meiri en 7 stundir hvern virkan dag. Meðan kennsla fer fram skal drengjum á skólaaldri eigi haldið að vinnu, nema sem svarar einni klukkustund á dag.

7. gr.

Forstöðumaður skal halda dagbók fyrir heimilið. Skulu þar skráð helztu atvik, er varða málefni þess og annað, er máli þykir skipta um rekstur heimilisins. Hann skal enn fremur halda spjaldskrá um drengina. Skulu þar tilfærð helztu atriði varðandi feril þeirra.

8. gr.

Nú telur forstöðumaður, að dreng sé eigi lengur þörf hælisvistar, og skal hann þá skýra stjórnarnefndinni frá því, en hún ákveður að höfðu samráði við viðkomandi barnaverndarnefnd, skólanefnd eða barnaverndarráð, hvort dvöl skuli lokið.

Telji forstöðumaður, að lengri dvöl sé dreng nauðsynleg en honum var í fyrstu ákveðin, skal hann skýra stjórnarnefndinni frá því með fyrirvara, og tekur hún þá ákvörðun um, hvort dvöl skuli framlengd.

Ella lýkur dvöl drengs, þegar sá tími er liðinn, sem honum var ætlað að dveljast á heimilinu.

9. gr.

Nú hefur drengur lokið vist á heimilinu, og skal þá stjórnarnefndin ásamt viðkomandi barnaverndarnefnd veita honum atbeina sinn til þess að komast í vist, í atvinnu eða til náms við hans hæfi, ef eigi er með öðru móti tryggt, að hann hljóti viðunandi vist og aðbúnað.

10. gr.

Forstöðumaður skal gæta þess, að fæði sé nægilegt og hollustusamlegt og að matmálstímar séu reglubundnir og hæfilega langir. Skal hann enn fremur ganga ríkt eftir, að drengirnir hlýði hreinlætisreglum heimilisins og reglum um fótaferð og náðir.

11. gr.

Stjórnarnefnd og forstöðumaður setja reglur um hegðun og umgengni vistdrengja og heimilisaga. Skulu þær bornar undir menntamálaráðuneytið til staðfestingar. Forstöðumaður sér um, að reglunum sé framfylgt.

12. gr.

Ef drengir hafa ekki með sér vinnufatnað og annan nauðsynlegan útbúnað, skal heimilið láta þeim í té það, sem þeir þarfnast af fatnaði, og nær það einnig til hlífðarfata við útivinnu.

13. gr.

Þegar drengur verður sjúkur, skal annast um hann eftir ráði héraðslæknis. Sé sjúkdómur hættulegur, skal gera nánustu vandamönnum drengsins aðvart, ef unnt

er. Hafi drengur næman sjúkdóm, skal gætt ýtrustu varúðarráðstafana í því skyni að aðrir vistmenn smitist eigi. 88 25. júlí

14. gr.

Vistheimilið skal jafnan hafa búrekstur, garðrækt, grasrækt og búfénað, svo og sjóróðra að vor- og sumarlagi. Skal stefnt að því að fullnægja þörfum heimilisins um matjurtir og aðrar landbúnaðarvörur. Þá skal framleidd söluvara eftir því sem aðstæður leyfa.

Stefna skal að því að koma upp léttum iðnaði eða handíðum, svo að drengirnir geti stundað innivinnu á veturna.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 29/1947, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 25. júlí 1958.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius

AUGLÝSING

89 31. jan.

um framlengingu ökukennararéttinda.

Með skírskotun til þess, að í gildi eru komin ný umferðarlög og að í undirbúningi eru nýjar reglugerðir samkvæmt þeim, framlengjast hér með til 31. desember 1958 löggildingar til ökukennslu, skv. 1. mgr. og 3. mgr. 21. gr. áður gildandi bifreiðalaga, sbr. 31. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958, sbr. enn fremur reglugerð nr. 178. 13. des. 1948, um kennslu og próf bifreiðarstjóra og auglýsing nr. 89 20. maí 1957.

Í dómsmálaráðuneytinu, 31. janúar 1958.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

AUGLÝSING

90 5. júlí

um eftirlitsgjald af fóðurblöndum.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 63 31. maí 1947, um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur, hefur ráðuneytið ákveðið, að ákvæði auglýsingar nr. 202 25. október 1947, um eftirlitsgjald af fóðurblöndum, skuli gilda óbreytt árið 1958.

Landbúnaðarráðuneytið, 5. júlí 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

91
8. júlí

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir heimæðar Hitaveitu Reykjavíkur, nr. 173 1. sept. 1943.

1. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:
Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera kr. 150.00 fyrir hverja 10 rúmmetra af upphituðu rúmmáli húsa skv. utanmáli án frádráttar vegna súðar.
Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsi og skal þá greiða kr. 500.00 í aukagjald fyrir hvert viðbótarkerfi umfram það fyrsta.
Ný grein, er verði 5. gr. orðist svo:
Gjaldskrá þessi gildi frá 1. júní 1958.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febr. 1940, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 150 18. ágúst 1953, um breyting á gjaldskrá fyrir heimæðar Hitaveitu Reykjavíkur, nr. 173 1. sept. 1943.

Félagsmálaráðuneytið, 8. júlí 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

92
8. júlí

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur, nr. 233 30. des. 1943.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:
Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkv. vatnsmæli kr. 3.60 fyrir hvern rúmmetra vatns. Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.
4. gr. gjaldskrárinnar falli burt og breytast greinatölur og tilvitnanir í samræmi við það.
5. gr. gjaldskrárinnar, sem verður 4. grein orðist svo:
Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæla skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotin og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

a.	Fyrir mæla allt að ¾″	kr.	9.00
b.	— — — — 1—2″	—	30.00
c.	— — — — 3″	—	150.00

Ný grein, er verði 12. gr.:
Gjaldskrá þessi gildi frá álestursdegi í júní 1958.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febr. 1940, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 224 31. des. 1951, um breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur, nr. 233 30. des. 1943.

Félagsmálaráðuneytið, 8. júlí 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

93
12. júlí

GJALDSKRÁ

fyrir rafveitu Hafnarfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst-mæli á kr. 2.75 hver kwst.
2. Um kwst-mæli á 80 aura hver kwst, auk fastagjalds, er nemi kr. 14.50 á ári af hverjum fermetra (m^2) gólfflatar, er lýsa skal. Þar, sem gólffletir eru tiltölulega stórir miðað við ljósmagn, er heimilt að veita afslátt á fastagjaldi skv. reglum, er rafveitustjóri setur. Minnsta fastagjald skal þó vera kr. 370.00 á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um einn kwst-mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 60 aura hver kwst, og auk þess fastagjald kr. 48.00 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Heimilt skal að miða fastagjald við gólfflöt, og skal þá greiða kr. 6.60 á ári af hverjum fermetra.

C. Vélanotkun.

1. Um einn kwst-mæli, þannig:

Fyrir fyrstu	5000 kwst ársnotkun	165	au/kwst.
— næstu	10000 — —	110	—
Umfram	15000 — —	80	—

2. Um mæla þannig reiknað, enda sé vélaafl minnst 20 kw:

400	kr. árskw.	fyrir	fyrstu	50 kw.
330	— —	—	næstu	50 —
260	— —	—	umfram	100 —

Án álagsmælis skulu kw reiknuð 80% af ástimpluðu vélaafli. Við notkun mælis fyrir mesta álag skal verð á árskw vera 25% hærra.

Auk þess greiðist kwst-gjald, er reiknast þannig, miðað við eitt ár:

Fyrstu	200000	kwst	á	22	aura	hver kwst.
Umfram	200000	—	—	16	—	— —

3. Um einn kwstmæli á 80 aura hver kwst fyrstu notkunar, en á 50 aura hver kwst af notkun umfram 1000 klst., á ári á hvert kw vélaafl. Minnsta greiðsla samkv. þessum lið skal þó vera 800 kr. á ári fyrir hvert kw vélaafls.

D. Hitun.

1. Til hitunar húsa, enda sé rafmagnsupphitun aðalupphitun hússins, um sérmæli fyrir hitalögnina:
   a) Á 35 aura hver kwst.
   b) Á 20 aura hver kwst, enda megi þá rjúfa strauminn í eina klst. um hádegið.
   c) Á 16 aura hver kwst, enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en eina og hálfa klst. í senn.

93 12. júlí

d) Á 8 aura hver kwst næturnotkunar, er fram fer frá kl. 22 til kl. 8, enda sé notuð eingöngu, eða því nær eingöngu næturraforka til upphitunar hússins, Þar, sem því verður við komið, má rafveitustjóri takmarka næturnotkun við allt að 8 klst.

Tilgreint verð á D1 má miða við útsöluverð á kolum kr. 450.00 hvert tonn og olíu (gasolíu) 70 aura hver lítri (heimflutt) og er heimilt að halda þessu hlutfalli milli D1 annars vegar og kola og olíu hins vegar, með breyttu verðlagi á hinu síðarnefnda. Skal þá reikna verð á D1 við hvert eldsneytið fyrir sig og taka síðan meðaltal. Standi verðið þannig á hluta úr eyri, má hækka eða lækka í hálfan eða heilan eyri, eftir því sem nær er.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar:

1. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
2. Að notandi kosti sjálfvirkan segulrofa fyrir hitalögnina, enda leigi rafveitan sérstaka skiptiklukku fyrir hann skv. mælagjaldskrá.
3. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkv. fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, þegar þess er krafizt.
4. Að húsin fullnægi þeim minnstu kröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.

2. Til hitunar í handiðn, iðnaði eða atvinnurekstri um tvígjaldsmæli á 22 aura hver kwst frá kl. 22 til kl. 8 og á 65 aura hver kwst frá kl. 8 til 22.

E. Stórnotkun.

Um mæla fyrir mesta notað afl, enda sé aflnotkun minnst 200 kw, þannig reiknað:

Innkaupsverð frá Sogsvirkjun hver kwar — 25%
— — — — kwst — 50%

Auk þess greiðist fastagjald kr. 2300.00 á mánuði, óháð afl og orkunotkun og miðast það við hinar almennu verðbreytingar gjaldskrárinnar skv. kaupgjaldsvísitölu.

F. Önnur notkun.

1. Rafveitustjórn er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
2. Til nota við vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwstmæli á kr. 1.40 hver kwst.
3. Gjöld fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögu rafveitustjórnar.
4. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema til komi samþykki rafveitustjórnar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækis, sem nota skal fyrir veitu hverri. Heimilt er að taka leigu fyrir mælitæki, er nemur allt að 20% af meðalverði hverrar tegundar.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, er miðast við brunabótamat á húsum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

Fyrir jarðlínuheimtaug:
Grunngjald kr. 780.00 og auk þess
0.8% af brunabótamati upp að 200 þús. kr.
og 0.2% — — umfram 200 — —

Fyrir loftlínuheimtaug
greiðist 70% af heimtaugargjaldi fyrir jarðlínuheimtaug.

Þar, sem brunabótamat er gamalt, skal heimtaugargjaldið miðast við umreiknað brunabótamat eftir vísitölu byggingarkostnaðar, er Hagstofa Íslands reiknar út.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 m, loftlínuheimtaugar meiri en 40 m og/eða gildleiki víra meiri en 3 × 70 qmm, skal húseigandi kosta það, sem þar er fram yfir.

Standi sérstaklega á eða séu óvenjulega miklir örðugleikar við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjalds af húseiganda, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir reikningi.

Ef breytt er um heimtaug úr loftlínu í jarðlínu, skal húseigandi greiða þann mismun, sem er á loftlínu- og jarðlínuheimtaug, eins og sá mismunur er í gjaldskrá, sem í gildi er, þegar breytingin fer fram. Rafveitan skal hins vegar kosta breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu verður samfara, en ekki málningu eða rask, sem af þessu kynni að stafa. Sé mikill kostnaður við slíka breytingu, getur stjórn rafveitunnar skyldað húseiganda til að taka þátt í kostnaði stofntaugarinnar.

Ef byggja þarf sérstaka spennistöð til þess að fullnægja orkuþörf notanda, er rafveitunni heimilt að krefjast af notanda, að hann leggi til húsnæði fyrir spennistöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu. Ef enn fremur þarf að leggja til hans langa háspennulínu, má ætla notanda að taka þátt í þeim kostnaði.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar er lokið er lagningu heimtaugar.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 25 krónur.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur, fyrr en notandi hefur greitt 25 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Fyrir hver 10 stig, sem kaupgjaldsvísitala Hagstofu Íslands hækkar eða lækkar frá 160 stigum, er heimilt að hækka eða lækka rafmagnsgjöld skv. gjaldskrá þessari, önnur en skv. I. D1 og III., um 5%.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12. 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 9 14. jan. 1955.

Atvinnumálaráðuneytið, 12. júlí 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

94
12. júlí

GJALDSKRÁ

fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

I. RAFORKA

Rafmagnsveita Reykjavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Þar, sem raforkan er aðallega notuð til lýsingar, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á 225 aura hver kwst.
2. Um hemil eða hemil-mæli á 280 kr. hvert árshektówatt, og skal hemilstillingin ávallt standa á heilu hw og bil milli tveggja stillinga eigi vera minna en 10% hinnar hærri. Umframnotkun skal seld samkv. gjaldskrárlið A 1.

   Samkvæmt þessum lið má selja útiljós, enda þótt mælitækjum verði ekki við komið.
3. Um kwst.mæli á 56 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi 280 kr. á ári fyrir allt að 25 m² gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, og 8.30 kr. fyrir hvern m² umfram 25 m². Fullt flatarmál skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal deila fermetragjaldinu með 3.5.
4. Á 220 kr. fyrir hvert kw. og öll notkunin á 56 aura kwst., ef um meiri en 2.5 kw. afl er að ræða, og notkunartíminn er meiri en 600 klst. á ári. Verði ekki aflmælingu við komið undir þessum gjaldskrárlið, skal reikna 15 wött á hvern fermetra gólfflatarmáls.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

1. Um tvenna kwst.mæla, annan til ljósa en hinn til heimilisvéla. Um ljósamælinn reiknast ljósagjald samkv. A 1, á hinn mælinn 56 aurar á kwst. Þennan gjaldskrárlið má einnig nota fyrir skrifstofur, verzlanir og verkstæði, en þó ekki fyrir 3-fasa hreyfla.
2. Um einn kwst.mæli á 50 aura hver kwst., og auk þess fastagjald kr. 48.00 á ári af hverju íbúðarherbergi heimilisins.

   Eftir þessum gjaldskrárlið má selja rafmagn til suðu til veitingahúsa, gistihúsa og annarra slíkra staða, sem ekki verða talin heimili, enda sé þá rafmagnið selt um sérmæli, og leiga goldin af sérmælinum, en herbergjagjald ekki reiknað.

   Selja má og til súgþurrkunar á heyi samkvæmt þessum gjaldskrárlið.
3. Um hemilmæla 1700 kr. hvert árskw, og auk þess 46 aura á kwst. fyrir umframnotkun. Hemilstillingin skal vera minnst 500 wött, að viðbættum 100 wöttum fyrir hvert íbúðarherbergi fram yfir tvö.

   Þennan gjaldskrárlið, B 3, má einnig nota fyrir skrifstofur, verzlanir og verkstæði, þó eigi fyrir 3-fasa hreyfla, og skal þá miða stillingu hemilsins við 500 wött fyrir fyrstu 25 m² gólfflatar eða minna, og síðan 100 wött fyrir hverja 12 m² eða minna, og skal reiknaður út eftir sömu reglum og settar eru fyrir gjaldskrárlið A 3.

Reglur um útreikning herbergja.

Í útreikningi á fjölda herbergja í íbúð, skal aðeins telja stofur og svefnherbergi o. þ. h., en ekki eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálft, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð. Þegar heildartala herbergja hefur verið reiknuð út samkvæmt þessu, skal hún hækkuð upp í heila næstu tölu, ef stendur á hálfu.

C. Vélar.

94
12. júlí

Þar sem raforka er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á 100 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds frá 185 til 220 kr. á hvert uppsett kw. vélanna.

   Sé um meira en 5 kw.afl að ræða og notkunartíminn er meiri en 500 klst. má veita afslátt á þeirri notkun, og reikna gjaldið þannig:

   50 000 kwst. á 65 aura hvert kwst. og notkunin umfram það á 48 aura hver kwst.

2. Um mestu-mæla fyrir mesta notað afl, ef um meir en 5 kw. afl er að ræða og notkunin er meir en 500 klst. á árinu, þannig:

   300 kr. á árskw. fyrir fyrstu 50 kw.
   250 — - — — næstu 50 —
   200 — - — — umfram 100 —

   og auk þess skal greiða kwst.gjald, er reiknast þannig:

   Fyrstu 200 000 kwst. ársnotkun á 15 aura hver kwst.
   Umfram 200 000 — — - 11 — — —

3. Um hemilmæla á 1100 kr. árskw. og 55 aura á kwst. öll umframnotkun.

   Rafmagnsstjóri ákveður stillingu hemilmælisins í hvert skipti í hlutfalli við vélaaflið.

   Þennan gjaldskrárlið má einnig nota til hitunar í iðnaði.

   Aths. Þeir notendur, sem haft hafa gjaldskrárlið C 4, færast yfir á C 1, nema þeim henti betur aðrir liðir.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 24 aura kwst., enda sé þá minnsta notkun 10 000 kwst. á ári.
2. Um kwst.mæli á 20 aura á kwst., ef straumur er rofinn með klukkurofa frá kl. 10:45 til 12:00 og frá kl. 18:30 til 19:45. Sameina má þennan gjaldskrárlið B 2, enda skal þá talið á B 2-lið 1500 kwst. notkun fyrir eins herbergis íbúðir og 600 kwst. að auki fyrir hvert herbergi, sem þar er fram yfir, allt að 3900 kwst. á ári. Selja má rafmagn samkvæmt þessum gjaldskrárlið og þá án klukkurofa, þar sem umframnotkunin fer til neyzluvatnshitunar, stærri kæliklefa og á vatnsdælur til heimilisþarfa.
3. Um kwst.mæli á 14 aura á kwst., ef straumurinn er rofinn með klukkurofa, frá kl. 10 til 12 og 2 klst. á tímanum frá kl. 17 til 21.
4. Um kwst.mæli á 9 aura á kwst., ef straumurinn er rofinn með klukkurofa frá kl. 8 til 23, enda séu nægilega stórir hitageymar settir upp fyrir dagnotkunina. Þegar um er að ræða hitun á húsrúmi, sem er yfir 2000 m^3 að stærð eða aðra hliðstæða notkun á afli, er heimilt að láta í té straum á tímanum 12:30 til 15:30, ef þörf gerist.
5. Um tvígjaldsmæla á 12 aura kwst. frá kl. 23 til 8, og 50 aura hver kwst. frá kl. 8 til kl. 23.

   Selja má raforkuna samkvæmt þessum lið til véla, ef um meira en 5 kw.afl er að ræða, og notkunartíminn meiri en 500 klst. á ári, ef straumur er rofinn af lögninni með klukkurofa, frá kl. 10:45 til kl. 12.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsstjóra.
b. Að notandi kosti tengingu klukkurofa og greiði leigu fyrir hann samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.

94 12. júlí

c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum Rafmagnsveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

E.

Þegar sérstaklega stendur á, má rafmagnsstjóri selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema til komi samþykki bæjarráðs.

F.

Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögum bæjarráðs.

G.

Fyrir hver full 10 stig, sem kaupgjaldsvísitala Hagstofu Íslands hækkar eða lækkar frá 155 stigum, er heimilt að hækka eða lækka raforkureikninga Rafmagnsveitunnar um 6%. Telji bæjarstjórn Reykjavíkur nauðsyn á, að ráðstafanir séu gerðar til að draga úr rafmagnsnotkun, er henni heimilt, sem einn lið í þeirri ráðstöfun, að hækka rafmagnsverðið á notkun umfram meðalnotkun í hverjum gjaldskrárlið um allt að 10-földu verði. Í útreikningi meðalnotkunar skal tekið tillit til orku- og aflþarfar.

H.

Verð á raforku samkvæmt stafliðum A—G skal hækka um 10% frá 1. júlí 1958 að telja.

II. MÆLALEIGA

Rafmagnsstjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

Tegund mælitækis:	Upp að 30 amp.	35—50 amp.	55—100 amp.	Yfir 100 amp.
Einfasa kwst.mælar, hemilmælar, hemlar og lausar skiptiklukkur einar sér	27			
Þrífasa kwst.mælar, þrífasa hemilmælar einfasa frádráttarmælar, lausir	60	90	120	200
Tvígjaldsmælar, mestumælar	90	120	180	300

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafmagnsstjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

II. OPNUNARGJALD OG TENGIGJÖLD

a. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar fyrir veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun, 25 krónur.

b. Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 25 króna gjald á skrifstofu Rafmagnsveitunnar.

c. Fyrir skoðun á raflögn við úttekt skal greiða tengingargjald, er reiknast þannig:

1. Nýjar veitur:	Fast gjald	kr.	12.00
	og auk þess á hverja grein	—	4.00
2. Breyttar veitur:	Fast gjald	—	8.00
	og auk þess á breytta grein	—	2.00
	og auk þess á nýja grein	—	4.00

Fyrir endurskoðun skal greiða tvöfalt gjald.

Fyrir smávægilegar breytingar, þegar ekki er um að ræða aukningar, má sleppa fastagjaldi.

IV. HEIMTAUGAGJÖLD

94

12. júlí

Heimtaugagjöld innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur skal miða við rúmmál húsa á þann hátt, sem hér segir:

Rúmmál húsa í teningsmetrum:	Heimtaugagjöld: Jarðstrengur	Loftlína
Allt að 239	kr. 720.00	kr. 300.00
240 — 299	— 960.00	— 400.00
300 — 359	— 1080.00	— 560.00
360 — 419	— 1200.00	— 700.00
420 — 469	— 1320.00	— 800.00
470 — 519	— 1540.00	— 880.00
520 — (559)	— 1640.00	— 940.00
560 — 599	— 1640.00	— 1000.00
600 — 679	— 1820.00	— 1100.00
680 — 749	— 2000.00	— 1200.00
750 — 889	— 2220.00	— 1300.00
890 — 1019	— 2400.00	— 1400.00
1020 — 1139	— 2540.00	— 1500.00
1140 — 1249	— 2640.00	— 1580.00
1250 — 1349	— 2740.00	— 1660.00
1350 — 1449	— 2810.00	— 1740.00
1450 — 1549	— 2880.00	— 1800.00
1550 — 1799	— 3000.00	— 1900.00
1800 — 1999	— 3120.00	— 2000.00
2000 — 2399	— 3360.00	— 2100.00
2400 — 2799	— 3600.00	— 2200.00
2800 — 3199	— 3840.00	
3200 — 3599	— 4080.00	
3600 — 3999	— 4320.00	
4000 — 4399	— 4560.00	
4400 — 4699	— 4800.00	

Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m eða lofttaugar fram úr 40 m, skal húseigandi kosta það, sem fer yfir. Standi sérstaklega á eða séu sérstakir örðugleikar við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjalds af húseiganda, en gera skal honum aðvart um það fyrir fram.

Standi sérstaklega á, er rafmagnsstjóra heimilt að semja um heimtaugargjaldið við húseiganda.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nr. 131 23. okt. 1954.

Atvinnumálaráðuneytið, 12. júlí 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

95
14. júlí

AUGLÝSING

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. jan. 1930.

1. gr.

46. gr. lögreglusamþykktarinnar orðist svo:

Ökuhraða bifreiða skal ávallt miða við gerð og ástand ökutækisins, staðhætti, færð, veður og umferð og haga þannig, að aksturinn valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir aðra vegfarendur né geri þeim óþarfa tálmanir.

Sérstök skylda hvílir á ökumanni að aka hægt og sýna ýtrustu varkárni, þegar skuggsýnt er, skyggni lélegt eða útsýn er takmörkuð að öðru leyti, í beygjum, við vegamót, við biðstöðvar almenningsvagna, þar sem mikil umferð er eða börn eru á eða við veg eða gera má ráð fyrir, að börn séu að leik, hálka er á vegi eða önnur hætta. Þegar bleyta er á vegum, skal aka þannig, að ekki slettist á aðra vegfarendur né hús.

Á svæðinu vestan Elliðaáa má eigi aka hraðar en 35 km á klukkustund, enda séu umferðarskilyrði góð. Austan Elliðaáa má með sama skilorði aka allt að 45 km hraða á klukkustund. Bæjarstjórn er þó heimilt að ákveða annan hámarkshraða á einstökum vegum.

Breyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dómsmálaráðuneytið, 14. júlí 1958.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

96
14. júlí

AUGLÝSING

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 12 24. jan. 1949.

1. gr.

Við 40. gr. bætist:

Bifreiðastöður eru bannaðar á þessum stöðum:

a. Í Hafnarstræti frá Silfurtorgi að Pólgötu austan megin götunnar og beggja vegna götunnar frá Silfurtorgi og upp fyrir smjörlíkisgerðina og frá Austurvegi að Pólgötu.
b. Í Fjarðarstræti beggja vegna götunnar frá Hrannargötu að Mjallargötu.
c. Við Aðalstræti frá Silfurtorgi að Bræðraborg sunnan megin götunnar.
d. Við Austurveg, framan við húsið nr. 1 og nr. 2.

Á Silfurtorgi verði hringakstur samkvæmt settum merkjum.

2. gr.

48. gr. orðist svo:

Ökuhraða bifreiða skal ávallt stilla svo í hóf, að komizt verði hjá slysum, og þannig, að umferð um götuna sé ekki trufluð, og má ökuhraðinn aldrei vera

meiri en 45 kílómetrar á klukkustund á aðalbrautum og 25 kílóm. á klst. á öðrum götum bæjarins. 96 14. júlí

Þar sem bifreiðastjóri sér skammt frá sér, í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem vegur er sleipur, þar sem skóli er og þar sem mikil umferð er, skal gæta sérstakrar varúðar, og má aldrei aka þar hraðar en svo, að stöðva megi bifreiðina þegar í stað.

Að öðru leyti gilda um umferðina ákvæði umferðarlaga frá 2. maí 1958.

Breyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dómsmálaráðuneytið, 14. júlí 1958.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING 97 14. júlí

um breyting á gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins, nr. 107 24. maí 1955.

Héraðsrafmagnsveitum ríkisins er heimilt að hækka gjöld samkvæmt gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins, nr. 107 24. maí 1955, um 20% frá 1. júlí 1958 að telja, þar til annað kann að verða ákveðið.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 41 22. apríl 1958, um sama efni.

Atvinnumálaráðuneytið, 14. júlí 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING 98 18. júlí

um breytingu á gjaldskrá nr. 20 16. febr. 1955, yfir rannsóknir, er Atvinnudeild Háskólans annast.

Atvinnudeild Háskólans er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá nr. 20 16. febr. 1955, um rannsóknir, sem Atvinnudeild Háskólans annast, með 30% viðauka frá 20. júlí 1958 að telja, þar til annað kann að verða ákveðið.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 68 7. maí 1940, um náttúrurannsóknir, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 18. júlí 1958.

Gylfi Þ. Gíslason.

Gunnlaugur E. Briem.

99 24. júlí **Staðfesting** forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Halldórs Guðmundssonar frá Botni, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. júlí 1958.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Halldórs Guðmundssonar frá Botni í Súgandafirði, f. 14. marz 1922, d. 21. febr. 1943.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Halldórs Guðmundssonar frá Botni.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að fegra Suðureyrarkirkju eða umhverfi hennar með kaupum á munum, gróðursetningu blóma eða trjáa eða á annan hátt, er stjórnendum sjóðsins þykir tilhlýðilegt.

3. gr.

Sjóðurinn var stofnaður 22. des. 1947, með kr. 1000.00 — eitt þúsund króna — framlagi foreldra Halldórs: Sveinbjargar Hermundsdóttur og Guðmundar Ág. Halldórssonar, Suðureyri, Súgandafirði. Skal hann ávaxtaður í Sparisjóði Súgfirðinga eða annarri hliðstæðri peningastofnun.

4. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera gjafir, sem honum kunna að berast, svo og vextir af innstæðufé. Aldrei má eyða öllu fé sjóðsins en láta hann að öðru leyti fullnægja tilgangi sínum eftir því, sem ástæður þykja til og efnahagur leyfir.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum: Sóknarprestinum og tveimur mönnum tilnefndum af nánustu ættingjum Halldórs heitins. Skal sóknarpresturinn annast reikningshald sjóðsins og gera skil á reikningum hans á aðalfundi safnaðarins ár hvert. Reikningarnir skulu endurskoðaðir af sóknarnefndinni.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

100 19. júlí

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Ólafsvíkurhreppi, Snæfellsnessýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtími hans hinn sami og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

100

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd 19. júlí
gerir, og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf sem nefndin á að annast um, séu tilhlýðalega unnin. Hann annast innheimtu á tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að hafa ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Sveitarstjóri setur þá tryggingu, sem hreppsnefndin ákveður, fyrir innheimtum þeim, sem hann hefur á hendi, sbr. 3. gr.

5. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem í 6. gr. getur og greiðast þau úr sveitarsjóði.

6. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt í hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem rétt þykir að taka fram af því tilefni, enda skal ráðningarsamningur vera samþykktur af hreppsnefnd. Uppsagnarfrestur af hálfu hvors aðila skal vera þrír mánuðir.

7. gr.

Nú verður sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfi sínu og skeytir ekki áminningu hreppsnefndar, og getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal félagsmálaráðuneytinu þegar frávikninguna. Oddviti tekur þá við starfi sveitarstjóra og gegnir því, unz sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps hefur samið og samþykkt, samkv. lögum nr. 19 frá 1951 um sveitarstjóra, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 19. júlí 1958.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Helgi Helgason.

101
8. ágúst

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Sauðárkróks.

I. RAFORKA

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.80 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.20 hver kwst. auk fastagjalds af rúmi því, sem lýsa skal, er nemi kr. 12.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 4.20 á ári af hverjum fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli þannig reiknað:

a. Grunngjald (mælisleiga o. fl.) ..... kr. 6.50 á mán.
b. Orkugjald af allri notkun ..... — 0.60 - —
c. Fastagjald af hverju herbergi í íbúð ..... — 6.50 - —

Til herbergja í íbúð skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m² skal telja sem hálft, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig, að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og 5 m² hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

Um kwst.mæli þannig:

1. 1. Fyrir fyrstu 3000 kwst. ársnotkun ..... kr. 2.00 á kwst.
   2. — næstu 4000 — — ..... — 1.50 - —
   3. — — 8000 — — ..... — 1.00 - —
   4. Umfram 15000 — — ..... — 0.80 - —
2. Til matvælaiðnaðar, ef uppsett vélaafl fastra véla er yfir 20 kw. og notandi skuldbindur sig til að greiða sem svarar minnst 1000 kwst. ársnotkun á hvert kw. vélanna um kwst.mæli:
   a. Á 55 aura hverja kwst. enda megi rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á tímum mesta álags rafveitunnar.
   b. Á 80 aura hverja kwst. án skilyrðis um lokun fyrir straum.
3. Um afl- og orkumæla þannig reiknað:
   a. Aflgjald af notuðu afli ..... kr. 825.00 á kw. á ári.
   b. Orkugjald af allri notkun ..... — 0..22 - kwst.

Notað afl telst vera meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálestra hvers almanaksárs. Aflnotkunin mælist sem meðalálag yfir stundarfjórðung og álestrar fara fram um hver mánaðamót.

D. Hitun.

Um kwst.mæli á 23 aura hverja kwst., enda sé minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Sala á raforku eftir þessum gjaldskrárlið er háður því skilyrði, að straumurinn sé rofinn í allt að 3 klst. á dag á mesta álagstíma um hádegið og síðdegis, en ekki lengur en 1½ klst. í senn. Rafveitustjóri ákveður lokunartíma hjá hverjum notanda.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að klukkurofar séu fáanlegir og notandi kosti tengingu þeirra og greiði leigu af þeim samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 65 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur um kwst.-mæli á kr. 2.00 hverja kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 18 aura hverja kwst., enda sé straumurinn rofinn frá kl. 8.30 til 22, eða um tvígjaldsmæli á 18 aura hverja kwst. frá kl. 20.00 til kl. 8.30 og kr. 1.50 hverja kwst. frá kl. 8.30 til 22.
4. Raforka til götu- og hafnarlýsingar á 75 aura hverja kwst.
5. Raforku til ljósa í beitiskúrum og gripahúsum má selja án mælis á kr. 2160 árskw., enda sé spennan þá 32 volt, og skriflegir samningar gerðir við neytendur um notkunina.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum 30 amp. og minni	kr. 3.00	á mán.
2.	— þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 5.00	— —
3.	— — — 50—200 amp.	— 10.00	— —
4.	— — — yfir 200 —	— 13.00	— —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Fyrir hverja húsveitu, sem tengd er við rafveitukerfi Sauðárkróks skal greiða heimtaugargjald, miðað við rúmtak húss, samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga:

Rúmmál húss í ten.m:					Heimtaugargjald:	
Frá	0	allt að	100		kr.	700.00
—	100	— —	150		—	805.00
—	150	— —	200		—	910.00
—	200	— —	250		—	1050.00
—	250	— —	300		—	1120.00
—	300	— —	350		—	1260.00
—	350	— —	400		—	1400.00
—	400	— —	450		—	1540.00
—	450	— —	500		—	1680.00
—	500	— —	550		—	1820.00
—	550	— —	600		—	1960.00
—	600	— —	650		—	2100.00

101
8. ágúst

Rúmmál húss í ten.m:					Heimtaugargjald:
Frá	650	allt að	700	.....	kr. 2240.00
—	700	— —	750	.....	— 2380.00
—	750	— —	800	.....	— 2520.00
—	800	— —	850	.....	— 2660.00
—	850	— —	900	.....	— 2800.00
—	900	— —	1000	.....	— 3080.00
—	1000	— —	1100	.....	— 3360.00
—	1100	— —	1200	.....	— 3640.00
—	1200	— —	1500	.....	— 4200.00
—	1500	— —	1750	.....	— 4900.00
—	1750	— —	2000	.....	— 5600.00
—	2000	— —	2250	.....	— 6300.00
—	2250	og yfir		.....	— 7000.00

Gjald þetta er miðað við loftlínu að gildleika 3 × 70 m³ eða grennri og allt að 60 metra að lengd. Fyrir jarðstreng skal greiða heimtaugargjald sem er 20% hærra, enda sé jarðstrengur ekki gildari en 3 × 70 m³, eða lengri en 25 metrar.

Húseigandi greiðir auk þess allan kostnað af því, ef heimtaug er gildari eða lengri en að framan greinir. Sé fleiri en ein heimtaug að húsinu, greiði húseigandi eftir reikningi allan kostnað, er af því leiðir. Ef sérstök heimtaug er lögð í peningshús eða bifreiðaskúr á byggingarlóð íbúðarhússins, telst hún aukaheimtaug í húsið.

Verði síðan lögð jarðlína í stað loftlínu, greiðir húseigandi það, sem á vantar til þess að hann hafi greitt fullt jarðlínu-heimtaugargjald.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal gjald fyrir enduropnun vera kr. 20.00.
2. Ef fundin er óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 20.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveituna, nr. 93 29. júní 1954.

Atvinnumálaráðuneytið, 8. ágúst 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ

102
8. ágúst

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.80 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.20 hverja kwst., auk fastagjalds af gólffleti í rúmi því er lýsa skal.

   Fastagjald skal reiknast þannig:

   a. Fyrir verzlanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 1.00 á fermetra á mánuði.
   b. Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. h. kr. 0.50 á fermetra á mánuði.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 65 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 6.00 á mánuði af hverju herbergi.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð er sem íveruherbergi, hol og eldhús en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur.

Herbergi sem er minna en 5 m telst sem hálft, en stærra en 25 m sem tvö.

C. Vélanotkun.

1. Um einn kwst.mæli þannig:

Fyrir	fyrstu	3000	kwst.	ársnotkun	.....	kr. 2.00	hverja	kwst.
—	næstu	4000	—	—	.....	— 1.50	—	—
—	—	8000	—	—	.....	— 1.00	—	—
—	umfram	15000	—	—	.....	— 0.80	—	—

2. Til matvælaiðnaðar, ef uppsett vélaafl fastra véla er yfir 20 kw, og notandi skuldbindur sig til að greiða sem svarar minnst 1000 kwst. ársnotkun á hvert kw. vélanna um kwst.mæli:

   a. Á 55 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið.
   b. Á 80 aura hverja kwst. án skilyrðis um lokun fyrir straum.

Eftir þessum gjaldskrárlið er heimilt að selja raforku til súgþurrkunar.

Ef aðallega er um sumarnotkun að ræða, og sérstaklega stendur á að öðru leyti, er heimilt að lækka lágmarksgjald samkvæmt ofangreindu niður í sem svarar allt að 400 kwst. ársnotkun á kw.

D. Hitun.

1. Til hitunar húsa, enda sé eingöngu eða nær eingöngu notuð rafmagnshitun, um sérmæli um hitalögnina:

   a. Á 18 aura hverja kwst. til hitunar með rafofnum og 16 aura hverja kwst. til miðstöðvarhitunar, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á sólarhring á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
   b. Á 9 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 14 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 8 til 23.

102 8. ágúst

2. Til hitunar í iðnaði eða atvinnurekstri um kwst.mæli á 23 aura hverja kwst., enda sé straumurinn rofinn frá kl. 8 til 22.
Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar:
a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að notendur setji sjálfvirka rofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð eftir fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Til vinnulagna við byggingar meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 2.00 hverja kwst.
2. Til götu- og hafnarlýsingar á kr. 325.00 á ári fyrir hvert ljósker, enda kosti rafveitan rekstur og viðhald ljósakerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Greiða skal leigu af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum	upp að 30 amp.	.....	kr.	3.00 á mánuði.
2.	— þrífasa —	— — 50 —	.....	—	5.00 - —
3.	— — —	50 til 200 —	.....	—	10.00 - —
4.	— — —	yfir 200 —	.....	—	13.00 - —

Af öðrum mælitækjum en nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugagjald, er miðast við rúmmál húsa á þann hátt sem hér segir:

Rúmmál húsa, teningsmetrar:

Allt að 100 m³	.....	kr. 1360.00
100 til 150 —	.....	— 1640.00
150 — 200 —	.....	— 1920.00
200 — 250 —	.....	— 2200.00
250 — 300 —	.....	— 2420.00
300 — 350 —	.....	— 2490.00
350 — 400 —	.....	— 2560.00
400 — 450 —	.....	— 2630.00
450 — 500 —	.....	— 2700.00
500 — 550 —	.....	— 2770.00
550 — 600 —	.....	— 2840.00
600 — 650 —	.....	— 2910.00
650 — 700 —	.....	— 3200.00
700 — 750 —	.....	— 3400.00
750 — 800 —	.....	— 3600.00

Rúmmál húsa, teningsmetrar:

800 til 850 m³	kr. 3800.00
850 — 900 —	— 4000.00
900 —1000 —	— 4400.00
1000 —1100 —	— 4800.00
1100 —1200 —	— 5200.00
1200 —1500 —	— 6000.00
1500 —1750 —	— 7000.00
1750 —2000 —	— 8000.00
2000 —2250 —	— 9000.00
2250 og yfir —	—10000.00

Sé lengd jarðlínunnar meiri en 30 m, og loftlínuheimtaugar meiri en 40 m, og/eða gildleiki víra meiri en 3 × 7 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Sé fleiri en ein heimtaug að húsinu, greiðir húseigandi eftir reikningi allan kostnað, er af því leiðir.

Heimtaugar í peningshús, bílskúra og beitningarskúra greiðist eftir reikningi.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar heimtaugarlagningu er lokið. Sé lögð jarðlínuheimtaug í stað loftlínuheimtaugar, skal húseigandi greiða viðbótargjald er nemi 30% af fullu heimtaugargjaldi.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 25.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 25 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL BREYTINGA

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórn breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar í stað gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveituna, nr. 12 26. jan. 1953, ásamt síðari breytingu, nr. 38 21. febr. 1956.

Atvinnumálaráðuneytið, 8. ágúst 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

103
9. ágúst

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Keflavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Keflavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.65 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.00 hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 12.00 á ári af hverjum fermetra gólffletar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af glóffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 4.00 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 60 aura hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 5.00 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal teljast sem hálft, en stærra en 25 m² sem tvö. Leiga af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m² má miða við sameiginlegt flatarmál þeirra, þannig, að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og 5 m² hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.48 hvert kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, frá kr. 250.00 til 300.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum 60 aura hver kwst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw.
   a. Um kwst.mæli á 44 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tímum.
   b. Um tvígjaldsmæli á kr. 2.60 hver kwst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á dag á tímum mesta álags rafveitunnar en á 44 aura hver kwst. utan þeirra tíma.
   c. Um tvígjaldsmæli á kr. 2.60 hver kwst. í 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1 klst. í senn, en á 47 aura hver kwst. utan þessa tíma.
4. Um mæli á kr. 550.00 fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess 30 aura á notaða kwst.
5. Ef ekki eru tök á að mæla mesta notað afl, má selja þannig: Um mæli á kr. 350.00 fyrir hvert uppsett kw. vélanna og auk þess 30 aura á notaða kwst.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 30 aura hvert kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 10 aura hver kwst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 7.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina, og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra. Kostar þá notandinn tengingu þeirra, og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum, og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkusala.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 75 aura hver kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á kr. 1.48 hver kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 23 aura hver kwst., er straumur er rofinn frá kl. 8.30 til kl. 22, eða um tvígjaldsmæli á 23 aura hver kwst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 8.30 og kr. 1.48 hver kwst. frá kl. 8.30 til kl. 22.
4. Til gatnalýsingar á 65 aura hver kwst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er, og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um verulega aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1.	Af einfasa	mælum	upp að	30	amp.	.....	kr. 4.00	á mánuði.
2.	— þrífasa	—	— —	50	—	.....	— 5.50	— —
3.	— —	—	50—200		—	.....	— 12.50	— —
4.	— —	—	yfir 200		—	.....	— 18.00	— —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld innan lögsagnarumdæmis Keflavíkur skal miða við rúmmál húsa á þann hátt, sem sér segir:

Grunngjald:	af loftlínuheimtaug	kr. 1200.00
	af jarðlínuheimtaug	— 1800.00

103 Auk grunngjaldsins greiðist kr. 2.50 af hverjum rúmmetra húss allt að 700 rúm-
9. ágúst metrum og kr. 1.00 af hverjum rúmmetra þar yfir.

Verði breyting á fasteignamati um meira en 10% frá því sem nú er, þegar gjaldskrá þessi er samþykkt, breytast gjöldin í samræmi við það. (Fasteignamat gert = 1000.00 kr. rúmm.).

Heimtaug fellur í gjalddaga þegar að tengingu lokinni. Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en 40 metrar, og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 mm^2, skal húseigandi greiða kostnað af því sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 20.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 20.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórn breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem rafveitunefnd Keflavíkur hefur samið, og bæjarstjórn Keflavíkur samþykkt, staðfestist hér með skv. vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Keflavíkur, nr. 49 25. marz 1955.

Atvinnumálaráðuneytið, 9. ágúst 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

104 **SAMÞYKKT**
11. ágúst

um sveitarstjóra í Miðneshreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar, hefur þar óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um að þau séu tilhlýðlega unnin. Hann

annast innheimtu á tekjum sveitarsjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar. **104**
Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar 11. ágúst
og reikninga, annast bókun alla og bréfaviðskipti, geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og önnur skjöl, og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir, og hreppsnefnd á að annast um og hefur ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Sveitarstjóri setur þá tryggingu er hreppsnefnd tekur gilda fyrir innstæðum þeim, sem hann hefur á hendi, sbr. 3. gr.

5. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim er í 6. gr. getur, og greiðast þau úr sveitarsjóði.

6. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar ákveðið um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og það annað, sem rétt þykir að taka fram af því tilefni.

Uppsagnarfrestur af hálfu hvors aðila skal vera 6 mánuðir.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Miðneshrepps hefur samið og samþykkt, samkv. lögum nr. 19 frá 1951, um sveitarstjóra, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 11. ágúst 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Helgi Helgason.

GJALDSKRÁ **105**

26. ágúst

Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.

Löggildingargjöld.

1. **Vogarlóð.**

Þyngd	1 g til 5 g	kr.	2.50
—	10 g til 20 g	—	3.50
—	50 g	—	4.00
—	100 g til 200 g	—	5.00
—	½ kg	—	6.00
—	1 kg til 2 kg	—	8.00
—	5 kg	—	10.00
—	10 kg	—	15.00
—	20 kg	—	20.00

105 26. ágúst

2. **Metaskálar.**

Vogarþol	3 kg eða minna	kr.	60.00
—	5 kg eða minna	—	70.00
—	10 kg eða minna	—	90.00
—	20 kg eða minna	—	100.00
—	30 kg eða minna	—	120.00
—	yfir 30 kg	—	150.00

3. **Borðvogir jafnarma.**

Vogarþol	3 kg eða minna	kr.	80.00
—	5 kg eða minna	—	90.00
—	10 kg eða minna	—	100.00
—	20 kg eða minna	—	120.00
—	30 kg eða minna	—	140.00
—	yfir 30 kg	—	180.00

4. **Tugavogir og hundraðsvogir.**

Vogarþol	100 kg eða minna	kr.	100.00
—	200 kg eða minna	—	120.00
—	300 kg eða minna	—	140.00
—	500 kg eða minna	—	160.00
—	600 kg eða minna	—	180.00
—	1000 kg eða minna	—	200.00
—	2000 kg eða minna	—	300.00
—	yfir 2000 kg	—	400.00

Fyrir löggildingu á reizluvogum með mundangi (vogartungu) og automatiskum vogum með skerðingum, greiðist fyrir reizlur sama gjald og fyrir desímalavogir, og fyrir automatiskar vogir sama gjald og fyrir jafnarma vogir með sama vogarþoli, og auk þess 15 aura fyrir hvert mark eða skerðingu.

5. **Reizlur án mundangs.**

Vogarþol	3 kg eða minna	kr.	90.00
—	10 kg eða minna	—	100.00
—	20 kg eða minna	—	110.00
—	50 kg eða minna	—	120.00
—	100 kg eða minna	—	130.00
—	300 kg eða minna	—	140.00

og auk þess kr. 1.50 fyrir hverjar 20 skerðingar.

6. **Kvarðar.**

Fyrir hvern kvarða, sem löggiltur er, kr. 10.00, auk þess fyrir hverja 10 óskipta sentimetra 70 aurar, en ef sentimetranum er skipt í millimetra, kr. 0.50 fyrir hvern sentimetra.

7. **Mæliker.**

Stærð	1 dl og 2 dl	kr.	8.00
—	½ lítri	—	10.00
—	1 og 2 lítrar	—	15.00
—	5 lítrar	—	20.00
—	10 lítrar	—	35.00
—	20 lítrar	—	40.00
—	50 lítrar	—	65.00

8. **Rennslimælar og benzínmælar.**

Rennslimælar fyrir olíu og benzín	kr.	40.00
Benzínmælar	—	25.00

9. **Síldarmæliker.**

Stærð 150 lítrar	kr.	150.00
— 300 lítrar	—	250.00
— löndunartæki með 4 hólfum, hvert fyrir 150 lítra	—	450.00
— löndunartæki með 4 hólfum, hvert fyrir 300 lítra	—	900.00

2. gr.

Eftirlitsgjöld.

1. **Vogarlóð.**

Þyngd 50 g eða minna	kr.	3.00
— ½ kg eða minna	—	5.00
— 5 kg eða minna	—	8.00
— yfir 5 kg	—	12.00

2. **Vogir.**

Vogarþol 5 kg eða minna	kr.	20.00
— 30 kg eða minna	—	30.00
— 100 kg eða minna	—	40.00
— 300 kg eða minna	—	50.00
— 600 kg eða minna	—	60.00
— yfir 600 kg	—	120.00

3. **Kvarðar.**

Lengd ½ m til 1 m	kr.	6.00

4. **Mæliker.**

Stærð ½ lítri eða minna	kr.	5.00
— yfir ½ lítra	—	7.00
Síldarmál 50 l til 150 l	—	70.00
— 300 lítrar	—	120.00
Löndunartæki 150 til 300 lítra hólf	—	160.00
Benzínmælar	—	20.00
Rennslismælar	—	30.00

3. gr.

Ef löggilding eða eftirlit fer ekki fram á Löggildingarstofunni eða á hinum reglulegu eftirlitsferðum, reiknast auk ferðakostnaðar kaupgjald fyrir starfsmenn Löggildingarstofunnar kr. 23.00 á klukkustund eða brot úr klukkustund, að viðbættri kaupgjaldsvísitölu.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. marz 1925, um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 12 3. febr. 1956, um sama efni.

Atvinnumálaráðuneytið, 26. ágúst 1958.

Lúðvík Jósepsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

105 26. ágúst

106
21. ágúst

REGLUGERÐ

um holræsagerð í Miðneshreppi.

1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við og í holræsið geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið ásamt rigningarvatni, ef unnt er að koma því við. Vanræki einhver að láta gera holræsi innan hæfilegs frests, sem vatnsveitunefnd setur, getur hún látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf sem holræsakerfi kauptúnsins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast vatnsveitunefnd eða maður, sem hreppsnefnd felur það. Þóknun fyrir þau störf, og einnig fyrir reikningshald eða annað vegna holræsagerðarinnar ákveður hreppsnefnd.

Engum er heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi ofangreindra aðila, og er mönnum skylt að hlýta fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað það, er máli skiptir í sambandi við það.

3. gr.

Kostnaður allur við holræsakerfið greiðist úr hreppssjóði. Til að standast þann kostnað, ber hverjum húseiganda, sem á hús við götu, veg eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða tengigjald um leið og hann tengir ræsi við aðalræsið, kr. 800.00, miðað við hús með einni íbúð. Hækkar gjald þetta um kr. 400.00 fyrir hverja íbúð í húsi umfram eina. Verksmiðjur, sölubúðir, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki o. fl. þ. h. greiða í tengigjald kr. 1000.00.

Auk tengigjalds greiði hver húseigandi í holræsagjald til hreppsins kr. 250.00 árlega af hverju húsi og enn fremur 2 af þúsundi af fasteignamati húsanna.

4. gr.

Hið árlega holræsagjald, sem og tengigjald, getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

5. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu tengigjalds og holræsagjalds gagnvart hreppsnefnd. Kröfur, sem hreppsnefnd kann að öðlast skv. 1. og 3. gr., má taka lögtaki á kostnað gjaldanda, og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjalds er 1. júní ár hvert.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1500.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Með mál út af reglugerð þessari skal farið, sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Miðneshrepps hefur samið og samþykkt, og gerð er samkv. lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 106 21. ágúst

Félagsmálaráðuneytið, 21. ágúst 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ 107 21. ágúst

fyrir vatnsveitu í Sandgerði.

1. gr.

Hreppsnefnd Miðneshrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt, og einnig til hafnarinnar í Sandgerði.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf er vatnsveituna varða annast vatnsveitunefnd í samráði við hreppsnefnd.

Vatnsveitunefnd annast um viðhaldi vatnsveitunnar, endurbætur og umsjón alla. Hreppsnefnd er heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hefur eftirlit með veitukerfinu og annast önnur störf í þágu vatnsveitunnar, er henta þykir.

3. gr.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi vatnsveitunefndar.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götulögnum í hús sín og annast viðhald þeirra. Skylt er hverjum húseiganda að láta tafarlaust gera við vatnsæðar sínar, ef leki kemur að þeim. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með leyfi vatnsveitunefndar.

4. gr.

Umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem eru sett í samband við þær. Ef honum þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella geri umsjónarmaður það á hans kostnað.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki tengigjald eða vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað af þessum sökum.

5. gr.

Engum er heimilt, án leyfis vatnsveitunefndar að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

6. gr.

Af öllum húsum í Sandgerði, sem virt eru til fasteignaskatts, og vatn er veitt í eða úr næst til vatnsæða í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð þeirra telst til, skal greiða vatnsskatt. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, er þær eru vátryggðar ásamt því, enda noti þær vatn frá veitunni.

107 7. gr.

21. ágúst Af öllum húsum í Sandgerði, sem svo er ástatt um, sem getur í 6. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða tengigjald 4% af fasteignamati, þó ekki lægra en kr. 500.00.

Þá skal greiða árlega vatnsskatt að upphæð 1.5% af fasteignamati. Þó skal lágmark skattsins vera kr. 400.00.

Fyrir vatnshana utan húss, í peningshúsum og öðrum hliðstæðum útihúsum, skal greiða kr. 25.00 árlega og fyrir vatnssalerni kr. 15.00 annarra en í íbúðarhúsum.

Af húsum þeim, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, sem útheimtir vatnsnotkun, svo sem verksmiðjur, baðhús, þvottahús, iðnfyrirtæki, fiskhús og fyrir vatn til hvers konar notkunar umfram venjulega heimilisnotkun, skal greiða eftir mati vatnsveitunefndar.

Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 5.00 fyrir smálest, þó aldrei minna en kr. 5.00 í hvert sinn.

8. gr.

Nú hrökkva ekki tekjur vatnsveitunnar fyrir gjöldum, og getur þá hreppsnefndin ákveðið, fyrir eitt ár í senn, að hækka vatnsskatt þennan um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

9. gr.

Nú sættir húseigandi eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun vatnsveitunefndar um vatnsskatt til annars en heimilisþarfa, og getur hann þá krafizt þess að gerðardómur úrskurði ágreiningsatriðin.

10. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt, landsafnot og mannvirki í þágu vatnsveitunnar, og þola þær kvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkv. mati, ef ekki næst samkomulag.

11. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast sveitarstjóri reikningshald, innheimtu og greiðslur vatnsveitunnar. Hreppsnefnd ákveður þóknun fyrir þau störf.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. júní ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðanda ár.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnskatts húsa. Vatnsskattinn má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 500.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Miðneshrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. ágúst 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

108
23. ágúst

um breyting á reglugerð nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki.

1. gr.

9. gr. reglugerðar nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki orðist svo:

Hámarksálagning í smásölu á vindlingum, reyktóbaki, munntóbaki, vindlum, rjóli og neftóbaki skal vera 16%, miðað við verð Tóbakseinkasölunnar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem öðlast gildi 1. sept. 1958, er sett samkvæmt lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð frá 26. jan. 1957, um breyting á reglugerð nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki.

Fjármálaráðuneytið, 23. ágúst 1958.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jósefs J. Björnssonar skólastjóra, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. ágúst 1958.

109
25. ágúst

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóðs Jósefs J. Björnssonar skólastjóra.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jósefs J. Björnssonar skólastjóra.

2. gr.

Sjóðurinn er eign bændaskólans á Hólum. Skólastjóri bændaskólans hefur með höndum stjórn sjóðsins og ávaxtar hann. Reikning hans skal birta árlega í skýrslu skólans.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða, en ¾ hlutum af ársvöxtum hans skal verja árlega til verðlauna, en leggja ¼ hluta við höfuðstólinn.

4. gr.

Verðlaun skal veita þeim nemanda, er hæsta einkunn hlýtur við burtfararpróf. Nú hljóta tveir eða fleiri nemendur sömu meðaleinkunn, og skiptast þá verðlaunin jafnt milli þeirra. Skólastjóri afhendir verðlaunin við skólauppsögn.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 17. október 1946.

110 26. ágúst **Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Þuríðar Bárðardóttur ljósmóður, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. ágúst 1958.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Þuríðar Bárðardóttur ljósmóður.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur — samkv. III. lið arfleiðsluskrár hennar. Stofnféð skal leggja á vöxtu í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, og skal leggja helming árlegra vaxta við höfuðstólinn, unz hann er orðinn 100 þús. kr., síðan ⅕ hluta unz sjóðurinn nær 150 þús. Upp frá því leggst ávallt 1/10 hluti árlegra vaxta við höfuðstólinn. Berist eitthvert ár eigi umsókn eða ef af einhverjum öðrum ástæðum verður ekki úthlutað eitthvert ár, skulu allir vextirnir það ár lagðir við höfuðstólinn. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnalitlar ljósmæður, sem hafa látið af störfum sínum sakir elli eða veikinda. Skal þeim hluta af árlegum vöxtum, sem afgangs verður skv. 1. gr., úthlutað í þessu skyni. Minnsti styrkur, sem veita má hverri einstakri ljósmóður í einu, er 500 kr. Heimilt er landsstjórninni að breyta þessu að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins, ef gildi peninga skyldi breytast verulega.

3. gr.

Þær konur einar geta orðið aðnjótandi styrks úr sjóðnum, sem hafa stundað ljósmóðurstörf a. m. k. í 10 ár og hafa orðið að láta af því starfi sakir heilsubrests, elli eða heimilisástæðum. Hverri styrkbeiðni skulu fylgja meðmæli frá hlutaðeigandi presti eða lækni, og starfandi ljósmóður, sem henni er næst búsett, ásamt skilríkjum fyrir því, að umsækjandi njóti þeirra eftirlauna, sem lög kunna að mæla fyrir um.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: 1 prestur við dómkirkjuna í Reykjavík, ljósmóðir, valin af Ljósmæðrafélagi Íslands, og læknir, sem landlæknir velur. Ef Ljósmæðrafélag Íslands skyldi leggjast niður, skal landsstjórnin velja hæfa ljósmóður til þessa starfa. Stjórn sjóðsins ákveður um styrkveitingar, og annast nauðsynleg önnur störf, sem sjóðnum við koma.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Landsstjórnin velur 2 þar til hæfa menn til að endurskoða reikninga sjóðsins árlega.

Skipulagsskrá þessi er sett samkvæmt ákvæði í arfleiðsluskrá Þuríðar Bárðardóttur ljósmóður, Reykjavík, sem andaðist 3. febrúar 1955, og óskast hún staðfest á venjulegan hátt og birt í B-deild stjórnartíðinda.

Reykjavík, 19. júní 1958.

F. h. d/b Þuríðar Bárðardóttur.

Ólafur A. Pálsson, Ólafur Jóhannesson,

skiptaforstjórar.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

111
26. ágúst

fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu.

I. KAFLI
Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Sýslunefnd hefur yfirumsjón allra fjallskilamála sýslubúa. Hreppsnefndir hafa á hendi stjórn og framkvæmdir á fjallskilamálum, hver í sínum hreppi eða í samlögum, ef svo hagar til. Heimilt er hreppsnefnd að fela öðrum framkvæmd fjallskilamála í hreppnum að meira eða minna leyti.

2. gr.

Hreppsnefndir geta gert nánari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum, þó má eigi þar með raska reglugerð þessari.

II. KAFLI
Um fjármörk og markaskrár.

3. gr.

Hver fjáreigandi er skyldur að hafa glöggt eyrnamark á fé sínu, en ef sauðfé er soramarkað eða markið óskýrt, skal það brennimerkt eiganda á hægra horn, ef það er hyrnt, en á kollótt fé skal festa málmplötu með skýru marki í hægra eyra.

4. gr.

Heimilt er sýslunefnd að skipa svo fyrir, að sauðfé veturgamalt og eldra sé merkt sýslu-, hrepps- og bæjarbrennimarki á vinstra horn, eða á málmplötu í vinstra eyra, ef kindin er kollótt, og ákveður hún þá hvernig merkin skuli vera.

5. gr.

Mark helgar eiganda kind, nema sönnur komi fyrir að annar eigi, eða að eigandi marksins viðurkenni hana ekki sem sína eign, sbr. 44. gr.

Óheimilt er manni að helga sér kind, sem ekki ber hans rétta mark, hversu lítið sem á vantar eða umfram er. Ef kind er með hornamarki eða brennimarki annars manns en þess, er eyrnamarkið á, skal sá talinn eigandi, sem á brennimarkið eða hornamarkið. Þó skal hann, ef eigandi eyrnamarks krefst þess, gera grein fyrir hvernig hann hefur eignazt kindina. Kind, sem er með eyrnamarki eins manns, hornamarki annars og brennimarki hins þriðja, skal talin eign þess, er brennimarkið á. Sönnur skal hann færa í eignarétt sinn, ef krafizt er.

6. gr.

Nú er kind ómörkuð eða afeyrð, eða á henni óþekkjanlegt eða mjög vafasamt mark, en maður vill eigna sér hana af líkum, getur hann borið málið upp við hreppstjóra. Skal þá hreppstjóri ásamt tveim óvilhöllum mönnum, sem hann til kveður, meta ástæður þær, er hlutaðeigandi hefur til stuðnings máli sínu. Ef þeim öllum kemur saman um að mestar líkur séu til að hann eigi kindina, þá má hann hirða hana sem sína eign, ella telst hún með óskilafé. Sé hann óánægður með úrslitin er honum frjálst að leita réttar síns með málssókn.

111 7. gr.

26. ágúst Ekki má sami maður eiga fleiri en 3 mörk. Enginn má taka upp mark, sem annar maður á í gildandi markaskrá sýslunnar né heldur í þeim hreppi nærliggjandi sýslna, er ætla má að fé gengi saman úr. Ekki má taka upp önnur mörk en þau, sem prentuð eru myndaskrá, er fylgir markaskrá sýslunnar.

Fleiri en tvær undirbenjar má ekki hafa sama megin á eyra.

8. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá fyrir sýsluna 5.—10. hvert ár, eftir því sem þurfa þykir. Hver markeigandi skal koma marki sínu í skrána og greiða fyrir það gjald, er sýslunefnd hefur ákveðið. Hvert heimili, sem á eitt eða fleiri mörk í skránni, fær eitt eintak af henni, og skal það fylgja jörðinni eða býlinu, þegar búendaskipti verða. Einnig skal sýslunefnd sjá um, að nægilega mörg eintök verði send ókeypis til allra hreppa utan sýslu, er búast má við að fé gangi saman úr.

9. gr.

Sýslunefnd kýs mann til að búa markaskrána undir prentun og hafa umsjón með upptöku marka. Kosning hans fer fram í hvert sinn, er markaskrá á að prenta. Sýslunefnd ákveður honum þóknun fyrir starf sitt.

Markaumsjónarmaður gerir sér fara um að koma samræmi og festu á nöfn marka og að sammerkingar ekki eigi sér stað. Í markaskrá skal raða mörkum eftir stafrófsröð, en þó framan fyrr en aftan.

Mörk eru flokkuð eftir yfirmarki, eða, sé ekkert yfirmark, þá formarki.

Fyrst í flokki færast þau mörk, sem hægra eyra er alheilt, síðan ræður hægra eyra röðinni, nema sama mark endurtakist, þá vinstra eyra. Í markalýsingu er fyrst greint yfirmark, þá undirmark framan og aftan og fyrr hið efra, ef tvö eru sama megin, og síðast undirmark á miðju eyra.

10. gr.

Hreppsnefndir skulu hver í sínum hreppi samkvæmt ákvæðum sýslunefndar eða markaumsjónarmanns safna mörkum í hreppnum og innheimta gjald fyrir þau. Hreppsnefndin eða sá maður, er hún felur framkvæmdina, hlutast til um að sammerkingar eða mjög lík mörk, sem hætt er við að valdi misdrætti, eigi sér ekki stað.

Mörkum hvers hrepps sé safnað í heild eftir stafrófsröð, og séu merki sett við nýupptekin mörk. Að því búnu sé markaumsjónarmanni send markaskrá hreppsins ásamt gjaldinu.

11. gr.

Þegar markaumsjónarmaður hefur fengið markaskýrslur allra hreppanna, ber hann þær saman sín á milli, og þær allar saman við gildandi markaskrár innan sýslu og utan, þar sem búast má við fjársamgöngum.

Heimilt er honum að fella niður nýupptekin mörk, sem of lík eru eldri mörkum, og þau, sem bannað er að taka upp, ef nokkur eru, á skýrslu. Nú hefur hann ákveðið að fella niður mark eða breyta marki svo, er hann telur nauðsynlegt, þá skal hann svo fljótt, sem við verður komið, tilkynna það hlutaðeigendum og benda þeim á önnur mörk eða breytingar á marki, er komið geti í staðinn. Verði tillögum hans eigi mótmælt innan sex vikna frá því að hann sendi þær, skulu þau mörk gilda til skrásetningar.

Að öðru leyti ber honum að taka til greina óskir eða kröfur markeigenda, geti þær samrýmzt ákvæðum þessarar reglugerðar.

12. gr. 111

Nú vill einhver taka upp mark milli þess að markaskrá er samin. Ber honum 26. ágúst
þá að fá til þess samþykki markaumsjónarmanns, og að því fengnu skal markeigandi auglýsa það í Lögbirtingablaðinu, og er honum það þá heimilt til notkunar.

13. gr.

Fjáreigendur, sem flutzt hafa úr öðrum sýslum skulu, áður en 10 vikur eru af sumri, lýsa mörkum sínum fyrir hreppsnefndinni þar sem þeir eru búsettir. Mörk þessi skal hreppsnefndin skrifa upp og senda þau án tafar til hreppsnefnda nálægra hreppa innan sýslu og utan þar sem vænta má fjársamgangna. Þeir, sem vanrækja þetta, eða hirða eigi um að láta prenta nöfn sín í markaskrá sýslunnar, mega búast við að farið sé með fé þeirra eins og óskilafé og sæti auk þess sektum.

III. KAFLI

Um fjársmalanir á vorum og geldfjárrekstra í upprekstrarlönd.

14. gr.

Hver hreppsnefnd skal skipa fyrir um fjársmalanir eina eða fleiri að vori til rúnings eða mörkunar á þeim tíma, er hentast þykir, og er öllum fjáreigendum skylt að hlíta fyrirmælum hennar í öllu því, er smölunina snertir. Skulu hreppsnefndir reyna að haga svo til, að smölun þessi fari fram sama dag í þeim hreppum, þar sem lönd liggja saman.

15. gr.

Utansveitarfé í ull eða með ómörkuðum lömbum skal handsama, ef unnt er, rýja það og marka ómörkuð lömb marki eiganda lambsmóður. Eigandi skulu hið fyrsta gerð full skal á ull og grein fyrir marki og öðrum einkennum á hverri kind, sem rúin hefur verið eða markað undir. Verði eigi með vissu vitað hver eigandinn er, ber að inna þessi skil af hendi við hlutaðeigandi hreppstjóra; ráðstafar hann þá ullinni sem öðru óskilafé. Ómakslaun greiðast eftir samkomulagi eða sanngjörnum reikningi.

Heimilt er hreppsnefnd að láta ákvæði þessarar greinar einnig ná til innansveitarfjár á þann hátt, er hún telur við eiga.

16. gr.

Þar sem tveir eða fleiri búendur leyfa hagagöngu og liggi beitilönd þeirra saman, svo að fé gangi í löndunum á víxl, þá taki hver beitartoll eftir fasteignamatshæð þeirra jarða, er löndin liggja undir. Verði eigendur eða umráðamenn beitilanda og fjáreigendur, er engin slík landsumráð hafa, eigi ásáttir um beitartoll, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd skera úr þeim ágreiningi. Enda getur hún, hvenær sem er, sett reglur um notkun allra beitilanda í hreppnum. Skal þar vera kveðið á um upphæð beitargjalds fyrir hverja kind, hversu mörgu fé megi beita á hvert landsvæði fyrir sig, hvaða takmörkum það skuli háð að veita utansveitarfé hagagöngu, ítölu hvers eins í sameignarlöndum og annað það, er þurfa þykir.

17. gr.

Hver, sem heimildarlaust rekur fénað í annars manns land og skilur hann þar eftir, er skaðabótaskyldur eftir því, sem hæfa þykir, auk sekta.

111
26. ágúst

IV. KAFLI
Um fjallskil.

18. gr.

Hreppsnefndir skipa fyrir um fjallskil, hver í sínum hreppi. Leitardagar eru tveir, hinn fyrri mánudaginn í 22. viku sumars, hinn síðari mánudaginn í 23. viku sumars. Heimilt er hreppsnefndum með samþykki sýslunefndar að færa leitardaga fram eða aftur um eina viku.

19. gr.

Fjallskilaskyldur er hver sá maður, sem sauðfé á eða hefur undir hendi og í öðru lagi hver, sem umráð hefur yfir lögbýli, hvort sem landið er nytjað eða ekki.

Skylt skal hverjum ábúanda eða húsráðanda, sem fé á, að gera fjallskil fyrir sig, börn sín og hjú, eigi þau fé, og einnig fyrir það fé, sem hann kann að hafa tekið í hagagöngu úr öðrum hreppum. Hverjum þeim, sem á 10 kindur á fjalli eða fleiri, er skylt að leggja til menn í göngur.

Fyrir sauðlausar jarðir skal gera fjallskil, sem nemi einu til tveimur dagsverkum á ári.

20. gr.

Hver sem á færri en 10 kindur á fjalli, svo og notendur eða eigendur jarða, sem enga kind eiga, geta valið um að fara í göngur einn sér eða í samlögum við aðra eða greiða í sveitarsjóð eða fjallskilasjóð þá upphæð, sem hreppsnefnd ákveður fyrir hverja kind eða jörð.

21. gr.

Heimilt hreppsnefnd, telji hún það betur henta, að taka í sínar hendur ráðningu manna til fjallskila og skal þá jafna kostnaði niður á fjáreigendur eftir fjártölu og umráðamenn sauðlausra býla eftir jarðeignum.

22. gr.

Sá, sem rekur fé að vorinu í beitiland annars hrepps, skal tilkynna það sveitarstjórn síns hrepps, ásamt tölu fjárins áður en 10 vikur eru af sumri. Skal hún svo tilkynna það hreppsnefnd þess manns, er féð tók, áður en 14 vikur eru af sumri.

23. gr.

Viku fyrir göngur tilkynnir hver hreppsnefnd í sínum hreppi með umburðarbréfum, hvernig fjallskilum skuli haga. Hún tiltekur hvað hverjum gangnaskyldum manni beri að leggja til gangnanna, á hvaða svæði hver á að ganga, undir hvers stjórn og af hvaða gangnamannaflokki takist menn til að fara í utansveitarréttir o. fl.

Hreppsnefnd skipar svo marga gangnaforingja sem henni þykir hæfa og ákveður svæði hvers þeirra. Hver gangnaforingi kveður með nægum fyrirvara gangnamenn sína saman á ákveðinn stað að morgni gangnadagsins. Skipar hann svo fyrir hvar hver skuli ganga, og hvernig göngunum í heild verði hagað. Ber honum að sjá um að þær fari vel og skipulega fram. Hafi gangnaforingja verið falið að senda menn af sínum flokki til að fara í utansveitarréttir, þá tiltekur hann þá í tæka tíð. Gangnamönnum ber í öllu að fara eftir fyrirmælum gangnaforingjans og vinna að því að göngurnar fari vel fram.

24. gr.

Öllum gangnaskyldum ber að leggja til hæfa gangnamenn. Hvort gangnamaður teljist hæfur fer eftir áliti meiri hluta þess flokks, sem hann er í, og áliti gangnaforingja. Sé vanrækt að leggja til mann í göngur eða teljist sá, sem til er lagður, ekki gangnahæfur, skal gangnaforingi fá mann í hans stað ef unnt er á kostnað þess, er vanrækti, og innheimtir hreppsnefnd gjaldið.

25. gr. 111

Nú þykir einhverjum sér vera gerð ranglát fjallskil. Ber honum þó eigi að 26. ágúst
síður að inna þau af hendi, en kært getur hann til hreppsnefndar og farið fram á bætur. Sé kæran komin nefndinni í hendur fyrir miðjan október tekur hún hana til meðferðar. Um meðferð málsins fer á sama hátt og útsvarskærur.

V. KAFLI
Um réttir og réttahöld.

26. gr.

Hreppsnefndir ákveða hver í sínum hreppi, hvar réttir skuli vera og hvaða lönd skuli ganga til hverrar réttar. Þær geta leyft að fé úr heimalandi einstakra jarða sé rekið þar inn. Aðkomufé skal síðan flutt til næstu réttar.

27. gr.

Hreppsnefnd sér að öllu leyti um byggingu og árlegt viðhald rétta. Fjáreigendur kosta að réttri tiltölu við fjáreign sína byggingu og viðhald þeirra dilka, er þeir nota. Öðrum kostnaði jafnar hreppsnefndin niður á fjáreigendur hreppsins í vinnu eða peningum eða greiðir hann að nokkru eða öllu úr sveitarsjóði.

28. gr.

Hreppsnefnd skipar einn réttarbónda við hverja rétt. Réttarbóndi stjórnar fjárdrætti og leggur áherzlu á að fljótt gangi og skipulega. Hann gætir þess að misdráttur eigi sér ekki stað. Enginn má hleypa út úr dilk fyrr en réttarbóndi leyfir og búið er að athuga féð. Hvatt getur hann menn sér til aðstoðar og eftirlits.

29. gr.

Réttarbóndi annast um að ómörkuð lömb séu dregin í sérstakan dilk, svo að kostur sé á að láta mæður helga sér þau. Enginn má helga sér marklausa kind af fjárbragði einu og aldrei án samþykkis réttarbónda. Enginn má heldur afmarka kind án hans samþykkis. Sé kind afmörkuð skal réttarbóndi um leið rita hjá sér, svo eigi glatist, mark kindarinnar eins og það var og hvernig því var breytt.

Réttarbóndi sér um að úrtíningur sé rekinn eða fluttur eða geymdur eftir því, sem hreppsnefnd hefur ákveðið. Úrtíningur telst það fé, sem ekki á heima á svæði því, sem smalað er til réttarinnar.

30. gr.

Skylt er hverjum þeim, sem kindavon á í aðalrétt eða aukarétt, að vera þar staddur til að hirða fé sitt eða fá annan til þess.

VI. KAFLI
Um haustsmölun, eftirleitir o. fl.

31. gr.

Eftir að göngum er lokið getur hreppsnefnd skipað fyrir um smalanir, eina eða fleiri. Hver búandi eða landráðandi er þá skyldur að smala, enda þótt hann eigi þar ekki sjálfur fjárvon. Hreppsnefnd getur ákveðið að félagssmölun sé við höfð á tilteknum svæðum líkt og í göngum.

32. gr.

Aðkomandi fé, sem finnst eftir göngur, skal tafarlaust gera eiganda aðvart um reka það til hans bæ frá bæ, ef innan hrepps er. Utansveitarfé og því fé, sem ekki

111 finnst eigandi að, skal á sama hátt rekið til þess manns, er geymir óskilafé. Utan-
26. ágúst sveitarfé sé þó komið beint til eiganda, sé þess kostur og þyki hagkvæmara.

33. gr.

Nú finnst fé í ógöngum og finnandi eða eigandi treystast ekki til að ná því. Skal þá hreppsnefnd tafarlaust tilkynnt það. Skal hún þá fá svo hæfan mann, sem unnt er, og með nauðsynlegum útbúnaði til að ná fénu, sé þess nokkur kostur. Náist fé ekki og sé augljóst að það komist ekki sjálft í burtu, en verði að svelta til dauðs, má farga því með skotum ef víst er að takast megi staðhátta vegna. Til þess sé valinn vanur skotmaður.

VII. KAFLI
Um óskilafé.

34. gr.

Hreppsnefnd skal í tæka tíð fá mann til að geyma óskilafé, nefnist hann fjárgæzlumaður. Hver búandi er skyldur að gegna því starfi þrjú ár í röð, en þá getur hann skorazt undan að gegna því næstu þrjú ár. Geymsla greiðist eftir samkomulagi eða sanngjörnum reikningi. Greiða skal gæzlukostnað óskilafjár þegar þess er vitjað. Annars er fjárgæzlumanni heimilt að halda því eftir, eða svo miklu af því, er gæzlukostnaðinum nemur. Sé fé þannig kyrrsett, skal hreppstjóri selja það við uppboð og greiða allan kostnaðinn af andvirði þess, en gera eiganda skil á afganginum.

35. gr.

Ómerkinga og lömb með skemmdum eyrum eða óþekkjanlegum mörkum, sem enginn hefur getað helgað sér, má selja á uppboði að afloknum réttum. Annars skal þeim, ásamt öllu öðru óskilafé, komið til fjárgæzlumanns, sem tekur það til geymslu samkv. 34. gr. Hvenær sem fjárgæzlumaður tekur á móti óskilafé skal hann skoða það nákvæmlega, skrifa mörk og önnur auðkenni í þar til gerða bók, er hreppsnefnd lætur honum í té, og bera þau saman við markaskrár. Að því búnu skal hann auglýsa féð, lýsa mörkum þess og einkennum, bæði innan sveitar og í næstu hreppum á þann hátt, er hreppsnefnd ákveður, enda greiði hún kostnað þann, er af þessu kann að leiða.

36. gr.

Það fé, sem enginn hefur helgað sér og ekki hefur verið vitjað eða ráðstafað 10 dögum eftir fyrri göngur, skal hreppstjóri selja við opinbert uppboð, sem auglýst hefur verið í hreppnum með nægum fyrirvara. Heimilt er þó að leggja slíkt fé inn í verzlun í sláturtíð.

Á undan uppboði birtir hreppstjóri söluskilmála og tilnefnir tvo skilríka og fjárglögga menn til að lýsa mörkum og einkennum á hverri kind áður en hún er seld. Ritar hann lýsingu þessa í uppboðsbókina. Ef marklýsingamenn greinir á sker hreppstjóri úr ágreiningnum.

37. gr.

Óskilafé, er síðar kemur fyrir og ekki finnst eigandi að eða eigi kemst til hans sökum fjarlægðar, skal hreppstjóri selja á uppboði.

38. gr.

Sé manni dregin kind með hans marki, en sem hann veit sig þó ekki eiga, skal farið með sem óskilafé.

39. gr.

Allur kostnaður við óskilafé greiðist af andvirði þess.

40. gr.

Fyrir lok hvers árs sendir hreppstjóri sýslumanni nákvæma skýrslu um selt óskilafé í hreppnum s. l. haust, Sýslumaður sér um birtingu hins selda fjár í Lögbirtingablaðinu og greiðist birtingarkostnaðurinn úr sýslusjóði.

41. gr.

Hver sá, er sannar eignarétt sinn á seldu óskilafé áður en 6 mánuðir eru liðnir frá birtingu þess í Lögbirtingablaðinu, á rétt á að fá andvirðið greitt að frádregnum kostnaði.

VIII. KAFLI
Um fjallskilasjóð.

42. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að stofna fjallskilasjóð fyrir hreppinn og renna þá til hans þessar tekjur:

a. Andvirði óskilafjár að frádregnum kostnaði.
b. Gjald, er greitt kann að verða samkv. 20. gr.
c. Sektir, er menn sæta, ef um er að ræða brot eða vanrækslu á fyrirmælum þessarar reglugerðar.
d. Aðrar tekjur, er hreppsnefnd eða almennur sveitafundur samþykkir að renni í sjóðinn.

43. gr.

Tekjum fjallskilasjóðs má aðeins verja til að standast straum af fjallskilakostnaði, sem eigi verður auðveldlega inntur af höndum með skylduvinnu.

44. gr.

Sjóð þennan geymir hreppsnefnd, ábyrgist hann og ávaxtar. Reikning sjóðsins gerir hún samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

IX. KAFLI
Almenn ákvæði.

45. gr.

Það er stranglega bannað að svelta fénað frekar en minnst verður hjá komizt, hundbeita hann að óþörfu eða misþyrma honum á nokkurn hátt við fjárréttir, í rekstrum eða gæzlu, fjallgöngum eða heimalandssmölun. Brot gegn þessu varða skaðabótum og hegningu að lögum.

46. gr.

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum. Sömuleiðis heyra undir hann allar kærur og kröfur á hendur hreppsnefndum og hreppstjórum snertandi fjallskilamál. Enn fremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslunefndar.

47. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 100—1000 kr. eftir málavöxtum, og renna þær í fjallskilasjóð eða sveitarsjóð þess hrepps, sem brotið er framið í.

111 48. gr.
26. ágúst Með mál út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

49. gr.
Með reglugerð þessari er numin úr gildi fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu nr. 102 31. ágúst 1937, svo og auglýsing nr. 102 6. júní 1947 og auglýsing nr. 100 26. maí 1950, hvort tveggja um breytinu á fjalslkilareglugerðinni.

Fjallskilareglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 1927, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. ágúst 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

112 **REGLUR**
2. júlí

um útgáfu vottorða og veitingu upplýsinga úr Þjóðskránni.

1. gr.
Þjóðskráin skal veita opinberum aðilum hvers konar upplýsingar um einstaklinga, sem er að finna í skrám hennar og gögnum, enda þurfi þeir upplýsinganna við vegna embættisrekstrar eða hliðstæðrar starfsemi. Þjóðskráin innir slíka þjónustu af hendi endurgjaldslaust. Sé um að ræða meiri háttar verk, getur hún þó krafizt þess, að hlutaðeigandi endurgreiði kostnað við það.

2. gr.
Þjóðskráin veitir hverjum hérlendum manni, er þess óskar, vottorð um aðsetur hans og það annað, sem um hann er skráð, gegn greiðslu gjalds samkvæmt gjaldskrá eða eftir sérstöku samkomulagi, sbr. 6. gr. Þó skal Þjóðskráin ekki láta í té vottorð um fæðingartíma manna og önnur atriði, sem er í verkahring presta að votta samkvæmt embættisbókum, nema fyrir liggi samþykki hlutaðeigandi prests.

3. gr.
Þjóðskráin veitir, gegn greiðslu, hverjum sem er upplýsingar um aðsetur manna samkvæmt skrám og öðrum gögnum, sem hún hefur yfir að ráða. Þó getur Þjóðskráin orðið við tilmælum manns um, að tilteknum einkaaðilum sé ekki veitt vitneskja um aðsetur hans, ef hann hefur, að dómi Þjóðskrárinnar, réttmæta og eðlilega ástæðu til að aðsetri hans sé haldið leyndu gagnvart þeim. Ákvörðun um að leyna aðsetri á þennan hátt gildir aðeins fyrir eitt ár í senn.
Það fer eftir mati Þjóðskrárinnar hverju sinni, hvort látnar eru í té aðrar upplýsingar en þær, er um ræðir í 1. málsgr., eða hvort synjað er um þær. Heimilt er að setja það skilyrði fyrir veitingu slíkra upplýsinga, að fyrirspyrjandi upplýsi nafn sitt og aðsetur.

4. gr.
Þjóðskráin getur krafizt þess, að beiðnir um upplýsingar séu skriflegar og þannig frá þeim gengið að öðru leyti, að vel henti til uppsláttar í skrám.

Upplýsingar frá Þjóðskránni eru munnlegar eða skriflegar eftir ósk hlutað- 112
eiganda. 2. júlí

Gjald fyrir upplýsingar greiðist fyrirfram um leið og fyrirspurnir eru fram bornar, og það skal innt af hendi fyrir hvern mann, sem um er spurt, hvort sem Þjóðskráin getur veitt fullnægjandi upplýsingar um hann eða ekki. Þó má víkja frá þessu, þegar spurt er um einn mann eða fáa.

5. gr.

Gjöld fyrir útgáfu vottorða og veitingu upplýsinga úr Þjóðskránni skulu vera sem hér segir:

	Venjulegur einfaldur uppsláttur	Tvöfaldur uppsláttur
1. Vottorð um aðsetur fyrirspyrjanda sjálfs eða um eitthvað annað um hann skráð	kr. 6.00	kr. 9.00
2. Sams konar vottorð, sem krefst sérstakrar athugunar og er þar af leiðandi að jafnaði í bréfsformi	— 10.00—20.00 eftir atvikum	
3. Almennar fyrirspurnir færri en 25 í einu	— 4.00	kr. 7.00
4. Fyrirspurnir á fyrirspurnarheftisseðlum	— 3.00	— 4.50
5. Fyrirspurnir 25—50 að tölu	— 3.00	— 4.50
6. Fyrirspurnir 51 og þar yfir:		
Fyrstu 50 fyrirspurnir	— 2.50	— 4.00
Fyrirspurnir fram yfir 100	— 2.00	— 3.00
7. Upplýsingar veittar ættfræðingum og öðrum fræðimönnum	— 5.00 fyrir 5 mínútna vinnu eða minna og kr. 3.00 fyrir hverjar 5 mínútur eða brot þar fram yfir.	

6. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í 5. gr., eru miðuð við algengar tegundir fyrirspurna, en sé um að ræða víðtækari og vinnufrekari verkefni, tekur Þjóðskráin hærra gjald, sem um er samið við fyrirspyrjanda hverju sinni.

7. gr.

Fyrirspyrjendur verða að sæta óhjákvæmilegum töfum á afgreiðslu fyrirspurna á þeim tíma árs, er annir eru mestar hjá Þjóðskránni, og á þetta jafnt við opinbera aðila sem um alla aðra fyrirspyrjendur.

8. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. málsgr. 24. gr. laga nr. 31/1956, um Þjóðskrá og almannaskráningu.

Reykjavík, 2. júlí 1958.

Stjórn Þjóðskrárinnar,

Kl. Tryggvason. **Sig. Sigurðsson.** **Guttormur Erlendsson.**

Sverrir Þorbjörnsson. **Þormóður Pálsson.** **Magnús Björnsson** (varamaður).

113
18. sept.

REGLUGERÐ

um notkun skólahúsa og samkomuhald í skólum.

1. gr.

Umráð og umsjón með skólahúsum er í kaupstöðum í höndum bæjarstjórna (fræðsluráða) og utan kaupstaða í höndum skólanefnda. Þó skulu skólastjórar hafa umráð yfir skólahúsnæði vegna skólahalds og samkomuhalds kennara og nemenda skólans. Eigi er heimilt að lána eða leigja aðilum utan skólans húsnæði, nema fylgt sé eftirfarandi reglum.

2. gr.

Með orðinu skólahúsnæði er í reglugerð þessari bæði átt við húsnæði, sem er eign skólans og húsnæði, sem einvörðungu hefur verið tekið á leigu til skólahaldsins.

3. gr.

Heimilt er skólanemendum og kennurum að halda fundi og aðrar samkomur í húsakynnum skólans, sbr. 1. gr.

4. gr.

Skólastjóri getur leyft, að gestum nemenda og kennara sé boðið á samkomur, sem haldnar eru á skólans vegum. Eigi má auglýsa samkomur skólanemenda, nema samþykki skólastjóra komi til.

5. gr.

Skólaskemmtanir skulu haldnar þannig, að sem minnstri truflun valdi í störfum skólans.

6. gr.

Skólastjórar og kennarar, sem þeir kveðja til, skulu hafa umsjón og eftirlit með fundum og skemmtunum nemenda.

7. gr.

Ef skólanefnd eða bæjarstjórn (fræðsluráð) telur þörf á, að skólahúsnæði sé notað til annars en skólahalds, fundahalda og samkomuhalds þess, sem gert er ráð fyrir í reglugerð þessari, skal hafa samráð við skólastjóra um, hvort slík afnot skuli leyfa. Skal þess einkum gætt að leyfa eigi samkomuhald, sem á einn eða annan hátt veldur truflun í starfi skólans eða raskar ró og spillir heilbrigðis- og hollustuháttum heimavistarnemenda og í skólahúsnæðinu yfirleitt. Greini þá aðila á, sker fræðslumálastjóri úr.

8. gr.

Skólanefndir eða bæjarstjórnir (fræðsluráð) geta þó án samþykkis fræðslumálastjóra heimilað afnot skólahúsnæðis til fyrirlestrahalds, listkynningar, skátafunda, söngæfinga, íþróttaiðkana, kirkjustarfsemi og annarrar hliðstæðrar menningarstarfsemi utanskólafólks, enda trufli slík afnot skólahúsnæðis eigi eðlileg störf viðkomandi skóla að dómi skólastjóra.

9. gr.

Eigi má hafa áfengi um hönd í skólahúsnæði. Sé um brot að ræða gegn þessu ákvæði, má eigi leyfa þeim aðilum, er að þeim fundi eða skemmtun stóðu, að halda samkomur á ný í skólanum, nema samþykki fræðslumálastjóra komi til.

19. dag septembermánaðar 1958. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

10. gr.

Skólanefndir og bæjarstjórnir (fræðsluráð) annast eftirlit með því, að framangreindum reglum verði fylgt. Heimilt er skólanefnd eða bæjarstjórn (fræðsluráði) að fela skólastjóra eða öðrum, er hann samþykkir, að annast það.

113
18. sept.

11. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 18. september 1958.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius

Stjórnartíðindi 1958, B. 8.

REGLUGERÐ

114
19. ágúst

um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

1. gr.

Húsnæðismálastofnun ríkisins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Húsnæðismálastjórn veiti húsnæðismálastofnunni forstöðu, samanber 1. gr. laga nr. 42/1957 og 14. gr. þessarar reglugerðar.

2. gr.

Verkefni Húsnæðismálastofnunar ríkisins er að beita sér fyrir og vinna að umbótum í byggingarmálum og lækkun á byggingarkostnaði, hafa á hendi stjórn Byggingarsjóðs ríkisins og yfirumsjón lánsfjáröflunar og lánveitinga til íbúðabygginga í landinu.

3. gr.

Stofnunin skal gera grein fyrir raunverulegri þörf landsmanna fyrir íbúðabyggingar á hverjum tíma eftir því sem við verður komið og gera tillögur og áætlanir um, hvernig þeirri þörf verði fullnægt á sem hagkvæmastan hátt og með minnstum tilkostnaði.

4. gr.

Stofnunin skal gangast fyrir tæknirannsóknum, tilraunum og kynningu nýjunga í byggingariðnaði, svo og sýningum, námskeiðum, útgáfu rita, heimsóknum erlendra sérfræðinga og náms- og kynnisferðum íslenzkra byggingarmanna til útlanda.

5. gr.

Stofnunin skal koma á fót og annast leiðbeiningastarf í því skyni að lækka byggingarkostnað og koma á hvers konar umbótum í húsagerð og vinnutækni við byggingu íbúðarhúsa, leggja áherzlu á stöðlun (standariseringu) sem flestra hluta til íbúðarhúsabygginga, fjöldaframleiðslu slíkra hluta og leiðbeiningar til húsbyggjenda um notkun þeirra, enn fremur byggingu tilraunahúsa, þar sem reyndar verði nýjungar í húsagerð.

6. gr.

Stofnunin skal beita sér fyrir endurskoðun byggingarsamþykkta, eftir því sem þörf krefur. Hún skal semja og gefa út reglur um lágmarkskröfur um byggingar,

22. dag septembermánaðar 1958. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

114 sem lán eru veitt til, svo sem lágmarkseinangrun, lágmarkslofthæð o. s. frv., svo
19. ágúst og leiðbeiningar um undirbúning teikninga og áætlana. Enn fremur skal stofnunin beita sér fyrir útvegun hagkvæmra íbúðateikninga.

7. gr.

Stofnunin skal beita sér fyrir því, að úthlutun lóða tefji ekki, að byggingar geti hafizt. Er henni heimilt að láta undirbúa byggingu íbúðarhúsahverfa í kaupstöðum, með því að láta gera skipulagsuppdrætti af þeim í samráði við skipulagsnefnd ríkisins. Þegar slíkir skipulagsuppdrættir hafa verið samþykktir af skipulagsnefnd og félagsmálaráðherra, er viðkomandi bæjarfélagi skylt að heimila byggingarnar og láta af hendi eða útvega landsvæði fyrir þær, ef með þarf eignarnámi, og fer um eignarnám samkvæmt lögum nr. 61 frá 1917. Sömuleiðis er viðkomandi bæjarfélagi skylt að leggja nauðsynlega vegi og leiðslur um slík hverfi innan hæfilegs tíma að mati húsnæðismálastjórnar og félagsmálaráðherra.

8. gr.

Stofnunin skal fylgjast nákvæmlega með byggingarkostnaði í landinu í því skyni að finna, hverjir byggja ódýrust hús, hvaða gerðir íbúðarhúsa reynast beztar og hagkvæmastar, og með hvaða hætti þeim verði komið upp með minnstum kostnaði.

Í þessu skyni skal stofnunin láta fara fram samkeppni um uppdrætti og byggingu hagkvæmra íbúða og veita lán þeim, sem geta tekið að sér að byggja hagkvæmar íbúðir af ákveðinni meðalstærð með minnstum kostnaði, eða láta Byggingarsjóð ríkisins standa straum af framkvæmdum við byggingu slíkra íbúða, sem stofnunin óskar að ráðast í til lausnar á húsnæðisvandamálum almennings.

Þá skal stofnunin setja þau skilyrði fyrir lánum, sem telja má að stuðli að því, að byggðar verði fyrst og fremst hagkvæmar íbúðir af hóflegri stærð, beita sér fyrir því, að vinna við íbúðabyggingar sé sem samfelldust árið um kring og sem jöfnust frá ári til árs og beita sér fyrir lækkun á verði byggingarefnis, með því meðal annars að stuðla að hagkvæmum innkaupum.

9. gr.

Við lausn þeirra mála er stofnunin hefur með höndum, er henni heimilt að leita samvinnu við hvern þann aðila, sem hefur sérþekkingu á þeim málum, og er opinberum aðilum skylt að veita stofnuninni hverjar þær upplýsingar, sem hún óskar.

Enn fremur er stofnuninni heimilt að óska eftir, að félagsmálaráðherra skipi nefnd sérfróðra manna henni til aðstoðar og ráðuneytis um tæknileg mál.

10. gr.

Stofnunin skal ár hvert gefa út opinbera skýrslu um íbúðabyggingar í landinu, er m. a. sýni, hver árangur hafi náðst með ráðstöfun hennar til að lækka byggingarkostnað og greiða fyrir byggingu hagkvæmra íbúða.

11. gr.

Í húsnæðismálastjórn eiga sæti fimm menn, fjórir kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi og einn skipaður af félagsmálaráðherra samkvæmt tilnefningu Seðlabankans, en hann hefur eigi atkvæðisrétt um lánveitingar. Varamenn eru jafn margir og valdir á sama hátt. Félagsmálaráðherra skipar formann stjórnarinnar, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum.

12. gr.

Húsnæðismálastjórn skal koma saman til fundar svo oft, sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en vikulega. Formaður skal ávallt boða til fundar, ef einn stjórnar-

manna óskar þess. Til allra ákvarðana þarf samþykki meiri hluta stjórnarinnar á fundi, samanber þó ákvæði 11. greinar reglugerðar þessarar um atkvæðisrétt um lánveitingar og ákvæði sérstakrar reglugerðar um afgreiðslu lánaumsókna. 114 19. ágúst

13. gr.

Félagsmálaráðherra skipar stofnuninni framkvæmdastjóra að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

Laun framkvæmdastjóra og þóknun til húsnæðismálastjórnar eru ákveðin af félagsmálaráðherra og greiðast úr ríkissjóði, en annar kostnaður stofnunarinnar greiðist úr Byggingarsjóði ríkisins.

14. gr.

Framkvæmdastjóri hefur á hendi framkvæmdastjórn stofnunarinnar í umboði húsnæðismálastjórnar. Hann ber ábyrgð á daglegum störfum í stofnuninni og að góð regla sé á öllum framkvæmdum hennar. Hann sér um undirbúning lánaumsókna í hendur húsnæðismálastjórnar og viðskipti hennar við veðdeild Landsbanka Íslands og umsækjendur í samráði við formann stjórnarinnar.

Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk til stofnunarinnar og segir því upp starfi, en félagsmálaráðherra ákveður tölu starfsfólksins og launakjör þess.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla l. nr. 36/1952 o. fl., til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. ágúst 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð séra Péturs T. Oddssonar, prófasts að Hvammi í Dölum, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 1. september 1958. 115 1. sept.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð séra Péturs T. Oddssonar, prófasts.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður séra Péturs T. Oddssonar, prófasts að Hvammi í Dölum.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af sóknarbörnum og vinum séra Péturs í Dalaprófastsdæmi til að halda uppi minningu hans.

3. gr.

Eign sjóðsins er nú kr. 6748.16 og er geymd í sparisjóðsbók nr. 2289 í Sparisjóði Dalasýslu. Skal fé þetta jafnan ávaxtað á tryggilegan hátt.

115 4. gr.
1. sept. Hlutverk sjóðsins er að styrkja starfsemi kirkjukóra í Dalaprófastsdæmi og efla á annan hátt iðkun söngs og tónlistar í héraðinu.

5. gr.
Vextir að aðrar tekjur skulu leggjast við höfuðstólinn, unz hann hefur náð kr. 20000. Eftir það má verja hæfilegum hluta af árstekjum sjóðsins skv. 4. gr., að mati sjóðsstjórnar.

6. gr.
Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Prófastur Dalaprófastsdæmis, og er hann sjálfkjörinn formaður. Sóknarprestur í prófastsdæminu, valinn af héraðsfundi til 4 ára. Sá þriðji skal kjörinn af sýslunefnd Dalasýslu til 4 ára. Stjórnin annast sjóðinn og hefur á hendi úthlutun úr honum. Samþykktir sjóðsstjórnar skulu skráðar í gerðabók.

7. gr.
Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu færðir í gerðabók og endurskoðaðir af endurskoðendum reikninga sýslusjóðs Dalasýslu.

8. gr.
Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

116 **REGLUGERÐ**
12. sept.

um sölu áfengis og tóbaks til flugfarþega á Keflavíkurflugvelli.

1. gr.
Sett skal á fót sölubúð á Keflavíkurflugvelli er selur áfengi, og aðrar þær vörur sem ráðherra ákveður til farþega og flugvélaáhafna, sem um völlinn fara í millilandaflugi.

2. gr.
Áfengisverzlun ríkisins hefur með höndum og ber ábyrgð á rekstri sölubúðar þessarar undir yfirstjórn utanríkisráðherra. Eftir að kaupanda hafa verið afhentar söluvörur, sbr. 9. gr., sér tollgæzlan um að gætt sé nauðsynlegra varúðarráðstafana, unz farþegar og áhöfn eru komnir um borð í flugvél þá, er flytur þá úr landi.

3. gr.
Áfengisverzlunin fær til umráða í gistihúsinu á Keflavíkurflugvelli húsnæði fyrir skrifstofu, sölubúð og birgðageymslu. Skal því þannig fyrir komið, að auðvelt sé að innsigla dyr og skal forstöðumaður útsölunnar einn hafa lykla, bæði að sölubúð og birgðageymslu.

4. gr.
Áfengisverzlunin heldur nákvæma skrá um allt áfengi sem flutt er frá birgðageymslu hennar í Reykjavík í birgðageymsluna á flugvellinum. Skal skráin þannig gerð að sjá megi glögglega hverjar tegundir áfengis eru þangað fluttar og hve mikið af hverri um sig. Þegar vörur eru sendar til fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli, skal fylgja þeim nákvæm skýrsla, til tollgæzlunnar á Keflavíkurflugvelli, þar sem tilgreint er hvaða vörur er um að ræða í hverri sendingu, og skal tollgæzlan hafa eftirlit með því að tilgreindar vörur séu fluttar í birgðageymslu fríhafnarinnar.

Forstöðumaður útsölunnar á flugvellinum skal færa í sérstaka birgðabók í hvert sinn, sem vörur eru teknar úr birgðageymslunni og fluttar í sölubúðina. Skal bókin þannig færð að fram komi hve mikið af hverri tegund er tekið hverju sinni. Vörutalning í birgðageymslu skal gerð eigi sjaldnar en vikulega. **116** 12. sept.

5. gr.

Tóbaksvörur skal Tóbakseinkasala ríkisins selja Áfengisverzlun ríkisins fyrir nettó kostnaðarverð að viðbættri álagningu, sem ákveðin verði í samráði við utanríkisráðuneytið.

Ríkissjóður endurgreiðir Tóbakseinkasölunni þá tolla og skatta, sem Tóbakseinkasalan hefur greitt af þessu tóbaki í ríkissjóð.

6. gr.

Eigi má selja öðrum vörur í sölubúðinni en farþegum og áhöfnum flugvéla í millilandaflugi og er öllum öðrum óviðkomandi bannaður aðgangur.

Í sölubúðinni er neyzla áfengis algerlega bönnuð og óheimilt er kaupendum vara í sölubúðinni að fara með þær út úr henni, fyrr en þeir fara beint um borð í flugvélina til brottfarar af flugvellinum, og skal tollgæzlan á Keflavíkurflugvelli sjá um, að fylgt sé þeirri reglu.

Enn fremur skal tollgæzlan fylgjast með flutningi varnings, sem keyptur hefur verið í sölubúðinni, út í flugvélarnar og bera ábyrgð á þeim flutningum.

7. gr.

Skylt er farþegum að sýna í sölubúðinni farseðil sinn, eða önnur skilríki er sanna heimild þeirra til að verzla þar, áður en viðskipti hefjast.

Áhöfn flugvélar sýni vottorð flugstjóra.

8. gr.

Vörur úr sölubúðinni má aðeins selja gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri.

9. gr.

Útfylla skal í þríriti afgreiðsluseðil fyrir hvern þann, sem viðskipti á í sölubúðinni. Skal þar greina:

a) nafn kaupanda;
b) ákvörðunarstað;
c) númer flugferðar (flight number);
d) vörutegund, sem keypt er;
e) í hvaða gjaldeyri er greitt.

Viðtakandi kvittar á öll eintökin. Að því búnu skulu vörurnar settar í sérstakar þar til gerðar umbúðir, er beri áletranirnar: „Fríhöfn — Keflavíkurflugvelli“ „Duty free store — Keflavik Airport“. Síðan skal innsigli Áfengisverzlunar ríkisins sett á böggulinn og eitt eintak afgreiðsluseðilsins afhent kaupanda, annað eintak seðilsins fær tollgæzlan, en hinum þriðja heldur sölubúðin.

10. gr.

Ef flugvél er komin af stað en verður af einhverjum orsökum að snúa aftur, skulu tollgæzlumenn taka í sínar vörzlur vörur, sem keyptar hafa verið í sölubúðinni þar til flugvélin býst til brottfarar að nýju af flugvellinum.

116 12. sept.

11. gr.

Forstöðumaður fríhafnarinnar skal daglega telja birgðir sölubúðarinnar og bera saman við birgðabók. Komi fram birgðavöntun skal hann þegar í stað tilkynna það forstjóra Áfengisverzlunar ríkisins og tollgæzlunni á Keflavíkurflugvelli.

12. gr.

Ráðherra ákveður með hliðsjón af flugumferð um Keflavíkurflugvöll, hvenær sölubúin skal vera opin.

13. gr.

Utanríkisráðherra ræður forstöðumann fríhafnarinnar í samráði við forstjóra Áfengisverzlunar ríkisins og setur honum erindisbréf.

Forstöðumaður fríhafnarinnar í samráði við forstjóra Áfengisverzlunar ríkisins, ræður annað starfsfólk, sem nauðsynlega þarf við daglegan rekstur stofnunarinnar.

14. gr.

Utanríkisráðherra setur forstöðumanni, í samráði við forstjóra Áfengisverzlunar ríkisins, reglur um reikningsskil og bókhald í því sambandi. Enn fremur útbýr hann verðlista um hverja einstaka vörutegund í samráði við Áfengisverzlun ríkisins.

15. gr.

Forstöðumaður fríhafnarinnar skal eigi sjaldnar en vikulega selja til banka allan innkominn erlendan gjaldeyri.

Skal hann jafnframt senda Áfengisverzlun ríkisins og Varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins skýrslu um hinn selda gjaldeyri.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við og samkvæmt lögum nr. 53 frá 5. júní 1958 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja áfengi, tóbak o. fl. á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli til farþega í framhaldsflugi, og laga nr. 19 7. maí 1928 um einkasölu á áfengi.

Varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins, 12. september 1958.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Tómas Árnason.

117 15. sept. **Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Björns bónda Ólafssonar, Stafholtsveggjum, Stafholtstungum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. sept. 1958.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Björns bónda Ólafssonar, Stafholtsveggjum í Stafholtstungum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Björns Ólafssonar, bónda á Stafholtsveggjum í Stafholtstungum.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Elísi Ólafssyni, klæðskerameistara í Ísafjarðarkaupstað, til minningar um Björn bróður hans. Stofnfjárframlag er kr. 12000.

3. gr. 117

Tilgangur sjóðsins er að efla menntun í átthögum þeirra bræðra, en í því augnamiði skal veita þeim börnum verðlaun, sem fá hæsta aðaleinkunn í hverri deild barnaskólans í Stafholtstungum. Má verja til slíkra verðlaunaveitinga allt að ¾ hlutum ársvaxta af innstæðu sjóðsins í lok hvers reikningsárs, en verðlaun skulu vera jöfn til allra nemenda, er þau hljóta. ¼ hluti ársvaxtanna skal ávallt leggjast við höfuðstólinn. 15. sept.

4. gr.

Tekjur sjóðsins verða: Vextir af höfuðstól, eins og hann er á hverjum tíma, svo og gjafir eða áheit, sem honum kann að áskotnast, en vaxtatekjur einar koma til úthlutunar samkvæmt áramótauppgjöri.

5. gr.

Verðlaun úr sjóðnum skulu veitt í fyrsta sinni í lok skólaárs 1972, en á því ári, hinn 14. marz eru liðin 100 ár frá fæðingu Björns Ólafssonar. Verðlaun skulu þá afhent við skólaslit og ávallt árlega síðan.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa formaður skólanefndar, sem er formaður sjóðstjórnar, og meðstjórnendur, skólastjóri og oddviti Stafholtstungnahrepps. Stjórnin sér um eignir sjóðsins, reikningshald og fjárreiður.

7. gr.

Sjóðurinn skal varðveittur í Landsbanka Íslands í sparisjóðsbók nr. 93825, sem stofnféð var lagt inn í 5. ágúst s. l. Skal formaður skólanefndar geyma bókina í sínum vörzlum. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af tveimur endurskoðendum tilnefndum af skólanefnd.

8. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita staðfestingar forseta Íslands.

Ísafirði, 1. september 1958.

Elís Ólafsson.

REGLUGERÐ 118

15. sept.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Neskaupstað, nr. 163 13. des. 1944, sbr. reglugerð nr. 141 21. des. 1955.

1. gr.

26. gr. reglugerðarinar orðist svo:

A. Skip, sem eru eign búsettra manna í Neskaupstað og skrásett þar, skulu greiða einu sinni á ári 3 krónur af hverri brúttósmálest, þó aldrei minna en 20 krónur. Auk þess greiða þau skip, er stunda millilandasiglingar 40 aura af hverri nettósmálest í hvert sinn, er þau koma á höfnina úr millilandasiglingu.

B. Skip, sem sigla eftir opinberum ferðaáætlunum greiða 40 aura af hverri nettósmálest í hvert skipti, sem þau leggjast á Neskaupstaðarhöfn.

C. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, með þeim undantekningum, sem að framan greinir, skulu greiða 80 aura af hverri nettósmálest.

118 2. gr.

15. sept. 28. gr., stafliður A, orðist svo:

Af öllum aðkomuskipum 40 aurar af hverri nettósmálest fyrir fyrsta sólarhring og 30 aura á smálest fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring, sem fram yfir er.

3. gr.

35. gr. orðist svo:

Vörugjaldskrá:

1. flokkur. Gjald 80 aurar fyrir hver 100 kg:
   Kol, salt, sement, stál, stálvörur, stálvír, nýr fiskur með haus, óverkaður saltfiskur.
2. flokkur. Gjald 90 aurar fyrir hver 100 kg:
   Garðávextir, freðfiskur, verkaður saltfiskur, lýsi, steinsteyptar vörur, freðsíld.
3. flokkur. Gjald 110 aurar fyrir hver 100 kg:
   Alls konar óunnið járn, saumur, eldfastur leir, gólf- og veggflísar, eldfastir steinar, fiskimjöl, síldarmjöl, fóðurmjöl, korn- og mjölvara, alls konar sykur, tilbúinn áburður, múrhúðunarefni, vikursteinn, vikurplötur, þakhellur.
4. flokkur. Gjald 130 aurar fyrir hver 100 kg:
   Eldavélar og tilheyrandi, timbur, sem reiknað er eftir þyngd, kaðlar, pappír til húsagerðar, asbest, kalk, mör og tólg, fuelolía.
5. flokkur. Gjald 160 aurar fyrir hver 100 kg:
   Bárujárn, kjöt, gufuvélar, hreyflar, varahlutir til véla, tjara, bik, asfalt, hvers konar landbúnaðarvélar, fræ, bifreiðar og varahlutir til þeirra, alls konar fiskumbúðir, tvistur, skreið.
6. flokkur: Gjald 175 aurar fyrir hver 100 kg:
   Brennsluolíur (aðrar en fuelolía), benzín, vatnsleiðslu- og miðstöðvarvörur, hrogn, strigapokar.
7. flokkur. Gjald 220 aurar fyrir hver 100 kg:
   Útgerðarvörur, svo sem línur, önglar, net og nætur, kítti, gærur, garnir gashylki, jurtafeiti, smurningsolíur, ull, ullarballar, akkeri, blý, krossviður, smjör, smjörlíki, skyr, ostar, mjólk, rjómi, vír, vírnet, þvottapottar með eldstó.
8. flokkur. Gjald 330 aurar fyrir hver 100 kg:
   Málning og efni til málningar, lakk, lím, gips, korkvörur og unnið kork, brauðvörur, kex, linoleum, pappír og pappírsvörur, bækur, olíufatnaður, skinn (hörð) svo og allar vörur ótaldar annars staðar.
9. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hver 10 kg:
   Veggfóður, hráefni til iðnaðar svo sem sýrur, essensar, brennisteinn o. þ. h., gúmmí og gúmmívörur, siglingatæki svo sem áttavitar, dýptarmælar og hraðamælar, niðursuðuvörur, tin, zink, olíuofnar, verkfæri svo sem smíðatól, rekur og hakar, emaillerðar vörur, leirvörur algengar, smávélar, svo sem prjónavélar, saumavélar, skilvindur, smáiðnaðarvélar o. þ. h., hreinlætisvörur svo sem þvottaefni, sápur, sódi, gólf-, skó- og húsgagnaáburður og gólfklútar, glervörur algengar, eldhúsáhöld, járnkeðjur, meðalalýsi, kjötvörur svo sem pylsur.
10. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hver 10 kg:
    Baðlyf, ljósaefni svo sem vax, carbid o. þ. h., maccaroni, blikkvörur, bökunarvörur svo sem dropar og gerduft, vörur úr eir, messing, bronce o. þ. h., barnavagnar, dívanar og efni í þá, leður og leðurvörur, lyfjavörur, ávextir þurrkaðir og nýir.
11. flokkur. Gjald 70 aurar fyrir hver 10 kg:
    Rafmagnsvörur, kryddvörur, ljósmyndavörur, viðtæki, hátalarar, viðtækjaefni, eldspýtur, te, kaffi, kaffibætir, húsgögn, peningaskápar, jólatré, kerrur, hjólbörur, hverfisteinar, rúðugler, segldúkur, prentsverta.

12. flokkur. Gjald 120 aurar fyrir hver 10 kg: 118
Smáhljóðfæri, tónvélaplötur, skrifstofuáhöld, vefnaðarvörur, fatnaður, 15. sept.
klukkur, mælar, símavörur, súkkulaði, kakaóduft, leikföng, sýnishorn o. þ. h., brýni, rafgeymar, skófatnaður (ekki gúmmí).
13. flokkur. Gjald 250 aurar fyrir hver 10 kg:
Tóbaksvörur, tóbak, vín, spíritus, bólstrunarvörur, hárvötn, snyrtivörur, skartgripir, ilmvötn, dúnn, fiður.
14. flokkur. Gjald 35 aurar fyrir hvert teningsfet:
Timbur og aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli.
15. flokkur. Gjald 25 aurar fyrir hvert stykki:
Tómar tunnur.
16. flokkur. Gjald 75 aurar fyrir hvert stykki:
Endursendir öl- og gosdrykkjakassar og aðrar tómar umbúðir.
17. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hverja tunnu:
Saltsíld.
18. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg:
Síld, sem lögð er á land til bræðslu, söltunar eða frystingar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 15. september 1958.

Eysteinn Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ 119
15. sept.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Akraneskaupstað, nr. 207 7. nóv. 1947, sbr. reglugerð nr. 64 6. apríl 1956, um breyting á þeirri reglugerð.

1. gr.

23. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

a. Skip og bátar 5—200 smálestir brúttó, sem eru eign manna, búsettra á Akranesi og gerðir út þaðan til fiskveiða eða flutninga, svo og önnur skip og bátar, sem gerðir eru út frá Akranesi, a. m. k. tveggja mánaða tíma á ári, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 12 krónur af hverri brúttósmálest skips eða báts, þó ekki yfir 1200 krónur fyrir einn bát eða skip, og aldrei minna en 120 krónur, Vélbátar, minni en 5 smálestir brúttó, skulu greiða 120 króna lestagjald á ári.
b. Flóabáturinn Reykjavík — Akranes — Borgarnes, skal greiða lestagjald einu sinni á ári, 40 krónur af hverri heilli brúttósmálest skipsins.
c. Innlend fiskiskip, hverju nafni sem þau nefnast, svo og skip, sem eingöngu eru í innanlandssiglingum, skulu greiða lestagjald, 60 aura af hverri nettólest skipsins, þó ekki oftar en tvisvar í sama mánuði, enda þótt þau komi oftar til hafnar.
d. Öll önnur skip, sem á téð hafnarsvæði koma, nema herskip, björgunarskip, varðskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna og skip, sem nefnd eru undir staflið e þessarar greinar, skulu greiða 65 aura af hverri heilli smálest nettó. Skip, sem sigla eftir fastri

119 15. sept.

áætlun, skulu þó ekki greiða gjald þetta oftar en einu sinni í mánuði. Heimilt skal hafnarnefnd að semja um lægra gjald fyrir skip, sem sigla eftir fastri áætlun, hvort sem er með ströndum landsins eða milli landa.

e. Skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á skipi greiða ekki lestagjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi vörur. Sama er með skip, sem leita hafnar til þess að rétta áttavita eða fá skipshafnir.

Gjalddagi lestagjalda samkv. a-, b- og c-lið þessarar greinar skal vera hinn 1. marz ár hvert. Annars er lestagjaldið þegar fallið í gjalddaga, er skipið hefur varpað akkerum á hafnarsvæðinu.

2. gr.

24. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Fyrir notkun hafnarinnar skal greiða vörugjald af öllum vörur, sem fluttar eru úr landi um borð í skip á höfninni, eða úr skipi á land á hafnarsvæðinu. Vörugjaldið greiðist þannig:

1. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg:
   Ís, nýr fiskur, fluttur í land.
2. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hver 100 kg:
   Kornvörur, kartöflur, sykur, smjör, smjörlíki, áburður, hey og beita.
3. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hvert teningsfet:
   Trjáviður og aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli, þar með talin húsgögn o. þ. h., kork, vikurplötur, stk., tómir ísfiskkassar, stk.
4. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hvert stykki og hver 100 kg:
   Síldar- og gotutunnur og aðrar líkar tómar tunnur, endursendar umbúðir og kassar. Laus vikur, gips og kalk.
5. flokkur. Gjald 130 aurar fyrir hver 100 kg:
   Saltfiskur óverkaður, laus, pakkaður og í tunnum, ísfiskur, freðsíld og frosinn fiskur, laus og í kössum. Nýr fiskur fluttur úr landi.
6. flokkur. Gjald 160 aurar fyrir hver 100 kg:
   Blý, eldfastur leir, járnrör, smíðajárn, steypujárn, saumur, akkeri, keðjur, girðingajárn, fiskilínur, fiskinet, kaðall, hessían, mótorar og vélahlutir, fiski- og síldarmjöl, kol, salt og sement.
7. flokkur. Gjald 200 aurar fyrir hver 100 kg:
   Harðfiskur, sundmagi, saltfiskur, verkaður, niðursoðnar fiskafurðir, fiskiflök, ný og frosin, lýsi, hvalkjöt og reyktur fiskur.
8. flokkur. Gjald 250 aurar fyrir hvert stykki:
   Sauðfé, tómar ståltunnur, lýsis- og smurolíuföt, gotutunnur, lýsistunnur, síldartunnur 100—116 lítrar, fullar, öl- og gosdrykkjakassar, fullir.
9. Gjald 270 aurar fyrir hver 100 kg:
   Brennsluolía og benzín (laus í geymi).
10. flokkur. Gjald 400 aurar fyrir hvert stykki:
    Lýsisföt, smurnings- og steinolíutunnur, um 200 lítrar, fullar.
11. flokkur. Gjald 450 aurar fyrir hver 100 kg:
    Dúnn, fiður, glysvarningur og þess háttar léttar vörur, sælgætisvörur, prjónavörur, tóbaksvörur, glervörur, leðurvörur og leikföng.
12. flokkur. Gjald 400 aurar fyrir hver 100 kg:
    Allar aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir þyngd, og eðlis síns vegna, heyra ekki undir aðra flokka.
13. flokkur. Gjald 12 krónur fyrir hvert stykki:
    Mótorhjól, hross og nautgripir, hljóðfæri, kæliskápar, þvottavélar og heyvinnuvélar.

14. flokkur. Gjald 15 krónur fyrir hvert stykki.
Bifreiðar, dráttarvélar og jarðýtur.

Fyrir vörur, sem eru aðfluttar til umhleðslu á höfninni eða við bryggju greiðist hálft gjald. Sama gildir um vörur, sem umhlaðnar eru úr einu skipi í annað, á höfn eða við bryggju.

Fyrir aðfluttar vörur frá öðrum stöðum, t. d. fisk til verkunar, og aðrar þær vörur, sem eiga að flytjast út aftur, greiðist aðeins vörugjald, þegar þær fara.

Bæjarstjórn hefur heimild til að lækka þessa gjaldskrá allt að helmingi, ef nauðsyn krefur og ástæður leyfa. Enn fremur má hún semja sérstaklega um vörugjald af mjólk.

3. gr.

25. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Kol, olía, salt, vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
b. Póstur og farþegaflutningur, allt að 25 kg.

4. gr.

28. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Hvert skip eða bátur, sem leggst við hafnarbryggjurnar skal greiða bryggjugjald af nettóburðarmagni skipsins, talið í heilum smálestum. Gjald þetta skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, 30 aurar af hverri smálest, þó aldrei minna en 30 krónur fyrir hvern sólarhring. Herskip, varðskip og flóabáturinn Reykjavík — Akranes — Borgarnes eru undanþegin bryggjugjaldi þessu.

5. gr.

29. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Bátar, stærri en 20 smálestir brúttó, sem ekki eiga heima á Akranesi og ekki eru gerðir út þaðan, skulu greiða 25 krónur fyrir hvern sólarhring, sem þeir liggja við bátabryggjurnar, en minni bátar 7 krónur.

Bátar þeir, sem heima eiga á Akranesi eða eru gerðir út þaðan, skulu greiða 18 krónur fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring, sem þeir liggja við bryggjur hafnarinnar, án þess að ferming eða afferming eigi sér stað. Bátar undir 10 smálestum skulu greiða kr. 3.50 fyrir hvern sólarhring.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 107 6. ágúst 1954 og reglugerð nr. 22 21. febr. 1955, um breyting á hafnarreglugerð fyrir Akraneskaupstað, nr. 207 7. nóv. 1947.

Samgöngumálaráðuneytið, 15. september 1958.

Eysteinn Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

120
4. sept.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Miðneshrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.25 hvert kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.20 hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 13.65 á hvern fermetra gólffflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 5.25 á ári af hverjum fermetra.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 80 aura hver kwst. Auk fastagjalds kr. 10.50 á mánuði af einu herbergi hverrar íbúðar og kr. 6.50 af hverju herbergi umfram eitt. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi sem er minna en 5 ferm. skal telja sem hálft, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun o. fl.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.70 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 325.00 á hvert uppsett kw vélanna.
   Eftir þessum gjaldskrárlið skal selja raforku um kwst.mæli til götu- og hafnarlýsingar. Einnig má eftir þessum gjaldskrárlið selja raforku til vinnulagna við byggingar meðan á byggingu stendur.
2. Til fiskiðnaðar, ef uppsett rafvélaafl fastra véla er yfir 20 kw um kwst.mæli á 70 aura hver kwst.
   a. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa straum allt að tveim stundum um hádegi og einni stund síðdegis.
   b. Að notandi setji upp segulrofa og klukku fyrir vélarnar og kosti viðhald þeirra.
3. Um afl og orkumæli þannig:
   a. Grunngjald kr. 600.00 á ári.
   b. Aflgjald af notuðu afli kr. 800.00 á kw.ári.
   c. Orkugjald 30 aura á kwst.
   Notað afl telst vera mesta meðalálag á árinu mælt fyrir stundarfjórðung.
   Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, skal aflgjaldið vera kr. 600.00 á ári á hvert kw. mesta ástimplaðs afls á árinu.
   Mælisleiga er innifalin í grunngjaldinu.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 45 aura hvert kwst., enda sé þá minnsta ársnotkun 6000 kwst. Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á sólarhring, en þó mest 1½ stund í senn.
2. Um kwst.mæli á 15 aura hver kwst., ef straumur er rofinn kl. 8 til 23.
3. Önnur skilyrði fyrir raforku til hitunar:
   a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandi tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum er gilda um leigu mæla. 120 4. sept.

c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum, og hitastillar notaðir.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni ..... kr. 3.00 á mánuði.
2. — þrífasa — 50 — — — ..... — 4.50 - —
3. — — — 50 til 200 amp. ..... — 10.50 - —
4. — — — yfir 200 amp. ..... — 15.00 - —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

Grunngjald heimtaugar fyrir hverja húsveitu skal vera krónur 1500.00 fyrir jarðlínu, en kr. 1000.00 fyrir loftlínu. Auk þess skal greiða 10‰ (tíu af þúsundi) af brunabótamati hússins upp að kr. 500000.00 en 5‰ af þeim hluta brunabótaverðs, sem er yfir kr. 500000.00.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri samræmt það nýju mati, og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjalds um leið og uppsetningu heimtaugar er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest á eftirstöðvunum allt að 12 mánuðum.

Heimtaugargjaldið fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínutaugar meiri en 25 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar, og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 qmm skal húseigandi greiða kostnað af því sem fram yfir er.

Ef fleiri en ein heimtaug er að húsi, skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hefur komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 25.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 50.00 gjald til innheimtu veitunnar.

HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

120 4. sept. Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Miðneshrepps hefur samþykkt, og er gerð samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Miðneshrepps nr. 56 19. apríl 1955.

Atvinnumálaráðuneytið, 4. september 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

121 19. sept.

GJALDSKRÁ

fyrir hitaveitu Hveragerðis.

I. Hitagjöld:

1. **Tvöfalt kerfi:**
   a. Íbúðarhús, iðnaðarhúsnæði, skólar, samkomuhús, verzlanir og aðrar opinberar byggingar greiða kr. 25.00 fyrir m² gólfflatar á ári.
   b. Gróðurhús og skúrar greiða kr. 18.00 fyrir m² gólfflatar á ári.
2. **Einfalt kerfi:**
   a. Íbúðarhús, iðnaðarhúsnæði, skólar, samkomuhús, verzlanir og aðrar opinberar byggingar, greiða kr. 23.00 fyrir m² gólfflatar á ári.
   b. Gróðurhús og skúrar greiða kr. 12—15 fyrir m² gólfflatar á ári.
3. Náttúrulækningahælið greiðir kr. 12.00 fyrir m² í gólffleti á ári.
4. Þeir, sem taka hita úr opnum hverum og leiða í húsnæði sín, greiða kr. 12.00 fyrir m² í gólffleti á ári.

Ofangreind gjöld miðast við að hitinn sé eingöngu notaður til venjulegrar upphitunar húsanna. Ef hitinn er notaður til annars, t. d. iðnaðar, ákveður hreppsnefnd í samráði við hitaveitunefnd, með sérstakri samþykkt, gjöld fyrir þann hita. Það sama varðar, ef gufa er seld.

II. Heimæðagjöld:

Af gróðurhúsum greiðist kr. 6.00 fyrir m² í gólffleti og kr. 14.00 af öðrum byggingum en gróðurhúsum.

Lágmarks heimæðagjöld skulu vera kr. 1000.00. Fari lengd heimæða fram úr 50 metrum, kostar notandi sjálfur það, sem fram yfir er.

Gjöld þessi skulu greidd við tengingu húsanna.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hveragerðishrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 3 31. jan. 1953, um hitaveitur utan Reykjavíkur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. september 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

122
16. sept.

um niðurfærslu aðflutningsgjalda.

Með heimild í athugasemdarákvæðum í upphafi XV. flokks tollskrár hefur ráðuneytið fært niður aðflutningsgjöld af lestarborðum úr alúmíníum og alúmíníumlegeringum þannig, að gjöldin verði eins og að neðan greinir og varan flokkist eins og hér segir:

Tollskrá: Kafli.	Nr.		Toll-eining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
66	11d	Lestarborð úr alúmíníum og alúmíníumlegeringum	1 kg	7	8

Ofangrein aðflutningsgjöld skulu innheimt með viðaukum samkvæmt lögum, sbr. lög nr. 85 1957, svo og með 2% tollstöðva- og byggingarsjóðsgjaldi, sbr. 1. gr. laga nr. 85/1957 og 4 a í 3. gr. laga nr. 42/1957.

Fjármálaráðuneytið, 16. september 1958.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Jón Skaftason.

REGLUGERÐ

123
16. sept.

um breyting á reglugerð um hafnargjöld landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvíkum, nr. 172 28. okt. 1949.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Skip, sem halda til í höfninni eða hafa uppsátur innan takmarka hafnarinnar og eru minni en 100 rúmlestir brúttó skulu greiða ljósagjald 15 krónur fyrir hvern mánuð. Skip, sem eru skemur greiði 5 krónur fyrir hvern dag, þó aldrei meira en 30 krónur fyrir hvern mánuð.

Öll önnur skip skulu greiða ljósagjald í hvert sinn, er þau koma til hafnarinnar 10 krónur fyrir fyrstu 50 nettó rúmlestir af stærð skipsins og 10 aura fyrir hverja nettó rúmlest þar fram yfir, þó aldrei minna en 10 krónur.

Undanþegin ljósagjaldi eru sömu skip og undanþegin eru lestagjaldi samkvæmt 2. gr. a-lið hér á undan.

2. gr.

15. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar, 200 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 rúmlestir nettó, 80 aurar fyrir hverja nettó rúmlest frá 100 til 3000 rúmlestum og 20 aurar fyrir hverja nettó rúmlest þar yfir.

b. Fyrir leiðsögu frá höfninni, 200 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 rúmlestir nettó og 40 aurar fyrir hverja nettó rúmlest frá 100 til 3000 rúmlestir og 10 aurar fyrir hverja nettó rúmlest þar yfir.

c. Fyrir leiðsögu um höfnina, þar á meðal inn og út úr innri höfninni, greiðist

123 16. sept. 100 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 rúmlestir nettó og 20 aurar að auki fyrir hverja nettó rúmlest yfir 100.

3. gr.

22. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Flokkar vörugjaldskrárinnar.

1. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg:
   Blý, brýni, eldfastur leir, gaddavír, stálvír, saltaðar gærur í pökkum, hverfisteinar, ís, járn og stál, járnkeðjur og járnpípur, kaðlar, kítti, litarvörur þungar, rafmagnsvörur, prentsverta, sódi, togleður, þakjárn, þakpappi, ísvarinn fiskur, nýr fiskur slægður og óslægður (gjald þetta af fiski greiðist aðeins þegar honum er skipað út), kol og salt.
2. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 100 kg:
   Sement, benzín, og hvers kyns brennsluolía, áburðarolía, baðlyf, feiti, fernisolía, fiskilínur, óverkaður saltfiskur, fiski- og síldarmjöl, garnir, hey, kálmeti, kartöflur, alls konar kornvörur, kjöt, leður, leirvörur, linoleum, mör, pappír, bækur, pokar, pokastrigi, rjúpur og aðrir fuglar, rúðugler, saumur, sápa, segldúkur, seglgarn, hampur, tjara, tvistur og vaxdúkur.
3. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 100 kg:
   Hraðfrystur fiskur, þurr fiskur saltaður, beitusíld.
4. flokkur. Gjald 150 aurar fyrir hver 100 kg:
   Skreið, lýsi, ávextir, nýir, þurrkaðir og niðursoðnir, brauðvörur, kaffi, kakaó, lyf og lyfjavörur, mjólk, alls konar niðursuðuvörur, jurtafeiti, smjör, smjörlíki, súkkulaði, sykur, te, ull, sundmagi og nýlenduvörur alls konar.
5. flokkur. Gjald 5 krónur fyrir hver 100 kg:
   Dúnn, eldspýtur, fiður, glervörur, glysvarningur og þess háttar léttar vörur, rjól, rulla, reyktóbak, skinnavörur, skófatnaður, vefnaðarvörur, vindlar og vindlingar.
6. flokkur. Gjald 250 aurar fyrir hver 100 kg:
   Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
7. flokkur. Gjald 15 krónur fyrir hvern teningsmetra:
   Bifreiðar, húsgögn, orgel, píanó, saumavélar, skilvindur, stundaklukkur og þess háttar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
8. flokkur. Timbur 5 krónur fyrir hvern teningsmetra.
   Tómar síldartunnur: 25 aurar fyrir hverja tunnu.
   Tómar ståltunnur og tóm lýsisföt: 50 aurar fyrir hvert stykki.
9. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hverja tunnu:
   Síld og hrogn í tunnum, fiskflök í síldartunnum og saltfullar síldartunnur.
10. flokkur. Gjald 10 krónur fyrir hvern grip:
    Hross, nautgripir og svín.
11. flokkur. Gjald 150 aurar fyrir hverja sauðkind eða geit.
12. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kg af fiski upp úr sjó.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi reglugerðir nr. 48 28. apríl 1951 og reglugerð nr. 2 6. jan. 1955, um breyting á reglugerð nr. 172 28. okt. 1949.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. september 1958.

Eysteinn Jónsson.

Brynj. Ingólfsson.

REGLUGERÐ

124
16. sept.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjahöfn, nr. 79 27. apríl 1950.

1. gr.

a-liður 14. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Allar fleytur, sem heima eiga í Vestmannaeyjum, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 1. maí, 40 krónur fyrir hvert tonn af brúttóstærð skipsins eða fleytunnar, þó aldrei minna en 300 krónur.

Aðkomubátar og skip, sem stunda fiskveiðar frá Vestmannaeyjum, og liggja á Innri höfn, greiði 10 krónur fyrir hvert tonn af brúttóstærð fyrir hvern mánuð, þó aldrei minna en 300 krónur fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði.

2. gr.

Aftan við 35. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Skipagjöld samkvæmt reglugerð þessari eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipum og ganga þau fyrir hvers konar samningsveðum næstu tvö ár eftir gjalddaga.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, um breyting á þeim lögum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. september 1958.

Eysteinn Jónsson.

Brynj. Ingólfsson.

REGLUGERÐ

125
17. sept.

um breyting á reglugerð um reiðhjól með hjálparvél, nr. 82 5. júlí 1955.

1. gr.

Í stað orðanna „skal þá greiða kr. 25.00 í skoðunargjald“ í 3. gr. komi: skal þá greiða kr. 40.00 í skoðunargjald.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt umferðarlögum nr. 26 2. maí 1958, öðlast gildi þegar í stað.

Í dómsmálaráðuneytinu, 17. september 1958.

F. h. r.

E. u.

Elías Elíasson.

126
12. sept.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu.

I. KAFLI
Um stjórn fjallskila.

1. gr.

Yfirstjórn allra fjallskila hefur sýslunefnd á hendi samkvæmt sveitarstjórnarlögum, en hreppsnefnd alla umsjón á framkvæmd þeirra, hver á sínu fjallskilasvæði.

2. gr.

Hver hreppur sýslunnar skal vera sérstakt fjallskilasvæði.

Í Patreksfjallskilasvæði skal vera þriggja manna nefnd kosin af hreppsnefnd Patrekshrepps, er hefur stjórn fjallskilamálanna á hendi.

Heimilt skal hreppsnefndum sveitahreppanna að kjósa þriggja manna fjallskilanefnd, hver í sínum hreppi, ef óskir koma fram um það frá meiri hluta almenns hreppsfundar, sem boðað hefur verið til á löglegan hátt.

3. gr.

Hreppsnefndir (fjallskilanefndir) geta gert nánari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum, hver á sínu fjallskilasvæði. Þó má eigi þar með raska reglugerð þessari, og skulu nefndirnar gæta þess, að farið sé eftir ákvæðum hennar.

II. KAFLI
Um fjármörk og markaskrár.

4. gr.

Sérhver fjáreigandi skal skyldur til að hafa glöggt eyrnamark á fé sínu. Aðfengið fé skal því aðeins marka upp að engin aukaben verði eftir. Svo er það og skylda hvers fjáreiganda, að hafa hreppsbrennimark á vinstra horni hyrnds fjár. Kollótt fé skal auðkenna með aluminplötu í vinstra eyra, er beri sömu stafi og hreppsbrennimarkið. Aluminplötur þessar, svo og hreppsbrennimörk, skulu hreppsnefndir eða búnaðarfélög hreppanna útvega.

Hreppsbrennimörk skulu vera þessi:

Barðastrandarhreppur	V B 1
Rauðasandshreppur	V B 2
Patrekshreppur	V B 3
Tálknafjarðarhreppur	V B 4
Ketildalahreppur	V B 5
Suðurfjarðahreppur	V B 6

5. gr.

Fé skal draga eftir mörkum. Markið helgar markeiganda kind, nema sönnun komi fyrir að annar eigi. Kind, sem ekki ber rétt mark manns, er honum óheimilt að draga sér, þótt lítið vanti á fullt mark. Ef kind er með brennimarki eða hornamarki annars en þess, sem eyrnamarkið á, skal sá talinn eigandi, sem á brennimarkið eða hornamarkið, og skal hann þá, ef eigandi eyrnamarks krefst, gera grein fyrir, hvernig hann er að henni kominn, Kind, sem hefur eyrnamark eins, brennimark annars og hornamark hins þriðja, skal talin eign þess er brennimarkið á.

Þó skal hann, ef krafizt er, gera grein fyrir, hvernig hann hefur eignazt kindina. Óheimilt er að nota mark annars nema með leyfi markeiganda. **126** 12. sept.

Nú er kind, önnur en lömb, ómörkuð eða afeyrð, eða á henni er óglöggt mark eða vafasamt, en maður vill eigna sér hana af líkum, og getur hann borið málið upp við hreppstjóra. Skal þá hreppstjóri ásamt tveim óvilhöllum mönnum, er hann til kveður, meta ástæður þær, er hlutaðeigandi hefur til stuðnings máli sínu. Ef þeim öllum kemur saman um, að miklar líkur séu til að hann eigi kindina, má hann hirða hana sem sína eign, ella telst hún óskilafé. Sé hann óánægður með úrskurðinn, er honum frjálst að leita réttar síns með málssókn.

6. gr.

Mikil særingarmörk má ekki upp taka né heldur þau mörk, sem vandhæfi er á að marka svo, að eigi valdi villu eða vafa. Enginn má nota afeyrt sem mark, andfjaðrað, blaðrifað, bragð, geirstúfrifað, geirsýlt, hvathamrað, hvatsýlt, helmingrifað, netnál, sýlt í blaðstýft, sýlt í hálft af, sýlt í stúf, tvístigað, þrírifað, þristúfrifað. Eigi má hafa fleiri en eitt undirben á sama jaðri á eyra, ef yfirmark er á eyranu.

7. gr.

Mörk ganga að erfðum. Skipta skal marki sem öðrum arfi, ef fleiri standa til. Gefa má mörk svo og selja.

Það er skylda markeiganda að tilkynna mörk sín til prentunar í markaskrá sýslunnar.

Mark, sem hvorki er notað né prentað í gildandi markaskrá sýslunnar, skal talið niðurfallið og skal þá öðrum heimilt upp að taka.

8. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna 10. hvert ár og skal þar með fylgja fjallskilareglugerð sýslunnar, þegar sýslunefnd telur prentunar þörf. Skal hver markeigandi koma marki sínu í hana, og borga fyrir það eins og sýslunefnd ákveður, en hvert heimili fær ókeypis eitt eintak af markaskránni, er fylgja skal jörðinni við ábúendaskipti. Einnig skal sýslunefnd sjá um, að nægilega mörg eintök af markaskránni verði send ókeypis til allra hreppa utan sýslunnar, er fjársamgöngur geta komið fyrir í.

Áður en mörkum er safnað til prentunar, skal sýslunefnd ákveða gjald fyrir mörkin, til lúkningar kostnaði við söfnun þeirra, skráningu og prentun, svo og upptöku marka. Ef gjaldið nemur meiru en kostnaði, rennur afgangurinn í sýslusjóð, en hrökkvi eigi gjaldið, greiðist það sem á vantar úr sýslusjóði.

9. gr.

Sýslunefnd kýs mann til að búa markaskrána undir prentun og hafa umsjón með upptöku marka. Kosning hans gildir í 10 ár í senn. Kaup hans, að meðtöldum öllum kostnaði við starf hans, er 10% af markagjaldi sýslunnar, nema öðruvísi sé um samið.

Rétt er að markaumsjónarmaður geri sér far um að koma samræmi og festu á nöfn marka. Í markaskrá skal raða mörkum eftir stafrófsröð, en þó framan fyrr en aftan. Mörk eru flokkuð eftir formerki á hægra eyra. Í markauglýsingu er fyrst greint yfir- og undirmark á hægra eyra og svo því vinstra.

10. gr.

Hreppsnefndir skulu, hver í sínum hreppi, annast söfnun marka og innheimtu gjalda fyrir þau. Í ómakslaun ber henni 10% af markagjaldi hreppsins. Fela má

126 hreppsnefndin starf þetta öðrum. Kosningu hans skal oddviti tilkynna marka-
12. sept. umsjónarmanni fyrir septemberlok það ár, sem mörkum er safnað.

Markasöfnun fer fram í októbermánuði árið áður en markaskrá ber að prenta. Skal henni haga svo, að hvert mark sé ritað á sérstakan seðil, með fullu nafni og heimili markeiganda. Öll afbrigði frá öðrum mörkum, hversu litlu sem munar, teljast sérstök mörk, og má ekki taka þau til greina, nema fullt gjald komi fyrir. Markaseðlar skulu tilbúnir fyrir októbermánaðarlok, og skal þá hver húsráðandi afhenda safnanda alla seðla frá sínu heimili, ásamt gjaldi fyrir mörkin. Jafnskjótt og safnandi hefur veitt seðlum móttöku, skal hann vandlega athuga mörkin, með samanburði við gildandi markaskrá, og hlutast til um leiðréttingu á þeim, sem misritуð kunna að vera, og breytingu á þeim, sem koma í bága við ákvæði reglugerðar um upptöku marka. Síðan skal hann merkja seðlana með framhaldandi töluliðum í réttri röð, og senda þau markaumsjónarmanni fyrir nóvembermánaðarlok. Skal þar fylgja með markagjöld hreppsins, að frádregnum ómakslaunum safnanda. Þá er umsjónarmaður hefur prófað, að gjaldið sé rétt talið, afgreiðir hann það til oddvita sýslunefndar.

Jafnframt markaseðlum skal safnandi hvers hrepps senda markaumsjónarmanni nákvæma skýrslu um öll nýupptekin mörk í hreppnum og sömuleiðis þau mörk, þótt gömul séu, sem eigi hafa staðið í síðustu markaskrá. Hafi markið verið notað áður, skal þess getið í skýrslunni, hvern rétt hlutaðeigandi hafi til marksins, og hvenær það var síðast prentað. Með nýupptеknum mörkum teljast afbrigði frá eldri mörkum, þótt litlu muni.

Eftir að markaskrá er prentuð, skal safnandi vandlega athuga hana, að því er snertir öll mörk í hreppnum. Finni hann villur, er valdið geta misdrætti, skal hann í samráði við markeigendur semja leiðréttingar og senda þær markaumsjónarmanni fyrir árslok. Leiðréttingar skulu prentaðar á kostnað sýslusjóðs.

11. gr.

Þá er umsjónarmanni hafa borizt markaseðlar og skýrslur um nýupptekin mörk úr öllum hreppum sýslunnar, skal hann bera hverja skýrslu saman við markaseðla úr hreppnum, síðan allar skýrslurnar saman sín á milli, og loks hverja skýrslu saman við gildandi markaskrá innan sýslu og utan, þar sem fjársamgöngur geta átt sér stað. Skal hann fella niður þau nýupptekin mörk, er teljast of lík eldri mörkum, svo og ný mörk er líkjast of mjög hvert öðru og enn fremur mörk, sem ekki má upptaka samkvæmt ákvæðum reglugerðar. Þau mörk, sem niður eru felld af umsjónarmanni, má ekki prenta í markaskrá sýslunnar. Nú hefur verið fellt niður mark, og skal þá umsjónarmaður tilkynna það marktakanda bréflega, og jafnframt benda honum á mark, er hann geti fengið, sem líkast því, er hann hafði kosið. Hafi hann eigi svarað bréfi umsjónarmanns fyrir febrúarlok, má líta svo á, að hann taki upp markið, og skal það prentað í markaskránni.

Ef einhver vill taka upp mark milli þess sem markaskrá er prentuð, skal hann leita samþykkis umsjónarmanns. Að því fengnu, skal hann tilkynna markið öllum hreppsnefndum sýslunnar.

12. gr.

Ef menn nota mörk, sem eigi eru prentuð í markaskrá sýslunnar, t. d. þeir, sem flutzt hafa úr öðrum sýslum, skulu þeir lýsa mörkum sínum fyrir hreppsnefndaroddvita þess hrepps, þar sem þeir eru búsettir. Mörk þessi skal hreppsnefnd skrifa upp og senda áður en 10 vikur eru af sumri til hreppsnefnda í nálægum hreppum innan sýslu og utan, þar sem helzt eru fjársamgöngur. Þeir, sem vanrækja þetta, eða hirða eigi um að láta prenta mörk sín í markaskrá sýslunnar, mega búast við, að farið sé með fé þeirra sem óskilafé, og sæti þeir að auki sektum.

13. gr.

Enginn má marka kind í lögréttum nema réttarstjóri samþykki.

III. KAFLI
Um fjársmalanir á vorum.

14. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar eða afnota, eru skyldir að smala heimalönd sín og fjalllönd á vorum. Skal fjáreigendum skylt að taka þátt í vorsmalamennskum eftir sömu reglum, sem gilda um haustsmalamennskur.

Enginn má í heimildarleysi reka eða sleppa sauðfénaði eða hrossum í annarra lönd, sem hann á ekkert tilkall til. Reka skal þannig fénað yfir lönd manna, að ekki hljótist skaði eða ógreiði af.

15. gr.

Hreppsnefndum (fjallskilanefnd) skal heimilt að skipa fyrir um smölun sauðfjár til rúnings á vorum í heimalöndum og fjalllöndum.

16. gr.

Nú finnst fé, er sloppið hefur úr landi eiganda eða kemur fyrir fjarri eigendum þegar rúningstími yfirstendur eða er afstaðinn, hvort heldur eru geldar kindur eða lambær, er þá finnandi, ef honum er unnt, skyldur að hirða og rýja kindur þessar, og einnig að marka ómörkuð lömb, ef hann álítur að ekki geti ruglingi valdið. Skal hann gera eiganda aðvart um ullina og greina frá marki, og öðrum einkennum á hverri kind, sem hann hefur rúið eða markað. Í ómakslaun ber finnanda kr. 5.00 fyrir að rýja kind og kr. 5.00 fyrir að marka lamb.

IV. KAFLI
Um sauðfjárrekstur á fjall.

17. gr.

Allir fjáreigendur skulu skyldir að reka á fjall að vorinu allt sauðfé sitt, nema kvíaær, á eigið land, ef til er, annars þar sem upprekstrarland er aflögu.

18. gr.

Hreppsnefnd kveður á um, hverjar jarðir í hreppnum hafa upprekstrarland aflögu og hvað mörgu fé það nægir. Hreppsbúar ganga fyrir utansveitarmönnum um afnot upprekstrarlands í hreppi sínum.

19. gr.

Enginn má kefla lamb.

20. gr.

Í upprekstrartoll greiðist kr. 5.00 fyrir hverja roskna kind. Skal tollurinn greiddur hlutaðeigandi ábúanda eða landeiganda fyrir lok októbermánaðar.

V. KAFLI
Um fjallskilaskyldu.

21. gr.

Hver sá, er býr á jörð eða jarðarhluta, sem metin er til dýrleika, svo og hver heimilisfaðir, skal skyldur til að gera fjallskil fyrir allt það fé, er hann sjálfur og

126 heimafólk hans áttu á fóðrum á heimili hans eða annars staðar undangenginn vetur
12. sept. eða hefur keypt um vorið, enda hafi því verið sleppt í hans fjallskilasvæði að vori. Auk þess skal mönnum skylt að gera fjallskil fyrir allt það fé, er þeir hafa tekið til hagagöngu á því ári frá mönnum úr öðrum fjallskilasvæðum.

Þeir, sem ekki eiga svo margt fé, að fjallskil fyrir það nemi einu dagsverki, greiði tilsvarandi fjárhæð og skal fjallskilanefnd og hreppsnefnd verja gjöldum þeirra til að kaupa menn til fjallskila fyrir þá í sameiningu, eftir fjártölu. Fjallskilagjöld má taka lögtaki. Gjalddagi er viku fyrir fyrstu leitir.

Hin sama fjallskilaskylda hvílir einnig á þeim eigendum jarða og jarðahluta innan fjallskilasvæðisins, þó þeir séu búsettir utan hreppsins og jarðirnar ekki í ábúð. Þessi fjallskilaskylda hvílir einnig á þeim, sem hafa lönd að erfðafestu, þó búsettir séu utan fjallskilasvæðisins.

22. gr.

Fjallskilaskyldan er í því fólgin, að senda menn í göngur, sækja fé í réttir, utan hrepps sem innan, eða greiða fjallskilagjald, allt eftir því, sem fjallskilanefnd og hreppsnefndir skipa fyrir um í fjallskilaseðli hverju sinni.

23. gr.

Niðurjöfnun þessari skulu hreppsnefndir og fjallskilanefnd hafa lokið hálfum mánuði fyrir fyrstu leitir, og skal við niðurjöfnun fara eftir skýrslu forðagæzlumanna hvað fjártölu snertir, sbr. þó 21. gr.

Þykist einhver verða hart úti í ráðstöfun hreppsnefndar eða fjallskilanefndar, getur hann borið sig upp fyrir henni, og fært ástæður fyrir málstað sínum, ekki síðar en fjórum dögum fyrir fyrsta leitardag, og skal þá hreppsnefnd (fjallskilanefnd) skylt að taka umkvartanir hans til athugunar og leggja úrskurð á málið, og skal skylt að hlíta honum, þótt málinu sé áfrýjað til sýslunefndar.

24. gr.

Enginn er undanþeginn almennri fjallskilaskyldu, þótt hann hafi sleppt fé sínu í heimalönd en ekki í afrétt.

25. gr.

Ef einhver hefur ekki sjálfur nægilegan mannafla til fjallskila, samkvæmt fyrirmælum hreppsnefndar (fjallskilanefndar), skal honum skylt að gera henni aðvart um það með viku fyrirvara, og skal henni skylt, ef mögulegt er, að útvega menn á hans kostnað til að inna fjallskilin af hendi.

26. gr.

Láti einhver farast fyrir að senda mann í göngur eða gera þau fjallskil, sem hann er kvaddur til í gangnaboði, skal hann auk borgunar fyrir fjallskilin greiða aukagjald, er nemi ¼ af matsverði þeirra.

Ef einhver sendir mann í göngur, sem gangnaforingi og hreppsnefnd (fjallskilanefnd) telur óhæfan sökum ágalla eða ills útbúnaðar, má vísa honum heim aftur, og er þá fjáreiganda (heimilisföður) skylt að borga gangnaskilin, eins og hann hefði engan sent.

Sannist það, að gangnamaður eða einhver annar, sem fjallskil á að inna af hendi, vanræki skyldustörf sín, getur hreppsnefnd (fjallskilanefnd) krafizt uppbótar frá honum eða þeim er hann sendi, eftir því sem hæfa þykir. Vilji hann eigi hlíta úrskurði nefndarinnar, getur hann skotið máli sínu til sýslunefndar.

Gjaldi fyrir gangnasvik eða vanrækslu á fjallskilum má verja til að kaupa menn til fjallskilanna, ella renni það í fjallskilasjóð eða sveitarsjóð þess hrepps eða þeirra hreppa, sem hlut eiga að máli.

126
12. sept.

27. gr.

Nú alheimtir einhver fjáreigandi fé sitt í fyrstu leit, og skal hann þrátt fyrir það gera fjallskil alla hina ákveðnu fjallskiladaga, eftir því sem hreppsnefnd (fjallskilanefnd) hefur fyrirskipað.

28. gr.

Hreppsnefndir (fjallskilanefndir) skulu í fjallskilaseðlinum, taka skýrt og greinilega fram, hvernig leitum skuli hagað, skal, þar sem því verður við komið, leit byrjuð á öðrum eða báðum endum leitarsvæðisins.

29. gr.

Hlutaðeigandi hreppsnefnd (fjallskilanefnd) skal í fjallskilaseðlinum kveðja svo marga menn, sem henni þykir nauðsynlegt, til að vera leitarforingja. Skulu þeir stýra göngum leitarmanna bæði í heimalöndum og afréttum á leitarsvæði því, sem þeim er falið, og skipa þeir svo fyrir að allt annað fé en kvíaær komi einu sinni til réttar (sbr. þó 31. gr.).

Þeir tilkynna hreppsnefnd ef einhver vanrækir að gera fyrirskipuð fjallskil eða óhlýðnast fyrirskipunum þeirra, eða hefur sent óliðgengan mann í leitirnar. Þeir skulu annast um að allt fari vel og skipulega, er að fjallgöngum lýtur, sér í lagi hvað meðferð á fjallfé snertir. Óhlýðni við leitarforingja varðar sektum. Sektum varðar og ef leitarforingi vanrækir stöðu sína eða misbeitir henni.

VI. KAFLI

Um fjallskil á haustum og réttarhöld.

30. gr.

Þrennar skulu vera fjallaleitir á hausti í öllum hreppum sýslufélagsins. Fyrsti leitardagur skal vera mánudagur í 22. viku sumars og skal samdægurs rétta í öllum skilaréttum nema í Austmannsdalsrétt í Ketildalahreppi, þar skal réttað á þriðjudag í fyrstu og annari leit.

Skilaréttir skulu vera á þeim stöðum er hér segir:

Í Barðastrandarhreppi að Haga.
Í Rauðasandshreppi á Rauðasandi.
Í Patrekshreppi að Geirseyri.
Í Tálknafjarðarhreppi að Norður-Botni.
Í Ketildalahreppi að Austmannsdal.
Í Suðurfjarðahreppi að Dufansdal.

Annar leitardagur skal vera mánudagur næsti á eftir fyrsta leitardegi og skal rétta samdægurs í öllum skilaréttum.

Þriðji og síðasti leitardagur skal vera miðvikudagur í 25. viku sumars og skal þá rétta samdægurs í öllum skilaréttum.

31. gr.

Aukaréttir skulu vera í hverjum hreppi svo sem hér segir:

Í Barðastrandarhreppi: Að Fossá, Brjánslæk og Haukabergi.
Í Rauðasandshreppi: Að Breiðuvík og Vesturbotni.
Í Tálknafjarðarhreppi: Að Kvígindisfelli og í Smælingjadal.
Í Ketildalahreppi: Að Húsum í Selárdal.
Í Suðurfjarðahreppi: Á Litlu-Eyri, í Trostansfirði og Langa-Botni.

Í öllum leitum skal rétta á gangnadaginn í öllum aukaréttum, nema í Brjánslækjarrétt skal rétta á miðvikudag í fyrstu leit, á þriðjudag í annarri leit og á

126 fimmtudag í þriðju leit, og í Haukabergsrétt á þriðjudag í fyrstu leit, allt miðað
12. sept. við sömu viku og göngur fara fram í.

Eftir tillögum meiri hluta fjáreiganda í hreppnum og með samþykki sýslunefndar, má hreppsnefnd gera breytingar á réttarstöðum og réttarsóknum. Enn fremur hefur hreppsnefnd heimild til að leyfa einstökum bæjum úrdrátt á fé sínu. Setur hreppsnefnd reglur fyrir úrdrættinum, er komi ekki í bága við reglugerð þessa.

32. gr.

Nú þarf að endurbyggja rétt eða byggja rétt að nýju, skal þá hreppsnefnd (fjallskilanefnd) sjá um framkvæmd verksins. Kostnaður slíkrar réttarbyggingar greiðist úr sveitarsjóði, nema önnur félög eða félagasamtök komi til, að einhverju eða öllu leyti. Byggingarkostnaðurinn endurgreiðist svo sveitarsjóði, eða öðrum þeim aðilum, er bygginguna kostuðu, af öllum fjallskilaskyldum í réttarsókninni, svo og þeim utan fjallskilasvæðisins, er dilkrúm eiga við réttina og sé endurgreiðslan að hálfu miðuð við matsverð jarðar, en að hálfu við fjárfjölda hjá þeim, sem eru innan réttarsóknarinnar. Sveitarfélög utan fjallskilasvæðis, sem dilkrúm eiga við rétt, kosta sjálf að öllu leyti uppbyggingu og viðhalds dilks, en ekki kosta þau að öðru leyti uppbygging eða viðhald réttarinnar.

Á þeim bæjum, sem sundurdráttur er leyfður, sbr. 31. gr., skuli þeir bændur, sem mega draga fé sitt, viðhalda á sjálfs sín kostnað, nægilega stórri rétt til að taka allt fé, sem þangað verður að reka, svo og dilkum eftir þörfum fyrir fé sitt og það fé, sem dregið verður úr til rekstrar að skilarétt. Skylda þessi hvílir á bændum auk þeirrar skyldu, sem um ræðir í fyrstu málsgrein þessarar greinar.

33. gr.

Við hverja rétt skulu allir í réttarsókninni hafa nægilegt dilkrúm, hver fyrir sig eða fleiri í sameiningu. Enn fremur skulu vera þar sérstakir dilkar, einn eða fleiri, fyrir fé úr öðrum fjallskilasvæðum og öðrum réttarsvæðum innan fjallskilasvæðisins, er hlutaðeigandi fjallskilasvæði og réttarsóknir viðhalda á sinn kostnað, nema svo sé um samið, að réttarsóknin kosti byggingu þeirra og viðhald, móti því, að njóta sömu hlunninda af viðkomendum.

34. gr.

Valdi bygging lögrétta grasnámi eða jarðraski, skal, ef þess verður krafizt, koma fullt endurgjald af sveitarsjóði hlutaðeigandi hrepps, eftir mati óvilhallra manna, sem sýslumaður nefnir til.

35. gr.

Hreppsnefndir (fjallskilanefnd) skulu sjá um, að réttir séu vandlega byggðar og vel við haldið, einnig að dilkar við þær séu í gildu standi kvöldið áður en réttað er. Vanræki einhver að vinna að réttar- eða dilksbyggingu, má hreppsnefnd (fjallskilanefnd) útvega mann til þess á hans kostnað.

36. gr.

Hreppsnefndir (fjallskilanefnd) skulu skipa duglega réttarstjóra, einn eða fleiri við hverja rétt, svo og menn til eftirlits þar, sem sundurdráttur er leyfður.

Réttarstjóri skal vera kominn til réttar í tæka tíð hvern réttardag. Skipar hann fyrir, hvernig fjárdrætti skal haga, og heldur mönnum til starfa. Hann bannar stranglega allt slark og óreglu, er valdið geti hindrun við réttarstörfin. Sýni nokkur í réttinni óhlýðni gegn skipunum hans, varðar það sektum. Sektum varðar og ef réttarstjóri vanrækir stöðu sína eða misbeitir henni. Enginn er skyldur til að vera réttarstjóri nema eitt ár í senn.

37. gr. 126

Enginn má hleypa út úr dilki fyrr en réttarstjóri leyfir, og búið er að kanna fé í dilknum. Að þeim starfa eru allir skyldir að vinna, þeir sem réttarstjóri til þess nefnir. 12. sept.

38. gr.

Hreppsnefnd (fjallskilanefnd) skal sjá um það, að allt markað óskilafé og utansveitarfé, sem ekki er sótt á lögrétt, verði rekið á skilarétt.

Nú hefur hreppsnefnd (fjallskilanefnd) eigi sett sérstaka menn til að annast rekstur fjár milli rétta innan fjallskilasvæðisins, skal þá réttarstjóri annast um, að það verði rekið bæ frá bæ til eigenda, þeim að kostnaðarlausu, eftir sömu reglum sem gilda um fjárrekstra eftir leitir.

Á sama hátt skal þá hagað rekstri fjár til skilaréttar.

VII. KAFLI

Um fjárhirðing í útréttum.

39. gr.

Hreppsnefnd (fjallskilanefnd) skal skipa hæfa menn, einn eða fleiri, eftir þörfum, til að fara í réttir annarra sveita, þar sem helzt eru fjársamgöngur, til að hirða þar sauðfé hreppsbúa sinna. Hafi sá, sem gert er að skyldu að leggja til téðan starfa, engan hæfan mann til að inna hann af hendi, hefur hreppsnefnd (fjallskilanefnd) vald til að kveðja til þess hvern þann, sem hún telur hæfastan í hreppnum, annað hvort í mannaskiptum eða gegn fullu endurgjaldi frá þeim, er skilin áttu að gera.

40. gr.

Sá maður, sem sendur er til að hirða fé í réttum annarra sveita, má eigi fara þaðan áður en búið er að skoða úrtýning vandlega eftir markaskrám og selja, þar sem sala fer fram. Sannist það, að hann láti verða þar eftir fé sveitunga sinna, sem er með glöggu, skrásettu marki, eða týni því, varðar það sektum eða skaðabótum, nema málsbætur séu.

Skylt er sendimanni að reka féð heim í hreppinn, og skal það síðan ganga rétta leið í bæjarrekstrum, nema gerðar séu aðrar ráðstafanir. Sé einhver skepna svo fötluð, að ekki verði rekin með öðru fé, skal hann koma henni í gæzlu og gera eiganda aðvart, er þá ber að vitja hennar á sinn kostnað.

VIII. KAFLI

Um heimasmölun eftir haustgöngur.

41. gr.

Hver fjáreigandi, svo og sá, er land hefur til eignar- eða umráða, er skyldur að smala heimaland á haustum eftir göngur, allt til veturnótta, svo oft sem hreppsnefnd (fjallskilanefnd) fyrirskipar. Vanræki einhver þessa skyldu, skal hreppsnefnd (fjallaskilanefnd) sjá um að löndin séu smöluð á kostnað viðkomanda, eftir mati hreppsnefndar. Rekstrar skulu þá ganga eftir töfludrætti bæ frá bæ.

IX. KAFLI

Um fjárrekstra bæja milli.

42. gr.

Skyldur er hver búandi eða landráðandi að hirða fé það, er finnst í heimalandi hans, eftir að fjallgöngum er lokið, og reka til næsta bæjar þá leið, sem það á að

126 ganga. Hreppsnefnd skal ákveða rekstrarleiðir innan hreppa. Ef fé er rekið afleiðis
12. sept. í bæjarrekstrum eða sleppt úr fjárrekstri, sem á að ganga bæ frá bæ, varðar það sektum og skaðabótum nema málsbætur séu.

43. gr.

Ef enginn rekstrarfær maður er heima, þegar rekstur kemur á bæ, skal rekstrarmaður skilja úr fé það, er eftir á að vera, og reka svo reksturinn áfram til næsta rekstrarfærs manns, en skylt er þeim, er við rekstri skyldi taka, að greiða rekstrarmanni þóknun eftir áliti hreppsnefndar.

X. KAFLI

Um eftirlit einstakra manna og fé í ógöngum.

44. gr.

Nú fer einhver í eftirleit ótilkvaddur af sveitarstjórn (fjallskilanefnd), að liðinni síðustu leit, og finnur fé á fjalli eða afrétt, skal hann þá fá fundarlaun 1/10—1/4 af verði kindarinnar eða kindanna, ef fleiri eru. Fundarlaun greiðast úr sveitarsjóði (fjallskilasjóði), þar sem féð finnst, gegn endurgreiðslu frá eigendum. Fyrir fé, sem fyrir kemur í smalamennsku eða kemur í fé manna, á hvaða tíma sem er, skal engra fundarlauna vera hægt að krefjast. Um mat á fundarlaunum fer sem um getur í 45. gr.

45. gr.

Verði einhver þess var, að fé sé komið í svelti eða aðrar ófærur, skal hann tafarlaust gera hreppsnefnd aðvart, svo framarlega sem hann getur ekki aðvarað umráðamenn lands eða eigenda kinda. Skal þá umráðamaður lands eða hreppsnefnd, svo fljótt sem við verður komið, gera ráðstafanir til að bjarga kindunum. Reynist björgun illframkvæmanleg, skal skjóta kindurnar á staðnum.

Nú hrekkur hálft andvirði hins bjargaða ekki fyrir björgunarkostnaði, skal þá það, er til vantar, greiðast úr hlutaðeigandi sveitarsjóði.

Reynist svo, að kindur séu úr öðru sveitarfélagi en sveltið er, skal björgunarkostnaðurinn greiðast að jöfnu af hvoru sveitarfélaginu fyrir sig.

Hreppsnefndum skal skylt að sjá um, að umráðamenn lands girði svelti af fjárheldri girðingu, eða gera veg að sveltinu, þar sem það telst framkvæmanlegt, og greiðist girðingarefni að jöfnu af umsjónarmanni lands og viðkomandi sveitarsjóðum.

Ef samkomulag næst eigi um björgunarlaun, skulu þau fara eftir mati hreppstjóra og eins manns, er hreppsnefnd tilnefnir. Geti þeir ekki komið sér saman um björgunarlaunin, skal oddviti sýslunefndar tilnefna einn mann í gerðina og ræður hans atkvæði, nema hinir verði þá sammála. Sömu ákvæði gilda um björgunarlaun, þó björgunartilraun verði árangurslaus.

XI. KAFLI

Um meðferð óskilafjár.

46. gr.

Réttarstjórar skulu annast um að allir ómerkingar séu dregnir í einn dilk, jafnóðum og þeir finnast, og skal leitast við, áður en réttarhaldinu er lokið, að láta lambsmæður helga sér dilka sína. Ómerkingar, markkalið og mýétið fé, sem enginn getur helgað sér, sé selt af hreppstjóra eða umboðsmanni hans við uppboð á réttinni, nema honum virðist réttara að fresta sölunni. Andvirði þess rennur í sveitarsjóð. Enginn má marka ómerking marki sínu um eða eftir leitir, nema hann leiði valinkunna menn sem votta að því, að hann eða þeir séu hans eign.

126

12. sept.

47. gr.

Óskilafé úr fyrstu leit skal vandlega geymt til 2. leitar hjá þeim bónda, sem hreppsnefnd (fjallskilanefnd) ákveður, gegn 100 aura borgun fyrir hverja sauðkind um sólarhringinn. Eigendum fjárins er skylt að greiða geymslugjaldið við afhendingu þess. Sannist það, að fjárgeymslumaðurinn hafi ótilhlýðilega meðferð á fénu, hefur hann fyrirgert tilkalli til geymslulaunanna og bakað sér sektir samkv. ákvæðum reglugerðar þessarar.

Oddviti tilkynni oddvitum annarra hreppa sýslunnar mörk og einkenni óskilafjár, sem fyrir hefur komið í 1. leit í hreppi hans.

48. gr.

Í 2. leit skal allt óskilafé úr 1. leit og frá skilarétt í 2. leit, selt á skilarétt hreppsins af hreppstjóra eða umboðsmanni hans.

Óskilafé af útréttum í 2. leit og það óskilafé, sem síðar kemur fram, skal selt að tveim vikum liðnum, á þeim stað, er hreppstjóri ákveður í auglýsingu.

49. gr.

Nú koma utanhreppskindur fyrir í einhverjum hreppi, að afstöðnum öllum göngum, og þekkja menn eigendur að þeim, skulu þær þá á kostnað eigenda geymdar í vörzlum hreppsnefndar (fjallskilanefndar), sem annast um, að eigendum verði við fyrsta tækifæri gert viðvart um það. Hafi eigendur eigi leitt sig að kindum þessum innan þriggja vikna, má selja þær við opinbert uppboð, sem áður sé auglýst almenningi í hreppnum.

Hafi utansveitarkindur orðið innlyksa fyrir trassaskap þess, sem kindurnar hafa verið hjá, skal hann tafarlaust tilkynna eiganda kindanna og annast þær, eigendum að kostnaðarlausu, unz þeir vitja kindanna, ef þeir þá ekki sýna ótilhlýðilegan drátt þar á.

50. gr.

Sé manni dregin kind með hans marki, sem ekki er hans eign, er honum óheimilt að halda henni hjá sér, í því skyni, að auglýsa markið sjálfur og semja við eiganda. Ber honum að koma kindinni til hreppstjóra eða umboðsmanns hans, svo að farið verði með hana sem annað óskilafé.

51. gr.

Nú koma kindur fyrir að afstöðnum síðustu göngum, sem finnandi þekkir ekki eigendur að. Skal hann þá tilkynna það hreppsnefnd (fjallskilanefnd), sem annast um, að þær verði seldar við opinbert uppboð, sem sé birt á löglegan hátt í hreppnum og nágrannasveitum.

52. gr.

Við sölu óskilafjár er enginn innlausnarfrestur eða gjaldfrestur. Þó skulu hrútar, sem eftir áliti hreppstjóra eða umboðsmanns hans og söluvotta eru hæfir til kynbóta, svo og augljósar forystukindur, seldar með fjögurra vikna innlausnargjaldi eftir söludag, og jafn löngum gjaldfresti, og eru slíkar kindur ekki í ábyrgð kaupanda fyrr en að innlausnarfresti liðnum.

53. gr.

Fyrir nóvembermánaðarlok skal hver hreppsnefnd senda oddvita sýslunefndar skýrslu um allt vafafé, er selt hefur verið í hreppi hans. Oddviti sýslunefndar skal svo sjá um, að skýrsla um vafafé sé birt í Lögbirtingablaðinu. Hreppstjóri greiðir auglýsingargjald eftir reikningi.

126 54. gr.

12. sept. Fram til 1. október næsta ár eftir, geta menn sannað eignarrétt sinn að andvirða vafafjár, að frádregnum kostnaði. Sanni enginn eignarrétt sinn, rennur andvirðið í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

XII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

55. gr.

Enginn má láta óskeytta hrúta ganga úti á tímabilinu frá 1. nóvember til 30. apríl. Ef vanræksla veldur því að skaði verði að, sé eigandi hrútsins skyldur að svara fullum skaðabótum, ef krafizt er. Náist ekki samkomulag um skaðabæturnar, skulu þær ákveðnar samkvæmt ákvæðum seinustu málsgreinar 46. greinar.

56. gr.

Nú er einhver bóndi eða búendur, sem telja sér brýna þörf á að ná í fé sitt eða nokkuð af því til slátrunar fyrir fyrstu leitir, skal það því að eins heimilast að viðkomendur hafi gert hlutaðeigandi hreppsnefnd (fjallskilanefnd) aðvart um það áður og hún sett mann eða menn til eftirlits við smölun og sundurdrátt.

Engum skal heimilt að fara í annarra land til slíkra smalana nema leyfi viðkomandi landeiganda og hreppsnefndar (fjallskilanefndar) komi til.

57. gr.

Það er stranglega bannað að svelta fénað frekar en minnst verður hjá komizt, hundbeita hann að óþörfu eða misþyrma honum á nokkurn hátt við fjárréttir, í rekstrum og gæzlu, fjallgöngum eða heimalandssmölun. Brot gegn þessu varðar skaðabótum og hegningu að lögum.

58. gr.

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda (fjallskilanefnda) út af fjallskilamálum. Sömuleiðis heyra undir úrskurð hennar allar kærur og kröfur á hendur hreppsnefndum og hreppstjórum snertandi fjallskilamál. Enn fremur geta einstakir menn komið sér saman um, að leggja slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslunefndar.

59. gr.

Öll brot gegn reglugerð þessari skulu kærð fyrir hlutaðeigandi sýslumanni og varða þau 50.00 til 500.00 króna sektum, eftir stærð og eðli brotanna, nema því aðeins, að þyngri hegning liggi við lögum samkvæmt. Sektirnar renni í sjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið. Verði ágreiningur um í hvaða hreppi brotið er framið, skal sektin falla til þess eða þeirra hreppa, þar sem hinir seku eiga heimili. Með mál út af brotunum skal farið að hætti opinberra mála.

60. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu nr. 148 23. júní 1943, ásamt síðari breytingum, nr. 10 20. jan. 1950 og nr. 24 9. febr. 1951.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. september 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1958.

Lög um útflutningssjóð, undirskrifuð af forsetanum 29. maí 1958, nr. 33.

Lög um eignarnámsheimild fyrir Hvammstangahrepp á erfðafesturéttindum í eignarlandi hans, undirskrifuð af forsetanum 17. maí 1958, nr. 34.

Lög um breyting á lögum nr. 25 27. júní 1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks, undirskrifuð af forsetanum 24. maí 1958, nr. 35.

Lög um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, undirskrifuð af forsetanum 29. maí 1958, nr. 36.

Lög um breyting á lögum nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög, undirskrifuð af forsetanum 24. maí 1958, nr. 37.

Lög um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð báta-útvegsins, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 38.

Lög um breyting á lögum nr. 87 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, undirskrifuð af forsetanum 29. maí 1958, nr. 39.

Lög um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um sýsluvegasjóði, undirskrifuð af forsetanum 24. maí 1958, nr. 40.

Auglýsing um viðskiptasamkomulag Íslands og Póllands, undirskrifað af utanríkisráðherra 22. apríl 1958, nr. 41.

Lög um breyting á lögum nr. 50 23. júní 1932, um útflutning hrossa, undirskrifuð af forsetanum 24. maí 1958, nr. 42.

Lög um aðstoð við vangefið fólk, undirskrifuð af forsetanum 29. maí 1958, nr. 43.

Lög um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 44.

Lög um breyting á lögum nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl., undirskrifuð af forsetanum 12. júní 1958, nr. 45.

Forsetabréf um þinglausnir, undirskrifað af forsetanum 4. júní 1958, nr. 46.

Lög um breyting á lögum nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, undirskrifuð af forsetanum 10. júní 1958, nr. 47.

Lög um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 48.

Lög um lífeyrissjóð togarasjómanna, undirskrifuð af forsetanum 12. júní 1958, nr. 49.

Lög um breyting á lögum nr. 30 24. marz 1956, um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum hér á landi, undirskrifuð af forsetanum 10. júní 1958, nr. 50.

Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Frakklands, undirskrifuð af utanríkisráðherra 28. maí 1958, nr. 51.

Lög um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953, undirskrifuð af forsetanum 12. júní 1958, nr. 52.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja áfengi, tóbak o. fl. á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli til farþega í framhaldsflugi, undirskrifuð af forsetanum 5. júní 1958, nr. 53.

Bráðabirgðabreyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, undirskrifuð af forsetanum 29. ágúst 1958, nr. 54.

Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýzkalands um vegabréf og áritanir á þau, undirskrifuð af utanríkisráðherra 10. júlí 1958, nr. 55.

24. dag októbermánaðar 1958. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Auglýsing um framlengingu viðskiptasamkomulags milli Íslands og Sviþjóðar, undirskrifuð af utanríkisráðherra 21. júlí 1958, nr. 56.

Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Ísrael, undirskrifuð af utanríkisráðherra 28. júlí 1958, nr. 57.

Auglýsing um viðurkenningu Íslands á lögsögu Mannréttindadómstóls Evrópu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 11. september 1958, nr. 58.

Auglýsing um samþykkt á starfsreglum Norðurlandaráðs, undirskrifuð af utanríkisráðherra 13. september 1958, nr. 59.

Forsetabréf um að reglulegt Alþingi 1958 skuli koma saman til fundar föstudaginn 10. október 1958, undirskrifað af forsetanum 1. október 1958, nr. 60.

127
9. sept.

REGLUGERÐ

um meðferð búfjár við rekstur og flutning með vögnum, skipum og flugvélum.

1. gr.

Við rekstur og flutning skal ávallt sýna búfé fyllstu nærgætni, svo að því líði eins vel og kostur er.

2. gr.

Ef reka þarf hross um langan veg, t. d. vegna sölu eða útflutnings, skal járna þau áður en þau fara úr heimahögum, en draga skal undan þeim áður en þau fara á skipsfjöl.

Búfé, sem flytja á með skipi, skal njóta hvíldar á útskipunarhöfn í einn sólarhring að minnsta kosti áður en það er flutt á skipsfjöl. Gildir einu, hvort gripirnir eru reknir eða fluttir á vögnum til útskipunarhafnar, ef um verulega vegalengd er að ræða.

3. gr.

Búfé, sem flutt er með skipum, skal geyma í rúmgóðum, traustum stíum, básum eða kössum undir þiljum. Á tímabilinu frá 15. júní til 30. september má þó flytja búfé ofan þilja, en þess skal þá gætt, að það sé varið gegn stormi og ágjöf með traustum tjaldseglum.

Áður en skipstjóri tekur búfé til flutnings skulu eigendur eða umráðamenn þess láta af hendi ríflegt og gott fóður, er nægi til allrar ferðarinnar að dómi viðkomandi héraðsdýralæknis eða hreppstjóra. Skipstjóri skal sjá fyrir nægum vatnsbirgðum.

Ef margir gripir eru fluttir samtímis, skal velja gripi af svipaðri stærð og aldri saman í stíu. Eigi skal hafa fleiri en 6 stórgripi saman í stíu og eigi fleira sauðfé en 12.

Stíubotna og básа skal strá sandi, heyi eða moði eða draga úr hálku á annan líkan hátt.

Grindur og milligerðir skulu gerðar úr traustum, sléttum viði, án skarpra brúna eða horna, sem meitt geta skepnurnar, og svo þéttar, að eigi sé hætta á, að skepnur festi fætur í þeim. Skipstjórar skulu gæta þess að hafa nægan og vanan mannafla til hirðingar og eftirlits meðan á flutningi stendur.

4. gr.

Þegar stórgripir eru fluttir með bifreiðum, skal leitazt við að nota til þess yfirbyggðar eða yfirtjaldaðar bifreiðar, sem veiti gripunum skjól og birgi þeim útsýn, en jafnframt skal þess gætt að loftræsting sé nægileg.

Nautgripi og tamin hross skal binda tryggilega með múlbandi meðan á flutningi 127
stendur. Til þess að draga úr hálku skal ávallt strá flutningspall sandi, heyi eða 9. sept.
tréspónum. Meðan á flutningi stendur skal sérstakur gæzlumaður hafa eftirlit með gripunum.

Ef um einstaka gripi er að ræða, má flytja þá í traustum kössum eða básum. Hliðar slíkra flutningsbása skulu sléttar og þétt klæddar, hæð eigi minni en 1.20 cm, nema fyrir ungviði, enda séu hliðar þá jafnan svo háar, að skepnan geti staðið eðlilega án þess að ná upp fyrir þær. Meðan á flutningi stendur skal skýla gripunum með seglum og ábreiðum.

Þegar margir gripir eru fluttir í einu, má flytja þá í stíum, og skal velja saman í stíu gripi af svipaðri stærð og aldri.

Að vetrarlagi skal ávallt flytja gripi í yfirbyggðum eða yfirtjölduðum bifreiðum.

Hrossum skal eigi ætla skemmri hvíld en einn sólarhring að loknum flutningi með bifreið eða skipi.

Hryssur og kýr, sem komnar eru að burði, má ekki flytja með skipum eða bifreiðum.

5. gr.

Sýna skal sauðfé fyllstu nærgætni við smölun og rekstur, og forðast ber að hundbeita það um nauðsyn fram.

Þegar sauðfé eða svín eru flutt með bifreiðum, skal ávallt hafa gæzlumann hjá gripunum, jafnvel þó að um skamman flutning sé að ræða.

Bifreiðar þær, sem ætlaðar eru til sauðfjárflutninga, skal útbúa sérstaklega til þeirra nota. Pallgrindur skulu þéttar og sléttar og eigi lægri en 90 cm. Flutningspall skal hólfa sundur með traustum grindum í stíur, er rúmi eigi yfir 12 kindur. Dyraumbúnaður skal vera traustur og öruggur. Þegar um langan flutning er að ræða (yfir 50 km), skal flutningspallur hólfaður sundur í miðju að endilöngu, svo að engin stía nái yfir þveran flutningspall. Flutningspall eða stíur skal strá hæfilega miklum sandi eða heyi til þess að draga úr hálku.

Leitazt skal við að flytja fé á meðan dagsbirtu nýtur. Verði því ekki við komið, skal hafa ljós á bifreiðarpalli, svo að vel sjáist um allan pallinn meðan á flutningi stendur.

Til þess að forðast hnjask, mar og meiðsli skal búa svo um, að unnt sé að reka búfé á flutningspall og af honum aftur.

6. gr.

Hunda, ketti, grísi og fugla skal flytja í kössum svo rúmum, að dýrin geti staðið og legið í þeim. Ein hlið kassans eða lok skal gert úr neti eða rimlum til þess að tryggja næga loftrás.

Ef flutningur tekur lengri tíma en 12 klukkustundir, skal sjá dýrunum fyrir nægu fóðri og vatni til drykkjar. Fugla má ekki flytja bundna, hefta eða í pokum.

7. gr.

Með flugvélum má einungis flytja dýr, sem eru fullkomlega heilbrigð. Dýr, sem komin eru að burði, má ekki flytja með flugvélum.

Vanda skal umbúnað sem bezt svo að engin hætta sé á því, að dýrin losni meðan á flugferð stendur.

Svo skal um búa, að hægt sé að fóðra dýrin án þess að taka þau úr stíum eða búrum, þar sem þau eru geymd. Búr og stíur skulu vera svo rúmgóðar, að dýrin geti staðið og lagzt í þeim eftir vild.

Ef fóðra þarf dýr meðan á flutningi stendur, skal eigandi sjá um, að þeim fylgi hentugt og gott fóður, ásamt leiðbeiningum um, hvernig fóðrun skuli háttað.

127 Sé flogið í mikilli hæð, skal geyma dýr í þeim hluta flugvélarinnar, þar sem
9. sept. er hæfilegur hiti og loftþrýstingur.

8. gr.

Um mál, er varða brot á reglugerð þessari og refsingar fyrir þau, fer samkvæmt 21. gr. laga um dýravernd nr. 21 13. apríl 1957.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 21 13. apríl 1957 og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 6. september 1958.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

128
15. sept.

REGLUGERÐ

um vátrygging fiskiskipa gegn bráðafúa.

1. gr.

Allir eigendur tréskipa, sem ætluð eru til fiskveiða við Ísland og hafa þilfar, eru skyldir til að vátryggja þau hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum gegn skemmdum af bráðafúa, svo sem af völdum Coniophora cerebella, Poria og annarra sveppategunda, er slíkan fúa geta orsakað að dómi Atvinnudeildar Háskólans.

Neiti eða vanræki einhver skipseigandi að vátryggja skip, sem tryggingarskylt er samkvæmt lögum, skal það eigi að síður metið og vátryggt af vátryggjanda og iðgjald innheimt, allt eftir ákvörðun laga um þau efni, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim.

Nú óskar eigandi tréskips með þilfari, sem ætlað er til annarra nota en fiskveiða, að vátryggja skip sitt fyrir skemmdum þeim, sem greinir í 1. mgr. þessarar greinar, og skal þá Samábyrgðinni skylt að veita þeim skipum tryggingu með þeim tryggingarkjörum, sem ráðherra ákveður í samráði við Samábyrgðina.

2. gr.

Skipin skulu metin til fjár eftir gildandi matsreglum bátaábyrgðarfélaganna og Samábyrgðarinnar. Samábyrgðin lætur matsmenn sína meta hvert skip, áður en tryggingarskírteini er gefið út, sem venjulega verður með eins árs millibili.

Aukamat fer fram ef verðmæti skips breytist verulega vegna endurbóta eða til koma aðrar ástæður, sem Samábyrgðin telur að geri endurmat nauðsynlegt

Tryggingarfjárhæð skipsins verður bolverð þess ásamt yfirbyggingum og öðru tréverki.

Vátryggður greiðir matskostnaðinn og innheimtist hann um leið og ársiðgjaldið.

3. gr.

Ráðherra ákveður iðgjöld í samráði við Samábyrgðina. Þau skulu ákveðin árlega, og miðast við áhættu samkvæmt reynslu þriggja næstliðinna ára.

Iðgjald skal vera jafnt að hundraðshluta af öllum skyldutryggðum skipum. Það finnst þannig, að deilt er matsfjárhæð hins tryggða flota í meðaltalstjónafjárhæð flotans þrjú næstliðin ár. Við þá iðgjaldsfjárhæð, sem samkvæmt þessari

reglu fellur á hvert skip, bætast 25% til þess að standast kostnað af innheimtu, vanskilum, tjónrannsóknum, eftirliti með viðgerðum, reikningshaldi o. s. frv. 128 15. sept.

Iðgjöld falla í gjalddaga við útgáfu tryggingarskírteinis. Þau skulu tryggð með lögveði í skipinu og hafa lögtaksrétt samkvæmt lögum nr. 29 16. desember 1885.

Eigandi skyldutryggðs skips hefur í eigin áhættu 10% af virðingarfjárhæðinni.

4. gr.

Tjón bætast eftir mati, og því aðeins, að þau hafi verið tilkynnt Samábyrgðinni strax og skemmda varð vart og vátryggjandi hafi átt kost á að láta skoða tjónið, áður en viðgerð hófst.

Vátryggjandi skal láta sérfræðing dæma tegund fúans, og trúnaðarmann sinn hafa eftirlit með viðgerðinni. Skulu þeir greina nákvæmlega milli þess viðgerðarkostnaðar, sem stafar af bráðafúa og þess hluta viðgerðarkostnaðarins, sem stafar af öðru, svo sem venjulegum ellifúa, viðhaldi og breytingum, og nær mat hins bótaskylda tjóns aðeins til þess fyrst talda.

Vátryggjandi tekur engan þátt í kaupgreiðslum né öðrum kostnaði til áhafna skipanna né eftirliti með skipunum fram yfir það, sem hans eigin eftirlitsmaður hefur með höndum.

Eigandi sér um viðgerð skips síns, nema vátryggjandi ákveði að taka viðgerðina í sínar hendur. Það getur vátryggjandi gert á hvaða stigi sem er.

Tjónbætur greiðast þannig:

⅓ af áætluðum tjónbótum, þegar tjónið hefur af sérfræðingi verið úrskurðað bótaskylt, efni dregið að og viðgerð hafin. ⅓ áætlaðra tjónbóta, þegar viðgerð er að dómi eftirlitsmanns komin á síðari hluta. Lokagreiðsla, þegar aðgerð er að dómi eftirlitsmanns lokið og tjóni jafnað niður.

Um frádrátt tjónbóta gildir 154. gr. Dansk Söforsikrings Konvention frá 2. apríl 1934.

Séu skemmdir svo miklar og skip að öðru leyti svo lélegt og óhentugt að vátryggða og vátryggjanda komi saman um, að skipið skuli rifið, skal tjónið bætt aðeins að tveimur þriðju hlutum tjónmatsins.

Skipaskoðun ríkisins skal einu sinni á ári láta fara fram sérstaka rannsókn á hverju tréskipi, til þess að leiða í ljós, hvort um sé að ræða fúaskemmdir þær, sem tryggt er fyrir. Ber að tilkynna Samábyrgðinni, ef vart verður slíkra skemmda.

Eiganda er skylt að hirða skip sitt eftir reglum, sem vátryggjandi setur til öryggis gegn bráðafúa. Hann skal að staðaldri athuga, eins og auðið er, hvort bráðafúaskemmdir eru byrjaðar í skipi hans, og tilkynna vátryggjanda tafarlaust, ef hann verður slíks var, eða hefur grun um það.

Vanræksla í þessum efnum varðar allt að 20% frá tjónbótum.

5. gr.

Tryggingar þessar skulu vera sérstök deild í Samábyrgðinni með sérgreindu reikningshaldi. Stjórn Samábyrgðarinnar ákveður, hve mikinn hluta áhættunnar hún ber. Það, sem þá er eftir áhættunnar, endurtryggir Samábyrgðin hjá ríkissjóði. Umboðslaun Samábyrgðarinnar skulu vera álag það, sem um getur í 3. gr. þessarar reglugerðar. Þeim má breyta með samkomulagi ráðherra og Samábyrgðarinnar, þegar reynsla hefur skorið úr um það, hver kostnaður við allan rekstur tryggingarinnar verður.

Ráðherra getur ákveðið, í samráði við Samábyrgðina, að Samábyrgðin skuli endurtryggja erlendis að einhverju eða öllu leyti ef slík endurtrygging fæst, og það þykir hagkvæmara, m. a. vegna áhættu, kostnaðar og gjaldeyrisaðstæðna.

Meðan leita þarf endurtryggingar hjá ríkissjóði, skal ákvörðun iðgjalda háð samþykki atvinnumálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins.

128 6. gr.
15. sept. Ágreiningur milli vátryggða og vátryggjanda skal lagður í gerð. Gerðardómsmenn skulu vera þrír og tilnefndir af Hæstarétti.

Reglugerð þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 24 29. apríl 1958, um viðauka við lög nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip, og öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 15. september 1958.

Lúðvík Jósepsson.

Gunnlaugur E. Briem.

129
25. sept.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins, nr. 107 24. maí 1955.

Héraðsrafmagnsveitum ríkisins er heimilt að hækka gjöld samkvæmt gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins, nr. 107 24. maí 1955, um 30% frá 1. október 1958 að telja, þar til annað kann að verða ákveðið.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.
Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 96 14. júlí 1958, um sama efni.

Atvinnumálaráðuneytið, 25. september 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

130
26. sept.

GJALDSKRÁ

fyrir Keflavíkurflugvöll.

1. **Lendingargjöld:**
Fyrir hverja lendingu skal greiða lendingargjald kr. 16.27 á hvert tonn flugvélarinnar, allt að 20 tonnum, en kr. 8.14 á hvert tonn, sem þar er fram yfir. Brot úr tonni reiknast sem heilt tonn. Miða skal við leyfðan hámarksþunga flugvélarinnar brúttó (Aircraft Gross Weight). Minnsta gjald er kr. 27.13.

2. **Flugskýlisleiga:**
Fyrir heil flugskýli reiknast ársleiga kr. 97.65 á hvern m² gólffletar. Fyrir hluta úr skýli reiknast leiga kr. 13.56 á m² á mánuði, en kr. 135.60 á m² á ári, ef leigt er til eins árs í senn eða lengur.
Ef einstakar flugvélar eru teknar til geymslu í skýlum flugvallarins reiknast flugskýlisleiga sem sér segir:

Vænghaf flugvélar	Leiga á sólarhring	Leiga á mánuði
Undir 12 m	kr. 27.13	kr. 271.25
12—15 —	— 67.81	— 542.50
15—18 —	— 108.50	— 813.75

Vænghaf flugvélar	Leiga á sólarhring	Leiga á mánuði
18—21 m	kr. 149.19	kr. 1085.00
21—24 —	— 189.88	— 1356.25
24—27 —	— 217.00	— 1627.50
27—30 —	— 244.13	— 1898.75
Yfir 30 —	— 271.25	— 2712.50

130
26. sept.

3. **Stæðis- og festargjöld:**
Stæðisgjald er ekkert fyrstu 6 klst. en fyrir næstu 24 klst. eða brot þar af, skulu greidd stæðisgjöld sem hér segir:

Vænghaf flugvélar	Leiga á sólarhring
Undir 12 m	kr. 27.13
12—18 —	— 54.25
18—24 —	— 81.38
24—30 —	— 108.50
Yfir 30 —	— 122.06

Sé um lengri tíma en viku að ræða, lækka stæðisgjöldin um 50% fyrir þann tíma, sem umfram er. Tjóðurhringir skulu vera fyrir hendi á öllum flugvélastæðum.

4. **Gjald af flugvélabenzíni:**
Af flugvélabenzíni, sem afgreitt er á flugvellinum eða frá honum skal greiða flugvellinum gjald, sem hér segir:

Á hvern benzínlítra ..... kr. 0.24
Á hvert U.S. gallon ..... — 0.92

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 24 12. febrúar 1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir flugvöllinn frá 24. marz 1947, ásamt breytingu á þeirra gjaldskrá með auglýsingu frá 27. apríl 1950.

Utanríkismálaráðuneytið, varnamáladeild, 26. september 1958.

Gylfi Þ. Gíslason.

Tómas Árnason.

AUGLÝSING

131
1. okt.

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Akraneskaupstað nr. 81 7. apríl 1945.

1. gr.

Úr fyrstu málsgrein 62. gr. falla niður orðin „á tímabilinu frá 1. maí til 20. október ár hvert".

2. gr.

Úr 64. gr. falla niður orðin „tímabilið frá 1. apríl til 1. október ár hvert".

3. gr.

Úr 67. gr. falla niður orðin „á þeim tíma, sem það er óheimilt samkvæmt áður sögðu".

131 4. gr.
1. okt. Í 70. gr. kemur í stað „100 krónum“: 1000 krónum.

Breyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dómsmálaráðuneytið, 1. október 1958.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

132
4. okt.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist tveir nýir liðir, svo hljóðandi:

XVI. flokkur: Skip 12—30 rúmlestir, sem veiðar stunda með handfærum.
XVII. flokkur: Skip yfir 30 rúmlestir, sem veiðar stunda með handfærum.

2. gr.

Töluliðir 6, 7, 8, 9, 10, 14, 15, 25, 26, 30 og 34 í b-lið 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar
1. janúar—15. maí
1. september—31. desember

7. svæði: Hafnarfjörður
1. janúar—15. maí
1. september—31. desember

8. svæði: Reykjavík
1. janúar—15. maí
1. september—31. desember

9. svæði: Akranes
1. janúar—15. maí
1. september—31. desember

10. svæði: a. Hellissandur
1. janúar—15. maí
b. Rif
1. janúar 15. maí
1. október—31. desember
c. Ólafsvík
1. janúar—15. maí
1. október—31. desember

14. svæði: Patreksfjörður og Tálknafjörður
1. febrúar—31. maí
1. október—15. desember

15. svæði: Arnarfjörður
1. janúar—15. maí
1. október—15. desember
25. svæði: Ólafsfjörður
1. marz—30. nóvember
26. svæði: Dalvík, Hrísey, Árskógsströnd, Grenivík
1. apríl—15. desember
30. svæði: Vopnafjörður
1. júní—31. október
34. svæði: Fáskrúðsfjörður
1. febrúar—31. maí
1. júní—30. nóvember

3. gr.

Töluliðir 6, 8 og 10 í c-lið 3. gr. orðist svo:

6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar
15. febrúar—11. maí.
1. september—31. desember
8. svæði: Reykjavík
15. febrúar—11. maí.
1. september—31. desember
10. svæði: Hornafjörður
1. marz—11. maí

4. gr.

Töluliðir 22, 27, 30, 34 og 43 í d-lið 3. gr. orðist svo:

22. svæði: Steingrímsfjörður
15. júlí—31. október
27. svæði: Ólafsfjörður
1. apríl—30. nóvember
30. svæði: a. Húsavík
1. apríl—15. nóvember
b. Flatey
1. apríl—15. nóvember
34. svæði: Vopnafjörður
15. maí—31. október
43. svæði: Þorlákshöfn
1. marz—11. maí

5. gr.

Stafliður g. í 3. gr. færist aftur og verði stafliður h, en nýr stafliður g. orðist svo:

g. Fyrir skip í XVI. og XVIII. flokki.
1. svæði: Berufjörður—Ingólfshöfði
1. marz—31. maí
2. svæði: Dyrhólaey—Látrabjarg
1. marz—31. maí

6. gr.

Með reglugerð þessari falla úr gildi reglugerð nr. 196 5. des. 1957 og reglugerð nr. 29 7. marz 1958, báðar um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

132 4. okt. Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, og öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 4. október 1958.

Lúðvík Jósepsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

133 4. okt.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Hveragerðis.

I. RAFORKA

Rafveita Hveragerðis selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.80 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 85 aura hverja kwst. auk fastagjalds, er nemi kr. 14.00 á ári af fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 3.50 á ári af fermetra.
   Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 65 aura hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 12.00 á mánuði af einu herbergi hverrar íbúðar og kr. 6.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minni en 5 m² skal telja sem hálft, en stærri en 25 m² sem tvö. Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.50 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 300.00 fyrir hvert kw. í málraun véla.
   Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til lýsingar og greiðist þá, auk orkugjaldsins, fastagjald er nemi kr. 10.00 á ári á hvern fermetra gólfflatar, í rúmi því er lýsa skal. Fyrir ganga og geymslur greiðast þó kr. 3.00 á ári á fermetra
2. Um afl og orkumæla þannig reiknað:

1. Grunngjald	750.00 kr. á ári.
2. Aflgjald af notuðu afli	750.00 kr. á kw. á ári.
3. Orkugjald	20 aura hverja kwst.

Notað afl telst vera meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálestra hvers almanaksárs. Aflnotkunin mælist sem meðalálag yfir stundarfjórðung og álestrar fari fram sem næst mánaðarmótum. Mælisleiga er innifalin í grunngjaldinu.

3. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig:

1.	Grunngjald	750.00 kr. á ári.
2.	Fastagjald á hvert kw. í málraun véla	576.00 — - —
3.	Orkugjald	20 aura hverja kwst.

Mælisleiga er innifalin í grunngjaldinu.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 18 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 9 aura hverja kwst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9.

Minnsta árgjald skal vera sem svarar 2000 klst. notkun á hvert kw. uppsetts afls hitunartækis.

Verð til hitunar breytist með útsöluverði á kolum og diesilolíu í Hveragerði, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda 480 kr. verði á kolatonni og 800 kr. verði á olíutonni, en hækki eða lækki um 1 eyri hver kwst. á lið D-1 og 0.5 eyri hver kwst. á lið d-2 fyrir hverjar fullar 30 kr., sem kolatonnið hækkar eða lækkar eða hverjar 50 kr., sem olíutonnið hækkar eða lækkar, þó þannig, að raforkuverðið miðast við það eldsneytisverðið, sem lægra er hlutfallslega miðað við grunnverðið 480 kr. á kolatonni og 800 kr. á olíutonni.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandi tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, sé þess krafizt.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 65 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á kr. 1.50 hverja kwst.
3. Til bökunarofna og fasttengdra tækja í brauðgerðarhúsum, og til annarra hliðstæðra nota, um kwst.mæli á 18 aura hverja kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 8 til 22, eða um tvígjaldsmæli á 18 aura hverja kwst., frá kl. 22 til 8 og á kr. 1.50 hverja kwst. frá kl. 8 til 22.
4. Til súgþurrkunar á heyi um kwst.mæli á 50 aura hverja kwst.
5. Til götulýsingar um kwst.mæli á kr. 1.30 hverja kwst., og annast þá rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla raforkunotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A 1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

133
4. okt.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. ..... kr. 3.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni ..... — 5.00 - —
3. — þrífasa mælum 50 til 100 amp. ..... — 10.00 - —
4. — þrífasa mælum yfir 100 amp. ..... — 15.00 - —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Af hverri húsveitu sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

1. Grunngjald fyrir hverja loftlínuheimtaug ..... kr. 750.00
2. Grunngjald fyrir hverja jarðlínuheimtaug ..... — 1000.00

Auk grunngjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og annarra mannvirkja.

Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þús. eða minna af brunabótamati, en ella hækka í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Húseigandi greiði grunngjald um leið og uppsetningu heimtaugar er lokið. Hinn hluti heimtaugargjaldsins fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 m og loftlínuheimtaugar meiri en 60 m, og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 qmm, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 30 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 30 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Hveragerðishrepps hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Hveragerðis, nr. 43 24. marz 1956. 133 4. okt.

Atvinnumálaráðuneytið, 4. október 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ 134 6. okt.

fyrir Rafveitu Stokkseyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Stokkseyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.80 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 85 aura hverja kwst., auk fastagjalds er nemi kr. 14.00 á ári af fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í íbúðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 3.50 á ári af fermetra.
   Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 65 aura hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 12.00 á mánuði af einu herbergi hverrar íbúðar og kr. 6.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálft, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.50 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 300.00 fyrir hvert kw. í málraun véla.
   Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til lýsingar og greiðist þá, auk orkugjaldsins, fastagjald er nemi kr. 10.00 á ári af fermetra gólfflatar, í rúmi því er lýsa skal. Fyrir ganga og geymslur greiðist þó kr. 3.00 á ári af fermetra.
2. Um afl og orkumæla þannig reiknað:

1.	Grunngjald	750.00 kr. á ári.
2.	Aflgjald af notuðu afli	750.00 kr. á kw. á ári.
3.	Orkugjald	20 aura hverja kwst.

Notað afl telst vera meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálestra hvers almanaksárs. Aflnotkunin mælist sem meðalálag yfir stundarfjórðung og álestrar fari fram sem næst mánaðarmótum.

Mælisleiga er innifalin í grunngjaldinu.

134 6. okt.

3. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig:

1.	Grunngjald	750.00 kr. á ári.
2.	Fastagjald á hvert kw. í málraun véla	576.00 — - —
3.	Orkugjald	20 aura hverja kwst.

Mælisleiga er innifalin í grunngjaldinu.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 18 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 9 aura hverja kwst., í 9 klst., á tímanum frá kl. 22 til 9.

Minnsta árgjald skal vera sem svarar 2000 klst. notkun á hvert kw. uppsetts afls hitunartækis.

Verð til hitunar breytist með útsöluverði á kolum og diesilolíu á Stokkseyri, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda 480 kr. verði á kolatonni og 800 kr. verði á olíutonni, en hækki eða lækki um 1 eyri hver kwst. á lið D-1 og 0.5 eyri hver kwst. á lið D-2 fyrir hverjar fullar 30 kr., sem kolatonnið hækkar eða lækkar eða hverjar 50 kr., sem olíutonnið hækkar eða lækkar, þó þannig, að raforkuverðið miðast við það eldsneytisverðið, sem lægra er hlutfallslega miðað við grunnverðið 480 kr. á kolatonni og 800 kr. á olíutonni.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, sé þess krafizt.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 65 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 1.50 hverja kwst.
3. Til bökunarofna og fasttengdra tækja í brauðgerðarhúsum, og til annarra hliðstæðra nota, um kwst.mæli á 20 aura hverja kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 8 til 22, eða um tvígjaldsmæli á 20 aura hverja kwst. frá kl. 22 til 8 og á kr. 1.50 hverja kwst. frá kl. 8 til 22.
4. Til súgþurrkunar á heyi á 50 aura hverja kwst.
5. Til götulýsingar um kwst.mæli á kr. 1.00 hverja kwst., og annast þá rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

134
6. okt.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. ..... kr. 3.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni ..... — 5.00 - —
3. — þrífasa mælum 50 til 100 amp. ..... — 10.00 - —
4. — þrífasa mælum yfir 100 amp. ..... — 15.00 - —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við fasteignamat á húsum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

Af fasteignamati allt að 2500 kr. greiðist kr. 800.00. Af fasteignamati umfram 2500 greiðist 8% að auki. Hækki hús í mati fyrir endurbyggingu eða viðbót, reiknast viðbótarheimtaugargjald. Húsveita samkvæmt þessum lið reiknast hver séreign þó í sambyggingu sé, enda sé það sjálfstæð íbúð, þegar um íbúðarhús er að ræða.

Verð raforku veitt út fyrir Stokkseyrarkauptún (sbr. 2. málsgr. 2. gr. reglugerðar fyrir Rafveitu Stokkseyrar) greiðir hvert býli, sem tengt er við rafveituna, kr. 5000.00 í heimtaugargjald.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar fasteignamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuteimtaugar meiri en 25 m og loftlínuheimtaugar meiri en 60 m og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 qmm, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 30 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 30 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

134 6. okt. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Stokkseyrar, nr. 40 22. marz 1956.

Atvinnumálaráðuneytið, 6. október 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

135 9. okt.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Patrekshrepps, nr. 153 26. ágúst 1953.

1. gr.

8. gr. orðist svo:

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem svo er ástatt um, sem ræðir í 7. gr., skal greiða vatnsskatt 5‰ — fimm af þúsundi — fasteignamatsverðs árlega, þó skal lágmark skattsins vera kr. 150.00, fyrir hvert íbúðarhús, auk þess skal greiða kr. 75.00 fyrir hverja íbúð, sem búið er í, umfram eina í hverju húsi.

2. gr.

9. gr. orðist svo:

Af húsum, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin og útheimtir mikið vatn, svo sem verksmiðjur, frystihús, iðnaðarfyrirtæki o. fl., skal greiða vatnsskatt 20‰ — tuttugu af þúsundi — af fasteignamatsverði. Heimilt er hreppsnefnd að krefjast greiðslu samkvæmt vatnsmælum, og skal þá greiða allt að 90 aura fyrir hverja smálest upp að 1000 smál., og allt að 50 aura fyrir hverja smál., sem umfram er.

3. gr.

11. gr. orðist svo:

Bifreiðaeigendur skulu greiða árgjald af hverri skrásettri bifreið kr. 75.00, enda láti vatnsveitan bifreiðaeigendum af hendi aðgang að vatni til bílaþvotta. Önnur vatnsafnot en hér hafa verið nefnd, skal greiða samkvæmt samkomulagi við hreppsnefnd.

Reglugerðarbreyting þessi, sem hreppsnefnd Patrekshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. október 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

136
9. okt.

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Hellissands, nr. 2 2. jan. 1953, og reglugerð um breyting á þeirri reglugerð, nr. 50 30. marz 1955.

1. gr.

10. gr. orðist svo:

Af öllum íbúðarhúsum í Hellissandskauptúni, sem vatn nota, skal greiða vatnsskatt, kr. 365.00 á ári og 1% af fasteignamati húsa. Auk þess skal greiða kr. 200.00 á ári fyrir hverja íbúð, sem búið er í umfram eina í hverju húsi.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða, sem hér segir:

a. Af hverri smálest af innvegnum fiski í fiskiðjuver kr. 2.00.
b. Af tonni af mjöli í verksmiðju kr. 8.00.
c. Fyrir saltfiskþvott kr. 0.50 á smálest hverja af fiski.
d. Af hverjum vörubíl kr. 75.00.
e. Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, s. s. fiskvinnslustöðvar o. fl., getur hreppsnefnd ákveðið að selja vatn um mæli og skal þá smálestin kosta 80 aura. Þegar ákveðið hefur verið að selja vatn um mæli, skal hreppsnefnd útvega mæli og koma honum fyrir, en hlutaðeigandi notandi annast sjálfur viðhald hans. Vanræki vatnsnotandi viðhald mælisins, skal vatnsgjald reiknað, þann tíma sem mælirinn er í ófullkomnu lagi eftir þeirri vatnseyðslu, sem mest hefur orðið hjá hlutaðeigandi notanda næsta ár á undan, miðað við einn ársfjórðung.
f. Fyrir önnur vatnsafnot, svo sem í sláturhús, beitingahús o. fl., skal greiða gjald eftir samkomulagi við hreppsnefnd.

2. gr.

11. gr. orðist svo:

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts húsa og vatnsskatts samkv. a-, b-. c-. d- og f-lið 10. gr. er 1. júlí ár hvert. Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa. Eigendur vörubíla bera ábyrgð á vatnsskatti þeirra og eigandi framleiðslustöðvar ber ábyrgð á að vatnsskattur af stöð hans sé greiddur. Vatnskatt má taka lögtaki í hinu skattskylda húsi eða atvinnufyrirtæki, án tillits til eigendaskipta.

Reglugerðarbreyting þessi, sem hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. október 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

137
9. okt.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um holræsi í Patrekshreppi, nr. 130 16. sept. 1944.

3. gr. orðist svo:

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða holræsagjald til hreppsins, kr. 100.00 árlega, af hverri húseign og auk þess gjald, sem miðast við fasteignamat húsanna 3‰.

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 25%.

Reglugerðarbreyting þessi, sem hreppsnefnd Patrekshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. október 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

138
10. okt.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Gerðahrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Gerðahrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.75 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.20 hver kwst. auk fastagjalds, er nemi kr. 12.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 4.00 á ári af fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 75 aura hver kwst. Auk þess skal greiða fast gjald, kr. 5.00 á mánuði af hverju herbergi íbúðarinnar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem notuð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m² skal teljast sem hálft, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja er undir 10 m² má miða við sameiginlegt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og 5 m² hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.50 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds, frá kr. 240.00 til 280.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum 75 aura hver kwst.

3. Ef uppsett rafvélaafl fastra véla við fiskiðnað, kjöt- eða mjólkuriðnað, er yfir 20 kw, um kwst.mæli á 50 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. **138** 10. okt.
4. Um kwst.mæli á 20 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 750.00 fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu.
5. Um kwst.mæli á 20 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 500.00 á ári fyrir hvert uppsett kw. vélanna.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 30 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 11 aura hver kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 7.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald hans. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

E. Önnur orkusala.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 75 aura hver kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á kr. 1.50 hver kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 24 aura hver kwst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til 22, eða um tvígjaldsmæli á 24 aura hver kwst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 á 1.50 hver kwst. frá kl. 8.30 til 22.
4. Til gatnalýsingar um kwst.mæli á kr. 1.00 hver kwst.

Alla rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1. þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárliðum C—E (báðum meðtöldum) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um verulega aukningu frá vetrarnotkun að ræða, enn fremur að selja eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. ..... kr. 4.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum upp að 50 amp. ..... — 5.00 - —
3. — þrífasa mælum 50 amp. til 200 amp. ..... — 12.50 - —
4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. ..... — 18.00 - —

138 Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera
10. okt. sem næst 20% af verði mælitækisins. Mælisleigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald til Rafveitu Gerðahrepps skal miða við rúmmál húsa á þann hátt, sem hér segir:

Grunngjald af loftlínuheimtaug ..... kr. 1300.00
Grunngjald af jarðlínuheimtaug ..... — 2000.00

Auk grunngjalds greiðist kr. 3.00 af hverjum rúmmetra húsa allt að 700 rúmmetrum og kr. 1.00 af hverjum rúmmetra þar yfir.

Verði breyting á fasteignamati um meira en 10% frá því, sem nú er, þegar gjaldskrá þessi er samþykkt, breytast gjöldin í samræmi við það. (Fasteignamat gert = 1000.00 kr. rúmm.).

Heimtaug fellur í gjalddaga þegar að tengingu lokinni. Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 40 metrar og/eða gildleiki víra meiri en 3 × 70 fermm., skal húseigandi greiða kostnað af því sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 20.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 20.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstaklegrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Gerðahrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Gerðahrepps nr. 83 17. maí 1955.

Atvinnumálaráðuneytið, 10. október 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

139
15. okt.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Patrekshöfn í Patreksfirði, nr. 191 22. nóv. 1949.

1. gr.

Öll vörugjöld, samkvæmt 26. gr. reglugerðarinnar, hækki um 50%.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 15. október 1958.

Eysteinn Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

140
16. okt.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 80 2. júní 1958.

1. gr.

a-liður 26. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Gjald af bryggjum bæjarsjóðs. — Hvert skip, sem leggst við bryggju eða bólvirki eða við skip, sem liggur við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta af hálfum sólarhring, 20 aura af hverri brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 20.00 í hvert sinn. Varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. október 1958.

Eysteinn Jónsson.

Brynj. Ingólfsson.

141
15. okt.

AUGLÝSING

um breyting á Lyfsöluskrá I frá 1. jan. 1956.

Frá og með 15. október 1958 hækkar verð lyfja, eins og það er ákveðið í Lyfsöluskrá I frá 1. janúar 1956, sbr. auglýsingu nr. 142 frá 22. desember 1955 og breytingum á þeirri lyfsöluskrá, sem gengu í gildi 1. febrúar 1958, um 25%.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 15. október 1958.

F. h. r.
E. u.
Baldur Möller.

142
15. okt.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Grindavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.25 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.20 hver kwst. auk fastagjalds, er nemi kr. 13.65 á hvern fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 5.25 á ári af hverjum fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 80 aura hver kwst. auk fastagjalds kr. 10.50 á mánuði af einu herbergi hverrar íbúðar og kr. 6.50 af hverju herbergi umfram eitt. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi sem er minna en 5 fermetrar, skal telja sem hálft, en stærra en 25 fermetra sem tvö.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.70 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds kr. 325.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
   Eftir þessum gjaldskrárlið skal selja raforku um kwst.mæli til götu- og hafnarlýsingar. Einnig má eftir þessum gjaldskrárlið selja raforku til vinnulagna við byggingar meðan á byggingu stendur.
2. Til fiskiðnaðar, ef uppsett rafvélaafl fastra véla er yfir 20 kw. um kwst.mæli á 70 aura hver kwst.
   a. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn allt að tveim stundum um hádegi og einni stund síðdegis.

b. Að notandi setji upp segulrofa og klukku fyrir vélarnar og kosti viðhald þeirra. 142 15. okt.

3. Um afl- og orkumæli þannig:
   a. Grunngjald kr. 600.00 á ári.
   b. Aflgjald af notuðu afli kr. 800.00 á kw.ári.
   c. Orkugjald 30 aura á kwst.

   Notað afl telst vera mesta meðalálag á árinu, mælt yfir stundarfjórðung. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, skal aflgjaldið vera kr. 600.00 á ári á hvert kw. mesta ástimplaðs afls á árinu. Mælisleiga er innifalin í grunngjaldinu.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 21 eyri hver kwst., enda sé þá minnsta ársnotkun 6000 kwst. Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á sólarhring, en þó mest 1½ stund í senn.
2. Um kwst.mæli á 15 aura hver kwst., ef straumur er rofinn kl. 8 til 23.
3. Önnur skilyrði fyrir raforku til hitunar:
   a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
   b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandi tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
   c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar ofnar fasttengdir með sérstökum rofum, og hitastillar notaðir.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum 30 amp. og minni	kr. 3.00	á mánuði.
2.	— þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 4.50	— —
3.	— þrífasa mælum 50 til 200 amp.	— 10.50	— —
4.	— þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 15.00	— —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal árleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Grunngjald heimtaugar fyrir hverja húsveitu skal vera kr. 1500.00 fyrir jarðlínu, en kr. 1000.00 fyrir loftlínu. Auk þess skal greiða 10‰ (tíu af þúsundi) af brunabótamati hússins upp að kr. 500000.00, en 5‰ af þeim hluta brunabótamats, sem er yfir kr. 500000.00.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri samræmt það nýju mati, og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat. Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjalds um leið og uppsetningu er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest á eftirstöðvunum allt að 12 mánuðum.

Heimtaugargjaldið fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

142 15. okt. Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar, og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 m², skal húseigandi greiða að fullu kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 25.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 50 króna gjald til rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að ganga í gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Grindavíkur, nr. 85 9. júlí 1955.

Atvinnumálaráðuneytið, 15. október 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

143 21. okt.

REGLUGERÐ

um yfirvinnu starfsmanna ríkisins.

1. gr.

Skylt er starfsmönnum að vinna yfirvinnu, sem yfirboðarar telja nauðsynlega. Þó er engum starfsmanni, nema þeim, er gegnir lögreglustörfum eða annarri öryggisþjónustu, skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur þriðjungi af lögmæltum vikulegum vinnutíma.

Á laun fyrir yfirvinnu skal greitt 50—100% álag. Yfirvinnukaup skal ákveða með hliðsjón af föstum launum starfsmannsins, miðað við 1800 klst. árlegan vinnutíma.

Yfirvinnutaxtar skulu vera sem hér segir:

Starfsmenn er taka

laun samkvæmt											
VII.	launafl.	.....	kr.	21.00	á klst.	auk	álags	og	verðlagsuppb.		
—	—	VIII.	—	.....	—	19.67	-	—	—	—	—	—
—	—	IX.	—	.....	—	18.33	-	—	—	—	—	—
—	—	X.	—	.....	—	17.17	-	—	—	—	—	—
—	—	XI.	—	.....	—	15.83	-	—	—	—	—	—

laun samkvæmt		XII. launafl.	kr.	14.50	á klst.	auk álags og verðlagsuppb.					143
—	—	XIII. —	—	13.17	- —	—	—	—	—	—	21. okt.
—	—	XIV. —	—	11.83	- —	—	—	—	—	—	
—	—	XV. —	—	10.50	- —	—	—	—	—	—	

Álag verður sem hér segir:
Á eftirvinnu (allt að 4 klst. á dag) 50%.
Á nætur- og helgidagavinnu: 100%.
Næturvinna telst frá kl. 21—8, en helgidagavinna frá kl. 17 á laugardögum.
Yfirvinna skal greidd í einu lagi eftir á fyrir hvern mánuð.

2. gr.

Heimilt er að víkja frá ofangreindum reglum um yfirvinnu og yfirvinnukaup, þegar sérstaklega stendur á og nauðsyn krefur, og skal leita þar um tillagna BSRB.

3. gr.

Öll vafa- og ágreiningsatriði um framkvæmd reglugerðar þessarar skal leggja undir úrskurð nefndar þeirrar, sem skipuð er samkvæmt 25. gr. launalaganna.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 92/1955, um laun starfsmanna ríkisins og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 79/1955, um breyting á reglugerð nr. 45 11. marz 1956, um vinnutíma starfsmanna ríkisins og ríkisfyrirtækja, svo og 5. gr. reglugerðar nr. 45 11. marz 1946, um vinnutíma starfsmanna ríkis og ríkisfyrirtækja.

Fjármálaráðuneytið, 21. október 1958.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

GJALDSKRÁ

144
22. okt.

fyrir Rafveitu Njarðvíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.65 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.00 hver kwst., auk fastagjalds er nemi kr. 12.00 á ári af hverjum fermetra gólffletar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 4.00 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 60 aura hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 5.00 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 ferm. skal telja sem hálft, en stærra en 25 ferm. sem tvö. Leiga fyrir einn mæli er inni-

144 falin í fastagjaldinu. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 ferm. má
22. okt. miða við sameiginlegt flatarmál þeirra, þannig, að hverjir 10 ferm. jafngilda einu herbergi og 6 ferm. hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.48 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, frá kr. 250.00 til kr. 300.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum 60 aura hver kwst.
3. Ef uppsett rafvélarafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw.:
   a. Um kwst.mæli á 44 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tímum.
   b. Um tvígjaldsmæli á kr. 2.60 hver kwst. í 1½ klst. tvisvar á dag á tímum mesta álags rafveitunnar en á 44 aura hver kwst. utan þeirra tíma.
   c. Um tvígjaldsmæli á kr. 2.60 hver kwst. í 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1 klst. í senn, en á 47 aura hver kwst. utan þess tíma.
4. Um mæli á kr. 550.00 fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess 30 aura á notaða kwst.
5. Ef ekki eru tök á að mæla mesta notað afl, má selja þennig: Um mæli á kr. 350.00 fyrir hvert uppsett kw. vélanna og auk þess 30 aura á notaða kwst.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 30 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 10 aura hver kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 7.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina, og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra. Kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiði leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigu þeirra.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum, og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkusala.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 75 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á kr. 1.48 hver kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 23 aura hverja kwst., ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til kl. 22 eða um tvígjaldsmæli á 23 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 1.48 hverja kwst. frá 8.30 til kl. 22.
4. Til gatnalýsingar á 65 aura hverja kwst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjald- 144
skrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitu- 22. okt.
stjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárliðum C—E (báðum meðtöldum) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um verulega aukningu frá vetrarnotkun að ræða, enn fremur að selja eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann.

Greiða skal leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 4.00	á mánuði.
2.	— þrífasa mælum upp að 50 amp.	— 5.00	— —
3.	— þrífasa mælum 50 tll 200amp.	— 12.50	— —
4.	— þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 18.00	— —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld innan lögsagnarumdæmis Njarðvíkurhrepps skal miða við rúmmál húsa á þann hátt, sem hér segir:

Grunngjald af loftlínuheimtaug	kr. 1200.00
Grunngjald af jarðlínuheimtaug	— 1800.00

Auk grunngjaldsins greiðist kr. 2.50 af hverjum rúmmetra húsa allt að 700 rúmmetrum og kr. 1.00 af hverjum rúmmetra þar yfir.

Verði breyting á fasteignamati um meira en 10% frá því sem nú er, þegar gjaldskrá þessi er samþykkt, breytast gjöldin í samræmi við það. (Fasteignamat gert = kr. 1000.00 rúmm.). Heimtaug fellur í gjalddaga þegar að tengingu lokinni. Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en 40 metrar og/eða gildleiki víra meiri en 3 × 70 fermm., skal húseigandi greiða kostnað af því sem fram yfir eru. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 20.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 20.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

144 22. okt. Gjaldskrá þessi, sem rafveitunefnd Njarðvíkur hefur samið og hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps samþykkt, staðfestist hér með samkv. vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Njarðvíkur, nr. 149 16. febr. 1952.

Atvinnumálaráðuneytið, 22. október 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

145 24. okt. **Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá Minningarsjóðs Biskupstungna, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. okt. 1958.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Biskupstungna.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Biskupstungna.

2. gr.

Fyrsta stofnfé sjóðsins er: Minningarsjóður Þorfinns Þórarinssonar, sem lagður er til þessa sjóðs með fullu samþykki Ungmennafélags Biskupstungna, er stofnaði sjóðinn, svo og ættingja Þorfinns heit. Þórarinssonar.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

a. Minningargjafir um látna Biskupstungnamenn og fleiri, sem ættingjar og vinir kynnu að vilja minnast á þennan hátt.
b. Ágóði af sölu minningarspjalda, er sjóðurinn gefur út, svo og aðrar gjafir og áheit, er sjóðnum kunna að berast.

4. gr.

Þegar gjafir eru gefnar um látna menn, samkvæmt skipulagsskrá þessari, skal fylgja stutt æviágrip, er rita skal í þar til gerða bók. Engin minningargrein má vera lengi en sem nemur fjórum blaðsíðum í bókinni, nema sjóðstjórnin leyfi lengra mál. Óinnrömmuð mynd skal fylgja æviágripinu ef til er. Minningargreinar nánustu ættingja og vandamanna skulu ganga fyrir öðrum greinum ef fleiri en ein berast, nema um annað verði samkomulag.

Bókina skal geyma í eldtraustu hólfi. Heimilt er að láta prenta bókina, ef sjóðstjórninni þykir ástæða til.

5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 25000.00 má verja úr honum ¾ hlutum vaxta, en alla vexti má nota, þegar hann er orðinn kr. 50000.00.

6. gr.

Fé því, er til ráðstöfunar kemur hverju sinni skal verja þannig:

a. Til fegrunar og umhirðu í kirkjugörðum í Skálholtsprestakalli.

b. Til að fegra og prýða umhverfi barnaskólans í Reykholti og félagsheimilisins sama staðar. 145 24. okt.

Skal fé þessu fyrst og fremst varið til kaupa trjáplantna, gróðursetning þeirra og allrar umhirðu á áðurnefndum stöðum, eftir því, sem fé sjóðsins hrekkur til, en eigi til girðinga um nefnda reiti eða viðhalds þeim, nema nauðsynlegt þyki einhverra ástæðna vegna.

c. Til hjálpar heimilum eða einstaklingum í sveitinni, sem verða fyrir sérstöku áfalli og ekki fæst bætt samkvæmt gildandi félagsmálalöggjöf.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum: Formanni skólanefndar, sóknarprestinum, formanni UMFB, konu, sem kosin er af kvenfélagi sveitarinnar til fjögurra ára í senn, og einum manni, sem hreppsnefndin kýs úr sínum hópi að afstöðnum hverjum hreppsnefndarkosningum.

8. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal endurskoða skipulagsskrá þessa að 25 árum liðnum, eða í fyrsta sinn 1983, og síðan á 25 ára fresti, svo að fé sjóðsins sé jafnan varið í samræmi við breytta tíma og eftir því, sem viðfangsefni gefast til aukinnar menningar innan sveitarinnar.

Til breytinga á skipulagsskrá samkvæmt þessari grein þarf ⅘ atkvæða til þess að hún öðlist gildi, enda þarf og staðfestingu Stjórnarráðsins til.

10. gr.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi felld skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Þorfinns Þórarinssonar, nr. 127 6. okt. 1916.

REIKNINGUR 146

Hafnsögusjóðs Reykjavíkur árið 1957.

Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári:			
a. Bankavaxtabréf	kr.	8000.00	
b. Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur	—	10000.00	
c. Veðskuldabréf	—	39000.00	
d. Sparisjóðsinnstæða	—	23860.09	
			kr. 80860.09
2. Tekjur á árinu:			
a. Hafnsögugjöld	kr.	1968.00	
b. Vextir	—	3653.41	
			— 5621.41
			Kr. 86481.50

146

Gjöld:

1. Sjóður til næsta árs:
   a. Bankavaxtabréf ..... kr. 7000.00
   b. Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur ..... — 10000.00
   c. Veðskuldabréf ..... — 61000.00
   d. Sparisjóðsinnstæða ..... — 8481.50

Kr. 86481.50

Hafnarstjórinn í Reykjavík, 9. janúar 1958.

Valgeir Björnsson.

147

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Vallholtslegats árið 1957.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Verðbréf	kr.	100.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	10698.25	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	5354.88	
d. Innstæða í Sparisjóði Sauðárkróks	—	807.00	
e. Eignin Ytra-Vallholt	—	7100.00	
			kr. 24060.13
2. Vextir:			
a. Af verðbréfum	kr.	5.00	
b. — innstæðu í Söfnunarsjóði	—	567.00	
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	267.31	
d. — innstæðu í Sparisjóði Sauðárkróks	—	48.58	
			— 887.89
3. Afgjald Ytra-Vallholts			— 411.00
			Kr. 25359.02

Gjöld:

1. Úthlutað			kr. 400.00
2. Eign í árslok:			
a. Verðbréf	kr.	100.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	11265.25	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	5627.19	
d. Innstæða í Sparisjóði Sauðárkróks	—	866.58	
e. Eignin Ytra-Vallholt	—	7100.00	
			— 24959.02
			Kr. 25359.02

Biskup Íslands, Reykjavík, 16. janúar 1958.

Ásmundur Guðmundsson.

YFIRLIT 148

um hag Búnaðarbanka Íslands 30. júní 1958.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:		
	a. Sparisjóðsdeild	kr. 37 201 759.08	
	b. Veðdeild	— 21 036 810.51	
	c. Ræktunarsjóður	— 176 013 655.15	
	d. Byggingarsjóður	— 88 548 376.10	
	e. Smábýladeild	— 19 701.11	
	f. Nýbýlasjóður	— 564 247.64	
			kr. 323 384 549.59
2.	Verðbréf:		
	a. Sparisjóðsdeild	kr. 62 100 867.01	
	b. Veðdeild	— 22 550.00	
	c. Ræktunarsjóður	— 2 884 355.58	
	d. Byggingarsjóður	— 3 802 691.04	
			— 68 810 463.63
3.	Víxlar		— 126 945 056.32
4.	Lán í hlaupareikningi		— 86 745 515.01
5.	Ýmsir skuldunautar:		
	a. Sparisjóðsdeild	kr. 1 307 040.39	
	b. Ræktunarsjóður	— 50 000.00	
			— 1 357 040.39
6.	Teiknistofa		— 259 320.63
7.	Tryggingar fyrir ábyrgðum		— 5 810 913.32
8.	Innanstokksmunir		— 1 064 562.51
9.	Sameiginlegur kostnaður		— 4 113 840.42
10.	Fasteignir		— 1.00
11.	Innheimtur		— 17 129 393.66
12.	Framkvæmdabanki		— 300 000.00
13.	Bankainnstæða og peningar í sjóði		— 7 829 846.14
			Kr. 643 750 502.62

Skuldir:

1.	Innstæða í sparisjóði		kr. 167 152 575.11
2.	Innstæða á skírteinum		— 5 487 437.14
3.	Innstæða í hlaupareikningi		— 77 309 455.75
4.	Innstæða í reikningslánum		— 336 144.90
5.	Ýmsir kröfuhafar:		
	a. Sparisjóðsdeild	kr. 18 244 176.75	
	b. Veðdeild	— 5 000 000.00	
	c. Ræktunarsjóður	— 694 188.50	
			— 23 938 365.25
6.	Ríkissjóður:		
	a. Ræktunarsjóður	kr. 9 203 812.18	
	b. Byggingarsjóður	— 5 939 679.83	
			— 15 143 492.01

148	7. Framkvæmdabanki:			
	a. Rœktunarsjóður	kr. 76 510 252.00		
	b. Byggingarsjóður	— 11 839 284.00		
			kr.	88 349 536.00
	8. Seðlabanki Íslands:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr. 30 903 328.24		
	b. Rœktunarsjóður	— 5 105 811.50		
			—	36 009 139.74
	9. Ábyrgðir		—	5 810 913.32
	10. Vextir og aðrar tekjur:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr. 10 811 658.96		
	b. Veðdeild	— 179 567.01		
	c. Rœktunarsjóður	— 1 072 187.19		
	d. Byggingarsjóður	— 2 085 758.23		
	e. Smábýladeild	— 720.62		
	f. Nýbýlasjóður	— 6 225.14		
			—	14 156 117.15
	11. Útibú á Akureyri		—	197 388.35
	12. Austurbæjarútibú		—	35 712 812.73
	13. Ógreitt tap		—	2 502 153.53
	14. Veðdeild Landsbankans: Bygg.		—	34 912 396.91
	15. Fyrirfram greiddir vextir		—	1 482 970.10
	16. Skyldusparnaður		—	497 696.00
	17. Skuldlaus eign:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr. 15 610 228.39		
	b. Veðdeild	— 8 920 601.20		
	c. Rœktunarsjóður	— 65 206 095.19		
	d. Byggingarsjóður	— 44 126 125.61		
	e. Smábýladeild	— 313 514.26		
	f. Nýbýlasjóður	— 575 343.98		
			—	134 751 908.63
			Kr.	643 750 502.62

Reykjavík, 30. júní 1958.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Bréf fjármálaráðuneytisins til Lindu h.f., Akureyri, um innlent tollvörugjald af PEZ piparmyntutöflum. 149 17. okt.

Þér hafið sent hingað afrit af bréfi frá PEZ í Austurríki, dags. 3. febrúar s. l., og óskið eftir úrskurði ráðuneytisins um það, hvort greiða skuli innlent tollvörugjald af PEZ piparmyntutöflum, sem sýnishorn fylgdi af.

Iðnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans hefur rannsakað vöru þessa og reyndist í henni 93% af venjulegum neyzlusykri. Sé litið til þessa sykurmagns og eðli og notkun vörunnar að öðru leyti, ber að telja hana til nr. 6 í 1. kafla 2. gr. laga nr. 60/1939 og greiða af henni kr. 2.10 í innlent tollvörugjald með 560% viðauka og 150% útflutningssjóðsálagi, alls kr. 34.65 af kg.

BYGGINGARSAMÞYKKT 150 22/8 '56

fyrir Austur-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

Byggingarsamþykkt þessi nær til hvers konar húsabygginga, er teljast framtíðarbyggingar á jörðum, er til lögbýla teljast, þar með talin nýbýli, svo og byggingar, sem reistar eru á lóðum og löndum innan takmarka sýslunnar.

Undanskildir eru þó ákvæðum samþykktarinnar þeir löggiltir verzlunarstaðir, er hafa sett sér byggingarsamþykkt samkv. lögum nr. 19 frá 20. október 1905. Setji löggiltur verzlunarstaður sér síðar samþykkt, þá eru þau kauptún þar með undanþegin ákvæðum byggingarsamþykktar þessarar.

2. gr.

Sýslunefnd ræður byggingarfulltrúa í samráði við Teiknistofu landbúnaðarins og Búnaðarsamband Vestfjarða. Hann skal vera húsameistari eða húsasmíðameistari með fullum lögréttindum og ráðinn til tveggja ára í senn.

Byggingarfulltrúi á sæti á fundum bygginganefnda og hefur tillögurétt um öll þau mál, er þær taka til meðferðar.

3. gr.

Laun byggingarfulltrúa greiðast af sýslusjóði, byggingarsjóði, svo og af sýslusjóðum annarra sýslna, sem kynnu að ráða saman byggingarfulltrúa, samkv. ákvæðum laga nr. 26 1. apríl 1948.

4. gr.

Í hverjum hreppi skulu vera byggingarnefndir. Í þeim eiga sæti þrír menn. Skulu þeir vera kosnir af hlutaðeigandi hreppsnefnd og jafn margir til vara. Kosning þeirra fer fram að afloknum hverjum almennum hreppsnefndarkosningum og gildir kosning þeirra jafn langan tíma og kjör hreppsnefndarinnar. Byggingarfulltrúi, er sýslan ræður samkv. 2. gr., á sæti í byggingarnefndum.

5. gr.

Verkefni byggingarnefndar er:

1. Að veita byggingarleyfi samkv. uppdráttum, sem skulu gerðir eða samþykktir af Teiknistofu landbúnaðarins, þegar um lánveitingar eða framlög til bygginganna úr Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði er að ræða.

B 39

29. dag desembermánaðar 1958. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

150 2. Að hafa umsjón með að ákvæðum byggingarsamþykktar og uppdráttum sé fylgt.
22/8 '56 3. Að veita nýbýlastjórn aðstoð varðandi þau byggingarmál á samþykktarsvæðinu, er henni við koma, að því er tekur til endurbygginga og bygginga á nýbýlum.
4. Að rannsaka svo oft sem þörf krefur ástand í byggingarmálum í umdæminu og hafa handbærar sem nákvæmastar skýrslur um ásigkomulag bygginga á einstökum jörðum og hvernig þeim er við haldið.

6. gr.

Staðsetning nýrra bygginga, íbúðarhúsa, peningshúsa, svo og annarra útihúsa, skal gerð af byggingarnefnd, að því leyti sem ákvarðanir um staðsetningu ekki falla undir ákvæði laga nr. 20 frá 31. jan. 1952 og reglugerð þeirra laga.

Skylt er þó byggingarnefnd að framkvæma staðsetningu við endurbyggingu íbúðar- og peningshúsa ef landnámsstjóri álítur tilfærslu nauðsynlega, enda sé staðsetningin framkvæmd í samráði við hann.

7. gr.

Byggingarnefnd hefur allt eftirlit með þeim byggingarframkvæmdum er hér greinir:

1. Íbúðarhúsabyggingum og byggingum, þótt ekki séu úr varanlegu efni, sem byggðar eru fast við íbúðarhús eða í næsta nágrenni við það.
2. Öllum byggingum, sem gerðar verða á nýbýlum í hlutaðeigandi héraði, sem stofnuð eru samkvæmt lögum um landnám og nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.
3. Peningshúsum og öðrum útihúsum, sem byggð eru úr varanlegu efni, svo og öðrum byggingum, sem lán eru veitt til úr Ræktunarsjóði.
4. Aðgerðum á eldri húsum, þegar um meiri háttar breytingar eða aðgerðir er að ræða.

8. gr.

Þeir, sem ætla að láta reisa byggingar eða framkvæma meiri háttar aðgerðir á eldri byggingum, er falla undir verksvið byggingarnefndar, skulu senda tilkynningu um það til nefndarinnar og umsókn um byggingarleyfi. Umsókninni fylgi tvíritaðir uppdrættir af hinu fyrirhugaða mannvirki í mælikvarða 1 : 100, blaðstærð 21 × 30, 30 × 42 eða 42 × 60 og á hverju blaði auður reitur 4 × 5 cm í hægra horni efst. Uppdrættir af húsum sýni grunnfleti kjallara og allra hæða þess, þversneiðingar og allar hliðar og gafla þess.

9. gr.

Byggingarnefndir hreppanna taka á móti beiðnum um byggingarleyfi, hver úr sínu umdæmi. Tilkynnir hún síðan byggingarfulltrúa hverjar beiðnir hafi borizt til nefndarinnar. Heldur nefndin síðan fund, að fengnum tillögum byggingarfulltrúa og úrskurðar hvort leyfin skuli veitt.

Byggingarfulltrúi og byggingarnefndir skulu kynna sér sem bezt byggingaraðstæður og byggingarþörf, með tilliti til búskapar þess, sem á jörðinni er og verður og annað, er áhrif getur haft á hvern húsakost er þörf fyrir á jörðinni.

10. gr.

Byggingarnefnd hefur heimild til að ákveða, að hús sem ætluð eru til atvinnureksturs, sem hefur brunahættu í för með sér, skuli byggð á afviknum stöðum, eða svo tryggilega útbúin, að fullt öryggi fáist gegn eldhættu, að dómi nefndarinnar, eða á þann hátt sem gildandi lög um brunamál skipa fyrir.

11. gr. 150

Umsækjanda um byggingarleyfi skal tilkynnt bréflega hverja afgreiðslu mál 22/8 '56
hans hafa fengið. Byggingarleyfið skal ritað á hvern uppdrátt og annað eintak uppdráttarins afhendist umsækjanda. Hitt eintakið skal vera í vörzlu byggingarnefndar.

12. gr.

Enginn má byggja nýtt hús úr varanlegu efni, nema hann hafi áður fengið til þess skriflegt leyfi byggingarnefndar. Enn fremur hefur nefndin gætur á að ný hús séu byggð eins og hún hefur ákveðið og skal hafa eftirlit með aðalviðgerðum á húsum úr varanlegu efni. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndarmenn skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að byggingum þeim sem eru í smíðum.

13. gr.

Hefji einhver smíði bygginga, sem tilgreindar eru í 7. gr. þessarar samþykktar, án leyfis nefndarinnar, eða byggi öðruvísi en ákveðið hefur verið af Teiknistofu landbúnaðarins og byggingarnefnd, þá skal hann og yfirsmiður hússins sæta sektum frá 100—1000 krónum er renna í sýslusjóð. Nefndin hefur leyfi til að láta rífa niður á kostnað eigenda, það sem sem hefur verið gert, ef henni þykir ástæða til. Hið sama gildir ef byrjað er á verulegum breytingum húsa, sem samþykkt þessi tekur til, áður en fyrir liggur skriflegt leyfi nefndarinnar.

14. gr.

Byggingarnefndum og byggingarfulltrúa er enn fremur falið að hafa:

1. Eftirlit með íbúðum í sýslunni, og leiðbeiningar og íhlutun um nauðsynlegar umbætur á þeim í samráði við héraðslækni.
2. Eftirlit með fjósum og þeim byggingum þar sem vinnsla mjólkur og mjólkurvara fer fram og hlutast til um að bætt verði úr því, sem áfátt er, eftir reglum er þar um gilda eða settir kunna að verða af þeim aðilum, er hafa yfirstjórn mjólkurvinnslumála. Heimilt er byggingarnefndum, þar sem árleg dýralæknisskoðun fer fram, vegna mjólkurframleiðslunnar, að krefjast af stjórnum mjólkurbúa, að byggingarfulltrúi fái ætíð afrit af skýrslu dýralæknis um það atriði, sem áfátt er og máli skiptir í þessu sambandi.

15. gr.

Byggingarnefnd skal halda að minnsta kosti tvo fundi á ári, þar sem tekin séu til meðferðar byggingarmál hreppsins og ráðstafanir gerðar fyrir væntanlegar framkvæmdir.

Aukafundi getur byggingarfulltrúi kvatt saman ef tilefni er til.

Fundir skulu rækilega auglýstir hreppsbúum, með hæfilegum fyrirvara og tiltekinn frestur hvenær erindi skulu hafa borizt til nefndarinnar. Byggingarfulltrúi undirbýr fundina sem bezt, svo unnt sé að afgreiða þau mál sem fyrir liggja.

16. gr.

Gerðir funda byggingarnefnda skal skrá í fundarbók og skal hún undirskrifuð í lok hvers fundar af öllum viðstöddum nefndarmönnum. Bækur þessar og ritföng greiðast af sveitarsjóði. Þóknun til nefndarmanna greiðist úr sveitarsjóði.

17. gr.

Nú er hlutaðeigandi óánægður með ákvörðun byggingarnefndar, og getur hann þá skotið ágreiningnum undir úrskurð forstöðumanns Teiknistofu landbúnaðarins er fellir fullnaðarúrskurð um málið, eftir að hafa fengið skriflegar ástæður beggja aðila.

150 22/8 '56

18. gr.

Auk þess, sem áður er fram tekið, skulu verkefni byggingarfulltrúa vera þessi:

1. Fara um sýsluna og leiðbeina sýslubúum um hvers konar byggingar, og láta þeim í té eða útvega teikningar af þeim, ef óskað er. Ferðum þessum sé hagað þannig, að hann komi á hvert byggt ból í sýslunni, ekki sjaldnar en fimmta hvert ár.
2. Vera trúnaðar- og eftirlitsmaður Búnaðarbanka Íslands og nýbýlastjórnar með þeim byggingum, sem byggðar eru fyrir lán eða fjárstyrk frá þessum stofnunum. Hann aðstoði enn fremur, ef þess er óskað við athuganir og tilraunir með byggingarefni o. fl. í því sambandi. Starfssvið byggingarfulltrúa skal nánar tekið fram í erindisbréfi.

19. gr.

Nú setur sýslunefnd reglugerð samkv. ákvæðum 11. gr. laga nr. 108 frá 31. des. 1945 um húsabyggingar í sýslunni er tekur til ákvæða um styrkleika steinsteypu og máttarviða, hæð undir loft, útbúnað reykháfa, yfirklæðningu og raflagnir, eru þær bindandi fyrir alla, er hér eiga hlut að máli.

20. gr.

Með mál um brot á samþykkt þessari skal farið sem opinber lögreglumál, og skal byggingarfulltrúi kæra þau tafarlaust fyrir lögreglustjóra.

Byggingarsamþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt til þess að gilda fyrir Austur-Barðastrandarsýslu og sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. des. 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, og laga nr. 26 1. apríl 1948 um breyting á þeim, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. ágúst 1956.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

151 24. okt.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, um fjallskil o. fl., nr. 100 17. júlí 1956.

Í stað orðsins Haukabrekkurétt í 28. gr. reglugerðarinnar komi: Brimilsvallarétt.

Reglugerðarbreyting þessi, sem gerð er af sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. október 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Áhaldakaupasjóð fyrir Sjúkrahús Akraness, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. okt. 1958. Skipulagsskráin er þannig: 152 31. okt.

SKIPULAGSSKRÁ

Áhaldakaupasjóðs fyrir Sjúkrahús Akraness.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Áhaldakaupasjóður fyrir Sjúkrahús Akraness og er stofnaður af Lionsklúbb Akraness.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5000.00 — fimm þúsund krónur — sem gefnar eru af stofnandanum.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum frá öllum, sem vilja efla hann og styrkja, og skal hann ávaxtaður í viðurkenndri opinberri lánsstofnun og leggjast vextir við höfuðstólinn.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja Sjúkrahús Akraness til kaupa á ýmsum lækningaáhöldum og tækjum á þann hátt, er nánar getur í skipulagsskrá þessari.

4. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður fjárveitingar úr honum eftir því sem bezt þykir henta hlutverki sjóðsins og þörfum sjúkrahússins hverju sinni.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Yfirlæknir Sjúkrahúss Akraness er jafnan sjálfkjörinn formaður. Hina tvo stjórnarmenn kýs stofnandi, Lionsklúbbur Akraness, úr sínum hópi, á aðalfundi ár hvert.

Stjórnin skal halda sérstaka gerðabók fyrir sjóðinn og í hana skal færa stofnskrá þessa og allar gerðir, er sjóðinn varða, þar á meðal árlega reikninga sjóðsins.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar endurskoðaðir af tveimur þar til kjörnum félagsmönnum úr Lionsklúbb Akraness, sem kosnir eru á aðalfundi klúbbsins til eins árs í senn.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta á fundi í Lionsklúbb Akraness, þar sem mættir eru að minnsta kosti ⅔ félagsmanna, og ræður þá afl atkvæða úrslitum, enda sé stjórn sjóðsins öll breytingunni samþykk.

8. gr.

Leit skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á fundi í Lionsklúbb Akraness 1. október 1958.

153
5. nóv

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 206 frá 8. nóv. 1939, um barnavernd í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Börn innan 14 ára aldurs mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20 á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim. Einnig er börnum innan 14 ára aldurs óheimill aðgangur að almennum kvikmyndasýningum, sem haldnar eru eftir kl. 20.

Foreldrum barnanna eða forráðamönnum, ber að viðlagðri ábyrgð, að sjá um að ákvæðum þessum sé framfylgt.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 5. nóvember 1958.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius

154
6. nóv.

SAMÞYKKT

um sveitarstjórn í Garðahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar, hefur þar óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé jafnframt hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að þau séu tilhlýðilega unnin. Hann annast innheimtu á tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og bréfaviðskipti, geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að hafa ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Sveitarstjóri setur þá tryggingu, sem hreppsnefnd tekur gilda, fyrir innheimtum þeim, sem hann hefur á hendi, sbr. 3. gr.

5. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, er í 6. gr. getur, og greiðast þau úr sveitarsjóði.

6. gr. 154

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, 6. nóv.
eftir að ráðning hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og það annað, sem rétt þykir að taka fram af því tilefni.

Uppsagnarfrestur af hálfu hvors aðila skal vera 6 mánuðir.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Garðahrepps hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 19 frá 1951, um sveitarstjóra, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 6. nóvember 1958.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Helgi Helgason.

GJALDSKRÁ 155

6. nóv.

fyrir Rafveitu Selfoss.

I. RAFORKA

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.70 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 80 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 14.00 á ári af fermetra gólffletis í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 4.00 á ári af fermetra.

   Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 60 aura hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 10.00 á mánuði af einu herbergi hverrar íbúðar og kr. 5.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Leiga af mælinum er innifalin í fastagjaldinu.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálft, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.45 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 300.00 fyrir hvert kw. í málraun véla.

   Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til lýsingar og greiðist þá, auk orkugjaldsins, fastagjald er nemi kr. 10.00 á ári á hvern fermetra gólfflatar, í rúmi því er lýsa skal. Fyrir ganga og geymslur greiðist þó kr. 3.00 á ári á fermetra.

155 2. Um afl og orkumæla þannig reiknað:
6. nóv. 1. Grunngjald ..... 750.00 kr. á ári.
2. Aflgjald af notuðu afli ..... 750.00 — – kw. á ári.
3. Orkugjald ..... 20 aura hverja kwst.

Notað afl telst vera meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálestra hvers almanaksárs. Aflnotkunin mælist sem meðalálag yfir stundarfjórðung og álestrar fari fram sem næst mánaðarmótum.

Mælisleiga er innifalin í grunngjaldinu.

3. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig:
1. Grunngjald ..... 750.00 kr. á ári.
2. Fastagjald á hvert kw. í málraun véla ..... 576.00 — – —
3. Orkugjald ..... 20 aura hverja kwst.

Mælisleiga er innifalin í grunngjaldinu.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 16 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 9 aura hverja kwst., í níu klst. á tímanum frá kl. 22 til 9.

Minnsta árgjald skal vera sem svarar 2000 klst. notkun á hvert kw uppsetts afls hitunartækis.

Verð til hitunar breytist með útsöluverði á kolum og dieselolíu á Selfossi, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda 480 kr. verði á kolatonni og 800 kr. verði á olíutonni, en hækki eða lækki um 1 eyri hvert kwst. á lið D-1 og 0.5 eyri hver kwst. á D-2 fyrir hverjar fullar 30 kr., sem kolatonnið hækkar eða lækkar eða hverjar 50 kr., sem olíutonnið hækkar eða lækkar, þó þannig, að raforkuverðið miðast við það eldsneytisverðið, sem lægra er hlutfallslega miðað við grunnverðið 480 kr. á kolatonni og 800 kr. á olíutonni.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, sé þess krafizt.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 60 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á kr. 1.45 hverja kwst.
3. Til bökunarofna og fasttengdra tækja í brauðgerðarhúsum, og til annarra hliðstæðra nota, um kwst.mæli á 20 aura hverja kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 8 til 22, eða um tvígjaldsmæli á 20 aura hverja kwst., frá kl. 22 til 8 og á kr. 1.45 hverja kwst. frá kl. 8 til 22.
4. Til súgþurrkunar á heyi um kwst.mæli á 50 aura hverja kwst.

5. Til götulýsingar um kwst.mæli á kr. 1.00 hverja kwst., og annast þá rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins. 155 6. nóv.

Alla raforkunotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveðið stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 3.00	á mánuði.
2.	— þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 5.00	— —
3.	— þrífasa mælum 50 til 100 amp.	— 10.00	— —
4.	— þrífasa mælum yfir 100 amp.	— 15.00	— —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald kr. 800.00 og auk þess 8 kr af hverjum þúsund kr. af brunabótamati húsa og mannvirkja upp að 500 þús. kr., en 4 kr. af hverju þús. kr. þar yfir.

Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þús. eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó miða gjaldið við það.

Húseigandi greiði grunngjald um leið og uppsetning heimtaugar er lokið. Hinn hluti heimtaugargjaldsins fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt. Heimilt er að veita gjaldfrest á helmingi heimtaugargjaldsins í allt að 6 mánuði.

Sá lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 m, og loftlínuheimtaugar meira en 40 m og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 qmm, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 30 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 30 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

155 6. nóv. Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Selfosshrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hérmeð til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Selfoss nr. 135 19. nóvember 1955.

Atvinnumálaráðuneytið, 6. nóvember 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

156 10. nóv.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Raufarhafnar.

1. gr.

Vatnsveita Raufarhafnar er fyrirtæki sem Raufarhafnarhreppur er eigandi að og rekur, í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf heimila og iðnfyrirtækja og allri annarri starfsemi, sem vatn þarf að nota í Raufarhafnarþorpi, eftir því sem við verður komið og nánar fram tekið í reglugerð þessari.

Vatnsveitan, bæði til neyzlu og iðnaðar, skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki, undir nafninu „Vatnsveita Raufarhafnar". Hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps annast stjórn og rekstur vatnsveitunnar og leggur fram ársreikning hennar árlega með ársreikningi hreppssjóðs. Reikningsár vatnsveitunnar er hið sama og annarra fyrirtækja hreppsfélagsins, almanaksárið. Framkvæmdastörf er veituna varðar, getur hreppsnefndin falið öðrum, og heimilt er henni að ráða sérstakan umsjónarmann fyrir vatnsveituna, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist, eða sjái um, önnur þau störf í þágu vatnsveitunnar, er hreppsnefnd felur honum.

2. gr.

Hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps (Vatnsveita Raufarhafnar) hefur einkarétt til vatnsveitu í Raufarhafnarþorpi og í höfninni. Óheimilt er skipum í Raufarhafnarhöfn að taka vatn annars staðar en úr æðum vatnsveitu Raufarhafnar, og eingöngu á þeim stöðum, sem vatnssölumaður eða vatnsveitustjóri ákveða.

3. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá aðalvatnsæð veitunnar, nema með leyfi hreppsnefndar og aðeins undir stjórn umsjónarmanns veitunnar eða annars, sem hreppsnefnd viðurkennir til þess.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða í hús sín og annast viðhald þeirra. Gildir það jafnt um gamlar sem nýjar lagnir.

4. gr.

Skylt er hverjum húseiganda og lóðareiganda, að halda vatnsæðum sínum, frá stoppkrana, vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna. Enginn má hafa hitaleiðslur eða aðrar leiðslur í sambandi við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitustjóra, og með þeim útbúnaði, sem hann telur tryggan.

5. gr. 156

Vatnsveitustjóra er heimilt, í samráði við hreppsnefnd, að loka vatnsæðum 10. nóv.
vatsveitunnar fyrir þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, t. d. með sírennsli vegna frosthættu eða af öðrum orsökum vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum, eða nota vatn þannig, eða hafa vatnsæðum þannig fyrir komið, að óþrif hljótist af.

Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun og jafnvel lokað fyrir vatn ákveðinn tíma, til þess að tryggja fyrirtækjum, sem ekki geta án þess verið, nægilegt vatn. Þegar þannig stendur á, getur vatnsnotandi þó ekki krafizt lækkunar á gjaldi sínu fyrir vatnið.

6. gr.

Vatnsveitustjóri getur látið loka fyrir vatn í öllu þorpinu, eða nokkrum hluta þess, til hreinsunar á vatnsgeymi og til viðgerða á vatnsæðum og vatnsgeymum. Slík lokun skal þó tilkynnt fyrirfram, ef nokkur tök eru á. Er nægilegt að slíkar tilkynningar séu settar á auglýsingastaði víðs vegar í þorpinu.

7. gr.

Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með 2‰ — tveim af þúsundi — af fasteignamati húsanna. Af verksmiðjum og húsum, þar sem fram fer atvinnurekstur, sem allmikið vatn útheimtir, t. d. verbúðir, skal greiða 1½% — einn og hálfan af hundraði — af fasteignamatsverði húsanna, ef ekki er greitt sérstakt gjald fyrir þá notkun. Hreppsnefnd ákveður hvenær þetta ákvæði á við.

8. gr.

Af hverri tunnu síldar greiðist 50 aurar. Af hverjum 100 kg af söltuðum, frystum eða ísuðum fiski greiðist 15 aurar, af hverri tunnu af söltuðum, flökuðum fiski greiðist 30 aurar. Af hverjum 100 kg af hraðfrystum fiskiflökum greiðist 60 aurar og frystri síld 110 aurar af hverri tunnu.

Vatnsskattskylda framleiðsluvöru má ekki flytja burt af framleiðslustaðnum, fyrr en vatnsskattur af henni er greiddur, eða um greiðslu samið, að viðlögðum sektum, ef út af er brugðið.

9. gr.

Þegar um fyrirtæki er að ræða sem nota mikið vatn, svo sem síldarverksmiðjur, getur hreppsnefnd ákveðið að selja því vatn um mæli. Kosti þá smálestin 70 aura. Sem lágmarksgjald ber verksmiðjunni að greiða kr. 1800.00 fyrir hverja 1000 mála vélasamstæðu, sem verksmiðjurnar geta annað og tengdar eru við vatnsæð veitunnar. Fyrir hverja smálest af ís til fiskiskipa, sé reiknað einnar krónu gjald.

Þegar ákveðið hefur verið að selja vatn um mæli, ber viðkomandi notanda að útvega sér mæli og annast sjálfur uppsetningu og viðhald hans. Vanræki vatnsnotandi að fá sér mæli, þegar það hefur verið ákveðið, eða annast viðhald hans, skal vatnsgjald til síldarverksmiðju vera 12 aurar fyrir hvert mál síldar og síldarúrgangs, er verksmiðjurnar hafa tekið á móti til bræðslu. Ef vatnsnotandi óskar þess, skal vatnsveitan kaupa fyrir hann vatnsmæli.

10. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts íbúða í húsi hans. Atvinnurekandi eða útflytjandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts af síld, fiski og annarri framleiðslu, sem skattskyld er. Eigandi framleiðslustöðvar ber ábyrgð á að vatnsskattur af vatnsskattsskyldri verkun eða framleiðslu á stöð hans verði greiddur á gjalddaga.

156 11. gr.

10. nóv. Fyrir vatn til skipa skal gjalda kr. 20.00 fyrir smálest hverja, eða hluta úr smálest. Ef um vatnskaup í stórum stíl er að ræða, er hreppsnefnd heimilt að veita afslátt, þó aldrei meira en 25%. Skip sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki, að viðlögðum sektum, fara af höfninni, fyrr en vatnið er greitt, nema um annað hafi verið samið.

12. gr.

Gjalddagi vatnsskatts af húseignum er 1. júlí ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskattur samkvæmt 8. gr. fellur í gjalddaga um leið og varan er framleidd eða flutt á skipsfjöl til útflutnings. Vatnsskattur samkv. 9. gr. fellur í gjalddaga mánaðarlega, eða þegar framleiðslu verksmiðjunnar er lokið ár hvert.

13. gr.

Heimilt er hreppsnefnd, fyrir eitt ár í senn, að hækka vatnsskattinn um allt að 100%, eða lækka um allt að 50%, án staðfestingar ráðuneytisins.

14. gr.

Hver sá er tekur vatn án heimildar, eða á annan hátt en ráð er fyrir gert, í þeim tilgangi að losna við að greiða lögmæt gjöld fyrir, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt hegningarlögum. Auk þess er honum skylt að greiða vatnið, eftir mati vatnsveitustjóra.

15. gr.

Hver sem skemmir eða saurgar vatnsæðar vatnsveitunnar, vatnsþrær, brunahana eða önnur mannvirki, sem heyra vatnsveitunni til, skal greiða fullar bætur, samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna, og sæta sektum.

16. gr.

Starfsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og aðgerðar. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal svo fljótt sem fært er, sjá um úrbætur á kostnað húseiganda.

17. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 5000.00.
Með mál út af brotum á reglugerðinni fer sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. nóvember 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

157
11. nóv.

um holræsi í Raufarhafnarhreppi.

1. gr.

Þegar hreppsfélagið hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, er þeim mönnum sem þar eiga hús að eða í námunda við og í holræsið geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað, ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því, út í aðalræsið, ásamt rigningarvatni, ef hægt er að koma því við. Vanræki einhver að láta gera holræsi frá húsi sínu í aðalræsi eða halda því við, innan hæfilegs frests, sem hreppsnefnd setur, getur hreppsnefndin látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem aðalholræsakerfi hreppsins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast hreppsnefnd eða maður sem hún felur það. Þóknun fyrir þau störf og einnig fyrir reikningshald eða annað vegna holræsanna, ákveður hreppsnefnd.

Engum er heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi framangreindra aðila og er mönnum skylt að hlýta fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað það er máli skiptir í þessu sambandi. Hreppsnefnd getur leyft holræsi frá einstökum húsum, þar sem sérstaklega hagar til, beint í sjó fram, eða í rotþró, með samþykki heilbrigðisnefndar.

3. gr.

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið, þar með talið viðhald, greiðist úr hreppssjóði. Til að standast þann kostnað, ber hverjum húseiganda, sem á hús að, eða í námunda við götu, veg eða opið svæði, sem holræsi er lagt í, að greiða tengigjald um leið og hann tengir ræsi sitt við aðalræsi kr. 500.00, miðað við hús með einni íbúð. Hækkar gjald þetta um kr. 200.00 fyrir hverja íbúð í húsinu umfram eina, og telst sem íbúð, ef hluti af húsinu er leigður fyrir vertíðarfólk. Fer þetta eftir mati hreppsnefndar.

Nú eru hús sambyggð, en aðskilin með brunagöflum, og telst þá einstakt hús, sá hluti, sem er milli brunagafla. Ef fleiri íbúðir en ein eru í húsi, og íbúðir séreign, skal heildarupphæð tengigjaldsins skiptast milli eigenda íbúðanna hlutfallslega eftir tölu íbúðanna sem þeir eiga.

Auk tengigjalds greiði hver húseigandi í holræsagjald til Raufarhafnarhrepps kr. 100.00 af hverju húsi, en kr. 50.00 á íbúð í húsi umfram eina, og enn fremur 5‰ — fimm af þúsundi — af fasteignamati húsanna. Skylt er að greiða tengigjald af öllum húsum, sem þegar eru tengd við holræsakerfi hreppsins, enda hafi slíkt ekki verið áður greitt.

4. gr.

Hið árlega holræsagjald sem og tengigjaldið, getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

5. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu tengigjalds og holræsagjalds gagnvart hreppsnefnd. Kröfur, sem hreppsnefnd kann að öðlast samkv. 1. og 3. grein, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda, og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjalds er 1. júlí ár hvert.

157
11. nóv.

6. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. nóvember 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

158
11. nóv.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum sjúkrasamlaga í sveitum og kauptúnum.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind sjúkrasamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957:

186. Sjúkrasamlag Mýrahrepps, A.-Skaftafellssýslu. Staðfest 6. júní 1958.
187. Sjúkrasamlag Miðneshrepps, Gullbringusýslu. Staðfest 29. október 1958.
188. Sjúkrasamlag Eyjahrepps, Hnappadalssýslu. Staðfest 11. nóvember 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 11. nóvember 1958.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

159
11. nóv.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtaldar úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsing ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

22. Nefnd Félags íslenzkra rafvirkja. Staðfest 12. júní 1958.
23. Nefnd Verkalýðsfélags Stykkishólms. Staðfest 10. september 1958.
24. Nefnd Verkalýðsfélagsins Jökuls, Höfn í Hornafirði. Staðfest 11. nóvember 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 11. nóvember 1958.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

AUGLÝSING

160
11. nóv.

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum sjúkrasamlaga í kaupstöðum.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind sjúkrasamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957:

13. Sjúkrasamlag Reykjavíkur. Staðfest 26. september 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 11. nóvember 1958.

F. h. r.
Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUGERÐ

161
12. nóv.

um fasteignaskatt í Reykjavík.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Reykjavíkur skal greiða fasteignaskatt af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum 2%
2. — húseignum og öðrum mannvirkjum 1%
3. — túnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og löndum 0.5%

3. gr.

Skatt skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en því, sem um fram er, skal sleppa, og nái fasteignamatsvirðing eignar ekki 100 kr. greiðist enginn skattur.

4. gr.

Eigandi fasteignar greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðir ábúandi eða leigjandi skattinn.

5. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts samkv. reglugerð þessari er 2. janúar ár hvert, í fyrsta sinni 2. janúar 1959, og ber að greiða skattinn hjá bæjargjaldkera.

6. gr.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur 2 mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum samkv. 33. gr. laga nr. 66 12. apríl 1945.

7. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti samkv. reglugerð þessari eru allar fasteignir bæjarsjóðs Reykjavíkur aðrar en lóðir og lönd, sem seld eru á leigu.

161 Enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru
12. nóv. leigð út til skemmtana, skólahús, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annarra ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Hið sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum og lóðir, sem eru til opinberra þarfa.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðilum að skjóta málinu til dómstólanna.

8. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

9. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvöxtu má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 67 frá 12. apríl 1945, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. nóvember 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

162 **RÆKTUNARSAMÞYKKT**
14. nóv.

fyrir Búnaðarfélag Nauteyrarhrepps og Búnaðarfélag Snæfjallahrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Búnaðarfélag Nauteyrarhrepps og Búnaðarfélag Snæfjallahrepps í N.-Ísafjarðarsýslu gera á grundvelli laga nr. 7 12. jan. 1945, svofellda samþykkt:

1. gr.

Samþykktin nær yfir svæði Búnaðarfélags Nauteyrarhrepps og Búnaðarfélags Snæfjallahrepps í N.-Ísafjaraðarsýslu.

2. gr.

Tilgangur með ræktunarsamþykktinni er:

1. Að ræsa fram land til hvers konar ræktunar eftir því sem nauðsyn krefur.
2. Að framkvæma sléttun túna, sem ekki eru þegar véltæk.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna og garða.
4. Að framkvæma sléttun engja sem ekki eru þegar véltækar.

Allt þetta skal framkvæmt eftir fyrirmælum trúnaðarmanna, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning um hvernig verkin skuli framkvæmd. Tilgangi sínum hyggst sambandið að ná með því að afla sér véla og áhalda.

3. gr.

Aðalfundur sambandsins hefur æðsta vald í málefnum þess. Sæti á honum eiga allir meðlimir búnaðarfélaganna. Aðalfundur skal haldinn fyrir aprílok ár hvert.

4. gr.

Stjórn Ræktunarsambandsins skal skipuð þremur mönnum, kosnum í fyrsta sinn á stofnfundi sambandsins. Formaður kosinn sérstaklega og síðan einn úr hvorum hreppi. Hver stjórnarmaður sitji í þrjú ár. Varpa skal hlutkesti um hverjir eiga að ganga úr fyrstu tvö árin. Árlega skal kjósa tvo menn til vara, sinn úr hvorum hreppi, sem taki sæti í forföllum stjórnenda. Kosning sé jafnan skrifleg. 14. nóv.

5. gr.

Stjórn Ræktunarsambands Nauteyrar- og Snæfjallahrepps annast allar framkvæmdir. Um kaup á vélum og áhöldum skal hafa samráð við Véladeild ríkisins. Skylt er að tryggja vélar og áhöld fyrir kostnaðarverði á hverjum tíma.

6. gr.

Stjórn sambandsins skal sjá um reikningshald þess. Stjórninni er heimilt að að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn og ákveða honum laun. Reikningsár sambandsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið það tímanlega að endurskoðun geti farið fram fyrir aðalfund sambandsins.

7. gr.

Aðalfundur kýs endurskoðendur. Skulu þeir vera tveir félagsmenn í búnaðarfélögunum. Þeir skulu kosnir í fyrsta sinn á stofnfundi en síðan á víxl einn á hverjum aðalfundi. Hlutkesti skal ráða í fyrsta sinn hvor gengur úr. Endurskoðendur skulu sannprófa reikninga og bera ábyrgð fyrir aðalfundi.

8. gr.

Beiðnir um vinnu skulu komnar það tímanlega til stjórnar Ræktunarsambandsins að hún geti skipulagt vinnuáætlun fyrir yfirstandandi ár. Beiðninni skal fylgja greiðsluskuldbinding sem stjórnir tekur gilda.

9. gr.

Heimilt er stjórn sambandsins að taka að sér verk hjá öðrum aðilum, ef ekki eru verkefni fyrir hendi hjá meðlimum sambandsins og ef það brýtur ekki í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

10. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til kaupa á vélum og verkfærum að upphæð kr. 200000.00 — tvö hundruð þúsund krónur —.

Stofnsjóður myndast þannig:

1. Búnaðarfélög þau, er að samþykkt þessari standa, leggja fram ¼ hluta stofnfjárins og er framlag þetta óafturkræft.
2. Heimilt er ræktunarsambandinu að taka að láni ¼ hluta stofnfjárins ef þörf krefur.
3. Helmingur stofnfjárins er framlag ríkissjóðs til kaupa á ræktunarvélum, sem sambandið kaupir, samkvæmt ákvæðum laga nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Framlög þessi renna í stofnsjóð jafnóðum og þau eru greidd til vélakaupa sambandsins.

11. gr.

Til rekstrarkostnaðar telst greiðsla á vinnulaunum, viðhald og geymsla, kostnaður véla og verkfæra, kostnaður við flutning véla og áhalda milli vinnustaða, fyrningargjald, vextir og afborgun lána, stjórnarkostnaður og þar að auki 5% af vinnslukostnaðinum.

162 12. gr.

14. nóv. Tillögur er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari frá búnaðarfélögunum eða framkvæmdastjóra, skulu sendar stjórn Ræktunarsambandsins, er sendir þær til búnaðarfélaga þeirra er að samþykkt standa til umsagnar. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með ⅗ atkvæðisbærra fundarmanna skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

13. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi að fyrir liggi rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila um að tilgangi samþykktar verði ekki náð og lögmætur aðalfundur Ræktunarsambandsins samþykki það með a. m. k. ⅗ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

14. gr.

Að öðru leyti fer um starfrækslu sambandsins og annað því viðkomandi eftir gildandi lögum og reglugerð.

Samþykkt þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946 og jarðræktarsamþykkt Búnaðarsambands Vestfjarða nr. 72 frá 21. febrúar 1947, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin jarðræktarsamþykkt fyrir Búnaðarfélag Snæfjallahrepps, frá 20. janúar 1949, og jarðræktarsamþykkt fyrir Búnaðarfélag Nauteyrarhrepps, frá 22. maí 1947.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. nóvember 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

163 **BYGGINGARSAMÞYKKT**

14. nóv. **fyrir Suður-Þingeyjarsýslu.**

1. gr.

Byggingarsamþykkt þessi nær til hvers konar varanlegra húsbygginga á jörðum er til lögbýla teljast, þar með talin nýbýli, svo og byggingar sem reistar eru á lóðum og lendum innan takmarka sýslunnar.

Undanskildir eru þó ákvæðum samþykktarinnar þeir löggiltir verzlunarstaðir, er hafa sett sér byggingarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 19 frá 20. okt. 1905. Setji löggiltir verzlunarstaðir sér síðar samþykktir, þá eru þau kauptún þar með undanþegin ákvæðum byggingarsamþykktar þessarar.

2. gr.

Sýslunefnd ræður byggingarfulltrúa í samráði við Teiknistofu landbúnaðarins og stjórn Búnaðarsambands sýslunnar. Hann skal vera húsasmíðameistari með fullum réttindum og ráðinn til tveggja ára í senn.

Byggingarfulltrúi á sæti á fundum byggingarnefndar og hefur tillögurétt um öll þau mál er nefndirnar taka til úrskurðar.

3. gr.

Laun byggingarfulltrúa greiðast af sýslusjóði Suður-Þingeyjarsýslu, Byggingar- 14. nóv.
sjóði og sýslusjóðum Eyjafjarðar- og Norður-Þingeyjarsýslu, ef ráðinn verður sameiginlegur byggingarfulltrúi fyrir þessar sýslur, samkvæmt ákvæðum laga nr. 26 1. apríl 1948.

4. gr.

Í hverjum hreppi skal vera byggingarnefnd. Í henni eiga sæti 3 menn, kosnir af viðkomandi hreppsnefnd og jafn margir til vara. Kosning þeirra fer fram að afloknum hverjum almennum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra jafn langan tíma og kjör hreppsnefndar.

5. gr.

Verkefni byggingarnefndar eru:

1. Að veita byggingarleyfi samkvæmt uppdráttum, sem — ef um sveit er að ræða — séu gerðir eða samþykktir af Teiknistofu landbúnaðarins.
2. Að hafa umsjón með því, að ákvæðum byggingarsamþykktar og uppdráttum sé fylgt.
3. Að veita nýbýlastjórn aðstoð varðandi þau byggingarmál á samþykktarsvæðinu, er henni við koma, að því er tekur til endurbygginga og bygginga á nýbýlum.
4. Að rannsaka svo oft sem þörf krefur, ástand í byggingarmálum í umdæminu og hafa tiltækar sem nákvæmastar skýrslur um ásigkomulag bygginga á einstökum jörðum og hvernig þeim er við haldið.

6. gr.

Staðsetning nýrra bygginga, íbúðarhúsa, peningshúsa og annarra útihúsa, skal gerð af byggingarnefnd, að því leyti sem ákvarðanir um staðsetningu ekki falla undir ákvæði laga nr. 48 frá 28. maí 1957 og reglugerðar, sem sett er samkvæmt þeim lögum.

Skylt er þó byggingarnefnd að framkvæma staðsetningu við endurbyggingu íbúðar- og peningshúsa, ef landnámsstjóri álítur tilfærslu nauðsynlega, enda sé staðsetning framkvæmd í samráði við hann.

7. gr.

Byggingarnefnd hefur allt eftirlit með þeim byggingaframkvæmdum er hér greinir:

1. Íbúðarhúsabyggingum og byggingum, þótt ekki séu úr varanlegu efni, sem byggðar eru fast við íbúðarhús eða í næsta nágrenni við þau.
2. Öllum byggingum, sem gerðar verða á nýbýlum í hlutaðeigandi sveitarfélagi, sem stofnuð eru samkvæmt lögum um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.
3. Öllum peningshúsum og öðrum útihúsum, sem byggð eru úr varanlegu efni, svo og öðrum byggingum, sem lán eru veitt til úr Ræktunarsjóði.
4. Aðgerðum á eldri húsum, þegar um meiri háttar breytingar eða aðgerðir er að ræða.

8. gr.

Þeir, sem ætla að byggja eða framkvæma meiri háttar aðgerðir á eldri byggingum, er falla undir verksvið byggingarnefndar, skulu senda tilkynningu um það til nefndarinnar og umsóknir um byggingaleyfi. Umsókninni fylgi tvíritaðir uppdrættir, samþykktir af Teiknistofu landbúnaðarins, ef um sveit ræðir, af hinu fyrirhugaða mannvirki, í mælikvarða 1:100, blaðstærð 21 × 30, 30 × 42 eða 42 × 60 cm og á hverju blaði auður reitur 4 × 5 cm í hægra horni efst.

Uppdrættir af húsi sýni grunnflöt kjallara og allra hæða þess, þversneiðingar og allar hliðar og gafla þess.

163 9. gr.

14. nóv. Byggingarnefndir hreppanna taka á móti beiðnum um byggingarleyfi, hver úr sínu umdæmi.

Tilkynnir byggingarnefnd síðan byggingarfulltrúa hverjar beiðnir hafi borizt til nefndarinnar. Hann kallar nefndina saman, en hún úrskurðar hvort leyfi skuli veitt. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndir skulu kynna sér sem bezt byggingarafstöðu og byggingarþörf með tilliti til búskapar þess, sem stunda má á hverri jörð og annað er áhrif getur haft á þarfir um húsakost á jörðinni.

10. gr.

Byggingarnefnd hefur heimild til að ákveða að hús, sem ætluð eru til atvinnureksturs, sem hefur brunahættu í för með sér, skuli byggð á afviknum stöðum eða svo tryggilega útbúin, að fullt öryggi fáist gegn eldhættu, að dómi nefndarinnar, eða á þann hátt, sem gildandi lög um brunamál skipa fyrir.

11. gr.

Umsækjanda um byggingarleyfi skal tilkynna bréflega hverja afgreiðslu mál hans hefur fengið. Byggingarleyfið skal ritað á hvern uppdrátt og annað eintak uppdráttarins afhent umsækjanda. Hitt eintakið skal vera í vörzlum byggingarfulltrúa.

12. gr.

Enginn má byggja nýtt hús úr varanlegu efni, nema hann hafi áður fengið til þess skriflegt leyfi byggingarnefndar. Enn fremur hefur nefndin gætur á, að ný hús séu byggð eins og hún hefur ákveðið, og skal hafa eftirlit með aðalviðgerðum á húsum úr varanlegu efni. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndarmenn skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að byggingum þeim, sem eru í smíðum.

13. gr.

Hefji einhver smíði bygginga, sem tilgreindar eru í 7. gr. þessarar samþykktar, án leyfis nefndarinnar, eða byggi öðruvísi en ákveðið hefur verið af Teiknistofu landbúnaðarins og byggingarnefnd, þá skal hann, og yfirsmiður hússins, sæta sektum frá 100—1000 kr., er renna í sýslusjóð.

Nefndin hefur heimild til að láta rífa niður á kostnað eiganda, það sem gert hefur verið, ef henni þykir ástæða til. Hið sama gildir, ef byrjað hefur verið á verulegum breytingum húsa, sem samþykkt þessi tekur til, áður en fyrir liggur skriflegt leyfi nefndarinnar.

14. gr.

Byggingarnefndum og byggingarfulltrúa er enn fremur falið að hafa með höndum:

1. Eftirlit með íbúðum í sýslunni og leiðbeiningar og íhlutun um nauðsynlegar umbætur á þeim í samráði við héraðslækni.
2. Eftirlit með fjósum og þeim byggingum þar sem vinnsla mjólkurvara fer fram, og hlutast til um að bætt verði úr því, sem áfátt er, eftir reglum, er þar um gilda eða settar kunna að verða.

Heimilt er byggingarnefndum, þar sem árleg dýralæknisskoðun fer fram, vegna mjólkurframleiðslunnar, að krefjast þess af stjórnum mjólkurbúa, að byggingarfulltrúi fái ætíð afrit af skýrslu dýralæknis, um þau atriði, sem áfátt er um og máli skipta í þessu sambandi.

15. gr.

Byggingarnefnd skal halda að minnsta kosti tvo fundi á ári, þar sem tekin séu til meðferðar byggingarmál hreppsins og ráðstafanir gerðar fyrir væntanlegar framkvæmdir. Aukafundi getur byggingarfulltrúa kvatt saman, ef tilefni er til.

Fundir skulu rækilega auglýstir hreppsbúum með hæfilegum fyrirvara og tiltek- **163**
inn frestur hvenær erindi skulu hafa borizt til nefndarinnar. 14. nóv.
Byggingarfulltrúi undirbýr fundinn sem bezt, svo að unnt sé að afgreiða þau mál, er fyrir liggja.

16. gr.

Gerðir funda byggingarnefnda, skal skrá í fundarbók, og sé hún undirskrifuð í lok hvers fundar af öllum viðstöddum nefndarmönnum ásamt byggingarfulltrúa, sé hann mættur.
Þóknun til hinna hreppskjörnu nefndarmanna greiðir sveitarsjóður, ásamt bók og ritföngum.

17. gr.

Nú er hlutaðeigandi óánægður með ákvörðun byggingarnefndar og getur hann þá skotið ágreiningnum undir úrskurð forstöðumanns Teiknistofu landbúnaðarins, er fellir fullnaðarúrskurð um málið, eftir að hafa fengið skriflegar ástæður beggja aðila.

18. gr.

Auk þess, sem áður er tekið fram, skulu verkefni byggingarfulltrúans vera þessi:

1. Fara um sýsluna og leiðbeina sýslubúum um hvers konar byggingar og láta þeim í té eða útvega teikningar af þeim, ef óskað er. Ferðum þessum sé hagað þannig, að hann komi á hvert byggt ból í sýslunni ekki sjaldnar en fimmta hvert ár.
2. Vera trúnaðar- og eftirlitsmaður Búnaðarbankans og nýbýlastjórnar með þeim þeim byggingum, sem byggðar eru fyrir lán eða fjárstyrk frá þessum stofnunum. Hann aðstoði enn fremur, ef þess er óskað við athuganir og tilraunir með byggingarefni og fleira í því sambandi. Skal honum heimilt að banna að nota byggingarefni, sem hann telur ónothæft.

Starfssvið byggingarfulltrúa skal nánar fram tekið í erindisbréfi.

19. gr.

Nú setur sýslunefnd reglugerð, samkvæmt 11. gr. laga nr. 108 frá 31. desember 1945, sbr. 5. gr. laga nr. 26 1. apríl 1948, um húsbyggingar í sýslunni, er tekur til ákvæða um styrkleika steinsteypu og máttarviða, hæð undir loft, útbúnað reykháfa, yfirklæðningu og raflagnir, og eru þær þá bindandi fyrir alla þá aðila, sem ákvæði þessarar samþykktar ná til.

20. gr.

Byggingarfulltrúa ber að kæra brot á samþykkt þessari fyrir hlutaðeigandi lögreglustjóra.
Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Byggingarsamþykkt þessi, sem sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu hefur samþykkt og gerð er samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. des. 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, sbr. lög nr. 26 1. apríl 1948, um breyting á þeim lögum, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. nóvember 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

164
17. nóv.

REGLUGERÐ
um fasteignaskatt í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar skal greiða fasteignaskatt af fasteignum í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

1. Af verzlunarlóðum og lóðum til atvinnureksturs 2%
2. — verzlunarhúsum, verksmiðjum, byggingum til atvinnureksturs, bryggjum og álíka mannvirkjum 1%

Af húseignum, sem einungis eru notaðar til íbúða og lóðum, sem þær standa á, greiðist enginn skattur.

Sé húseign notuð bæði til atvinnurekstrar og íbúðar greiðist skatturinn aðeins af þeim hluta, sem notaður er til atvinnurekstrar. Við ákvörðun skattsins skal miða við stærð hins skattskylda hluta hússins og skatturinn síðan ákveðinn hlutfallslega eftir fasteignamati.

3. gr.

Skattinn skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái fasteignamatsvirðing eignar ekki 100 krónum, greiðist enginn skattur.

4. gr.

Eigandi fasteignar greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða, þá greiðir ábúandi eða leigjandi skattinn.

5. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts samkvæmt reglugerð þessari er 1. júlí ár hvert og ber að greiða skattinn til bæjargjaldkera. Skattinn skal reikna í heilum krónum.

6. gr.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur tveim mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum samkvæmt 33. gr. laga nr. 66 12. apríl 1945.

7. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti samkvæmt reglugerð þessari eru allar fasteignir bæjarsjóðs Hafnarfjarðar, aðrar en lóðir og lönd, sem seldar eru á leigu.

Enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana, skólahús, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annarra ríkja að svo miklu leyti, sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Hið sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum, og lóðir, sem eru til opinberra þarfa.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðilum að skjóta málinu til dómstólanna.

8. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröf-

um, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur, eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins. 164 17. nóv.

9. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvexti má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 67 frá 12. apríl 1945, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. nóvember 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ 165 17. nóv.

um fasteignaskatt í Neskaupstað.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Neskaupstaðar skal greiða fasteignaskatt af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Neskaupstaðar eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum ..... 2 %
2. — húseignum og öðrum mannvirkjum ..... 1 %
3. — túnum, görðum, reitum og öðrum lóðum og lendum 0.5%

3. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti eru þær fasteignir, sem um ræðir í 4. gr. laga nr. 67 frá 1945. Verði ágreiningur um skattskyldu fasteignar sker ráðherra úr, en heimilt er að skjóta málinu til dómstólanna.

4. gr.

Fasteignaskatt skal reikna eftir heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en brotum úr hundruðum skal sleppa, og nái virðingin ekki kr. 100.00 greiðist enginn skattur.

5. gr.

Eigandi fasteignar greiðir skattinn, nema um leigulóðir, leigujarðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða, þá greiðir ábúandi eða leigjandi skattinn.

6. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts er 1. júní ár hvert og ber að greiða skattinn til bæjargjaldkera. Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur innan tveggja mánaða, skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum samkvæmt lögum um útsvör.

7. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veð-

165 17. nóv. kröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skattur er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

8. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvexti má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 67 frá 12. apríl 1945, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. nóvember 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

166 17. nóv.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 175 1951, um menntaskóla.

1. gr.

73. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Agi skólanna skal miða að því að friða um starf þeirra og ala með nemendum iðjusemi, hófsemd og prúðmennsku. Skulu kennarar og nemendur leitast við í sameiningu að glæða heilbrigðan anda í skólunum.

Nemendur mega aldrei ölvaðir vera eða á þeim sjást, að þeir hafi neytt áfengis. Áfengi má eigi hafa um hönd í húsakynnum skólanna. Brjóti nemendur gegn þessu, skal skólastjóri vanda um við þá og áminna og gera forráðamönnum þeirra aðvart um brotið. Skipist nemendur eigi við endurtekna áminningu, ber að víkja hinum brotlegu úr skóla.

Komi kennari til starfa undir áhrifum áfengis, neyti þess í híbýlum skólans eða vanræki störf sakir vínneyzlu, ber skólastjóra að gera ráðuneytinu aðvart og mun slík hegðun kennara látin varða stöðumissi.

Nú gerist nemandi á annan hátt brotlegur við reglugerð skólanna eða starfsreglur. Skulu kennarar þá vanda um við hann eða tilkynna skólastjóra, ef brotið er stórt. Skipist nemandi ekki við slíkar umvandanir kennara eða skólastjóra, getur skólastjórn vikið honum úr skóla um stundarsakir eða til fulls, enda hafi forráðamanni hans, ef til næst, verið gert aðvart um brotið. Þó getur brot nemanda verið þannig vaxið, að skólastjóri megi vísa honum burt tafar- og skilyrðislaust.

Skólastjórn getur og vikið frá prófi eða synjað um próf, einnig stúdentspróf, utanskólanemanda, sem gerzt hefur brotlegur við almennt velsæmi eða landslög.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 58/1946, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 17. nóvember 1958.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius

REGLUGERÐ

167
17. nóv.

um breyting á reglugerð nr. 162 1949, um þjóðleikhús.

1. gr.

13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þjóðleikhússtjóri ræður leikara og gerir við þá ráðningarsamning, sbr. 4. gr. Leikarar skulu ráðnir til eins árs í senn eða lengri tíma, allt að fimm árum, eða í einstök hlutverk. Leikár telst frá 1. september til 31. ágúst. Ráðningarsamningar miðast við leikár eða frá þeim tíma, er þeir ganga í gildi og til loka leikársins, nema um ráðningu í einstök hlutverk sé að ræða. Hvor aðili, þjóðleikhússtjóri og fastráðinn leikari, getur sagt upp samningi, enda sé það gert eigi síðar en þrem mánuðum áður en ráðningartíminn er útrunninn. Ef hvorugur aðili segir upp samningi fyrir tilgreindan tíma, framlengist hann óbreyttur um jafnlangan tíma og hann gilti áður.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 13. gr. laga nr. 86/1947, um þjóðleikhús, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 17. nóvember 1958.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius

GJALDSKRÁ

168
17. nóv.

fyrir Rafveitu Vatnsleysustrandarhrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Vatnsleysustrandarhrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.-mæli á kr. 3.00 hverja kwst.
2. Um kwst.-mæli á kr. 1.10 hverja kwst., auk fastagjalds af gólffleti í rúmi því, er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

Fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur ..... kr. 15.00 á ferm. á ári.
— ganga, geymslur o. þ. h. ..... — 4.00 á ferm. á ári.

B. Notkun til heimilisþarfa.

Um kwst.-mæli á kr. 0.80 hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 7.00 á mánuði, af hverju íbúðarherbergi, þar með talin eldhús. Geymslur og ganga skal ekki telja. Herbergi, sem er minna en 5 ferm. skal telja sem hálft, en stærra en 25 ferm. sem tvö. Ef meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 ferm. má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 ferm. jafngildi einu herbergi, en 5 ferm. hálfu herbergi.

168 17. nóv.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.-mæli á kr. 1.60 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 300.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar og fiskþurrkunar o. þ. h. um kwst.-mæli á kr. 0.70 hverja kwst.
3. Um kwst.-mæli á kr. 0.30 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 800.00 á ári á hvert kw. mesta notaðs afls vélanna. Ef ekki eru tök á að mæla mesta notað afl, skal fastagjaldið vera kr. 600.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
   Eftir þessum gjaldskrárlið má selja alla raforkunotkun til atvinnufyrirtækja.
4. Raforku til súgþurrkunar á heyi og hliðstæðra nota á tímabilinu 1. júní til 1. nóvember má selja á kr. 0.60 hverja kwst.

D. Hitun.

1. Um kwst.-mæli á kr. 0.45 hverja kwst.
2. Um kwst.-mæli á kr. 0.35 hverja kwst., enda sé þá straumurinn rofinn í allt að 3 klst. á sólarhring, á tímum mesta álags rafveitunnar, þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
3. Um kwst.-mæli á kr. 0.13 hverja kwst. Sala á rafmagni samkvæmt þessum lið er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn frá kl. 8.30 til kl. 23.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að notendur rafmagns samkvæmt 2. og 3. lið láti á sinn kostnað setja klukkurofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra. Þó má rafveitan leggja til rofa og annast viðhald þeirra, enda kosti notandi þá tengingu þeirra og greiði leigu af þeim samkvæmt reglum um leigu mælitækja.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Til vinnulýsingar við byggingar á meðan á byggingu stendur, á kr. 1.60 hverja kwst.
2. Til götu- og hafnarlýsingar:
   a. Á kr. 0.85 hverja kwst., enda kosti notandi uppsetningu og viðhald lýsingarkerfisins.
   b. Á kr. 1.80 hverja kwst. Notandi kosti uppsetningu kerfisins, en rafveitan annist viðhald á sinn kostnað.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A 1.

Þegar sérstaklega stendur á er rafveitunni þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en eitt ár í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri og er sú ákvörðun bindandi fyrir neytandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum upp að 30 amper	kr.	4.00	á mánuði.	**168**
2.	— þrífasa mælum upp að 50 amper	—	5.00	— —	17. nóv.
3.	— — — 50 til 200 amper	—	12.50	— —	
4.	— — — yfir 200 amper	—	18.00	— —	

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem hér eru nefnd, skal árslegan vera sem næst 20% af verði tækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir: Grunngjald kr. 3000.00 og auk þess gjald miðað við fasteignamatsverð húsa, lands og lóða, sem hér segir: Af fyrstu 50 þús. kr. af fasteignamati greiðist 8 af hundraði. Af fasteignamatsverði yfir 50 þús. kr. greiðist 5 af hundraði.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar yfir 25 metrar eða loftlínuheimtaugar yfir 60 metrar, skal húseigandi greiða allan kostnað af því, sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur rafveitunefnd áætlað matsverðið með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjaldið í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda liggi fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugar eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjald hafi verið greitt. Sé heimtaug ekki notuð, getur rafveitan tekið hana burtu eða krafizt þess, að notandi greiði lágmarksfjárhæð, kr. 1000.00 á ári til rafveitunnar, enda þótt raforkunotkun hans sé minni eða engin.

IV. OPNUARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, má taka gjöld fyrir lokunartilkynningu og enduropnun, allt að kr. 100.00 samtals.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 50.00 gjald til gjaldkera rafveitunnar.

Hreppsnefndinni er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari um allt að 20 af hundraði án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Vatnsleysustrandarhrepps, nr. 61 26. marz 1956.

Atvinnumálaráðuneytið, 17. nóvember 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

169
17. nóv.

AUGLÝSING

um viðauka við gjaldskrá fyrir dómtúlkun og skjalaþýðingar, nr. 143 14. nóv. 1944.

Við gjaldskrána bætist ný grein, er verður 4. gr., svo hljóðandi:

Grunngjöld gjaldskrárinnar skulu breytast til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingar á launum opinberra starfsmanna.

Í dómsmálaráðuneytinu, 17. nóvember 1958.

Hermann Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

170
27. nóv.

REGLUGERÐ

um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Neskaupstað.

1. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Neskaupstaðar, sem standa við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt 0.7% af fasteignamatsverði hússins. Lágmarksskattur á íbúð skal þó vera kr. 100.00 á ári.

Sama gildir um önnur hús, er fá veitt vatni úr vatnsveitu bæjarins.

2. gr.

Auk vatnsskatts samkvæmt 1. gr. skal greiða vatnsskatt fyrir hreyfivélar, gosbrunna, verksmiðjur, frystihús, baðhús, hvers konar þvottastöðvar, efnalaugar, veitingastaði, sláturhús, iðnfyrirtæki og fyrir vatn til hvers konar slíkrar notkunar umfram venjulega heimilisnotkun.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt 1. mgr. samkvæmt mæli með 50 aura verði fyrir hvern teningsmetra.

Nú er vatn notað án mælis, þar sem svo hagar til sem í 1. mgr. segir, og skal vatnsveitan þá áætla aukavatnsskattinn eftir áætlaðri notkun og samkvæmt verðlagi í 2. mgr.

Nú sættir húseigandi eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun vatnsveitunnar um aukavatnsskatt, og getur hann þá krafizt þess, að vatnsnoktun hans verði mæld um eins mánaðar skeið eftir vali vatnsveitunnar, og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákvarðaður hlutfallslega við þá mælingu.

Árlegur vatnsskattur á vörubíl skal vera kr. 100.00 og á fólksbíl kr. 50.00.

3. gr.

Hafnarnefnd ákveður verð á vatni, sem selt er til skipa á höfninni, en greiða skal hafnarsjóður fyrir vatnið eftir ákvörðun bæjarráðs.

4. gr.

Vatnsveitunni er heimilt eftir því, sem ástæður leyfa, og almenningsþörf krefur:

að skammta vatn, einnig til almenningsþarfa, þegar ónógt vatn er fyrir hendi,

að loka fyrir vatnsrennsli til þeirra, sem vanrækja að gera við bilanir á 170
vatnsæðum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á 27. nóv.
réttum gjalddögum.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis slökkviliðsstjóra. Sérstakt leyfi bæjarráðs þarf til að setja vatnshreyfivélar í samband við vatnsæðarnar.

5. gr.

Vatnsskattur samkvæmt reglugerð þessari fellur í gjalddaga 1. júní ár hvert og ber að greiða skattinn til bæjargjaldkera.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn samkvæmt mælingu, sbr. 2. gr., er heimilt að innheimta skattinn á fjórum gjalddögum í lok hvers ársfjórðungs.

Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

6. gr.

Heimilt er bæjarstjórn, án staðfestingar ráðuneytisins, að hækka eða lækka gjöld samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50%, hvort heldur er einstaka liði eða gjöldin í heild.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felldar reglugerð fyrir vatnsveitu Neskaupstaðar, nr. 66 22. júní 1937 með síðari breytingum og gjaldskrá fyrir vatnsveitu Neskaupstaðar, nr. 90 22. apríl 1952.

Félagsmálaráðuneytið, 27. nóvember 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ 171
27. nóv.

um fasteignaskatt í Kópavogskaupstað.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Kópavogskaupstaðar skal greiða fasteignaskatt af öllum fasteignum innan kaupstaðarins eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum 2%
2. — húseignum og öðrum mannvirkjum 1%
3. — túnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og lendum 0.5%

3. gr.

Undanþegnar skatti er þær fasteignir, sem um ræðir í 4. gr. laga nr. 67 frá 1945. Verði ágreiningur um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er að skjóta málinu til dómstólanna.

171 27. nóv.

4. gr.

Fasteignaskatt skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en brotum úr hundruðum skal sleppa, og nái virðingin ekki kr. 300.00 greiðist enginn skattur.

5. gr.

Eigandi fasteignar greiði skattinn, nema um leigulóðir, leigujarðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða, þá greiði ábúandi eða leigjandi skattinn.

6. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts er 2. janúar ár hvert. Skattinn ber að greiða til bæjargjaldkera. Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur að fullu innan tveggja mánaða eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiddir eru af útsvörum.

7. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skattur er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

8. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvexti má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 67 12. apríl 1945, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um fasteignaskatt í Kópavogskaupstað, nr. 148 10. október 1956.

Félagsmálaráðuneytið, 27. nóvember 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

172 27. nóv.

REGLUGERÐ

um holræsi í Neskaupstað.

1. gr.

Þegar bærinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, er þeim húseigendum, sem þar eiga hús að eða í námunda við og í holræsið geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið ásamt rigningarvatni, ef hægt er að koma því við. Vanræki einhver að láta gera holræsi innan hæfilegs frests, sem bæjarráð setur, getur það látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi bæjarins varða, svo sem viðhald, endurbætur og umsjón alla, annast bæjarstjóri eftir fyrirmælum bæjarráðs, nema sérstökum manni verði falið að annast þessi störf. Bæjarstjóri annast og reikningshald og fjárreiður holræsagerðarinnar.

Engum er heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu samþykki ofan- 172
greindra aðila, og er mönnum skylt að hlíta fyrirmælum þeirra um gerð og legu 27. nóv.
ræsis og annað það, er máli skiptir í sambandi við það.

3. gr.

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr bæjarsjóði. Til að standast þann kostnað, ber hverjum húseiganda, sem á hús að eða í námunda við götu, veg eða opið svæði, sem holræsi er lagt í, að greiða árlega á holræsagjald 0.5% af fasteignamati húsanna, þó ekki undir kr. 100.00 af einbýlishúsi og af íbúðarhúsum með tveim íbúðum eða fleiri skal lægsta gjald vera kr. 75.00 á íbúð á ári. Gjöld þessi getur bæjarstjórn hækkað eða lækkað um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

4. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds gagnvart bæjarstjórn. Kröfur, sem bæjarstjórn kann að öðlast samkvæmt 1. og 3. gr. má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjalds er 1. júní ár hvert.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Með mál út af reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. nóvember 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ 173

28. nóv.

um heimilishjálp í Skútustaðahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd Skútustaðahrepps fer með stjórn heimilishjálpar í hreppnum samkvæmt reglugerð þessari. Dagleg umsjón með framkvæmd heimilishjálparinnar er í höndum Kvenfélags Mývetninga. Nú leggst það félag niður, og útnefnir þá hreppsnefnd Skútustaðahrepps 3 menn til að gegna þessu hlutverki.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum þegar sannað er, með umsögn læknis, ljósmóður, eða á annan hátt, sem framkvæmdanefndin metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla, eða af öðrum ástæðum. Hjálpin skal veitt svo lengi sem nefndin telur brýna nauðsyn bera til, enda hafi það starfsfólk, sem nefndin hefur yfir að ráða, ekki enn meira aðkallandi þörfum að sinna á öðrum heimilum.

173 3. gr.
28. nóv. Framkvæmdanefndin skal jafnan leitast við að hafa til taks eina konu til heimilishjálpar. Ber nefndinni að ganga örugglega úr skugga um, að konur þær, sem til heimilishjálparinnar eru ráðnar á vegum hreppsins, séu hæfar til starfsins, og ekki haldnar neinum næmum sjúkdómi.

4. gr.
Framkvæmdanefnd getur leitað samninga um launakjör og hlunnindi starfsstúlkna þeirra, er að heimilishjálp vinna, en fullt gildi hafa þeir samningar þá fyrst, er hreppsnefndin hefur samþykkt þá.

5. gr.
Fyrir heimilishjálp ber þeim, sem hennar nýtur, að leggja fram kr. 60.00 fyrir hvern starfsdag. Heimilt er hreppsnefnd að veita eftirgjöf á greiðslu þessari að nokkru eða öllu leyti, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar, en ekki má sú eftirgjöf leiða til skerðingar á launakjörum viðkomandi starfsstúlku, ef svo er tiltekið í samningum að kaupgreiðsla þessi sé hluti af launum hennar, enda standi þá hreppsnefndin í ábyrgð fyrir skilvísri greiðslu til hennar á þeim kaupgjaldshluta.

6. gr.
Hreppsnefndin annast allar fjárreiður heimilishjálparinnar og skal reikningur hennar endurskoðaður með sama hætti og reikningar sveitarsjóðsins.

7. gr.
Sá halli, sem verða kann af heimilishjálp, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálp og reglugerð þessari, greiðist að ⅔ hlutum úr sveitarsjóði Skútustaðahrepps, og að ⅓ hluta úr ríkissjóði.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Skútustaðahrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. nóvember 1958.

F. h. r.
Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.

174
4. des.

AUGLÝSING
um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Einstefnuakstur um **Aðalstræti**, milli Austurstrætis og Hafnarstrætis, frá suðri til norðurs.
2. Bann við bifreiðastöðum á **Grundarstíg**, norðan megin götunnar, og á **Kirkjutorgi** norðan verðu, meðfram Dómkirkjunni.
3. Bifreiðastöður takmarkaðar við 30 mínútur kl. 9—19 virka daga á umferðareyju milli akbrauta **Snorrabrautur** frá Laugvegi að Grettisgötu.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 4. desember 1958.

Sigurjón Sigurðsson.

SAMÞYKKT

175
22. nóv.

fyrir Framræslu- og áveitufélag Ölfusinga.

1. gr.

Félagið heitir Framræslu- og áveitufélag Ölfusinga.
Heimili þess og varnarþing er Ölfushreppur í Árnessýslu.

2. gr.

Félagið nær yfir eftirtaldar jarðir í Ölfushreppi:
Undirheimar, Hraun I og II, Hraunshóll, Lágar, Hraunshjáleiga, Ytri-Grímslækur, Efri-Grímslækur, Hjalli, Lækur, Bjarnastaðir, Þorgrímsstaðir, Hjallakrókur, Gerðakot, Bakki I og II, Riftún, Þóroddstaðir I og II, Ytri-Þurá, Eystri-Þurá I og II, Núpar I og II og III, Vötn, Þúfa, Kröggólfsstaðir, Litli-Saurbær, Stóri-Saurbær, Reykir, Reykjahjáleiga, Sogn, Gljúfurárholt I og II, Kotströnd, Mæri, Bakkárholtspartur, Bakkárholt I og II, Ingólfshvoll, Strýta, Grænhóll, Egilsstaðir, Arnarbæli, Krókur, Stöðlar, Nethamrar, Ósgerði, Auðsholtshjáleiga, Auðsholt, Vorsabær, Vellir, Kross, Öxnalækur, Botnsmýri.

3. gr.

Tilgangur félagsins er:

1. Að annast framkvæmd og starfrækslu framræslu og áveitu á engjalöndum þeirra jarða, sem taldar eru í 2. gr. og að koma í veg fyrir landspjöll af völdum Gljúfurholtsár (Sandár) og Varmár.
2. Að útvega nauðsynlegt fé, sem styrk og lán, til að koma nauðsynlegum mannvirkjum í þessu sambandi í framkvæmd.

4. gr.

Félaginu stjórnar þriggja manna nefnd, sem kosin er af aðalfundi til þriggja ára. Gengur einn maður úr stjórn á hverju ári, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti, og síðan í röð eftir starfsaldri ár hvert. Varamenn í stjórn eru kosnir á sama hátt og eftir sömu reglum, og einnig tveir endurskoðendur. Stjórnin kýs sér formann og skiptir með sér verkum.

Formaður boðar til allra funda og stýrir þeim. Hann sér um bókun allra fundargerða og sér um, að öll störf stjórnarinnar séu af hendi leyst samkvæmt þeirri verkaskiptingu, sem stjórnin hefur gert með sér á hverjum tíma. Stjórnarnefndarmenn annast allar framkvæmdir fyrirtækisins og starfrækslur þess milli aðalfunda. Hún sér um, að framkvæmt sé hið árlega viðhald á mannvirkjum þeim, er félagið lætur gera. Heimilt er stjórninni að ráða eftirlitsmann með starfrækslu áveitunnar og viðhaldi hennar. Greiðslu fyrir störf sín fær stjórnarnefnd samkvæmt reikningi, sem samþykktur skal af aðalfundi.

5. gr.

Til aðalfundar skal boða með þriggja vikna fyrirvara, með skriflegu fundarboði, sem gengur milli félagsmanna. Aðalfund heldur félagið fyrir apríl lok ár hvert. Aðalfundur er því aðeins lögmætur, að mættir séu á fundinum félagsmenn, er fara með ⅘ af atkvæðum allra lögbundinna félagsmanna, og sé þá talið eitt atkvæði fyrir hvert býli samkvæmt 2. gr.

Nú mæta ekki svo margir, að fundur geti talizt lögmætur. Skal þá stjórn félagsins, innan hálfs mánaðar, boða til nýs aðalfundar með skriflegu fundarboði, og er þá fundur lögmætur án tillits til þess, hvað margir félagsmenn mæta.

175 Á aðalfundi leggur stjórnin fram endurskoðaða reikninga félagsins. Þar er
22. nóv. kosin stjórn og tveir endurskoðendur og rædd þau mál, er félagið varða. Aukafund má halda, þegar félagsstjórnin eða meira en helmingur félagsmanna telur þess þörf, og hafa sent skriflega beiðni um það til félagsstjórnar.

6. gr.

Á kostnað félagsins skal gera alla aðaláveitu- og framræsluskurði og nauðsynlegar stíflur í þá, svo og alla aðalflóðgarða, sem nauðsynlegir eru að áliti jarðræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands og stjórnar félagsins. Einnig brúar félagið á sinn kostnað skurði þá, sem félagið lætur gera, og leggur til efni til viðhalds brúa, sem eru 3 metrar á lengd og þar yfir. Þetta nær þó ekki til opinberra vega.

Enn fremur skal á kostnað félagsins gera þau mannvirki, sem nauðsynleg eru til farvegsbreytinga á Varmá og Sandá, til að fyrirbyggja landspjöll á engjalöndum af völdum ánna. Framkvæmdum og fyrirkomulagi skal haga samkvæmt áætlunum og uppdráttum jarðræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands, dags. 3. febrúar 1937, og þeim viðaukum eða breytingum, sem af Búnaðarfélagi Íslands síðar kunna að verða gerðar.

7. gr.

Öllum árlegum kostnaði við framkvæmdir þær, sem í 4. og 6. grein er getið, svo sem afborgunum og vaxtagreiðslum af stofnkostnaði, viðhaldskostnaði, kostnaði við eftirlit og stjórn, skiptir stjórnin í nóvember ár hvert á allar jarðir, sem framræslan og áveitan nær til, eftir flatarmálsstærð þess lands, sem hags nýtur af verkinu. Hæfilegt tillit skal þó taka til þess, ef einhver af jörðunum hefur sérstöðu gagnvart afnotum verksins, og fer um það eftir mati tveggja óvilhallra, dómkvaddra manna.

8. gr.

Stjórn félagsins hefur heimild til að taka lán handa félaginu til framkvæmda þeirra, er það hefur með höndum, og setja til tryggingar lánsfénu eða ábyrgð þeirri, sem þurfa kann vegna lánsins, veðrétt í býlum þeim, sem talin eru í 2. gr. Undanþegnar þessu ákvæði eru þó þær jarðir, sem greiða að fullu kostnað sinn, jafnhliða því sem verkið er framkvæmt, eða setja aðra tryggingu, sem félagsstjórnin metur gilda. Stjórnin sér um greiðslur þeirra lána, sem félagið tekur. Niðurjöfnuð gjöld hafa lögtaksrétt.

9. gr.

Á hverju vori skal byrja að veita vatni á, svo fljótt sem stjórn áveitufélagsins telur fært.

Umsjónarmaður ræður, hvernig vatninu er skipt milli jarðanna á áveitusvæðinu, en skal kappkosta að haga vatnsveitunum þannig, að jöfnust verði not áveitunnar um allt áveitusvæðið.

Á haustin og á vetrum skal veita á eftir því sem stjórn áveitufélagsins ákveður, en þó einungis á þau áveitusvæði, þar sem meiri hluti búenda óskar eftir áveitu.

10. gr.

Enginn má án vitundar og samþykkis umsjónarmanns setja stíflur í vatnsfarvegi þá, sem félagið hefur kostað, né taka stíflur úr þeim, né breyta slíkum stíflum og ekki heldur gera neina röskun á hliðargörðum, flóðgáttarlokum né öðrum mannvirkjum meðfram vatnsfarvegum, sem getur haft áhrif á rennsli vatnsins í farvegunum eða áhrif á það, hve mikið vatn rennur út úr farveginum.

11. gr.

Sérhver bóndi er skyldugur til að leggja til eftir ákvæðum umsjónarmanns þá vinnu, sem útheimtist til þess að setja í eða taka úr stíflur, svo sem þarf til þess

að veita vatninu úr vatnsfarvegi áveitufélagsins inn á land búanda eða til að minnka eða stöðva það rennsli. 175 22. nóv.

12. gr.

Umsjónarmaður annast viðhald áveitunnar þannig, að hann lætur svo fljótt sem við verður komið gera við allar smærri bilanir og þær bilanir, sem að hans áliti ekki þola bið, en til meiri háttar aðgerðar skal hann leita samþykkis félagsstjórnarinnar, ef tími vinnst til.

13. gr.

Rísi ágreiningur í félagsmálum innan félags eða utan, skal úr honum skorið með gerðardómi. Gerðardómur skal skipaður þrem mönnum. Skulu sakaraðilar tilnefna hvor sinn mann, en oddamaður skal skipaður af Búnaðarfélagi Íslands.

14. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál, og geta þau varðað sektum frá 200—2000 kr., ef ekki liggur þyngri hegning við að lögum. Sektir renna í sjóð félagsins.

15. gr.

Samþykkt þessari má breyta á lögmætum aðalfundi, ef ⅘ allra félagsmanna samþykkja breytinguna, enda komi staðfesting stjórnarráðs til.

16. gr.

Félagsskap þessum má því aðeins slíta, að eigi verði náð þeim tilgangi, sem félagið hefur sett sér, eða þeir örðugleikar reynast á, að ókleift þyki að halda félagsskapnum áfram, enda sé það samþykkt á lögmætum aðalfundi og ⅘ greiddra atkvæða séu með því, og samþykki stjórnarráðs fáist til félagsslita.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er samþykkt fyrir framræslu- og áveitufélag Ölfusinga nr. 62 3. maí 1939 úr gildi felld.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. nóvember 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

ARÐSKRÁ 176 25. nóv.

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Miðfirðinga.

Jarðir	Einingar
Litli Ós	60
Stóri Ós	184
Saurar	34
Ytri-Reykir	33
Syðri-Reykir	33
Efri-Torfustaðir	13
Neðri-Torfustaðir	20
Urriðaá	6

176 25. nóv.

Jarðir	Einingar
Bjarg	61
Bjargshóll	12
Uppsalir	14
Litli-Bakki	12
Barkarstaðir og Sel	30
Skárastaðir	11
Núpsdalstunga	50
Efri-Núpur	22
Þverá	6
Fosskot	6
Neðri-Núpur (syðri)	6
Neðri-Núpur (ytri)	18
Torfastaðir	6
Haugur	11
Litli-Hvammur	15
Litla-Tunga	81
Giljaland	7
Skeggjastaðir	15
Dalgeirsstaðir	12
Lækjarbær	4
Afréttarlandið Húksheiði	1
Húkur	15
Kollufoss	16
Huppahlíð	20
Brekkulækur	151
Króksstaðir	55
Staðarbakki	47
Melstaður	50
Barð	50
Sandar	75
Samtals	1262

Arðskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin arðskrá nr. 136 16. júlí 1951.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. nóvember 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

177
28. nóv.

um eyðingu refa og minka.

1. gr.

Sveitar- og bæjarstjórum er skylt að sjá um refa- og minkaleitir vor hvert í heimahögum og afréttum og á öðrum líklegum svæðum, þar sem refir og minkar kynnu að leynast.

2. gr.

Stjórnir sveita og bæja, eða aðrir tilkjörnir aðilar, sem sjá um framkvæmdir á eyðingu refa og minka, skulu ráða veiðimenn, einn eða fleiri, til þess að leita grenja og minkabæla og vinna þau.

Veiðimönnum skal gert ljóst, hvaða starf það er, sem þeim er ætlað að vinna, og skulu þeir reiðubúnir til starfs á hvaða tíma sem er, ef greni eða minkabæli finnst og þegar bitdýra verður vart.

Hinir ráðnu veiðimenn ákveða í samráði við oddvita eða annan aðila, sem sér um eyðingu refa og minka, hvenær grenja- og minkaleit skuli hafin hverju sinni.

3. gr.

Frá miðjum maí og þar til hinni skipulögðu refa- og minkaleit er lokið, er öðrum en hinum ráðnu veiðimönnum bannað að vinna greni eða raska þeim, nema í samráði við skyttu svæðisins. Gildir þetta ákvæði jafnt um landeigendur sem aðra, þar til refa- og minkaleit hefur farið fram, en þó eigi lengur en til loka júlímánaðar.

4. gr.

Grenjaskyttur og minkaveiðimenn skulu kynna sér allar helztu veiðiaðferðir, gamlar og nýjar, og eiga sem beztan veiðiútbúnað.

Eigi skal leggja dýraboga þar, sem hætta er á, að t. d. hundar eða sauðfé lendi í þeim. Vitja skal boganna a. m. k. einu sinni á sólarhring, nema þeir séu lagðir fyrir mink við vötn eða ár, þar sem aðdýpi er mikið. Séu bogar lagðir fyrir yrðlinga í grenjum, skal ekki yfirgefa grenið, nema stuttan tíma í senn.

5. gr.

Skylt er að ganga vel um greni, skilja þar ekkert rusl eftir eða annað, sem gæti orðið til að fæla dýrin frá. Ómerkt greni skulu merkt með því að hlaða smávörðu á áberandi stað í námunda við grenið og skulu skotmenn halda þeim við.

6. gr.

Stjórnir sveita- og bæjarfélaga skulu halda skrá yfir öll þekkt greni og fylgi stutt staðháttalýsing umhverfisins.

7. gr.

Skylt er oddvitum og bæjarstjórum að sjá um eitrun fyrir refi ár hvert.

Eitra skal aðeins á afréttum eða þeim svæðum, sem engar líkur eru til, að hundar eða önnur húsdýr fari um, meðan hið eitraða æti liggur.

Eitrunartími hefjist strax eftir að síðustu haustgöngum lýkur og eigi síðar en fyrir janúarlok.

8. gr.

Í eftirtöldum sýslum er bannað að eitra fyrir refi (utan yrðlinga í grenjum) í annað agn en egg:

177 Snæfellsness- og Hnappadalssýslu,
28. nóv. Dalasýslu,
Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslum,
Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslum,
Strandasýslu.

9. gr.

Við refaeitrun skal nota strychnineitur, merkja og skrifa niður hvern eiturstað. Ekki er leyfilegt að eitra í eða við gömul greni utan grenjatíma, og hvergi skal eitra nærri haglendi, ám eða vötnum.

Hið eitraða agn skal falið í gjótum eða skútum, þar sem fönn leggst síður að því. Ef unnt er, skal koma að eiturstöðum í 1—3 skipti, meðan eitrið liggur, og fjarlægja dauða refi og fugla, sem kunna að finnast.

10. gr.

Eitrunarmenn skulu urða örugglega niður allar eiturleifar og hræ, sem finnast á og umhverfis eiturstað fyrir aprillok ár hvert.

Þegar eitrað er fyrir yrðlinga í grenjum, er skylt að koma að greninu innan 7 daga og athuga um árangur og fjarlægja allar eiturleifar.

11. gr.

Velja skal trausta og aðgætna menn til eitrunarstarfa, enda skulu þeir hafa kynnt sér þær aðgerðir, sem frekast má verða.

12. gr.

Þeir aðilar, sem sjá um leitir og vinnslu grenja og minkabæla, skulu semja um kaup og kjör veiðimanna, þegar ráðning þeirra fer fram. Skylt er að slysatryggja refa- og minkaveiðimenn þann tíma, sem þeir eru fastráðnir til veiðistarfa.

13. gr.

Verðlaun eða kaup fyrir refa- og minkaveiðar skal ekki greitt nema til sönnunar sé lagt fram skott af hverju unnu dýri (nýfædda minkahvolpa skal veiðimaður afhenda í heilu lagi). Gildir þetta sönnunarákvæði jafnt um minkaveiðimenn og ráðnar grenjaskyttur, hvaða kaup sem þeir annars taka fyrir starf sitt. Skott, sem lögð eru fram, skulu vera í fullri lengd og rófuliðir fylgja.

Vilji veiðimaður hagnýta sér skinn af unnu dýri, er honum skylt að sanna veiði sína með því að leggja skinnið fram hjá lögmætum aðila, eigi síðar en 10 dögum eftir veiðidag. Skal þá skinnið merkt með merkibleki á innanvert skottið og stinga með oddhvassri nál á nokkrum stöðum í blekmerkið.

Veiðimenn skulu gefa eiginhandarkvittun fyrir greidd verðlaun. Skulu kvittanir þessar, staðfestar með undirskrift þess, sem verðlaunin greiðir, fylgja árlegu reikningsyfirliti til sýslunefnda.

14. gr.

Skylt er oddvitum, bæjarstjórum og öðrum þeim, sem sjá um framkvæmdir á eyðingu refa og minka, að senda veiðistjóra skýrslu um þá starfsemi, sem þeir hafa séð um á árinu, eigi síðar en fyrir janúarlok ár hvert.

Nú vanrækir sveitar- eða bæjarstjórn að framfylgja fyrirmælum laga nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka, eða fyrirmælum reglugerðar þessarar, og skal þá landbúnaðarráðuneytinu heimilt að svipta það bæjarfélag framlagi því úr ríkissjóði, sem gert er ráð fyrir í lögunum, eitt ár í senn.

15. gr. 177

Skylt er veiðistjóra að veita veiðimönnum og öðrum aðilum, sem vinna að 28. nóv.
eyðingu refa og minka, allar þær upplýsingar og aðstoð, sem honum er unnt að láta í té.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000.00 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. nóvember 1958.

Hermann Jónasson.

Gunnlaugur E. Briem.

BYGGINGARSAMÞYKKT 178

29. nóv.

fyrir Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Byggingarsamþykkt þessi nær til hvers konar varanlegra húsbygginga á jörðum, er til lögbýla teljast, þar með talin nýbýli, svo og bygginga, sem reistar eru á lóðum og lendum innan takmarka sýslunnar.

Undanskildir eru þó ákvæðum samþykktarinnar þeir löggiltir verzlunarstaðir, er hafa sett sér byggingarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 19 20. okt. 1905. Setji löggiltir verzlunarstaðir sér síðar samþykkt, þá eru þau kauptún þar með undanþegin ákvæðum byggingarsamþykktar þessarar.

2. gr.

Sýslunefnd ræður byggingarfulltrúa, er henni þykir henta í samráði við Teiknistofu landbúnaðarins og stjórn Búnaðarsambands Skagfirðinga. Hann skal vera húsameistari eða húsasmíðameistari eða maður, er fullnægir þeim þekkingarskilyrðum, sem Teiknistofa landbúnaðarins samþykkir.

3. gr.

Laun byggingafulltrúa greiðast úr sýslusjóði Skagafjarðarsýslu eða af Búnaðarsambandi Skagfirðinga og Byggingarsjóði svo og af sýslusjóðum Vestur- og Austur-Húnavatnssýslna, ef ráðinn verður sameiginlegur byggingarfulltrúi fyrir þessar sýslur, samkvæmt ákvæðum laga nr. 26 1. apríl 1948.

4. gr.

Í hverjum hreppi skal vera byggingarnefnd. Í henni eiga sæti 3 menn kosnir af viðkomandi hreppsnefnd og jafnmargir til vara. Kosning þeirra fer fram að afloknum hverjum almennum hreppsnefndarkosningum og gildi kosning þeirra jafnlangan tíma og kjör hreppsnefndar.

5. gr.

Verkefni byggingarnefndar eru:

1. Að veita byggingarleyfi samkvæmt uppdráttum, gerðum eða samþykktum af Teiknistofu landbúnaðarins.

178 29. nóv.

2. Að hafa umsjón með því að ákvæðum byggingarsamþykktar og uppdráttum sé fylgt.
3. Að veita nýbýlastjórn aðstoð varðandi þau byggingarmál á samþykktarsvæðinu, er henni við koma, að því er tekur til endurbygginga og bygginga á nýbýlum.
4. Að rannsaka, svo oft sem þörf krefur, ástand í byggingarmálum í umdæminu og hafa tiltækar sem nákvæmastar skýrslur um ásigkomulag bygginga á einstökum jörðum og hvernig þeim er við haldið.

6. gr.

Staðsetning nýrra bygginga, íbúðarhúsa, peningshúsa, svo og annarra útihúsa, skal gerð af byggingarnefnd að því leyti sem ákvarðanir um staðsetningu ekki falla undir ákvæði laga nr. 48 28. maí 1957 og reglugerðar, sem sett er samkv. þeim lögum.

Skylt er þó byggingarnefnd að framkvæma staðsetningu við endurbyggingu íbúðar- og peningshúsa, ef landnámsstjóri álítur tilfærslu nauðsynlega, enda sé staðsetningin framkvæmd í samráði við hann.

7. gr.

Byggingarnefnd hefur allt eftirlit með þeim byggingarframkvæmdum, er hér greinir:

1. Íbúðarhúsabyggingum og byggingum, þótt ekki séu úr varanlegu efni, sem byggðar eru fast við íbúðarhús eða í næsta nágrenni við þau.
2. Öllum byggingum, sem gerðar verða á nýbýlum í hlutaðeigandi héraði, sem stofnuð eru samkvæmt lögum um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.
3. Öllum peningshúsum og öðrum útihúsum, sem byggð eru úr varanlegu efni, svo og öðrum byggingum, sem lán eru veitt til úr Ræktunarsjóði.
4. Aðgerðum á eldri húsum, þegar um meiri háttar breytingar eða aðgerðir er að ræða.

8. gr.

Þeir, sem ætla að reisa byggingar eða framkvæma meiri háttar aðgerðir á eldri byggingum, er falla undir verksvið byggingarnefndar, skulu senda tilkynningu um það til nefndarinnar og umsókn um byggingarleyfi. Umsókninni fylgi tvíritaðir uppdrættir, samþykktir af Teiknistofu landbúnaðarins, af hinu fyrirhugaða mannvirki, í mælikvarða 1:100, blaðstærð 21×30, 30×42 eða 42×60 cm, og á hverju blaði auður reitur 4×5 cm í hægra horni efst.

Uppdrættir af húsum, sýni grunnflöt kjallara og allra hæða þess, þversneiðingar og allar hliðar og gafla þess.

9. gr.

Byggingarnefndir hreppanna taka á móti beiðnum um byggingarleyfi, hver í sínu umdæmi. Tilkynnir byggingarnefnd síðan byggingarfulltrúa hverjar beiðnir hafi borizt til nefndarinnar. Hann kallar nefndina saman en hún úrskurðar hvort leyfin skulu veitt. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndir skulu kynna sér sem bezt byggingarafstöðu og byggingarþörf með tilliti til búskapar þess, sem stunda má á hverri jörð og annað, er áhrif getur haft á þarfir um húsakost á jörðinni.

10. gr.

Byggingarnefnd hefur heimild til að ákveða að hús, sem ætluð eru til atvinnureksturs, sem hefur brunahættu í för með sér, skuli byggð á afviknum stöðum eða svo tryggilega útbúin, að fullt öryggi fáist gegn eldhættu, að dómi nefndarinnar eða á þann hátt, sem gildandi lög um brunamál skipa fyrir.

11. gr.

Umsækjendum um byggingarleyfi skal tilkynnt bréflega, hverja afgreiðslu mál hans hefur fengið, Byggingarleyfi skal rita á hvern uppdrátt og annað eintak uppdráttarins afhent umsækjanda. Hitt eintakið skal vera í vörzlu byggingarfulltrúa.

178
29. nóv.

12. gr.

Enginn má byggja nýtt hús úr varanlegu efni, nema hann hafi áður fengið til þess skriflegt leyfi byggingarnefndar. Enn fremur hefur nefndin gætur á að ný hús séu byggð eins og hún hefur ákveðið, og skal hafa eftirlit með aðalviðgerðum á húsum úr varanlegu efni. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndarmenn skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að byggingum þeim, sem eru í smíðum.

13. gr.

Hefji einhver smíði byggingar, sem tilgreindar eru í 7. gr. þessarar samþykktar, án leyfis nefndarinnar eða byggi öðru vísi en ákveðið hefur verið af Teiknistofu landbúnaðarins og byggingarnefnd, þá skal hann og yfirsmiður hússins sæta sektum frá 100—1000 krónum, er renna í sýslusjóð. Nefndin hefur heimild til að láta rífa niður á kostnað eiganda, það sem gert hefur verið, ef henni þykir ástæða til. Hið sama gildir ef byrjað er á verulegum breytingum húsa, sem samþykkt þessi tekur til, áður en fyrir liggur skriflegt leyfi nefndarinnar.

14. gr.

Byggingarnefndum og byggingarfulltrúa er enn fremur falið að hafa með höndum:

1. Eftirlit með íbúðum í sýslunni og leiðbeiningar og íhlutun um nauðsynlegar umbætur á þeim í samráði við héraðslækni.
2. Eftirlit með fjósum og þeim byggingum, þar sem vinnsla mjólkurvara fer fram, og hlutast til um að bætt verði úr því, sem áfátt er, eftir reglum, er þar um gilda eða settar kunna að verða. Heimilt er byggingarnefndum þar sem árleg dýralæknisskoðun fer fram vegna mjólkurframleiðslunnar að krefjast þess af stjórnum mjólkurbúa, að byggingarfulltrúi fái ætíð afrit af skýrslu dýralæknis um þau atriði, sem áfátt er um og máli skiptir í þessu sambandi.

15. gr.

Byggingarnefnd skal hafa að minnsta kosti tvo fundi á ári, þar sem tekin séu til meðferðar byggingarmál hreppsins og ráðstafanir gerðar fyrir væntanlegar framkvæmdir. Aukafundi getur byggingarfulltrúi kvatt saman, ef tilefni er til.

Fundir skulu rækilega auglýstir hreppsbúum með hæfilegum fyrirvara og tiltekinn frestur hvenær erindi skulu hafa borizt til nefndarinnar. Byggingarfulltrúi undirbýr fundinn sem bezt, svo unnt sé að afgreiða þau mál, er fyrir liggja.

16. gr.

Gerðir funda byggingarnefnda skal skrá í fundarbók, og sé hún undirskrifuð í lok hvers fundar af öllum viðstöddum nefndarmönnum. Bækur þessar og ritföng greiðast af sýslusjóði. Þóknun til hinna hreppskjörnu nefndarmanna greiðist úr sveitarsjóði.

17. gr.

Nú er hlutaðeigandi óánægður með ákvörðun byggingarnefndar og getur hann þá skotið ágreiningnum undir úrskurð forstöðumanns Teiknistofu landbúnaðarins, er felli fullnaðarúrskurð um málið, eftir að hafa fengið skriflegar ástæður beggja aðila.

178 18. gr.

29. nóv. Auk þess, sem áður er tekið fram, skulu verkefni byggingarfulltrúans vera þessi:

1. Fara um sýsluna og leiðbeina sýslubúum um hvers konar byggingar og láta þeim í té eða útvega teikningar af þeim, ef óskað er. Ferðum þessum sé hagað þannig, að hann komi á hvert byggt ból í sýslunni ekki sjaldnar en 5. hvert ár.
2. Vera trúnaðar- og eftirlitsmaður Búnaðarbankans og nýbýlastjórnar með þeim byggingum, sem byggðar eru fyrir lán eða fjárstyrk frá þessum stofnunum. Hann aðstoði enn fremur, ef þess er óskað, við athuganir og tilraunir með byggingarefni o. fl. í því sambandi.

Starfssvið byggingarfulltrúa skal nánar fram tekið í erindisbréfi.

19. gr.

Nú setur sýslunefnd reglugerð samkvæmt 11. gr. laga nr. 108 31. des. 1945, sbr. lög nr. 26 1. apríl 1948, um húsabyggingar í sýslunni, er ákveður styrkleika steinsteypu og máttarviða, hæð undir loft, útbúnað reykháfa, þakklæðningu og raflagnir og er hún þá bindandi fyrir alla þá aðila, sem ákvæði þessarar samþykktar ná til, enda hafi reglugerðin hlotið staðfestingu ráðherra.

20. gr.

Byggingarfulltrúa ber að kæra brot á samþykkt þessari fyrir hluteigandi lögreglustjóra. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Byggingarsamþykkt þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefur samþykkt til að gilda fyrir þá sýslu, og sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. des. 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, sbr. lög nr. 26 1. apríl 1948, um breyting á þeim, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. nóvember 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

179 **BYGGINGARSAMÞYKKT**

29. nóv.

fyrir Norður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Byggingarsamþykkt þessi nær til hvers konar varanlegra húsbygginga á jörðum er til lögbýla teljast, þar með talin nýbýli, svo og byggingar sem reistar eru á lóðum og lendum innan takmarka sýslunnar.

Undanskildir eru þó ákvæðum samþykktarinnar þeir löggiltir verzlunarstaðir, er hafa sett sér byggingarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 19 20. okt. 1905. Setji löggiltir verzlunarstaðir sér síðar samþykktir, þá eru þau kauptún þar með undanþegin ákvæðum byggingarsamþykktar þessarar.

2. gr.

Sýslunefnd ræður byggingarfulltrúa í samráði við Teiknistofu landbúnaðarins og stjórn búnaðarsambands sýslunnar. Hann skal vera húsasmíðameistari með fullum réttindum og ráðinn til tveggja ára í senn.

Byggingarfulltrúi á sæti á fundum byggingarnefndar og hefur tillögurétt um öll þau mál, er nefndirnar taka til úrskurðar. 179 29. nóv.

3. gr.

Laun byggingarfulltrúa greiðast af sýslusjóði Norður-Þingeyjarsýslu, Byggingarsjóði og sýslusjóðum Eyjafjarðar- og Suður-Þingeyjarsýslu, ef ráðinn verður sameiginlegur byggingarfulltrúi fyrir þessar sýslur, samkvæmt ákvæðum laga nr. 26 1. apríl 1948.

4. gr.

Í hverjum hreppi skal vera byggingarnefnd. Í henni eiga sæti 3 menn, kosnir af viðkomandi hreppsnefnd og jafn margir til vara. Kosning þeirra fer fram að afloknum hverjum almennum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra jafn langan tíma og kjör hreppsnefndar.

5. gr.

Verkefni byggingarnefndar er:

1. Að veita byggingarleyfi samkvæmt uppdráttum, sem — ef um sveit er að ræða — séu gerðir eða samþykktir af Teiknistofu landbúnaðarins.
2. Að hafa umsjón með því, að ákvæðum byggingarsamþykktar og uppdráttum sé fylgt.
3. Að veita nýbýlastjórn aðstoð varðandi þau byggingamál á samþykktarsvæðinu, er henni við koma, að því er tekur til endurbygginga og bygginga á nýbýlum.
4. Að rannsaka svo oft, sem þörf krefur, ástand í byggingarmálum í umdæminu og hafa tiltækar sem nákvæmastar skýrslur um ásigkomulag bygginga á einstökum jörðum og hvernig þeim er við haldið.

6. gr.

Staðsetning nýrra bygginga, íbúðarhúsa, peningshúsa og annarra útihúsa, skal gerð af byggingarnefnd, að því leyti, sem ákvarðanir um staðsetningu ekki falla undir ákvæði laga nr. 48 28. maí 1957 og reglugerðar, sem sett er samkvæmt þeim lögum.

Skylt er þó byggingarnefnd að framkvæma staðsetningu við endurbyggingu íbúðar- og peningshúsa, ef landnámsstjóri álítur tilfærslu nauðsynlega, enda sé staðsetning framkvæmd í samráði við hann.

7. gr.

Byggingarnefnd hefur allt eftirlit með þeim byggingarframkvæmdum, er hér greinir:

1. Íbúðarhúsabyggingum og byggingum þótt ekki séu úr varanlegu efni, sem byggðar eru fast við íbúðarhús eða í næsta nágrenni við þau.
2. Öllum byggingum, sem gerðar verða á nýbýlum í hlutaðeigandi sveitarfélagi, sem stofnuð eru samkvæmt lögum um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.
3. Öllum peningshúsum og öðrum útihúsum, sem byggð eru úr varanlegu efni, svo og öðrum byggingum, sem lán eru veitt til úr Ræktunarsjóði.
4. Aðgerðum á eldri húsum, þegar um meiri háttar breytingar eða aðgerðir er að ræða.

8. gr.

Þeir, sem ætla að byggja eða framkvæma meiriháttar aðgerðir á eldri byggingum er falla undir verksvið byggingarnefndar, skulu senda tilkynningu um það til nefndarinnar og umsóknir um byggingarleyfi. Umsókninni fylgi tvíritaðir upp-

179 29. nóv. drættir samþykktir af Teiknistofu landbúnaðarins, ef um sveit ræðir, af hinu fyrirhugaða mannvirki, í mælikvarða 1:100, blaðstærð 21×30, 30×42 eða 42×60 cm, og á hverju blaði auður reitur 4×5 cm í hægra horni efst.

Uppdrættir af húsi sýni grunnflöt kjallara og allra hæða þess, þversneiðingar og allar hliðar og gafla þess.

9. gr.

Byggingarnefndir hreppanna taka á móti beiðnum um byggingarleyfi, hver úr sínu umdæmi.

Tilkynnir byggingarnefnd síðan byggingarfulltrúa hverjar beiðnir hafi borizt til nefndarinnar. Hann kallar nefndina saman, en hún úrskurðar hvort leyfi skulu veitt. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndir skulu kynna sér sem bezt byggingarafstöðu og byggingarþörf með tilliti til búskapar þess, sem stunda má á hverri jörð og annað er áhrif getur haft á þarfir um húsakost á jörðinni.

10. gr.

Byggingarnefnd hefur heimild til að ákveða að hús, sem ætluð eru til atvinnureksturs, sem hefur brunahættu í för með sér, skuli byggð á afviknum stöðum eða svo tryggilega útbúin, að fullt öryggi fáist gegn eldhættu, að dómi nefndarinnar, eða á þann hátt, sem gildandi lög um brunamál skipa fyrir.

11. gr.

Umsækjanda um byggingarleyfi skal tilkynna bréflega hverja afgreiðslu mál hans hefur fengið. Byggingarleyfið skal ritað á hvern uppdrátt og annað eintak uppdráttarins afhent umsækjanda. Hitt eintakið skal vera í vörzlum byggingarfulltrúa.

12. gr.

Enginn má byggja nýtt hús úr varanlegu efni, nema hann hafi áður fengið til þess skriflegt leyfi byggingarnefndar. Enn fremur hefur nefndin gætur á, að ný hús séu byggð eins og hún hefur ákveðið, og skal hafa eftirlit með aðalviðgerðum á húsum úr varanlegu efni. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndarmenn skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að byggingum þeim, sem eru í smíðum.

13. gr.

Hefji einhver smíði bygginga, sem tilgreindar eru í 7. gr. þessarar samþykktar, án leyfis nefndarinnar, eða byggi öðru vísi en ákveðið hefur verið af Teiknistofu landbúnaðarins og byggingarnefnd, þá skal hann, og yfirsmiður hússins, sæta sektum frá 100—1000 kr., er renna í sýslusjóð.

Nefndin hefur heimild til að láta rífa niður á kostnað eiganda, það, sem gert hefur verið, ef henni þykir ástæða til. Hið sama gildir, ef byrjað hefur verið á verulegum breytingum húsa, sem samþykkt þessi tekur til, áður en fyrir liggur skriflegt leyfi nefndarinnar.

14. gr.

Byggingarnefndum og byggingarfulltrúa er enn fremur falið að hafa með höndum:

1. Eftirlit með íbúðum í sýslunni og leiðbeiningar og íhlutun um nauðsynlegar umbætur á þeim í samráði við héraðslækni.
2. Eftirlit með fjósum og þeim byggingum þar sem vinnsla mjólkurvara fer fram, og hlutast til um að bætt verði úr því, sem áfátt er, eftir reglum, er þar um gilda eða settar kunna að verða.

Heimilt er byggingarnefndum, þar sem árleg dýralæknisskoðun fer fram, vegna

mjólkurframleiðslunnar, að krefjast þess af stjórnum mjólkurbúa, að byggingar- 179
fulltrúi fái ætíð afrit af skýrslu dýralæknis, um þau atriði, sem áfátt er um og 29. nóv.
máli skipta í þessu sambandi.

15. gr.

Byggingarnefnd skal halda að minnsta kosti tvo fundi á ári, þar sem tekin séu til meðferðar byggingarmál hreppsins og ráðstafanir gerðar fyrir væntanlegar framkvæmdir. Aukafundi getur byggingarfulltrúi kvatt saman, ef tilefni er til.

Fundir skulu rækilega auglýstir hreppsbúum með hæfilegum fyrirvara og tiltekinn frestur hvenær erindi skulu hafa borizt til nefndarinnar.

Byggingarfulltrúi undirbýr fundinn sem bezt, svo að unnt sé að afgreiða þau mál, er fyrir liggja.

16. gr.

Gerðir funda byggingarnefnda skal skrá í fundarbók, og sé hún undirskrifuð í lok hvers fundar af öllum viðstöddum nefndarmönnum ásamt byggingarfulltrúa, sé hann mættur.

Þóknun til hinna hreppskjörnu nefndarmanna greiðir sveitarsjóður, ásamt bók og ritföngum.

17. gr.

Nú er hlutaðeigandi óánægður með ákvörðun byggingarnefndar og getur hann þá skotið ágreiningnum undir úrskurð forstöðumanns Teiknistofu landbúnaðarins, er fellir fullnaðarúrskurð um málið, eftir að hafa fengið skriflegar ástæður beggja aðila.

18. gr.

Auk þess, sem áður er tekið fram skulu verkefni byggingarfulltrúans vera þessi:

1. Fara um sýsluna og leiðbeina sýslubúum um hvers konar byggingar og láta þeim í té eða útvega teikningar af þeim, ef óskað er. Ferðum þessum sé hagað þannig, að hann komi á hvert byggt ból í sýslunni ekki sjaldnar en fimmta hvert ár.
2. Vera trúnaðar- og eftirlitsmaður Búnaðarbankans og nýbýlastjórnar með þeim byggingum, sem byggðar eru fyrir lán eða fjárstyrk frá þessum stofnunum. Hann aðstoði enn fremur, ef þess er óskað, við athuganir og tilraunir með byggingarefni og fleira í því sambandi. Skal honum heimilt að banna að nota byggingarefni, sem hann telur ónothæft.

Starfssvið byggingarfulltrúa skal nánar fram tekið í erindisbréfi.

19. gr.

Nú setur sýslunefnd reglugerð, samkvæmt 11. gr. laga nr. 108 31. des. 1945, sbr. 5. gr. laga nr. 26 1. apríl 1948, um húsbyggingar í sýslunni, er tekur til ákvæða um styrkleika steinsteypu og máttarviða, hæð undir loft, útbúnað reykhafa, yfirklæðningu og raflagnir, og eru þær þá bindandi fyrir alla þá aðila, sem ákvæði þessarar samþykktar ná til.

20. gr.

Byggingarfulltrúa ber að kæra brot á samþykkt þessari fyrir hlutaðeigandi lögreglustjóra.

Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

179 29. nóv. Byggingarsamþykkt þessi, sem sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefur samþykkt og gerð er samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. des. 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, sbr. lög nr. 26 1. apríl 1948, um breyting á þeim lögum, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. nóvember 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

180 8. des. **Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Skógræktarfélag Suðurnesja, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. des. 1958.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skógræktarsjóð Suðurnesja.

1. gr.

Skógræktarsjóður Suðurnesja er stofnaður 5. marz 1950, á stofndegi Skógræktarfélags Suðurnesja. Stofnandi hans er Egill Hallgrímsson frá Vogum, kennari í Reykjavík. Stofnfé sjóðsins er 1000 kr. — eitt þúsund — krónur.

2. gr.

Stjórn sjóðsins og vörzlu annast stjórn Skógræktarfélags Suðurnesja.

3. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og er tilgangur hans að styrkja uppeldisstöðvar fyrir trjáplöntur á Suðurnesjum. Enn fremur má veita úr honum fé til kaupa á trjáplöntum til gróðursetningar á félagssvæðinu.

4. gr.

Sjóðstjórnin aflar sjóðnum tekna eftir þeim leiðum, sem hún telur hagkvæmastar á hverjum tíma. Enn fremur tekur hún á móti gjöfum og áheitum til sjóðsins.

5. gr.

Sjóðurinn, eins og hann er á hverjum tíma, skal ávaxtaður í Landsbanka Íslands í Reykjavík. Þegar höfuðstóllinn er orðinn tíu þúsund krónur, má verja ¾ hlutum vaxtanna samkvæmt tilgangi sjóðsins (sbr. 3. gr.), en ¼ hluti vaxtanna leggist við höfuðstólinn. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

6. gr.

Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram á aðalfundi Skógræktarfélags Suðurnesja. Skulu þeir endurskoðaðir af endurskoðendum sama félags.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta, að öll stjórn sjóðsins sé því samþykk, og að breytingarnar hljóti auk þess samþykki næsta aðalfundar Skógræktarfélags Suðurnesja með ¾ greiddra atkvæða. Þó má aldrei breyta 3. gr. þessarar skipulagsskrár.

8. gr. 180

Ef Skógræktarfélag Suðurnesja hættir störfum, skal stjórn sjóðsins falin stjórn Skógræktarfélags Íslands. Sér hún þá áfram um styrkveitingar úr sjóðnum samkvæmt 3. gr. 8. des.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

REGLUGERÐ 181

11. des.

fyrir vatnsveitu Hafnarfjarðar.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um allt lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

2. gr.

Bæjarráð Hafnarfjarðar fer með stjórn vatnsveitunnar, sem er eign Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Bæjarverkfræðingur Hafnarfjarðar annast daglegan rekstur vatnsveitunnar.

3. gr.

Vatnsveita Hafnarfjarðar hefur einkasölu á vatni á svæði því, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt, svo og til hafnarinnar.

4. gr.

Vatnsveitan lætur leggja vatnsleiðslur, aðalæðar og götuæðar um bæinn.

5. gr.

Hver sá, er húseign á við götu eða veg, sem vatnsæð liggur í, á rétt á að fá tengda vatnsæð frá henni á eigin kostnað við húsið, enda sé það reist með samþykki byggingarnefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa.

Vatnsafnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni.

Vélar og önnur tæki, þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús- eða heimæðar nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur.

Réttur húseigenda til vatnsafnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægilegur.

Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óskar eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, fyrir nægilegu vatni, er heimilt að láta hann greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði vatnsveitunnar.

Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar í götu eða veg, þar sem óskað er eftir vatnsafnotum, getur vatnsveitan sett það skilyrði fyrir lögn vatnsæðar, að tryggt sé, að kostnaður fáist endurgreiddur, annað hvort með beinni þátttöku notanda eða með því að gjöld fyrir vatnsnotkun verði ákveðin með hliðsjón af kostnaðinum.

Vatnsveitan getur einnig ákveðið að notendur, er síðar bætast við, beri hluta stofnkostnaðar við lögnina.

181 Vatnsveitan hefur eignarétt og viðhaldsskyldu á aðfærsluæðum, sem liggja í
11. des. götu eða vegum, enda þótt húseigendur hafi í upphafi borið að einhverju eða öllu leyti þann kostnað, er af lögninni leiddi.

Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir brunahönum í samráði við slökkviliðsstjóra.

6. gr.

Sá, er óskar eftir að leggja vatnsæð frá götuæð vatnsveitunnar að húsi sínu, leggja nýlagnir, gera breytingar á eða viðbætur við eldri vatnslagnir, skal með nægum fyrirvara fá til þess leyfi hjá vatnsveitunni.

Umsóknir skulu skrifaðar á eyðublöð, sem fást í skrifstofu vatnsveitunnar, og skulu þær undirritaðar af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans, ásamt pípulagningameistara þeim, sem verkið á að annast.

Uppdráttur skal gerður af verkfræðingi, iðnfræðingi eða löggiltum pípulagningameistara.

Með umsókninni fylgi uppdráttur af vatnslögnum í tvíriti.

Uppdrátturinn skal sýna grunnmynd kjallara hússins í eigi minni mælikvarða en 1:100.

Uppdrátturinn skal sýna gerð og stærð allra vatnsæða, loka og krana, bæði utanhúss og í kjallara. Ef húsið er kjallaralaust, skal uppdrátturinn vera af 1. hæð hússins. Gert skal ráð fyrir vatnsmæli á óskiptri húsæð, og skal honum afmarkaður staður á uppdrætti. Áliti vatnsveitan nauðsyn á að gera séruppdrætti, skulu þeir sendir með umsókninni.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögnum, sem breyta á, getur vatnsveitan krafizt þess, að þeir séu gerðir, og ber húseigandi allan kostnað af því.

Ef vatnsveitan samþykkir uppdrátt, skal á hann færð áritun um það.

Pípulagningameistari sá, er verkið á að vinna, ritar nafn sitt á eintak vatnsveitunnar, áður en verkið hefst. Sé lögn breytt eða skipt um pípulagningameistara, meðan á verki stendur, skal það tilkynnt vatnsveitunni.

Uppdráttur, áritaður af vatnsveitunni og viðkomandi pípulagningameistara, skal ávallt vera á vinnustað. Með áritun tekur vatnsveitan enga ábyrgð á því, að unnt sé að framkvæma verkið vegna leiðslna eða annars, sem kann að vera því til fyrirstöðu.

7. gr.

Pípulagningameistarar, löggiltir af bæjarstjórn eftir nánari reglum þar um, sem bæjarstjórn setur, hafa einir rétt til þess að leggja vatnslagnir, og gildir það um nýlagnir jafnt sem viðbætur við eða breytingar á eldri vatnslögnum. Þeir bera og ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við samþykkt þessa, nánari fyrirmæli, er kunna að verða sett og samþykktan uppdrátt.

Þó er starfsmönnum vatnsveitunnar einum heimilt að tengja heimæðar við götuæðar.

8. gr.

Vatnsveitan skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og samþykkt þessa.

Engar vatnsæðar má hylja, fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni.

Vatnsveitan hefur rétt til þess að láta þrýstiprófa vatnslagnir á kostnað húseiganda, og sé það gert, skal pípulagningameistari sá, er ábyrgð ber á verkinu, vera viðstaddir og aðstoða starfsmenn vatnsveitunnar við prófunina.

Áliti eftirlitsmaður vatnsveitunnar, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

9. gr. 181

Allar vatnsæðar frá götuæð að húsi og í því, eru eign húseiganda og ber hann kostnað af lögn þeirra og viðhaldi. 11. des.

Vatnsveitan getur ákveðið að heimæðar eða hluti þeirra, skuli lagður af starfsmönnum hennar, en á kostnað húseiganda.

Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri heimæðum, ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja sama húsæðakerfi við tvær eða fleiri heimæðar.

Vatnsveitan getur ákveðið, að fleiri en eitt hús séu tengd sömu heimæð, og gefur þá fyrirmæli um vídd og legu æðarinnar.

Óski húseigandi að tengja við gamla heimæð, skal fá til þess leyfi bæði hjá eiganda heimæðarinnar og vatnsveitunni.

Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús, að þau séu fokheld og upphituð.

Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar er hans verður vart.

Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

10. gr.

Eftirlitsmenn vatnsveitunnar skulu hafa frjálsan aðgang að öllum vatnslögnum innanhúss, og skulu húseigendur gefa þær upplýsingar um vatnsnotkun, sem óskað er eftir.

11. gr.

Vatnsveitan hefur rétt til þess að taka úr sambandi ónotaðar vatnsæðar í eigu einstaklinga, sé eigi gert sennilegt, að þær verði teknar í notkun innan skamms tíma.

Kostnað er af þessu leiðir, greiðir eigandi.

12. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum.

Er eldsvoða ber að höndum hafa slökkviliðið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur á vatnsæðum í einkaeign eða eign vatnsveitunnar.

13. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal innheimta vatnsskatt af húseignum, er um ræðir í 2. gr., og skal skatturinn miðaður við ákveðinn hundraðshluta af fasteignamatsverði húseignar eftir ákvörðun bæjarstjórnar hverju sinni.

Vatnskatt skal innheimta af öllum húsum í lögsagnarumdæmi bæjarins, sem standa við götu eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja. Nú er hús, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn.

Heimilt er vatnsveitunni að ákveða vatnskatt af óbyggðum lóðum, er liggja að götu, vegi eða opnu svæði, þar sem vatnsæðar liggja.

Aukavatnsskatt skal leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra er nota vatn til annars en heimilisþarfa.

Aukavatnskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun og ákveður bæjarstjórn, með samþykki ráðherra, gjald fyrir hvern rúmmetra.

Þar sem svo hagar til, sem í 4. mgr. segir, skal vatnsmagn annað hvort mælt með vatnsmælum eða áætluð af bæjarverkfræðingi.

181 Nú sættir húseigandi og/eða vatnsnotandi sig eigi við ákvörðun vatnsveitunnar
11. des. á aukavatnsskatti og getur hann þá krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið, eftir vali vatnsveitunnar, og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákveðinn hlutfallslega við þá mælingu.

Ef ástæða þykir, getur vatnsveitan með samþykki bæjarstjórnar ákveðið, að vatn til heimilisþarfa verði selt eftir mæli, enda verði um það sett sérákvæði.

14. gr.

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert og ber að greiða skattinn til bæjargjaldkera. Skatturinn skal reiknast í heilum krónum.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn samkvæmt mæli eða áætlun, er heimilt að greiða skattinn á 4 gjalddögum, í lok hvers ársfjórðungs, eftir nánari ákvörðun vatnsveitunnar.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

15. gr.

Þar sem vatn er selt samkvæmt mæli (sjá 13. gr.), greiðir húseigandi kostnað við uppsetningu mælisins og allan viðhaldskostnað.

Ef maður rýfur innsigli vatnsmælisins varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Vatnsveitan er eigandi mælisins og greiðir húseigandi fyrir afnot hans endurgjald, er bæjarstjórn ákveður.

Lögn vatnsæða innanhúss á jafnan að vera þannig háttað, að hægt sé að nota einn mæli fyrir hvert innanhússkerfi (sjá 6. og 9. gr.).

Verði vatnsmæli eigi komið fyrir án breytinga á vatnslögn, er húseiganda skylt að láta breyta lögninni á eigin kostnað.

Vatnsveitan ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað.

Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða var við.

16. gr.

Verði vatnsnotandi uppvís að óhóflegri notkun vatns, hlíti ekki fyrirmælum vatnsveitunnar um viðhald eða breytingu vatnsæða, hefur vatnsveitan rétt til þess að loka heimæð hans að undangenginni aðvörun.

Vatnsveitunni er heimilt að skammta vatn til annars en heimilisnotkunar. Enn fremur getur hún krafizt þess, að fyrirtæki, er mikið vatn nota, afli sér sparneytnari véla eða setji upp geyma til söfnunar vatns að næturlagi. Ef fyrirmælum vatnsveitunnar er eigi sinnt innan hæfilegs frests, er heimilt að loka fyrir heimæð fyrirtækisins.

Vatnsveitunni er heimilt að taka gjald fyrir opnun heimæðar, sem lokað hefur verið af ofangreindum ástæðum og skal það sett í gjaldskrá.

17. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar án leyfis vatnsveitunnar.

Sé leyfi veitt til slíkrar tengingar, er það háð því skilyrði, að þannig sé frá dælu gengið, að hávaði frá henni valdi eigi óþægindum í öðrum húsum.

Vatnsveitan getur krafizt þess, að húseigandi geri sérstakar ráðstafanir til deyfingar á hávaða frá dælu.

18. gr. 181

Vatnsæðar skulu þannig tengdar, að eigi sé hætta á, að vatnið í æðunum óhreinkist. 11. des.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitunnar og einkavatnsæðar frá öðrum vatnsbólum.

19. gr.

Vatnsveitan getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, er samþykkt þessi fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá samþykktinni, ef hún telur gildar ástæður til slíks.

20. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um vatnsveitu Hafnarfjarðarkaupstaðar, nr. 191 5. okt. 1943, með breytingu nr. 175 9. ágúst 1950.

Félagsmálaráðuneytið, 11. desember 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ 182

12. des.

um fasteignaskatt í Keflavík.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Keflavíkur skal greiða fasteignaskatt af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Keflavíkur eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum 2%
2. — húseignum og öðrum mannvirkjum 1%
3. — túnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og löndum 0.5%

3. gr.

Skattinn skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái fasteignamatsvirðing eignar ekki 100 kr. greiðist enginn skattur.

4. gr.

Eigandi fasteignar greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða, þá greiðir ábúandi eða leigjandi skattinn.

182 5. gr.
12. des. Gjalddagi fasteignaskatts, samkv. reglugerð þessari er 2. janúar ár hvert, í fyrsta sinni 2. janúar 1959, og ber að greiða skattinn hjá bæjargjaldkera.

6. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti samkv. reglugerð þessari eru allar fasteignir bæjarsjóðs Keflavíkur aðrar en lóðir og lönd, sem seld eru á leigu.

Enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtanahalds, skólahús, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annarra ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Hið sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum, og lóðir sem eru til opinberra þarfa.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðilum að skjóta málinu til dómstólanna.

7. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

8. gr.

Fasteignaskatt má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Keflavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 67 frá 1945, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. desember 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

183
12. des.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Kópavogskaupstaðar.

1. gr.

Kópavogskaupstaður hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.

2. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi bæjarráðs eða þess aðila, sem hún felur umsjón vatnsveitunnar og eftirlit með henni.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Heimilt er henni að ráða sérstakan umsjónarmann, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu. Bæjarstjórn hefur á hendi reikningshald vatnsveitunnar og innheimtu. Reikningsárið er almanaksárið og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoðaðir með bæjarreikningum ár hvert.

4. gr. 183

Þeir einir pípulagningameistarar, sem fengið hafa löggildingu bæjarráðs Reykja- 12. des.
víkur eða viðurkenningu vatnsveitu Reykjavíkur og enn fremur viðurkenningu bæjarráðs Kópavogs, mega annast þær vatnslagnir í götum og húsum í kaupstaðnum, sem tengjast eiga við vatnsveitukerfið. Starfsmenn vatnsveitu Kópavogskaupstaðar, svo og starfsmenn vatnsveitu Reykjavíkur, skulu hafa óhindraðan aðgang að húsalögnum til eftirlits, og er þeim heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og þau tæki og mæla, sem sett kunna að verða í sambandi við þær. Þyki umsjónarmanni bæjarins útbúnaði að einhverju leyti ábótavant, skal tafarlaust bæta úr því á kostnað eiganda.

5. gr.

Skylt er hverjum húseiganda að greiða sjálfur kostnað við lagningu vatnsæðar úr götulögnum í húseign sína, halda þeim vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða þær bila. Sérstaklega skal hann gæta þess, að þær séu svo um búnar, að ekki sé hætta á að frjósi í þeim. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

6. gr.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis bæjarráðs eða þess aðila, sem það felur slökkviliðsstarf í kaupstaðnum. Sérstakt leyfi bæjarráðs þarf til þess að setja vatnshreyfivélar í samband við vatnsæðar.

7. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að ganga svo frá lögnum sínum að fullnægjandi þyki að dómi umsjónarmanns eða vanrækja að gera við leka í pípum eða tækjum í sambandi við þær, eða eyða vatni að óþörfu, svo og fyrir þeim, sem ekki greiða gjöld til vatnsveitunnar á réttum gjalddaga eða efni, vinnu og annað, sem vatnsveitan kann að leggja til vegna húslagna þeirra. Fullan vatnsskatt ber að greiða fyrir hús, þótt vatnsæðum sé lokað eða vatnsrennsli takmarkað vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra ástæðna.

8. gr.

Fyrir hvert íbúðarhús, sem fær vatn frá vatnsveitu bæjarins, skal greiða tengigjald, kr. 500.00 fyrir einbýlishús, kr. 200.00 fyrir aðra íbúð í húsi og kr. 100.00 fyrir hverja íbúð úr því.

Fyrir útihús, tilheyrandi íbúðarhúsi, svo sem gripahús, gróðurhús, smáverkstæði o. s. frv., sem vatnslögn er lögð í frá einni og sömu heimtaug, greiðist eigi sérstaklega.

Fyrir hús önnur en íbúðarhús, sem sérstök heimtaug er lögð til, skal greiða tengigjald, kr. 500.00—1000.00, eftir mati bæjarráðs.

Tengigjald skal greiðast að fullu áður en tenging fer fram.

9. gr.

Nú eru hús sambyggð, en aðskilin með brunagöflum, og telst þá sérstakt hús sá hluti, sem er milli brunagafla. Ef fleiri íbúðir en ein eru í húsi og íbúðir í séreign, skal heildarupphæð tengigjalds skiptast milli eigenda íbúðanna hlutfallslega eftir tölu íbúðanna, er þeir eiga.

10. gr.

Af hverju íbúðarhúsi, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveitu kaupstaðarins, skal greiða árlegan vatnsskatt til vatnsveitunnar 1% af fasteignamatsverði, en þó er lágmarksupphæð skattsins kr. 250.00 af hverri íbúð. Heimilt er bæjarstjórn að

183 lækka skattinn, sé sýnt að tekjur vatnsveitunnar nemi meira en árlegum kostnaði
12. des. af henni.

Nú stendur íbúð ónotuð um hálft ár eða meira og má þá fella niður helming vatnsskatts.

11. gr.

Auk vatnsskatts samkv. 10. gr. skal greiða vatnsskatt fyrir hreyfivélar, gosbrunna, verksmiðjur og verkstæði, baðhús, hvers konar þvottastöðvar, efnalaugar, veitingastaði, sláturhús, iðnaðarfyrirtæki og fyrir vatn til hvers konar slíkrar notkunar umfram venjulega heimilisnotkun.

Aukavatnsskatt samkv. 1. mgr. skal innheimta eftir mati bæjarráðs.

Nú sættir húseigandi eða vatnsskattsgreiðandi sig ekki við ákvörðun bæjarráðs um aukavatnsskatt, og getur hann þá krafizt þess, að matsnefnd um vatnsnot Kópavogshrepps, sbr. samning borgarstjórans í Reykjavík og hreppsnefndar Kópavogshrepps frá 21. október 1949, úrskurði ágreiningsatriði.

Bæjarráð ákveður verð á vatni, sem selt er til skipa eða hafnarsjóðs í Kópavogi, þó ekki undir kr. 2.00 fyrir hvern teningsmetra.

12. gr.

Vatnsskattur samkv. reglugerð þessari fellur í gjalddaga 2. janúar ár hvert og greiðist til bæjargjaldkera.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Kópavogshrepps nr. 172 14. sept. 1951.

Félagsmálaráðuneytið, 12. desember 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

184 **REGLUGERÐ**
12. des.

um holræsi og holræsagjald fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Þar sem bæjarstjórn hefur látið leggja holræsi í götu, vegi eða á opnu svæði, er húseiganda skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsi og lóð skal einnig, að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í húsræsið. Ef húseigandi vanrækir að leggja ræsi á hæfilegum fresti, er bæjarverkfræðingur tiltekur, skal verkið unnið á hans kostnað.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt, skal hann skýra verkfræðingi bæjarins frá því, og fá samþykki þar til. Lega, halli, stærð og gerð pípna, brunna, vatnslása og yfir höfuð alls þess, sem skolplögninni innan- og utanhúss til heyrir, skal ákveðið í samráði við bæjarverkfræðing. Hann skal hafa umsjón með verk-

inu, og er húseiganda skylt að hlýða fyrirmælum hans í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur. Sé um stórt hús að ræða eða mikla lögn, má bæjarverkfræðingur krefjast uppdráttar, er sýni glögglega alla tilhögun lagnarinnar. Rísi ágreiningur á milli bæjarverkfræðings og húseiganda út af holræsalögn, skal bæjarráð skera úr. **184** 12. des.

3. gr.

Kostnaður við holræsagerð bæjarins greiðist úr bæjarsjóði, en til þess að standast útgjöld þau, er stafa af lagningu holræsanna, ber hverjum þeim, er hús á eða lóð við götu, veg eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, að greiða árlega til bæjarsjóðs 1½ af þúsundi af fasteignamatsverði húss og lóðar, og enn fremur 3 kr. fyrir hvern metra lóðar, sem telst til hlutaðeigandi götu, vegar eða opins svæðis húsræsismegin, hvort heldur er um framlóð eða baklóð að ræða. Nú leggur húseigandi holræsi frá húsinu í annað aðalræsi, en holræsi þeirrar götu, vegar eða þess opins svæðis, er hús hans telst til, og greiðir hann þá metragjaldið af þeirri hlið lóðar sinnar, sem hann leggur húsræsið út frá.

Sérstaka ívilnun eða undanþágu má þó veita, ef lóð er svo háttað, að erfiðara er að koma skolpi eða afrennsli frá henni í aðalræsið en frá öðrum lóðum yfirleitt, og einnig má leggja sérstakt aukagjald, ef skolp frá einhverri lóð er svo á sig komið að telja má meiri útgjöld stafa af því en öðru skolpi.

Heimilt er að ákveða holræsagjald af óbyggðum lóðum, er liggja að götu, vegi eða opnu svæði, þar sem holræsi liggur.

4. gr.

Holræsagjald greiðist af lóðareiganda og hefur hann einn ábyrgð á greiðslu þess. Gjaldið hefur lögtaksrétt, og er það tryggt með lögveðrétti í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er 1. júlí, en kostnað við holræsagjaldið skal greiða til bæjargjaldkera. Gjaldið skal reikna í heilum krónum.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum, allt að 1000 krónum, er renna í ríkissjóð.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 76 26. okt. 1928, um holræsagjald fyrir Hafnarfjarðarkaupstað með breytingu nr. 174 9. ágúst 1950.

Félagsmálaráðuneytið, 12. desember 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

185
12. des.

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu Hafnarfjarðar.

Af fasteignamatsverði húsa skal greiða árlegan vatnsskatt 0.6%.

Ef hús, er greiða ber af vatnsskatt, eru ekki virt fasteignamatsverði eða húsin eru utan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, ákveður vatnsveitan skattinn.

Verksmiðjur, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki svo og aðrir, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa, skulu greiða aukavatnsskatt, annað hvort samkvæmt mæli, með 120 aurum fyrir hvern teningsmetra, eða þá skal vatnsveitan ákveða aukavatnsskattinn samkvæmt áætlaðri notkun.

Gjald fyrir uppsetningu vatnsmæla:

5— 7 m³ mælir kr. 300.00.
10—20 — — — 450.00.
50—80 — — — 750.00.

Leiga fyrir vatnsmæla:

5— 7 m³ mælir kr. 20.00 á mánuði.
10—20 — — — 25.00 - —
50—80 — — — 60.00 - —

Gjald fyrir enduropnun heimæðar kr. 100.00.

Gjald fyrir vatn, sem selt er til skipa, er kr. 15.00 fyrir hvern teningsmetra og greiðist við afhendingu.

Sé vatn afgreitt í nætur- eða helgidagavinnu, er afhendingarmanni heimilt að taka sérstaka þóknun vegna þeirrar afgreiðslu.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. desember 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

186
15. des.

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurhöfn, nr. 47 8. apríl 1949, sbr. reglugerð nr. 9 14. jan. 1953 og nr. 22 17. febr. 1955.

1. gr.

Lestagjald, samkvæmt 33. gr. reglugerðarinnar, hækki um 30%.

2. gr.

Vitagjald, samkvæmt 34. gr. reglugerðarinnar, hækki um 50%.

3. gr.

Bryggjugjald, samkvæmt 35.—36. gr. reglugerðarinnar, hækki um 50%.

186
15. des.

4. gr.

Hafnsögugjöld, samkvæmt 41. gr. reglugerðarinnar, hækki um 30%.

5. gr.

Vörugjöld, samkvæmt 47. og 48. gr. reglugerðarinnar, hækki um 50%, með þeirri undantekningu, að vörugjöld af benzíni, steinolíu og eldsneytisolíum hækkar um 25%.

6. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast gildi 1. janúar 1959.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 15. desember 1958.

Eysteinn Jónsson.

Páll Pálmason.

187
15. des.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 245 29. nóv. 1950, sbr. reglugerð nr. 123 12. júní 1953.

1. gr.

Lestagjald, samkvæmt 50. gr. reglugerðarinnar, hækki um 30%.

2. gr.

Vitagjald, samkvæmt 51. gr. reglugerðarinnar, hækki um 50%.

3. gr.

Bryggjugjald, samkvæmt 52. gr. reglugerðarinnar, hækki um 50%.

4. gr.

Hafnsögugjald, samkvæmt 57. gr. reglugerðarinnar, hækki um 30%.

5. gr.

Vörugjöld, samkvæmt 64. gr. reglugerðarinnar, hækki um 50%, með þeirri undantekningu, að vörugjald af benzíni, steinolíu og eldsneytisolíum hækkar um 25%, en vörugjald af sementi lækkar um 50%, úr kr. 1.20 fyrir hver 100 kg í 60 aura fyrir hver 100 kg.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1959.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 15. desember 1958.

Eysteinn Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

188
19. des.

AUGLÝSING

um innheimtu skemmtanaskatts árið 1959.

Ákveðið hefur verið að nota heimild laga frá 2. desember 1958 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1959. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenzkum kvikmyndum.

Menntamálaráðuneytið, 19. desember 1958.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.

189
27. des.

AUGLÝSING

um notkun heimildar í lögum frá 15. desember 1958 um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 15. desember 1958 og innheimta á árinu 1959 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a) Með 100% viðauka stimpilgjald af afsölum fyrir fasteignum, vitagjald samkvæmt lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
b) Með 140% viðauka stimpilsgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum, lestagjald og leyfisbréfagjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
c) Með 200% viðauka gjöld samkvæmt IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkvæmt 58. gr. laganna.
d) Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla með 50% álagi.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1958.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Sigtr. Klemenzson.

AUGLÝSING

190
27. des.

um niðurfelling aðflutningsgjalda af nokkrum vörutegundum.

Samkvæmt heimild í lögum frá 5. desember 1958 um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., hefur ríkisstjórnin ákveðið, að á árinu 1959 skuli fella niður verðtoll af:

a) Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
b) Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
c) Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.

Enn fremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður verðtoll og vörumagnstoll af kaffi, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár, og sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1958.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Sigtr. Klemenzson.

REGLUGERÐ

191
29. des.

um söluskatt.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð söluskatt af vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar á árinu 1959, eins og nánar er fyrir mælt í 2.—4. gr. hér á eftir, og af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja árið 1959, eins og nánar er tiltekið í 5.—11. gr. hér á eftir.

Söluskattur af innfluttum vörum.

2. gr.

Af tollverði allrar innfluttrar vöru skal greiða 7% söluskatt, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði —, og tekur gjaldskyldan einnig til vara til ríkisstofnana og annarra aðila, svo og til gjafa, sýnishorna o. þ. h. Undanþegnar söluskattinum eru vörur þær, sem taldar eru í 2. gr. tollskrárlaganna og viðgerðir á skipum og flugvélum, svo og vörur þær, sem taldar eru undir 3. gr. hér á eftir.

Í 1. málsgr. 10. gr. tollskrárlaganna segir fyrir um það, hvað sé tollverð vöru. Frá þeirri reglu gildir sú undantekning, að ekki skal telja farmgjald í tollverði sykurs, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrárinnar.

3. gr.

Undanþegnar söluskatti eru þessar innflutningsvörur, auk þeirra, sem taldar eru í 2. gr. tollskrárlaganna:

Tollskrá:

Kafli.	Nr.	
2	1—18	Flesk og annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, ót. a.
3	1—5	Fiskur, nýr, ísvarinn, frystur, saltaður, þurrkaður eða reyktur.
4	1—6	Mjólk, mjólkurafurðir og ný egg.

191 Tollskrá:

29. des.

Kafli.	Nr.	
7	1—8	Grænmeti, nýtt eða þurrkað.
9	16a	Síldarkrydd, blandað.
10	1	Hveiti, ómalað.
	4	Bygg, ómalað.
	5	Hafrar, ómalaðir.
	6	Maís, ómalaður.
11	4	Mjöl úr byggi.
	6	Mjöl úr maís.
	12	Grjón úr maís (kurlaður maís).
	22	Klíð.
	23	Glútín.
12	5	Alfaalfa (lucernemjöl).
17	9	Melassi.
22	6—38	Drúfuvín, brennd vín og aðrir áfengir vökvar, ót. a.
23	2	Fóðurmjöl úr fiski og fiskúrgangi, einnig þótt í því séu jurtaefni.
	3—10	Olíukökur og mjöl úr þeim.
	11	Melassifóður.
	12	Blöndur af korntegundum og öðrum efnum, ót. a., sem eingöngu verða notaðar sem skepnufóður.
25	9	Borðsalt.
	10	Annað salt.
27	1	Steinkol og brúnkol.
	2	Koks.
	14	Steinolía, óhreinsuð (hráolía).
	15	Flugvélabenzín.
	17	Aðrar brennsluolíur til véla, ót. a.
	18	Smurningsolíur.
28	39	Kalsíumkarbonat, fellt.
	58a	Netjatjara og netjalitur.
30	2	Barkarlitur.
	8	Krít, þvegin.
32	6	Vélaáburður og annar þvílíkur áburður úr feiti og feitum sýrum.
35	1—10	Tilbúinn áburður.
36	1	Saltaðar og blásteinslitaðar nautshúðir í botnvörpur.
39 A	2	Umbúðablöð og hólkar úr plasti, ólitað, einnig áletrað, ef áletrunin ber það með sér, að það sé ætlað utan um íslenzkar afurðir til útflutnings.
	6a	Plastflot til netjagerðar.
	11a	Netjakúlur úr plasti.
39 B	19b	Gúmmíbjörgunarbátar.
40	7	Ósagaður trjáviður í fisktrönur.
	21	Tunnustafir, tunnubotnar og tunnusvigar úr trjáviði.
	22	Spons úr trjáviði.
	23	Siglugjarðir úr trjáviði.
	24	Annað tilsniðið tunnuefni úr trjáviði.
	26	Trékassar, hálfunnir eða tilsniðnir.
	27	Aðrir trékassar.
	28	Síldartunnur.
	46	Botnrúllur (bobbingar) úr trjáviði.

	47	Botnvörpuhlerar úr trjáviði.
41	1	Korkplötur, óunnar.
	6	Netja- og nótakorkur alls konar.
42	2	Strámottur til umbúða.
44	11	Dagblaðapappír.
	17	Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, áprentaður eða óáprentaður, sem vegur allt að 100 g/m^2.
45	3	Erlendar bækur, blöð og tímarit.
	6	Frímerki íslenzk, ónotuð.
	8	Peningaseðlar, hlutabréf, skuldabréf og önnur þvílík verðbréf.
46 B	1	Óspunnir nylonþræðir til netjagerðar.
	5	Netjagarn úr nylon, einlitt.
48	6	Netjagarn úr baðmull.
49	2	Hampur.
	5	Netjagarn úr hör eða ramí.
	8	Netjagarn úr hampi.
	9	Botnvörpugarn úr hampi.
	16	Mottur til umbúða.
	22	Umbúðastrigi úr jútu.
50	12	Færi og línur til fiskveiða.
	13	Öngultaumar.
	17	Grastóg.
	18	Kaðlar, einnig þótt í þá sé lagður málmþráður.
	19	Fiskinet og fiskinetjaslöngur úr nylon og öðrum gerviþráðum.
	19a	Fiskinet og fiskinetjaslöngur úr öðrum vefjarefnum.
	21	Netjateinungar með blýi eða korki.
	22	Lóðarbelgir.
52	30	Fiskimjölspokar, þ. e. stórir jútupokar undir fiskimjöl, ull o. þ. h.
60	15	Netjakúlur úr gleri.
62	1	Mynt.
	2	Heiðursmerki.
63	11	Gjarðajárn.
	26a	Fiskkörfur úr járni, stáli eða öðrum járnlegeringum.
	27	Vírkaðlar, einnig þótt í þeim séu spunaefnaþræðir.
	92	Vörpujárn, „bobbingar“ og aðrir botnvörpuhlutar úr járni, ót. a.
	97	Netjakúlur úr járni, stáli eða öðrum járnlegeringum.
64	13	Veiðarfæralásar og hringir í herpinætur o. þ. h.
66	6	Netjakúlur úr alúmíníum eða alúmíníumlegeringum.
	10	Fiskkassar úr alúmíníum eða alúmíníumlegeringum.
67	5	Blýlóð (sökkur), svo og nótablý.
71	25	Málmþynnur, sem eru minna en 0.25 mm að þykkt og með áletrun, sem ber það með sér, að þynnurnar séu ætlaðar utan um íslenzkar afurðir.
73	78	Röntgentæki og hlutar til þeirra.
75	3	Snjóbifreiðar.
76	1	Flugvélar og hlutar til þeirra.
	1a	Fallhlífar og tilheyrandi.
	2—3	Skip og bátar 10 tonn og stærri.
	4	Herpinótabátar.

191 Tollskrá:
29. des.

Kafli.	Nr.	
77	16	Radartæki, dýptarmælar og fisksjár.
	35	Gervilimir og umbúðir um lamað fólk.
81	6	Hvalveiðiskutlar.
84	9	Fiskiönglar.
87	1	Listaverk.
	2	Frímerki, ót. a., og önnur slík merki.
	3	Safnmunir til opinberra safna.

4. gr.

Söluskatt af innfluttum vörum skal greiða til tollyfirvaldanna — tollstjórans í Reykjavík, bæjarfógeta í öðrum kaupstöðum, sýslumanna í sýslum og lögreglustjóra í kauptúnum — með öðrum aðflutningsgjöldum.

Ákvæði laga nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., laga nr. 86/1956, um tollheimtu og tolleftirlit, reglugerðar nr. 41/1957, um sama efni, reglugerðar nr. 122/1940, um tollmeðferð aðfluttra vara, og reglugerðar nr. 124/1938, um tollmeðferð aðfluttra póstsendinga, skulu gilda eftir því, sem við á um söluskatt af innfluttum vörum.

Söluskattur af sölu og annarri veltu.

5. gr.

Atvinnufyrirtæki og aðrir aðilar, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða skatt af sölu sinni og annarri veltu. Einnig skulu þessi ríkisfyrirtæki og aðrir aðilar, sem eru skattfrjálsir eftir lögum nr. 46/1954, greiða söluskatt þann, sem hér um ræðir:

Ferðaskrifstofa ríkisins.
Rekstur kvikmyndahúsa og annarra skemmtistaða.
Landssmiðjan.
Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.
Ríkisútvarpið.
Útgerð skipa.
Viðgerðarstofa útvarpsins.
Viðtækjasmiðjan.
Viðtækjaverzlunin.

6. gr.

Undanþegið söluskatti af sölu og annarri veltu er eftirtalið:

A.

1. Heildsala, en til heildsölu telst ekki sala fyrirtækja á eigin framleiðslu.
2. Umboðsþóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum. Umboðsviðskipti (umboðssala) eru að öðru leyti skattskyld og greiðist skattur í þeim viðskiptum ekki aðeins af heildarandvirði því, sem gengur til umbjóðandans (framleiðanda eða iðnaðarmanns), heldur og af öllu því andvirði (heildarandvirði því), sem umboðsmaðurinn (smásali eða smásölufyrirtæki) tekur við. Af sölu eða afhendingu bóksala (bókabúða eða annarra smásölufyrirtækja á bókum) í umboðsviðskiptum, skal þó aðeins greiða af umboðsþóknun hans, og einnig skal umboðsmaður, sem framleiðandi eða iðnaðarmaður notar sem millilið milli sín og smásala eða smásölufyrirtækja á sama hátt aðeins greiða af umboðsþóknun (milliliðaþóknun) sinni.
3. Smásala, en þar til telst ekki sala sú, afhending eða útvegun, sem um getur í síðari málslið 2. málsgr. 7. gr. þessarar reglugerðar.

B. 191

Allar vörur, sem samkvæmt 3. gr. eru undanþegnar söluskatti, þó ekki sala á áfengum drykkjum á veitingastöðum, sala trékassa og pappaumbúða til annarra en fiskframleiðenda eða fiskútflytjenda og sala tímarita, sem gefin eru út í ágóðaskyni og seld eru í umboðssölu, svo og umboðssala á erlendum bókum. 29. des.

C.

Eftirtalin starfsemi:

1. Andvirði vöru, sem seld er úr landi, útskipunargjald af henni og flutningsgjald.
2. Akstur vörubifreiða og fólksbifreiða.
3. Flugsamgöngur.
4. Flutningur á sjó á innlendum landbúnaðar- og sjávarafurðum, kolum, koksi, salti, olíum og benzíni.
5. Húsaleiga, þó ekki leigutekjur gistihúsa og samkomuhúsnæðis.
6. Iðgjaldatekjur vátryggingarfélaga.
7. Netjagerð.
8. Nuddlækningar.
9. Rekstur sjúkrahúsa.
10. Prentun, útgáfa og sala innlendra dagblaða, vikublaða og tímarita, sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni.
11. Sala fasteigna, skipa, einkaleyfa, verðbréfa og krafna.
12. Sala þeirra, sem ekki eru bókhaldsskyldir samkvæmt lögum nr. 62/1938, ef skattskyld velta þeirra yfir árið nemur ekki yfir kr. 30 000.00.

    Nú leikur vafi á því, hvort einhver njóti undanþágu samkvæmt þessum lið, vegna þess að fyrir fram verður ekki vitað, hvort söluskattskyld velta muni nema ofangreindu lágmarki, og skal þá aðili leita úrskurðar skattanefndar eða skattstjóra um, hvort söluskatti skuli bætt við verð vörunnar. Hafi söluskatti verið sleppt með leyfi skattanefndar, fellur leyfið jafnskjótt niður, ef í ljós kemur, að veltan muni ná skattskyldu lágmarki.
13. Skóviðgerðir.
14. Smíði á skipum og bátum.
15. Tannlækning og tannsmíði.
16. Vinna og efnissala viðgerðarverkstæða og annarra verktaka vegna skipaviðgerða þeirra.
17. Framleiðsla vara úr kjöti að því leyti, að iðnaðarfyrirtæki, sem notað hefur kjöt í framleiðslu sína, er heimilt við framtal til söluskatts að draga frá söluverði kjötvarningsins innkaupsverð kjötsins. Undanþága þessi tekur ekki til veitinga, tilbúins matar og matrétta, hvort sem matreitt er eða selt á veitingastöðum, í verzlunum eða annars staðar, eða til sölu eða framreiðslu smurðs brauðs með kjötáleggi eða þess háttar.
18. Frysting, geymsla og reyking á kjöti og fiski.
19. Slátrun búfjár.
20. Framleiðsla gervilima og umbúða um lamað fólk.

7. gr.

Af sölu og annarri veltu þeirra aðila, sem skattskyldir eru samkvæmt reglugerð þessari, skal greiða 3% — þrjá af hundraði — í söluskatt.

Skattskyldan nær til hvers konar framleiðslu, iðnaðar og þjónustu, þar með talin umboðssala (umboðsviðskipti), sölu eða afhendingar, vinnu og þjónustu látinnar í té af iðnaðarmönnum og iðnaðarfyrirtækjum, matsölu-, veitinga- og gistihúsum, sýninga í kvikmyndahúsum, leikhúsum, flutningastarfsemi, lausafjárleigu og annarrar sölu, veltu eða viðskipta en þeirra, sem eru undanþegin samkvæmt

191 6. gr. reglugerðar þessarar. Tekur skattskyldan þannig til þess, ef framleiðendur,
29. des. verksalar, viðgerðarmenn og aðrir slíkir aðilar láta í té vörur af eigin birgðum, frá fyrirtækjum í sambandi eða félagi við þá eða ef þeir útvega og láta í té vörur frá öðrum með eða án álagningar, enda vinni þeir, starfsmenn þeirra eða fyrirtæki að vörunum á einhvern hátt og tekur það til hvers konar viðgerða eða annarrar aðvinnslu.

Nú kaupir innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi eða fær afhenta vöru til framleiðslu sinnar frá öðrum innlendum iðnaðarmanni eða framleiðanda, sem búið hefur vöruna til eða unnið að henni, og í viðskiptum þeirra er söluskatti bætt við verð eða verðmæti vörunnar, og skal þá endurgreiða söluskattinn vegna þessara viðskipta eftir nánari reglum, settum af fjármálaráðherra. Sama gildir um aðvinnslu á vörum, sem innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi fær annan innlendan iðnaðarmann eða framleiðanda til að gera á framleiðsluvöru sinni.

Söluskattur vegna viðskipta miðast við heildarandvirði vöru eða heildarveltu (sjá þó 6. gr. A 2) án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, er verið er að leggja á, greiða og halda eftir, og án tillits til þess, í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Sé um að ræða skipti á vörum og þjónustu, afhendingu vara án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki eða ef greitt er í vörum eða í þjónustu, skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Komi upp ágreiningur um það, hvað sé almennt gangverð í viðskiptum af þessu tagi eða hvort um sams konar viðskipti sé að ræða, sker ríkisskattanefnd úr þeim ágreiningi til fullnaðar.

Vanræki einhver að leggja söluskatt á vöru án leyfis skattanefndar, verður veltan eigi að síður skattskyld, ef hún fer yfir skattskylt lágmark, nema sérstakar málsbætur séu.

Nú hefur söluskattur verið innheimtur í söluverði vöru eftir fyrirmælum skattanefndar eða án þeirra, en ársvelta eigi náð skattskyldu lágmarki, og skal þá aðili greiða söluskatt fyrir þann hluta árs eða þann hluta vörusölu, þar sem reiknað hefur verið með skattinum.

8. gr.

Atvinnufyrirtæki og aðrir aðilar, sem greiða skulu söluskatt af sölu sinni og annarri veltu, eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari, skulu senda skattstjóra eða skattanefnd skýrslu um sölu sína á hverjum ársfjórðungi, þ. e. janúar—marz, apríl—júní, júlí—september og október—desember. Skal skýrslan afhent í síðasta lagi innan 15 daga frá lokum hvers ársfjórðungs. Einnig skulu hinir skattskyldu aðilar innan sama frests greiða til innheimtumanna ríkissjóðs söluskatt þann, er þeim ber að standa skil á fyrir ársfjórðunginn. Síðasti dagur framtalsfrestsins telst gjalddagi alls skattsins fyrir þann ársfjórðung, hvort sem skatturinn er talinn fram eða ekki.

Skattstjóri eða skattanefnd skulu síðan yfirfara skýrslurnar og leiðrétta skattinn, ef hann er rangt upp gefinn. Einnig skulu þessir aðilar áætla skatt af sölu fyrirtækja, sem enga skýrslu senda, og skal þessu hvoru tveggja lokið fyrir 1. dag næsta mánaðar eftir ársfjórðungsskiptin og skattupphæðin tilkynnt innheimtumanni og skattgreiðanda.

Sá, er vöru selur eða lætur í té þjónustu, sem söluskatt ber að greiða af, ábyrgist skilvísa greiðslu skattsins til innheimtumanns ríkissjóðs. Hafi einhver eigi greitt skattinn innan mánaðar frá gjalddaga, skal hann greiða 1% í dráttarvexti fyrir hvern byrjaðan mánuð frá gjalddaga. Þá má og innheimtumaður láta lögregluna stöðva atvinnurekstur hans, þar til full skil eru gerð, með því m. a. að setja verkstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli.

9. gr. 191

Þeir, sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra eða skattanefndar á söluskatti, geta kært hann til þeirra innan 10. næsta mánaðar eftir að skatturinn var ákveðinn. Skattstjóri eða skattanefnd skulu kveða upp úrskurð um kæruna og tilkynna úrskurðinn í ábyrgðarbréfi fyrir 20. sama mánaðar. Úrskurðum þeirra má áfrýja til yfirskattanefnda og síðan til ríkisskattanefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Kærufrestur til þessara nefnda eru 15 dagar og úrskurðarfrestir þeirra jafnlangir. 29. des.

Áfrýjun skattákvörðunar og deila um skattskyldu frestar ekki eindaga skattsins né neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans, en ef skattur er lækkaður eftir úrskurði eða dómi, skal þegar endurgreiða það, sem lækkuninni nemur.

10. gr.

Skattstjórum og skattanefndum er heimilt að krefjast af gjaldendum hverra þeirra gagna, sem telja má nauðsynleg til skýringar á framtalinu. Gefi gjaldandi ekki skýrslu um sölu sína og viðskipti á tilskildum tíma eða telji skattstjóri eða skattanefnd framtali ábótavant, skal þeim heimilt að áætla sölu og aðra veltu gjaldanda og ákveða gjaldið eftir því.

Skattstjóri og skattanefnd skulu hafa aðgang að þeim gögnum opinberra skrifstofa, sem fjármálaráðuneytið telur nauðsynlegt til endurskoðunar framtala og ákvörðunar skattsins.

11. gr.

Um viðurlög fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar um söluskatt af sölu og annarri veltu fer samkvæmt lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 35/1950, um verðlagseftirlit o. fl.

12. gr.

Verð vöru og þjónustu má hækka sem söluskatti nemur, en óheimilt er að hækka álagningu verzlana og fyrirtækja hans vegna. Söluskatt af sölu og annarri veltu skal bæta álagningarlaust við leyfilegt söluverð.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, með breytingum, sem leiða af 2.—4. gr. laga nr. 112 1950 og lögum nr. 71/1958, um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1958.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Jón Skaftason.

192
22. des.

REGLUGERÐ
um yfirvinnu starfsmanna ríkisins.

1. gr.

Skylt er starfsmönnum að vinna yfirvinnu, sem yfirboðarar telja nauðsynlega. Þó er engum starfsmanni, nema þeim, er gegnir lögreglustörfum eða annarri öryggisþjónustu, skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur þriðjungi af lögmæltum vikulegum vinnutíma.

Á laun fyrir yfirvinnu skal greitt 50—100% álag. Yfirvinnukaup skal ákveða með hliðsjón af föstum launum starfsmannsins, miðað við 1800 klst. árlegan vinnutíma.

Yfirvinnutaxtar skulu vera sem hér segir:

Starfsmenn er taka

laun	samkvæmt	VII.	launafl.	kr.	22.26	á klst.	auk	álags	og	verðlagsuppbótar.
—	—	VIII.	—	—	20.85	- —	—	—	—	—
—	—	IX.	—	—	19.43	- —	—	—	—	—
—	—	X.	—	—	18.20	- —	—	—	—	—
—	—	XI.	—	—	16.78	- —	—	—	—	—
—	—	XII.	—	—	15.81	- —	—	—	—	—
—	—	XIII.	—	—	14.36	- —	—	—	—	—
—	—	XIV.	—	—	12.89	- —	—	—	—	—
—	—	XV.	—	—	11.45	- —	—	—	—	—

Álag verður sem hér segir:

Á eftirvinnu (allt að 4 klst. á dag): 50%.

Á nætur- og helgidagavinnu: 100%.

Næturvinna telst frá kl. 21—8, en helgidagavinna frá kl. 17 á laugardögum.

Yfirvinna skal greidd í einu lagi eftir á fyrir hvern mánuð.

2. gr.

Heimilt er að víkja frá ofangreindum reglum um yfirvinnu og yfirvinnukaup, þegar sérstaklega stendur á og nauðsyn krefur, og skal leita þar um tillagna BSRB.

3. gr.

Öll vafa- og ágreiningsatriði um framkvæmd reglugerðar þessarar skal leggja undir úrskurð nefndar þeirrar, sem skipuð er samkvæmt 25. gr. launalaganna.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 92/1955, um laun starfsmanna ríkisins, og öðlast gildi 1. jan. 1959. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 143 21. okt. 1958, um yfirvinnu starfsmanna ríkisins.

Fjármálaráðuneytið, 22. desember 1958.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

REGLUGERÐ

193
23. des.

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Hólmavíkurkauptún, nr. 95 28. maí 1951.

1. gr.

b-liður 15. gr. orðist þannig:

Skip stærri en 12 rúmlestir brúttó, sem ganga eftir föstum auglýstum ferðaáætlunum, greiði 20 aura fyrir hverja brúttó rúmlest í hvert skipti, sem þau koma til hafnar.

c-liður sömu greinar orðist þannig:

Öll önnur skip stærri en 12 smálestir brúttó, sem til hafnarinnar koma, nema herskip (varðskip), skip sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, skip sem hafa skírteini sem skemmtiskip og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda, skulu greiða 50 aura lestagjald fyrir hverja brúttó rúmlest.

e-liður sömu greinar orðist þannig:

Liggi skip lengur við bryggju en einn sólarhring, ber því að greiða 7 aura á hverja brúttó rúmlest í bryggjugjald, fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring, sem fram yfir er.

2. gr.

21. gr. orðist þannig:

Vörugjaldskrá.

1. Aðfluttar vörur.

1. flokkur. Gjald 2.50 kr. hver 100 kg:
   Kornvörur, sykur.
2. flokkur. Gjald 1.50 kr. fyrir hver 100 kg:
   Kol, fóðurvörur, áburður.
3. flokkur. Gjald 1.50 kr. hver 100 kg:
   Salt.
4. flokkur. Gjald 1.50 hver 100 kg:
   Sement.
5. flokkur. Gjald 4.00 kr. hver 100 kg:
   Allar vörur, sem ekki heyra undir aðra flokk og greiðast eftir þyngd.
6. flokkur. Gjald 3.00 kr. hver 100 kg:
   Olía og benzín. Hver tunna kr. 6.00.
7. flokkur. Gjald 60 aurar hver tunna:
   Tómar tunnur og föt, uppsett og óuppsett.
8. flokkur. Gjald 60 aurar hvert teningsfet:
   Timbur.
9. flokkur. Gjald 75 aurar hvert teningsfet:
   Aðrar vörur, sem reiknast eftir máli.
10. flokkur. Gjald 5 kr. fyrir hvern stórgrip og kr. 1.50 fyrir hverja sauðkind.
11. flokkur. Lægsta vörugjald í öllum flokkum er kr. 2.00.

1. Útfluttar vörur.

1. flokkur. Gjald kr. 2.50 hver 100 kg:
   Kjöt.
2. flokkur: Gjald kr. 1.00 hver tunna:
   Síld.

193 23. des.

3. flokkur. Gjald kr. 2.00 hver 100 kg:
Mjólk, skyr, hey.
4. flokkur. Gjald kr. 1.50 hver 100 kg:
Hraðfrystur fiskur og saltfiskur.
5. flokkur. Gjald kr. 4.00 hver 100 kg:
Allar vörur, sem reiknast eftir þyngd, ótaldar áður.
6. flokkur. Gjald kr. 0.60 hvert stykki:
Umbúðir og tómar tunnur.
7. Lægsta vörugjald í öllum flokkum er kr. 2.00.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 23. desember 1958.

Eysteinn Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

194 8. des.

AUGLÝSING

um greiðslu á stóreignaskatti.

Skattur á stóreignir samkvæmt lögum nr. 44/1957 féll í gjalddaga 16. ágúst 1958.

Ber einstaklingum að greiða skattinn nú þegar í peningum til tollstjórans í Reykjavík og sýslumanna og bæjarfógeta utan Reykjavíkur.

Til greiðslu á skattinum er gjaldendum, sem greiða eiga yfir 10 000.00 krónur í skatt á stóreignir, heimilt gegn því að greiða á gjalddaga fyrstu 10 000.00 krónurnar og að minnsta kosti 10% af eftirstöðvum, að greiða afganginn með eigin skuldabréfum, til allt að 10 ára eftir mati ráðuneytisins, tryggðum með veði í hinum skattlögðu eignum.

Skattstofa Reykjavíkur veitir upplýsingar um skuldabréf og veð.

Tilboðum um veð skal skila til skattstofu Reykjavíkur eða sýslumanna og bæjarfógeta eigi síðar en 31. desember næstkomandi.

Eyðublöð fyrir veðtilboð munu innan skamms liggja frammi í skattstofu Reykjavíkur, skrifstofu tollstjóra og hjá sýslumönnum og bæjarfógetum.

Fjármálaráðuneytið, 8. desember 1958.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Jón Skaftason.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1958.

Lög um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis, undirskrifuð af forsetanum 13. nóvember 1958, nr. 61.

Auglýsing um framlenging viðskiptasamnings milli Íslands og Kúbu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 5. nóvember 1958, nr. 62.

Auglýsing um samkomulag um viðskipti milli Íslands og Tékkóslóvakíu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 11. nóvember 1958, nr. 63.

Lög um útflutning hrossa, undirskrifuð af forsetanum 26. nóvember 1958, nr. 64.

Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl., undirskrifuð af forsetanum 5. desember 1958, nr. 65.

Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90 1954, um tollskrá o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 66.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1959, undirskrifuð af forsetanum 10. desember 1958, nr. 67.

Lög um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, undirskrifuð af forsetanum 16. desember 1958, nr. 68.

Lög um breyting á lögum nr. 33 29. mai 1958, um útflutningssjóð o. fl., undirskrifuð af forsetanum 23. desember 1958, nr. 69.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1959 með viðauka, undirskrifuð af forsetanum 15. desember 1958, nr. 70.

Lög um framlenging á gildi laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, undirskrifuð af forsetanum 23. desember 1958, nr. 71.

Auglýsing um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifuð af forsætisráðherra sama dag, nr. 72.

Lög um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959, undirskrifuð af forsetanum 29. desember 1958, nr. 73.

Lög um breyting á lögum nr. 24. 29. marz 1956, um almannatryggingar, undirskrifuð af forsetanum 30. desember 1958, nr. 74.

Auglýsing um fullgildingu alþjóðapóstsamninga, undirrituð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 75.

Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, undirskrifuð af menntamálaráðherra 17. júní 1958, nr. 76.

AUGLÝSING

195
28. nóv.

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtast í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1.	Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélags og samvinnufélags .	kr. 300.00
2.	Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	— 100.00
3.	Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 100.00
4.	Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breyt. á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	— 100.00
5.	Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum ...	— 15.00

B 47

195 28. nóv.

6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar ..... kr. 200.00
7. Fyrir fjármark ..... — 50.00
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross .... — 20.00
9. Fyrir innköllun, þrjár birtingar ..... — 200.00
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund ..... — 100.00
11. Fyrir einkaleyfisumsókn ..... — 100.00
12. Fyrir ógildingarstefnu ..... — 100.00

Gjaldskylt efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með 10 krónum fyrir hvern dálksentimetra.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 1959. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing frá 20. júní 1955, um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Í dómsmálaráðuneytinu, 28. nóvember 1958.

Hermann Jónasson.

Baldur Möller.

196 13. des.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 147 1955, um tekju- og eignarskatt.

1. gr.

Við 4. tölulið 6. málsgr. í B-lið 34. greinar reglugerðarinnar bætist: og allt að 75% af fasteignamati lóða í kaupstöðum og kauptúnum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. lögum nr. 46/1954, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. desember 1958.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Jón Skaftason.

197 23. des.

REGLUGERÐ

fyrir Viðskiptabanka Landsbanka Íslands.

I. KAFLI

Skipulag Viðskiptabankans.

1. gr.

Landsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, en undir sérstakri stjórn. Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans.

2. gr.

Önnur aðaldeild Landsbanka Íslands er Viðskiptabankinn. Lýtur hann sérstakri stjórn samkvæmt l. nr. 63 21. júní 1957, um Landsbanka Íslands. Undir Viðskiptabankann fellur sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands ásamt öllum útibúum hans. Varasjóðum Viðskiptabankans og öðrum eignum, sem og útlánum, innlánum og reikningshaldi, skal halda algerlega aðgreindum frá öðrum deildum bankans.

II. KAFLI
Störf bankans.

A. *Um ávöxtun fjár.*

3. gr.

Viðskiptabankann tekur fé til ávöxtunar svo sem hér segir:
a) í hlaupareikning;
b) í innlánsbók;
c) gegn viðtökuskírteini.

4. gr.

Hver sá, sem hefja vill hlaupareikningsviðskipti við bankann, skal semja um það við framkvæmdastjórn hans. Um leið og hlaupareikningsviðskipti eru stofnuð, skal viðskiptamaður afhenda bankanum sýnishorn af undirskrift sinni.

5. gr.

Viðskiptamaður fær lausa kvittun fyrir innborgun á hlaupareikning, tvíritaða, ef óskað er.

6. gr.

Viðskiptamaður, er fé vill taka út úr hlaupareikningi, skal að jafnaði gefa út tékkávísun á bankann á eyðublöð, er bankinn sjálfur hefur til sölu. Gerð eyðublaða ákveður bankaráð að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar. Tékkinn skal undirskrifaður af viðskiptamanni sjálfum, af prókúrista hans eða öðrum, er hann hefur gefið lögfullt umboð til að ávísa á reikninginn, enda skal þá umboðið jafnframt afhent bankanum, ef eigi er opinberlega tilkynnt. Komi það fyrir, að fölsk ávísun sé greidd af bankanum, ber sá skaðann, sem féð á, nema um sé að kenna augljósu gáleysi bankans.

7. gr.

Viðskiptamenn geta og fengið fé, er þeir eiga á hlaupareikningi, útborgað eftir skriflegum fyrirmælum eða eftir símskeyti, enda sé þá undirskrift rétts hlutaðeiganda undir símskeytið staðfest á venjulegan hátt eða á annan hátt þannig frá gengið, að útborgun sé áhættulaus fyrir bankann.

8. gr.

Enginn má gefa út ávísun á meira fé en hann á inni á hlaupareikningi, nema sérstaklega sé svo um samið við framkvæmdastjórn bankans.

9. gr.

Í tékkávísun, sem gefin er út á innstæðu á hlaupareikningi, verður upphæðin að vera tilgreind með tölustöfum og bókstöfum. Sé þess ekki gætt, þá er bankinn eigi skyldur til að útborga ávísunarupphæðina. Sé fjárhæðin tilgreind öðruvísi með tölustöfum en bókstöfum, þá gildir sú upphæð, sem með bókstöfum er skráð.

10. gr.

Framkvæmdastjórnin ákveður, hvort taka skuli við ákveðnu fé á hlaupareikning og hvort greiða skuli vexti af því fé, sem tekið er við. Sé um stórfé eða annars óvenjulega ráðstöfun að ræða, skal slíkt borið undir bankaráð til samþykkis eða synjunar.

11. gr.

Heimilt er hverjum að sjá hlaupareikning sinn í bókum bankans og einnig umboðsmanni hans, en varast verður, að hann sjái reikning annarra manna.

197 12. gr.

23. des. Viðskiptabankinn tekur á móti fé til ávöxtunar með sparisjóðskjörum, minnst 5 kr. í senn. Þó er bankinn eigi skyldur til að taka á móti mjög stórum upphæðum til ávöxtunar, ef framkvæmdastjórnin telur það óhaganlegt fyrir bankann.

13. gr.

Þegar innstæðan nemur minnst 5 krónum, reiknast vextir af heilum krónum frá og með næsta degi, eftir að féð er lagt inn, þó eigi í minni hlutum en heilum aurum.

Vextir reiknast til 31. desember ár hvert og leggjast þá þegar við höfuðstólinn. Af upphæðum, er nema 10000 krónum eða þar yfir, er bankinn eigi skyldur að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en tvo mánuði í bankanum.

14. gr.

Af fé, sem bankinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, er menn óska, án uppsagnarfrests, þegar framkvæmdastjórnin sér sér það fært. Heimta má, að upphæðum frá 5000—10000 kr. sé sagt upp með viku fyrirvara og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti.

Án tveggja mánaða uppsagnarfrests er bankinn eigi skyldur að borga meira en 25000 kr. á hverjum mánuði úr sömu viðskiptabók.

15. gr.

Þeim, er í fyrsta sinn leggur inn fé með sparisjóðskjörum, er fengin viðskiptabók, er hann greiðir 2 kr. fyrir. Framkvæmdastjórn ákveður, hvort sú borgun er tekin fyrir fram eða þegar bókin er útskrifuð eða ónýtt.

Í hvert skipti, sem fé er lagt inn eða tekið út úr sparisjóði, skal það um leið ritað í viðskiptabókina. Þó má í sérstökum tilfellum taka við fé, án þess að bókin sé sýnd, gegn kvittun bókara og féhirðis.

Heimilt er að starfrækja sérstaka deild við sparisjóðinn, þar sem taka má við innlögum og ávísa á innstæðuna, án þess viðskiptabók sé sýnd. Skulu slík innlög og útborganir færast í viðskiptabókina, þegar hún er næst sýnd í bankanum. Viðskiptabækur við þá deild skulu greinilega bera með sér, að gefa megi út ávísanir á innstæðuna.

Fyrir innlögum og útborgunum kvittar bókari og féhirðir í viðskiptabókina, og er það full sönnun fyrir greiðslunni.

Heimilt er bankanum að hverfa frá notkun viðskiptabóka, þegar um ávísanareikninga er að ræða, telji hann aðra aðferð heppilegri.

Það er eigi á ábyrgð bankans, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því. Um falskar ávísanir á sparisjóðsinnstæður gilda ákvæði 6. greinar.

Vexti skal innfæra í viðskiptabækurnar, þegar þær í fyrsta skipti eftir 14. janúar ár hvert eru sýndar í bankanum. Framkvæmdastjórnin löggildir viðskiptabækurnar eða þeir starfsmenn bankans, sem bankaráðið gefur umboð til þess.

16. gr.

Glatist viðskiptabók, ber eiganda að snúa sér til framkvæmdastjórnarinnar eða fulltrúa hennar, er annast um, að handhafa hennar verði stefnt samkvæmt 46. gr. laga um Landsbanka Íslands, nr. 63/1957.

Kostnaðinn greiðir eigandinn.

17. gr. 197

Framkvæmdastjórninni er heimilt að segja lausu fé, sem er á vöxtum í bankanum með sparisjóðskjörum, með þriggja mánaða fresti. Skal annað hvort rita uppsögnina í innlánsbókina eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í því blaði Reykjavíkur, er stjórnvaldaauglýsingar skulu birtar í, og að minnsta kosti í 2 öðrum blöðum. 23. des.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem sagt er upp.

18. gr.

Ef eigandi að innstæðufé hvorki leggur inn né tekur út í 15 ár samfleytt, verður hætt að greiða vexti af því, og verður þá með auglýsingu, er skal birt með misseris fyrirvara á þann hátt, sem segir í 16. gr., skorað á eiganda að hirða féð. Gefi hann sig ekki fram, áður en fresturinn er liðinn, er viðskiptabók hans ógild, en féð ásamt vöxtunum rennur í bankann.

Þó má framkvæmdastjórnin greiða féð að meira eða minna leyti, ef réttur eigandi gefur sig fram innan 5 ára og bankaráðið leyfir.

19. gr.

Mönnum verða eigi gefnar upplýsingar um eignir annarra í bankanum, nema skylt sé að lögum.

20. gr.

Sá, sem tekið hefur allt út úr viðskiptabók sinni, skal skila henni í bankann. Sé bók útskrifuð, fær hann aðra bók ókeypis, ef hann vill halda viðskiptunum áfram.

21. gr.

Enn fremur er bankanum heimilt að taka fé til ávöxtunar eftir sérstökum samningi í hvert skipti og gefa viðtökuskírteini eða viðskiptabók fyrir fénu.

B. *Um útlán o. fl.*

22. gr.

Útlánastarfsemi Viðskiptabankans og öðrum störfum hans skal hagað svo, að sem bezt samrýmist því hlutverki hans að styðja og efla atvinnuvegi landsmanna, svo sem sjávarútveg, landbúnað, verzlun og iðnað.

23. gr.

Bankanum er heimilt að kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir, hvort sem greiðsla á að fara fram innan lands eða utan.

24. gr.

Bankinn veitir auk þess, sem um ræðir í 23. gr., lán í því formi og gegn þeim tryggingum, er nú skal greina:

a) viðskiptalán, reikningslán og útlán úr hlaupareikningi;
b) sjálfskuldarábyrgðarlán;
c) lán gegn fasteignaveði;
d) lán gegn handveði;
e) lán gegn ábyrgð ríkis, sýslu- eða bæjarfélaga.

25. gr.

Um viðskiptalán og reikningslán skal gerður sérstakur lánssamningur og undirritaður af framkvæmdastjórn bankans og lántakanda. Skal í honum greint hámark

197 lánsins, uppsagnarfrestur af hálfu beggja aðila, trygging fyrir láninu og hverja
23. des. vexti skuli greiða, bæði af skuld og innstæðu. Viðskiptalán og reikningslán skulu að jafnaði einungis veitt gegn fasteignaveði eða handveði í vel tryggðum verðbréfum, en heimilt er þó að taka aðrar tryggingar, ef sérstök ástæða þykir til.

Veð fyrir láninu eða önnur trygging skal vera fulltryggilegt og lánið veitt með því skilyrði, að annað hvort sé hægt að heimta viðbótarveð eða frekari tryggingu, ef veðið rýrnar, svo að þess álítist þörf, eða afborgun af láninu, þótt gjalddagi sé eigi kominn.

Um innborganir og útborganir gilda sömu reglur og um hlaupareikninga.

Útlán úr hlaupareikningi skulu að jafnaði veitt til skamms tíma í senn og tryggð með persónuábyrgð, verðbréfum eða fasteignarveði, sem fulltryggilegt getur talizt.

26. gr.

Bankinn veitir lán gegn sjálfskuldarábyrgð, er framkvæmdastjórnin álítur fullnægjandi. Lán gegn sjálfskuldarábyrgð veitast eigi til lengri tíma en eins árs í senn. Heimilt er framkvæmdastjórninni að framlengja slík lán, telji hún það áhættulaust fyrir bankann. Samanlagður lánstími má þó að jafnaði eigi vera lengri en 10 ár.

27. gr.

Lán gegn fasteignaveði má bankinn veita gegn sérhverjum veðrétti í fasteign, er stjórn bankans telur fullnægjandi tryggingu fyrir láninu.

Ef líkur eru til, að verðbreytingar hafi orðið á fasteign, má láta nýtt mat fram fara. Skal það framkvæmt annað hvort af dómkvöddum mönnum eða af mönnum, sem stjórn bankans tilnefnir sjálf. Að öðru leyti skal lánbeiðandi útvega sérhver þau skilríki, sem bankastjórn krefst og málið varða.

Lán gegn fasteignaveði skulu að jafnaði eigi veitt til lengri tíma en 10 ára.

28. gr.

Bankinn lánar fé gegn handveði, svo sem arðberandi, vel tryggðum verðbréfum og öðrum þeim munum, sem framkvæmdastjórnin tekur gilda og sér bankanum fært að geyma.

Enn fremur má veita lán gegn tryggingu í landbúnaðarafurðum, fiski og fiskafurðum. Sömuleiðis í vátryggðum verzlunarvörum, sem bankanum eða trúnaðarmönnum hans eru afhentar sem handveðstrygging, eða vörum samkvæmt farmskírteini eða geymsluskírteini, sem bankanum er afhent og framselt.

29. gr.

Bankinn má veita lán gegn veði í eignum og tekjum bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga og gegn ábyrgð þeirra sem slíkra, þegar eftirfarandi skilyrði eru fyrir hendi:

a) Leyfi hlutaðeigandi stjórnvalda (sýslunefndar og stjórnarráðs) til lántökunnar.
b) Fjárhagsreikningur sýslunnar, sveitar- og bæjarfélagsins næsta ár á undan lánbeiðninni.
c) Vottorð hlutaðeigandi yfirvalda um það, að þeir menn, sem annast um lántökuna eða veita umboð til að taka lánið, séu réttir hlutaðeigendur.
d) Útskrift úr fundarbók lánbeiðanda, sem sýni, að löglega hafi verið samþykkt að taka lánið, og sé útskriftin staðfest af hlutaðeigandi yfirvaldi.
e) Ábyrgðaryfirlýsing hreppsnefndar, sýslunefndar eða bæjarstjórnar.

30. gr.

Bankanum er heimilt að kaupa og selja skuldabréf ríkis, bæjar- og sveitarfélaga og önnur trygg og auðseljanleg verðbréf. Hlutabréf má Viðskiptabankinn ekki kaupa eða selja nema í umboði annarra.

31. gr.

Bankinn getur tekizt á hendur ábyrgðir utan lands og innan gegn tryggingum, 23. des
jafngóðum og um lán væri að ræða.

32. gr.

Bankinn má annast alls konar innheimtur á fjárhæðum fyrir innlenda og erlenda kröfuhafa, bæði hérlendis og erlendis.

Bankinn annast kaup og sölu á erlendum gjaldeyri samkvæmt gildandi lögum um gjaldeyrisverzlun.

Hann annast að öðru leyti öll venjuleg bankastörf.

III. KAFLI
Reikningur og endurskoðun.

33. gr.

Ársreikningur Viðskiptabankans, sem miðast við almanaksárið, skal saminn og birtur í Stjórnartíðindum í síðasta lagi 3 mánuðum eftir árslok. Auk þess skal við hver mánaðamót birta stutt yfirlit yfir hag bankans. Reikningurinn skal vera svo sundurliðaður, að hann sýni glögga mynd af hag bankans.

34. gr.

Sameinað Alþingi kýs með hlutbundinni kosningu 2 bókhaldsfróða endurskoðendur til tveggja ára í senn. Skulu þeir rannsaka reikninga bankans og bera saman við bækurnar og við sjóð bankans og eignir. Sjálfar bækurnar og færslur á þeim skulu þeir einnig rannsaka, svo að þeir séu þess fullvissir, að bókhaldið sýni rétta mynd af því, sem fram hefur farið.

Verði endurskoðendur þess varir, að vanræksla eigi sér stað í einhverju eða að nauðsynlegar endurbætur þurfi að gera, þá eiga þeir að benda framkvæmdastjórn og bankaráði á það og gera uppástungur um endurbætur.

35. gr.

Endurskoðendur skulu að minnsta kosti tvisvar sinnum á ári fyrirvaralaust sannreyna, hvort eignir bankans séu fyrir hendi. Auk þess skulu þeir á sama hátt á óákveðnum tíma, að minnsta kosti einu sinni í mánuði, rannsaka hjá þeim starfsmönnum bankans, sem hafa fé undir höndum, hvort það fé er í sjóði hjá þeim, sem á að vera í þeirra vörzlum.

Enn fremur skal sams konar rannsókn fara fram á öllum útibúum bankans fyrirvaralaust að minnsta kosti einu sinni á ári.

36. gr.

Allar leiðréttingar eða breytingar í bókum bankans skulu þannig gerðar, að glöggt sjáist, hvað þar hefur staðið upphaflega.

37. gr.

Sérstök endurskoðunardeild skal framkvæma hina daglegu endurskoðun allra deilda Landsbankans, og skulu reglur um endurskoðunardeild settar af bankaráði Landsbankans í samráði við stjórn Seðlabankans.

38. gr.

Laun endurskoðenda skulu ákveðin af bankaráði Landsbankans og stjórn Seðlabankans.

197
23. des.

IV. KAFLI
Stjórn bankans.

39. gr.

Yfirstjórn Viðskiptabankans er í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs samkvæmt ákvæðum laga nr. 63 21. júní 1957, sbr. og 37. og 38. gr. reglugerðar þessarar.

Stjórn bankans að öðru leyti annast bankaráð og framkvæmdastjórn, svo sem fyrir er mælt í lögum og reglugerð þessari. Framkvæmdastjórn hefur á hendi yfirstjórn allrar daglegrar starfsemi bankans.

40. gr.

Bankaráð Viðskiptabankans heldur reglulega fundi tvisvar í hverjum mánuði, 1. og 15. dag mánaðarins eða næsta virkan dag, ef 1. eða 15. ber upp á helgidag, en annars svo oft sem formaður þess telur nauðsynlegt eða meiri hluti ráðsins krefst þess eða framkvæmdastjórnin óskar þess. Til þess að gerð verði gild ályktun, verða eigi færri en 3 bankaráðsmenn að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Þegar jöfn eru atkvæði, sker atkvæði formanns úr. Svo er og, þegar jöfn eru atkvæði, er bankaráð og framkvæmdastjórn gera sameiginlega ályktun, sbr. 39. gr. laga nr. 63/1957, um Landsbanka Íslands. Það, sem gerist á fundum bankaráðsins, skal bókað í sérstaka gerðabók. Hver sá, sem heimilt er að sitja fundi bankaráðs, getur krafizt þess, að bókaðar séu athugasemdir hans og ágreiningsálit.

Bankastjórarnir eiga rétt á að vera á fundum bankaráðsins og taka þátt í umræðum, nema rætt sé um mál, er snertir bankastjórana sjálfa.

Á hverjum reglulegum fundi skal framkvæmdastjórn leggja fyrir bankaráðið skýrslu um útlán bankans, hve mikið af fé hans sé bundið í hverri atvinnugrein, um verðbréfaeign hans, um innlánsfé í honum og um það, hve mikið af því megi taka út fyrirvaralaust, um slíkar kröfur erlendar, inneignir erlendis og um annað það, er bankaráðinu þykir nauðsynlegt til þess að geta haft fullkomið eftirlit með starfsemi bankans.

Formaður bankaráðsins hefur fyrir hönd ráðsins stöðugt eftirlit með starfsemi Viðskiptabankans, en hinir bankaráðsmennirnir skulu skiptast á um eftirlit ásamt honum.

41. gr.

Bankaráðinu ber auk þess, sem sérstaklega er tekið fram:

a) Að koma fram fyrir hönd Viðskiptabankans gagnvart dómstólum, yfirvöldum og þriðja manni, sem og að úrskurða um öll mál, er Viðskiptabankann varða, heyri þau ekki undir úrskurð ráðherra.
b) Að hafa umsjón og eftirlit með eignum Viðskiptabankans og starfsemi hans, þar á meðal því, að fé bankans, skjöl og bækur sé tryggilega geymt, að húsum bankans sé vel við haldið og að vel sé farið með alla innanstokksmuni og vélar og eignir bankans yfirleitt.
c) Að ákveða verkaskiptingu á milli bankastjóra Viðskiptabankans og setja þeim erindisbréf.
d) Að skipa stjórnendur útibúa bankans og víkja þeim frá að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar.
e) Að skipa aðalbókara og aðalféhirði bankans og ákveða laun þeirra að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar, svo og að ákveða, hversu hátt veð aðalféhirðir skuli setja.
f) Að ákveða laun starfsmanna bankans, setja reglugerð um eftirlaunasjóð handa þeim og úrskurða um eftirlaun þeirra.

g) Að ákveða með samþykki framkvæmdastjórnar og að fengnu samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál, hvar bankinn skuli hafa útibú, sem og að ákveða með samþykki framkvæmdastjórnar, hve mikið af starfsfé bankans skuli fengið hverju útibúi til umráða.

h) Að ákveða ásamt framkvæmdastjórninni forvexti og útlánsvexti bankans, séu vextir ekki ákveðnir af stjórn Seðlabankans samkvæmt 16. gr. laga nr. 63/1957, um Landsbanka Íslands.

i) Að ákveða ásamt framkvæmdastjórninni, hve mikið af starfsfé bankans megi vera bundið í hverri atvinnugrein á hverjum tíma, og ákveða aðrar almennar reglur um starfrækslu bankans.

j) Að taka ákvarðanir um eftirgjafir á skuldum, ef slíkt reynist óhjákvæmilegt.

k) Að ákveða að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar, hverjir starfsmenn bankans skuli ásamt bankastjóra geta skuldbundið bankann með undirskrift sinni, svo og að ákveða að fengnum tillögum framkvæmdastjórnarinnar, hverjir starfsmenn bankans skuli geta skuldbundið bankann með undirskrift sinni í tilteknum málum.

l) Að setja reglugerð um stjórn bankans og starfrækslu, er ráðherra staðfestir, úrskurða um deilur, sem upp kunna að koma milli starfsmanna bankans og bankastjóranna, og gera ályktanir um þau mál, sem framkvæmdastjórnin leggur fyrir.

42. gr.

Framkvæmdastjórn Viðskiptabankans hefur með höndum hina daglegu stjórn málefna bankans. Hún ræður starfsmenn bankans aðra en þá, sem bankaráðinu er falið sérstaklega að ráða, og segir þeim upp. Hún segir þeim fyrir hverjum um sig um skyldur þær, sem á þeim hvíla, og störf þau, sem þeir eiga að annast, og hefur eftirlit með, að það sé framkvæmt, sem þeim er lagt á herðar.

43. gr.

Framkvæmdastjórnin ráðstafar fé bankans og stendur fyrir rekstri hans, annast vörzlu á eignum bankans og sér um bókfærslu hans og reikningshald. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum bankans og reglugerð.

44. gr.

Framkvæmdastjórnin skal halda fundi á hverjum starfsdegi, ef málefni liggja fyrir til úrlausnar.

45. gr.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbréf eða skriflegar skuldbindingar. Þó er bankaráðinu heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt einum bankastjóra, svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum.

46. gr.

Allir embættismenn og starfsmenn Viðskiptabankans skulu undirskrifa drengskaparheit um það, að þeir með árvekni og samvizkusemi skuli gegna störfum þeim, sem þeim eru á hendur falin, og ekki gera neinum út í frá kunnugt um málefni bankans né segja frá um viðskipti einstakra manna við hann.

197
23. des.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

47. gr.

Kvittanir frá bankanum eru því aðeins fullgildar, að féhirðir hafi ritað undir þær og þeim fylgi áritun bókara um, að þær séu athugaðar. Í forföllum þeirra er þó jafngild kvittun þess eða þeirra, er fengið hafa umboð framkvæmdastjórnar Viðskiptabankans til slíkra undirskrifta.

48. gr.

Aðalféhirðir bankans skal setja tryggingu, er framkvæmdastjórn og bankaráð taka gilda, fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir.

Aðalféhirðir ber ábyrgð á þeim, sem í forföllum hans eða af öðrum ástæðum annast störfin, ef eigi er séð fyrir því, að varamennirnir eða aðstoðarmennirnir setji tryggingu, meðan þeir gegna störfum aðalféhirðis.

49. gr.

Ekki mega bankastjórar Viðskiptabankans hafa embættisstörf á hendi, ekki reka sjálfir atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja.

50. gr.

Starfsmenn megi ekki án leyfis framkvæmdastjórnarinnar taka að sér annað launað starf eða reka atvinnu.

51. gr.

Ekki mega bankastjórar né starfsmenn vera skuldskeyttir bankanum, hvorki skuldunautar né ábyrgðarmenn annarra.

52. gr.

Embættismönnum og starfsmönnum bankans er bannað að gerast umboðsmenn annarra gagnvart bankanum.

53. gr.

Starfsmenn bankans eru skyldugir til að vinna fram yfir venjulegan starfstíma bankans, þegar þess er þörf.

54. gr.

Bankaráð, framkvæmdastjórar og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um öll atriði þau, er þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

55. gr.

Þeir, sem vilja fá lán úr bankanum, skulu að jafnaði beiðast þess skriflega. Skriflegs svars við slíkri beiðni verður ekki krafizt, og getur enginn, sem synjað er um lán, heimtað, að honum sé gerð grein fyrir, hverjar ástæður séu til synjunarinnar.

56. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 63/1957, um Landsbanka Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld, að því er varðar Viðskiptabankann, reglugerð nr. 83/1928, um Landsbanka Íslands.

BANKARÁÐ LANDSBANKA ÍSLANDS

Reykjavík, 19. desember 1958.

Valtýr Blöndal. **Baldvin Jónsson.** **Steingr. Steinþórsson.**
Einar Olgeirsson. **Ólafur Thors.**

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 39. gr. laga nr. 63/1957, um Landsbanka Íslands. 197 23. des.

Forsætisráðuneytið, 23. desember 1958.

Hermann Jónasson.

Birgir Thorlacius

REGLUGERÐ 198 23. des.

um holræsi í Húsavíkurkaupstað.

1. gr.

Þegar Húsavíkurkaupstaður hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði eða þar sem bærinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga húseignir að eða í námunda við og til holræsa geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, ef unnt er, leiða í ræsið. Vanræki einhver að láta gera holræsi innan hæfilegs frests, sem vatnsveitunefnd setur, getur bærinn látið vinna verkið á kostnað húseigenda.

2. gr.

Vatnsveitunefnd, í umboði bæjarstjórnar, annast framkvæmdastörf, sem varðar holræsakerfi bæjarins, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla.

Heimilt er bæjarstjórn eða bæjarstjóra í umboði hennar, að fela yfirumsjón með holræsakerfinu sérstökum umsjónarmanni.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt, skal hann skýra umsjónarmanni frá því og fá samþykki þar til. Öll slík leyfi skulu skráð í gerðabók vatnsveitunefndar.

Skylt er húseiganda að hlýða fyrirmælum umsjónarmanns í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi umsjónarmaður ávallt eftirlit með því, að vel og örugglega sé frá öllu gengið.

3. gr.

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr bæjarsjóði, en til að standast þann kostnað, ber húseigendum, sem húseignir eiga við götu, veg eða opið svæði þar sem holræsi er lagt í, að greiða stofngjald sem nemur kr. 2.00 á hvern rúmmetra húseignarinnar. Stofngjaldið skal greiðast áður en tenging við aðalræsi er leyfð. Auk stofngjalds á hverri húseign, sem tengd er holræsakerfi bæjarins eða holræsi, sem bærinn hefur yfirtekið, og eins um húseignir, sem vegna sérstakra aðstæðna þurfa ekki að tengjast aðalholræsakerfinu, skal húseiganda skylt að greiða árlegt holræsagjald, sem nemur 0.75% af fasteignamati húseigna. Gjaldið skal eigi vera lægra en kr. 100.00 árlega.

Heimilt skal bæjarstjórn að fella niður stofngjald samkv. þessari grein.

4. gr.

Hið árlega holræsagjald, svo og stofngjaldið getur bæjarstjórn hækkað eða lækkað eftir ástæðum, sem nemur 50%.

5. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart bæjarsjóði.

198 Kröfur sem bæjarsjóður kann að öðlast, samkvæmt reglugerð þessari, má taka
23. des. lögtaki á kostnað gjaldenda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með fasteignaveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjaldsins er 1. febrúar ár hvert, í fyrsta sinn 1. febrúar 1959.

6. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar ná til allra holræsa, sem bærinn hefur látið gera, eldri ræsa svo og Búðarárræsis, enda annast hann viðhald og endurnýjun þeirra.

Húseigendum er og skylt að annast viðhald og endurnýjun ræsa frá húsum sínum að aðalræsi, sbr. ákvæði 2. gr. um fyrirmæli umsjónarmanns.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 5 000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið með sem opinber mál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkurkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 136 8. ágúst 1947 um holræsi í Húsavíkurhreppi.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

199 **REGLUGERÐ**
23. des.

fyrir vatnsveitu Húsavíkur.

1. gr.

Vatnsveita Húsavíkur er eign Húsavíkurbæjar og rekin í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf heimila og fyrirtækja í kaupstaðnum, eftir því sem við verður komið og reglugerð þessi kveður nánar á um.

Vatnsveita Húsavíkur er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri Húsavíkurkaupstaðar með sérstöku reikningshaldi.

Reikningar vatnsveitu Húsavíkur skulu jafnan fylgja reikningum bæjarsjóðs Húsavíkur til endurskoðunar og samþykktar.

2. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur hefur æðsta vald í málefnum vatnsveitunnar og í umboði hennar annast vatnsveitunefnd umsjón með framkvæmd starfa, er vatnsveituna varðar.

Vatnsveitunefnd skal skipuð þrem mönnum og jafnmörgum til vara, kosnum af bæjarstjórn til eins árs í senn.

Heimilt er vatnsveitunefnd að fengnu samþykki bæjarstjórnar, að ráða vatnsveitustjóra eða umsjónarmann fyrir vatnsveituna, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist önnur þau störf í þágu vatnsveitunnar, sem vatnsveitunefnd og

bæjarstjórn telja nauðsynleg. Setja má starfsmanni þessum erindisbréf af vatns- 199
veitunefnd, enda hljóti það samþykki bæjarstjórnar, svo og ráðningarkjör hans. 23. des.

3. gr.

Vatnsveita Húsavíkur hefur einkarétt til sölu vatns í Húsavíkurkaupstað og nýtingar vatnslinda í landi kaupstaðarins til vatnsnota, sbr. 1. gr. Þeir vatnsnotendur, sem ekki hafa tengdar heimæðar sínar aðalvatnsveitukerfinu og óska eftir að nýta vatnslind í landi kaupstaðarins til eigin þarfa, skulu sækja um sérstakt leyfi til vatnsveitunefndar þar að lútandi. Vatnsveitunefnd setur skilyrði fyrir þess konar vatnsnot og ákveður greiðslu fyrir þau.

4. gr.

Óheimilt er að leggja vatnsæðar frá eða tengja við vatnsæðar vatnsveitu Húsavíkur, nema með leyfi vatnsveitunefndar. Ekki er heimilt að leggja vatnsæðar nema undir umsjón manns, sem bæjarstjórn, að tillögu vatnsveitunefndar, hefur viðurkennt hæfan til þess konar starfa.

Húseigendum ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götulögnum í hús sín og annast viðhald þeirra, hvort heldur um er að ræða nýjar lagnir eða eldri. Eigendur húsa, sem tengd eru með heimæð frá aðalæð vatnsveitunnar, skulu kosta viðhald hennar að aðalæð.

Skylt er húseigendum að láta tafarlaust gera við vatnsæðar sínar, þar með talin heimæð, ef leki kemur að þeim.

Engin má eyða vatni að óþörfu. Ekki má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með sérstöku leyfi vatnsveitunefndar. Óheimilt er án leyfis vatnsveitunefndar að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

5. gr.

Vatnsveitustjóri eða umsjónarmaður hefur eftirlit með vatnsveitunni og er öllum neytendum skylt að fara að fyrirmælum hans um efni til vatnsæða, viðhald og lagningu þeirra og um annað það, sem lýtur að frágangi vatnslagna.

6. gr.

Heimilt er að loka vatnsæðum þeirra notenda, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, nota það þannig að óþrifum eða óþægindum valdi eða vanrækja viðhald á pípum og tækjum tengdum vatnsveitunni. Starfsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús og lóðir vatnsnotenda til að athuga vatnslagnir og gera þær ráðstafanir í þágu vatnsveitunnar, sem nauðsynlegar kunna að teljast.

7. gr.

Bæjarstjórn getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun og jafnvel lokað fyrir vatn ákveðinn tíma í senn á vissum svæðum vatnsveitukerfisins eftir ástæðum, til þess að tryggja fyrirtækjum, sem ekki geta án vatns verið, nægilegt vatn og til þess að tryggja neytendum vatn, sem annars kynnu að verða útundan um vatnsnot, vissa tíma í senn. Ætíð skulu slíkar aðgerðir auglýstar með svo rúmum fyrirvara, sem auðið er. Heimilt er að loka fyrir vatn meðan hreinsun eða viðgerð fer fram á geymum eða æðum vatnsveitunnar, enda skal lokun tilkynnt vatnsnotendum að jafnaði fyrirfram, ef unnt er.

8. gr.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem virtar eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða næst til vatnsæða frá og nemur hann

199 23. des. árlega sem næst 2% — tveim af hundraði — fasteignamats. Árlegan vatnsskatt annarra fasteigna, sbr. 3. gr., ákveður vatnsveitunefnd. Nú er um að ræða húseignir, þar sem fram fer vatnsnot til annars en venjulegra heimilisnota, t. d. vegna atvinnurekstrar og annarrar starfrækslu, frystihús, baðhús, sundlaugar, þvottahús, efnalaugar, þvottastöðvar, mjólkurbú, mjólkurbúðir, sláturhús, kjötvinnsla, fiskvinnslustöðvar, fiskbúðir, fiskaðgerðarhús, söltunarstöðvar, efnagerðir, mjólkurísframleiðsla, veitingahús, brauðgerð og annar iðnaður, sem þarf vatnsnot vegna framleiðslunnar, skal hinn árlegi vatnsskattur greiðast með 50% álagi. Skylt er að greiða vatnsskatt af húseignum og mannvirkjum, sem eru í byggingu, þótt ekki liggi fyrir fasteignamat, eftir nánari ákvörðun vatnsveitunefndar.

Vatnsskattur skal þó aldrei vera lægri en kr. 300.00 árlega.

9. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða sem hér segir:

a. Vatnsnotkun í steypu til mannvirkjagerðar og iðnaðar, fyrir hver 100 kg af sementsnotkun kr. 1.00.
b. Vatnsnotkun vegna þvotta á bifreiðum skráðum eða í umsjá heimilisfastra aðila í kaupstaðnum, skal greiða árlega fyrir hverja bifreið með kr. 50.00. Innheimta skal gjald þetta hjá umráðamönnum bifreiðanna, nema samkomulag náist við eigendur þvottastöðva fyrir bifreiðar um greiðslu gjaldsins.
c. Vatnsnotkun til skepnuhalds: Fyrir nautgripi sem standa inni greiðist árlega á grip kr. 50.00, fyrir hross kr. 30.00.
d. Vatnsnotkun í fjárhúsum: Fyrir hverja kind sem sett er á vetur skal greiða kr. 1.00.
e. Vatnsnotkun í sláturhúsum: Á hverja slátraða sauðkind skal greiða kr. 0.40, en á hvern stórgrip og alisvín kr. 15.00.
f. Vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða með kr. 1.25 á hverja tunnu uppsaltaðrar síldar. Skylt skal síldarsaltendum að greiða eigi lægra gjald en sem svarar 1000 tunnu söltun af hverri stöð. Greiða skal kr. 1.25 í vatnsskatt af tunnu síldar sem fer til frystingar.
g. Vatnsnotkun til síldarbræðslu skal greiða með kr. 1.00 á hvert síldarmál, þó aldrei lægra gjald en svari til 1000 mála.
h. Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 6.00 á hverja smálest af innvegnum fiski.
i. Vatnsnotkun af mjólkurvinnslu skal greiða með kr. 6.00 á hverja smálest af innveginni mjólk.
j. Vatn til skipa skal greiða með kr. 50.00 af hverri smálest eða hluta úr smálest. Ef um er að ræða vatnskaup í stórum stíl, er bæjarstjórn heimilt að veita afslátt, þó aldrei meiri en 50%.

Skip sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki, að viðlögðum sektum, fara af höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

k. Vatnsnotkun vegna fastra véla í húsum, annarra en venjulegra heimilisvéla, t. d. kælikerfis, uppþvottavéla o. fl., skal greiða með kr. 0.50 á hverja smálest eftir vatnsmæli, þó er vatnsveitunefnd heimilt að semja um þessi not við hlutaðeigendur, enda samþykki bæjarstjórn samkomulagið.
l. Vatnsnot heimabáta greiðast eftir reglum samþykktum af bæjarstjórn.
m. Greiðsla fyrir önnur þau vatnsnot, sem ekki eru upptalin í þessari grein og ekki heyra undir ákvæði 8. gr., skal fara eftir ákvörðun vatnsveitunefndar.

Jafnan skal stuðst við vatnsmæla við ákvörðun vatnsnota ef aðstæður leyfa.

10. gr.

Þar sem vatnsnot eru mikil eða komi í ljós að þau séu óeðlileg, er vatns- 23. des.
veitunefnd og bæjarstjórn heimilt að krefjast aukavatnsskatts, samkvæmt vatnsmæli eða eftir ákvörðun nefndarinnar.

Aukavatnsskatturinn skal miðaður við kr. 0.80 á smálest. Komi í ljós samkvæmt vatnsmæli að vatnsnot þeirra, sem greiða vatnsskatt samkvæmt 9. gr. og ákvæðum 8. gr. um aukaálag, eru meiri en svarar samanlögðum vatnsskatti miðað við kr. 0.50 á hverja smálest.

11. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að breyta vatnsgjöldum samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50% til hækkunar og lækkunar bæði í heild og einstökum liðum.

12. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti samkvæmt ákvæðum 8. gr. skal vera 1. febrúar, í fyrsta sinn 1. febrúar 1959, en af vatnsskatti til atvinnurekstrar samkv. 9. gr. við lok hvers mánaðar.

Vatnsskatt af fasteignum má taka lögtaki og má gera lögtak í hinu skattskylda húsi án tillits til eigendaskipta.

Skatturinn nýtur lögveðréttar í húseignum í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Reikningsár vatnsveitu Húsavíkur er almanaksárið.

13. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt, landsafnot og mannvirki í þágu vatnsveitunnar og þola þær kvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef samkomulag eigi næst.

14. gr.

Þeir sem óska að fá vatn úr vatnsæðum vatnsveitunnar til afnota um stundarsakir, skulu bera allan kostnað af bráðabirgðavatnslögnum í sambandi við slíka vatnsnotkun. Heimilt er vatnsveitunefnd að loka fyrir vatnsæðar, sem þannig eru settar, að hætta geti verið á að í þeim frjósi vatn.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Með mál út af broti á reglugerð þessari skal farið sem opinber mál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkurkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga aðm áli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Húsavíkur nr. 178 9. okt. 1951.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

200
30. des.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík nr. 200 24. des. 1957.

1. gr.

1. gr. 1. mgr. orðist svo:
Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem standa við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt 0.8% af fasteignamatsverði hússins, þó aldrei lægra en 200.00 kr.

2. gr.

2. gr. 2. mgr. orðist svo:
Aukavatnsskatt samkv. 1. málsgr. skal innheimta samkvæmt mæli með 1 krónu verði fyrir hvern teningsmetra.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1959.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

201
30. des.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Selfoss.

1. gr.

Vatnsveita Selfosshrepps hefur einkarétt til vatnssölu innan takmarka Selfosshrepps og jarðarinnar Laugadæla með hjáleigum í Hraungerðishreppi. Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna snerta, hefur hreppsnefnd Selfosshrepps með höndum.

2. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um þorpið svo víða, sem fært þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu, er lóðir þeirra liggja að. Vatnsveitan leggur til leiðslur frá götuæð að húsvegg, og sér um tengingu þeirra. Húseigendur sjá að öðru leyti um lagningu heimæða á sinn kostnað.

3. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Selfoss, skal senda hreppsnefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota.

4. gr.

Umsjónarmaður vatnsveitunnar hefur eftirlit með öllu, sem að vatnsveitunni lýtur, og er öllum neytendum skylt að fara að fyrirmælum hans um efni, lagningu og viðhald vatnsæða sinna og annast viðgerðir og endurbætur tafarlaust, ef hann telur þess þörf.

5. gr. 201

Umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem 30. des.
eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, nota það svo óþrifum valdi eða vanrækja að annast nauðsynlegt viðhald á pípum sínum og tækjum, sem við þær eru tengd.

Bannað er að tengja vélar við vatnsveituna, nema með sérstökum samningi við hreppsnefndina. Neytendum er heimilt að skjóta ágreiningsatriðum til úrskurðar hreppsnefndar.

6. gr.

Hreppsnefndin getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun og jafnvel lokað fyrir vatn ákveðinn tíma, til að tryggja fyrirtækjum, sem ekki geta án þess verið, nægilegt vatn. Þegar þannig stendur á, getur vatnsnotandi ekki krafizt lækkunar á gjaldi fyrir vatnið.

Umsjónarmaður vatnsveitunnar getur lokað fyrir vatnið meðan hreinsun eða viðgerð fer fram á geymi eða æðum vatnsveitunnar, enda skal slíkt tilkynnt fyrir fram, ef þess er kostur.

7. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem virt eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða, skal greiða vatnsskatt. Skatturinn skal lagður á eftir lögskipaðri fasteignamatsvirðingu húsanna og telst húshluti, sem virtur er sér til fasteignamats, í þessu sambandi sem heilt hús.

8. gr.

Af nýjum húsum, sem tengd eru við vatnsveitukerfið, skal greiða tengi- eða stofngjald og skal það nema 1% af fasteignamatsverði húsanna. Þó ekki lægra en kr. 500.00 af hverju húsi.

Gjald þetta fellur í eindaga um leið og húsið er tengt við vatnsæð.

9. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem svo er ástatt um, sem um ræðir í 7. gr., skal greiða vatnsskatt ½% fasteignamats árlega. Þó skal lágmark skattsins vera kr. 200.00 fyrir hvert íbúðarhús. Ef um er að ræða hús, sem að dómi hreppsnefndar nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu sem í þeim er rekin og útheimtir mikið vatn, skal greiða vatnsskatt 1½% fasteignamatsverðs árlega.

10. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða sem hér segir:

a. Fyrir vatn til frystihúsa, sláturhúsa, mjólkurbúa og verksmiðjureksturs heimilast hreppsnefndinni að krefjast greiðslu samkv. vatnsmælum, og skal þá greiða 90 aura fyrir hverja smálest af fyrstu 1000 smál. og 50 aura af hverri smálest, sem umfram er.
b. Fyrir önnur vatnsnot en hér hafa verið nefnd, skal greiða samkvæmt samkomulagi við hreppsnefndina.

11. gr.

Nú hrökkva ekki tekjur vatnsveitunnar fyrir gjöldum og getur þá hreppsnefndin ákveðið fyrir eitt ár í senn að hækka vatnsskatt þennan um allt að 50%.

12. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. maí ár hvert. Þó má innheimta mánaðarlega fyrir vatn, sem notað er til atvinnurekstrar eða annars en venjulegrar heimilis-

201 notkunar. Vatnsskatt má taka lögtaki í hinu skattskylda húsi eða atvinnufyrirtæki
30. des. án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðréttar í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði eða aðfararveði.

13. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1 000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Selfosshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Selfoss nr. 215 11. okt. 1950.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

202
30. des.

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjald í Selfosshreppi.

1. gr.

Þar sem hreppsnefnd hefur látið leggja holræsi í götu eða á opnu svæði á kostnað sveitarsjóðs, er hverjum húseiganda skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið. Vanræki einhver húseigandi að gera ræsi með hæfilegum fresti, er hreppsnefnd setur, skal hreppsnefndin láta vinna verkið á hans kostnað.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt, skal hann skýra oddvita eða þeim, sem hreppsnefnd felur umsjá með lagningu holræsa um þorpið, frá því og fá samþykki þar til. Skal allt, sem holræsum utan húss og innan tilheyrir, ákveðið í samráði við umsjónarmann. Hann skal og hafa umsjón alla með verkinu og er húseiganda skylt að hlýða fyrirmælum hans í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur.

Engir mega leggja eða ganga frá holræsum, sem liggja í holræsanet þorpsins, nema hreppsnefnd hafi viðurkennt þá hæfa til þess starfs.

3. gr.

Holræsagjald skal greiða árlega af öllum húsum, sem standa við götu eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í. Skal gjaldið lagt á eftir fasteignamati og vera 3‰ af fasteignamati hvers húss, enda sé lágmarksgjald fyrir hvert hús 100 krónur.

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir ástæðum allt að 50% fyrir eitt ár í senn.

4. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og ber hann ábyrgð á greiðslu þess. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveðrétti í húsi og öðrum mann-

virkjum húseiganda, svo og lóð húseiganda, ef hún er eignarlóð hans, næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjalddagi holræsagjalds er 1. maí ár hvert, en kostnaður við lagningu holræsa greiðist að lögn lokinni. 202 30. des.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 1 000.00 krónum.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Selfosshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um holræsi og holræsagjöld fyrir Selfosskauptún nr. 193 7. okt. 1943.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ 203 30. des.

um holræsi í Hvolsvallarkauptúni í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Þegar Hvolhreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji allt skolp frá því út í aðalræsið.

Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsið.

Vanræki einhver húseigandi að láta gera ræsi, skal hreppsnefnd heimilt, með hæfilegum fyrirvara, að vinna verkið á kostnað húseigandans.

Bannað er að leiða frárennsli úr gripahúsum í holræsi hreppsins.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt, skal hann skýra oddvita eða þeim, sem hreppsnefnd hefur falið umsjón með lagningu holræsa frá því, og fá samþykki þar til.

Skylt er húseiganda að hlýða fyrirmælum umsjónarmanns í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi umsjónarmaður ávallt eftirlit með því, að vel og örugglega sé frá öllu gengið.

3. gr.

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr hreppssjóði.

Til að standast þann kostnað, svo og viðhald aðalholræsakerfisins, ber hverjum húseiganda eða íbúðareiganda, sem á hús við götu, veg eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt, að greiða tengigjald um leið og hann tengir ræsi við aðal holræsi, kr. 1 000.00, miðað við hús með einni íbúð.

Hækkar gjald þetta um kr. 300.00 við hverja íbúð í húsinu umfram eina, sé eigandinn hinn sami að öllum íbúðunum.

Verksmiðjur, sölubúðir, þvottahús, félagsheimili, sláturhús, frystihús, iðnfyrirtæki o. fl. þess háttar, greiða tengigjald kr. 1 500.00.

203 30. des. Auk tengigjaldsins skal húseigandi eða íbúðareigandi greiða árlegt holræsagjald til hreppsins kr. 200.00 af hverju húsi (eða íbúð) og enn fremur 2% af fasteignamati hússins.

Ef fleiri en ein íbúð er í húsi, skal greiða kr. 200.00 fyrir hverja eina, sem umfram er.

4. gr.

Hið árlega holræsagjald svo og tengigjald, getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir atvikum um allt að 50%, þó skal niðurjöfnun gjaldsins á hverjum tíma, miðast við nauðsynlegustu þarfir.

5. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart hreppsnefnd.

Kröfur sem hreppsnefndin kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda, og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgönguveðrétti fyrir hvers konar samnings og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjaldsins er 1. maí ár hvert.

Gjaldið greiðist oddvita hreppsins eða þeim, sem hreppsnefnd felur innheimtu þess.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500.00 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Með mál út af brotum gegn reglugerðinni skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Hvolhrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1959, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 13 29. jan. 1957, um holræsi í Hvolsvallarkauptúni í Rangárvallasýslu.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

204 30. des.

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu Stórólfshvolshverfis í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Vatnsskatt greiði notendur veitunnar árlega samkvæmt eftirfarandi reglum:

a. Fyrirtæki svo sem sláturhús, frystihús, almennings þvottahús og upppvottastöðvar bifreiða, greiði vatnsskatt, sem hreppsnefnd Hvolhrepps ákveður fyrir eitt ár í senn.

b. Aðrir, sem fá vatn frá veitunni greiði skattinn af öllum húsum sínum samkvæmt gildandi fasteignamati og sé skatturinn 10‰ af þeim húsum, sem metin eru allt að 100 000.00 krónur, en af þeim húsum, sem metin eru hærra sé skatturinn 6‰.

Vatnsskattur má þó aldrei lægri vera en 500 krónur. Séu tvær eða fleiri fjölskyldur (íbúðir) í sama húsi, verður vatnsskattur fyrir hverja eigi lægri en 500 krónur.

2. gr. 204

Vatnsveitunefnd leggur á skattinn samkvæmt 1. grein, og skal gjalddagi hans 30. des.
vera 1. marz ár hvert.

3. gr.

Húseigandi ábyrgist greiðslu vatnsskatts, en heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaukningu svarar, þótt húsaleigan hafi áður verið ákveðin.

4. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki og skal hann tryggður með lögveðrétti í hlutaðeigandi húseignum næstu tvö árin eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samnings og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvolhrepps í Rangárvallasýslu, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1959 og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 61 25. apríl 1949 fyrir vatnsveitu Stórólfshvolshverfis í Rangárvallasýslu.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ 205

31. des.

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Borðeyrar nr. 4 15. jan. 1957.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem eru sérmetnar til fasteignamats og vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða, skal greiða vatnsskatt, sem nemur 2% — tveimur af hundraði — af fasteignamatsverði árlega. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 200.00 af hverri húseign. Séu fleiri en ein íbúð í sama húsi, greiðist árlega kr. 200.00 af hverri íbúð, sem fram yfir er.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Bæjarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

206
31. des.

REGLUGERÐ
um holræsi og holræsagjöld í Keflavík.

1. gr.

Þar sem Keflavíkurbær hefur látið leggja holræsi í götu, veg eða opið svæði eða þar sem bærinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við, og í holræsið geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsið.

Vanræki einhver að láta gera holræsi frá húsi sínu innan hæfilegs frests, er byggingafulltrúi setur, skal verkið unnið á hans kostnað.

2. gr.

Allar framkvæmdir við holræsakerfi bæjarins, viðhald, endurbætur og viðauka, skulu leystar af hendi á vegum bæjarins undir umsjón vatnsveitunefndar eða annarra þeirra, sem bæjarstjórn eða vatnsveitunefnd felur það.

3. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi frá húsi sínu, skal hann tilkynna það byggingafulltrúa, og fá samþykki hans þar til. Lega, halli, stærð og gerð pípna, brunna, vatnslása og alls þess, er tilheyrir skolplögninni innan húss og utan, skal háð samþykki byggingafulltrúa. Hann skal hafa eftirlit með verkinu, og er húseiganda skylt að hlíta fyrirmælum hans í öllu því, er framkvæmd verksins varðar. Ef byggingafulltrúi telur nauðsynlegt, getur hann krafizt uppdráttar af allri lögninni. Rísi ágreiningur milli húseiganda og byggingafulltrúa, sker bæjarráð úr.

4. gr.

Allur kostnaður við holræsagerð bæjarins greiðist úr bæjarsjóði. Til þess að standast þann kostnað, skal hver húseigandi greiða bæjarsjóði tengigjald, er hann tengir hús sitt við holræsakerfi bæjarins. Tengigjald þetta skal vera kr. 1 500.00 fyrir hús með einni íbúð, en auk þess 500 kr. fyrir hverja íbúð, sem er í húsi umfram eina, og fyrir atvinnuhúsnæði skal tengigjaldið vera kr. 3 000.00. Húseigandi getur eigi krafizt tengingar við holræsakerfið, fyrr en tengigjaldið er greitt. Þá skal og hver húseigandi greiða árlegt holræsagjald til bæjarsjóðs 0,4% af fasteignamatsverði húss og lóðar, þó aldrei lægra en kr. 200.00.

Heimilt er að ákveða holræsagjald af óbyggðum lóðum, er liggja að götu, vegi eða opnu svæði, þar sem holræsi liggur.

Bæjarstjórn getur hækkað eða lækkað holræsagjöld um allt að 50%, þar sem sérstakar ástæður liggja til.

Holræsagjöldin skal reikna í heilum krónum.

5. gr.

Húseigendur bera ábyrgð á greiðslu holræsagjalda samkvæmt reglugerð þessari. Gjöld þessi má taka með lögtaki á kostnað gjaldenda, og þau eru tryggð með lögveði í fasteign þeirri, er þau eru lögð á, í næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjalda er 2. janúar ár hvert.

6. gr. 206

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1 000.00, nema þyngri 31. des.
refsing liggi við að lögum.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Keflavíkurkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1959, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um holræsi í Keflavík nr. 182 19. sept. 1945.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ 207

31. des.

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu í Keflavík nr. 173 12. sept. 1945.

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Keflavíkur, sem svo er ástatt um, sem um getur í 8. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt 0,4% af fasteignamatsverði húss og lóðar og auk þess kr. 200.00 fyrir einnar íbúðar hús, en kr. 100.00 fyrir hverja íbúð, sem er í húsi umfram eina.

Tengigjald skal vera kr. 400.00 fyrir einnar íbúðar hús, en kr. 200.00 fyrir hverja íbúð, sem er í húsi umfram eina, og auk þess 0.6% af fasteignamatsverði húss og lóðar.

Fastagjaldið greiðist um leið og leyfi er veitt til tengingar, en fasteignamatsgjaldið þegar húsið hefur verið metið.

Ef hús, er greiða ber af vatnsskatt, eru ekki virt fasteignamatsverði eða húsin eru utan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, ákvarðar vatnsveitunefndin skattinn.

Heimilt er að ákveða vatnsskatt af óbyggðum lóðum, er liggja að götu, vegi eða opnu svæði, sem vatnsæðar liggja um.

2. gr.

10. gr. orðist svo:

Verksmiðjur, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki, svo og aðrir, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa, skulu greiða aukavatnsskatt, og ákveður þá vatnsveitunefnd aukavatnsskattinn samkvæmt áætlaðri notkun.

Vatnsveitunefnd ákveður gjöld fyrir uppsetningu mæla, leigu eftir þá, og greiðslu aukavatnsskatts, ef vatn verður selt eftir mæli.

3. gr.

11. gr. orðist svo:

Fyrir vatn til hafnarinnar greiðist 25% af söluverði þess vatns, sem höfnin afhendir.

207 4. gr.
31. des. 1. málsgr. 16. gr. orðist svo:
Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast bæjarstjóri reikningshald og innheimtu skattsins. Gjalddagi er 2. janúar ár hvert. Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari reiknast í heilum krónum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Keflavíkurkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1959, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

208
31. des.

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Vatnsskattur skal vera sem hér segir:

1. Húseigendur á vatnsveitusvæðinu greiði 0.7% af fasteignaverði húseigna sinna.
2. Fyrir vatn í síldar eða kjötpækil skal greiða 50 aura fyrir hverja tunnu síldar og kr. 1.00 fyrir hverja tunnu kjöts.
3. Fyrir vatn til fiskþvottar kr. 1.00 fyrir hvert skippund fiskjar.
4. Fyrir vatn til skipa skal greiða við afhendingu kr. 10.00 fyrir hverja smálest vatns, þó eigi minna í hvert skipti en kr. 50.00 fyrir fiskiskip og kr. 100.00 fyrir öll önnur skip. Bæjarstjórnin getur, fyrir eitt ár í senn eða skemmri tíma, gert samning við eigendur eða umráðamenn skipa um árgjöld eða mánaðargjöld af þeim.
5. Fyrir aðra notkun ákveður bæjarstjórnin gjald, þegar ástæða þykir til. Gjöld þessi getur bæjarstjórnin hækkað eða lækkað allt að 50%.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1959 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar nr. 62 14. júní 1930 með breytingum nr. 126 1946 og 10/1953.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

209
31. des.

um holræsi á Seyðisfirði.

1. gr.

Þar sem bæjarstjórn hefur látið leggja holræsi í götu, veg eða um opið svæði er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji allt skolp frá húsinu út í aðalræsið. Regnvatn af húsi og lóð skal einnig, að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í húsræsið. Ef húseigandi vanrækir að leggja holræsi innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórn tiltekur eða veganefnd fyrir hennar hönd, skal verkið unnið á hans kostnað.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi, skal hann skýra verkstjóra bæjarins eða þeim, sem veganefnd felur umsjón með lagningu holræsa í bænum, frá því og fá samþykki þar til. Lega, halli, stærð og gerð pípna, brunna, vatnslása og yfir höfuð alls þess, sem skolplögninni innan og utan húss til heyrir, skal ákveðið í samráði við umsjónarmann. Hann skal og hafa umsjón með verkinu, og er húseiganda skylt að hlýða fyrirmælum hans í öllu því, sem að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur. Sé um stór hús að ræða eða mikla lögn, má umsjónarmaður veganefndar krefjast uppdráttar, sem sýni glögglega alla tilhögun lagnarinnar. Rísi ágreiningur á milli umsjónarmanns og húseiganda út af holræsalögn, skal bæjarstjórnin skera úr.

3. gr.

Bæjarstjórnin getur löggilt menn, sem teljast skulu hæfir að leggja og ganga frá holræsum, bæði utan húss og innan, enda sýni þeir eða sanni fyrir veganefnd, að þeir séu til þess færir. Þeir einir, sem bæjarstjórn löggildir til holræsalagninga, skulu hafa rétt til að leggja og ganga frá skolpræsum, sem standa í sambandi við holræsakerfi bæjarins.

4. gr.

Kostnaður við holræsagerð bæjarins greiðist úr bæjarsjóði. Til þess að standast útgjöld þau, sem stafa af lagningu holræsa, ber hverjum þeim, sem hús á, lóð eða lóðarréttindi við götu, veg eða opið svæði, sem bærinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til bæjarsjóðs 0.5% af fasteignamatsverði húss og lóðar og enn fremur 10 krónur fyrir hvern metra lóðar meðfram götu, vegi eða opnu svæði húsræsis megin, hvort heldur er um framlóð eða baklóð að ræða. Húseigandi greiðir jafnan metragjaldið af þeirri hlið lóðar sinnar, sem hann leggur húsræsi sitt út frá. Undanþágu eða ívilnun má þó veita, ef lóð er svo háttað, að auðveldara er að koma skolpi eða afrennsli frá henni á annan hátt en í aðalræsið eða erfiðara að koma því á aðalræsið, en frá öðrum lóðum yfirleitt. Aukagjald má leggja á, ef skolp frá einhverri lóð er þannig, að telja má meiri útgjöld stafa af að koma því í burt, en öðru skolpi. Gjöld samkvæmt grein þessari er bæjarstjórn heimilt að hækka eða lækka um 25 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytisins komi til.

5. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að undanþiggja þá hús- og lóðareigendur, sem sjálfir hafa lagt holræsi frá húsi sínu og talið er viðunandi, að dómi bæjarstjórnar, frá þeirri skyldu að greiða holræsagjald og leggja nýtt ræsi í holræsi bæjarins.

B 50

31. dag desembermánaðar 1958. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

209 6. gr.
31. des. Eigandi lóðar ábyrgist holræsagjald, en heimilt er honum að hækka leigu eftir lóð eða mannvirki á henni, sem gjaldi eða gjaldauka svarar, þótt leiga hafi áður verið ákveðin. Gjaldið hefur lögtaksrétt, og er það tryggt með lögveði í húsi og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er 1. apríl.

7. gr.
Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 2000 krónum, sem renna í ríkissjóð. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1959 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

210 **REGLUGERÐ**
31. des. **fyrir vatnsveitu í Grindavík.**

1. gr.
Hreppsnefnd Grindavíkurhrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveita hreppsins nær yfir, og hún getur fullnægt, og einnig til hafnarinnar í Grindavík.

2. gr.
Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varða, annast vatnsveitunefnd í samráði við hreppsnefnd.

Vatnsveitunefnd annast um viðhald vatnsveitunnar, endurbætur og umsjón alla. Hreppsnefnd er heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hefur eftirlit með veitukerfinu og annast önnur störf í þágu vatnsveitunnar, er henta þykir.

3. gr.
Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi vatnsveitunefndar.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götulögnum í hús sín og annast viðhald þeirra, þó skal vatnsveitan bera kostnað af skurðgreftri gegnum vegi. Skylt er hverjum húseiganda að láta tafarlaust gera við vatnsæðar sínar, ef leki kemur að þeim. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með leyfi vatnsveitunefndar.

4. gr.
Umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem eru sett í samband við þær.

Ef honum þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella geri umsjónarmaður það á hans kostnað. 210 31. des.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki tengigjald eða vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað af þessum sökum.

5. gr.

Engum er heimilt án leyfis vatnsveitunefndar að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

6. gr.

Af öllum húsum í Grindavík, sem virt eru til fasteignaskatts, og vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð þeirra telst til, skal greiða vatnsskatt. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, er þær eru vátryggðar ásamt því, enda noti þær vatn frá veitunni.

7. gr.

Af öllum húsum í Grindavík, sem svo er ástatt um, sem getur í 6. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða tengigjald kr. 2 500.00 af hverju húsi.

Þá skal greiða árlega vatnsskatt að upphæð 0.5% af fasteignamati, þó skal aldrei greiða minna en kr. 350.00 af hverri íbúð.

Fyrir vatnsnotkun í peningshúsum og öðrum hliðstæðum útihúsum, skal greiða kr. 100.00 árlega.

Af húsum þeim, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, sem útheimtir vatnsnotkun, svo sem verksmiðjur, baðhús, þvottahús, iðnfyrirtæki, fiskhús og fyrir vatn til hvers konar notkunar umfram venjulega heimilisnotkun, skal greiða eftir mati vatnsveitunefndar.

Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 5.00 fyrir smálest, þó aldrei minna en kr. 10.00 í hvert sinn.

8. gr.

Nú hrökkva tekjur vatnsveitunnar ekki fyrir gjöldum, og getur þá hreppsnefnd ákveðið fyrir eitt ár í senn, að hækka vatnsskatt þennan um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytis.

9. gr.

Nú sættir húseigandi eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun vatnsveitunefndar um vatnsskatt til annars en heimilisþarfa, og getur hann þá krafizt þess, að gerðardómur úrskurði ágreiningsatriðin.

10. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt, landsafnot og mannvirki í þágu vatnsveitunnar, og þola þær kvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

11. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast oddviti innheimtu og greiðslur vatnsveitunnar. Hreppsnefnd ákveður þóknun fyrir þau störf.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. júní ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir yfirstandandi ár.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa. Vatnsskattinn má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

210 12. gr.
31. des. Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 500.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Grindavíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1959, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

211
31. des.

REGLUGERÐ

um holræsi í Hafnarkauptúni, Austur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, svo sem unnt er, leiða í ræsið. Vanræki einhver að gera holræsi innan hæfilegs tíma, sem hreppsnefnd ákveður, getur hún látið vinna verkið á kostnað húseigenda.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi kauptúnsins varða, svo sem viðhald, viðauka og umsjón alla, annast vatnsveitunefnd eða maður, sem hreppsnefnd velur þar til, undir yfirumsjón hreppsnefndar. Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi þessara aðila, og ber öllum skylda til að hlíta í öllu fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað það, er í því sambandi skiptir máli.

3. gr.

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr hreppssjóði. Til að standast þann kostnað, ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða holræsagjald til hreppsins, tengigjald kr. 150.00 og árlega kr. 25.00 af hverju húsi auk gjalds, sem miðast við fasteignamat húsanna, sem hér segir:

Af fyrstu kr. 5 000.00 greiðast 5‰.
Af næstu kr. 5 000.00 greiðast 3‰.
Af því, sem þar er fram yfir greiðast 1,5‰.
Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50%.

4. gr.

Húseigendum ber að greiða holræsagjaldið og bera þeir einir ábyrgð á greiðslu þess. Kröfur, sem hreppsnefndin kann að öðlast samkv. 1. gr. og holræsagjaldið má taka lögtaki, og er það tryggt með lögveði í eigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjalddagi holræsagjaldsins er 15. október ár hvert.

5. gr. 211

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 500.00, nema þyngri 31. des.
refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ 212

31. des.

um vatnsveitu í Höfn í Hornafirði.

1. gr.

Hreppsnefnd Hafnarhrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns, á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og einnig til hafnarinnar í Hornafirði.

2. gr.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi vatnsveitunefndar.

3. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varða, annast vatnsveitunefnd í samráði við oddvita og hreppsnefnd.

Vatnsveitunefnd annast viðhald vatnsveitunnar, umsjón og endurbætur. Heimilt skal hreppsnefnd að ráða sérstakan vatnsveitustjóra, er hafi eftirlit með veitukerfinu og annist önnur störf í þágu vatnsveitunnar, er henta þykir. Getur vatnsveitunefnd löggilt sérstaka vatnsvirkja til að annast viðhald og viðauka við veituna, og er þeim skylt að hlýða í öllu fyrirmælum vatnsveitunefndar.

4. gr.

Reikningshald og innheimtu vatnsveitunnar hefur hreppsnefnd á hendi, gegn hæfilegu gjaldi. Reikningsárið er almanaksár og skulu reikningar veitunnar endurskoðaðir af endurskoðanda hreppsreikninga og lagðir fram ásamt hreppsreikningi ár hvert.

5. gr.

Hreppsnefndin lætur leggja vatnsæðar svo víða um kauptúnið, sem fært þykir og þörf krefur, svo húseigandi eigi greiðan aðgang að þeim við veg, götu eða annað almenningssvæði, er lóðir þeirra liggja að eða eru í námunda við, og verður enginn krafinn um vatnsskatt, fyrr en svo er.

6. gr.

Skylt er hverjum húseiganda og öðrum, er vatnsæð hefur, að halda vatnsæðum sínum vel við og láta, án tafar, gera við þær, ef leki kemur að þeim. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

212 7. gr.

31. des. Umsjónarmönnum vatnsveitunnar og löggiltum innlagningamönnum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og þau tæki, er sett kunna að vera í samband við þær.

8. gr.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum og tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga. Ágreiningi út af slíkum atriðum má skjóta undir dóm hreppsnefndar. Fullan vatnsskatt ber að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

9. gr.

Af öllum íbúðarhúsum og öðrum slíkum húsum, þar sem vatns er þörf, skal greiða vatnsskatt álagðan eftir fasteignamatsverði húsanna, sem hér segir:

Lágmark vatnsskatts er kr. 250.00 á hús, sem að fasteignamati er kr. 5 000.00 og þar undir.

Af næstu kr. 5 000.00 greiðist 20‰.

Af næstu kr. 5 000.00 greiðist 10‰.

Af næstu kr. 5 000.00 greiðist 5‰.

Af því, sem þar er fram yfir 3‰.

Fyrir vatnshana utan húss og í peningshúsum og öðrum hliðstæðum húsum skal greiða kr. 45.00.

10. gr.

Hús, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, þar með taldar verbúðir o. fl., skulu auk gjalda samkvæmt fasteignamatsverði greiða vatnsskatt eftir mæli, sem hér greinir:

Af þúsund smálestum greiðist kr. 1.50 af hverri smálest.

Af því, sem umfram er greiðist kr. 1.00 af hverri smálest.

Frystihús greiði kr. 2.00 af hverju tonni af innvegnum fiski, sláturhús greiði kr. 0.25 af hverri slátraðri kind.

11. gr.

Vatnsveitunni er heimilt að selja allt vatn eftir mælum og skal þá verðið vera:

Af fyrstu 500 smálestum kr. 1.50 af hverri smálest.

Af næstu 500 smálestum kr. 1.00 af hverri smálest.

Af því sem umfram er kr. 0.80 af hverri smálest.

Auk þess tekur vatnsveitan fastagjald kr. 10.00 af hverri húsveitu ársfjórðungslega. Tengigjald er kr. 300.00. Ársleiga á mæli kr. 10.00. Öll gjöld fyrir vatn getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50%.

12. gr.

Fyrir vatn til skipa skal greiða kr. 15.00 fyrir hverja smálest, þó aldrei minna en kr. 25.00 fyrir fiskiskip og kr. 40.00 fyrir önnur skip. Gjaldið greiðist við móttöku.

13. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. apríl ár hvert. Vatnsskattinn má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samnings og aðfararveði.

14. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar eða setja hreyfivélar í samband við hana, án leyfis vatnsveitunefndar.

15. gr. 212

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1 500.00, nema að þyngri refsing liggi við. Með mál út af brotum á reglugerðinni skal fara að hætti opinberra mála. 31. des.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 114 7. maí 1952 fyrir vatnsveitu í Höfn í Hornafirði.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ 213

31. des.

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu í Hveragerðishreppi nr. 158 25. nóv. 1948.

1. gr.

13. grein orðist svo:

Af öllum húsum í Hveragerðishreppi, sem svo er ástatt um, sem um getur í 12. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt að upphæð 6.5‰ — sex og hálfan af þúsundi — og kr. 80.00 gjald af hverri íbúð, þó skal lágmarks vatnsskattur vera kr. 150.00.

2. gr.

Í 14. grein, um gróðurhús, orðist svo:

Af gróðurhúsum greiðist kr. 1.00 fyrir hvern fermetra.

Aftan við 14. gr. skal bæta við:

Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 3 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

3. gr.

16. grein orðist svo:

Heimilt er hreppsnefndinni fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskatt um allt að 50% — fimmtíu af hundraði —.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin auglýsing um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu í Hveragerðishreppi nr. 112 13. ágúst 1956.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

214
22. jan.

REGLUGERÐ
um heilsuvernd í skólum.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Heilsuvernd í skólum skal í aðalatriðum fólgin í a) eftirliti með heilsufari nemenda og tiltækilegum ráðstöfunum til að efla líkamlega og andlega hreysti þeirra og ráða bót á ágöllum, kvillum og sjúkdómum, b) vernd gegn smitsjúkdómum, slysum, ofreynslu og andlegum áverka, d) almennri heilbrigðisfræðslu og leiðbeiningum um heilsuvernd og e) eftirliti með aðbúnaði og húsakynnum.

Það er ekki hlutverk skólalæknis sem slíks að veita sjúkum nemendum læknishjálp.

2. gr.

Hver skóli skal sjá heilbrigðisstarfsliði sínu fyrir viðunandi húsnæði búnu nauðsynlegum húsgögnum.

3. gr.

Skólalæknar og skólahjúkrunarkonur eiga ótakmarkaðan aðgang til eftirlits að öllum vistarverum, sem nemendur í skóla þeirra hafa afnot af, hvort heldur bein eða óbein.

4. gr.

Kveðja skal skólayfirlækni til ráða, þegar gerðar eru teikningar af nýjum skólabyggingum og skólahúsgögnum eða breytingar á húsakynnum eða húsbúnaði skóla.

5. gr.

Skólayfirlæknir lætur gera heilsufars- og skoðunarseðil og önnur eyðublöð til afnota við framkvæmd heilsuverndar í skólum og segir fyrir um notkun þeirra og meðferð. Heimilt er þó heilsuverndarstöðvum með samþykki skólayfirlæknis að nota aðra gerð seðla, svo og fleiri eyðublöð en hann mælir fyrir um.

Allar upplýsingar um heilsufar nemenda eru einkamál, og skal fara með þær samkvæmt því.

6. gr.

Nú stundar nemandi samtímis nám við fleiri skóla en einn, og ber þá eftirlit með honum undir skólalækni þess skóla, þar sem nemandinn telst stunda aðalnám.

Um almenna skólaskoðun og eftirlit með nemendum.

7. gr.

1. Berklaskoðun skal fara fram á nemendum og starfsliði skóla, eftir því sem fyrir er mælt í lögum og reglum um berklavarnir hverju sinni.

2. Almenn skólaskoðun skal fara fram eigi sjaldnar en hér segir:

a. árlega í öllum heimavistarskólum,
b. fjórum sinnum á skólatímanum í heimangönguskólum á skyldunámsstigi, þar á meðal þegar börn byrja skólagöngu og á því skólaári, er þau ljúka barnaprófi og unglingaprófi,
d. á því skólaári, er nemendur ganga undir landspróf miðskóla og gagnfræðapróf í heimangönguskólum á gagnfræðastigi,

e. annað hvert ár í heimangönguskólum öðrum en þeim, sem taldir eru í b- og d-lið þessarar greinar, þar á meðal á því skólaári, er nemandinn lýkur brottfararprófi. **214** 22. jan.

f. á börnum, sem byrja skólagöngu síðar en lög mæla fyrir, jafnskjótt og þau hefja nám.

8. gr.

Almenn skólaskoðun skal í meginatriðum fólgin í þessu:

a. Skrá skal eftir upplýsingum foreldra (forráðamanns) stutta heilsufarssögu hvers barns, sem byrjar skólagöngu, og spyrjast fyrir um:
   1. arfgenga sjúkdóma í fjölskyldu,
   2. húsakynni og aðrar heimilisástæður,
   3. samvistir við berklaveika,
   4. gang fæðingar og þyngd við fæðingu,
   5. afstaðnar farsóttir og aðra sjúkdóma og kvilla, svo og aðgerðir og slys (einkum áverka á höfuð),
   6. mataræði og svefn,
   7. daglegt hátterni.

b. Skólalæknir skal eiga stutt viðtal við hvert barn, sem byrjar skólagöngu, og gera sér, eftir því sem auðið er, grein fyrir málfæri þess, andlegum þroska og andlegum viðbrögðum.

d. Líkamsrannsókn er í aðalatriðum fólgin í, að athugað er:
   1. líkamsþroski og eldi,
   2. vanskapnaður og áorðin bæklun eða burðargallar (brjóstgrind, hryggur, limir), hreyfanleiki liðamóta, svo og líkamslýti,
   3. líkamshirðing, húðsjúkdómar,
   4. tannhold, tennur, eitlar í munn- og nefkoki, aðrir eitlar,
   5. sjónskerpa á hvoru auga um sig, augu að öðru leyti, litarskyn 12 ára barna,
   6. heyrn á hvoru eyra um sig, eyru að öðru leyti,
   7. hjarta og lungu,
   8. kviður (kviðslit, ör), eistu.
   9. taugakerfi.

e. Ekki er skylt að rannsaka þvag, blóðrauða, blóðsökk og blóðþrýsting, nema skólalækni þyki eitthvað benda til, að þess sé þörf.

f. Heimilt er skólalækni að láta vega og mæla nemendur, þegar hann telur ástæðu til.

g. Meðan nemandi er í skóla, skal skrá sjúkdóma, sem hann fær á þeim tíma, aðgerðir og slys, sem máli þykja skipta, svo og annað, sem mælt er fyrir um á skoðunarseðli.

9. gr.

Jafnan skal nemendum heimilt að leita til skólalæknis, þegar hann er staddur í skólanum, ef þeir eða foreldrar þeirra æskja slíks. Hafa skal þó samráð við skólahjúkrunarkonu, þar sem hún er starfandi, áður en nemendur, er um ræðir í þessari grein, koma til skoðunar.

10. gr.

Auk þess, sem fyrir er mælt í 7.—9. gr., skulu *gæzlunemendur* háðir sérstöku eftirliti skólalæknis. Skal hann skoða þá eða fylgjast með þeim á annan hátt og vera heilsufarslegur ráðunautur þeirra, foreldra þeirra og kennara, eftir því sem tilefni er til að hans dómi og að svo miklu leyti sem honum endist tími til.

Til gæzlunemenda teljast:

1. nemendur, sem hafa verið fjarvistum úr skóla vegna sjúkdóma eða slysa;
2. nemendur, sem ganga með langvinna líkamlega sjúkdóma eða eru í afturbata

214 22. jan.

eftir slíka sjúkdóma, svo og nemendur, sem hafa líkamlega eða andlega ágalla eða eru andlega miður sín á einhvern hátt,

a. nemendur, sem eru vanskapaðir eða á annan hátt lýttir eða þjást af vöðvarýrnun, hryggskekkju, ilsigi eða öðru í þeim mæli, að áhrif hafi á líkamsburð, starfshæfi og líðan,
b. nemendur, sem þjást t. d. af sjón- eða sjónlagsgöllum, heyrnardeyfu, málfæristruflunum, orðblindu, afleiðingum af gigtsótt, hjartasjúkdómum, astma, lungnaeitlabólgu, offitu, sykursýki, langvinnum nýrnasjúkdómum, flogaveiki, svo og taugaveiklun eða röskun á tilfinningalífi eða geði í þeim mæli, að áhrif hafi á nám, atferði og aðlögun að umhverfi;

3. nemendur, sem eru óeðlilega pasturslitlir, magrir eða seinþroska líkamlega, án þess að þeir verði taldir veikir;
4. nemendur, sem ætla má, að sjúkdómar geti vofað yfir öðrum fremur, einkum:
   a. nemendur, sem hafa fengið fleiðrubólgu eða þrimlasótt,
   b. nemendur, sem eru samvistum við berklaveika,
   d. nemendur, sem eiga foreldra eða aðra nána ættingja, sem ganga með arfgenga sjúkdóma,
   e. nemendur frá heimilum, sem eru í óreiðu á einhvern hátt,
   f. nemendur, sem eru áberandi óreglusamir í háttum sínum, t. d. um mataræði, svefntíma eða meðferð nautnalyfja.

11. gr.

Nú er þess æskt, að barn hefji skólagöngu fyrr en lög mæla fyrir, og skal þá senda barnið til hlutaðeigandi skólalæknis til skoðunar. Ef skólalæknir telur af einhverjum ástæðum óráðlegt, að barnið hefji skólagöngu, skal hann ráða foreldrum (forráðamanni) frá því.

12. gr.

Nú telur skólalæknir, að nemanda sé þörf læknishjálpar, og skal hann þá vísa nemandanum til heimilislæknis hans eða hlutast á annan hátt til um, að hann hljóti viðeigandi hjálp.

Sérstök áherzla skal lögð á að senda til eyrnalæknis nemendur, sem heyra ekki fulla heyrn, og til augnlæknis nemendur, sem sjá ekki fulla sjón eða hafa einhver sjúkleg einkenni frá augum.

Lækni, sem nemanda er vísað til, ber að gera hlutaðeigandi skólalækni grein fyrir niðurstöðum rannsókna sinna og meðferð.

13. gr.

Nú kemur í ljós, að nemandi er haldinn smitandi sjúkdómi, og ber þá skólalækni að sjá um, að nemandinn sæki ekki skóla, meðan af honum stafar smithætta.

14. gr.

Nú telur skólalæknir, að nemanda sé þörf sérkennslu, sérstakrar meðferðar í bekk eða annarrar tiltækilegrar hjálpar, án þess að um sé að ræða læknishjálp, og skal hann þá beina um það tilmælum til hlutaðeigandi skólastjóra.

15. gr.

Nú krefst skóli fjarvistarvottorðs vegna bráðs sjúkdóms, og skal þá taka gilt vottorð frá hverjum þeim lækni, sem til hefir verið kvaddur.

Taka skal gilt vottorð frá heimilislækni, þegar um er að ræða fjarvistir nemanda vegna langvinns sjúkdóms, en honum ber að gera skólalækni grein fyrir ástæðum.

Vottorð um undanþágu frá einstökum námsgreinum skal því aðeins tekið gilt, að skólalæknir hafi látið það í té samkvæmt eigin rannsókn eða trúnaðarumsögn hlutaðeigandi heimilislæknis. 214 22. jan.

16. gr.

Nemendum er óheimilt að taka þátt í íþróttakeppni án leyfis hlutaðeigandi skólalæknis.

Um heilsufræðikennslu.

17. gr.

Kenna skal öllum nemendum í barna-, unglinga- og gagnfræðaskólum almenna heilsufræði og stúlkum í þessum skólum auk þess þá þætti heilsufræði, er konur varða sérstaklega. Kennaraefnum skal kenna almenna heilsufræði, skólaheilsufræði og hjálp í viðlögum.

Hlutaðeigandi skólalæknir skal fylgjast með því, að kennt sé tilskilið námsefni í heilsufræði í almennum skólum, og veita skal hann heilsufræðikennara leiðbeiningar, ef hann æskir.

Um heilsuverndarstöðvar og ráðningu heilbrigðisstarfsliðs.

18. gr.

Þar sem heilsuverndarstöðvar hafa heilsuvernd í skólum með höndum, ráða þær eða leggja til heilbrigðisstarfslið í skóla, hver í sínu umdæmi. Skulu stöðvarnar semja við eftirtalda aðila um greiðslu fyrir eftirlitið og um starfstíma yfir skólaárið í hverjum skóla:

a. við fræðslumálastjórn, ef um er að ræða ríkisskóla,
b. við sveitarstjórn, ef um er að ræða skóla, sem reknir eru af sveitarfélögum einvörðungu eða sameiginlega af ríki og sveitarfélögum,
d. við skólastjórn, ef um er að ræða einkaskóla.

19. gr.

Þar sem heilsuverndarstöðvar hafa ekki heilsuvernd í skólum með höndum, ráða aðilar þeir, sem taldir eru í 18. gr., heilbrigðisstarfslið að skólum annað en héraðslækna, sem gegna skólalæknisstörfum samkvæmt lögum um heilsuvernd í skólum. Skulu fyrrtaldir aðilar semja um launakjör og ákveða starfstíma heilbrigðisstarfsliðs yfir skólaárið í hverjum skóla.

20. gr.

Hafa skal samráð við skólayfirlækni og hlutaðeigandi skólastjóra um ráðningu allra heilbrigðisstarfsmanna skóla annarra en héraðslækna, sem gegna skólalæknisstörfum samkvæmt lögum um heilsuvernd í skólum. Ákveða skal starfstíma heilbrigðisstarfsmanna yfir skólaárið í hverjum skóla í samráði við skólayfirlækni.

21. gr.

Lengd ráðningartíma heilbrigðisstarfsmanna í skólum annarra en héraðslækna, sem gegna skólalæknisstörfum samkvæmt lögum um heilsuvernd í skólum, fer eftir því, sem um semst á hverjum stað, en lögð skal áherzla á, að sami hæfur starfsmaður gegni sem lengst störfum við sama skóla.

22. gr.

Heimilt er heilsuverndarstöðvum að ráða til heilbrigðisstarfa í skólum hvort heldur sem er fast starfslið sitt eða aðra, sem völ er á og um semst.

214 22. jan.

23. gr.

Heilbrigðisstarfslið skóla skal leitast við að vinna störf sín í sem nánastri samvinnu við skólastjóra og kennara og gæta þess, að valda sem minnstri röskun á daglegum störfum skólans. Viðtalstíma, svo og hvaða bekkir eru teknir til skoðunar hverju sinni, skal ákveða í samráði við skólastjóra.

Um skólastjóra og kennara.

24. gr.

Skólastjórum og kennurum ber að fylgjast með andlegum og líkamlegum þroska og heilsufari nemenda sinna eins og unnt er, gæta þess eftir föngum, að vel sé að þeim búið í skólanum, varast að ofþyngja þeim í námi og leitast við að kenna og temja þeim hollustusamlegar lífsvenjur. Þeir skulu jafnan vera á verði um allt, er bent getur til, að nemandi sé andlega eða líkamlega vanheill eða miður sín og koma slíkum nemanda í hendur skólalækni hið fyrsta, og hlíta skulu þeir fyrirmælum skólalæknis um meðferð á gæzlunemendum.

25. gr.

Nú sækist nemanda nám óeðlilega illa að dómi kennara, og skal þá skólalækni falið að rannsaka, hvort námstregðan geti stafað af sjúkdómi, kvilla eða ágalla öðrum en hæfileikaskorti.

26. gr.

Að minnsta kosti tvisvar á vetri skulu kennarar gera skólalækni, annaðhvort skriflega eða munnlega, grein fyrir áliti sínu á heilsufari nemenda, sem eru í umsjá þeirra.

27. gr.

Skólastjóra ber að fylgjast með því, að heilbrigðisstarfslið skóla hans komi til starfa á umsömdum starfstímum.

Um heimild til að gefa nánari fyrirmæli og veita undanþágur.

28. gr.

Skólayfirlækni er heimilt að gefa í einstökum atriðum nánari fyrirmæli um framkvæmd skólaskoðunar og eftirlit með nemendum, svo fremi að þau brjóti ekki í bága við ákvæði þessarar reglugerðar.

Sömuleiðis er skólayfirlækni heimilt í samráði við landlækni að veita undanþágur frá einstökum ákvæðum þessarar reglugerðar, ef til þess þykja brýnar ástæður sökum staðhátta eða annarra aðstæðna.

Starfssvið skólayfirlæknis.

29. gr.

Skólayfirlæknir er framkvæmdarstjóri heilsuverndarstarfseminnar í skólum landsins, öðrum en Háskóla Íslands, og sérfræðilegur ráðunautur fræðslumálastjórnar, heilbrigðisstjórnar, skólastjóra og skólayfirvalda (fræðsluráða, skólastjórna, skólanefnda) um allt, er hana varðar. Hann skal skipuleggja og hafa umsjón með starfi skólalækna, skólahjúkrunarkvenna og skólatannlækna, búa gögn í hendur þeim og hlutast til um, að vinnuskilyrði þeirra séu viðunandi. Hann skal fylgjast með andlegum og líkamlegum þroska, heilsufari, skólavinnu og aðbúð þeirrar kynslóðar, er á skólabekk situr hverju sinni, hafa forgöngu um almennar ráðstafanir henni til heilsuverndar og beita sér fyrir því, að leitað sé tiltækilegrar lækningar eða annarrar hjálpar þeim, sem á slíku þurfa að halda.

Í einstökum atriðum skal skólayfirlæknir gæta þessa: 214

a. Skólayfirlæknir skal ferðast milli skóla til eftirlits samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisstjórnar og í samráði við fræðslumálastjórn. 22. jan.
b. Skólayfirlæknir skal hafa fastan viðtalstíma á skrifstofu sinni, þegar hann er ekki á ferðalögum.
d. Skólayfirlæknir skal skipuleggja fræðslu þá, er kennaraefni fá í líkamsfræði, lífeðlisfræði, almennri heilsufræði, skólaheilsufræði og hjálp í viðlögum.
e. Skólayfirlæknir skal vera ráðunautur um fræðslu þá, er almennir skólar veita nemendum sínum í líkamsfræði og heilsufræði.
f. Skólayfirlæknir skal vera heilsufarslegur ráðunautur um vikulegan hámarksvinnustundafjölda hvers aldursflokks nemenda.
g. Skólayfirlæknir skal vera heilsufarslegur ráðunautur um leikja-, leikfimi og aðrar íþróttaiðkanir nemenda.
h. Skólayfirlæknir skal vera heilsufarslegur ráðunautur um mataræði í heimavistarskólum, svo og um matgjafir í skólum, ef teknar verða upp.
i. Skólayfirlæknir skal vera heilsufarslegur ráðunautur um gerð og innréttingu skólahúsa og gerð skólahúsgagna.
j. Skólayfirlæknir skal fylgjast með útbreiðslu næmra sótta í skólum og hafa ásamt öðrum ábyrgum aðilum forgöngu um að hefta þær, eftir því sem fyrir er mælt í lögum og reglum þar að lútandi.
k. Skólayfirlæknir skal skipuleggja námsskeið í skólaheilsufræði fyrir skólalækna, skólahjúkrunarkonur og kennara, þegar fræðslumálastjórn og heilbrigðisstjórn mæla svo fyrir.
l. Skólayfirlæknir skal á hverju ári heimta inn skýrslur um heilsuverndarstarfið í skólum landsins og láta fræðslumálastjórn og heilbrigðisstjórn í té heildarskýrslu um starfsemina.

Starfssvið skólalækna.

30. gr.

Skólalæknir skal, undir umsjón skólayfirlæknis, hafa eftirlit með heilsufari, andlegum og líkamlegum þroska, skólavinnu og aðbúð nemenda, leitast við í samvinnu við aðra ábyrga aðila að kenna og temja þeim hollustusamlegar lífsvenjur og vera ráðunautur hlutaðeigandi skólastjóra og skólayfirvalda um allt, er lýtur að hollustuháttum í skólanum.

Í einstökum atriðum skal skólalæknir gæta þessa:

a. Skólalæknir skal vera í skólanum á umsömdum viðtalstímum.
b. Skólalæknir skal haga skólaskoðun og heilbrigðiseftirliti með nemendum, eftir því sem fyrir er mælt í 7.—17. (incl.) og 23. gr. þessarar reglugerðar.
d. Skólalæknir skal fylgjast með því, að kennarar séu ekki haldnir neinum þeim sjúkdómum, sem nemendum getur stafað háski af.
e. Skólalæknir skal fylgjast með útbreiðslu næmra sótta í skólanum og beita í samvinnu við aðra ábyrga aðila tiltækilegum ráðum til að hefta útbreiðslu þeirra, eftir því sem fyrir er mælt hverju sinni í lögum og reglum þar að lútandi.
f. Skólalæknir ber á byrgð á, að skráð sé á skoðunarseðla og önnur eyðublöð, sem notuð kunna að vera, allt, sem þar á að skrá. Hann skal hafa eftirlit með því, að skoðunarseðlar og önnur eyðublöð séu geymd á öruggum stað og að enginn óviðkomandi hnýsist í þau. Einnig skal hann sjá um, að plögg nemenda, er skipta um skóla, séu send þeim skóla, er nemandinn sezt í.
g. Skólalæknir skal kynna sér stundaskrá og starfsemi skólans og hlutast til um, að nemendum sé ekki ofþyngt í námi og að námsþungi hvíli sem jafnast á dögum vikunnar.

214 h. Skólalæknir skal fylgjast með íþróttakennslu í skólanum, vera á verði um,
22. jan. að nemendum sé ekki ofboðið með erfiðum æfingum og leggja leikfimikennara ráð um meðferð nemenda, sem eru heilsuveilir eða táplitlir.

i. Skólalæknir skal leggja skólastjóra og kennurum ráð um meðferð á gæzlunemendum.

j. Skólalæknir skal ganga eftir því, ef með þarf, að kennarar fullnægi ákvæðum 26. gr. þessarar reglugerðar.

k. Skólalæknir skal hlutast til um, að foreldrum (forráðamanni) sé jafnóðum tilkynnt allt, sem athugavert finnst við heilsu barns þeirra. Einnig skal hann sjá um, að skólastjóra eða hlutaðeigandi kennara sé tilkynnt allt, sem máli skiptir vegna námsins.

l. Skólalæknir skal fylgjast með því, að borð og stólar hæfi nemendum.

m. Skólalæknir skal vera heilsufarslegur ráðunautur um starfsval nemenda, þar sem skóli hefur leiðbeiningar um slíkt með höndum.

n. Skólalæknir skal hafa eftirlit með heilbrigðisfræðslu í skólanum og veita heilsufræðikennara umbeðnar leiðbeiningar.

o. Skólalæknir skal sitja kennarafundi, eftir því sem um semst með honum og skólastjóra og a. m. k. einu sinni á ári.

p. Skólalæknir skal flytja erindi um heilsuvernd fyrir kennara og foreldra, þegar um semst með honum og skólastjóra.

r. Skólalæknir skipuleggur og stjórnar starfi skólahjúkrunarkonu, þar sem hún er starfandi.

s. Skólalæknar utan kaupstaða skulu hafa eftirlit með sundlaugum, þar sem nemendum skólans er kennt sund. Skólalæknar í kaupstöðum skulu líta eftir sundlaugum, sem eru í skólunum.

t. Skólalæknir við heimavistarskóla skal líta eftir umgengni í svefnherbergjum nemenda, þegar hann er staddur í skólanum. Einnig skal hann líta eftir mataræði og ganga úr skugga um, að matvælageymslur séu óaðfinnanlegar og að gætt sé hreinlætis við alla meðferð matvæla.

u. Eigi síðar en mánuði eftir að skóli hefur lokið störfum að vorinu skal skólalæknir (heilsuverndarstöð) gera ársskýrslu í þríriti um heilsuverndarstarfsemina og nota við skýrslugerð eyðublöð þau, er skólayfirlæknir hefur mælt fyrir um, að notuð skuli. Skal hann senda hlutaðeigandi héraðslækni (í Reykjavík borgarlækni) eitt eintak, skólayfirlækni eitt, en eitt skal varðveitt í skólanum.

Starfssvið skólahjúkrunarkvenna.

31. gr.

Skólahjúkrunarkona skal, undir umsjón skólayfirlæknis og hlutaðeigandi skólalæknis, fylgjast með andlegum og líkamlegum þroska nemenda, heilsufari þeirra, klæðnaði, líkamsþrifnaði og aðbúð í skóla og á heimili. Hún skal í samvinnu við aðra ábyrga aðila leitast við að kenna og temja nemendum hollustusamlegar lífsvenjur og stuðla að því, að leitað sé tiltækilegrar lækningar eða annarrar hjálpar þeim, sem á slíku þurfa að halda.

Í einstökum atriðum skal skólahjúkrunarkona gæta þessa:

a. Skólahjúkrunarkona skal vera í skólanum á umsömdum starfstímum.

b. Skólahjúkrunarkona skal vera tengiliður milli heimilis og skóla um allt, er heilsuvernd nemenda varðar. Skal hún fara heim á heimili nemenda, eftir því sem skólastjóri, skólalæknir eða hún sjálf telja ástæðu til, kynna sér heimilishætti og aðbúð og leggja foreldrum ráð um hollustuhætti og meðferð á barni þeirra. Það, sem hún telur sérstaklega aðfinnsluvert, skal hún skrá á skoðunar-

seðil hlutaðeigandi nemanda að lokinni heimsókn, og skýra skal hún skólastjóra og skólalækni frá niðurstöðum sínum. 214 22. jan.

d. Skólahjúkrunarkona skal búa undir viðtalstíma skólalæknis og aðstoða hann við skoðun, nema öðruvísi sé fyrir aðstoð séð.

e. Þar sem skólahjúkrunarkona vinnur fullt starf í skóla, skal hún annast bráðabirgðahjálp, þegar nemendur verða fyrir meiðslum, og leggja á ráð um meðferð nemenda, sem veikjast meðan þeir eru staddir í skólanum.

f. Skólahjúkrunarkona skal fylgjast með fjarvistum nemenda og koma á framfæri við skólalækni nemendum, sem hafa verið fjarverandi vegna sjúkdóma eða slysa, svo og þeim nemendum öðrum, sem þarfnast skoðunar að dómi hennar, og einnig, eftir því sem hún telur ástæðu til, nemendum, sem foreldrar eða kennarar æskja skoðunar á eða æskja slíks sjálfir. Hún skal vanda sérstaklega til eftirlits með gæzlunemendum og vera ásamt skólalækni og í umboði hans ráðunautur þeirra sjálfra, foreldra þeirra og kennara um meðferð á þeim.

g. Skólahjúkrunarkona skal kalla fyrir sig á hverju hausti þá bekki skólans, sem ekki eru skoðaðir almennri skólaskoðun á því skólaári, spyrjast fyrir um heilsufar og koma í hendur skólalækni þeim nemendum, sem hún telur þarfnast skoðunar.

h. Skólahjúkrunarkona skal jafnóðum tilkynna foreldrum (forráðamanni) allt, sem athugavert hefur fundizt við heilsu barns þeirra, svo og hverjar ráðstafanir teljist nauðsynlegar eða ráðlegar.

i. Skólahjúkrunarkona skal sjá um, að farið sé að fyrirmælum skólalæknis um tilvísun nemenda til annarra lækna.

j. Skólahjúkrunarkona skal eftir fyrirmælum skólalæknis sjá um framkvæmd ráðstafana til heftingar næmra sótta, sem upp kunna að koma eða ganga í skólanum.

k. Skólahjúkrunarkona skal, nema öðruvísi sé fyrir því séð, tilkynna foreldrum skoðun á barni þeirra, þegar skólalæknir æskir, að þeir séu viðstaddir.

l. Skólahjúkrunarkona skal fylgjast með klæðnaði og líkamshirðingu nemenda, einkum hvort óþrif séu í hári. Óþrif skal hún leitast við að uppræta, án þess að önnur börn verði vör við.

m. Skólahjúkrunarkona skal afla þeirra upplýsinga, sem fyrir er mælt um á heilsufars- og skoðunarseðli um heilsufar og heimilishagi þeirra nemenda, sem byrja skólagöngu. Hún skal sjá um, að seðlar og önnur eyðublöð séu í röð og reglu og að á þau sé skráð, jafnóðum og tilefni gefst til. Ef ekki er öðruvísi fyrir því séð, skal hún annast sendingu á plöggum nemenda milli skóla, þegar þeir skipta um skóla, og sendingu á tilvísunum til lækna og viðtöku á svörum þeirra.

n. Skólahjúkrunarkona skal inna af hendi þær rannsóknir á nemendum, sem skólalæknir felur henni, nema öðruvísi sé fyrir því séð.

o. Skólahjúkrunarkona skal fylgjast með hreinsun og hreingerningu á vistarverum og húsbúnaði skóla og láta skólastjóra, og ef nauðsyn krefur einnig skólalækni, í té álit sitt á því, sem hún telur áfátt.

p. Skólahjúkrunarkona skal sjá um, að í skólanum séu nauðsynleg lyf og umbúðir til bráðabirgðahjálpar og „reagensar“ til rannsókna.

r. Skólahjúkrunarkona skal aðstoða skólalækni við skýrslugerð í lok hvers skólaárs, nema öðruvísi sé fyrir séð.

s. Skólahjúkrunarkona, sem gegnir fullu starfi við heimavistarskóla, skal annast sjúkrahjúkrun í skólanum, svo og kennslu í heilsufræði, ef skólastjóri æskir þess. Hún skal líta eftir íbúðarhergjum nemenda og leitast við að kenna þeim góða umgengni, og einnig skal hún líta eftir matvælageymslum og meðferð matvæla.

214 t. Skólahjúkrunarkona skal leita fyrirmæla hlutaðeigandi skólastjóra um tilhögun
22. jan. á störfum sínum, að svo miklu leyti sem þau kunna að valda röskun á daglegri starfsemi skólans.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 61/1957, um heilsuvernd í skólum, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 22. janúar 1958.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius

215
25. nóv.

AUGLÝSING

um stöðumæla í Reykjavík.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur ákveðið, að gjaldskyldutími á stöðumælareitum verði á laugardögum færður til samræmis við almennan lokunartíma sölubúða, þ. e. til kl. 16, á tímabilinu október til desember ár hvert.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. nóvember 1958.

Sigurjón Sigurðsson.

216
20. des.

AUGLÝSING

um iðgjöld fyrir búfjártryggingar.

Ársiðgjöld fyrir búfjártryggingar af hverjum 100 krónum vátryggingarfjárhæðar ákveðast til bráðabirgða þannig:

Naut	1.6%
Kýr (heil kúabú)	12.0%
Kynbótahestar	3.9%
Hrútar	6.2%
Ær og gimbrar (sauðfjárhópar):	
1. Þar sem beitilönd liggja ekki að sjó	4.5%
2. Þar sem beitilönd liggja að sjó:	
a. Sé ekki flæðihætt	6.0%
b. Sé flæðihætt	7.5%

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 20 26. febrúar 1943, um búfjártryggingar, og lögum nr. 90 15. des. 1952, um breyting á lögum nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar, gildir frá 1. október 1958. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing um iðgjöld fyrir búfjártryggingar, útgefin 22. desember 1949.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. desember 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

SKRÁ 217

um ný samvinnufélög samkvæmt Lögbirtingablaðinu 1958.

1. Byggingarsamvinnufélag flugvallarstarfsmanna, Reykjavík.
2. Nesti s. f., Kópavogskaupstað.
3. Pöntunarfélagið Bára, Gerðahreppi.
4. Pöntunarfélag starfsmanna Dráttarbrautar Keflavíkur.
5. Pöntunarfélagið Þór, Keflavík.
6. Verzlunarfélag Njarðvíkinga, Njarðvíkurhreppi.
7. Verzlunarfélag Skagfirðinga, V.E.S.S., Sauðárkróki.

VÍSITALA 218

framfærslukostnaðar í Reykjavík 1958.

Janúar	191 stig	Júlí	199 stig
Febrúar	191 —	Ágúst	202 —
Marz	191 —	September	204 —
Apríl	192 —	Október	217 —
Maí	192 —	Nóvember	219 —
Júní	193 —	Desember	220 —

Meðalvísitala 200.9 stig

HÚSALEIGUVÍSITALA 219

miðað við grunntöluna 100 á tímabilinu jan.—marz 1939.

Fyrir fyrsta ársfjórðung 1958	261 stig
Fyrir annan ársfjórðung 1958	261 —
Fyrir þriðja ársfjórðung 1958	269 —
Fyrir fjórða ársfjórðung 1958	278 —

Meðalvísitala 267¼ stig

220
30. des.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Sundhallar Reykjavíkur nr. 52 31. marz 1948.

I. Aðgangseyrir.

Eftirfarandi töluliðir breytast, sem hér segir:

1.	Fullorðnir, einstök skipti:		
	a. í eins manns klefum	kr.	6.00
	b. í hópklefum	—	5.00
2.	Börn, einstök skipti	—	2.00
3.	Afsláttarmiðar fyrir fullorðna, 12 skipti	—	42.00
4.	Afsláttarmiðar fyrir börn, 12 skipti	—	20.00
5.	Mánaðarkort fyrir fullorðna bundið við mánaðardag	—	90.00
6.	Námskeið miðað við 20 skipti:		
	a. fyrir fullorðna	—	110.00
	b. fyrir börn	—	75.00

II. Leiga handklæða, sundfata o. s. frv.

Eftirfarandi töluliðir breytast, sem hér segir:

1.	Leiga handklæða	kr.	3.50
2.	Leiga sundfata:		
	a. fullorðinsskýlur og ullarbolir	—	4.00
	b. barnaskýlur og baðmullarbolir	—	3.50

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er auglýsing nr. 2 15. jan. 1952, um breyting á gjaldskrá Sundhallar Reykjavíkur, nr. 52 31. marz 1948, felld úr gildi.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1958.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUGERÐ

221
31. des.

um iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga.

Ákvörðun um iðgjöld árið 1959 samkvæmt 27. og 29. gr. almannatryggingalaga nr. 24 1956, er frestað, að öðru leyti en því, sem hér segir:

1. Í janúar 1959 skal greiða upp í iðgjöld samkvæmt 27. gr. sem hér segir:
   a. Hjón og ókvæntir karlar:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 500.00
      Á 2. — ..... — 400.00
   b. Ógiftar konur:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 350.00
      Á 2. — ..... — 275.00
2. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 29. gr. vegna lögskráðra sjómanna og ökumanna bifreiða, skulu árið 1959, þar til öðru vísi verður ákveðið, vera þessi:
   Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 9.00 á viku.
   Á 2. — ..... — 7.00 - —

Reglugerð þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 24 1956, um almannatryggingar, sbr. lög 30. des. 1958, um breyting á þeim lögum, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

222
30. des.

um endurgreiðslu á innflutningsgjaldi af benzíni.

1. gr.

Innflutningsgjald af benzíni, sem greitt hefur verið samkvæmt lögum nr. 68 25. maí 1949 og breytingum á þeim lögum, verður endurgreitt úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

2. gr.

Af benzíni, sem sönnur eru færðar á að notað hafi verið á vélar aðrar en bifreiðar, skal endurgreiða innflutningsgjald það, er um ræðir í 1. gr., þó þannig, að ekki verði endurgreitt af meira benzínmagni vegna hverrar einstakrar vélar en sem hér segir:

20 hestafla vélar og þar yfir ..... 2500 lítrar á ári.
15—19 hestafla vélar ..... 2000 lítrar á ári.
14 hestafla vélar og þar undir ..... 1500 lítrar á ári.

Heimilt er að víkja frá framangreindu ákvæði um hámarkslítrafjölda þegar um er að ræða benzín, sem bæjar- og sveitarfélög og ræktunarsambönd hafa notað á vélar sínar, og sem notað hefur verið til vélbáta, sem fiskveiðar stunda að staðaldri mikinn hluta ársins.

Innflutningsgjaldið endurgreiðist eftir á fyrir hvert almanaksár.

222 3. gr.

30. des. Hver notandi um sig sæki um endurgreiðslu af því benzíni, er hann hefur sjálfur notað.

Endurgreiðslubeiðni skal stíluð til fjármálaráðuneytisins og undirrituð af notanda sjálfum og tilgreind staða hans og heimilisfang, götunafn í kaupstöðum. Skal í beiðninni standa, hve margir lítrar benzíns hafi á árinu verið notaðir til annars en bifreiða, til hverra nytja það hefur farið og ef um notkun til fleiri en eins er að ræða, hve mikið af benzíni hafi verið notað til hverrar um sig. Ef um er að ræða notkun til bifvélar, ber að tilgreina tegund hennar (verksmiðjunafn) og hestafl, svo og notkunartíma. Beiðnunum skulu, eftir því sem við á, fylgja þessi gögn:

1. Ef benzínið er keypt innanlands, kvittaður sölureikningur. Nú er sölureikningur ekki greiddur og skal seljandi þá votta á reikninginn, að benzínið sé kaupanda selt og sé hans eign, en honum lánað söluverð.
2. Ef notandi hefur flutt benzínið inn sjálfur, vottorð lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem inn er flutt, um það og greiðslu innflutningsgjalds af því.
3. Vottorð lögreglustjóra eða hreppstjóra í því umdæmi, þar sem benzínið hefur verið notað, um að notkunin hafi farið fram og hve langan tíma af endurgreiðsluárinu, sbr. 2. gr.

Ef vísvitandi rangar skýrslur eru í endurgreiðslubeiðnum eða vottorðum, fer um það eftir 145. gr. hinna almennu hegningarlaga.

4. gr.

Endurgreiðslubeiðnir má senda til fjármálaráðuneytisins. Utan Reykjavíkur má og senda lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem umsækjandi býr, og afgreiðir lögreglustjóri þær síðan til fjármálaráðuneytisins, en það sendir honum svo endurgreiðsluna til útborgunar þeim, sem í hlut á.

Ef umsækjandi óskar eftir, að endurgreiðslufjárhæðin sé hans vegna greidd öðrum en honum sjálfum, ber honum í endurgreiðslubeiðni sinni að tilgreina nafn og heimili manns þess eða stofnunar, sem á að taka við endurgreiðslufjárhæðinni, svo greinilega, að ekki verði um villzt.

Erindi um endurgreiðslur á innflutningsgjaldi af benzíni fyrir undanfarið endurgreiðsluár skulu vera komin til hlutaðeigandi lögreglustjóra fyrir 15. febrúar ár hvert. Öll slík erindi skulu hafa borizt fjármálaráðuneytinu í síðasta lagi 15. marz ár hvert.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 68 25. maí 1949 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 8 16. janúar 1951.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1958.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Sigtr. Klemenzson.

REGLUGERÐ

223
31. des.

um fasteignaskatt í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Seyðisfjarðarkaupstaðar skal greiða fasteignaskatt af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Seyðisfjarðarkaupstaðar eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, 2%.
2. — húseignum og öðrum mannvirkjum, 0.7%.

3. gr.

Skattinn skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs.

4. gr.

Eigandi fasteignar greiðir skattinn, nema um leigulóðir sé að ræða. Þá greiðir leigjandi skattinn.

5. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts samkvæmt reglugerð þessari er 1. apríl ár hvert, í fyrsta sinn 1. apríl 1959, og ber að greiða skattinn í skrifstofu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

6. gr.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur 2 mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum samkvæmt 33. gr. laga nr. 66 12. apríl 1945.

7. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti samkvæmt reglugerð þessari eru allar fasteignir bæjarsjóðs Seyðisfjarðarkaupstaðar aðrar en lóðir og lönd, sem seld eru á leigu.

Enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana, skólar, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili og þinghús. Hið sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum, og lóðir, sem eru til opinberra þarfa.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðilum að skjóta málinu til dómstóla.

8. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum veðkröfum, er á eigninni hvíla.

Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

9. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvöxtu má taka lögtaki.

223 31. des. Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 67 12. apríl 1945, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

224 31. des.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Siglufirði.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Siglufjarðar skal greiða fasteignaskatt af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Siglufjarðar eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, 2%.
2. — húseignum og öðrum mannvirkjum 1%.
3. — túnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og löndum 0.5%.

3. gr.

Skattinn skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái fasteignamatsvirðing ekki 100 krónum, greiðist enginn skattur.

4. gr.

Eigandi fasteignar greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðir ábúandi eða leigjandi skattinn.

5. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts samkvæmt reglugerð þessari er 2. janúar ár hvert, í fyrsta sinn 2. janúar 1959, og ber að greiða skattinn hjá bæjargjaldkera.

6. gr.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur 2 mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum samkvæmt 33. gr. laga nr. 66 12. apríl 1945.

7. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti samkvæmt reglugerð þessari eru allar fasteignir bæjarsjóðs Siglufjarðar aðrar en lóðir og lönd, sem seld eru á leigu.

Enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana, skólahús, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annarra ríkja að svo miklu leyti, sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Hið sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum, og lóðir, sem eru til opinberra þarfa.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðilum að skjóta málinu til dómstólanna.

8. gr. 224

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og 31. des.
skal hann ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla.

Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

9. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvöxtu má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 67 12. apríl 1945, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ 225

31. des.

um fasteignaskatt í Húsavík.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Húsavíkur skal greiða fasteignaskatt af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Húsavíkur eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir:

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, 2%.
2. — húseignum og öðrum mannvirkjum 1%.
3. — túnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og löndum 0.5%.

3. gr.

Skattinn skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái fasteignamatsvirðing eignar ekki 100 krónum greiðist enginn skattur.

4. gr.

Eigandi fasteignar greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða, þá greiðir ábúandi eða leigjandi skattinn.

5. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts samkvæmt reglugerð þessari er 1. febrúar ár hvert, í fyrsta sinn 1. febrúar 1959, og ber að greiða skattinn hjá bæjargjaldkera.

6. gr.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur 2 mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum samkvæmt 33. gr. laga nr. 66 12. apríl 1945.

225 31. des.

7. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti samkvæmt reglugerð þessari eru allar fasteignir bæjarsjóðs Húsavíkur aðrar en lóðir og lönd, sem seld eru á leigu.

Enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana, skólahús, barnahæli, sjúkrahús og elliheimili.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðilum að skjóta málinu til dómstólanna.

8. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla.

Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

9. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvexti má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 67 12. apríl 1945, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

226 14. marz

PÓSTBÖGGLASAMNINGUR

gerður milli póststjórna Íslands og Kanada 1958.

Póststjórnirnar á Íslandi og í Kanada samþykkja að koma á fót beinum og reglulegum skiptum á póstbögglum milli Íslands og Kanada og taka að sér að tryggja framkvæmd þjónustunnar innan takmarka samnings þessa.

1. gr.

Skilyrði fyrir skiptum á bögglum.

1. Hinar samningsbundnu póststjórnir geta skipzt á bögglum, sem kallast póstbögglar, annað hvort beint eða fyrir milligöngu einnar eða fleiri póststjórna.
2. Nema öðruvísi sé ákveðið í samningi þessum gilda reglur viðkomandi lands um allt varðandi viðtöku, sendingu og afhendingu bögglanna (þar með telst álagning tolla og annarra gjalda) og áframsendingu innan ákvörðunarlandsins.
3. Böggla má senda annað hvort í lokuðum pósti eða opinni transit og ber að áframsenda þá eftir þeim fljótustu land- og sjóleiðum, sem lönd þau, er framkvæma transítina nota fyrir sinn eigin póst.
4. Bögglana skal senda í pokum, sem vandlega er bundið fyrir og eru innsiglaðir. Póst skal aðeins búa út til pósthúsa, sem samningsaðilar verða ásáttir um.
5. Merkimiði, sem á er letrað nafn sendipósthússins og ákvörðunarpósthússins, skal bundinn við pokaopið. Á miðann skal skrá fjölda böggla þeirra, sem í pokanum eru.

6. Bögglaskrár og önnur skjöl skulu fylgja viðkomandi skrárafgreiðslu og búið um þau eftir samkomulagi beggja pósthúsanna. 226 14. marz
7. Þyngd hvers poka má ekki fara yfir 36 kg (80 lb avoir du poids).

2. gr.

Hámark þyngdar og stærðar.

1. Bögglar, sem Kanada og Ísland skiptast á, mega ekki vera þyngri en 10 kg (22 lb) og ekki stærri en 1.05 m (3 ft. 6 inch.) á lengd eða 53 dm^3 að rúmmáli (mesta lengd og ummál samanlagt 6 fet).
2. Útreikningar sendipósthússins á þyngd, stærð eða rúmmáli bögglanna skulu viðurkenndir réttir, nema um augljósa skekkju sé að ræða.

3. gr.

Bögglar í transit.

Báðar póststjórnirnar ábyrgjast transitheimild um landssvæði sín fyrir böggla, sem fara eiga til eða koma frá löndum, sem þau hafa bögglaskipti við. Bögglar í transit skulu fullnægja skilyrðum þessa samnings, svo framarlega sem hægt er að koma þeim við.

4. gr.

Fyrirframgreiðsla, burðargjald.

1. Skylt er að greiða fyrirfram undir böggla nema um áframsendingu eða endursendingu sé að ræða.
2. Burðargjald skal samsett af burðargjöldum þeim, sem hverri póststjórn, er tekur að sér flutning landleiðis eða sjóleiðis ber.

5. gr.

Land- og sjóflutningsgjöld.

1. Fyrir böggla, sem sendir eru frá öðru landinu til hins eða fyrir milligöngu annars hvors landsins til þriðja lands, skulu landflutningsgjöldin vera eins og samningsaðilar ákveða sín í milli á hverjum tíma.
2. Hvorri póststjórn um sig er heimilt að ákveða gjöldin fyrir sjóflutningsleiðir þær, sem hún notar.

6. gr.

Forboð.

1. Bögglar mega ekki innihalda neitt það, sem hættulegt er, eyðileggjandi, sprengihætt, eldfimt, eða móðgandi né nokkurn hlut, sem innflutningsbann er á, vökva (nema tryggilega sé um þá búið í viðeigandi umbúðum), klámfenga eða ósæmilega hluti. Heldur ekki mega þeir innihalda bréf né nokkurn þann hlut, sem ákvörðunarlandið bannar að senda í bögglapósti.
2. Póststjórnirnar tilkynna hvor annarri í listanum yfir forboðna hluti, sem gefinn er út af skrifstofu Alþjóðapóstsambandsins, alla forboðna hluti í löndum sínum.
3. Sérhver böggull, sem inniheldur eitthvað af því, sem bannað er samkvæmt framangreindu, skal sæta þeirri meðferð, sem ákveðin er í innanlandslöggjöf þess lands, sem hans verður vart.
4. Sé tekið við bögglum í póst af vangá, og þeir hvorki endursendir til upprunalands né afhentir viðtakanda, ber að senda póststjórn upprunalandsins nákvæmar upplýsingar um, hvað gert hafi verið við þá, svo að hún geti gert nauðsynlegar ráðstafanir.

226
14. marz

7. gr.
Áframsending.

1. Böggla má áframsenda, ef viðtakandi hefur skipt um heimilisfang í ákvörðunarlandinu. Póststjórn ákvörðunarlandsins getur tekið fyrir þetta áframsendingargjald eins og innanlandslöggjöf hennar heimilar.
2. Á sama hátt má áframsenda böggla frá öðru samningslandinu til annars lands, að því tilskildu, að þeir uppfylli öll þau skilyrði, sem hin nýja áframsending útheimtir.
3. Viðbótargjöld fyrir áframsendingu, sem viðtakandi eða umboðsmaður hans hafa ekki greitt, falla ekki niður þótt um frekari áframsendingu eða endursendingu til upprunastaðar sé að ræða. Þessi gjöld eru innheimt hjá viðtakendum, eða, ef svo ber undir, hjá sendendum, án skerðingar á greiðslu allra hinna sérstöku gjalda, sem ákvörðunarlandið fellst ekki á að fella niður.
4. Gjöld fyrir áframsendingu, sem getið er í 3. lið, eru innheimt, ef um frekari áframsendingu er að ræða, af landinu, sem annaðist áframsendinguna.
5. Þegar böggull er áframsendur, vegna breytingar á heimilisfangi viðtakanda eða vegna misgánings sendanda, til lands, sem Kanada eða Íslands halda uppi póstbögglaþjónustu við, skal krefja póststjórn þá, sem böggullinn er sendur til, um gjöldin, nema sendingarkostnaðurinn sé greiddur um leið og áframsendingin er framkvæmd. Sé svo, skal fara með böggulinn eins og hann hefði verið sendur beint frá landinu, sem áframsendi, til hins nýja ákvörðunarlands.

8. gr.
Skakkt sendir bögglar eða bögglar, sem póstþjónustan hefur tekið við af misgáningi.

1. Skakkt sendir bögglar, sem koma í pósti eða bögglar, sem teknir hafa verið til flutnings af vangá, eru áframsendir eða endursendir samkvæmt eftirfarandi ákvæðum.
2. Skakkt sendir almennir bögglar, eru áframsendir til rétts ákvörðunarstaðar eftir þeirri beinustu leið, sem póststjórnin, sem áframsendir, notar fyrir lokaðan bögglapóst frá sér.
3. Póststjórn sú, sem áframsendir skakkt sendan böggul, getur ekki lagt á hann toll eða önnur gjöld óviðkomandi póstinum.
4. Þegar böggull hefur verið ranglega tekinn til flutnings af vangá póstþjónustunnar og þarf því að endursendast til upprunalandsins, skal pósthúsið, sem endursendir, færa hinni póststjórninni aftur til tekna þær þóknanir, sem því hafa verið færðar fyrir hann og tilkynna skekkjuna í leiðréttingarskýrslu.
5. Þegar áframsending tekur til flutnings á skakkt sendum böggli til þriðja lands, og upphæðin, sem færð er til inneignar nægir ekki fyrir kostnaðinum við áframsendinguna, þá færir póststjórnin, sem áframsendir, póststjórninni, sem hún áframsendir böggulinn til, til inneignar það, sem henni ber. Síðan jafnar hún hallann með því að innheimta upphæðina hjá póststjórninni, sem böggullinn kom beint frá, með því að leiðrétta viðkomandi bögglaskrá. Ástæðan fyrir innheimtu þessari er tilkynnt hinni síðarnefndu með leiðréttingarskýrslu.

9. gr.
Bögglar, sem ekki er hægt að koma til skila.

1. Sendandanum ber að skrifa á bakhlið fylgibréfsins og á sjálfan böggulinn hvernig hann vilji, að farið verði með hann, ef afhending getur ekki farið fram.

Aðeins eftirfarandi fyrirmæli eru leyfð:

a) að böggullinn skuli afhentur öðrum viðtakanda;

b) að farið skuli með böggulinn sem yfirgefinn.

2. Nema komið hafi gagnstæð fyrirmæli frá sendanda, eru bögglar, sem ekki er hægt að koma til skila, endursendir honum án undanfarandi tilkynningar og á hans kostnað, að liðnum fresti þeim, sem innanlandslöggjöf póststjórnar ákvörðunarlandsins mælir fyrir um. Bögglar, sem viðtakandi hefur algerlega neitað viðtöku á, skulu endursendir tafarlaust.
3. Gjöld, sem greiða ber vegna böggla, sem ekki er hægt að koma til skila, eru tekin samkvæmt ákvæðum 10. greinar.
4. Ef sendandi bögguls, sem ekki er hægt að koma til skila, hefur lagt fram beiðni, sem ekki er gert ráð fyrir í 1. lið þessarar greinar, þá er ákvörðunarpóststjórnin ekki skyldug til að taka hana til greina og er heimilt að endursenda böggulinn til upprunastaðar að liðnum þeim fresti, sem ákvörðunarlandið ákveður.
5. Í öll skipti ber póststjórninni, sem endursendir, að skrifa á böggulinn og fylgibréfið, á skýran og ótvíræðan hátt, hvers vegna ekki var hægt að afhenda böggulinn.

2. Bögglar, sem endursendast sendanda, eru færðir á bögglaskrána með orðunum „Undeliverable“ (Rebut) í athugasemdadálkinum.

10. gr.
Kröfur vegna áframsendingar og endursendingar.

1. Ef um áframsendingar eða endursendingar er að ræða, krefur póststjórnin, sem áframsendir, viðskiptapóststjórnina um gjöld þau og þóknanir, sem henni bera, ásamt því sem aðrar póststjórnir eiga inni fyrir þátttöku í flutningnum. Þessi kostnaður skal krafinn á bögglaskránni, sem á við þá afgreiðslu, sem böggullinn er í.
2. Sé böggull áframsendur eða endursendur til upprunalandsins og nýtt burðargjald innheimt af pósthúsinu, sem áframsendir, þá er farið með böggulinn eins og hann sé þaðan.

11. gr.
Niðurfelling tolla.

Hvor póststjórn um sig tekur að sér að sjá um, að tollyfirvöldin í löndum þeirra felli niður tolla á bögglum, sem endursendir eru til upprunalandsins, eða eru yfirgefnir af sendandanum, eyðilagðir eða áframsendir til þriðja lands.

12. gr.
Sala og eyðilegging.

1. Aðeins þá böggla, sem hætt er við að gangi úr sér eða skemmist, má selja tafarlaust, jafnvel á leiðinni fram eða aftur, án undangenginnar tilkynningar og lagalegra formsatriða, til ágóða fyrir réttan aðila.
2. Sé sala af einhverjum ástæðum óframkvæmanleg, eru hinir úr sér gengnu eða skemmdu hlutir eyðilagðir. Um sölu eða eyðileggingu skal gera skýrslu og senda póststjórn upprunalandsins.
3. Fé því, sem fæst við sölu, er varið til þess að greiða kostnað af bögglinum. Sé það meira, er mismunurinn sendur póststjórn upprunalandsins, sem skilar sendandanum því.

226
14. marz

13. gr.

Yfirgefnir bögglar.

Bögglar, sem ekki er hægt að afhenda viðtakendum og sem sendendur hafa lýst yfirgefna, skulu ekki endursendir af póststjórn ákvörðunarlandsins, heldur farið með þá eins og innanlandslöggjöf hennar segir til um.

14. gr.

Ábyrgð. Fyrirspurn.

1. Póststjórnirnar eru ekki ábyrgar fyrir tapi, þjófnaði eða skemmdum á almennum bögglum. Póstjórnirnar senda þó fyrirspurnir í þessu sambandi, ef þess er farið á leit við þær.
2. Þegar böggull er endursendur til upprunalands fyrir vangá í póstþjónustunni, þá ber þeirri póststjórn, sem skekkjan varð hjá að endurgreiða sendandanum burðargjaldið fyrir sendinguna fram og aftur.

15. gr.

Útbúnaður böggla.

1. Á sérhvern böggul skal skrifa nafn og heimilisfang viðtakanda með latnesku letri. Utanáskriftir með blýanti eru óleyfilegar, þó má nota blekblýant, ef yfirborðið, sem ritað er á, er vætt áður.
2. Utanáskrift skal sett á sjálfan böggulinn eða á merkimiða nægilega vel festan við hann, svo að hann losni ekki frá.
3. Sendanda skal ráðlagt að leggja inn í böggulinn afrit af utanáskriftinni ásamt sínu eigin heimilisfangi.
4. Um böggulinn skal búið eftir lengd leiðarinnar og þannig, að tryggilegt sé fyrir innihaldið.
5. Hluti, sem gætu skaðað póstmenn eða valdið skemmdum á öðrum bögglum, skal útbúa þannig, að engin hætta stafi af þeim.

16. gr.

Fylgibréf og tollskrár.

1. Þegar böggli er skilað til flutnings skal fylgja honum fylgibréf og tilskilinn fjöldi af tollskrám, eftir því sem innanlandslöggjöf ákvörðunarlandsins mælir fyrir. Tollskrárnar skulu festar vandlega við fylgibréfið.
2. Upprunapósthúsið setur stimpil á fylgibréfið, þeim megin sem utanáskriftin er, sem sýni dagsetningu og stað þann, sem böggullinn er póstlagður á.
3. Póststjórnirnar bera enga ábyrgð á því hvort upplýsingarnar á tollskránum eða á þeim hlutum fylgibréfsins, sem fyllt er út af almenningi, séu réttar.

17. gr.

Bögglaskrár.

1. Böggla, sem þessar tvær póststjórnir skiptast á, skulu viðskiptapósthúsin færa á bögglaskrár, á þann hátt, sem póststjórnirnar koma sér saman um. Bögglaskrárnar skulu sendar í tvíriti með bögglunum til viðskiptapósthúss ákvörðunarlandsins.
2. Bögglaskrár, sem hvort viðskiptapósthús um sig sendir, skulu bera áframhaldsnúmer, þannig að fyrsta sending hvers almanaksárs sé nr. 1. Síðasta númers hvers árs ber að geta á fyrstu skrá næsta árs á eftir og nefnast þessi númer bögglaskrárnúmer.

18. gr.

Athugun á póstinum.

Skekkjur og ónákvæmni.

1. Jafnskjótt og tekið hefur verið við afgreiðslu, skal viðskiptapósthúsið athuga pokana og innsigli þeirra ásamt innsiglun bögglanna og bera þá og hin ýmsu skjöl, sem þeim fylgja, saman við það sem skráð er á viðkomandi bögglaskrá.
2. Sérhver skekkja, ónákvæmni eða ósamræmi milli bögglaskrár og böggla, sem færðir eru á hana, og í ljós kunna að koma við komu pósts á viðskiptapósthús, skal tilkynnt sendipósthúsinu með leiðréttingarskýrslu.

19. gr.

Endursending tómra poka.

Tóm ílát skulu sendast póststjórninni, sem á þau, með fyrsta hentuga pósti; engin landflutnings- eða sjóflutningsgjöld þarf að greiða fyrir endursenda poka og þeir skulu, eftir því sem við verður komið, fylgja sömu leið og þeir komu.

20. gr.

Reikningsskil.

1. Hvor póststjórn um sig gerir ársfjórðungsleg yfirlit yfir allar afgreiðslur, sem henni hafa verið sendar af viðskiptapósthúsum hinnar póststjórnarinnar. Yfirlit yfir heildarupphæðir þær, sem færðar eru á bögglaskrárnar, hvort sem um inneign eða skuld er að ræða.
2. Þessi yfirlit skal draga saman í reikning, sem ásamt hinum ársfjórðungslegu yfirlitum skal senda til viðkomandi póststjórnar í næsta ársfjórðungi á eftir þeim, sem þeir eiga við.
3. Þegar viðkomandi póststjórn hefur endurskoðað og samþykkt hin ársfjórðungslegu yfirlit, eru þau tekin saman í ársfjórðungslegan aðalreikning af póststjórninni, sem á inni.

21. gr.

Greiðsla inneigna.

Greiðsla á reikningsmismun skal framkvæmd af póststjórinni, sem skuldar, til þeirrar sem á inni, eftir fyrirmælum alþjóðapóstsamningsins um greiðslu transitreikninga.

22. gr.

Flugbögglapóstur.

Skiptast má á bögglapósti í flugi eftir gagnkvæmu samkomulagi milli Íslands og Kanada, enda háð hinum almennu reglum um skipti á bögglapósti eftir yfirborðsleið milli beggja samningslandanna.

23. gr.

Tilgreining verðs.

Tilgreina má verð á bögglum, sem skipzt er á eftir yfirborðsleið eða loftleiðis milli Íslands og Kanada, samkvæmt því sem segir í viðfestu samkomulagi um böggla með tilgreindu verði.

24. gr.

Ýmis ákvæði.

1. Frankar þeir og sentímar, sem getið er um í samningi þessum, eru gullfrankar og sentímar eins og þeir eru skilgreindir í Alþjóðapóstsamningnum.
2. Ef um óvenjuleg atvik er að ræða, er hvorri póststjórn um sig heimilt að fella niður bögglapóstþjónustuna um stundarsakir, annað hvort að öllu eða einhverju leyti, með þeim skilyrðum, að hún tilkynni hinni póstsstjórninni það strax og símleiðis, ef nauðsyn krefur.
3. Póststjórnirnar skulu veita hvor annarri gagnkvæmar nauðsynlegar upplýsingar um öll nánari atriði varðandi þjónustu þeirra.
4. Innanlandslöggjöf Kanada og Íslands gildir um allt það, sem annað er ekki tekið fram um, í samningi þessum og hinu viðfesta samkomulagi.

25. gr.

Gildistaka samningsins.

Samningur þessi gengur í gildi hinn 1. júlí 1958 og fellur úr gildi tólf mánuðum eftir að honum hefur verið sagt upp skriflega af annarri hvorri póststjórninni.

Gert í tvíriti og undirskrifað í Ottawa 20. dag júnímánaðar 1958.

(Sign.) *William Hamilton*
Postmaster General of Canada

og í Reykjavík 14. dag marzmánaðar 1958.

(Sign.) *G. Briem*
Póst- og símamálastjóri.

Viðfest samkomulag

um böggla með tilgreindu verði.

1. gr.

Gjöld og skilyrði.

1. Á bögglum má tilgreina verð, allt að 306 gullfrönkum eða jafngildi þess í mynt upprunalandsins.
2. Upprunalandið skal færa ákvörðunarlandinu til tekna landflutningshluta fyrir tilgreiningu verðs, sem er 5 gullsentímar fyrir hverja 200 gullfranka af tilgreindu verði.
3. Ábyrgðargjaldið ákveðst af landi því, sem bögglana sendir.
4. Óheimilt er að tilgreina hærra verð en nemur raunverulegu verðmæti á innihaldi böggulsins.
5. Sendandi bögguls með tilgreindu verði fær kvittun sér að kostnaðarlausu, um leið og hann skilar böggli til flutnings.

2. gr.

Ábyrgð.

1. Póststjórnirnar taka á sig ábyrgð ef bögglar glatast svo og ábyrgð á tapi, þjófnaði eða skaða á öllu innihaldinu eða hluta af því innan takmarka hins tilgreinda verðs.
2. Óheimilt er að tilgreina verð á bögglum, sem hafa að innihaldi einhverjar þessar vörur: egg, nýtt kjöt, gler, leirvörur, grammófónplötur, plastvörur (nema beygjanlegar), útvarpstæki, útvarpslampa, gleraugu, hluti úr nýsilfri, kóbalt, látún eða gips, vökva, vökvakennd efni, feiti, frímerki, bankaseðla, mynt, gull og silfurstangir, gullsand, skartgripi, úr (að undanskildum ódýrum úrum), skuldabréf, arðmiða, verðbréf, gimsteina eða nokkurn þann hlut, sem er í eðli sínu óvenjulega brothættur eða hætt við eyðileggingu.
3. Skaðabótakröfu verður að setja fram innan árs að telja frá næsta degi á eftir þeim degi, sem böggullinn var póstlagður á. Kvittunin fyrir viðtöku verðbögguls verður ætíð að fylgja með kröfunni.
4. Skaðabæturnar ná ekki til óbeins tjóns eða hagnaðarmissis, né heldur burðargjalds eða ábyrgðargjalds.
5. Skaðabæturnar eru reiknaðar út eftir gangverði vöru sömu tegundar á þeim stað og á þeim tíma, er varan var tekin í póst.
6. Þegar tjón, skemmdir eða rán verður í þjónustu ákvörðunarlandsins, er ákvörðunarpósthúsinu heimilt að greiða viðtakandanum skaðabætur á sinn kostnað og án þess að ráðfæra sig við upprunapósthúsið, að því tilskildu, að viðtakandinn geti sannað að sendandinn hafi framselt honum rétt sinn til skaðabótanna.

3. gr.

Undantekning frá ábyrgð.

Hvor póststjórn um sig er undanþegin allri ábyrgð:

a) ef um ofurefli (force majeure) er að ræða;
b) þegar þeim er ókleift að gera grein fyrir bögglunum vegna þess að þjónustuskjölin hafa eyðilagzt af völdum ofureflis (force majeure);
c) þegar skaðinn orsakast af vangá eða hirðuleysi sendanda eða þegar hann stafar af eðli sendingarinnar;
d) þegar innihald bögglanna fellur undir eitthvert af forboðum þeim, er um getur í 2. lið 2. greinar, eða þegar um er að ræða böggul, sem gerður er upptækur samkvæmt innanlandslöggjöf;
e) á bögglum, sem sendandi hefur í sviksamlegum tilgangi tilgreint hærra verð á, en hið raunverulega verð innihaldsins;
f) þegar um böggla er að ræða, sem fyrirspurn hefur ekki verið gerð um innan þess frests, sem um getur í 3. lið 2. greinar;
g) báðar póststjórnirnar hætta að vera ábyrgar fyrir bögglum, sem þær hafa afhent viðtakanda eða umboðsmanni hans, samkvæmt skilyrðum þeim, sem innanlandsreglur þeirra setja, og sem viðtakendur eða umboðsmenn þeirra hafa tekið við án fyrirvara.

4. gr.

Greiðsla bóta.

1. Póststjórn upprunalandsins greiðir skaðabætur, nema um sé að ræða eitthvert af þeim atriðum, sem um getur í 6. lið 2. greinar, en þá innir póststjórn ákvörðunarlandsins greiðsluna af hendi.

226 14. marz

2. Póststjórn, sem innir greiðslu af hendi, öðlast endurgreiðslurétt á hendur þeirri póststjórn, sem ber ábyrgðina.

5. gr.

Tímatakmörk skaðabótagreiðslu.

1. Skaðabætur ber að greiða eins fljótt og hægt er og í síðasta lagi innan eins árs að telja frá næsta degi á eftir þeim degi, sem krafan var sett fram.
2. Þó er póststjórninni, sem ábyrg er fyrir greiðslunni, heimilt að fresta henni lengur en eitt ár, ef ekki hefur, að þeim tíma liðnum reynzt kleift að ákvarða hvort tap, þjófnaður eða skemmdir sendingarinnar hafa orsakazt af ofurefli.
3. Póststjórn upprunalandsins er heimilt að greiða skaðabætur fyrir hönd þeirrar póststjórnar, sem hefur með löglegum hætti verið tilkynnt skaðabótakrafa, en hefur samt látið níu mánuði líða hjá án þess að leiða málið til lykta.

6. gr.

Ákvörðun ábyrgðar.

1. Nema annað sannist, hvílir ábyrgðin á þeirri póststjórn, sem eftir að hafa tekið við bögglinum athugasemdalaust og hefur fengið allar upplýsingar til rannsóknarinnar, getur hvorki sýnt fram á, að böggullinn hafi verið afhentur sendanda eða umboðsmanni hans né heldur, ef svo hefur borið undir, að hann hafi verið sendur á reglulegan hátt til næstu póststjórnar.
2. Ef tap, rán eða skaði á böggli, sem sendur var af annarri hinna samningsbundnu póststjórna og átti að fara til hins landsins, hafa orðið meðan á flutningi stóð og án þess að kleift sé að sanna á hvorrar landsvæði eða í hvorrar þjónustu atburðurinn hefur orðið, þá skipta báðar póststjórnirnar skaðanum á milli sín að jöfnu.
3. Þegar tap, rán eða skemmdir hafa orðið hjá þriðju þjónustu, skal gera ráðstafanir til þess, að sú þjónusta greiði, ef mögulegt er, skaðabætur, allt að hinu tilgreinda verði. Ef þriðja þjónustan ber enga ábyrgð, þá skipta póststjórnirnar, sem aðilar eru að samningi þessum, bótunum að jöfnu.

7. gr.

Endurgreiðsla bóta til sendipóststjórnarinnar.

Hin ábyrga póststjórn eða póststjórn sú, sem greitt hefur verið fyrir, skal samkvæmt 4. grein endurgreiða skaðabæturnar innan þriggja mánaða eftir að tilkynning um greiðslu var birt. Skaðabótaupphæðin er innheimt með reikningi þeim, sem um getur í 21. grein Bögglapóstsamningsins milli beggja póststjórnanna.

8. gr.

Umbúnaður böggla með tilgreindu verði.

1. Bögglar með tilgreindu verði skulu umbúnir samkvæmt fyrirmælum 15. og 16. greinar Bögglasamningsins milli Kanada og Íslands í sambandi við önnur ákvæði, þar með talin ákvæðin um þyngd og stærð, sem sett eru um almenna böggla.
2. Bögglar með tilgreindu verði skulu innsiglaðir með sams konar lakkinnsiglum, blýinnsiglum eða á einhvern annan öruggan hátt með sérstöku eins löguðu tákni eða merki sendanda.
3. Á sérhvern böggul með tilgreindu verði, sem póstlagður er í Kanada, skal setja á þá hlið, sem utanáskriftin er, verðbögglanúmer og miða með orðinu

„insured" eða þá að þessi orð eru skrifuð eða stimpluð á böggulinn. Bögglar, sem póstlagðir eru á Íslandi skulu bera merkimiða með orðunum „insured" eða „valeur déclarée" eða þá að þessi orð eru skrifuð eða stimpluð á böggulinn nærri verðbögglanúmeri hans. Dagstimpill upprunapósthússins verður einnig að vera utanáskriftarmegin á fylgibréfinu. 226 14. marz

4. Upphæð hins tilgreinda verðs verður að vera á bögglinum og fylgibréfinu, í mynt upprunalandsins og í latneskum stöfum og aröbskum tölum, án útstrikana eða leiðréttinga.
5. Að auki verður upprunapóststjórnin að rita nákvæma þyngd hvers bögguls með tilgreindu verði á þá hlið böggulsins, sem utanáskriftin er á, og á fylgibréfið á þann stað, sem til þess er ætlaður.

9. gr.

Skiptiaðferðir.

1. Bögglar með tilgreindu verði skulu settir í sérstaka poka og merkimiðar skulu merktir stafnum „V".
2. Bögglar með tilgreindu verði skulu færðir hver um sig á bögglaskrárnar. Innfærsla hvers bögguls með tilgreindu verði á við númer hans, upphæð hins tilgreinda verðs og nafn uppruna- og ákvörðunarpósthúss.

10. gr.

Gildistaka.

Ráðstafanir þessar skulu ganga í gildi á sama degi og póstbögglasamningurinn og gilda jafn lengi og hann.

Gert í tvíriti og undirritað í Ottawa 20. dag júnímánaðar 1958.

(Sign) *William Hamilton*
Postmaster General of Canada

og í Reykjavík 14. dag marzmánaðar 1958.

(Sign.) *G. Briem*
Póst- og símamálastjóri.

REGLUR

227 30. des.

um vottorðsskyldu kennara í veikindaforföllum.

Ráðuneytið setur hér með eftirfarandi reglur um veikindaforföll kennara í skólum þeim, er undir ráðuneytið heyra:

a. Ef kennari kemur ekki til starfa sökum veikinda meira en 10 daga samfleytt, skal hann sanna veikindi sín með læknisvottorði.
b. Ef um er að ræða endurteknar fjarvistir kennara, skal hann sanna veikindi sín með læknisvottorði, þegar hann hefur verið forfallaður meira en 15 daga samtals á einu og sama skólaári, en eftir það hvert sinn, er veikindi ber að höndum á sama skólaári.

227 c. Ef kennari er veikur um langan tíma, skal hann endurnýja læknisvottorð sitt,
30. des. þegar tveir mánuðir er liðnir, frá því er hann veiktist, en síðan á þriggja mánaða fresti. Frá þessu ákvæði má þó veita undanþágu, ef augljóst þykir fyrirfram, að kennari verði ekki fær um að koma til starfs á skólaárinu.

d. Nú hefur kennari verið fjarverandi vegna veikinda heilt skólaár, og er honum þá óheimilt að hefja kennslustarf næsta skólaár, nema hann sanni með læknisvottorði (heilbrigðisvottorði), að hann sé fær um það heilsunnar vegna. Sams konar vottorðs má krefjast, hvenær sem ástæða þykir til, þó að kennari hafi verið skemur frá störfum.

e. Skylt er kennara, sem er frá störfum vegna veikinda, að ganga undir hverja þá viðurkennda læknisrannsókn, er við verður komið og nauðsynleg kann að þykja, til þess að skorið verði úr því, hvort veikindaforföll séu lögmæt.

Skólastjórar skulu sjá um, að kennarar hlíti framangreindum reglum, en í skólum, þar sem aðeins er einn kennari (skólastjóri) skal formaður skólanefndar hlutast til um þetta.

Ráðuneytið hefur falið skólayfirlækni að vera trúnaðarlæknir sinn, og skal senda öll læknisvottorð til hans jafnóðum. Hann úrskurðar, hvort vottorð skuli tekin gild, hvenær krefjast skuli nýrrar læknisrannsóknar og í hverju hún skuli fólgin og gerir tillögur um, hvenær veita megi undanþágu frá endurnýjun læknisvottorða og hvenær krefjast skuli heilbrigðisvottorðs.

Heilbrigðismálastjórn hefur látið gera sérstakt eyðublað fyrir starfsmenn ríkisins: *Læknisvottorð um veikindaforföll starfsmanna ríkis (ríkisstofnunar).*

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og reglugerðar nr. 87/1954, um orlof og veikindaforföll starfsmanna ríkisins, öðlast gildi 1. janúar 1959.

Menntamálaráðuneytið, 30. desember 1958.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius

228
30. des.

STARFSREGLUR

handa trúnaðarlækni menntamálaráðuneytisins.

Trúnaðarlæknir skal vera læknisfræðilegur ráðgjafi ráðuneytisins um lögmæti veikindaforfalla kennara, sbr. reglur um vottorðsskyldu kennara í veikindaforföllum. Skal hann, þegar ráðuneytið mælir svo fyrir, fara yfir læknisvottorð kennara og úrskurða, hvort tekin skuli gild eða ekki, gera tillögur um, hvenær veita megi undanþágur frá endurnýjun læknisvottorða og hvenær krefjast skuli heilbrigðisvottorðs af kennara eftir veikindi.

Ef læknisvottorð veitir ekki nægilegar upplýsingar, til þess að trúnaðarlæknir geti af því skapað sér sjálfstæða, rökstudda skoðun á málinu, ber honum að afla sér slíkra upplýsinga og er, þegar svo stendur á, heimilt að krefjast hverrar þeirrar viðurkenndrar læknisrannsóknar, sem við verður komið og nauðsynleg telst í því skyni.

Þegar sjúkdómur er þess eðlis, að löng fjarvera kennara frá starfi þyki líkleg, skal trúnaðarlæknir afla sér nákvæmra upplýsinga hjá sjúklingi sjálfum um segin

(subjektiv) einkenni sjúkdómsins, munnlega, þegar því verður komið við sökum fjarlægðar, en annars bréflega. Hins vegar er trúnaðarlækni ekki skylt að framkvæma rakta (objektiv) rannsókn á sjúklingi. 228 30. des.

Að lokinni rannsókn á hverju sjúkdómstilfelli skal trúnaðarlæknir senda ráðuneytinu úrskurð sinn og tillögur.

Menntamálaráðuneytið, 30. desember 1958.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REIKNINGUR 229

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Hjálmars kaupmanns Jónssonar 1. sept. 1956—31. ágúst 1957.

Tekjur:

1. Eign pr. 1. sept. 1956:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	4000.00	
b. Vísitölubréf	—	25000.00	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	2904.19	
2. Vextir.			
a. Af skuldabréfum	—	175.00	
b. — vísitölubréfum	—	1750.00	
— innstæðu í Landsbanka Íslands	—	193.62	
			— 2118.62
3. Útdregin bréf			— 2000.00
			Kr. 36022.81

Gjöld:

1. Úthlutað á árinu			kr. 700.00
2. Til jafnaðar við tekjulið 3			— 2000.00
3. Eign í lok reikningsárs:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	3000.00	
b. Vísitölubréf	—	24000.00	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	6322.81	
			— 33322.81
			Kr. 36022.81

Biskup Íslands, Reykjavík, 16. janúar 1958.

Ásmundur Guðmundsson.

230

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Ingunnar Knútsdóttur og Sigríðar Kristjánsdóttur árið 1957.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 53052.35		
b. — - Landsbanka Íslands	— 566.58		
			kr. 53618.93
2. Vextir:			
a. Af innstæðu í Söfnunarsjóði	kr. 2811.77		
b. — — - Landsbanka Íslands	— 28.30		
			— 2840.07
			Kr. 56459.00

Gjöld:

Eign í árslok:		
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 55864.12	
b. — - Landsbanka Íslands	— 594.88	
		kr. 56459.00
		Kr. 56459.00

Biskup Íslands, Reykjavík, 14. janúar 1958.

Ásmundur Guðmundsson.

231

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs þeirra, sem bíða tjón af jarðeldum, árið 1957.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1957, B. bls. 366—367):			
a. Ríkisskuldabréf	kr. 10000.00		
b. Veðskuldabréf	— 8750.00		
c. Veðdeildarbréf	— 8400.00		
d. Ríkistryggð skuldabréf	— 10000.00		
e. Hitaveitubréf	— 5000.00		
f. Bankainnstæða	— 55462.52		
			kr. 97612.52
2. Vextir:			
a. Af ríkisskuldabréfum	kr. 450.00		
b. — veðskuldabréfum	— 437.50		
c. — veðdeildarbréfum	— 420.00		
d. — ríkistryggðum bréfum	— 550.00		
c. — veðdeildarbréfum	— 420.00		
f. — bankainnstæðu	— 2645.67		
			— 4703.17
			Kr. 102315.69

Gjöld: 231

1. Styrkir:			
a. Búnaðarsamband Austurlands	kr. 1200.00		
b. Hallormsstaðaskóli	— 1000.00		
		kr.	2200.00
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Ríkisskuldabréf	kr. 10000.00		
b. Veðskuldabréf	— 7500.00		
c. Veðdeildarbréf	— 6800.00		
d. Ríkistryggð bréf	— 10000.00		
e. Hitaveitubréf	— 5000.00		
f. Bankainnstæða	— 60815.69		
		—	100115.69
		Kr.	102315.69

Í félagsmálaráðuneytinu, 20. júní 1958.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REIKNINGUR 232

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs W. Fischers árið 1957

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1957, B. bls. 548):			
a. Innritunarskírteini	kr. 20000.00		
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 37196.17		
c. — - Búnaðarbankanum	— 13685.23		
d. Sérskuldabréf Siglufjarðarkaupstaðar	— 4000.00		
		kr.	74881.40
2. Vextir:			
a. Af innritunarskírteini	kr. 1654.10		
b. — söfnunarsjóðsinnstæðu	— 2008.59		
c. — Búnaðarbankainnstæðu	— 653.76		
d. — sérskuldabréfum	— 160.00		
		—	4476.45
		Kr.	79357.85

Gjöld:

1. Styrkur veittur		kr.	2900.00
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Innritunarskírteini	kr. 20000.00		
b. Söfnunarsjóðsinnstæða	— 37397.12		
c. Búnaðarbankainnstæða	— 15060.73		
d. Sérskuldabréf Siglufjarðar	— 4000.00		
		—	76457.85
		Kr.	79357.85

Í félagsmálaráðuneytinu, 20. júní 1958.

Hjálmar Vilhjálmsson.

233

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs hins tíunda og Alexandrine drottningar árið 1957.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1957, B., bls. 362):	
	Söfnunarsjóðsinnstæða	kr. 33361.09
2.	Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	— 1801.49
		Kr. 35162.58

Gjöld:

	Sjóður til næsta árs:	
	Söfnunarsjóðsinnstæða	— 35162.58
		Kr. 35162.58

Í félagsmálaráðuneytinu, 19. júní 1958.

Hjálmar Vilhjálmsson.

234

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur árið 1957.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1957, B., bls. 426):			
a.	Söfnunarsjóðsinnstæða	kr.	964696.77	
b.	Útvegsbankainnstæða	—	95618.27	
c.	Veðskuldabréf Silli & Valdi	—	312000.00	
d.	Sérskuldabréf Siglufjarðar	—	82000.00	
e.	— BSSR	—	10000.00	
f.	— Byggingarsamv.fél. Reykjavíkur	—	20000.00	
g.	— Óskars G. Jóhannssonar	—	60666.68	
				kr. 1544981.72
2.	Vextir:			
a.	Af söfnunarsjóðsinnstæðu	kr.	52093.62	
b.	— Útvegsbankainnstæðu	—	5886.64	
c.	— veðskuldabréfi Silla & Valda	—	15600.00	
d.	— sérskuldabréfi Siglufjarðar	—	3280.00	
e.	— — BSSR	—	600.00	
f.	— — Byggingarsamv.fél. Rvíkur	—	1300.00	
				— 78760.26
				Kr. 1623741.98

Gjöld: 234

1, Sjóður til næsta árs:			
a. Söfnunarsjóðsinnstæða			kr. 1016790.39
b. Útvegsbankainnstæða			— 145884.91
c. Veðskuldabréf Silla & Valda	kr. 296400.00		
d. Sérskuldabréf Siglufjarðar	— 74000.00		
e. — BSSR	— 10000.00		
f. — Byggingarsamv.fél. Rvíkur	— 20000.00		
g. — Óskars G. Jóhannssonar	— 60666.68		
		—	461066.68
			Kr. 1623741.98

Í félagsmálaráðuneytinu, 20. júní 1958.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REIKNINGUR 235

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs W. Fiskes til Grímseyinga, árið 1957.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1957, B., bls. 363):			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 51547.33		
b. — - Búnaðarbanka	— 3260.80		
c. Peningar	— 2000.00		
		kr.	56808.13
2. Vextir:			
a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr. 2783.55		
b. — Búnaðarbankainnstæðu	— 154.67		
		—	2938.22
			Kr. 59746.35

Gjöld:

1. Styrkur til Grímseyinga		kr.	2588.37
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Söfnunarsjóðsinnstæða	kr. 51686.65		
b. Búnaðarbankainnstæða	— 3471.33		
c. Peningar	— 2000.00		
		—	57157.98
			Kr. 59746.35

Í félagsmálaráðuneytinu, 25. apríl 1958.

Hjálmar Vilhjálmsson.

236

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs Þórarins Tulinius árið 1957.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1957, B., bls. 359):			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	19644.81	
b. Innstæða í Búnaðarbankanum	—	7417.70	
			kr. 27062.51
2. Vextir:			
a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr.	1060.81	
b. Af bankainnstæðu	—	357.65	
			— 1418.46
			Kr. 28480.97

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	19750.90	
b. Innstæða í Búnaðarbankanum	—	8730.07	
			kr. 28480.97
			Kr. 28480.97

Í félagsmálaráðuneytinu, 25. apríl 1958.

Hjálmar Vilhjálmsson.

237

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Vestur-Ísafjarðarsýslu árið 1957.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1957, B., bls. 363):		
Söfnunarsjóðsinnstæða	kr.	3179.22
2. Vextir:		
Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	—	171.67
		Kr. 3350.89

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
Söfnunarsjóðsinnstæða	kr.	3350.89
		Kr. 3350.89

Í félagsmálaráðuneytinu, 25. apríl 1958.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REIKNINGUR 238

yfir tekjur og gjöld sjóðsins Stígur árið 1957.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1957, B., bls. 365):		
Söfnunarsjóðsinnstæða	kr.	6725.04
Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	—	373.07
	Kr.	7098.11

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
Söfnunarsjóðsinnstæða	kr.	7098.11
	Kr.	7098.11

Í félagsmálaráðuneytinu, 19. júní 1958.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REIKNINGUR 239

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs sjómanna árið 1957.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1957, B., bls. 368):		
Innstæða í Landsbanka Íslands	kr.	55.18
Vextir	—	2.75
	Kr.	57.93

Gjöld:

Sjóður til næsta árs	kr.	57.93
	Kr.	57.93

Í félagsmálaráðuneytinu, 25. apríl 1958.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REIKNINGUR 240

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Gísla Jóns Nikulássonar árið 1957.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1957, B., bls. 361):		
Söfnunarsjóðsinnstæða	kr.	38242.51
2. Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	—	2065.09
	Kr.	40307.60

240

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:
Söfnunarsjóðsinnstæða ..... kr. 40307.60

Kr. 40307.60

Í félagsmálaráðuneytinu, 19. júní 1958.

Hjálmar Vilhjálmsson.

241

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs hjónanna Steinunnar Sighvatsdóttur og Magnúsar Ólafssonar frá Bjargarsteini á Akranesi, árið 1957.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1957, B., bls. 365):
Innstæða í Söfnunarsjóði ..... kr. 8526.35
Vextir af innstæðu í Söfnunarsjóði ..... — 473.00

Kr. 8999.35

Gjöld:

Innstæða í Söfnunarsjóði til næsta árs ..... kr. 8999.35

Kr. 8999.35

Í félagsmálaráðuneytinu, 25. apríl 1958.

Hjálmar Vilhjálmsson.

242

REIKNINGAR TRYGGINGASTOFNUNAR RÍKISINS

Rekstrarreikningur lífeyristrygginga árið 1957.

Gjöld:

I. Greiddar bætur:

1. Ellilífeyrir	kr. 61588897.32	
2. Örorkulífeyrir	— 18257406.16	
3. Örorkustyrkur	— 1343001.50	
4. Makabætur	— 212120.56	
5. Fjölskyldubætur	— 20666420.87	
6. Barnalífeyrir	— 21427623.50	
7. Mæðralaun	— 2952815.60	
8. Fæðingarstyrkur	— 7587471.00	
9. Ekkjubætur og lífeyrir	— 1546810.30	
10. Sjúkrasaml.iðgj. lífeyrisþega	— 4489931.28	
		kr. 140072498.09
II. Framlag til sjúkrasamlaga		— 4591980.26
III. Til opinberra rannsóknarst.		— 360555.92

IV.	Til læknisvitjana og sjúkraflutninga			kr. 336096.94	242
V.	Sjúkrakostn. vegna milliríkjasamninga			— 47108.43	
VI.	Sjúkrabætur vegna 1956			— 37316.78	
VII.	Barnalífeyrir 1956 og eldri, ókræfur			— 651570.00	
VIII.	Tillag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga			— 14656353.73	
IX.	Kostnaður			— 5316030.73	
X.	Vextir til sérstakra sjóða:				
	1. Til ellistyrktarsjóða	kr. 158458.68			
	2. — vörzlufjár Sjúkrasaml. Rvíkur	— 24619.25			
	3. — erfðafjársjóðs	— 166116.34			
	4. — stofnkostnaðarsjóðs	— 400779.37			
	5. — varasjóðs lífeyristrygginga	— 3969668.25			
				— 4719641.89	
XI.	Tillag til varasjóðs			— 2684426.77	
XII.	Til vörzlufjár vegna erfðafjársjóðs			— 854472.15	
XIII.	Endurgreidd iðgj. vegna Lífeyrissj. Íslands			— 2681.00	
XIV.	Tekjuafgangur fluttur til næsta árs:				
	1. Framlag ríkissjóðs	kr. 47100000.00			
	Hluti ríkissjóðs af útgjöldum	— 45178902.55			
				— 1921097.45	
	2. Iðgjöld hinna tryggðu	kr. 45571824.42			
	Hluti hinna tryggðu af útgj.	— 45178902.55			
				— 392921.87	
	3. Framlag sveitarsjóða	kr. 27100000.00			
	Hluti sveitarsjóða af útgj.	— 26012095.40			
				— 1087904.60	
	4. Iðgjöld atvinnurekenda	kr. 22967273.76			
	Hluti atvinnurekenda af útgj.	— 20535864.79			
				— 2431408.97	
				Kr. 180164065.58	

Tekjur:

I.	Framlag ríkissjóðs skv. 24. gr.			kr. 47100000.00	
II.	Iðgjöld hinna tryggðu skv. 27. gr.		kr. 47133714.34		
	Til afskriftasjóðs		— 2356685.72		
		Alls	kr. 44777028.62		
	Úr afskriftasjóði 1953		— 794795.80		
				— 45571824.42	
III.	Framlög bæjar- og sveitarfélaga			— 27100000.00	
IV.	Iðgjöld atvinnurekenda skv. 29. gr.		kr. 23378080.74		
	Til afskriftasjóðs		— 1169354.04		
		Alls	kr. 22217726.70		
	Úr afskriftasjóði 1953		— 749547.06		
				— 22967273.76	
V.	Framl. sveitarsjóða til lífeyrisuppbóta			— 2159816.85	
VI.	Endurkræfur lífeyrir:				
	1. Skv. bótaskrá		kr. 12839986.00		
	2. Frá slysatryggingu		— 1403129.00		
				— 14243115.00	

242	VII.	Vextir	kr.	4719641.89
	VIII.	Erfðafjárskattur	—	854472.15
	IX.	Ríkissjóðsstyrkjur sbr. gjaldalið IV.	—	100000.00
	X.	Framl. ríkissjóðs til sjúkrasamlaga	—	14656353.73
	XI.	Úr afskriftasj. til jöfnunar ókræfum barnalífeyri	—	651570.00
	XII.	Úr vörzlufé vegna sjúkrabóta 1956	—	37316.78
	XIII.	Úr varasjóði:		
		Til jafnaðar á endurgr. iðgj. skv. alþ.tr.l.	—	2681.00
			Kr.	180164065.58

Reykjavík, 1. júlí 1958.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

